1. fundur. — 1. júlí.

Laugardaginn 1. júlí 1865, var alþingi Íslendinga hið 10. sett í Reykjavík. Áður en þingið var sett var guðsþjónusta haldin í dómkirkju bæjarins, og prèdikaði síra Sveinn Níelsson á Staðastað og lagði út af sálm. 143, 10.

Auk konungsfulltrúa, setts stiptamtmanns Th. Jónassonar, voru þessir þingmenn viðstaddir.

A. konungkjörnir:

1. Byskup *Helgi G. Thordersen.*
2. Prófessor *Pètur Pètursson.*
3. Landlæknir *Jón Hjaltalín.*
4. Settur amtmaður *Bergur Thorberg.*
5. Yfirdómari *Jón Pètursson.*
6. Skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson.*

B. þjóðkjörnir:

1. *Stefán Eiríksson,* þingmaður Austur-Skaptafellssýslu.
2. Málaflutningsmaður *Jón Guðmundsson,* þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.
3. *Sighvatur Árnason,* þingmaður Rangvellinga.
4. Síra *Stefán Thordersen,* þingmaður Vestmanneyinga.
5. Yfirdómari *Benedikt Sveinsson,* þingmaður Árnesinga.
6. Organisti *Pètur Guðjónsson,* þingmaður Gullbringusýslu.
7. Verzlunarmaður *Sveinbjörn Jacobsen,* þingmaður Reykvíkinga.
8. Síra *Arnljótur Ólafsson,* þingmaður Borgfirðinga.
9. *Hjálmur Pètursson,* þingmaður Mýramanna.
10. Síra *Sveinn Níelsson,* þingmaður Snæfellinga.
11. *Jón Bjarnason,* þingmaður Dalamanna.
12. Síra *Eiríkur Kúld,* varaþingmaður Barðstrendinga.
13. Skjalavörður *Jón Sigurðsson,* þingmaður Ísfirðinga.
14. *Ásgeir Einarsson,* varaþingmaður Strandasýslu.

15. *Jón Pálmason,* varaþingmaður Húnvetninga.
16. *Ólafur Sigurðsson,* þingmaður Skagfirðinga.
17. *Stefán Jónsson,* þingmaður Eyfirðinga.
18. *Jón Sigurðsson,* þingmaður Suður-Þingeyinga.
19. Kandidat *Sveinn Skúlason,* þingmaður Norður-Þingeyinga.
20. *Björn Þórsson,* þingmaður Suður-Múlasýslu.

Konungsfulltrúi setti þingið með svo látandi ræðu:

Hæstvirtu alþingismenn og fulltrúar Íslendinga!

Þýðingarmikið er það ætlunarverk, sem þér nú eigið fyrir hendi, þar sem þér eruð komnir hèr saman til þess, að ræða og ráðgast um málefni vorrar elskuðu fósturjarðar, eptir því tilefni, sem þér til þess fáið frá stjórninni og kjósendum yðar, eða og takið upp hjá sjálfum yður, og það ræður því að líkindum, að þèr gangið að þessu ábyrgðarmikla ætlunarverki eins og milli vonar og ótta fyrir því, hvort þèr fáið leyst það svo af hendi, sem stjórnin og landsmenn yðar ætlast til af yður og þèr sjálfir hafið vilja til, hvort yður ætíð muni auðnast að sjá og taka þá rèttustu og hagfelldustu hlið málefna þeirra, sem þèr hafið til meðferðar, og fáið ráðið þeim til lykta í þessa stefnu; því öll mannaverk eru ófullkomin, og hver einn á því á hættu, og það því fremur, sem úr vandara er að ráða, að honum kunni yfir að sjást og eitthvað það gleymast, sem betur hefði mátt fara. En sá, sem með einlægum vilja og áhuga leitar þess rètta, kemst yfir höfuð að rèttri niðurstöðu, og því fremur getið þèr haft von um það, sem þèr vinnið og eigið að vinna í sameiningu og að sama verki, svo hver getur stutt annan, og ýmist vakið undir yfirvegun málanna nýja skoðun og tekið fram á þeim nýja hlið, ýmist leiðrètt sína eigin af annara, og það er þessi samvinna, sem um leið og hún styrkir hinn einstaka, gefur starfa yðar hèr sína fulla þýðingu og áreiðanlegleika. En af henni leiðir einnig, að engum einstökum á að vera annt um það, að koma fram sinni eigin skoðun, sem slíkri, heldur þeirri skoðun og þeim málalyktum, sem þèr fyrir sameiginlega yfirvegun og rannsókn málanna hafið komizt niður á, og því hefir mest líkindi fyrir sèr, að vera hin rètta og hagfelldasta.

Það er þessi sameining kraptanna og sameiginlegur áhugi yðar, að leggjast á eitt, til þess að málin, sem þèr takið til meðferðar, geti fengið hina greiðustu og hagfelldustu afgreiðslu, sem eg vona og óska að komi fram á þessu þingi og ráði þar tillögum yðar.

Það er ekki svo að skilja, að ætlazt verði til, að ekki komi fram meiningamunur; það er þvert á móti æskilegt, að hann komi fram, en þessi meiningamunur útilykur ekki sameiginlega málamiðlun; niðurstaðan verður að eins áreiðanlegri sakir þessa meiningamunar, því hann leiðir til þess, að málið verður skoðað frá fleiri hliðum en ella.

Af þeim málum, og þau eru ekki allfá, sem þér fáið til meðferðar frá stjórninni í þetta skipti, hafið þér haft sum áður til meðferðar, eða þau eru komin fram við þegnlegar uppástungur þingsins, en stjórnin hefir ekki getað fallizt á þau í heild sinni, eins og þau lágu fyrir, og leitar nú aptur um þau yðar ráðaneytis, áður en hún ráði þeim algjörlega til lykta; og það þykir mega ganga að því vísu, að þér yfir höfuð munið aðhyllast þær ástæður, sem ráðið hafa skoðun stjórnarinnar og breytingum þeim, er hún hefir álitið við eiga, til þess að málin yrðu sem bezt úr garði gjörð. Eitt af þeim málum, sem nú er leitað yðar ráðaneytis um, er frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins, og er auðsætt, að það mál er hið mesta vandamál, sem útheimtir yðar nákvæma athuga og yfirvegun, en eg treysti því, að þér munið geta komizt til sameiginlegrar og sanngjarnrar niðurstöðu, bæði gagnvart Íslandi og konungsríkinu, og mál þetta þannig geta leiðzt til hagfelldra og eptirþráðra lykta. Yfir höfuð fáið þér í þetta skipti svo mörg mál til meðferðar frá stjórninni, að sá lögákveðni þingtími naumast gjörir betur en að hrökkva til þeirra meðferðar og úrslita.

Af hinni konunglegu auglýsingu til þingsins, sem nú verður lögð fyrir yður, fáið þér séð og sannfærzt um þá miklu þýðingu, sem stjórnin leggur í tillögur þess og uppástungur, og hlýtur það að vera þinginu mikið ánægju-efni.

Eg get ekki lokið þessum fáu orðum, án þess að minnast á þau miklu umskipti, sem orðin eru í ríkinu, síðan vèr skildum seinast á þessum stað, þar sem vor mildasti konungur Friðrik 7., síðastur af Aldinborgar ætt, er síðan kallaður hèðan. Fáir konungar munu hafa verið ástsælli en hann, og fáir átt það betur skilið; en vèr höfum aptur fengið þann konung yfir oss, á hvers forsjá vèr með fullu trúnaðartrausti getum byggt vonir vorar og allar sanngjarnar óskir, enda hefir hann lýst því yfir, að hann í stjórn sinni ætli að halda fram stjórnarhætti síns hásæla fyrirrennara. Þungir mæðudagar eru síðast liðið ár liðnir yfir ríkið, þar

sem þjóðverjar þegar við konungaskiptin brutust inn á ríkið með herskildi, og í viðskiptum sínum við Dani tóku sèr síðan, eins og vant er að vera, þegar aflið ræður og rètturinn situr á spjótsoddunum, sjálfdæmi. Vèr getum því nærri þeim áhyggjum og margs konar erviðleikum, sem vor mildiríki konungur hafi, síðan hann tók við ríki, átt við að búa, en vèr vonum og óskum þess einnig innilega, og biðjum góðan guð að gefa því orði sigur, að skin komi hèr eptir skúr, að hann fái að sjá frið og eindrægni og almenna hagsæld byggja og búa hvervetna í ríkinu, og það frelsistrè, sem hans hásæli fyrirrennari gróðursetti handa þegnum sínum, öldum og óbornum, breiða út limar sínar æ betur og betur, svo allir þegnar hans, bæði nær og fjær, fái búið undir þess skjóli og skugga.

Að svo mæltu, og með þeirri innilegu ósk og von, að mèr auðnist á þessu þingi, sem nú fer í hönd, að verða aðnjótandi sömu velvildar og umburðarlyndis, sem þèr, heiðruðu þingmenn, að undan förnu hafið sýnt mèr, og sem eg þakklátlega viðurkenni, og með þeirri innilegu ósk, að störf yðar á þessu þingi beri heillaríka ávexti fyrir vort elskaða föðurland í bráð og lengd, lýsi eg því yfir í nafni konungs vors, að

10. ALÞINGI ÍSLENDINGA NÚ ER SETT.

Að lokum ræðu þessarar kallaði einn þingmanna upp:

Lengi lifi konungur vor **Kristján níundi,** og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Konungsfulltrúi tók fyrst fram, að allir þingmenn væru þegar komnir til þings, nema þingmaður Norður-Múlasýslu væri enn ókominn, og að aðalþingmenn væri mættir fyrir öll kjördæmin, nema fyrir Barðastrandar-, Stranda- og Húnavatnssýslu, en í þeirra stað væri mættir hinir kosnu varaþingmenn. Hann gat þess einnig, að þingmenn hefði sýnt honum kjörbrèf sín, og að hann fyrir sitt leyti hefði ekki neitt við þau að athuga, og að hann ekki heldur hefði heyrt mótbáru hreift gegn kosningu nokkurs þingmanns, nema að nokkru leyti gegn kosningu þingmannsins úr Reykjavík, en hann vildi biðja þingmenn að skýra frá, ef þeir hefði eitthvað að athuga við kosningu nokkurs þingmanns, og um leið bað hann þingmann Vestur-Skaptafellssýslu um að gegna skrifarastörfum og bóka umræðurnar, er verða kynni, þangað til búið væri að kjósa forseta og þingskrifara.

Jón Guðmundsson: Af því umræðurnar verða, ef til vill nokkuð langar, þá skal eg samkvæmt umtali við hinn hæstvirta konungsfulltrúa leyfa mèr að kveðja aukaskrifara þingsins kandídatana H. Melsteð og J. Hjaltalín til að taka sæti sín nú þegar.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar eð svo mikið hefir verið rætt og ritað um þingmannskosninguna í Reykjavík, þá tel eg það skyldu að vekja athygli þingmanna á henni, með því líka, að eg fæ ekki betur séð, en að þingmaðurinn sè alveg ólöglega kosinn, þar sem það má telja víst, að hann er eigi borgari nè búsettur hèr í bænum; enda var hann hvorki tekinn upp á kjörskrána nè heldur komu nein mótmæli gegn kjörskránni hvorki fyrr nè síðar. Hins vegar verð eg að álíta, að úrskurður meiri hluta kjörstjórnarinnar sè svo lagaður, að hann leysi eigi úr efanum í þessu efni, því að hann sagði að eins, að hann vildi eigi meina mönnum að kjósa manninn, það er með öðrum orðum, að meiri hluti kjörstjórnarinnar hleypti fram hjá sèr að gefa nokkurn úrskurð.

Stefán Thordersen: Samkvæmt áskorun hins háttvirta konungsfulltrúa, leyfi eg mèr, úr því farið er að hreifa kosningu þingmannsins úr Reykjavík, einnig að hreifa kosningu þingmannsins í Vestur-Skaptafellssýslu, og þingmannsins í Austur-Skaptafellssýslu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mundi ekki rèttast, að menn fyrst ræði um kosningu þingmannsins í Reykjavík? Mèr finnst óreglulegt og jafnvel ómögulegt, að skera úr um kosningar margra þingmanna í einu. Eg leyfi mèr að skýrskota til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort honum virðist ekki rèttast að fá fyrst útgjört um kosning þingmanns Reykvíkinga, og taka síðan hinar fyrir hverja af annari.

Konungsfulltrúi: Eg álít það vera sjálfsagt að við hafa þá aðferð, sem hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga bentí til.

Jón Pètursson: Eg get ekki betur sèð, en að það muni vera rèttara, fyrst að geta allra þeirra þingmanna, sem mótmæli kunna að framkoma á móti, og síðan ræða um hvern þeirra út af fyrir sig. En það er auðvitað, að þegar kemur til atkvæðagreiðslunnar, þá verður að gefa atkvæði um hvern sèrskilt, og að enginn þeirra sem mótmælin eru komin á móti, getur tekið þátt í atkvæðagreiðslunni um hina, því menn vita ekki fyrir fram, hvort þeir sèu rèttir þingmenn eður ekki, en sèu þeir það ekki, þá geta þeir ekki gefið gild atkvæði.

Jón Hjaltalín: Mèr virðist það liggja í augum uppi, að fyrst þurfi menn að vita, hverjir hafi rètt til að gefa atkvæði, því það er eitthvað skrítið við það, að menn skuli gefa atkvæði, áður en það er víst, hvort þeir verði teknir inn á þingið; mèr getur eigi betur skilizt en að allir þeir, um hverra þingsetu menn eru í vafa, hvort það er heldur einn eða fleiri verði að halda sèr frá atkvæðagreiðslu þar til viðtekið er að þeir sèu rèttilega kosnir.

Halldór Kr. Friðriksson: Meðan þessir menn sitja á þinginu og eigi gjörðir ræckir úr því, er það sjálfsagt, að þeir hafa rètt á að gefa atkvæði.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: En hverjir skyldu verða til að gefa atkvæði hèr á þingi, ef svo margar kosningar yrðu vefengdar, að þing yrði eigi lögfullt á eptir? (*Jón Pètursson*: Þingið leystist þá upp).

Jón Guðmundsson: Það er auðsætt, eins og þingmaður Suður-Þingeyinga nú tók fram, að ef sú skyldi vera reglan að vefengja kosningargildi hvað margra þingmanna sem væri, og ræða svo allar þær vefengingar í bendu, en engi sá er þannig væri vefengdur mætti greiða atkvæði, þá hefði menn sèr þar með í lófa lagið að fá ólöglega kosningu staðfesta, eða að henni yrði ekki hrundið, af því svo margir væri gerðir óhæfilegir með þessu móti til að greiða atkvæði í móti. Þetta nær engri átt.

Arnljótur Ólafsson: Eg hlýt að vera því meðmæltur, að fyrst sèu teknar fram þær mótbárur, er menn vilja koma fram með gegn kosningum þingmanna, svo að menn geti þegar sèð, hve margir þeir þingmenn eru sem vafi er á, og í öðru lagi hver vafinn sè, því eg set nú svo, að vafi væri um kosningu 10 þingmanna, og er þá auðsætt, að menn hlyti að dæma málið eptir mildari reglum, en ef að eins væri vafi um einn mann eður svo; menn geta og eins fyrir það — sem og er sjálfsagt — gengið til atkvæða um einn og einn, eins og hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga einungis fór fram á, eptir því sem mèr skildust orð hans, og þarf hann því eigi að vera því mótfallinn, að rætt sè um alla í einu. Eg vil biðja þingið vel að gæta þess, að vèr getum fyrst fengið nægilegt yfirlit yfir málið, þegar menn sjá um hve marga vafi er, því það er auðvitað, að ef galli er á kosningu meiri hluta þingmanna, þá mega menn ekki vera svo strangir í dómum sínum, að þingið sökum mannfæðar ekki verði haldið; eins er það og órèttvíst, að reka einn burt, en láta annan sleppa, þó eins standi á fyrir báðum, en

það er þó hætt við því, ef vèr tökum einn og einn fyrir, að vèr kennum eigi fyrr en að hjartanu kemur.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg skýt því til hins háttvirta konungsfulltrúa að skera úr, hvort eigi skuli ræða um vefengingar þingmanna á þann hátt, sem eg bar upp, um einn í einu. Að öðru leyti virðist mèr það öldungis rètt, sem hinn sjötti konungkjörni þingmaður sagði, að meðan menn eru ekki rengdir úr þinginu eiga þeir atkvæðisrètt; en það er ekki venja, að sá, sem um er rætt, taki þátt í atkvæðagreiðslunni um sjálfan sig. Það sem eg hèr hvet menn til í þessu máli, er einungis að fylgja lögunum, og að þola hver öðrum lög.

Konungsfulltrúi: Eg er öldungis á sömu skoðun og hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga; því það getur að minni hyggju valdið hinni mestu óreglu og ruglingi, ef menn ekki ræða um hvern einn sèrstaklega og út af fyrir sig; eg skil heldur ekki, að dómurinn fyrir þá sök, þurfi að verða harðari um einn en annan; það er því að minni hyggju rèttast, að taka mótbárurnar fyrir í rèttri röð gegn hverjum einstökum þingmanni; að öðru leyti er nú búið að tala svo mikið um kosningu þingmannsins fyrir Reykjavík, að mèr finnst það hreinn óþarfi að fara lengra út í það mál en búið er, og álít það þegar fullrætt.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þegar þá sèr í lagi skal tala um kosningu þingmannsins fyrir Reykjavík, þá kemur fyrst til álita það atriði, að meiri hluti kjörstjórnarinnar í Reykjavík hefir gengið fram hjá og ekki viljað fella neinn dóm um, hvort þingmaður þessi væri kjörgengur eða ekki; en þetta var öldungis nauðsynlegt, eins og hèr stóð á. Þetta hefir minni hluti kjörstjórnarinnar, bæjarfógetinn og aðalkjörstjórinn að minni hyggju tekið öldungis rètt fram, er hann heimtaði skýlausar sannanir fyrir kjörgengi þingmannsins, er ekki stóð á kjörskrá bæjarins. Kjörgengi þingmannsins er því ekki sönnuð enn, og alþingi er nú öldungis í sömu stöðu í þessu atriði, eins og kjörstjórnin var á kjörþinginu. Það er því bein skylda alþingis að heimta það, sem kjörstjórnin átti að heimta, það, að þingmaðurinn sanni nú kjörgengi sína; geti hann það, skal eg með ánægju gefa honum mitt atkvæði.

Pètur Guðjónsson: Þingmaðnr Ísfirðinga álítur þingmann Reykvíkinga eigi kjörgengan sakir þess, að hann var eigi á kjörskránni. (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Þetta er misskiln-

ingur). Hvaða sannanir heimtar þingmaður Ísfirðinga þá? Að hann sè borgari í Reykjavík, heimtar hann það? Þetta skilríki er hèr til staðar; hann hefir enn þá sitt borgarabrèf, sem er hèr um bil frá 1840. Eg hefi einnig heyrt því borið við, að hann ekki borgaði neitt til sveitar, en þetta er ekki honum að kenna, heldur bæjarstjórninni hèr í Reykjavík. Menn hafa einnig komið fram með þau mótmæli, að hann eigi væri hèr stöðugt búsettur, þessu vil eg einungis svara með því, að hann hefir verið hèr búsettur í mörg ár fyrir nokkrum tíma, og síðan verið hèr á hverju ári, opt og tíðum meiri tíma ársins. Það, sem mest er hèr í varið er, að þessi maður er mjög svo kunnugur þörfum kjördæmis síns; hann hefir og sýnt það í verkinu, að hann vill ráða bót hèr á mörgu. Það væri því sorglegt fyrir kjósendur Reykjavíkurumdæmis, ef þingið bægði þessum manni burt, og það af ástæðum, sem eg fyrir mitt leyti ekki get heiðrað.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Hvað viðvíkur því, sem þingmaður Gullbringusýslu síðast gat um í ræðu sinni, þá tek eg það ekki til mín; eg fer ekki eptir öðru en löglegum ástæðum. Eg fyrir mitt leyti get ekki annað álitið, en að þessi maður sè búsettur í öðru landi og þó hann hafi í höndum borgarabrèf, þá sannar það ekki annað, en að hann hafi ekki skilað því aptur sem hann hafði. Þar næst verður hann að sanna, að hann sè bús síns ráðandi, því meðan hann ekki gjörir það, verð eg að álíta hann ókjörgengan, þó hann sè erindsreki fyrir aðra menn í öðrum löndum.

Jón Pètursson: Eg er ekki fullkomlega samdóma þingmanni Ísfirðinga um skyldu kjörstjórnarinnar (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: því trúi eg vel?); það getur hæglega ástundum staðið svo á, að sá, sem á kjörþinginu er ókjörgengur, sè við byrjun alþingis orðinn kjörgengur sökum þess, að þær tálmanir, sem á kjörþinginu bægðu honum frá kjörgengi verði þá fallnar burt og sèu líkur til þess á kjörþinginu, að þessleiðis ástæður verði fallnar burt við byrjun alþingis, þá er það að minni hyggju langtum of hart, og heimildarlaust að kjörstjórnin banni mönnum að kjósa þann mann, ef þeir vilja. Kjörstjórninni ber, þegar svona á stendur, að eins að minna kjósendurna á, að þessi eða þessi galli sè við kosningu mannsins, og því kunni vera varúðarvert að kjósa hann, þar kosningin geti orðið ónýt, ef gallinn eigi sè burt fallinn, áður enn alþing byrji; en vilji kjósendurnir samt eiga undir þessu álit eg að

kjörstjórnin eigi að taka á móti atkvæðum þeim, er maðurinn fær. Sè nú þar á móti einhver auðsjáanlegur galli á kjörgengi mannsins, sem ekki getur verið burt fallinn áður en alþingi byrjar, þá á kjörstjórnin auðsjáanlega eigi að leyfa að honum sèu gefin atkvæði og bóka þau ekki. En af þessu leiðir, að kjörstjórnirnar engan veginn eiga að fella úrskurði um það, hvort einn er kjörgengur eður ekki; það væri og þýðingarlaust með öllu, ef þær gerðu það, því alþingið væri svo eptir á ekkert bundið við slíka úrskurði, og gæti með öllu ónýtt þá, þar sem það er dómstóllinn í þess háttar málum, er ekki verður undan komizt, og til hvers væru þá slíkir úrskurðir kjörstjórnanna, nema til einskis. Þar á móti leiðir það af eðli kjörstjórnanna, að þær til þess, að geta leyst af hendi starfa sinn, og svo kosningarnar geti orðið endilegar, verða að hafa myndugleika til þess, að mega skera úr því, hvað þær lögum samkvæmt geti gjört, og þess vegna til að skera úr því, hvort þær, eptir því sem á stendur, geti tekið móti atkvæðum, er einn fær, eður ekki; þessi skoðun er fullkomlega samkvæm löggjöfinni viða, þar sem líkt stendur á og hèr. Þetta var nú um skyldu kjörstjórnanna. En hvað kjörgengis eiginlegleikana snertir, þá þeir eru bæði «positivir» og «negativir»; þingmaður Reykvíkinga þarf ekki að sanna aðra en þá «positivu», en ekki hina negativu». Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir tekið fram hina helztu «positivu kjörgengis eiginlegleika, sem hèr getur verið spursmál um, nefnil. að þingmaðurinn væri borgari og borgaði 4 rd. á ári hverju til sveitar. Að þingmaður Reykvíkinga sè borgari hèr í bænum sannar beinlínis borgarabrèfið, sem hann hefir í höndum; að hann hafi misst borgararètt sinn, verða þeir að sanna, sem mæla á móti honum; sama sönnunarskylda liggur þeim á herðum, sem segja að hann sè gjaldþrota. Og að því sveitarálagið snertir, þá var það bein skylda bæjarstjórnarinnar að leggja það á hann; en það er óràttvíst, að forsómun bæjarstjórnarinnar verði þingmanni Reykvíkinga til áfellis; að bæjarstjórnin ekki hefir lagt álagið á hann, kemur að líkindum til af því, að hún ekki hefir þótzt viss um hvort hann væri borgari eða ekki, og þannig hefir hún sleppt mörgum skipherrum hèr frá bæjargjaldi, sem þó hafa tekið hèr borgarabrèf; en þetta má ekki koma þingmanninum til skaða. Eg fyrir mitt leyti held, að allir hafi það álit á þingmanni Reykvíkinga, að hann ekki einungis geti borgað 4 rd. til sveitar á ári, heldur miklu meira, og eg er viss um, að hefði bæjarstjórnin

ekki staðið í þessari vitlausu meiningu, hefði hún lagt á hann langtum meira sveitargjald en 4 rd., hún hefði víst lagt á hann 20 rd. eður meira.

Sighvatur Árnason: Mèr þykir það gegna furðu, að menn skuli hugsa, að bæjarstjórnin hafi gleymt að leggja bæjargjald á þingmann Reykvíkinga, og hann þess vegna ekki staðið á kjörskrá, eður enginn þá af bæjarbúum skyldi verða til þess að minna hana á það; rètt eins og ef hreppstjórar gleymdu að leggja aukaútsvar á einhvern af hreppsbúum þeirra og eigi heldur neinn af hreppsbúum verða til þess, að minna á þá gleymsku. Það virðist því óhugsanlegt, að þingmaðurinn hafi á þeim tíma verið kaupstaðarborgari í Reykjavík, sem bæri að greiða bæjargjald.

Pètur Guðjónsson: Eg skal leyfa mèr að bæta því við það sem hinn 5. konungkjörni þingmaður nú mælti, að hlutaðeiganda er að álíta sem «Medinteressent» í hinni svokölluðu «ensku verzlun» hèr á landi; sveitarútsvarið kemur þannig «pro qvota» á hann sem «Medinteressent»; en enska verzlunin hèr í bænum geldur 178 rd. á ári til sveitar,

Eiríkur Kúld: Það vita hèr allir, að eg er enginn lagamaður, og býst eg því við, að menn hlægi að mèr eins og blinda karlinum forðum, sem sagði sèr hefði heyrzt svartur ullarlagður detta». Þó verð eg að taka það fram, að samkvæmt tilsk. 6. jan. 1857 er það boðið, að þegar utankjördæmismaður býður sig til alþingis á kjörþingi, á hann eða kjósendur hans að sanna fyrir kjórstjórninni, að hann sè kjörgengur; sè þetta ekki gjört, þá verður það að vera heilög skylda kjörstjórnarinnar að gjöra sèr allt far um með nákvæmri rannsókn að komast að því, hvort hlutaðeigandi sè kjörgengur eða ekki. En hvað því viðvíkur, að þessi maður sè «Medinteressent» eða eigi hluta í ensku verzlununum hèr á landi, þá, ef svo er, væri að líkindum þeirri mótbáru hrundið, að hann hefði hèr ekki borgararètt, heldur væri búsettur á Englandi og því ekki þegn Danakonungs; en fyrir þessu þarf eg að fá einhverja sönnun, áður en eg gef atkvæði mitt með lögmæti kosningar hans; því undir þessu er komið hvernig mitt atkvæði verður.

Sveinbjörn Jacobsen: Eg get sannað það með bókum.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó að þingmaðurinn með bókum geti sannað, að hann sè meðeigandi í verzluninni, þá er það engin sönnun fyrir borgarètti hans hèr; sömuleiðis er það engin sönnun

fyrir borgararètti, að hann ekki hefir skilað borgarabrèfinu; því að hald borgarabrèfsins er engin sönnun fyrir rèttindum. En hann verður að sanna, að hann sé alls fjár síns ráðandi, eða að honum hafi verið afhent bú sitt til umráða. Fyrr en þessar sannanir koma fram, get eg ekki gefið honum atkvæði mitt.

Jón Pètursson: Eg neita því ekki, að eg á hálfbágt með að skilja hinu sjötta konungkjörna þingmann. Mèr skilst ekki að menn geti neitað þeim manni þingsetu af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki borgararètt, sem hefir tekið borgarabrèf og á part í verzlun hèr í bænum; eg held það væri þá hægur leikur, að reka flesta þingmenn burtu hèðan af þingi ef svona ætti að ganga að öllum þingmönnum; eg get heldur ekki skilið, að þingmaður Reykvíkingja sè ekki bús síns ráðandi, þegar hann á part hèr í verzlun og bú hans hèr ekki stendur undir neinum skiptum; mèr er líka með öllu ókunnugt, að bú hans hafi *hèr á landi* nokkurn tíma verið tekið undir skipti; það er allt annað, þó bú hans einhvern tíma kunni að hafa verið tekið undir skipti sem þrotabú í Danmörku, það hefir enga lagaþýðingu fyrir utan Danmörku eður hèr á landi. Ástæðan fyrir því, að löggjafinn eigi hefir viljað, að þeir menn, sem væri gjaldþrota, skyldu hafa kjörgengi til alþingis, er sú, að þeir sökum stöðu sinnar mega álítast svo háðir skuldheimtumönnum sínum, að þeim eigi sè trúandi fyrir því að sitja á þingi. Það væri nú í sannleika skrítilegt að segja um þann mann, sem á part í hinni stærstu verzlun hèr á landi, að hann sè hèr í svo háðri stöðu, sem fallentar eru; eg er viss um, að hann er miklu minna háður hèr á landi skuldaheimtumönnum en margur hèr í þessum þingsal.

Konungsfulltrúi: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður talaði um skipti á búi þingmannsins fyrir Reykjavík, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að það er þinglesið hèr fyrir undirrètti, að bú kaupmanns Sveinbjarnar Jacobsens væri tekið undir skipti af «Commissairer» í Kaupmannahöfn sem þrotabú.

Jón Pètursson: Eg veit það, eins og eg sagði, að bú þingmanns Reykvíkinga var tekið til skiptameðferðar í *Danmörku,* en öldungis ekki *hèr á landi;* alþingistilskipunin af 8. marz 1843 er eingöngu gefin fyrir Ísland, hún getur því ekki meint til annara fallítta, en sem hèr á landi gjörast. En alþingismaður Reykvíkinga hefir aldrei spilað fallítt hèr. Eg þekki að minnsta kosti ekki til annars, en að allir, sem áttu skuldir hjá honum *hèr á landi,*

hafi fengið þær útborgaðar; að minnsta kosti get eg borið það um mig, að eg átti nokkuð inni hjá verzlun hans, en fékk það allt út borgað, sem ekki gat verið, hefði bú hans hèr verið gjaldþrota.

Halldór Kr. Friðriksson: Alþingistilskipunin býður, að maðurinn skuli vera »ráðandi *allra* sinna eigna«. Þegar nú búið var tekið undir skipti í Kaupmannahöfn, þá hlýtur og rèttarmissirinn að ná hingað; ef þetta væri ei álitið svo, því var þá verið að lýsa því hèr yfir, að búið væri gjaldþrota, og efni hans tekin, þau sem hann átti hèr, og seld. Eg hef skjalið um það, að búið var tekið til skipta, í höndum, og var það þinglesið hèr á bæjarþingi 26. ágúst 1858 (*Jón Pètursson:* Þinglestur er engin lög).

Arnljótur Ólafsson: Enda þótt nú svo væri, að búið væri tekið undir skipti sem þrotabú í Kaupmannahöfn, þá var það aldrei álitið hèr á landi, að hann væri »fallítt«. Það er öllum kunnugt, að eptir þetta hèlt hann »faktora« hèr í Reykjavík, bæði Mathiesen sáluga og svo Jónassen sem nú er fyrir verzluninni; en hvernig mundi fógetinn hafa leyft honum að halda faktora, hefði hann álitið hann »fallítt«. Eg get ekki skilið í því, hvernig frjálslyndir menn, sem annars vilja ekki »dependera af þeim dönsku«, geta álitið að »fallítt« *í Kaupmannahöfn* sè fallítt« *hèr á landi;* því það er með öðrum orðum að vilja gjöra Ísland að »Provinds« (hèraði) í Danmörku. Menn hafa hèr á þingi sagt, að þingmaður Reykvíkinga væri búsettur á Englandi; þetta er satt; en hvað kemur það málinu við; eða verður hann sjálfur öðrum konungi þegnlega háður fyrir það? Alþingistilskipunin til tekur, að maður skuli vera Danakonungi einum með »persónulegri þegnskyldu háður«, eður vera sjálfur einungis þegn Danakonungs. Hèr er því um að ræða, hvað útheimtist til þess, að maður sem er borinn í einu landi geti orðið þegn í öðru landi. En ætli nú hinn sjötti konungkjörni þingmaður geti sagt mèr, hvað útheimtist til að vera þegn? Eg er hræddur um að hann geti það eigi. Eg vil þá taka til nokkur dæmi. Er eg orðinn þegn fyrir það, að eg kem á land í öðru landi? Hann mun svara nei. En er eg það, ef eg ferðast um stund í öðru landi? Nei. Eða ef eg fæ að hafa þar atvinnuveg minn nokkra stund eður um ótiltekinn tíma? Heldur ekki. Eða ef t. a. m. Englendingur sem leggur járnbraut í öðru landi, og hefir þar bústað sinn á meðan, verður hann þegn þar fyrir það? Ónei, heldur ekki. En er það að láta nationalisera sig? Já

einmitt það, og þá hefir hinn útlendi maður öðlazt allan þann landsrètt sem fæðingi hefir, og líka bundizt öllum hans skyldum; þess vegna sækja menn um »Indfödsret«. Allt þetta bendir til þess, að þingmaður Reykvíkinga er einungis þegn Danakonungs, ekki Englandsdrottningar. Eg vona nú að hinn sjötti konungkjörni þingmaður — fyrst hann er orðinn konungkjörinu — viti, að enginn er orðinn þegn, fyrr en hann er »nationaliseraður«. Í öllum einkamálum eður »privatretlige Forhold«, er hinn útlendi maður jafnrèttháir sem innlendur, og hann dæmist eptir landsins lögum, ef hann brýtur þau; en hinn útlendi maður er eigi bundinn neinum þegnlegum hollustu-eiði við konung þann, og er honum því eigi *þegnskyldur,* og þess vegna nýtur hann heldur engra opinberra landsrèttinda, sem þegnarnir hafa aðgang að, fyrr en hann er búinn að fá »Indfödsret«, eður innlendra manna rèttindi. Af þessu er því augljóst, að þeir, sem álíta að þingmaður Reykvíkinga ekki sè eingöngu þegn Danakonungs heldur og þegn Engladrottningar, verða að sanna, að hann sè »nationaliseraður« eða hafi »Indfödsret« á Englandi, því þingmanninum getur varla gerzt að skyldu að sanna non factum, eður að hann sè eigi nationaliseraður á Englandi.

Jón Guðmundsson: Það mundi má ske hneyksla suma, og gæti ef til vill verið lagt svo út fyrir mèr, sem eg væri hræddur um kosningu sjálfs mín, eptir því sem þingmaður Vestmanneyja heldur ögraði með í byrjun umræðunnar, ef eg ekki talaði neitt í þessu máli, sem svo margir hafa þegar talað lengi um. Eg held, að þeir þingmenn, sem talað hafa fyrir því, að þessi kosni þingmaður Reykvíkinga, mætti allt að einu álítast þegn Danakonungs hafi ekki rètt fyrir sèr, þar sem hann hefir verið hin næstu 5 ár búsettur á Englandi: um þetta segir alþingistilskipunin ekki það sem þingmaður Borgfirðinga vildi láta ráða úrslitum: »að þingmaðurinn mætti ekki vera annara ríkja konungum þegnlega háðr, heldur hitt: að hann einungis sè Oss (þ. e. Danakonunginum) með *persónulegri* undirsátaskyldu háður«. Til þess að sýna það, að háyfirvaldið að minnsta kosti og jafnvel þingmaður Reykvíkinga sjálfur hafi *ekki* álitið hann danskan þegn og undir dönskum lögum þarf ekki að fara lengra en til úrskurðar eins, er háyfirvaldið í suðurumdæminu skar svo úr í fyrra sumar, að dönskum lögum yrði eigi beitt við þenna mann, af því hann væri búsettur á Englandi, og yrði að álítast enskur þegn, og undir enskum lögum. Eg fullyrði

ekki, að maðurinn hafi sjálfur skotið sèr inn undir vernd enskra laga, í því máli, þó að eg hafi heyrt svo sagt, til þess að fríast frá sekt, en víst var það að háyfirvaldið skar svona úr. Nú fá menn að heyra, að hann sè orðinn »Medinteressent« eður sameigandi í hinni miklu ensku verzlun hèr í bænum, eða að verzlunarstöðum P. L. Hendersons hèr á landi. — Þetta er sannarlega gleðileg fregn, hitt er leiðinlegra, að engi hefir heyrt nè vitað það fyrr en nú. Það hefir allt af verið haft fyrir satt, að P. L. Henderson hafi átt einn verzlanir sínar hèr á landi, þangað til í vetur eða vor, þá gekk maður nokkur að nafni Anderson í fèlag með honum, og kom hann hingað í vor sem sameigandi Hendersons, þetta frèttist þá þegar, hitt hefir engi heyrt fyrr en nú. Þetta kveðst þingmaðurinn geta sannað af bókunum, og annar þingmaður bætti þar við á þá leið, eptir því sem mèr tókst eptir að það væri eigi hægt að færa svo stórar bækur hèr upp á þing með sèr; það má vera furðu stór bók, ef ekki má rita eptir henni staðfesta afskript og hafa með sèr.

Þingmaður Borgfirðinga gat þess, að eptir að þingmaður Reykvíkinga varð gjaldþrota í Kaupmannahöfn, hafi hann haldið »Faktora« hèr fyrir verzlun sinni. Þetta held eg sè með öllu ósatt, því að verzlunin var ekki færð fyrir hans (Jacobsens) reikning, heldur þrotabúsins, þetta eina og sama sumar sem gjaldþrot hans voru hèr þinglesin; þetta má sanna með skjölum frá bæjarfógetanum. Yfir höfuð að tala er það ómögulegt, enda var það ekki heldur, að verzlun kaupmanns Svb. Jacobsens hafi staðið hèr fyrir hans reikning, meðan búið var honum ekki »extraderad«. Meðan þess vegna ekki verður sannað að búið sè honum »extraderad«, vantar skilyrðið fyrir fjárforráðunum, sem alþingistilskipunin beinlínis gjörir að skilyrði fyrir kjörgengi og þingseturètti.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þessi umræða sýnir berlega hve nauðsynleg sú regla er, að kjörstjórnirnar skeri úr því þegar á kjörfundum, hvort hlutaðeigandi sè kjörgengur eða ekki. Það er engan veginn ætíð auðvelt, að leggja allar þær sannanir, er þar að lúta, fram á fundi á alþingi. Mèr finnst því hin ýtrasta nauðsyn vera til, að brýna þetta atriði alvarlega fyrir kjörstjórnunum yfir höfuð. Viðvíkjandi því sem hinn fimmti konungkjörni þingmaður gat um, að svo gæti staðið á, að kjörstjórnin stundum gæti gjört manninn rètthærri, eða rèttlægri, en vera bæri, með því að líta ekki á þær breytingar, sem kynni að verða á hag manna og rífka rètt þeirra. En eg get alls

ekki fallizt á þessa skoðun. Það er kjörstjórnarinnar skylda, að skoða og dæma kjörgengi mannsins eins og hún liggur fyrir á þeim tíma, sem kosningin fer fram. Þetta eru skýlaus lög, og menn verða að halda sèr til þeirra, þó þetta stundum geti sýnzt strangt. Mèr er þannig kunnugt eitt dæmi, þar sem mann vantaði að eins nokkra mánuði upp á 30 ár, þegar kosningin fór fram; engu að síður neitaði kjörstjórnin að taka við atkvæðum til að kjósa hann; þetta sýnist hart, en er þó að vísu lögum samkvæmt (*Jón Þórðarsson:* það er með öllu lögum ósamkvæmt, og sannar ekkert). Enn þá get eg ekki fundið, að nægar sannanir sè fram komnar fyrir kjörgengi þingmannsins fyrir Reykjavík, þvert á móti veikjast þær enn framar þegar eg heyri, að hann hafi verið kallaður enskur þegn í opinberum skjölum. Hvað því viðvíkur, hvort þingmaður Reykvíkinga, sem ekki hefir fengið bú sitt «extraderad» í Kaupmannahöfn, einnig sè að álíta hèr á Íslandi sem ekki ráðandi síns fjár, þá skal eg einungis geta þess, að þessi spurning er alls annars eðlis en spurningin um sambandið milli Íslands og Danmerkur yfir höfuð. Hvað útsvarið til fátækra snertir, þá met eg það að vísu ekki mikils, því fáir eru svo aumir, að þeir ekki geti borgað 3 eða 4 ríkisdali um árið, en þegar það er ekki gjört, þá er þó þetta atriði eitt með hinum, og eykur þýðing þeirra.

Jón Hjaltalín: Eg get heldur ekki verið sannfærður eptir þessar umræður sem orðið hafa. Mèr getur nefnil. ómögulega skilizt, að sá maður sè undir »Curatel», sem disponerar hèr yfir peningum svo þúsundum skiptir, það er nærfellt óþenkjanlegt, að maður sem hefir slík efni að ráða yfir geti sagzt að vera öðrum háður, og hinir, sem móti mæla, þyrfti þá að sanna að svo væri.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg get ekki annað en furðað mig á hinum háttvirta þriðja konungkjörna þingmanni, að hann skuli misskilja svo ætlunarverk kjörstjórnarinnar og skyldur mótmælenda, þannig sem hann gjörir. Hver sem heimtar hèr af mótmælendum sannanir fyrir því, að maður sè *ekki* bús síns ráðandi, hann heimtar ómögulega sönnun, því hann heimtar sönnun fyrir *non facto,* og að þessu leyti er eg því á gagnstæðri meiningu við hinn þriðja konungkjörna þingmann. Fyrst bú þingmanns Reykjavíkur hefir verið undir skiptameðferð, þá er það *hans* skylda, að sanna, að hann sè orðinn aptur fjár síns ráðandi, en ekki annara að sanna, að hann sè það ekki.

Jón Hjaltalín: Þegar kjörstjórnin segir við kjósendurna:

ykkur er óhætt að kjósa manninn, eptir hverju eiga svo kjósendurnir að fara? Verða þeir þá ekki að álíta þenna mann alveg kjörgengan? Þegar kjörstjórnin sagðist eigi vita af neinni ástæðu gegn honum er gæti hrundið honum frá kjörgengi?

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er mikill munur á, hvort kjörstjórnin segir við kjósendurna: Vèr þurfum eigi að minna menn á, hvort þessi maður sè kjörgengur eða ekki, vèr dæmum það eigi, látum aðra dæma um það, en vèr tökum á móti atkvæðum þeirra, sem vilja kjósa þenna mann, þar til sannanir koma á móti því, að hann sè kjörgengur; eða hún segir: Þèr megið kjósa manninn, það er óhætt. Eg fyrir mitt leyti mæli fastlega á móti slíkri aðferð kjörstjórnarinnar, sem hèr var höfð, að skjóta fram af sèr að dæma um það, sem henni var skylt að dæma um, og er fastlega á því, að kjörstjórnin þyrfti og ætti að fá, alvarlega áminningu um það efni yfir höfuð. En það furðar mig stórlega, að hinn konungkjörni þingmaður skuli blanda þannig saman tveim hlutum, sem svo eru alveg óskyldir, eins og það, hvort kjörstjórnin hleypir fram hjá sèr að gefa nokkurn úrskurð, eða hún segir, að mönnum sè óhætt að kjósa.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir undarlegt, að þingmaður Ísfirðinga skuli ekki skilja þetta, þar sem þó eitthvað 70 manns, sem voru á kjörfundinum skildu allir á þenna hátt orð kjörstjórnarinnar, þar sem hún sagði á þá leið: að hún þekkti ekkert sem gæti verið á móti því, að þessi maður væri kjörgengur, og við gátum því ekki skilið, að eigi væri óhætt að kjósa hann, því oss gat ekki til hugar komið, að alþing mundi falla upp á því að vilja gjöra hann rækan. Eg get ekki skilið betur orð hins háttvirta þingmanns úr Ísafjarðarsýslu, en að honum þyki orðatiltæki meiri hlutans í kjörstjórninni vera óheppilegt og því svoleiðis fyrir komið, að menn af því ómögulega gætu ráðið það, sem kjósendurnir þó gjörðu, að þingmaður sá er hèr um ræðir, væri fullkomlega kjörgengur, en svona tóku nú allir kjósendurnir það samt, og það jafnvel þeir er kusu annan mann, og eg fyrir mitt leyti get ómögulega skilið annað, en að hver óvilhallur maður, sem ekki hártogar orð og meiningar manna, verði að taka orð kjörstjórnarinnar, svo sem hún hefði lagt fullan úrskurð á, að þingmaður sá er þá var undir úrskurði hennar, væri verulega kjörgengur sem alþingismaður.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg fyrir mitt leyti hefði ekki getað skilið úrskurð kjörstjórnarinnar öðru vísi en svo: Eg

hefi leyfi til að gefa þessum manni atkvæði mitt, en á undir kasti, hvort alþingi gjörir hann rækan eða ekki.

Jón Hjaltalín: En þegar kjörstjórnin segir, að hún þekki ekkert það, er hindri kjörgengi þessa manns, þá finnst mèr það vera hið sama eins og hún hefði sagt: Eg fæ eigi betur sèð en ykkur sè alveg óhætt, að kjósa þenna mann, og einmitt þess vegna var hann og svo kosinn.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Man hinn konungkjörni þingmaður þá eigi, að meiri hluti kjörstjórnarinnar að eins fyrirmunaði mönnum eigi að kjósa þenna mann? — En þar af leiddi að kjósendur urðu að eiga sjálfir ábyrgð á því, hvort alþingi kynni að gjöra manninn rækan eður eigi, þegar undir þess dóm kæmi. En þingmaðurinn gleymir þar að auki, að minni hluti kjörstjórnarinnar, og það sjálfur aðalkjörstjórinn, greiddi úrskurð sinn um þetta atriði á kjörfundinum, og tók þar ljóslega fram þau atriði, er hann áleit að sanna þyrfti, til þess að maðurinn yrði álitinn að hafa óyggjandi kjörgengi. Í þessu verð eg að vera úrskurði hans alveg samdóma, og hann var þess ljósastur vottur, að enginn kjósandi gat verið í vafa um, að þeir kusu upp á sitt eindæmi og sína eigin ábyrgð, þegar þeir kusu mann, sem ekki hafði sannað kjörgengi sína.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst þess eigi nægilega gætt, sem tekið er fram í 5. grein alþingis tilskipunarinnar 1857: Engan má kjósa, þann, sem utan kjördæmis býr, nema sannað sè fyrir kjörstjórum að hann sè kjörgengur«. Af þessu verð eg enn að álíta það beina skyldu kjörstjórnarinnar, að heimta sönnur fyrir því, hvort maður sè kjörgengur eður ekki.

Benedikt Sveinsson: Mælt er að ósvinna sè að ganga á tveggja manna tal, og finnst mèr það líkt þar sem þessir tveir flokkar sækjast, því að málið er að minni ætlun varið með allmiklu kappi og eigi sótt síður. Í þessu máli eru komin fram mörg og margvísleg atriði, sem mèr virðist að þingmenn hvarfli að og frá, og gjöri eigi nægan greinarmun á. Það eru nú einkum tvö aðalatriði, sem eg vildi vekja athygli að og að greina, þó þau að vísu snerti hlutfallið milli kjörstjórnarinnar og alþingis. Vil eg þá fyrst geta þeirra afleiðinga, sem það getur haft í för með sèr, ef kjörstjórnin gætir ekki skyldu sinnar. Þingmaður Ísfirðinga gat um eina afleiðingu, sem það ætti að hafa í för með sèr, nefnilega þá, að þingið ætti að biðja um, að kjörstjórnirnar fengi ofanígjöf fyrir skeytingarleysi

þeirra. En þessi afleiðing, þó húu væri á rökum byggð, sannar eigi, hvaða áhrif sá galli hjá kjörstjórninni, sem hèr um ræðir, hefir á veru þingmanns Reykvíkinga hèr á þingi, og ætti því alls eigi að blandast saman við það. Þetta síðara atriði hefir nú komið fram í ærið mörgum myndum. Þingmaður Ísfirðinga sagði áðan, að gæti maðurinn sannað kjörgengi sitt fyrir alþingi, þá skyldi hann fús á að gefa honum atkvæði sitt. En þá verður nú aptur spurning um það, hvort miða eigi þessar sannanir við það augnablik, er maðurinn var kosinn, eður við þann tíma, sem nú stendur yfir? Mèr finnst nú rèttast að miða við þann tíma, er yfir stendur, svo að þingmaður Reykvíkinga verði álitinn rètt kjörinn, sannist kjörgengi hans nú fyrir þinginu, og þetta hlýtur þingmaður Ísfirðinga einnig að meina. Þetta er því aðalmergur málsins, sem þingmenn verði að halda sèr föstum við. Eg fyrir mitt leyti verð að vera samdóma hinum 3. konungkjörna þingmanni, að vefenging þingmanns Reykvíkinga sè sótt með of miklu kappi. — Það er nú ein ástæðan sem færð hefir verið á móti honum, að hann væri hættur að vera þegn Danakonungs. Þessu verð eg kröptuglega að neita; það kemur þessu alls eigi við, þótt hann að nokkru eður miklu leyti sè háður lögum í öðru landi, því við það hefst engan veginn sú þegnskylda, sem á honum hvílir gagnvart Danakonungi, sem eigi verður undan komizt nema með lögum. Það má nú líka sýna og sanna með dönskum lögum, sem oss standa næst, og hèr eru einmitt umtalsefnið, að þótt maður sè jafnvel búsettur í Danmörku, þá getur hann hæglega komið undir útlend lög í ýmsum greinum, já þótt maður væri búsettur á Íslandi gæti auðveldlega komið svo fyrir, að hann eður rèttarþrætur hans yrðu dæmdar eptir enskum eða frakkneskum lögum, eður að hann væri að nokkru leyti þessum lögum bundinn; en nærri má geta hvort hann fyrir þær sakir muni kominn undan þegnskyldu sinni við konung vorn; annars vil eg skjóta því til hins hæstvirta konungsfulltrúa, hvort álit mitt og skoðun í þessu efni eigi sè rètt og á ljósum grundvelli byggð. Þótt yfirvöldin hafi nú í einhverju máli úrskurðað, að þingmaður Reykvíkinga, ekki væri danskur þegn — sem eg nú reyndar verð mjög að efast um, að nokkurt yfirvald hafi gjört — þá er það rangt og sannar alls ekkert, og þó þau hafi úrskurðað, að eitthvert rèttarspursmál honum viðvíkjandi, ekki væri að meta eptir dönskum lögum, þá sannar það á engan hátt, að hann sè hættur að vera þegn Danakonungs og meira að segja veit eg ekki

betur en að allt öðruvísi lagaða lagagjörð en yfirvalds úrskurð þurfi til þess, að losast undan þegnskyldu við konung sinn, það þarf með öðrum orðum sèrstök lög eður leyfi konungsins sjálfs. Nú verður eigi heimtað, að þessi lög eður konungs leyfi sèu sýnd, þar eð þau eru ekki til, en lög þau, sem þetta sanna, eru til og þau lög höfum vèr þingmenn hjá oss, eður eigum að hafa þau innanbrjósts. Hinar aðrar ástæður sem fram eru komnar virðast mèr nú eigi verulegri, þótt þær kunni að nokkru leyti að geta rèttlætzt beint eptir bókstafnum, en annað mál er það, hvort rètt er að leggja meiri áherzlu á þær en þörf gjörist? Þetta hèlt eg þó eigi væri gjörandi fyrir kapps sakir. Önnur þessara mótbára er nefnilega sú, að þingmaðurinn sè háður gjaldþroti. Því verður ekki neitað, hèr er fram komin sönnun fyrir, að hann einu sinni hafi orðið gjaldþrota í Danmörku; þetta atvik hefir haft að lögum þau áhrif, að það hindrar þingsetu. En er það ekki allt annað mál, hvort formleg framsala á búinu (extraditio) eður rèttara sönnun fyrir henni er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að kjósa mætti þingmann Reykjvíkinga á Íslandi, eður að það sè óumflýanlega nauðsynlegt, að hann sýni þessa sönnun hèr á þingi. Hefir hann eigi aðra sönnun, sem oss má nægja, og sannar í rauninni meir? Hann hefir sjálfur lýst því yfir, að hann sè *eigandi* að nokkrum hluta hinnar *stærstu* verzlunar hèr í *sjálfum bænum*. Þetta hefir enginn treyst sèr að vefengja, svo eg hafi heyrt. Sè hann nú í raun og veru eigandi eður hluttakandi í þessari verzlun, sem er ein af hinum stærstu, ef eigi stærst verzlun á öllu Íslandi, þá er það eigi sennilegt eður sanngjarnt, að sú fyrri staða hans sem gjaldþrota í Danmörku, geti haft þau áhrif á stöðu hans, sem hún ella hefði getað haft. Fyrir því get eg og ekki sèð, að Reykvíkingar hafi farið neitt ólöglega að, er þeir kusu kaupmann Jacobsen; eg fyrir mitt leyti get ekki álasað þeim fyrir, þótt þeir fari meira eptir því, sem þeir horfa á með sínum eigin augum hèrna í Reykjavík, en það, sem þeir hafa heyrt, að hafi átt sèr stað í Danmörku fyrir mörgum árum, og þeir eigi vita með óhultri vissu um, hvort nú á sèr stað eður eigi. Mèr virðist ískyggilegt að taka ei þetta til greina, því að eg get ímyndað mèr fyrir mitt leyti þær kringumstæður, að framsala búss geti verið ónauðsynleg, einkum þar sem gjaldþrotið átti sèr stað í Danmörku en ekki hèr, því að á því er talsverður munur. Eg set t. a. m. svo, að hann geti verið sáttur við skuldaheimtumenn sína í Danmörku, þeir hafi

gefið honum upp kröfur sínar o. s. frv., þótt honum sè búið eigi lögformlega framselt, eður að hann hafi sönnun fyrir því. Eg get hugsað mèr þetta mögulegt, þótt það sè alls eigi þar með sagt, að svo sè. Eg vil taka til annað dæmi. Maður er gjaldþrota þegar hann er kosinn, en svo fellur honum arfur, er losar hann við gjaldþrotið á tímanum milli þess hann er valinn og hann mætir á þingi eður jafnvel á leiðinni til þings frá útlöndum þar sem hann er gjaldþrota og hingað. Er þá rètt að gjöra þann mann rækan, þótt búið sè honum ekki lögformlega framselt, þar sem full vissa getur þó verið fyrir, að hann geti losað sig við gjaldþrotið? Eg held ekki. Því þegar hinn gjaldþrota maður fær eigur svo miklar, sem hann einmitt hefir undir sjálfs síns hendi, að hann getur borgað skuldaheimtumönnum sínum, þá er gjaldþrot hans að eins nafn eitt og bókstafur.

Sè það nú satt, að kaupmaður Jacobsen eigi þátt í verzlun þeirri sem hèr ræðir um, þá finnst mèr það enn fremur hálfskrítin mótbára, að hann hafi eigi goldið bæjargjald, þar sem hann hefir þó gjört það að sínu leyti sem meðeigandi verzlunarinnar. Að hann sè búsettur á Íslandi, þegar kosningin fer fram, finnst mèr eigi þörf, því að maður getur verið annað veifið búsettur á Íslandi og annað veifið á Englandi, án þess það svipti hann þegnrèttindum hèr, og það jafnvel þótt staða hans geti verið eins föst við England; enda vitum vèr allir, að þingmenn hafa verið valdir sem ekki hafa verið búsettir á Íslandi. Mèr finnst það nú eigi um skör fram sagt, að þessu máli er fremur fylgt með kappi en lagaheimting. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt reyna að miðla málum, því að mèr finnst vera hèr fremur þýðingarlítið formspursmál en aðalspursmál um að ræða. Eg held þá að eg hafi gjört grein fyrir atkvæði mínu, og sýnt að eg hvorki rýri með því sæmd þingsins nè held öðru fram en því, sem eins og hèr á stendur, er bæði rètt og sanngjarnt gagnvart kjósendum þingmannsins og honum sjálfum.

Konungsfulltrúi: Eg vil skjóta því til þingsins atkvæðis, hvort eigi megi nú þegar ganga til atkvæða um málið, því að eg ætla, að það sè nú svo rætt, að þingmönnum sè orðið það fullljóst.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg var nú alveg samdóma hinum virðulega þingmanni Árnesinga í því, að menn eigi að miðla málunum sem bezt, það er segja að því leyti sem þeim verður miðlað. En eg get eigi sèð, að eg eða nokkur þingmaður

megi eður hafi rètt til að miðla þeim málum, þar sem um beinar lagaskipanir er að gjöra. Eg get eigi sætzt upp á þær sannanir, sem að eins eru hugsanlegar, heldur vil eg hafa virkilegar sannanir. Þessar sannanir eru í hverju atriði ljóslega teknar fram af minni hluta kjörstjórnarinnar, og það var nógur tími fyrir hinn kosna þingmann til að útvega þessar sannanir áður þing byrjaði. Að hann hefir ekki gjört það, sýnir að þær munu ekki vera fyrir hendi.

Jón Pèturssson: Mèr getur ekki betur sýnzt en að öll hegðun og framferði herra Jakobsens hèr á landi lýsi því, að hann sè hèr eigi maður gjaldþrota; og eg sè eigi hið ringasta spor til þess, að hèr sè við hann beitt gjaldþrotslögum, eins og eg veit ekki til, að bú hans standi hèr undir skiptum. Það er því að eins eptir þetta form, sem menn sakna hèr, að bú hans í Danmörku sem sè hafi verið formlega afhent honum, og af því þetta sè þar ekki búið enn þá, vilja þeir meina honum þingsetu hèr, en þetta er engan veginn rètt. Það er að vísu fullkomlega víst, að ef Ísland væri skoðað sem partur af Danmörku, t. a. m. eins og Jótland er, þá væri það sjálfsagt, að sá maður, sem er gjaldþrota í Kaupmannahöfn, væri og skoðaður sem gjaldþrota hèr; en nú er Ísland þetta ekki, og menn geta ekki kallað aðra gjaldþrota hèr, en að eins þá, hverra bú hèr á landi er tekið undir skipti sem gjaldþrota manna. Alþingismaður Reykvíkinga er því ekki einu sinni í formlegu tilliti gjaldþrotamaður hèr, þó hann ekki hafi fengið sèr afhent bú sitt í Danmörku.

Pètur Guðjónsson: Eg vil bæta því við það sem hinn fimmti konungkjörni þingmaður sagði um stöðu herra Jakobsens, að þegar hèr um daginn var rætt um að senda menn til Björgvinar, þá bauð hann fram til þess 100 rd. í nafni verzlunarinnar, og skil eg eigi í, hvernig hann gæti gjört það, ef hann væri eigi meðeigandi hennar eða ætti minna en ekki neitt.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst sem það vanti að sanna það, að þingmaður Reykvíkinga sè gjaldþrota, og slíkt hið sama hefir kjörstjórninni án efa fundizt, því annars hefði hún ómögulega getað sagt, að hún þekkti ekkert er gæti hamlað mönnum frá að kjósa hann, og líka mætti það vera skrítnir menn, skuldaheimtumenn hans hèr á laudi, er eigi gengi eptir sínu, ef þeir annars væri nokkrir til; en það bið eg þingmann Ísfirðinga að sanna, að þeir sèu til. Vèr veljendur hans gátum eigi skilið annað, en að sá

maður sem hefir svo mikið fé til umráða og svo marga menn í sinni þjónustu, og vettt hefir og veitir flestum hèr atvinnu, sè fullkomlega fjár síns ráðandi; oss virðist það sannarlega skrítið, að þingið skuli allt fyrir það álíta hann gjaldþrota og gjöra hann rækan fyrir þá sök; því þetta eru þó fakta, sem hver maður getur horft á og þreifað á, og það er víst ekki svo gott að hrekja það, því það er eins og enskir segja: facts are stubborn things. Það er ekki svo gott að berja þau blákalt niður. Vèr berum fram fakta, og þess vegna heimtum vèr, að mótstöðumenn hans sanni með factis, að hann sè rækur. Að öðru leyti skýt eg því til landa minna, sem nokkuð meta dugnað og atorkusemi, hvort það sè vert að reka frá sèr þann mann, sem alkunnur er að framkvæmdarsemi og áræði, að eins fyrir lítilsvert formspursmál. Verði það samt sem áður niðurstaðan, þá er öll von á, að vèr kjósendur hans álítum hann illa meðhöndlaðan. Það er ekki vert fyrir oss að vera að berjast fyrir efasömum ástæðum og halla þar með rètti kjósendanna.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að koma með eina litla uppástungu, sem eg vona að stemmi stigu fyrir, að umræðurnar þurfi að lengjast hèðan af um málið. Ef þingmenn geta ei sannfærzt um, að þingmaðurinn sè fullveðja, af því hvernig hann lifir, eða af því, að hann á þátt í verzlun þeirri, sem áður hefir verið getið, þá sting eg upp á því, að þingið tilnefni einhverja þá tvo menn, er það ber bezt traust til, til þess að skoða hjá herra Jakobsen skýrteini þau, sem hann hefir fyrir því, að hann sè meðeigandi að verzluninni; því að vèr getum þó eigi ætlazt til, að hann kæmi með skjöl sín og protokolla hèr upp á þingsal. Þar sem menn nú álíta, að hann eigi að sanna, að hann sè fjár síns ráðandi, þótt hann hafi verið hèr í 27 ár borgari í bænum, þá virðist mèr þetta gott úrræði.

Eg get nú ekki verið samdóma þeim þingmönnum, sem álíta, að af því að þeim þykir, að kjörstjórnin hafi vanrækt að gæta skyldu sinnar, þá eigi herra Jacobsen að sanna allt, t. a. m. að hann eigi sè þegn neins annars stjórnara en Danakonungs, því eptir því ætti hann þá að sanna non faktum.

Að því er málið sjálft snertir, þá þykir mèr það undarleg og einstrengingsleg aðferð að vera allt af að spyrja um formur, en gæta eigi að hinu, hvort þingið muni hafa gagn af manninum, eður hvort kjósendur hans hafi traust til hans, þar sem þó enn

er engin sönnun komin fyrir því, að þeir hafi gjört rangt. Ef vèr nú viljum taka þann mann, sem kosinn er með 3. atkvæðum og þar sem kosningin yfir höfuð má heita Nullitet, þá er það næsta undarlegt að vefengja þá kosningu, þar sem nálega allir kjósendur koma til kjörfundar og kjósa þingmann sinn með miklum atkvæðafjölda, og kæra sig þannig ekkert um kjósendurna og þeirra vilja. Menn eru að ámæla kjörstjórninni og vilja svo gjöra hinn kosna þingmann að syndafórn fyrir það, sem kjörstjórninni kynni að hafa yfirsèzt, en gæta alls eigi að því, hve gagnlegur þessi maður kunni að vera fyrir þingið og landið í mörgum málum, og í einu máli verð eg að álíta hann alveg ómissandi, og það er í málinu um gufuskipsferðir í kringum Ísland. Stjórnin í Danmörku er nú að nýju farin að semja um það við Henderson, og af því sambandi, sem herra Jacobsen stendur í við hann, mundi hann óefað hafa mikil áhrif á það, og í annan stað verður því ekki neitað, að hann er því máli kunnugastur allra þingmanna. Það er vissulega bágt til þess að vita, að menn í þjóðmálefnum skuli eigi spyrja að því, hvað sè þinginu og landinu til gagns og sóma, heldur sè einungis að teygja og toga andalausan bókstaf laganna sèr og því til ógagns og vansæmdar. Það hefir verið lögð mikil áherzla á þetta »fallítt« og það lagalega form sem því við kemur. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að þingið eigi ekki að gjöra sig að juridiskum dómstóli og fara í smásmuglegustu lagasannanir, heldur eigi það að vera og sè í raun rèttri politiskur dómstóll, og eigi því eins og gjörðarmenn, að dæma ex bono et aequo. Þingið gengur og sannarlega út fyrir sinn verkahring, þegar það gengur eigi út frá því, sem er politiskt rètt, heldur hengir hatt sinn á formgöllum einum, og í þessu gjörir það sig sekt, ef það fylgir þeim mönnum er hnekkja vilja kosningu þingmanns Reykvíkinga, því að það er politiskt rangt, og politiskt, og meira að segja juridiskt ranglæti. Eg vil því biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa að bera upp uppástungu mína til atkvæða.

Benedikt Sveinsson: Eg vil skjóta því til þeirra þingmanna, sem til þekkja, hvort það eigi hafi verið venja jafnvel á standaþingunum í Danmörku, að dæma öll spursmál er lúta að gildi kosninga fremur milt en hitt, og gjöra því eigi þingmenn ræka, þótt nokkur vafi hafi verið á kosningargildi þeirra.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Hèr er enginn vafi á; heldur er hèr að ræða um, hvort þingið hafi rètt til að gefa at-

kvæði beint á móti ljósum og gildum lögum. Það er ekki af því, að eg hafi nokkuð á móti manninum í sjálfu sèr, að eg segi þetta, því að okkar hefir aldrei verið nema gott á milli, og eg þykist sannfærður um, að hann tekur ekki orð mín svo, að eg tali í dag af nokkrum misþokka við hann, heldur að við verðum jafngóðir vinir eptir og áður. En eg er alveg á móti því að taka nokkurn mann inn á þing gegn ljósum lögum.

Konungsfulltrúi: Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Ísfirðinga, ei að eins í því, að enginn hefir neitt á móti kaupmanni Jacobsen sem þingmanni, en það greinir að eins á um kjörkosti hans, og í því efni fæ eg ekki betur sèð, en að það sè augljóst, að þingið megi ekki til þess að halda honum ganga á snið við lögin; hèr liggja nefnilega fyrir skýrar lagaákvarðanir, sem þingið er bundið við, og þar á meðal sú, að enginn sá, hvers bú er tekið undir skiptameðferð sem gjaldþrota geti átt þingsetu, og það er ekki komin fram sönnun fyrir því, að kaupmaður Jacobsen hafi fengið bú sitt extraderað, eða afhent sèr aptur til frjálsra umráða, og þetta er hèr aðalatriðið, sem hlýtur að ráða úrslitum gegn hlutaðeiganda, þrátt fyrir það þó eg sè sannfærður um, að þingið muni ógjarna vilja missa af honum. Að því er snertir uppástungu þingmanns Borgfirðinga, þá getur hún ekki komið til greina, þar eð þetta málefni hlýtur að leiðast til lykta á þessum fundi.

Jón Hjaltalín: Er eigi vert að skoða þær ástæður, sem fram hafa komið í þessu máli nokkuð nákvæmar og án allrar kappgirni, er mèr virðist nú heldur um of drottnandi hèr í salnum.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það eru reyndar komin fram mörg atriði, en það vantar samt allar sannanir um þau en, sem þurfa að koma fram. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort ekki skuli bera þetta mál undir atkvæði þannig, hvort þingmenn álíti, að þingmaðurinn hafi sannað kjörgengi sína.

Því andæptu margir og vildu að þannig skyldi upp bera, hvort kosning þingmanns Reykvíkinga skyldi gild eður ekki.

Jón Pètursson: Mèr finnst þingmaður Ísfirðinga hafa hallað mjög á kjörstjórnirnar yfir höfuð. (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Nei, alls ekki!) Eg þykist nægilega hafa sannað, að meiri hluti kjörstjórnarinnar í Reykjavík hafi fullkomlega gjört rètt í, að taka á móti atkvæðum kjósenda eptir sem á stóð, er fèllu á kaup-

mann Jacobsen. Alþingið er hinn æðsti dómstóll í þessum málum, og gat gjört hann jafnrækan, hvort kjörstjórnin hefði úrskurðað, að hann hefði kjörgengi, eður að hann hefði hana ekki. Eg álít því óþarfa að verja gjörðir mínar í kjörstjórninni frekar en eg gjört hefi. (*Fleiri:* Atkvæði! atkvæði!).

Konungsfulltrúi: Eg skal þá biðja menn að ganga til atkvæða um, hvort kosning þingmannsins úr Reykjavík skuli gild.

Jón Pèturssson: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort þeir tveir þingmenn, sem hreift hefir verið mótmælum á móti, megi gefa atkvæði, og ef þeir mega gefa atkvæði, þá hvort ekki þar af leiði, að sá þingmaður, sem hèr um ræðir, megi ekki aptur greiða atkvæði um þá.

Jón Guðmundsson: Þetta verður að framberast sem *protest* til *protokolls*.

Voru síðan greidd atkvæði; var nafnakall haft og sögðu

já:	nei:
Arnljótur Ólafsson.	Ásgeir Einarsson.
Benedikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Helgi G. Thordersen.	Björn Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Eiríkur Kúld.
Jón Pètursson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Pètur Pètursson.	Hjálmur Pètursson.
Pètur Guðjónsson.	Jón Bjarnason.
Stefán Thordersen.	Jón Guðmundsson.
Sveinn Skúlason.	Jón Pálmason.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.
	Ólafur Sigurðsson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Níelsson.

Var þannig kosningin ógilt með 16 atkvæðum gegn 9.

Konungsfulltrúi: Þessu næst vil eg biðja þá þingmenn, sem hreift hafa mótmælum móti öðrum þingmannakosningum að koma fram með mótbárur sínar.

Stefán Thordersen: Eg hreifði áðan mótmælum móti kosningum alþingismannanna úr Skaptafellssýslunum, af því eg heyrði umtal um það upp í sveitunum, að þessi kjörfundur á Leiðvelli

hafi verið nokkurs konar markleysa, Nullitet eður Nonsens, þar sem kjörstjóri setti annan í sinn stað til að halda kjörþingið, og þessi setti kjörstjóri setti aptur annan í sinn stað í kjörstjórnina, svo þetta varð constitutionarinnar constitution. En reyndar lítur svo út, sem stjórninni sè farið að verða vel gefið um þessar constitutionir, svo vera má, að þingið vilji feta í hennar fótspor í þessu.

Jón Guðmundsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða þingmann, hvort hann ætlar að láta bera mótmæli þessi upp til atkvæða.

Stefán Thordersen: Eg ætlaði einungis að hreifa þessu máli, svo það sæist þó í þingtíðindunum, að þess hefði verið getið, án þess eg gefi um að framfylgja því lengra, því eg vildi feginsamlega, að þingið þyrfti ekki að verða þunnskipaðra en þegar komið er, svo eg er ánægður geti kosningin álitizt forsvaranleg.

Konungsfulltrúi: Eg verð að álíta, þegar kjörstjóri verður t. a. m. snögglega veikur eptir það, að hann hefir boðað til kjörfundar, svo hann gat ekki komið á fundinn sjálfur, þá sè ekki neitt á móti því, að hann setji annan góðan mann í sinn stað sem kjörstjóra, því að annars gæti svo farið, að kjósendur þyrfti að sækja kjörfundinn tvisvar, en það væri aptur fyrir þá, sem langt eiga til að sækja mikill erfiðleiki og tvíverknaður og ef til vildi, kynnu margir að sitja heima í seinna sinni. En hvað því viðvíkur að ástæða sè til að vekja mótmæli móti kosningunni fyrir þá sök, að eigi hafi verið leitað staðfestingar amtsins á þeim manni, er kjörstjórnin setti til þess að gegna kjörstjóra störfunum, þá var eigi hægt að ná í hana fyrir kjörfundinn, en hins vegar þó enginn efi á því, að amtið, ef þess fyrir fram hefði verið leitað hefði lagt samþykki á, að annar væri settur til kjörstjóra eins og á stóð, að sá reglulegi kjörstjóri var veikur. Heldur ekki get eg seð, að það geti rýrt gildi kosningarinnar, að svo fáir sóttu kjörfundinn, sem hèr ræðir um, því að það er hvergi til tekið, hvað þeir skuli vera margir sem kjósi þingmann enda hefir það áður átt sèr stað, að ekki hafi verið nema 6 eða 7 kjósendur, eða jafnvel færri, og hefir það engin áhrif haft á gildi kosningarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að kjörstjórinn hafi orðið að setja annan í sinn stað, og að hann muni haft hafa rètt til þess eptir kringumstæðunum, en þá átti kjörstjórinn þegar á eptir að leita staðfestingar eður samþykkis amtmanns upp á gjörðir sínar, sem eg

reyndar vefengi eigi, að hann hafi gjört; en hitt er mèr óljóst, hvort hann hafi fengið þetta samþykki, og það skiptir þó eigi svo litlu. Nú af því að eg ímynda mèr, að svo skammt sè milli konungsfulltrúa og stiptamtmannsins, þá vildi eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa að skýra oss frá, hvort sýslumaður hafi fengið þetta samþykki.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga skal eigi lengi þurfa að bíða eptir úrlausn um þetta efni, því að eg get skýrt honum frá því, að sýslumaður eða kjörstjórinn skrifaði amtmanni strax eptir kjörfundinn og skýrði honum frá aðgjörðum sínum, jafnframt og hann beiddist samþykkis á þeim, en amtið áleit þess eigi þörf, að veita hina umbeðnu staðfestingu, eptir þeim upplýstu kringumstæðum, þar sem kjörstjórinn, hefði hann fyrirfram leitað þess umrædda samþykkis hjá amtinu, sjálfsagt hefði fengið það í því tilfelli, sem hèr lá fyrir, en að öðru leyti áleit amtið, að þar sem alþingi væri í þessu máli hið rètta «*forum*», og það átti rètt sinn óskertan, hvort amtið hefði samþykkt gjörðir kjörstjórans eða ekki, að samþykki amtsins væri þýðingarlítið eða þó heldur þýðingarlaust.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg verð þó að álíta, að ástæða sè til að yfirvega, hvort eigi þyrfti að áminna allar kjörstjórnir um að vanda sem bezt kjörskrár sínar og fleira sem að kjörþingunum lítur, því að þeim er allvíða mjög ábótavant hingað til, þar sem kjörfundir hafa verið haldnir og kosningar farið fram á ýmsum tímum og verið dreift nærri því um heilt ár, frá júlímánuði í fyrra til maímánaðar nú í ár. Þetta er engin góð regla og þyrfti að skipa að sjá til, að kjörfundir væri alstaðar haldnir sem næst þeim tíma, sem þeir eiga að vera haldnir eptir lögum.

Arnljótur Ólafsson: Þessu máli verður ekki þannig gegnt hèr á þingi, heldur þarf að koma fram beinlínis uppástunga um það.

Jón Sigurðsson frá Kaupmaunahöfn: Ekki álít eg það alveg nauðsynlegt, en samt sem áður hefi eg ekki á moti því, að svo sè gjört.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja einn heiðraðan þingmann að einni spurningu, sem eg vona að hann taki ekki illa upp fyrir mèr, af því hann er vinur minn, það er hinn hinn fjórði konungkjörni þingmaður. En spurningin er um það,

hvort hann álíti sig rètt kosinn. Því svo er ákveðið í alþingistilskipuninni, að konungur kveðji til þingsetu sex af embættismönnum landsins, en mèr er ekki kunnugt, hvort hann sè embættismaður hèr á landi.

Bergur Thorberg: Áður en eg var af konungi skipaður þingmaður, hafði eg verið settur amtmaður í vesturamtinu. Að öðru leyti álít eg, að þingið hafi ekki rètt til að fella dóm um konungsúrskurð þann, með hverjum eg var skipaður þingmaður.

Arnljótur Ólafsson: Er settur embættismaður sama sem embættismaður?

Bergur Thorberg: Settur embættismaður er embættismaður.

Konungsfulltrúi: Eg álít, að eigi hlýði að vekja neinar efasemdir út af þessum þingmanni

Arnljótur Ólafsson: Eg læt mèr vel nægja þær skýringar, er eg hefi fengið.

Jón Guðmundsson: Eptir að eg kom á þing fèkk eg brèf um að mótmæla kosningu eins þingmanns, en þar eð eg eigi sè mèr fært að halda því lengra fram, nema með miklli málalengingu og tímatöf, þá ætla eg eigi að bera það mál upp til umræðu eða atkvæða, en get þessa að eins, svo að sá sem brèfið sendi, sjái af þingtíðindunum, að það hefir komizt til skila (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn og *fleiri:* Megum við eigi heyra, hver þingmaðurinn er?). Jú, gjarna það er þingmaður Gullbringusýslu.

Þar næst beiddi konungsfulltrúi hinn elzta af þingmönnum, herra byskup H. G. Thordersen að ganga til forsetasætis og sjá um forseta kosningu. Gekk hann síðan til forsetasætis og kvaddi þingmennina sèra Arnljót Ólafsson og yfirdómara Benidikt Sveinsson til að skrifa upp nöfnin við forsetavalið.

Var síðan kosinn til forseta alþingismaður Ísfirðinga, *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn með 19 atkvæðum; *Halldór* prófastur *Jónsson* fèkk 3 atkvæði, málaflutningsmaður Jón Guðmundsson og prófessor *Pètur Pètursson* fengu sitt atkvæðið hvor.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson* gekk þá til forsetasætis og mælti: Eg finn mèr skylt að þakka hinum heiðruðu þingmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mèr með því að sæma mig þessari kosningu. Eg veit að þèr munuð hafa það hugfast, hve mikilvægt það starf er, sem vèr nú tökumst á hendur. Þèr hafið heyrt skýrslu hins háttvirta konungsfulltrúa um hin konunglegu frumvörp og sjáið af henni, hve mikilvæg sú sýslun er, sem nú er fyrir

hendi. Það er því full ástæða til að segja hèr: Að föðurland vort væntir þess, að hver maður gjöri sína skyldu. Eg vil leitast við að gjöra mína skyldu, en eg treysti því að þeir styrki mig og meti til vorkunnar það sem mèr kann yfir að sjást, og álíti það fremur af breiskleika sprottið, heldur en af því, að eg ekki vilji vanda allt sem bezt.

Að svo mæltu lèt forseti kjósa varaforseta og var kosinn málaflutningsmaður *Jón Guðmundsson* með 12 atkvæðum, prófessor *Pètur Pètursson* fèkk 9 atkvæði, yfirdómara *Jón Pètursson* 2 og kandídat *Sveinn Skúlason 1.*

Því næst bað forseti þingmenn að kjósa þingskrifara og var sèra *Eiríkur Kúld* kosinn með 18 atkvæðum; amtmaður *Bergur Thorberg* og skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson* fengu sín 9 atkvæðin hvor. Var þá aptur gengið til kosninga á öðrum skrifaranum með óbundnum kosningnm og hlaut þá *Halldór Kr. Friðriksson* 13 atkvæði; varð hann því annar þingskrifari.

Konungsfulltrúi afhenti því næst forseta til útbýtingar meðal alþingismanna konunglega auglýsingu til alþingis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.

Því næst framlagði konungsfulltrúi þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.
2. Frumvarp til opins brèfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.
3. Frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins. Þessu frumvarpi fylgdu álitsskjöl nefndar þeirrar, er skipuð var með allrahæstu erindisbrèfi 20. sept. 1861 til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins.
4. Frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi.
5. Frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur.
6. Frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum.
7. Frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi.

8. Frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. dag aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.
9. Frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi.

Enn fremur skýrði konungsfulltrúi frá, að hann mundi leggja fram nokkur frumvörp, sem eptir væri, á næsta fundi.

Forseti: Eg skal sjá um, að hverjum þingmanni verði sent í dag 1 expl. af hverju af þeim frumvörpum, er konungsfulltrúi hefir nú afhent mèr.

Fleira er þá eigi til meðferðar á þingi í dag, en næsta fund ákveð eg á mánudaginn á hádegi. Dagskráin kemur upp svo fljótt sem unnt er.

Fundi slitið.

---

2. fundur — 3. júlí.

Allir á fundi nema hinn 1. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Forseti: Eg skal geta þess, að gjörðabók frá 1. fundi verður ekki upp lesin í dag sökum þess, að hin gamla gjörðabók var á enda, og hin nýja getur ekki orðið fyrr til búin en í dag, svo í hana verði skrifað. Hinn síðasti fundur er lagður fram á lestrarsalinn, og verð eg að biðja hina háttvirtu þingmenn, sem eiga þar ræður, að leiðrètta þær hið fyrsta, svo að þingbókarskrifararnir geti tekið til starfa. Á þessum fundi liggur þá fyrir, að velja nefndir í frumvörp þau, er konungsfulltrúi lagði fyrir þingið á síðasta fundi.

Konungsfulltrúi: Eg leyfi mèr að leggja fram þau 3 konunglegu frumvörp, sem eg ekki lagði fram á síðasta fundi, og eru þau þessi.

1. Frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.
3. Frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum.

Enn fremur skal eg leyfa mèr að afhenda forseta til útbýtingar lagaboð, sem út hafa komið og eru árangur af tillögum alþingis árið 1863, og enn fremur skal eg geta þess, að stjórnin hefir, eins og að undan förnu hefir átt sèr stað, sent þau almennu lagaboð, er út hafa komið í Danmörku á árunum 1863—64, í þeim tilgangi, að alþingi geti gefizt kostur á að segja álit sitt um þau, hvort nokkur af þessum lagaboðum sèu þess eðlis, að þau breytt eða óbreytt geti orðið gjörð að lögum fyrir Ísland; en jafnframt skal eg geta þess, að stjórnin hefir ekki að sínu leyti álitið að svo væri, og því ekki heldur fundið ástæðu til að leggja neitt af þeim fram í frumvarpi; en það leiðir af konungsúrskurði frá 4. janúar 1861, og að öðru leyti af hlutarins eðli, að það einungis eru þau almennu lagaboð, sem stjórnin álítur sem þess eðlis, að þau eigi að gjörast gildandi á Íslandi, er hún leggur fram í frumvarpi. En það hefir ávallt verið vani stjórnarinnar, að hún hefir sèr í lagi beðið um þingsins álit í þeim málum, sem hún áleit að sèrstaklega snerti Ísland. Samkvæmt þessu afhendi eg þá formanni þingsins þessi lagaboð, til þess þau verði lögð á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr þau þar, og þar sem eg verð að ætla, að hèr ræði um álitsmál, vænist eg þess, að nefnd verði kosin í málið, allt eins og það hefir verið á undan förnum þingum.

Forseti: þessum frumvörpum verður nú úthlutað meðal þingmanna, en nefndir verða ekki kosnar í þau á þessum fundi. En hvað hin dönsku lagaboð snertir, þá verða þau lögð á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr þau þar.

Þá kemur til nefndarkosningar konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhags-sambandinu milli Íslands og konungsríkisins. Þingmenn hafa fengið frumvarp þetta, ásamt með prentuðu hepti af álitsskjölum þeim, er þar með fylgdu, og vona eg að þingmenn hafi kynnt sèr það svo vel, að þeir geti ákveðið hve marga menn skuli kjósa í nefndina. Fyrst að enginn tekur til máls, skal eg leyfa mèr að stinga upp á 7 manna nefnd.

Pètur Guðjónsson: Af því frumvörpin eru svo mörg, þá held eg það veiti ekki af að spara sem mest krapta þingsins, og kjósa sem fæsta menn í hverja nefnd, og álít eg, að 5 manna nefnd mætti nægja í þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Ekki held eg veiti af 7 manna nefnd.

Forseti: Það er stungið upp á 7 og 5 manna nefnd, og vil

eg þá biðja þingmenn að skera úr því með atkvæðum, hvort heldur skuli vera.

Var samþykk 7 manna nefnd, og í hana kosnir:

Bergur Thorberg	með 20	atkvæðum.
Arnljótur Ólafsson	— 19	—
Jón Guðmundsson	— 18	—
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	— 16	—
Halldór prófastur Jónsson	— 15	—
Benidikt Sveinsson	— 13	—
Ásgeir Einarsson	— 13	—

Var málið síðan afhent Bergi Thorberg sem hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.

Þar við stendur í svo nánu sambandi annað frumvarp, þ. e. frumvarp til opins brèfs um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, að svo virðist sem eigi þurfi nema eina nefnd í bæði frumvörpin, en eg leyfi mèr þó að skjóta því undir atkvæði hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort svo megi vera.

Konungsfulltrúi: Þar eð málin eru svo nátengd, þá get eg ekki sèð neitt á móti því, að þau sèu bæði fengin einni nefnd til meðferðar.

Jón Guðmundsson: Þótt ein nefnd verði sett í bæði málin, þá vildi eg leyfa mèr að spyrja, hvort ekki sè sjálfsagt að semja sitt nefndarálitið um hvort frumvarpið.

Forseti: Það er sjálfsagt. Hèr liggur því fyrir, að kjósa eina nefnd til beggja þessara frumvarpa, og þar eð málið er einfalt og ekki örðugt til meðferðar, mun 3 manna nefnd nægja; sting eg því upp á að kosin verði þriggja manna nefnd, ef enginn mælir í móti.

Var þá kosin 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson	með 17	atkvæðum.
Bergur Thorberg	— 17	—
Ásgeir Einarsson	— 13	—

Var málið síðan afhent Halldóri Kr. Friðrikssyni sem annar hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. d. aprílm. 1854, um sigl-

ingar og verzlun á Íslandi. Þetta frumvarp er eiginlega um hækkun á lestargjaldi af skipum, og mun það eigi vera vandasamara en svo, að 3 manna nefnd nægi; sting eg því upp á þriggja manna nefnd.

Síðan var 3 manna nefnd kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Pètur Pètursson með 13 atkvæðum.
Eiríkur Kúld — 11 —
Stefán Jónsson — 10 —

Var málið síðan afhent Pètri Pèturssyni, sem fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur. Það stendur nú í nánu sambandi við annað frumvarp, þ. e. frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum. Eg ímynda mèr, að hèr megi fara líkt að og með Ísafjarðarfrumvörpin, það er að segja, að ein nefnd hafi bæði frumvörpin til meðferðar, og ef það yrði samþykkt, þá verð eg að álíta, að eigi veiti af 7 manna nefnd, því að þetta mál er nokkuð umfangsmikið. Vil eg því stínga upp á, að kosin verði sjö manna nefnd.

Jón Hjaltalín. Eg held að 5 manna nefnd sè nóg, þar eð þetta mál hefir verið hèr áður til meðferðar á þinginu *(Jón Guðmundsson:* Það var allt annað mál.

Eiríkur Kúld: Eg held það veiti ekki af 7 manna nefnd, því svo þótti mál þetta umfangsmikið þá það var áður fyrir hèr á þingi.

Ásgeir Einarsson: Eg sting upp á 7 manna nefnd.

Forseti: Eg skal þá bera það undir atkvæði þingmanna, hvort vera skuli 5 eða 7 manna nefnd.

Var þá samþykkt að velja skyldi 7 manna nefnd, og í hana kosnir:

Benidikt Sveinsson með 20 atkv.
Arnljótur Ólafsson — 18 —
Bergur Thorberg — 18 —
Jón Guðmundsson — 17 —
Sveinn Skúlason — 15 —
Jón Pètursson — 13 —
Pètur Guðjónsson — 9 —

Var málið síðan afhent Benedikt Sveinssyni er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi. Þetta mál er að vísu allmerkilegt, en þó virðist mèr að 5 manna nefnd muni nægja.

Þar mælti einginn í móti, og var síðan kosin 5 manna nefnd, en þessir urðu fyrir kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson með 13 atkvæðum.
Sighvatur Árnason — 13 —
Jón Bjarnason — 11 —
Ólafur Sigurðsson — 10 —
Ásgeir Einarsson — 10 —

Var málið síðan afhent Halldóri Kr. Friðrikssyni, sem annar hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi, og sting eg upp á að þar í verði sett 5 manna nefnd.

Var það samþykkt, og þessir kosnir í nefndina:

Arnljótur Ólafsson með 14 atkvæðum.
Sighvatur Árnason — 12 —
Jón Pálmason — 12 —
Jón Bjarnason — 9 —
Ásgeir Einarsson — 9 —

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi. Í þetta frumvarp álít eg að nægi 3 manna nefnd.

Þar eð enginn mælti í móti var kosin 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Sveinn Níelsson með 17 atkvæðum.
Jón Pètursson — 17 —
Pètur Guðjónsson — 16 —

Var málið síðan afhent Sveini Níelssyni, sem annar hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá eru nú nefndir kosnar í hin konunglegu frumvörp, og er þar með nefndarkosningunum í dag lokið.

Eg vil leyfa mèr að mælast til, að nefndirnar tæki sig sem fyrst saman um að kjósa formenn og skrifara og gefi mèr það síðan til kynna. Í skólanum getur þingið fengið húsrúm til nefnda-

funda, að minnsta kosti líklega ein 3 herbergi, og mundi það verða til hlítar, ef nefndirnar haga svo fundum sínum, að þær komi ekki í bága, og að tíminn verði sem bezt notaður.

Á næsta fundi verða kosnar nefndir í þau hin konunglegu frumvörp sem eptir eru. Mèr sýnist rèttast að ákveða ekki fund á morgun, svo þingmenn hafi tíma til að kynna sèr frumvörpin og kjósa sèr formenn og skrifara. Þar næst vil eg biðja alla þingmenn, sem hafa bænarskrár meðferðis, að koma með þær sem allra fyrst, og vildi eg helzt, að þær kæmu til mín með afskriptum, þó er það eigi svo að skilja, að eg gjöri það beinlínis að skilyrði, því eg vil heldur að þær komi í einu lagi, og komi sem fyrst, ef þingmenn eiga eigi hægt með að taka afskript af þeim, heldur en að þær bíði eptir því, að þeir fá hentugleika til þess, heldur skal eg þá annast um, að afskript verði tekin af þeim handa konungsfulltrúa.

Eg skal enn fremur biðja þingmenn að gjöra sèr það að reglu, að koma á fund einmitt á þeim tíma, sem ákveðinn er á dagskránni; til þess að tíminn ekki eyðist með því, að byrjun fundarins dragist, þá vildi eg einnig biðja nefndirnar, til þess að timinn verði sem bezt notaður, að haga því svo, að nefndarálit kæmu sem fyrst í hinum hægustu málum. Þegar afskriptir eru búnar af bænarskránum verða þær lagðar fram á lestrarsalinn og boðaðar á dagskrá; síðan verður þeim raðað niður eptir efninu, svo að þingmenn geti kynnt sèr þær í einu lagi. Ætla eg að með því gæti fremur sparast umræður, heldur en ef þær kæmu á strjálingi.

Meira er þá eigi fyrir hendi í dag. Dagskrá skal koma til fundar á miðvikudaginn.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að varaþingmaður Reykvíkinga verður af mèr kallaður til þingsetu í dag, og getur hann því mætt á næsta fundi.

Fundi slitið.

---

3. fundur — 5. júlí.

Allir á fundi nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá 1. og 2. fundi lesin upp og samkykkt.

Forseti; Eg skal leyfa mèr að geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann sökum embættisanna eigi geti mætt hèr á þingi í dag, og að hinn 4. konungkjörni þingmaður (*Bergur Thorberg* amtmaður) mæti sem konungsfulltrúi í dag fyrir hans hönd.

Eg skal enn fremur geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nokkrum af nefndunum um, hverjir sèu kosnir formenn og skrifarar þeirra. Þannig er í nefndinni um fjárhagsmálið Bergur Thorberg kosinn til formanns, en Arnljótur Ólafsson skrifari; í nefndinni um Ísafjarðarmálin, Bergur Thorberg formaður, Halldór Kr. Friðriksson skrifari; í nefndinni um breyting á verzlunarlaganna 6. og 7. grein er Pètur Pètursson kosinn formaður, en Eiríkur Kúld skrifari; í nefndinni um laun hreppstjóra er Arnljótur Ólafsson kosinn til formanns, en Jón Pálmason skrifari; í nefndinni um brennivínsgjaldið er Halldór Kr. Friðriksson bæði kosinn formaður og skrifari; í póstgöngunefndinni er Benidikt Sveinsson valinn formaður og Pètur Guðjónsson skrifari, og í nefndinni í vogarmálinu er síra Sveinn Níelsson kosinn formaður en Pètur Guðjónsson skrifari.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að skýra þinginu frá, að varaþingmaður Reykjavíkur hefir í brèfi 4. þ. m. tilkynnt konungsfulltrúa, að hann eigi treysti sèr til að mæta á þinginu fyrst um sinn sökum meinsemdar í hendi; en vonandi er, að þetta verði skammvinnt, og að hann geti mætt að fáum dögum liðnum.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar samkvæmt dagskránni konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi; eg skal leyfa mèr að biðja hina háttvirtu þingmenn að kjósa til nefndar í þetta mál, og virðist mèr að 5 manna nefnd muni nægja.

Arnljótur Ólafsson: Áður en kosið er í þessa nefnd vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort það væri ofseint að hreifa mótbárum gegn kosningu varaþingmannsins fyrir Reykja-

vík, þegar hann kæmi inn á þingið, eða hvort menn ættu nú þegar að gjöra það.

Forseti: Eg held það væri réttast að gjöra það nú þegar, en að öðru leyti vil eg skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, því þess konar mál heyra helzt til hans umdæmis.

Konungsfulltrúi: Eg verð að vera á því, að það sé réttast að bíða með það, þangað til þingmaðurinn sjálfur getur mætt.

Var þá kosið í nefndina, og fèllu atkvæði á þessa leið:

Sveinn Níelsson	með	20 atkv.
Halldór Jónsson	—	19 —
Helgi G. Thordersen	—	13 —
Pètur Pètursson	—	10 —
Stefán Eiríksson	—	10 —

Var þá málið síðan afhent síra Sveini Níelssyni, er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur til nefndarkosningar konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi; eg leyfi mèr að stinga upp á fimm manna nefnd, og ætla eg þó, að 3 manna nefnd mundi nægja; en að öðru leyti bið eg hina háttvirtu þingmenn að láta álit sitt um þetta í ljósi.

Eiríkur Kúld: Eg fyrir mitt leyti sting upp á 7 manna nefnd.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held það veiti ekki af 7 manna nefnd, því þessu máli viðvíkjandi eru margar bænarskrár komnar til þingsins.

Forseti lèt síðan ganga til atkvæða, og var 7 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Benedikt Sveinsson	með	21 atkv.
Bergur Thorberg	—	18 —
Stefán Jónsson	—	14 —
Sighvatur Árnason	—	14 —
Jón Pálmason	—	13 —
Jón Guðmundsson	—	13 —
Hjálmur Pètursson	—	10 —

Var málið síðan afhent Benedikt Sveinssyni, er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar konunglegt frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip

á sunnudögum og öðrum helgidögum. Eg hygg að 3 manna nefnd nægi.

Jón Bjarnason: Af því að menn eru nú farnir enn á ný að ásækja svo sunnudaginn eður helgihaldið, held eg að eigi veiti af 5 mönnum til að verja hann.

Lèt forseti síðan ganga til atkvæða, og var 3 manna nefnd samþykkt, og í hana kosnir:

Helgi G. Thordersen með 16 atkv.
Eiríkur Kúld — 12 —
Jón Pètursson — 7 —

Var málið síðan afhent herra byskupi H. G. Thordersen, er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir að velja nefnd til að skoða hin dönsku lagaboð, sem send hafa verið til þingsins. Þingmenn hafa tekið eptir því, að það var ósk konnungsfulltrúa, að þessi nefnd yrði kosin, og mèr virðist engin ástæða til að neita því, þar eð sú nefnd verður sem sett af þinginu, til að segja álit um þau í stað þess að leggja allt þetta safn á lestrarsalinn og leggja undir þingmenn sjálfa, að taka þau sem þeim lítist á og gjöra uppástungu um lögleiðslu þeirra. Eg álít, að eigi þurfi að semja álitsskjal til konungs um þetta mál, nema því að eins, að nefndin áliti sèrlega ástæðu til að biðja um eitthvað af þessum lagaboðum. Að öðru leyti ímynda eg mèr, að 3 manna nefnd muni nægja í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið forseta rètt, að nefndin kveði upp álit sitt að eins fyrir þinginu (*Forseti:* Jú, það er meiningin). En þegar nú stjórnin óskar álits þingsins, þá verð eg að álíta, að eigi sè nóg að nefnd sè kosin, og að hún segi álit sitt um það, heldur verður þingið að fara með málið á vanalegan hátt og segja sjálft á eptir álit sitt, um það, og á sínum tíma að senda konungi álitsskjal um það.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki álitið, að þinginu sè skylt að fara eptir því sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að væri tilætlun stjórnarinnar um þetta efni, því eptir alþingistilskipuninni á þingið að halda sèr til konungsins eins, og vilji stjórnin fá álit þingsins um eitthvert málefni, þá verður hún annaðhvort að útvega til þess konungsúrskurð eða leggja málið fyrir þingið í frumvarpsformi. Þingið hefir aldrei sett nefnd einungis til að svara ráðgjafastjórninni, og því síður er þörf á því fyrir þingið í þessu máli, þar sem

konungsúrskurður hefir gjört að lögum, að dönsk lagaboð, sem þætti vera heimfærandi til Íslands, væri að eins lögð fyrir þingið í frumvarpsformi. Hèr getur því að eins legið fyrir, að þingið velji nefnd til að segja álit sitt um það, hvort þetta þing eigi að leggja til og biðja um, að eitthvert af þessum lagaboðum verði lögð fyrir næsta þing sem frumvarp. Verði það álit nefndarinnar, að eigi skuli biðja um neitt af þessum lagaboðum, þá sè eg eigi, að álitsskjal þurfi að semja, þar eð það er eigi «mandatum».

Konungsfulltrúi: Stjórnin leitar álits þingsins um hin dönsku lagaboð, samkvæmt því, sem boðið er í konungsúrskurði 10. nóv. 1843. Stjórnin var nú, um leið og hún sendi konungsfulltrúa lagaboðin, áður vön að taka fram, hver lagaboð henni litist líkleg til að lögleiða hèr á landi, og sú breyting, sem á þessu hefir gjörð verið, er einungis í því fólgin, að í stað þess að gefa þessa bendingu í brèfi til konungsfulltrúa, á eptir konungsúrskurðinum frá 1861 að leggja þau lagaboð fyrir þingið í frumvarpa formi, sem stjórninni þykir ástæða til að lögleiða hèr, en eptir sem áður á samkvæmt gömlu reglunni að leita álits þingsins um, hvort því sýnist eiga að löggilda nokkurt af hinum dönsku lagaboðum, og þessari reglu hefir ávallt verið fylgt, og þingið hefir sent stjórninni álit sitt um málið þrátt fyrir það þó það hafi haldið, að ekki ætti við að löggilda neitt af þeim lagaboðum, sem um hefir verið að ræða. Þetta gjörði alþingi 1863, og eg get eigi sèð, að neitt geti verið á móti því frá þingsins hálfu nú fremur en þá, að það gjöri þetta.

Forseti: Málið er að mínu áliti eigi mjög mikilsvert, og hèr er fremur formspursmál en efnisspursmál um að ræða. En aðalatriðið finnst mèr þó það, að þingið hefir eigi fengið neitt brèf frá konungsfulltrúanum, sem heimti að þingið skuli semja álitsskjal um málið, en mèr finnst að þess hefði mátt vænta, að hefði stjórnin ætlazt til, að mál þetta væri gjört að konunglegu álitsmáli, þá mundi hún án efa hafa sent brèf um það eins og fyrr hefir verið. Eins og þingmönnum er kunnugt, hefir stjórnin lofað því, að ef hún álíti eitthvert lagaboð, sem út hefir komið í Danmörku, sèrlega hentugt fyrir Ísland, þá skuli hún leggja það fyrir þingið í frumvarpi. En þegar það er eigi gjört, þá ætlast stjórnin að eins til, að þingmönnum gefist kostur á að sjá þessi lagaboð, og getur þá hver þingmaður gjört eitthvert þeirra að sinni uppástungu, ef svo sýnist. Að öðru leyti skal eg skjóta því til hins

hæstvirta konungsfulltrúa, hvort eigi sè nóg rætt um þetta efni að sinni, svo bíða megi þar til nefndin kemur aptur með álit sitt inn á þingið.

Konungsfulltrúi: Eg fellst á, að þetta fari fram á þann hátt, sem hinn háttvirti forseti nú tók fram.

Jón Guðmundsson: Eg fyrir mitt leyti gjöri mig vel ánægðan með þessa niðurstöðu.

Þá var kosin 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Pèturssson með 20 atkv.
Benidikt Sveinsson — 15 —
Jón Guðmundsson — 9 —

Var málið síðan afhent Jóni Pèturssyni, er hafði fengið flest atkvæðin.

Forseti: Þá er þessu næst að kjósa tvo menn til ritstjórnar alþingistíðindanna.

Voru síðan kosnir tveir menn til ritstjóra, og urðu þessir fyrir kosningu:

Sveinn Skúlason með 20 atkv. og
Pètur Pètursson — 18 —

Jón Guðmundsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvernig á því stæði, að í þessari nýprentuðu þingmannaskrá, sem hèr er fram lögð, er röðinni breytt á hinum konungkjörnu þingmönnum frá því sem var á frumskránni, er kom fram á 1. fundi, því að röðin í henni er samhljóða frumrituðu brèfi Bræstrups lögstjórnarráðherra, er eg hefi í höndum, þar sem stiptamtmanni, justitiarius Th. Jónassyni er tilkynnt, að konungur hafi með allrahæstum úrskurði 11. maí þ. á. kvatt hann til konungsfulltrúa á þessu alþingi, og enn fremur «þessa konungkjörna», sem brèfið nafngreinir alla í þeirri röð og með þeim töluliðum sem í frumskránni var sett.

Forseti: Svo stóð á, sem hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, að hèr var á fyrsta fundi lagður fram prentaður listi yfir nöfn alþingismanna, og var röðin þar í samhljóða frumrituðu brèfi lögstjórnarinnar til konungsfulltrúa um þingnefnu hinna konungkjörnu alþingismanna. En þegar konungsfulltrúinn fèkk að vita um þessa röð, þá sýndist honum rèttara að fylgja hinni röðinni, sem venja hefir verið að hafa og er samkvæm «Departementstíðindunum», þar sem hinir konungkjörnu þingmenn eru taldir upp í töluröð. Eptir þessu er því breytt röð hinna konungkjörnu þingmanna á nýju nafnaskránni og í þingbókinni frá fyrsta fundi.

Eg hefi nú tekið við allmörgum bænarskrám, og er þegar búið að taka afskriptir af þeim, svo eg vona að geta sent þær í kvöld til konungsfulltrúa. Frumritin sjálf verða lögð á lestrarsalinn þingmönnum til sýnis. Dagskrá skal koma upp í kvöld til fundar á morgun, og munu þar á verða settar þær bænarskrár, er koma til umræðu og nefndakosninga á morgun, af því eg veit ekki betur en að það hafi verið þingregla hèr, að maður mætti taka bænarskrár til umræðu næsta dag eptir, að þær eru lagðar á lestrarsalinn.

Fundi slitið.

---

4. fundur. — 6. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi fengið skýrslur frá tveim nefndum, um hver í þeim væri kjörinn formaður og skrifari, og skal eg þá geta þess, að herra byskup H. G. Thordersen er formaður í nefndinni um hið konunglega frumvarp viðvíkjandi leyfi til að gufuskip geti orðið hlaðin á sunnudögum, en síra Eiríkur Kúld er þar kosinn skrifari; í nefndinni um hið konunglega frumvarp til lagaboðs um fjárkláða o. s. frv. er Jón Guðmundsson kosinn formaður, en Benidikt Sveinsson skrifari. Af bænarskrám þeim, er komnar eru til þingsins, eru afskriptir teknar, og sendar konungsfulltrúa, og koma sumar af þeim til meðferðar hèr á þingi í dag; enn þá eru þær þó ekki allar komnar, en jafnskjótt og þær koma, munu þær verða lagðar fram á lestrarsalinn, þingmönnum til sýnis.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu og nefndarkosningar 6 bænarskrár um stjórnarbót, þær eru frá Ísafjarðar, Barðastrandar, Stranda, Skagafjarðar, Eyjafjarðar, og Suður-múlasýslum. Þó að bænarskrár þessar sýnist vera sèrstaklegs eðlis, og þannig eigi sýnist heyra undir fjárhagsnefndina, verður því þó eigi neitað að þær standa í nánu sambandi við fjárhagsmálið yfir höfuð; eg hefi samt ekki viljað afhenda þær nefndinni í þessu máli fyrr en þingið hefði fengið færi á að lýsa vilja sínum í því

efni, og leyfi mèr því að stinga upp á, að þeim verði vísað til nefndarinnar í fjárhagsmálinu.

Eiríkur Kúld: Eptir því sem eg skil yfirlýsingu þá, er stendur í hinni konunglegu auglýsingu til þingsins í ár, virðist mèr sjálfsagt, að sèrstök nefnd verði sett í þetta mál, því það lítur svo út, sem konungur vor treystist eigi til að leiða þetta mál til lykta, fyrr en fjárhagsmálið er komið í kring, og sýnist mèr því, þó stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið eigi náskylt hvort við annað, varla við því að búast að sama nefnd geti samrýmt bæði málin á þessu þingi.

Jón Guðmundsson: Áður en eg legg til, hvort vísa skuli þessum bænarskrám til fjárhagsnefndarinnar, eða kjósa í þær sèrstaka nefnd, vildi eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa um nokkrar upplýsingar áhrærandi stjórnarbótarmálið, bæði mín vegna og alls þingsins. Eg get ekki betur sèð, en að stjórnin sè nú búin að breyta skoðun sinni á stjórnarbótarmálinu; þetta virðist mèr ljóst af hinni konunglegu auglýsingu til þessa þings II. kafla 1. tölul. Hinar konunglegu auglýsingar til næst undan genginna þinga hafa hver af annari lýst yfir, að konunginum væri einkar umhugað um að flýta báðum þessum málum um stjórnarbót og fjárhag Íslands; en þau stæði í svo óslítandi sambandi hvort til annars, að þeim yrði eigi ráðið til lykta sínu í hverju lagi; þessari skoðun stjórnarinnar er skýlaust og ljóslega yfirlýst í öllum hinum seinni auglýsingum Friðriks 7. til alþingis. En nú sýnist þar á móti annari stefnu að vera fylgt í hinni konunglegu auglýsingu nýja Danakonungsins Kristjáns hins IX. til þingsins í ár. Konungur segir að vísu í auglýsingunni: «En þar eð nauðsynlegt er, «að fyrst verði til lykta leitt málefnið um fjárhag landsins, verður «nú þar að lútandi lagafrumvarp lagt fyrir þingið. Jafnskjótt og «búið er að koma skipulagi á það mál, munu verða gjörðar þær «ráðstafanir, sem þörf er á, til að ráða sjálfu stjórnarskipunarmál«inu til lykta». Í þessu liggur auðsjáanlega, að stjórnarbótarmálinu er nú hèr með slegið á frest um *óákveðinn tíma,* sem getur auðveldlega orðið mjög langur. Reyndar stendur í auglýsingunni, að «þegar búið sè að koma skipulagi á fjárhagsmálið, þá muni þær ráðstafanir verða gjörðar, er ráði sjálfu stjórnarbótarmálinu til lykta». En það getur átt mjög langt í land, þangað til fjárhagsmálið er komið í kring. Að vísu er nú lagt konunglegt frumvarp fyrir þingið um þetta mál, en menn verða að gá að því, að það er frumvarp til

laga, en ekki frumvarp *til tilskipunar.* Álitsskjalal þingis verður því að koma fyrir ríkisdaginn í Danmörku. Nú ef ríkisdagurinn skyldi verða eins ósamþykkur niðurstöðu alþingis, eins og bæði meiri og minni hluti fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn urðu sundurþykkir innbyrðis, eða eins og «Justits- og Finantsministeríið», eðr lögstjórnin og fjárstjórnin urðu aptur sín á hverri skoðun um tillögur og uppástungur nefndarinnar, þá sjá allir með fullkominni vissu, að stjórnarbótarmál vort hljóti að eiga mjög langt í land. Eg ímynda mèr því, að stjórnin hafi ekki látið sèr gleymast að útbúa hinn háttvirta konungsfulltrúa með upplýsingar áhrærandi málið yfir höfuð og þessa breyttu skoðun hennar. En eg vil því fyrir hönd sjálfs mín og allra þingmanna einkum beiðast upplýsingar um: 1. hvort stjórnin ætli sèr að fresta stjórnarbótarmálinu, þangað til fjárhagsmálið er útkljáð, hvað lengi sem það dregst, og 2. hvernig hún, þegar nú fjárhagsmálið væri komið í kring, þá hugsi sèr að koma stjórnarbótarmálinu á veg, hvort heldur með því, að leggja frumvarp þar um fyrir alþingi eða þá fyrir þjóðfund? Um þetta tvennt óskaði eg upplýsingar, áður en eg ræð það af, hvort heldur eg gef atkvæði mitt fyrir því, að sèrstök nefnd verði sett í málið, eða því skuli vísað til fjárhagsnefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki verið samþykkur hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu í því, sem hann nú sagði, að stjórnin nú fari fram nýrri stefnu í þessu máli, því stjórnin hefir allt af bundið stjórnarbótina við fjárhagsmálið, og lýst því yfir, að það þyrfti að vera gengið á undan stjórnarbótinni, og þetta er einnig skýrt tekið fram í hinni seinustu konunglegu auglýsingu til þingsins, svo skoðun stjórnarinnar á málinu er í öllu tilliti óbreytt. En þar sem hinn heiðraði þingmaður sagði, að stjórnarbótarmálið yrði nauðsynlega að dragast með þessu móti, þá kann það vel að vera, að svo verði, en það leiðir aptur nauðsynlega af því, að úrslit þess eru bundin við fjárhagsmálið. Eg get enga upplýsingu gefið um það, hvort stjórnarbótarmálið, þegar það kemur til meðferðar, muni verða lagt fyrir alþingi, eða kvatt verði til þjóðfundar til þess að ræða það, enda gat stjórnin ekki heldur gjört ráð fyrir, að málið kæmi til umræðu í þetta skipti, og hafði því ekki ástæðu til að lýsa vilja sínum yfir viðvíkjandi því, hvernig hún hugsaði sèr, að því skyldi til lykta ráðið.

Eg get þannig ekki annað en ráðið frá, að þetta mál verði

tekið hèr til meðferðar, og nefnd kosin í það, og tíma varið til þess frá öðrum málum.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki annað en lýst því yfir, að mèr finnst það næsta sorglegt, ef stjórnin hefir þannig misskilið bænarskrár þær, er þessu máli viðvíkjandi hafa verið sendar til hennar frá undan gangandi þingum, og — eg verð nærri því að segja — misskilið svo mjög sjálfa sig, því með því að fresta stjórnarbótarmálinu um óákveðinn tíma, hefir hún breytt margyfirlýstri skoðun sinni og stefnu í málinu, en um þessa breytingu á stefnu stjórnarinnar hafði eg og víst flestir þingmenn búizt við að geta fengið upplýsingu hjá hinum háttvirta konungsfulltrúa.

Konungsfulltrúi: Það lá eigi frá sjónarmiði stjórnarinnar fyrir, að stjórnarfyrirkomulag Íslands yrði tekið fyrir í þetta skipti, eins og búið er að taka fram.

Sveinn Skúlason: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi væri rèttara, að lesa þá af þessum bænarskrám upp fyrir þingmönnum, sem má álíta helzta; því þetta hefir verið venja að undan förnu.

Forseti: Eg hefi eigi gjört það í þetta skipti, af því eg stakk upp á því, að bænarskránum yrði vísað til fjárhagsnefndarinnar. Eptir alþingistilskipuninni hefir og forseti strangt tekið rètt til að vísa málum til nefnda upp á eigið eindæmi, en af því eg hugsaði, að meiningar manna kynni að deilast nokkuð um þetta mál, vildi eg skjóta því til atkvæða þingmanna og umræðu, hvernig því skyldi haga.

Stefán Eiríksson: Eg er nú á sömu skoðun og hinn háttvirti varaþingmaður Barðstrendinga, að undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi, sè ekki tiltækilegt að demba bænarskránum um stjórnarbót á hina sömu nefnd, sem hefir til meðferðar fjárhagsmálið, með því líka eg skildi svo bænarskrárnar, þá eg las þær fram á lestrarsalnum, að aðalinnihald þeirra væri að biðja stjórnina um að leggja málið fyrir þjóðfund en ekki fyrir alþing eins og hún hefir nú gjört með fjárhagsmálið, og það er það atriði bænarskránna, þó aldrei væri annað, sem gjörir ónmflýjanlegt að setja sèrstaka nefnd.

Sveinn Skúlason: Þó talað sè um þjóðfund í nokkrum af þessum bænarskrám, þá get eg eigi sèð, að sökum þess sè nein ástæða til, að sèrstök nefnd verði sett í málið; fjárhagsnefndin getur allt eins tekið þær að sèr fyrir það.

Jón Hjaltalín: Ástæða sú, sem hvetur mig til að gefa atkvæði mitt fyrir því, að sèrstök nefnd verði sett í þetta mál, er, að stjórnin sýnist að æskja þess, að fjárhagsmálið verði útkljáð út af fyrir sig. Eg ímynda mèr líka, að fjárhagsnefndin hafi nóg með sitt ætlunarverk, þó menn ekki dyngi þessu á hana í tilbót. Menn verða líka að gá að því, að hèr er um margar sýslur að ræða, sem hafa sent bænarskrár um þetta efni.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir misskilið orð mín, því það er ekki meining stjórnarinnar, að málin verði tekin fyrir í sameiningu, heldur sitt í hvoru lagi, og að fjárhagsmálið gangi á undan eður sè fyrst útkljáð.

Jón Hjaltalín: Mèr getur ekki skilizt, að eg hafi misskilið hinn háttvirta konungsfulltrúa.

Bergur Thorberg: Eg fellst á uppástungu hins háttvirta forseta um að hentugast sè að vísa þessu máli til fjárhagsnefndarinnar, enda hefir og stjórnin bæði í hinum eldri auglýsingum og í auglýsingunni til alþingis í ár viðurkennt, að bæði þessi mál stæðu í hinu nánasta sambandi hvort til annars; sömu skoðun er og lýst yfir í ástæðunum fyrir fjárhagsmálinu.

Eiríkur Kúld: Viðvíkjandi því, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður áleit hentugast, að þessu máli yrði vísað til fjárhagsnefndarinnar, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að þó þetta kunni að vera rètt frá hans sjónarmiði, þá mælir þó það með sèrstakri nefnd í málinu, að bænarskrárnar fara ekki einungis því á flot, að stjórnarbótarmálið verði sem fyrst á enda kljáð, heldur jafnframt, að málið verði lagt fyrir þjóðfund, samkvæmt hinu konunglega fyrirheiti frá 23. septbr. 1848. Að öðru leyti er mèr ekki ljóst, hvernig hann hugsar sèr, að stjórnarbótarmálið verði tekið upp í álitsskjal fjárhagsnefndarinnar.

Bergur Thorberg: Eg get ekki betur sèð, en að nefndin í fjárhagsmálinu geti, ef henni skyldi virðast það tiltækilegt, gjört uppástungu um, að þingið biðji um þjóðfund; það er ekkert eðlilegra en að nefndin um leið taki tillit til stjórnarbótamálsins.

Benedikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að vekja athygli þingmanna að því, hvort það ekki muni vera íhugunarvert, að nefnd sem sett er í konunglegt frumvarp taki svona að sèr málefni, sem samkvæmt því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, ekki heyrir undir það. Eg vil að eins taka þetta fram, sem bending.

Forseti: Eg get ekki betur sèð, en að ástæður stjórnarinnar

sýni, að ekkert sè á móti því, að þessu máli verði vísað til fjárhagsnefndarinnar.

Jón Guðmundsson: Eg vil bæta því við það, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður áðan sagði, að þó fjárhagsnefndin leiddi það hjá sèr að stinga upp á þjóðfundi í álitsskjali sínu, þá verður hverjum þingmanni innan handar og heimilt að bera upp breytingaratkvæði við nefndarálitið, til þess að hafa fram, að stjórnarbótarmálið verði lagt fyrir þjóðfund.

Arnljótur Ólafsson: Nefndin í fjárhagsmálinu getur einungis bundið sig við frumvarpið, og að eins drepið á stjórnarbótarmálið í inngangínum, án þess að gjöra neina uppástungu um það.

Forseti: Nefndin sýnist þó að hafa þar mikið svigrúm; sýndist henni ekki nægileg ástæða til að gjöra sèrstakar uppástungur, þá hefir hún færi á að laga ástæður sínar eptir því sem fyrir liggur. En þætti henni nauðsynlegt að gjöra sèrstakar uppástungur um þessa hlið málsins, þá er það á valdi nefndarinnar eða hvers einstaks nefndarmanns að koma fram með þær.

Sveinn Skúlason: Eg vil að eins leyfa mèr að minna menn á nefndirnar í stjórnarbótarmálunum nr. 1 og nr. 2 á þinginu 1863; þar voru tvær nefndir kosnar í svo alveg skyld mál, og þó lenti allt seinast í einni hendu.

Arnljótur Ólafsson: Þar var allt öðru máli að gegna; stjórnarbót og stjórnarbót er miklu skyldara en fjárhagur og stjórnarbót.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki skilið, hvers vegna menn vilja aðskilja þessi mál, sem standa í svo nánu sambandi hvort við annað, og sem ávallt hefir verið haldið samau.

Halldór Jónsson: Mèr getur ekki annað en sýnzt, að það nána samband, sem þessi mál standa í hvort til annars, bendi til, að það sè óeðlilegt að slíta þau hvort frá öðru, þar sem þau þó hingað til allt af hafa verið rædd saman; og úr því «formið« er því ekki til fyrirstöðu, verður það eðlilegast að málinu sè vísað til fjárhagsnefndarinnar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr virðast þessi mál svo verulega skyld, að þau eigi að ræðast í sameiningu og felast sömu nefnd til meðferðar. Verði sèrstök nefnd sett í stjórnbótarmálinu, þá getur það vel að borið, að þessar 2. nefndir komi í bága hvor við aðra, því fjárhagsnefndin mun þó trauðla geta hjá því komizt að hreifa eitthvað við stjórnarbótarmálinu. Eg get nú vel ímynd-

að mèr, að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að rita konungi ávarp eins og þingmaður Skaptfellinga benti á, og eins og gjört var á seinasta þingi. Þætti mèr þá vel til fallið, að í þessu ávarpi til konungs væri því farið á flot, að bæði þessi mál yrðu lögð fyrir þjóðfund eins og bænarskrárnar sameiginlega gefa tilefni til.

Arnljótur Ólafsson: Eg held að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga einmitt með þessum orðum sínum hafi sannað, að þessi mál ættu ekki að vera til meðferðar í sömu nefnd. Nefnd sú, er sett er í konunglegt frumvarp, getur ei samið ávarp til konungs; þar á móti er það tilhlýðilegt, að nefndin í stjórnarbótarmálinu — vonarmáli voru — semji ávarp til konungs; þetta mælir því með sèrstakri nefnd í málinu.

Ásgeir Einarsson: Eg get ekki fallizt á, að stjórnarbótarmálið sè vonarmál vort; þar á móti álít eg, að þegar fjárhagsmálið er útkljáð, þá sè það lykill að hinu. Í máli þessu eru það 2 atriði, sem menn verða að binda sig við, fyrst það, að nauðsyn beri til að flýta fyrir stjórnarbótarmálinu, og svo hitt, hvernig þessu máli verði framgengt; það hefir eigi borizt í eyru stjórnarinnar, að þetta mál sè áhugamál þjóðarinnar, og held eg nægi að minna stjórnina á það í álitsskjali þingsins um fjárhagsmálið, því það er nú helzta innihald í bænarskránum, að biðja að flýta stjórnarbótinni, og svo að mál það verði lagt fyrir þjóðfund. Það var meining manna í Strandasýslu, sem sendu bænarskrá þessa efnis til þings, að ein nefnd yrði kosin í þessi mál. Því virðist mèr það fullkomlega nóg, að fjárhagsnefndin í inngangi til álitsskjalsins minni stjórnina á þessi tvö atriði, nl. að flýta stjórnarbótarmálinu, og hvernig því verði framgengt, og að minna hana á fyrirheitið um þjóðfund, sem enn þá er óuppfyllt.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst það vera fremur óeðlilegt, að hingað og þangað innan um álitsskjöl fjárhagsnefndarinnar fái stjórnin útlistanir yfir stjórnarfyrirkomulagið hèr á landi; þetta virðist mèr valda glundroða, eg gef því atkvæði mitt fyrir því, að sèrstök nefnd verði kosin í þetta mál.

Forseti lèt þingmenn síðan ganga til atkvæða um, hvort sèrstaka nefnd skyldi kjósa í þetta mál, eða vísa því til fjárhagsnefndarinnar, og var því með 13 atkvæðum móti 11 vísað til nefndarinnar í fjárhagsmálinu. Voru bænarskrárnar síðan afhentar formanni fjárhagsnefndarinnar, herra amtmanni Bergi Thorberg.

Forseti: Þessu næst liggur fyrir ein bænarskrá frá Ísafjarð-

arsýslu um póstgöngur. Eg álít sjálfsagt, að þessari bænarskrá verði vísað til nefndarinnar í póstgöngumálinu.

Þar enginn mælti móti því, var bænarskráin afhent formanni nefndarinnar í þessu máli, assessor Benedikt Sveinssyni.

Forseti: Þessu næst liggur fyrir bænarskrá um gufuskipsferðir kringum landið; flutningsmaður hennar er þingmaður Suður-Þingeyinga.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 164.

Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta efni; bænarskráin mælir bezt með sèr sjálf; eg þarf því ekki að taka til máls, fyrr en eg heyri mótmælum hreift gegn henni.

Forseti: Eg skal geta þess, að fleiri bænarskrár um þetta efni eru komnar til þingsins, og eru þær úr Barðastrandar-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Norður-Þingeyjar-sýslum. Að öðru leyti skal eg skjóta til atkvæðis þingmanna, hvort nefnd skuli kjósa í mál þetta eður eigi.

Stefán Jónsson: Eg vona að nefnd verði kosin í þetta mál; menn láta sèr líklega hugfast, hve vel því var tekið á seinasta þingi, og að engin mótmæli þá komu fram á móti nefnd.

Forseti: Þetta mál er stutt af þingmanna hálfu, og mælir enginn í móti nefnd, því skal eg leyfa mèr að spyrja hina háttvirtu þingmenn, hve marga menn þeir vilji hafa í nefndina; eg sting upp á 5 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvort eigi væri tiltækilegt að vísa þessum bænarskrám til nefndarinnar í póstgöngumálinu, því þessi mál hvorutveggi standa þó í nánu sambandi hvort við annað; mèr finnst þetta því fremur þörf, sem bænarskráin fer því á flot, að póstgöngunum linni þann tíma sem gufuskip er á ferð kringum landið; ef 2 nefndir verða settar, þá getur hæglega að borið, að þær komi í bága hver við aðra og önnur vilji efla póstgöngurnar í landinu um þann tíma, sem hin vill að þeim liuni; þar á mót getur ein nefnd litið yfir málið í heild sinni og fengið í því samhljóðun.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni um að steypa bænarskrám þessum yfir á póstgöngunefndina. Aðaltilgangurinn með gufuskipsferðir þessar er að lètta vöruflutninga fyrir mönnum og flytja ferða-

menn og farangur þeirra, og þó það sè tekið fram sem sèrstakt atriði, að senda megi póstbrèf með þessum ferðum, þá þarf þetta þó ekki að koma í bága við póstnefndina, því í stjórnarfrumvarpinu, sem fyrir liggur, er ekkert talað um póstgöngurnar hèr á landi. Mèr finnst því þingið ekki fara rètt að, ef það vísar þessu máli til póstnefndarinnar. Eg mæli því með sèrstakri nefnd.

Forseti: Eg vildi eigi banda á móti, að hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður lýsti áliti sínu í fám orðum, en annars er það þegar ákveðið mál, að nefnd skuli kjósa og bið eg því þingmenn að ganga til nefndarkosningar og kjósa fimm menn í þessa nefnd.

Var síðan kosið í nefndina, og urðu fyrir kosningu:

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	— með	20 atkv.
Sveinn Skúlason	— —	12 —
Arnljótur Ólafsson	— —	12 —
Jón Hjaltalín	— —	9 —
Stefán Jónsson	— —	7 —

Var málið síðan afhent þingmanni Suður-Þingeyinga, Jóni Sigurðssyni frá Gautlöndum, er fèkk flest atkvæði.

Forseti gat þess, að varaforseti var genginn af þingi með hans orðlofi.

Forseti: Þar næst kemur fyrir bænarskrá um stofnun lögfræðingaskóla, sem er komin til þingsins úr Barðastrandarsýslu, skal eg leyfa mèr að biðja flutningsmann hennar, hinn hittvirta varaþingmann úr Barðastrandarsýslu, að lesa hana upp, og skýra þinginu frá því máli.

Eiríkur Kúld: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána og er hún svo hljóðandi:

Sbr. síðari part alþ.tíð. bls. 164.

Eg hefi hèr litlu við að bæta; reyndar sè eg að sönnu, að í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis er komizt að orði þeirrar meiningar, að eigi verði þessu máli gaumur gefinn fyrst um sinn vegna kringumstæðanna, en ekki ætla eg, að þau orð ættu að vera málinu til fyrirstöðu. Eg ímynda mèr annars að fáar raddir heyrist nú hèr í salnum á móti þessu máli, þar sem það svo opt hefir verið hèr til umræðu áður og jafnan fengið hin heppilegustu afdrif, og þykist eg því fullviss um, að nefnd verði sett í það Eg held fyrir mitt leyti, að ef nokkrar mótbárur koma móti þessu máli, þá mundi sú fyrsta verða fèð til skólans, því hèr sem optar

verður það ofan á, að peningarnir eru afl þeirra hluta sem gjöra skal, og því muni mega segja: Þetta mun kosta talsvert, og hvar eru peningarnir? En þegar nú litið er á, hvílík not mætti verða hèr að innlendum lagaskóla, þá virðist mèr ekki lítandi á það, þó það kosti dálítið. Annað er það, að menn kunna að segja, að kennslan muni eigi verða betri eður affarasælli hèr heldur en erlendis, en því vil eg að eins svara með því að benda til þeirra manna, er fyrst sendu bænarskrá um þetta mál hèr inn á þing 1855, og það voru einmitt menn, sem höfðu fengið menntun sína eða voru að afla sèr hennar erlendis, og það einmitt í lögfræði sumir hverjir; þessir ætla eg að hafi orðið að hafa ljósa og vissa von um það, að hèr yrði menntunin öllu affarasælli og eðlilegri í þessu tilliti. Eg er líka viss um, að kennslan hèr hlyti að verða eðlilegri en erlendis, þar sem menn verða svo margt að læra, er eigi snertir þetta land, en eiga aptur ekki kost á að læra það, sem þeim er beinlínis þörf á að læra, er hèr eiga að setjast í júridisk embætti. Þetta ímynda eg mèr nú, að yrði þvert á móti, ef lagaskóli og lagakennsla kæmist hèr á. Enn fremur ber þess að gæta, hvað kostnaðinn snertir, að væri lagaskólinn hèr á landi, þá lenti þó kostnaðurinn til hans í landinu sjálfu og þeir sem í hann færu eyddu fè sínu hèr, og álít eg það miklum mun hollara að verja fè í landinu sjálfu til að fá eðlilega menntun, en að verja fè sínu erlendis til óeðlilegrar menntunar.

Bergur Thorberg: Mèr virðist svo skýlaust tekið til orða í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis viðvíkjandi þessu málefni, að auðsætt er að þýðingarlaust sè að skipa nefnd í það. Það er nefnilega skýrt tekið fram í auglýsingunni, að engar ráðstafanir verði gjörðar viðvíkjandi þessu máli, meðan fjárhagsmálefnið sè á því stigi, sem nú er. Eg ímynda mèr því, að rèttast sè að hreifa ekkert við málinu að sinni, með því það muni engan árangur hafa. Sú ástæða stjórnarinnar, að fèð vantar, sýnist vera fullgild, og fè þetta getur að líkindum eigi fengizt fyrr en fjárhagsmálinu er ráðið til lykta. Að öðru leyti get eg ekki sèð, að nein brýn nauðsyn sè á þessum lagaskóla nú sem stendur.

Eiríkur Kúld: Það getur vel verið, að hinum 4. konungkjörna þingmanni finnist ekki þetta mál tímabært að þessu sinni. En eg vil þá leyfa mèr að spyrja hann, hve nær verður það þá tímabært, eða hvað lengi eigum vèr að bíða eptir að fá bænheyrslu? Megum við þá ekki biðja stjórnina um að gegna nauðsyn vorri,

fyrr en fjárhagsmálið er til lykta leitt? Hann sagði enn fremur, að hann sæi enga nauðsyn á þessum lagaskóla nú sem stæði, en þá verð eg að segja, að eg sè engu minni nauðsyn á honum nú, en þegar fyrst var beðið um hann; og þótt eigi sè skortur á lögfræðinga-efnum nú sem stendur, þá getur hinn háttvirti þingmaður víst ekki sagt oss hvað lengi það stendur. Að öðru leyti eru meiri líkur til, að lagaskóli gæti betur blómgazt hèr nú en þá, þar sem aðsóknin að hinum lærða skóla er svo langtum líflegri nú en þá var.

Bergur Thorberg: Hinn háttvirti varaþingmaður Barðstrendinga vakti máls á því, hvað lengi þyrfti að bíða eptir úrslitum lagaskólamálsins. Þá vil eg svara því þannig: Stjórnin vísar með berum orðum í hinni konunglegu auglýsingu til hins núverandi ásigkomulags fjárhagsmálefnanna, og segir það geti eigi orðið veitt fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á. Mèr finnst það full ástæða til að setja eigi nefnd í málið, að þingið eptir orðum stjórnarinnar getur eigi haft neina von um, að málið fái nokkurn árangur að þessu sinni. Að öðru leyti hefir stjórnin með vilyrði því, er hún hefir veitt um lagaskólann, sýnt, að hún væri alls ekki á móti því, að skóli þessi kæmist hèr á, þegar að eins fèð gæti fengizt.

Pètur Guðjónsson: Af því að mèr sýnast orð hins 4. konungkjörna þingmanns hafa stoð í þeim kringumstæðum, sem hèr liggja fyrir, það er að segja, að þessu máli geti ekki orðið framgengt, fyrr en fjárhagsmálið er komið í kring, þá get eg eigi sèð að til neins sè að vera að biðja um þetta að þessu sinni.

Konungsfulltrúi: Gagnvart þeirri konunglegu auglýsingu til þingsins álít eg það mikið áhorfsmál fyrir þingið að taka málið fyrir og kjósa nefnd i það; því bæði tekur það tíma frá þinginu frá öðrum málum, og svo eru eptir kringumstæðunum ekki líkur til, að nokkur árangur geti af því orðið, og að því ber vel að gæta.

Halldór Jónsson: Eg verð að láta í ljósi þá meiningu mína, að mèr virðist að þingið verði að líta á nauðsyn þessa máls. Eg neita því reyndar ekki, að það stendur í sambandi við fjárhagsmálið, en allt fyrir það get eg ekki betur sèð, en að málefnið um lagaskólann megi ganga á undan, þó það sjálfsagt verði að hafa áhrif á fjárhagsmálið.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð nú að styðja það, að nefnd sè

sett í þetta mál, þrátt fyrir ummæli stjórnarinnar í hinni konunglegu auglýsingu; stjórnin byggir nú neitun sína á því, að fèð vanti. Þetta var og tekið fram á síðasta þingi, og varð þá að líkindum það sker, er málið strandaði á. Fyrir því stungu nokkrir menn upp á að lána skyldi fè úr kollektusjóðnum, ef fè til skólans fengist eigi úr ríkissjóði, þó varð uppástungu þeirri eigi framgengt. Það er þá ekki annað sem hèr vantar en fèð. En eg vil leyfa mèr að benda til 2 frumvarpa, sem nú eru fyrir þinginu um álögur eður skatta. Þaðan mætti nú fá fè handa lagaskólanum, því að eg sè eigi betur en að það fè eigi að ganga til ýmsra fyrirtækja hèr á landi, þótt það reyndar sè allt í ráðgátu. Eg verð því að vera fastur á því, að nefnd sè sett í málið, eða ef það yrði eigi, þá mætti, ef til vill, vísa því til brennivínsnefndarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Að því leyti eg er formaður í málinu um brennivínsverzlun, verð eg með öllu að mæla á móti því, að þessu máli sè slengt á þá nefnd, því að þau 2 mál eru svo óskyld, sem nokkur tvö mál geta verið. Enda getur það verið mjög hæpið, að fá þeirri nefnd þetta mál til meðferðar, fyrir þá sök, að það er alveg óvíst, að hverri niðurstöðu nefndin kemst, og því heldur þingið á eptir, og það getur vel verið að svo fari, að þingið fallist eigi á, að þessir tollar verði lagðir á og þá væri skrítið að vera að biðja stjórnina enn um fè, af þeim tolli sem þingið fastlega rèði frá að á yrði lagður.

Sveinn Skúlason; Eg get eigi fallizt á, að nefnd verði ekki sett í þetta mál, því að það er mikið áhugamál landsmanna. Eg get heldur ekki sèð neitt á móti því, þótt það verði samhliða fjárhagsmálinu, því að eg vona og vil gjöra ráð fyrir því, að hið bezta samþykki verði á millum þingsins og stjórnarinnar og stjórnarinnar og ríkisdagsins, svo að allir hlutaðeigendur verði fljótt sammála, og fjárhagsmálið fái fljótt úrslit. Þá eru peningarnir fengnir, og þá fellur allt í ljúfa löð.

Eiríkur Kúld: Eg held, að það sèu einkum 2 sker, sem vilja verða því til fyrirstöðu, að þetta mál verði tekið til meðferðar á þinginu að þessu sinni. Það er 1. peningarnir, 2. tíminn, þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að tíminn væri svo naumur, að þingið mundi varla mega verja tíma til þess. Það er nú að vísu satt, að tíminn er lítill fyrir öll þau mál, sem þingið hefir nú til meðferðar, ekki sízt þegar litið er á hin mörgu konunglegu frumvörp, sem komin eru fyrir þingið. En að því er tímann

snertir, þá held eg að menn verði hèr að fylgja þeirri reglu: Biðjið og þreytist ekki. Því að hèr er einungis aðalatriðið, að minna hans hátign konunginn á, að áhugi þjóðarinnar sè enn fullkomlega vakandi á málinu. En að því er fèð snertir, þá vil eg benda til þess, sem stendur í einni bænarskránni um þetta efni, að ef stjórnin eigi geti veitt fè úr ríkissjóðnum til þessa fyrirtækis, þá er farið fram á, að hún veiti það úr einhverjum sjóði landsins, og nú skilst mèr á frumvarpinu í fjárhagsmálinu sem stjórnin beinlínis viðurkenni, að Ísland eigi sjóði hjá Dönum.

Benidikt Sveinsson: Það er einkum tekið fram sem ástæða á móti nefnd í þessu máli, að í hinni konunglegu auglýsingu standi, að þessu máli geti ekki orðið framgengt, meðan fjárhagsmálið er óútkljáð. Þetta eru að vísu ljós orð, en eg held, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hafi þó ekki tekið þau frá hinni ljósustu hlið. Eg verð að skilja þessi orð auglýsingarinnar svo, að lagaskólamálið geti ekki komizt í kring, meðan fjárhagsaðskilnaðurinn sè óútkljáður af þeirri ástæðu, að stjórnin hefir ekki séð ráð til að leggja fè til skólans fyrr en ákveðið væri um það fè, er Íslendingar ættu að fá hjá Dönum; hitt er víst þar á móti ekki meiningin, að stjórnin ekki vilji láta skólann komast á, fyrr en fjárhagsmálið er til lykta leitt. Það er líka auðsætt, að þó fjárhagsmálið verði eigi útkljáð, það er, þótt samkomulag komist eigi á milli þingsins og stjórnarinnar um það, þá er nauðsyn vor á lagaskólanum eigi síður brýn fyrir því. Hèr er því spurningin alls ekki sú, hvern árangur málið muni fá, ef þingið tekur það til meðferðar, því það er vafalaust, eins og hinn 4 konungkjörni þingmaður gat í skyn, að skólinn fengist strax, ef þingið getur ráðið úr því vandkvæði sem á stendur, kostnaðinum til skólans, og líka hitt, að hann fæst ekki, eptir hinni konunglegu auglýsingu, ef þingið ekki sèr annað úrræði en viðhaft hefir verið hingað til; heldur er spurningin sú, hvort þingið ekki getur fundið nýtt úrræði, sem gjörir stjórninni mögulegt að uppfylla þessa þjóðarósk og þjóðarnauðsyn vora. Eg vil benda á það, að það rætist nú, sem eg sagði á síðasta þingi, að hvort sem vèr biðjum um fè úr ríkissjóðnum, eður vèr leggjum það sjálfir til, þá hlýtur þó skóli þessi að lenda á Íslandi, og það er auðsjáanlega alveg það sama hvort tollur er lagður á landið til að bera skólakostnaðinn, eða þá hin sama upphæð dregin frá því tillagi, sem vèr gjörum oss von um og stjórnin sjálf ráðgjörir að vèr fáum frá Dana

hálfu við fjárhagsaðskilnaðinn, með öðrum orðum, að tillag það yrði að því skapi minna, er stjórnin þættist skyld til að leggja til vor, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn yrði. Aðalmergur þessa máls er því, hvort Íslendingar vilja kosta lagaskóla hèr á landi eður eigi, og mèr virðist það sannarlega ísjárvert fyrir þingið að fleygja þessari bænarskrá frá sèr, sem fylgir því máli fram, sem um langan tíma hefir verið mesta áhugamál þjóðar vorrar.

Jón Pálmason: Eg er nú einn af þeim, sem vil styðja að því, að nefnd verði sett í þessu máli. Mèr virðist og að verði að leggja sèrlega áherzlu á það, að þetta mál hefir allt af komið fyrir á svo mörgum undan förnum þingum í röð, að stjórnin gæti ímyndað sèr, ef það kæmi eigi fyrir nú eða yrði bægt frá nefnd, að það sè eigi lengur eins mikið áhugamál þjóðarinnar, eins og það hefir verið. En eg er þó viss um, að alþýða manna hefir fullt eins mikinn áhuga á því nú, eins og hún hefir haft að undan förnu.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður eigi.

Var þá samþykkt, að nefnd skyldi kjósa, með 20 atkvæðum.

Síðan var kosin þriggja manna nefnd og urðu þessir fyrir kosningu:

Benidikt Sveinsson með 16 atkv.
Eiríkur Kúld — 15 —
Jón Pètursson — 13 —

Var þá málið afhent Benidikt Sveinssyni, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur til umræðu bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu um jarða-úttektir, og skal eg leyfa mèr að biðja þingmann Suður-Þingeyinga, sem er flutningsmaður hennar, að lesa hana upp og skýra frá málinu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Bænarskráin hljóðar þannig. Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 167.

Eg get eigi bætt neinu hèr við, því að bænarskráin er svo ljós og allar ástæður svo vel teknar fram, að eg held, að þær megi vera öllum ljósar.

Sighvatur Árnason: Mèr virðist mál það, sem hèr er hreift, vera eins og lítill hlekkur úr stórri keðju sem tekinn er einungis einn til aðgjörðar, þar sem hinir eru jafn óbrúkanlegir. Það eru nefnilega mörg atriði um sambandið milli landsdrottna og leigu-

liða yfir höfuð, sem er fullkomlega ábótavant, og sem þurfa mikilla umbóta við; þess vegna virðist mèr þetta mál svo sèrstakleg grein, að ekki eigi við að hreifa því svona út af fyrir sig.

Jón Hjaltalín: Út af því, sem þessi bænarskrá fer fram á, nefnilega um húsabyggingar, þá skal eg leyfa mèr að til færa lítið dæmi upp á það, hve áríðandi mál þetta sè, að því er snertir stærð húsanna. Það er nú komið svo hèr, síðan fólkið fór að fjölga, að fólk hefir hèr í vanalegum bæjum ekki meir en þriðjung loptrúms við það sem talið er ómissandi handa óbótamönnum í öðrum löndum, og er svo komið, að margir Íslendingar mættu þakka fyrir, ef þeir hefðu að eins helminginn af því loptrúmi er þessum er ætlað. Ef þessir bæir eða rèttara sagt kumbaldar voru vart nógu stórir, þegar fólkið var helmingi færra, þá skil eg eigi, hvernig helmingi fleira fólk fer að halda heilsu í þessum kofum. Eg vil nú reyndar játa það, að örðugt muni vera að ráða bót á þessu. En þó held eg, að sá eini vegurinn verði að reyna að verka á jarðeigendurna og hið opinbera til að gjöra eitthvað að þessu á jörðum sínum, og brýna fyrir þeim, hvílík lífsnauðsyn við liggur. Það er þó vant að álíta það einna mest áríðandi að geta haldið þessari líftóru; og það verður sannarlega að ganga fyrir öllu öðru. Ef nefnd væri sett, þá væri það æskilegt, að hún færi fram á, að jarðeigendunum væri gjört að skyldu, að hafa svo stór húsakynni á jörðum sínum, að í þeim sè að minnsta kosti lögmætt rúm, sem kallað er. Eg get eigi betur sèð, en að hèr sè hin allra bráðasta nauðsyn fyrir hendi, t. a. m. ef sótt fer yfir land, þá getur, eins og nú er ástatt, orðið úr því óttalegasta hrun. Eg vil að eins minnast á taugaveikina, sem gèkk hèr yfir land 1860; þá dó hèr 20. hver maður á öllu landinu; og eg get vel ímyndað mèr, ef önnur sótt gengi hèr, þá dæi 10. hver maður, það átti sèr líka stað í mörgum sveitum í taugaveikinni, og það er þá líkt hlutfall hèr með mannadauðann, þegar sóttir ganga og þegar pestin drepur sem mest í Cairo og Aleppo. Þegar málið er skoðað frá þessari hlið, þá get eg ekki betur sèð, en að hèr sè verulega lífsnauðsyn um að ræða.

Pètur Guðjónson: Mèr virðist bænarskrá þessi of einstaklegs (privat) eðlis til til þess, að hún verði tekin til meðferðar á þingi, því að hún snertir of mjög samninga (Contractsforholdet) milli landsdrottna og leiguliða til þess að hún geti komið löggjöfinni við. Mèr virðist bænarskráin einkum styðja sig við tvær ástæður

fyrst þá, að húsin sè allt af í sama formi og þau hafi verið um ómuna tima. Þetta getur vel verið, en að því getur löggjöfin eigi gjört, það verður að vera komið undir samningum milli landsdrottna og leiguliða, hvert form og stærð jarðarhúsin skuli hafa. Hin önnur ástæða, sem bænarskráin byggir á, er sú, að álagið sè opt og tíðum of lítið. Þetta er víst öldungis satt. En hver getur gjört að því? Ekki löggjöfin, því hún getur ekki gefið úttektarmönnunum reglur fyrir því, hvernig þeir í hverju einstöku tilfelli skuli meta álagið, það er líka allt af hægt fyrir landsdrottinn eða leiguliða að fá yfirúttekt, ef hann þykist aflaga borinn. Að því er snertir það, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, þá er það víst í alla staði satt og rètt; en sú hlið málsins heyrir undir heilbrigðispólitíið. Með þessum orðum hefi eg þá gjört grein fyrir hvers vegna eg eigi get gefið atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil leyfa mèr að svara nokkrum þeim mótbárum, sem komið hafa móti bænarskránni. Eg viðurkenni það nú reyndar, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að margt er það sem snertir privatsamninga í bænarskrá þessari, og sem eigi verða gefnar um beinar lagaákvarðanir; en eg vona þó, að hann sè mèr samdóma í því, að málið sè þess vert, að það sè tekið til meðferðar á þinginu. Það er auðvitað, að uppástungurnar í bænarskránni eru engin skuldbindandi regla fyrir nefndina, heldur tekur hún það af þeim sem hún finnur nýtilegt en hafnar hinu; og finni hún ekkert nýtilegt í bænarskránni þá kastar hún henni alveg, en kemur þá með sínar uppástungur um málið. Eg virði mikils það sem hinn 3. konungkjörni þingmaður sagði, því það er maður, sem hefir vit á að dæma um þá hluti, er ræða hans hnè að; enda stendur og sumt í þessari bænarskrá í nánu sambandi við það sem hann talaði. Það er sannarlega verulegt spursmál um bæjabyggingar hèr á landi, og veruleg nauðsyn á, að hitta einhver góð ráð, til að gjöra íveruhús manna heilnæmari, en þau almennt eru. Er það sannast að segja, að húsakynnum manna er helzt til of víða mjög ábótavant. Mótbárur þær, er þingmaður Rangvellinga kom með, voru nú eigi margar; það helzta sem hann færði til, var það, að þetta málefni væri eins og «hlekkur úr keðju» eða gripið út úr öðrum málum, sem það stæði í svo nánu sambandi við, að þau mætti eigi aðskiljast. En hann nefndi eigi, hver þessi mál væri, og eg sè þau

ekki og þekki þau ekki. Þetta mál hefir reyndar ekki verið hèr fyrr fyrir á þingi, en það er þó fyrir því engan veginn nýmæli. Mèr er kunnugt um, að á fyrri hluta þessarar aldar, eða á tímabilinu frá 1820 til 1831 var mikið skrifað um það. Þá rituðu þeir amtmennirnir Johnsen og Thorsteinsson rentukammerinu löng álitsskjöl um málið, sem enn eru til; en síðan skrifaði rentukammerið kanselíinu sáluga langt erindi um hið sama, og má lesa það brèf í hinu íslenzka lagasafni; áleit rentukammerið þá mjög áríðandi, að breytingar væri gjörðar á lögum þeim, sem um þetta efni gilda; eg held nú reyndar, að engar skýrar lagaákvarðanir sèu til um þetta málefni. Eg vil nú að vísu eigi draga beinlínis ástæðu af þessu til að taka málefni þetta til meðferðar, en þó virðist mèr gefandi gaumur að því.

Jón Hjaltalín: Eg játa það nú reyndar, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að það er margt privat í þessu máli; en það er þó líka margt, sem er publik í því, það er t. d. um stærð húsa í hlutfalli við mannfjölda þann, sem í húsinu býr, því að nauðsynlegt er, að um það sè eigi að eins föst regla heldur einnig lagaboð. Það er annað en spaug við það að fást, þegar sóttir ganga, þegar sóttnæmi er búið að gagntaka jafnvel heil hèruð sökum þess, hvað húsakynnin eru vond og óheilnæm. Eg vil nefna eitt atriði í þessu tilliti, og það er, að sá ósiður á sèr víða stað, að bæjardyrunum hallar inn í stað þess, að þeim á að halla út, svo að öll for og leðja rennur inn í bæinn. Það mun nú reyndar þykja lítið í þetta varið, en þó er það alveg nauðsynlegt að það sè lagað. Það kann að mega segja, að það sè margt af þessu privat, en það verður þó publik, að því er almenna heilbrigði snertir. Hafi það þótt nauðsynlegt fyrir 100 árum, að tiltaka með lögum, hvað fjárhús skyldi vera stór eptir skepnufjölda, þá held eg að ekki veitti af að skipta sèr dálítið af líf mannanna, því að við þurfum þó eins andrúmslopt til að anda að oss, eins og skepnurnar. Að öðru leyti þarf nefndin ei að fara lengra en hún sèr sèr fært.

Stefán Eiríksson: Eg er samdóma flutningsmanni bænarskrárinnar og þeim þingmönnum sem með málinu eru, að mál þetta sè þess vert, að því sè gaumur gefinn, en málið er umfangsmikið og ervitt til framkvæmdar, og þarf því að skoðast á margan hátt, svo þó nefnd verði sett, get eg ekki sèð, að hún mundi komast að þeirri niðurstöðu sem yrði ákjósanleg; það var talað um í

bænarskránni að setja nokkurs konar byggingarnefndir, og ef þess konar nefndir yrðu settar í hverjum hreppi, þá yrði það ærinn kostnaður, þar sem hrepparnir eru að tölu 168. Það er þó almennt viðurkennt, að húsabyggingar og húsaskipun hèr á landi hafi tekið miklum umbótum nú á seinni árum, enda þó víða á landi voru sè mjög ábótavant í því efni. En hvað áhrærir það sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði í tilliti til sóttvarna, þá held eg að slík húsaskipun fáist ekki um land allt, sem gjörir menn óhulta fyrir slæmu lopti, þess háttar er meira komið undir þrifnaði en húsabyggingum.

Ásgeir Einarsson: Eg álít að þetta mál sè ekki komið svo langt enn, að ræða eigi um hin einstöku atriði þess, heldur um það, hvort kjósa eigi nefnd í það eður ekki. Það hefir verið mikið talað um, að þetta mál væri einkamál, mig minnir nú ekki betur en að til sè bók, sem heitir Jónsbók, þar er bæði landbúnaðarbálkur og fleiri lög þar að lútandi, svo eg held að þingið geti eigi álitið, að það snerti eigi löggjöfina. En hvað málið sjálft snertir, þá vil eg minnast á einn mann, er á sinni tíð lèt sèr manna annast um ættjörðu sína, það er síra Tómas Sæmundsson; hann hefir ritað langar ritgjörðir um þetta efni, það er að segja úttektir. Eg held nú, að þessi ritgjörð hafi einmitt lagað mikið í þessu efni, og eg hefi vitað marga úttektarmenn einmitt hafa hana sèr til hliðsjónar við úttektir. Að öðru leyti þykir mèr mjög ísjárvert að fleygja þessu máli í burtu, og mun eg því gefa atkvæði mitt fyrir því að nefnd verði sett í það.

Sighvatur Árnason: Það var aldrei meining mín að vera á móti því, að mál þetta væri tekið til meðferðar í heild sinni og hafi orð mín verið skilin svo, þá hafa þau verið misskilin. En eg sagði, að það væri líka margt fleira, sem þyrfti að taka til meðferðar um skyldur og rèttindi landsdrottna og leiguliða yfir höfuð, en taka ekki þetta eina atriði til meðferðar út af fyrir sig, þar sem svo mörgu öðru er ábótavant í því efni. Eg get nú eigi verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu í því, að málið gangi of nærri mönnum í samningslegu tilliti, því eg álít, að landsdrottnar og leiguliðar eigi ekki að vera innan lands en utan laga heldur en aðrir, og með því móti, að inn í þetta mál geti komizt ýmislegt fleira í þá stefnu, sem eg hefi talað um, þá verð eg að vera með nefnd í málinu.

Forseti: Er það meining þingmannsins, að hann sjálfur hafi meðferðis nokkrar uppástungur í þá stefnu.

Sighvatur Árnason: Já ýmislegt sem viðvíkjandi er þess háttar máli í heild sinni.

Forseti: Eg fel það þá þinginu, hvort því sýnist að vísa þessum uppástungum til þeirrar nefndar, sem kynni verða kosin í þetta mál, og kjósa nú nefndina með hliðsjón til þess, að málið verði umfangsmeira síðan. Þetta sem bænarskráin fer fram á, er að vísu merkilegt atriði, en strangt tekið er það þó einstaklegt, þegar ræða væri um öll landbúalög vor í heilu lagi, og kynni þá þykja síður eiga við að leggja þessa bænarskrá til grundvallar. En þegar þingmönnum er þessi fyrirætlun ljós, þá sè eg ekkert sem geti verið móti því, ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi er því ekki mótfallinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil fyrir mitt leyti mæla með nefnd í þessu máli. Það er reyndar satt, sem þingmaður Gullbringusýslu sagði, að það snertir mest sameign og viðskipti einstakra manna og er því einstaklegs eðlis, en eg get vel ímyndað mèr, að nefndin gæti fundið einhver ráð til að greiða fyrir því að einhverju; hún kann ef til vill, að komast að þeirri niðurstöðu, að biðja um ný landbúnaðarlög. Það er að minnsta kosti æskilegt að málið sè rætt og skoðað, til að vekja athygli landsmanna á því hversu áríðandi þetta mál er.

Eiríkur Kúld: Þó að eg eigi geti aðhyllzt bænarskrá þessa, eins og hún liggur fyrir, þá er eg þó engan veginn á móti nefnd í þessu máli, og eg sannfærðist enn betur um það af orðum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, að ógjörandi væri að vísa málinu frá. Þingmaður Gullbringusýslu sagði, að þetta heyrði undir heilbrigðispolitíið, og með því mun nú líklega vera meintur landlæknirinn, en eg held að það væri ervitt fyrir hann að vera alstaðar við, þar sem sótt kæmi upp á (*Pètur Guðjónsson*: Heilbrigðispólitíið er alstaðar nálægt!), og þá fyrst að sjá um, að bæirnir væru stækkaðir, svo að þrengsli húsanna ei þyrfti að olla sóttnæmi, enda held eg hann geti ekkert ákveðið hèr um, án þess að fyrst sèu gefin lög fyrir húsaskipun, sem nú máske verður miklum annmörkum bundið. En aldrei verður það varið, að húsakynnunum hèr á landi er æði ábótavant, og það lítur svo út, að líkara sè til að sum bæjarhús væru ætluð kvikindum en ekki mönnum til íbúðar. Ef málinu er vísað frá, þá sýnist það vera vottur þess, að

vèr álítum allt nógu gott í húsaháttum vorum og búskaparháttum. Eg vil að lyktum taka það fram, að það er ekki allt rètt hermt, sem stendur í þessari bænarskrá, t. a. m., að hvergi sè til reglulegar úttektarbækur. Þar sem eg þekki til fyrir vestan, eru þær alstaðar til og sumstaðar tvær (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: en ekki löggiltar). Það verður nú líklega hèr til fyrirstöðu sem optar, að fèð vantar; og því er enn eitt atriði, sem eg get ekki fallizt á í bænarskrá þessari, og það er um uppástungu þá, sem hún gjörir viðvíkjandi kirkjujörðum, það er að lán sè tekið úr opinberum sjóðum til að húsa kirkjujarðir, en usufructuarius eður sá sem upp ber afgjald jarðanna nefnilega presturinn sè búinn að greiða aptur lánið að 30 árum liðnum. Mèr finnst nú, að þetta geti ef til vill gjört allmikið skarð í tekjur prestsins, og af hinum rýrari brauðum yrði það alveg ógreiðandi, þeim brauðum sem viðurkennt er, að ei geti fætt einhleypan mann, því síður mann með konu og börnum, og gæti opt svo að borið, að presturinn alls ekki gæti greitt þetta lán, og því finnst mèr þetta ráð í flestu tilliti ótiltækilegt.

Forseti: Mèr sýnist þá þetta mál nóglega rætt, til þess að kjósa megi nefnd í það, og býst eg við að 5 manna nefnd verði nauðsynleg; bið eg því hina háttvirtu þingmenn, svo framarlega sem enginn mælir á móti að kjósa fimm menn í nefnd þessa.

Var síðan kosin 5 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	með	20 atkvæðum.
Sighvatur Árnason	—	17 —
Jón Hjaltalín	—	16 —
Ásgeir Einarsson	—	7 —
Björn Pètursson	—	7. —

Var málið síðan afhent Jóni Sigurðssyni frá Gautlöndum, er hafði fengið flest atkvæðin í nefndina.

Sighvatur Árnason: Eg hugsa mèr þá að skjóta uppástungum mínum inn í þetta mál.

Forseti: Eptir því sem mèr skildist á umræðum þingmanna, þá ætlast þeir víst til þess, og getur víst ekkert verið á móti því.

Þá koma þar næst bænarskrár um fjárkláðann og eru þær úr ýmsum hèruðum, úr Ísafjarðar-, Barðastrandar-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar-, Suðurmúla og Gullbringusýslum, fleiri eru eigi komnar enn. Það virðist sjálfsagt, að þessar bænarskrár fari til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Voru þær síðan afhentar skrifara nefndarinnar Benedikt Sveinssyni, þar eð varaforseti, formaður nefndarinnar, var ekki viðstaddur.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. En áður en fundi sè slitið, skal eg geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni viðvíkjandi hinu konunglega frumvarpi um prestaköllin um, að herra byskup H. G. Thordersen sè formaður hennar, en Halldór Jónsson skrifari; sömuleiðis frá nefndinni um lestagjald eða breytingu á verzlunarlögunum, að þar er formaður Pètur Pètursson, en Eiríkur Kúld skrifari. Enn skal eg geta þess, að til mín er komið eitt nefndarálit, og það er um annað konungsfrumvarpið viðvíkjandi Ísafjarðarkaupstað. Eins og þingmenn muna voru bæði frumvörpin fengin einni nefnd til meðferðar. Þetta nefndarálit verður nú lagt fram á lestrarsalinn; þangað verða og lagðar bænarskrár þær, er koma til umræðu á næsta fundi. Dagskrá til fundar á morgun kl. 12 kemur upp í kvöld.

Fundi slitið.

---

5. fundur — 7. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi fengið frá nefndinni í *gufuskipsmálinu* skýrslu um, að síra Arnljótur Ólafsson væri kosinn formaður í þeirri nefnd og Sveinn Skúlason skrifari; enn fremur er til mín komið nefndarálit í málinu um *verzlunarvogina*, og verður það lagt fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það.

Samkvæmt dagskránni leggur fyrst fyrir til umræðu bænarskrá um *póstgöngur*. Eg álít sjálfsagt, að henni verði vísað til nefndarinnar í póstmálinu, og ef enginn þingmanna hefir á móti því, þá verður bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, herra assessor Benedikt Sveinssyni.

Þar næst kemur til umræðu bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu, um trúarbragðafrelsi. Flutningsmaður þessarar bænarskráar er þingmaður Suðurþingeyinga.

Jón Sigusðsson frá Gautlöndum: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána fyrir þinginu:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 170.

Efni þessarar bænarskráar er kunnugt flestum þingmönnum, þar eð samslags bænarskrá var send þinginu 1863, og var þá af sumum gjörður góður rómur að henni; en fleiri þingmanna tóku henni miður; nú er má ske vonandi, að fleiri verði til að mæla með bænarskránni en seinast, því margir þingmenn eru nýir, og nýir siðir koma með nýjum herrum, og af þessari von er það sprottið, að kjósendur mínir enn á ný senda bænarskrá um þetta efni til þingsins.

Helgi G. Thordersen: Eg man það vel, og það mun mörgum minnisstætt, að önnur eins bænarskrá og þessi var fram borin á seinasta þingi, af hinum sama heiðarlega þingmanni, og nú ber þessa bænarskrá fram. Hann lèt sèr þá lynda, að menn hefðu ekki langar umræður um þetta mál, og tók bænarskrána aptur eins og hans var von og vísa. Eg vil nú leyfa mèr að spyrja þenna sama heiðarlega þingmann, hvort hann eigi vilji gjöra hið sama að þessu sinni, svo að ekkert kappsmál komi hèr fram á þinginu. Mèr þykir það mikilsvert, að flutningsmaður láti það í ljósi á þinginu, að það sem bænarskráin fer fram á, sè ekki samkvæmt sannfæringu hans, eins og eg líka veit annar eins maður og hann er, að það getur ekki verið. Eg ætla að fara sem stytzt út í þetta mál, því eg álít það ekki þess vert, að þingið skipti sèr nokkuð af því og óska innlega að um það verði sem stytztar umræður, eins og það er lagað í eðli sínu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal leyfa mèr að svara hinum háæruverðuga 1. konungkjörna þingmanni fáum orðum af því hann skoraði svo fastlega á mig; hvað sannfæring minni viðvíkur í þessu efni, þá er hún eins og á seinasta þingi, öldungis óbreytt; það hefir aldrei verið meining mín, að gjöra mál þetta að kappsmáli, og sama sinnis er eg enn. Eg veit eigi til, að bænarskrá þessi sè sprottin af almennum þjóðarvilja í Þingeyjarsýslu, eins og sjá má af því, að þeir sem skrifað hafa undir hana eru að eins 10 menn. Eg gjörði grein fyrir því á seinasta þingi, að bænarskrá um þetta efni var borin upp á almennum sýslufundi í kjördæminu, og felld með miklum atkvæðafjölda; sèst af því, hvert að er almenningsálitið um þetta mál í mínu kjördæmi. Eg flutti bænarskrána inn á þingið einmitt af því það er aðalregla mín að neita ekki kjós-

endum mínum um að flytja bænarskrár til þings fyrir þá, hvers efnis sem þær eru, og hvert sem þær eru með eður móti minni eigin skoðun; en það vona eg að engin þingmaður ætli mèr, að eg mæli nema að eins með því, sem er samkvæmt minni eigin sannfæringu; gefur nú raun vitni, hversu meðmæltur eg verð þessari bænarskrá, þegar til atkvæða kemur.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki vera langorður í þetta sinn, því eg hef þá von og traust til hins háttvirta þingmanns Suðurþingeyinga, að trúræknis-tilfinning hans prýsti honum til að taka aptur þessa bænarskrá og halda því ei fram, að nefnd verði sett í þetta mál. Eg segi fyrir mig, að eg skyldi ekki vera neitt ófúsari en aðrir til að gefa atkvæði mitt fyrir trúarbragðafrelsi hèr á landi, ef það ætti við hèr hjá oss, en við erum of fámennir hèr á Íslandi til þess, að við þurfum eins og að vera að kalla á útlenda og annarar trúar menn til þess að gjöra glundroða hjá okkur í trúarbragða-efnum; þessa þarf ekki heldur við, meðan enginn er hèr kominn nema að eins 1 eða 2 menn, sem þessa þyrfti, það er nógur tími að gjöra það þegar á því þarf að halda; og fyrst væri þetta sök sèr, ef við værum fjölmenn þjóð. Eg ímynda mèr ekkert hentugra meðal til að sundra góðum kristilegum fèlagsanda og enda þjóðernisanda hjá oss, en það, ef þessi bænarskrá fengi góða móttöku hèr á þingi, og þingið fèllist á slíkt er hún fer fram á; hèr er nóg annað til hjá oss, sem getur spillt góðum fèlagsanda okkar á meðal, þó þetta verði ekki til þess. Auk alls þessa, þá fer bænarskráin fram á helber ósannindi; hún segir, að í engu kristnu landi eigi sèr slík óhæfa stað og hèr, nl. að hèr skuli ekki vera fullkomið trúarbragðafrelsi; en eg vil spyrja höfunda þessarar bænarskrár um Spán, hvernig er þar ástatt? Þar leyfist nú ekki einu sinni að grafa »Protestant« í jörðu, heldur verða menn að kasta líkinu út í fljótin, og þó munu þeir telja Spán eitt af kristnum löndum. Það er svo langt frá því, að eg haldi, að spádómur hins háttvirta flutningsmanns rætist, sá nl. að þó fáeinir menn sitji í sal þessum nú aðrir en voru hèr, þegar samkynja bænarskrá var vísað frá þinginu, þá muni nú þær raddir fjölgað hafa sem styðji þetta mál, að eg miklu fremur er vongóður um það, að margir ef ekki allir væru eins og eg fúsir á að senda aptur þessa bænarskrá heim til þeirra, sem eru að lokka og tæla menn hèðan af landi burt, sem vegabrèf til Brasiliu, svo hún ætti hingað aldrei apturkvæmt. Það er sannarlega hryggilegt teikn þessara tíma, að

nokkur einn einasti maður skuli sá finnast í landi voru, sem með þessu gutli sínu skuli verða eins og samtaka þeim, er frá öðrum löndum senda eitruð skeyti sín hingað út, á móti sannkristilegri trú, og leiða þannig hin veikari hjörtu út á villigötur vantrúar og trúarleysis. Að öðru leyti hefi eg sem sagt það traust til hins háttvirta flutningsmanns, að hann gjöri það, sem hann hlýtur að álíta réttast, sem er strax að taka þessa bænarskrá aptur.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg get ekki tekið bænarskrána aptur, af því hún er annara manna eign, en ekki mín. Verður því dómur þingsins að skapa henni aldur. Væri um mína eigin uppástungu að ræða, þá væri það má ske tiltökumál að eg hefði látið það að orðum þingsins að taka bænarskrána aptur.

Sveinn Níelsson: Þar eð eg er einn þeirra, sem ekki var hèr á þingi 1863, og hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga bjóst við; að einhver af hinum nýju röddum mundu verða til að tala með þessu máli, þá finn eg ástæðu til, sem nýr þingmaður að láta meiningu mína í ljósi. Þegar eg fór á þetta þing, vonaðist eg eptir að fá að heyra marga eina bænarskrá, er miðaði oss og landi voru til gagns og nota, og sannarlega andlegra og líkamlegra framfara, þessar bænarskrár hafði eg í hyggju að styðja eptir því, sem mínir veiku kraptar leyfðu. En hvað sè eg hèr fyrir mèr? Bænarskrá, sem miðar að beinum apturförum; hún sundrar, en sameinar ekki, veikir, en styrkir ekki. Enginn, sem þekkir hvað sannarleg trúartilfinning býður, getur í nokkurn hanga máta aðhyllzt stefnu þessarar bænarskráar, því hún snertir hinar innstu taugar hjartans. Eg er því öldungis samdóma hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að ekkert verra eitur hafi komið inn á þetta þing heldur en uppástunga þessi. Eg vonast því til, að þingmenn verði samtaka í því strax að fella þessa bænarskrá frá nefnd án lengri umræðu.

Forseti: Þar eð flutningsmaður eig. vill taka bænarskrána aptur, skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa eður ei.

Var málið síðan fellt frá nefnd með 21 atkv. móti 2.

Forseti: Þessu næst kemur til umræðu bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu um *takmörkun á brauðasameiningum*. Þingmaður Skagfirðinga er flutningsmaður bænarskrárinnar,

Ólafur Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíð. Viðbætirinn og einnig bls. 171.

Eg hef engu við bænarskrána að bæta, hún mælir með sèr sjálf; einungis vonast eg eptir, að þingið setji nefnd í þetta mikils umvarðandi mál, og það því fremur, sem eldri menn munu hafa tekið eptir því, að hið kirkjulega líf hjá oss sè nú heldur á apturfaravegi, því það er eins og skáldið segir »svo bágt að standa í stað«.

Pètur Pètursson: Þó eg ekki sè samdóma niðurlagsatriðum bænarskráarinnar, þá álít eg þó málið of mikils varðandi til þess, að þingið sleppi því fram hjá sèr; eg vil því styðja að því, að nefnd sè kosin í málið, því það er auðsætt, að almenning liggur þetta á hjarta.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst að bænarskráin ekki gefi þinginu ráð í hendur til að bæta úr þessum ókirkjulega anda, sem hún talar um, og get eg því ekki að svo stöddu stutt það; hið einasta meðal sem bænararskráin bendir til, er að leggja niður kirkjur; en eins og bölið batnar ekki fyrir það, þó það sè gjört verra, eins er því varið með hinn kirkjulega anda, hann batnar ekki við það, að gjört sè kirkjulaust.

Sveinn Níelsson: Eg vil bæta því við það, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að reynsla mín hefir kennt mèr, að kirkjuræknin hefir verið einna minnst og daufust þar, sem einungis ein kirkja er, meiri þar sem 2 eru, og mest eptir því sem kirkjurnar voru og eru fleiri í einu prestakalli. Enn vil eg og benda mönnum á eitt, að það mun vanalega vera svo, að betur er sótt annexíu kirkjan en heimakirkjan. Eg álít það því vera óráð að fækka kirkjum, og þó það kunni að vera örðugt fyrir presta að þjóna mörgum kirkjum, þá geta menn þó ekki sagt, að það sè fyrir þá ómögulegt að standa vel í stöðu sinni fyrir þá skuld; það ber enda opt við, að sá sem þjónar 4 kirkjum gjörir það eins vel og hinn sem ekki hefir nema einni að þjóna.

Ásgeir Einarsson: Eg skoða þessar ræður, sem fram eru komnar, eins og þær eigi að vera nefnd þeirri er kjósa á til bendingar, en alls ekki móti nefnd. Þó beiðendurnir fari villt, þá er það nefndarinnar að leiðrètta það. Að öðru leyti finnst mèr málið svo mikisumvarðandi, að eg vil mæla með því, að nefnd verði sett í það.

Stefán Jónsson: Þó það kunni að vera stundum, að þar sem 3 kirkjur eru í einu prestakalli, þá sèu þær vel sóttar, er þetta samt engan veginn bundið við, að kirkjurnar sèu fleiri en ein,

heldur eru hèr önnur atvik sem stuðla að því; eg þekki líka dæmi upp á það, þar sem sú eina kirkja, sem í prestakallinu er, er ágætlega sótt; en sem sagt, þetta fer eptir mörgu öðru sem ekki er vert að gera að umtalsefni; þó mótsagnir kunni ef til vill að sýnast koma fyrir í bænarskránni, þá er þó mál þetta of mikils umvarðandi til þess, að það verði látið spilla fyrir málefninu hèr á þingi; en það er auðsèð á stefnu bænarskráarinnar, að meining hennar getur aldrei verið að fækka kirkjum þar sem mein gæti að því orðið. Eg fyrir mitt leyti mæli með nefnd í málinu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að benda þingmönnum á, að hèr er einungis að ræða um, hvort setja skuli nefnd í málið eður eigi; eg vil því vara menn við, að fara langt út í efni málsins að svo stöddu.

Eiríkur Kúld: Eg vildi leyfa mèr að biðja hinn heiðraða flutningsmann bænarskrárinnar um að skýra þinginu frá, í hverju þessi ókirkjulegi andi hèr á landi ætti að vera fólginn; mèr er þetta ekki kunnugt, og þætti því fróðlegt að fá að heyra það; mèr datt í hug, hvert ske mætti að bænarskráin með þessum »ókirkjulega anda« er hún talar um meinti til bænarskráar Suður-Þingeyinga!?!, að öðru leyti vil eg fremur styðja það, að nefnd verði sett í þetta mál.

Pètur Guðjónsson: Jafnvel þó eg virði mikils hinn postulalega anda, sem lýsir sèr í þessari bænarskrá, get eg samt ekki verið því meðmæltur, að nefnd verði sett; eg álít nefnilega, að málið sè of umboðslegs eðlis til þess, að löggjöfin geti tekið það að sèr eða gjört ráð fyrir öllum þeim smá-atvikum, sem það hefir í sèr fólgið.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst eitt enn þá athugavert við málið. Allir vita að á síðari tímum hefir brauðasameiningin verið fundin upp til þess að bæta prestaköllin. Eg játa að vísu fúslega, að þeir, sem að þessu hafa unnið, muni hafa við haft varhyggð og varkárni í þessu efni, svo rèttur og vilji safnaðanna eigi raskaðist, en samt sem áður virðist mèr næsta æskilegt, að fastar reglur væru gefnar fyrir slíkum brauðasamsteypum, og það því fremur sem hinn nýi konunglegi úrskurður, sem allir þekkja, hefir fundið annað úrræði til þess að hvetja presta til að sækja um smábrauðin, nefnilega fyrirheit um betra prestakall að fáum árum liðnum, og þykir mèr því næsta viðurhlutamikið að fella málið frá nefnd. Hvað því viðvíkur, að málið sè umboðslegs eðlis, svo að löggjöfin eður

alþingi geti ekki fjatlað um það, þá held eg þetta geti ekki verið því til hindrunar. Eg veit ekki betur en að alþingistilskipunin sjálf með berustu orðum gjöri ráð fyrir, að þess konar mál komi fyrir þingið, og það mun þó vera hægt að sanna, að málefni sem frá öðru sjónarmiði skoðuð naumast heyra undir þingið eptir alþingistilskipuninni (eg meina einkamál) hafa fengið aðgöngu inn á þingið og góða áheyrn hjá stjórninni, og mèr fyrir mitt leyti finnst það ærið íhugunarvert, að þingið sjálft skuli verða til þess, að þrengja sinn eiginn verkahring.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætlaði ekki að standa upp, hefði ekki hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga gefið mèr ástæðu til þess. Það leit svo út eins og hann vildi kasta einhverjum trúarleysisskugga yfir kjósendur mína. Þessu get eg ekki annað en harðlega mótmælt; þó bænarskráin um trúarbragðafrelsið sè undirskrifuð af 10 manns, þá er það engin sönnun fyrir því, að Þingeyingar sèu yfir höfuð miður að sèr í trúrækni og trúarefnum en aðrir landsmenn hèr. Eg lýsi því þess vegna yfir hèr á þingi, að eg ætla trú og trúrækni Þingeyinga sè á allt eins góðum grundvelli byggð og hverra annara Íslendinga.

Ólafur Sigurðsson: Eg skal einnig leyfa mèr að lýsa því yfir, að eg engan veginn meinti það til Þingeyinga, þó eg talaði um, að hið kirkjulega líf væri hèr á apturfararvegi, heldur meinti eg það til landsins yfir höfuð að tala, og því hefir enginn þingmanna enn neitað.

Jón Hjaltalín: Eg er yfir höfuð lítið gefinn fyrir að fella bænarskrár frá nefndum, því í þessu sýnir sig eitthvert ófrjálslyndi; eg verð því ekki á móti nefnd í þetta skipti, enda þó eg játi, að það muni í marga staði verða örðugt fyrir nefndina að leiða málið til lykta.

Forseti: Eg skal því næst leita atkvæða þingsins um, hvort setja skuli nefnd í málið eða ekki. Var þá samþykkt með 18 atkv. gegn 6 að nefnd skyldi kjósa.

Ólafur Sigurðsson: Eg sting upp á 5 manna nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg sting upp á 3. manna nefnd.

Var þá 5 manna nefnd samþykkt með 13 atkv. gegn 9, og í hana kosnir:

Ólafur Sigurðsson	með	19 atkv.
Pètur Pètursson	—	18 —
Helgi G. Thordersen	—	13 —

Halldór Jónsson með 8 atkv.
Benedikt Sveinsson — 8 —

Var málið síðan afhent Ólafi Sigurðssyni, sem hlaut flest atkvæði.

Forseti: Þessu næst liggja fyrir til umræðu bænarskrár úr Eyjafjarðar- Múla- og Skagafjarðarsýslum um jafnrètti *prentsmiðjanna.* Flutningsmaður að helztu bænarskránni er þingmaður Eyfirðinga, og bið eg hann bera upp málið fyrir þinginu.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 175.

Eg hef fáu hèr við að bæta; eg vona að fáir, má ske enginn, verði móti nefnd; eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg felli mig ekki við öll orðatiltæki í bænarskránni, en úr þessu getur nefndin bætt.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki álitið, að þessi uppástunga sè, hvað afleiðingarnar af henni snertir, vel hugsuð, því auk þess að hún sundrar kröptunum, sem ætíð er ísjárvert um hverja stofnun sem svo er, þegar hún að öðru leyti fullnægir tilgangi sínum, yrði anðsjáanlega að leiða af uppástungunni, ef henni yrði framkvæmt, að bækurnar yrðu að verða talsvert dýrari, en þær nú eru orðnar, og þetta atriði er, skoðað frá almennings sjónarmiði, mikilsvert í málinu.

Forlagsbækur prentsmiðjunnar, og sèr í lagi þær guðræknisbækur, sem almenningur einkum kaupir og þarfnast, t. a. m. lærdómsbókin og sálmabókin, sem seldar eru nú á 16 sk. og 48 sk. eru með svo lágu verði, að það yrði ómögulegt að fá þær eptirleiðis fyrir sama verð, og landsprentsmiðjan gæti með engu móti staðið við að selja bækurnar með þessu verði, ef hún væri ekki ein um söluna. Hèr við bætist að bækurnar eru nú til kaups á flestum stöðum víðs vegar um landið, hlutaðeigendum til hægðarauka; og þar næst ber að líta á það, að prentsmiðjan hèrna stendur prýðilega í skilum. Prent, pappír og allur frágangur á bókunum er landinu og stofnuninni til sóma, og eg hefi enda heyrt útlenda menn segja, að prent og pappír á bókum frá prentsmiðjunni hèrna stæði ekki á baki bókum erlendis yfir höfuð að tala; en þegar þessu er nú þannig varið, hlýtur það að vera mikið áhorfsmál að kippa fótum undan þeirri stofnun, sem svona stendur vel í skilum, og þar að auki er landsins eign, og af hverri árangurinn heyrir landinu til og þó prentsmiðjan á Akureyri fengi

þau eptirþráðu forlagsrèttindi, gæti hún ekki haft nein veruleg not af því. Landsprentsmiðjan er nú komin á þann fót, og hefir fengið þá krapta og útbúnað, að prentsmiðjan á Akureyri getur ekki vænzt eptir að geta komizt á borð við hana, enda ekki eptir heilan mannsaldur, þótt hún fengi enn fleiri stjórnendur, en hún nú hefir, og þetta held eg megi fullyrða.

Eg verð því að ráða frá nefndarsetningu í þessu máli, og það því fremur, sem eg þykist geta verið sannfærður um, að stjórnin ekki muni finna ástæðu til að taka þessa uppástungu til greina, þó að þingið vildi rita um það sína þegnsamlegustu bænarskrá.

Stefán Jónsson: Mèr kom það mjög óvart, að hinn háttvirti konungsfulltrúi væri þannig móti Norðlendingum, það er víst nýlega til komið, að prentsmiðjan hèr sè komin í þetta ágætis horf; en eg vil ekki efast um það sè svo fyrst konungsfulltrúinn segir það. Það getur nú verið, að hinn háttvirti konungsfulltrúi sjái rètt fram í hina ókomnu tíð, en þó er það engan veginn víst hvað lengi þetta glæsilega ástand Reykjavíkur prentsmiðjunnar stendur. Af því eg er viss um, að ræða konungsfulltrúa ekki muni sannfæra beiðendurna, þó mikið sè í hana varið, þá vildi eg biðja þingið að setja nefnd í málið, og þessa mína ósk vona eg að margir verði til að styðja.

Björn Pètursson: Eg get ekki annað en angrast yfir því, að hinn háttvirti konungsfulltrúi þannig skuli dæma þessa þjóð- eða amtstofnun til dauða. Mèr finnst það mjög svo varúðarvert að fella málið frá nefnd; það er ekki víst, að hvaða niðurstöðu nefndin muni koma ef hún yrði sett, og það má ekki spilla fyrir málefninu sjálfu, þó bænarskráin kunni að vera illa hugsuð, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, það er ósýnt að 2 prentsmiðjur ekki geti staðizt á öllu landinu. Prentsmiðjan hèr hefir að nokkru leyti hingað til lifað af einkarèttindum; það er satt, og það er auðvitað, að tekjur hennar mundu rýrna, ef hún missti þau, en varla held eg hún mundi falla um koll fyrir það. Hún er þá ekki í svo miklum blóma, sem sagt er. Eg álít mjög varúðarvert fyrir þingið, eins og eg hefi áður sagt, að fella svona hverja bænarskrána á fætur annari frá nefnd, því eg þykist viss um, að þjóðin kann því illa.

Helgi G. Thordersen: Eg er öldungis samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa og það af sömu ástæðum, sem hann tilfærði,

þær voru allar álitlegar og eg þarf því engu við að bæta; eg mæli þess vegna algjörlega móti nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst þetta mál svo einfalt, að eg skil ekki, hvers vegna þingmenn vilji setja nefnd í það; þar sem talað er um afnám einkarèttinda prentsmiðjunnar hèrna í Reykjavík, þá get eg ekki annað en verið á móti því, af þeirri ástæðu, að prentsmiðjan fyrir norðan tekur engri bót, þótt prentsmiðjan hèrna verði svipt þeim rèttindum að mega ein gefa út þessar fáu guðsorðabækur, sem hún hefir útgjafarrètt að, og hinar helztu eru sálmabókin og lærdómskverið. Þótt norðlenzka prentsmiðjan fái leyfi til, að gefa út þessar bækur mun hún standa jafnrètt eptir sem áður. Bóka-útgjafir og bókasala er hèr á landi eigi svo mikil, og getur eigi verið, að tvær prentsmiðjur geti staðizt, og allrasízt að þær geti kostað sömu bókina báðar. Sá ágóði, sem prentsmiðjan hèrna kann að hafa af útgáfu bóka þeirra, sem hún hefir einkarèttindi að, á að verða til þess, og er til þess, að þessar bækur sèu seldar við því vægara verði. En hitt liggur í augum uppi hverjum þeim, sem nokkuð þekkir til bókaprentunar, að ef til að mynda 2,000, er seljast af einhverri bók á tiltekinni áratölu, þá getur einn maður selt þessa bók við vægara verði, heldur en ef tveir menn sinn í hverju lagi gefa bókina út, sitt þúsundið hvor. En ef prentsmiðjan hèrna selur þessar bækur dýrra, en hún þarf að gjöra, sem eg ætla þó hún eigi gjöri, um það mætti gjöra. En að vilja stuðla að því, að kaupendur verði að kaupa bækurnar dýrra, get eg eigi skilið, að þingmenn óski. Eg mæli því móti nefnd.

Pètur Guðjónsson: Mèr skildist, að bænarskráin byggði fyrir fram viðurkenndan rètt eða heimting prentsmiðjunnar nyrðra til jafnrèttis við landsprentsmiðjuna á því atviki, að 1815 hefði barnalærdómsbókin íslenzka verið prentuð erlendis óátalið. Þetta er ekki rètt hermt, því konferentsráð M. Stephensen hafði mótmæli gegn þessu og heimtaði — það mèr er frekast kunnugt — til sinna umráða mikið af upplaginu frá Kaupmannahöfn. Eg er því samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni, um það, að ekki beri að setja nefnd í málinu.

Sveinn Skúlason: Eg hef ekki sannfærzt við ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa. Mèr getur ekki skilizt það er hann sagði, að bænarskráin væri ekki vel hugsuð, þar sem hún þó einungis fer fram á jafnrètti; því mèr finnst ekki, að hugmyndin um jafn-

rètti sè röng, eða að jafnrètti fremur sundri en sameini kraptana; þvert á móti virðist mèr frjáls keppni (Concurrence) vera hið bezta meðal til að vekja dugnað og koma eðlilegri framför til vegar; þetta er víst almennt viðurkennt. Að guðfræðisbækur hafa verið seldar hèr með svo góðu verði, kemur til af einkarèttindum prentsmiðjunnar; en svo að eg spái, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi leyfði sèr, þá spái eg því, að ef nú prentsmiðjurnar fengi jafnrètti, þá mundu þessar bækur líka geta selzt fyrir hið sama verð nyrðra; þetta er því engin ástæða til að mæla móti nefnd í málinu. Að lífið ekki geti haldizt í prentsmiðjunni fyrir norðan, geta menn ekki sagt svona út í bláinn ástæðulaust; menn þurfa ekki annað en taka dæmi af prentsmiðjunni hèrna, hvernig hún hefir dafnað og þróazt; en þetta liggur ef til vill í því, að stjórn stiptsyfirvaldanna sè svo miklu betri en 7 manna stjórnin fyrir norðan; en þá er ráð við því, að fækka tölu stjórnendanna þar. Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði um einkarèttindi, þá verður hann að gá að því, að þau hafa ekki verið mörg hjá oss sem betur fer, og þau fáu hafa sannarlega ekki orðið oss nein framfarastoð, nema ef það skyldi einungis vera á þessum hinum síðustu og beztu tímum prentsmiðjunnar sunnlenzku.

Halldór Kr. Friðriksson: Mig furðar á þingmanni Norður-Þingeyinga, að hann skuli eigi geta skilið það, að 2 prentsmiðjur geta ekki selt bækur með jafnlágu verði, eins og ef hún væri ein; eg vil til taka, að báðar prentsmiðjurnar prentuðu til samans 3000 expl. af einhverri bók, þá gæti þær ekki selt hana eins ódýrt, eins og ef ein prentsmiðja hefði þau öll. En sè nokkur skekkja í þessu, þá skyldi það vera það, að prentsmiðjan hèr seldi ekki nógu ódýrt. En eg ætla eigi, að svo sè; eg get eigi betur séð, en að verðið sè svo sanngjarnt, sem það getur verið.

Björn Pèturssón: Mèr sýnist nú, að þegar sè búið að ræða málið nóg til nefndarkosningar, því að þessi einstaklegu atriði á eigi við að ræða fyrr en nefndarálitið er komið fram, ef nefnd yrði sett, og vil eg því skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki megi nú þegar ganga til atkvæða.

Forseti: Þá skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður ekki.

Var þá samþykkt að nefnd skyldi kjósa með 15 atkv. gegn 7.

Þar næst voru greidd atkvæði um, hvort vera skyldi 3 manna

eður 5 manna nefnd og var 3 manna nefnd samþykkt. Voru þessir kosnir í nefndina:

Stefán Jónsson með 20 atkv.
Sveinn Skúlason — 18 —
Arnljótur Ólafsson — 8 —

Var málið síðan afhent þingmanni Eyfirðinga, er fengið hafði flest atkvæðin.

Forseti: Þá kemur þar næst bænarskrá úr Húnavatnssýslu um *flutning latínuskólans til Bessastaða;* flutningsmaður hennar er varaþingmaður Húnavatnssýslu, og skal eg biðja hann að lesa hana upp.

Jón Pálmason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, og er hún svo hljóðandi:

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 178.

Eg skal nú eigi fyrst um sinn fara mörgum orðum um bænarskrá þá sem hèr um ræðir, því eg vona að flestir þingmenn verði henni meðmæltir og vilji láta setja nefnd um hana. Það gefur mèr miklar vonir um, að meining minni verði framgengt þar sem eg hefi heyrt, að rektor skólans sè mjög meðmæltur þessari uppástungu.

Stefán Thordersen: Eg ætlaði mèr að tala fáein orð í þessu máli, bæði af því, að eg er gamall Bessastaða maður, og eins af því, að mèr þykir sumt skrítið í bænarskránni og hún í mótsögn við sjálfa sig; þær helztu mótbárur, sem færðar eru á móti veru skólans hèr í Reykjavík, eru fyrst þær, að svo dýrt sè að lifa í Reykjavík, svo að aðrir hafi eigi efni á að senda syni sína í skóla, en ríkir menn; og annað það sem fært er á móti veru skólans hèr, er innibundið í þessu »ýms önnur vandkvæði«. En þó álíta aptur á hinn bóginn höfundar bænarskráarinnar fullgott hèr fyrir presta-, laga- og læknaskólamenn, þótt það sè ekki nógu gott handa hálfvöxnum skóladrengjum — flest er fátækum fullboðið! —, því hèr vilja þeir hafa presta-, lækna- og lagaskóla, líklega til að ónýta þó ekki alveg timbrið í skólahúsinu. Mèr þykir annars undarlegt, að menn skuli vera að tala um, að svo dýrt sè að lifa hèr. Þegar embættismennirnir hèrna um árið voru að kvarta um, hvað allt væri dýrt í Reykjavík, og vildu þess vegna fá launaviðbót, þá man eg ekki til, að margar raddir heyrðust hèr á þingi, er vildu samþykkja það — eg verð nú reyndar að vera því samdóma —, því þó eg hafi aldrei verið sjálfs míns maður hèr í Reykjavík og sè

nýbyrjaður upp til sveita, get eg fellt fullgildan dóm í því máli, og er sannfærður um, að það sè fullt eins ódýrt að lifa hèr eins og til sveita, ef ekki ódýrara. — Að því er snertir hin »önnur« vandkvæði á veru skólans hèr, þá skal eg ekkert um þau segja, því að eg þekki þau ekki. En svo framt nokkur veruleg vankvæði sèu á skólanum hèr, þá er eg hræddur um, að þau fylgi honum þó hann flytjist suður yfir Skerjafjörð.

Jón Pálmason: Eg ætla að svara fáeinum orðum áhrærandi ræðu þingmanns Vestmanneyinga, að »flest sè fátækum full gott«, þá held eg að hann hafi misskilið mjög orð bænarskráarinnar, þar sem hann hèlt, að hún áliti, að skólahúsið væri eigi nógu gott fyrir skólapilta. Það er þvert á móti, og því stingur hún upp á, að skuli gjöra það að háskólahúsi, til þess skólahúsið þyrfti ekki að verða ónotað, þó skólinn yrði færður að Bessastöðum, og sýnist það ekki eiga illa við, þar sem prestaskólinn er nú húsvilltur og er í ráði að stofna hèr lækna- og lagaskóla. Þess vegna finnst mèr sú mótbára mjög lèttvæg, sem þingmaðurinn hefir haft móti skólaflutningnum, en hvað því viðvíkur að muni vera dýrara að lifa upp til sveita en hèr í Reykjavík, þá mun það vera aldeilis ný kenning og ný reynsla ef svo er, sem eg get ekki lagt mikinn trúnað á, og verð að vera á því, að þingið ætti að velja nefnd.

Forseti: Þá vil eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður ekki.

Var málið fellt frá nefnd, með 13 atkvæðum.

Forseti: Þá koma til umræðu bænarskrár viðvíkjandi *læknamálinu* frá Strandasýslu, Austur-Skaptafellssýslu, Ísafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Hèr stendur nú líkt á og í landbúnaðarnefndinni, að mörg skyld mál eru fyrir í þessum bænarskrám, og ætla eg því, að bezt væri, að þær væri fengnar einni nefnd til meðferðar. Eg ímynda mèr, að flestir þekki ekki betri flutningsmann í þessum málum, en hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, og þar eð hann hefir tekið að sèr þetta mál, þá leyfi eg mèr að biðja hann að taka við bænarskránum og gefa þinginu þá skýrslu um málið, sem nauðsynleg er.

Sbr. síðari part alþingist. bls. 179.

Jón Hjaltalín: Eg hefi gengið í gegnum þessar bænarskrár, og þótt gjöra þurfi, ef til vill, nokkrar athugasemdir við þær, þá eru þær þó allar yfir höfuð mikið góðar. Fyrsta bænarskráin er úr Austurskaptafellssýslu; hún er vel samin og þar er ljóslega tekin

fram nauðsynin á því, að stofna þar sèrskilt læknisdæmi, því að vegalengdin er svo mikil til næsta læknis, að eigi verður náð í hann á minna en 10 dögum. Eg held það sè nú öll von á, þó þessir menn kvarti, enda er auðsèð, að þetta er áhugamál, þar eð 77 nöfn eru undir bænarskránni. Eg vona því að þingið gefi góðan róm að þessu máli, eins og það hefir jafnan stutt læknamálið. Það vill nú líka svo vel til, að líklegt er, að bráðum verði til nokkur lækna-efni, sem gætu tekið við embætti. Önnur bænarskrá er frá Strandasýslu, sem fer fram á, að beðið sè um 100 rd. styrk handa Jóni á Hellu. Það er langt mál að segja frá, hvernig á þessu stendur og held eg, að eg geymi mèr það, þangað til í nefndinni. Þriðja bænarskráin er frá Ísafirði, þar er beðið um almenna heilbrigðisfræði (Hygieine). Beiðendurnir hafa náttúrlega ekki vitað af því, að nú liggja fyrir 2 handrit til þessarar bókar til prentunar, og er annað þeirra eptir mig; hefi eg þegar samið við landsprentsmiðjuna um að prenta það. En það hefir dregizt, að nokkru leyti með vilja. Eg vildi sem sè að eitt mál, sem er mjög áríðandi fyrir Ísland, væri útkljáð, áður en eg gef út bókina; þetta mál er sullaveikin. Það hafa komið fram 2 eða jafnvel 3 stefnur í því máli, en þó má svo álíta nú, að menn sèu að komast að fastri niðurstöðu, og er vonandi að ekki þurfi að tefja mjög lengi fyrir útgáfu heilbrigðisfræðinnar. Hina 4. bænarskrá hefi eg ekki yfir farið, en eg þykist viss um, að hún muni vera góð. Eg vona nú, að þingið styðji vel þetta mál, eins og það hefir áður gjört, og vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Sveinn Skúlason: Mèr sýnast þessi mál svo fjærskyld, að þau geti engan veginn átt saman í eina nefnd. Það sjá þó allir, að það er allt annað að stofna læknisembætti í Austurskaptafellssýslu, og að launa skottulækni fyrir vestan, annaðhvort allopathiskum eða homöopathiskum. Eg vil því leyfa mèr að leiða athygli forseta að því, hvort eigi ætti að kjósa fleiri en eina nefnd í þessi mál.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki sèð, að málin sèu svo óskyld, að þau megi ekki vel vera saman.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnast þau vera fullkomlega nógu skyld til þess.

Stefán Eiríksson: Það gleður mig nú stórum, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók svo vel í þetta mál, og að hann lagði mesta áherzluna á nauðsyn okkar Austur-Skaptfellinga

um að fá lækni, enda vill nú svo vel til að fyrir hans framgöngu á máli þessu verður nú ekki barið við, að ekki sèu til lækna-efni. Eg að vísu hafði áður ásett mèr að biðja um sèrstaka nefnd í bænarskrána frá Skaptafellssýslu, en þar hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður álítur, að það spilli ekki fyrir máli okkar Skaptfellinga, þó bænarskrá okkar sè undir sömu nefnd og hinar bænarskrárnar, sem þó eru allt annars eðlis, þá vil eg ekki gjöra það að kappsmáli, en eins og tekið er fram í bænarskránni, þá er það víst, að við Austur-Skaptfellinger erum alveg læknishjálparlausir, eptir þeirri stjórnarráðstöfun sem nú gildir hjá okkur um lækna. Eg ætla þá ekki að tala meira með máli þessu, því eg vona að þingið án frekari umræðu setji nefnd í málið.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að leita upplýsinga hjá þingmanni Norður-Þingeyinga um þenna homöopathalæknir þar vestra. Eg þekki hann ekki og veit ekki, hvar hann er; það vill líka svo vel til, að landlæknirinn þekkir þenna mann, sem bænarskráin er fyrir, og veit að hann er þess fullkomlega verður að hann fái styrkinn.

Sveinn Skúlason: Eg vona þó, að það hafi ekki verið neitt crimen læsæ, þótt eg nefndi orðið skottulæknir.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu tók nú af mèr ómakið að svara þingmanni Norður-Þingeyinga. því eg ætlaði að spyrja hann um homoöpathana fyrir vestan, því eg veit ekki betur en þar sè enginn homöopathalæknir til. En það er annað sem eg vildi taka fram og það er það, að eg vil geyma mèr rètt til ef nefnd verður sett, að mega síðar stinga upp á öðrum manni fyrir vestan, sem eg veit, að engu síður og enda öllu fremur á það skilið, og eg er viss um að landlæknirinn sannar það með mèr, því að hann þekkir manninn.

Jón Sigurðsson: frá Gautlöndum: Eg veit ekki nema eg þurfi að geyma mèr rètt í líka stefnu og varaþingmaður Barðstrendinga, því að eg þekki mann sem fullkomlega á styrk skilið fyrir lækningar sínar, en hvort hann er homoöpathiskur eða allopathiskur gjörir ekki til.

Björn Pèturssón: Eg veit líka af manni, sem fullkomlega á skilið að fá styrk og geymi mèr rètt til þess að mega hleypa honum inn í nefndina með hinum öðrum.

Benidikt Sveinsson: Eg sting nú upp á því, að þegar sè farið að kjósa í nefnd i þessu máli, nema ef menn ætla að gjöra

það að nokkurs konar skemmtimáli hèr á þingi; en það er að minni hyggju alvarlegra en svo, að slíkt eigi við, enda held eg að varla veiti af tímanum til alvarlegrar umræðu og íhugunar, því svo er mikið og mikilvægt að starfa.

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið. Var það samþykkt nálega í einu hljóði og voru þessir 5 kosnir:

Jón Hjaltalín	með	24 atkv.
Stefán Eiríksson	—	12 —
Ásgeir Einarsson	—	9 —
Eiríkur Kúld	—	9 —
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	—	8 —

Málið var síðan afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni, er hafði fengið flest atkvæðin.

Forseti: Þar næst kemur til meðferðar bænarskrá frá *Akureyri,* er biður um breytingu á reglug. 29. ágúst 1862. Þingmaður Eyfirðinga er flutningsmaður þessarar bænarskráar og skal eg biðja hann að lesa hana upp.

Stefán Jónsson: Bænarskráin er þá svo hljóðandi:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 181.

Þessi löggjöf er nú að vísu mikið ný, og vera kann, að mörgum þyki ísjárvert að breyta svo ungu lagaboði. En beiðendur þóttust víst hafa fulla nauðsyn á að biðja um þetta. Eg vona nú að þeir sem fengizt hafa við bæjarstjórn og bæjarmálefni upplýsi, hvort þeir hafi orðið varir við þessa annmarka, og hvernig bezt megi ráða bót á þeim. En að því er snertir það, að löggjöfin sè ung, þá er nú ekki svo mikið í það varið, ef hún á annað borð þarf breytinga við. Það sýnir dæmi stjórnarinnar í því konunglega frumvarpi sem nú liggur fyrir þinginu um breytingu á verzlunarlögunum, sem þó eru eigi nema 10 ára gömul.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vona, að eg geti gefið þá upplýsingu í þessu máli sem nægi. Það sem er að þessari breytingu, sem Akureyrarbúar eru nú að biðja um, er það þrennt, að mèr sýnist hún *óeðlileg, óhagkvæm* og *óþörf.* Mèr finnst það nú vera svo ljóst, að til þess að geta lagt á gjaldþegna það sem þarf til bæjar-þarfa og bæjar-útgjalda, þá verður áætlun um það að vera gjörð á undan því reikningsári, sem hún er ætluð fyrir. Því að ef áætlunin er ekki gjörð, þá hlýtur gjalddaganum að fresta því lengur fram eptir reikningsárinu, og af því leiðir, að ekkert kem-

ur í bæjarsjóð. Sè áætlunin gjörð í júní og niðurjöfnunin í september, þá verður helming ársins ekki neitt í bæjarsjóðnum til þeirra útgjalda sem að ber þann helminginn. Þetta á sèr stað líka hèr í Reykjavík og bæjarstjórnin verður því allt af að taka lán í byrjun hvers reikningsárs til þeirra útgjalda, sem fyrir koma helming ársins; því að eigi má jafna meiru niður en þarf það árið, og því er ekkert eptir í sjóði við enda ársins. Einmitt þetta óhentuga fyrirkomulag hèr hafði nefndin í Akureyrarmálinu fyrir sèr 1859, og þess vegna beiddi hún um breytingu á reikningsskaparárinu, sem hèr er frá nýári og til nýárs og þykir svo óhagkvæmt, og stakk jafnframt upp á þeirri breytingu, að áætlunin væri gjörð á undan reikningsskaparárinu, til þess að bæjarsjóðurinn yrði eigi fèlaus helming ársins. Enn hafa bæjarstjórarnir á Akureyri komið með þá ástæðu móti þessu fyrirkomulagi, að eigi yrði fyrir sèð, hvaða ómagar kæmu inn á bæinn eða hverjir flyttust inn í hann um fardagana. En þess þarf eigi heldur við; því að alstaðar er ætlað og verður að ætla nokkuð fè til óvissra útgjalda, og ef ómegðin, sem á bætist í fardögum, verður eitthvert árið venju fremur, þá er einmitt í 22. grein reglugjörðarinnar gjört ráð fyrir því, þar sem stendur: «ef útgjöld ber að hendi» o. s. frv., þá gjörir bæjarstjórnin ekki áætlun um það, heldur skýrslu og sendir amtmanni, og telji hann þá þessi útgjöld nauðsynleg, þá samþykkir hann þessa nýju áætlun. Og að fulltrúarnir geti eigi vitað fyrir fram, hve mikið fè þurfi til fátækra-útgjalda, af þessum ástæðum, þá er það hægðarleikur fyrir þá, þegar bæjarstjórnin hefir staðið í nokkur ár, að taka meðaltalið af þeim óvissu útgjöldum þau árin. En fari nú svo, að útgjöldin verði meiri en áætlunin við bjóst, þá leyfir 22. gr. reglugjörðarinnar nýja niðurjöfnun. Að bæjarstjórnin geti ekki vitað um efnahag verzlunarmanna fyrr en á haustin, er nú ekkert nema misskilningur; henni er þá enn ljósari hagur þeirra frá fyrra ári, og optast þá, þegar niðurjöfnunin er gjörð. Þótt niðurjöfnunin fari fram í september í staðinn fyrir í maí, þá er verzlunarágóði kaupmanna eigi fullsèðari fyrir það, og því þyrfti það ekki að vera því til fyrirstöðu, að niðurjöfnunin yrði gjörð í maí. Eins og eg sagði áðan, það sem gekk nefndinni og þinginu 1859 til, að breyta þessu fyrirkomulagi var það, að það þótti og þykir hèr óþægilegt. Eg vona því, að þingmenn hafi eigi langar umræður um þetta mál, heldur vísi því sem fljótast heim aptur.

Stefán Jónsson: Eg man það mikið vel, að þessi breyting

átti að vera til góðs; en allt fyrir það gat eg samt ekki annað en tekið við bænarskránni, einkum þar sem hún líka er undirskrifuð af bæjarfógetanum, því að eg hèlt, að reynslan væri búin að sannfæra þá um þetta, og að þess vegna hefði þeir nokkuð til síns máls með að biðjast hreytingarinnar. Þótt ræða hins 6. konungkjörna þingmanns væri greinileg, þá efast eg um, að beiðendurnir sannfærðust fyllilega af henni, og vildi eg því heldur, að nefnd væri kosin í málið.

Jón Guðmundsson: Eg er nú í öllu tilliti samdóma hinum 6. konungkjörna þingmanni bæði viðvíkjandi því er hann sagði um bæjarstjórnarlöggjöf Reykvíkurkaupstaðar, og þau vandkvæði er þær ákvarðanir hafa haft í för með sèr hèr í kaupstaðnum, og eins er eg samdóma sama þingmanni um þær ástæður, er þinginu gengu til að breyta þessari ákvörðun sem hèr er um að ræða, þegar bæjarstjórnarfrumvarp Akureyrar var hèr til meðferðar, í þá stefnu sem síðar varð að lögum. Eg get ekki annað skilið, en að þessi uppástunga Akureyrarbúa sè sprottin fremur af misskilningi og þekkingarskorti heldur en af ljósum og skýrum rökum. En þó að nú nefnd verði eigi sett í þessu máli, sem eg verð líka að vera í móti, þá vil eg samt leggja til, að uppástungunni verði vísað til nefndarinnar í Ísafjarðarmálinu, til þess að gjöra beiðendunum úrlausn, því að þar verður þetta sama atriði að koma til álita og umræðu og þá getur orðið spursmál um, hvort fylgja eigi þessari breytingaruppástungu Akureyrarmanna einnig í Ísafjarðarfrumvarpinu, eða þá að henni verði hrundið af yfirgnæfandi ástæðum fyrir því að halda ákvörðuninni í Ísafjarðarfrumvarpinu óbreyttri.

Halldór Kr. Friðriksson: Ísafjarðarnefndin getur engan veginn tekið við þessari bænarskrá, því að hún er þegar búin að semja nefndarálit sitt og senda það forseta, enda mundi hún aldrei hafa gengið inn á þessa breytingu, sem Akureyrarbúar biðja um, og það því síður, sem sama ákvörðunin er í frumvarpinu um að gjöra Ísafjörð að kaupstað, nema hvað áætlunin á að vera gjörð 2 mánuðum fyrr á Ísafirði en á Akureyri, og nefnd manna var skipuð á Ísafirði til að búa til frumvarpið, og hún hefir haft reglugjörðina 29. ágúst 1862 fyrir sèr, og þó eigi stungið upp á neinni breytingu í þessa stefnu, svo eg viti.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð nú að styðja að því, að nefnd verði sett í þetta mál, því að eg get þó ekki annað ætlað, en að Akureyrarbúar hljóti að þekkja sjálfa sig betur og sína þörf, held-

ur en Reykvíkingar, hvað gott vit sem þeir kunna að hafa á bæjarstjórnarmálefnum. Eg held að það hafi jafnan gefizt betur, að hafa reikningsárið frá fardögum til fardaga (*Halldór Kr. Friðriksson:* Það er svo). Já á Akureyri en eigi í Reykjavík. Þá verður líka að hafa annan tíma til að leggja niður áætlunina, þegar reikningsárið byrjar frá fardögum og nær til fardaga, heldur en þegar reikningsárið er frá nýári til nýárs, ef áætlunin er gjörð á sama tíma, þá er hún gjörð löngu áður en reikningsárið byrjar, og svo er það hèr, hún er nær því heilu ári fyrir fram (*Halldór Kr. Friðriksson:* Nei!). Jú, hún er gjörð í marz, en reikningsárið byrjar í júní, og hin sönnu útgjöld byrja á veturna. Alstaðar til sveita er sá siður, að niðurjöfnunin fer fram hèr um bil á miðju reikningsárinu eður á haustin. Mèr er nú ekki kunnugt, að sveitasjóðirnir sè peningalausir fyrir þessa tilhögun; en hitt veit eg, að engin umkvörtun hefir komið fram um að svo sè. Það er því ósatt, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði, að hætt væri við, að bæjarsjóður Akureyrar yrði peningalaus, ef niðurjöfnunin færi fram á Akureyri á haustin, eins og nú er í öllum sveitum á Íslandi, vegna þess að Akureyri er svo svipuð sveitinni, þar eru lítil útgjöld önnur en til fátækra, og bæjargjöld eru þar svo lítil sem engin í samanburði við Reykjavík. Það er og annað, sem er athugavert við þessa reglugjörð og það er afleiðing af niðurjöfnunartímanum, og það er það, að eptir henni er jafnað niður á menn útsvari eptir þeim efnum og ástæðum, sem var árið fyrir, þar sem þó almenn venja er að jafna niður eptir efnum og ástæðum á því ári, sem niðurjöfnunin gildir fyrir. En nú vita menn að örðugt er að segja um efnahag kaupmanna í maímánuði og allrahelzt í Norðlendingafjórðungi, þar sem hafís getur bægt skipum frá landinu fram eptir öllu sumri, svo að sá kaupmaður, sem í fyrra fekk 3 skip, fær í ár ef til vill ekki nema eitt. Þetta er nú aðalgalli á niðurjöfnuninni, að því er tímann snertir, enda er það í öllum hreppum á Íslandi, að jafnað er niður eptir þeim efnahag, sem er það ár er borga skal, og svo var áður á Akureyri.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta er tómur misskilningur, því að niðurjöfnunin er gjörð strax í maí það sama ár, sem reikningsárið byrjar í júní næst á eptir (*Arnljótur Ólafsson:* Það veit eg vel). En þegar jafnað er niður í maí, þá vita fulltrúarnir hvernig menn standa sig þá. En það má allt af gjöra ráð fyrir því,

að efnahagur manna breytist einhvern tíma á árinu, og verður ekki við því séð. Ef nú bæjarstjórnin hefir eigi þekkt efna-ástand einhvers kaupmanns og lagt of mikið á hann, þá getur hann allt af borið sig upp undan því, og þannig fengið leiðrètting á bæjargjaldi sínu. Að því er snertir það, að vani sè að jafna niður upp til sveita á haustin, þá veit eg það mikið vel, og sömuleiðis að reikningsárið eða niðursetningsárið er frá fardögum til fardaga. En þegar svo er, þá hlýtur sveitarsjóðurinn annaðhvort að vera fèlaus til hausts, eða þá að eiga einhverjar eptirstöðvar frá fyrra ári.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal að eins leyfa mèr að taka það fram enn, að margir kaupmenn geta ekki með vissu sagt, hvernig efnahagur þeirra er. Að öðru leyti get eg ekki sèð hvers vegna, að Akureyri má ekki hafa þá sömu tilhögun, sem fylgt er yfir land allt.

Halldór Kr. Friðriksson: En kaupmenn geta engu heldur haft vissu um efnahag sinn á haustin, en á vorin, nema ef til vill enn síður; því að þeir eru þá eigi búnir að selja hinar íslenzku vörurnar, og vita ekkert um, hvernig það gengur, hvort þeir hafa hag eða óhag af þeirri verzlun.

Arnljótur Ólafsson: En í októbermánuði er þó öll verzlun búin, þar sem þá er lokið sumarlestum og haustverzlun.

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli sett í málið eður ekki.

Var samþykkt, að þriggja manna nefnd skyldi kjósa með 11 atkvæðum gegn 10. Voru síðan þessir 3 kosnir í nefndina:

Stefán Jónsson	með	17 atkv.
Arnljótur Ólafsson	—	16 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	13 —

Var málið síðan afhent þingmanni Eyfirðinga, er fengið hafði flest atkvæðin.

Forseti: Eg skal geta þess, að til mín er komið nefndarálit frá nefndinni um *byggingarnefnd á Ísafirði*; verður tekin afskript af því og send konungsfulltrúa, en nefndarálitið sjálft verður lagt á lestrarsalinn. Eg vona að þingmenn hafi það hugfast, að nefndarálitin þurfa að liggja all-langan tíma á lestrarsalnum áður en þau verða tekin fyrir, og því vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn að flýta sem mest nefndarálitunum, einkum í hinum einfaldari mál-

um, svo tíminn verði sem bezt notaður. Dagskráin kemur upp í kvöld til fundar á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

6. fundur. — 8. júlí.

Allir á fundi nema þingmaður Árnesinga, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið þær skýrslur, að Stefán Jónsson er kosinn formaður í nefndinni um *bæjarstjórnarlögin á Akureyri* og síra Arnljótur Ólafsson skrifari; í nefndinni um *takmörkun á brauðasameiningu* er herra byskup Thordersen formaður og prófessor Pètur Pètursson skrifari; í *prentsmiðjunefndinni* Stefán Jónsson formaður og síra Arnljótur Ólafsson skrifari, í nefndinni um *læknamálið* er Dr. Jón Hjaltalín kosinn formaður og síra Eiríkur Kúld skrifari. Eg skal geta þess, að eg hefi skrifað til stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna, og annars þess, sem alþing þarfnast, og fengið það svar frá þeim, sem eg skal nú lesa upp fyrir hinum háttvirtu þingmönnum:

Samanber síðari part alþingistíðindanna, bls. 183.

Það sýnir að skilmálarnir eru hinir sömu sem að undanförnu og vona eg, að nú verði flýtt sem mest fyrir prentun þingtíðindanna.

Samkvæmt dagskránni koma þá fyrst tvær bænarskrár um fjárkláðann til umræðu, og gjöri eg sjálfsagt ráð fyrir, að allir samþykki, að þeim verði vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu. Þar næst kemur til umræðu bænarskrá úr Mýrasýslu *um svaramenn*. Þingmaður Mýramanna er flutningsmaður hennar og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá því, er þörf þykir.

Hjálmur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 184.

Þó bænarskráin kunni að virðast hörð í einstöku atriðum,

vona eg samt, að meiri hluti þingmanna muni styðja að því, að nefnd verði sett í málið.

Eiríkur Kúld: Eg fyrir mitt leyti get þó ekki fundið það að bænarskránni, að hún sè hörð, að minnsta kosti ekki við prestana, þar sem hún stingur upp á 4 svaramönnum til að lètta á prestunum — en hvað hún hafði þá ekki 12? — Að öðru leyti þykir mèr það leiðinlegt, að eg skuli þurfa að mæla móti nefnd í þetta sinn; en eg verð að gjöra það, af því eg sè svo marga verulega galla á bænarskránni. Eg get ekki betur sèð en að hún fari fram á ófrjálsa, ókristilega og «ópolitiska» skoðun og þar á ofan fram á það, sem ómögulegt er að framkvæma. Þetta sýnist hinum háttvirta flutningsmanni máske harður dómur, en eg vil reyna til að gefa ástæður fyrir honum. Eg veit ekki betur og skil ekki betur, en að það sè ókristilegt að láta auðinn einan ráða hjónabandinu; því með því álít eg særðar einar hinar helgustu tilfinningar, er skaparinn lagði í mannlegt hjarta; eg held það sè kærleikurinn en ekki auðurinn sem ætti að ráða mestu fyrir hjónabandinu. Eg held nú líka, að ef menn fylgja því sem bænarskráin fer fram á, þá verði það til að efla alls konar siðleysi og óreglu í þessu tilliti; þetta hapt á hjónabandinu verður einungis til að fjölga lausaleiksbörnunum; og skal eg í því tilliti leyfa mèr einungis að benda mönnum á «Bayern» á Þýzkalandi, þar takmarka menn á þessu líkan hátt hjónabandið, en þar er líka að sögn næstum annaðhvort barn lausaleiksbarn; eg skil ekki hvers vegna menn skyldu vilja innleiða þvílíkt hèr á landi, en eg verð að ætla, að það verði afleiðingin, ef menn fallast á bænarskrána. Eptir bænarskránni á enginn fátækur að geta gipzt nema að 4 sèu svaramennirnir, og þar á meðal sè einn konunglegur embættismaður, annar jarðeigandi bóndi, eða þá skattbóndi; eg vil nú spyrja hinn heiðraða flutningsmann að, hvernig eigi að fara að gipta þá menn í þeim sveitum, þar sem enginn konunglegur embættismaður er, enginn jarðeigandi eða skattbóndi? Hverja svaramenn á nú presturinn að fá í þeim prestaköllum — því þau eru til sem svona á stendur — eg tala ei um prestinn sjálfan, hreppstjórinn er eigi nefndur í bænarskránni. Þessu svarar ekki bænarskráin. Svaramennirnir eiga enn fremur að ábyrgjast í 5 ár, og sjá um að hjónin reisi bú í næstu fardögum, og yfir höfuð eiga þau að búa undir umsjón svaramanna. Hèr á þá að fara með hjónin eins og ómynduga menn; en allir vita að ekki má gipta þá, sem eru ó-

myndugir. Nei, bænarskráin er illa hugsuð í alla staði, og eg finn ekkert það í henni, sem geti verið henni til stuðnings, en allt sem talar á móti henni. Eg ræð því þinginu fastlega frá að setja nefnd í málið.

Hjálmur Pèturssson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir reynt til að rífa niður og ónýta bænarskrána á allar mögulegar lundir, en honum hefir ekki tekizt að færa eina einustu ástæðu á móti hennar aðalinnihaldi. Þetta vona eg því að ekki geti spillt fyrir málinu, því málefnið er í sjálfu sèr eins gott fyrir það. Eg neita því ekki, að það má finna margt að bænarskránni, en nefnd sú, sem eg óska að verði sett, á hægt með að færa allt það, sem miður er úr garði gjört, í betra lag. Yfir höfuð er það mjög svo æskilegt, að í þessu tilliti komist regla á, því það er hægt að sanna, að of opt viðgengst í þessu efni hin mesta óregla; það hefir enda borið til, að prestar án svaramanna hafa gefið mann og konu í hjónaband. Þessi óregla er það, sem einkum hefir knúð beiðendur til að senda þessa bænarskrá til þingsins. Eg vil því innilega biðja þingið að setja nefnd í málið.

Björn Pèturssson: Eg get engan veginn verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Mýramanna að því leyti sem hann kastaði nokkuð þungum steini á hinn velæruverðuga þingmann Barðstrendinga; því allt, sem hann sagði, var sprottið af kristilegri andagipt. En hvað því viðvíkur, að hann hèlt að hepting á giptingarfrelsinu mundi verða til þess, að fjölga svo mjög lausaleiksbörnum — hann sannaði þetta með dæmi frá Bayern á Þýzkalandi — þá er eg ekki svo hræddur við það, því vèr Íslendingar erum svo miklu skikkanlegri og stilltari en þeir út í Bayern; eg er nokkurn veginn viss um, að hèr á landi þarf ekki að kvíða svo *miklum lausaleik*. Þetta mál er yfir höfuð svo mikið nauðsynja- og áhugamál landsmanna, að eg vil fastlega mæla fram með, að nefnd verði sett í því, og held að ekki veiti af 7 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Af því eg hef verið vanur að tala í þessu máli að undan förnu, skal eg leyfa mèr að segja nokkur orð. Mèr þykir það sorglegt, ef þetta mál, sem varðar allt landið, mætir illri undirtekt hèr á þingi; þegar menn yfirvega það, sem bænarskráin talar um, þá hljóta menn að sjá, að allt í þessu tilliti versnar hjá oss; kotungsskapurinn fer vaxandi, höfuðbólin og jarðirnar yfir höfuð eyðileggjast, og góðir siðir leggjast niður; en hver er undirrótin til þessa? Ekkert annað en stjórnleysið, eða þetta ofmikla

frelsi, sem hjá oss er, í þessu efni. Það væri fallegt af þinginu, þegar ástandið er svona, ef það nú færi að fleygja þessari bænarskrá í burt frá sèr, sem liggur almenningi svo á hjarta, og sem má kalla, að öll heill landsins sè undir komin, því eigi þessi óregla sí og æ að fara vaxandi veit eg eigi hvar lenda skal eða hvar að muni reka. Hvað viðvíkur dæmi því, sem tekið var frá Bayern, þá er mèr það ekki fullkomlega kunnugt, en þó hræddur um, að hèr sè of djúpt tekið í árinni; eg álít það hreina samvizku sök fyrir þingið, ef það kastar þessu máli frá sèr, sem er svo mikils umvarðandi fyrir land og lýð; eg er hræddur um, að þjóðin þá ef til vill fari að hafa óbeit á þinginu, ef það gjörir það svona hvað eptir annað. Eg ræð því þinginu innilega til að nefnd verði sett í málið.

Jón Bjarnason: Eins og eg er sannfærður um, að allir þekkja, að kærleikurinn er undirstaða hjónabandsstèttarinnar, eins er það á hinn bóginn víst, að vanbrúkun undir nafni hjónabandsins er farin að ryðja sèr til rúms, þar sem hreppstjórar og jafnvel prestar eru farnir að stuðla að því, að hjón giptist bara til þess að sveitin losist við þau, og aðrar sveitir þannig líði baga við það. Þetta er sú ástæða sem hvetur mig til að gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði sett í málið. Það er nefnilega fullkomin nauðsyn á, að þingið taki þetta til íhugunar, þegar þessi óregla er komin á. Mèr er enda kunnugt dæmi úr Vesturamtinu, þar sem farið var að lýsa, áður en svaramennirnir voru fengnir; öllum bauð við þessu, og óviðkomandi maður varð til að leggja mótmæli fram fyrir prest, og síðan »stendur hnífurinn í kúnni», og allt er óafgjört enn þá; það sjá því allir, að brýna nauðsyn ber til, að nefnd verði sett, ekki til að hepta giptingarfrelsið eða hindra hjónabandið, heldur til að skoða allt þetta mál frá rótum, og halda uppi heiðri hjónabandsins, því eins og nú er komið málinu hèr hjá oss, þá er ekki annað sjáanlegt, en að óánægja og úlfúð komi upp á milli sveitarfèlaganna, þar sem yfirvöldin eru farin að skipta börnunum milli sveitanna, og stjórnin farin að komast í vandræði með að skera úr þessum málum.

Halldór Kr. Friðriksson: Ef hreppsbúar ekki geta komið lagi á í þessu efni hverjir í sinni sveit, og prestarnir gefa saman hjón þvert ofan í lögin, þá er ekki annað fyrir þá, en bera sig upp við yfirvöldin. Eg er því öldungis móti nefnd í þessu máli, og það því fremur sem svo margar nefndir er þegar búið að setja,

en tíminn mjög naumur og málin mörg og umfangsmikil. Hèr við bætist, að málið áður hefir verið hjá stjórninni, og þá gat hún ekkert gjört við það, og mun enn svo fara, þótt það komi aptur til hennar. Það er ekki nóg að líta einungis á ástandið, eins og það er — eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gjörði — heldur verður maður líka að gá að því, hvort nokkur árangur verði af því að breyta lögunum, eða setja ný lög. Þar sem sumir ætla, að lausaleiksbrotin muni fækka, ef þetta óeðlilega band kemst á, þá er eg öldungis á gagnstæðri meiningu, og furðar mig á að eins skynsömum manni og hinum 3. konungkjörna detti slíkt í hug. Þar eð menn efuðu, að dæmi það, er þingmaður Barðstrendinga tók frá Bayern, mundi vera rètt, skal eg leyfa mèr að geta þess, að það er alveg rètt, Dr. Maurer sagði mèr það, að það væri svo. Eg ræð þess vegna þinginu frá að setja nefnd í málið.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að benda hinum háttvirtu þingmönnum á, að mál þetta liggur nú einungis fyrir til inngangsumræðu, og er því ráðlegast að fara sem stytzt út í efnið.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður tók og tekur öðruvísi í þetta mál en eg; hann heldur allt sè komið undir giptingarfrelsinu, en eg held mèr til »facta«. Eg geng út frá því, að ef þetta verður látið svo búið standa, þá eyðileggst landið smátt og smátt; höfuðbólin breytast í moldargren og kotungsskapurinn fer dagvaxandi; eg veit til að duglegustu menn hafa flúið sveitirnar einmitt sökum þessa ástands, og hver veit nema menn fari að flýja landið, ef ekkert er aðgjört í þessu efni. Hvernig geta menn vænzt þess, að nokkur dugandis maður vilji vera hèr, þegar ekkert er gjört fyrir landið. Eg er öldungis móti þessu stjórnlausa sjálfræði, og vona, að þingið gjöri sèr það ekki til minnkunar, að setja ekki nefnd í þetta mál.

Jón Bjarnason: Eg gat þess áðan, að eg hefði ekkert á móti hjónabandinu, þvert á móti óska eg af heilum hug, að sú stètt megi blómgast og blessast hèr á landi; það, sem eg vildi koma í veg fyrir, var, að hjónabandsnafnið væri ekki vanbrúkað öðrum sveitarfèlögum til tjóns. Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði, að málið hefði verið hjá stjórninni, og hún hefði ekki getað gjört neitt við það, þá getur verið, að hún nú finni einhvern nýjan veg til að greiða úr málinu. Í öðrum málum er þingmaðurinn ekki leiður á að nudda við stjórnina.

Stefán Jónsson: Eg er engan veginn samþykkur öllu því,

sem í þessari bænarskrá stendur, eða því hvernig hún er orðuð; en aðalaugnamiði bænarskráarinnar held eg þó að maður ætti að hjálpa við með því að setja nefnd í þetta mál. Að orðið »öreigar» er látið vera í fyrirrúmi er óheppilegt; það eru mörg önnur atvik og kringumstæður, sem nefndin yrði að taka tillit til; það vita allir að margir, sem hafa bláfátækir byrjað búskap, hafa orðað velefnaðir. Það er siðferði, ráðdeild og dugnaður persónanna sem er meira á að líta heldur en að einblína á efnahaginn; hitt er auðvitað, að ekki verður byrjað með engu. Eg held því að þó ekki yrði notað mikið af því sem stendur í bænarskránni nema að höfuðefninu til þá gæti það samt orðið til gagns að málinu væri hreift hér; eg mæli þess vegna með því að nefnd verði sett.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem talað er um að nefndin þyrfti ekki að taka neitt tillit til bænarskráarinnar, þá skal eg þó benda þingmönnum á, að það fer ekki vel að forminu til, að nefnd sú, sem sett er til að íhuga bænarskrá, fari eða þurfi að fara í alla aðra stefnu, en í bænarskránni er. Þegar svo stendur á að þess þyrfti þá er réttast að setja enga nefnd.

Björn Þórðarson: Áður en gengið er til atkvæða, skal eg leyfa mér til vara að stinga upp á því, að þessari bænarskrá verði vísað til einhverrar af þeim nefndum, sem þegar eru settar, t. a. m. annaðhvort til fjárhags- eða brennivínsnefndarinnar, svo að málið verði ekki alveg fellt.

Hjálmur Þórðarson: Eg skal geta þess, að mér finnst að margir þingmenn hafi misskilið augnamið bænarskrárinnar; hún talar ekki eingöngu um öreiga, heldur mest megnis um skyldur svaramanna. Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki vera langorður í þetta skipti. Þingmaður Dalamanna kom með dæmi úr Vesturamtinu, sem eg nú ekki þekki; en eg vil segja honum, að eg þekki önnur dæmi úr sama amti, og það er, að prestar síðan erfðalögin nýju komu út, hafa það fyrir reglu að innfæra nöfn svaramannanna í Ministerialbækurnar, undir eins og þeir eru beðnir um að lýsa. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður talaði um eyðileggingu landsins, þá skal eg leyfa mér að geta þess, að slíkt eru spádómar hans; og er ekki öreigagiptingunum um að kenna, ef rétt er álitið, heldur liggur það eðlilega þar í, að landið gengur úr sér og mörgum fleiri orsökum sem ekki snerta þetta mál.

Forseti: Mál þetta mun nú nóg rætt undir nefndarkosningu og skal eg því leita atkvæða þingmanna um, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Var síðan ákveðið með 13 atkv. gegn 9, að nefnd skyldi kjósa, og 3 manna nefnd samþykkt með 14 atkv. og í hana kosnir:

Hjálmur Pèturssón með 16 atkv.
Jón Hjaltalín — 13 —
Jón Bjarnason — 10 —

Var málið síðan afhent Hjálmi Pèturssyni er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Þessu næst koma til umræðu bænarskrár um breyting á vegabótarlögunum. Helzta bænarskráin er úr Norður-Múlasýslu, og eru þaðan alls 9 bænarskrár, hinar eru úr Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Suður-Múla-sýslum. Þingmaður Norður-Múlasýslu er flutningsmaður.

Halldór Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa eina af þessum bænarskrám.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 187.

Þessi bænarskrá er samhljóða flestum hinum öðrum úr mínu kjördæmi; þær eru undirskrifaðar af flestum hreppum í sýslunni. Einn hreppurinn hefir sent uppástungur sínar í brèfi. Annar hreppur sendi bænarskrá fyrir sig. Af því almenn óánægja mun vera um þessi lög víðast hvar á landi hèr, þá vona eg að þingið setji nefnd í málið.

Konungsfulltrúi: Eg verð algjörlega að ráða þinginu frá að taka þetta mál til meðferðar og að setja nefnd í það, því það virðist mega ganga að því vísu, að stjórnin mundi ekki geta tekið uppástungu, sem fer fram á að breyta og það frá rótum svo nýju lagaboði, sem vegabótatilskipunin er, nú þegar, og yfir höfuð að tala rýrir það álit og helgi laganna, þegar engin staðfesta er í þeim, en allt af er verið að breyta þeim. Það getur verið, að það kunni að vera annmarkar á lögum þessum, því ekkert lagaboð er fullkomið, en geta menn verið vissir um, að þeir verði ekki, ef lögum þessum yrði nú breytt í þá stefnu, sem beðið er um?

Mál þetta hefir fengið yfirfljótanlegan undirbúning; það var tvisvar sinnum rætt á þinginu, áður en frumvarpið varð að lögum, og fá mál hafa því verið betur undir búin. Sá helzti og aðalannmarkinn er sá, að fèð sem ætlað er vegabótunum, er of-

lítið, svo það verður árlega ekki gjört nema við lökustu kaflana, en hitt af alfaravegunum verður að bíða, nema hvað vegirnir eru ruddir fyrir nokkrurn hluta af vegabótagjaldinu, en ætli menn vildu nú leggja meira til en áður? Þá var stungið upp á heilu dagsverki af hverjum verkfærum manni, en það var á endanum ekki nema hálft.

Það er því fèskorturinn, sem er aðalannmarkinn, en úr honum má ráða með því að taka lán og endurborga það með vegabótapeningunum, eins og stungið hefir verið einu sinni upp á hèr á þinginu, þá mætti í einu gjöra við stærri vegakafla; og til þess þurfa ekki lög. Að öðru leyti hefir tilskipunin nú þegar borið ávexti, því verður ekki neitað, á mörgum stöðum, þó það kunni misjafnt að vera, en það er heldur ekki langt liðið síðan hún kom út. Hvernig getur þingið því ætlazt til, að stjórnin aðhyllist algjörlega breytingu á vegabótalögunum, er þau í framkvæmdinni sýna sig svoleiðis, og að hún nú muni fallast á algjörlega gagnstæða skoðun og grundvallarreglu í málinu? Það sýnist vera fjærri líkindum. Eg ætla ekki að fara hèr lengra inn í efni bænaskránna, en skal þó leyfa mèr að taka hèr fram, að það eru fleiri atriði í þeim, sem hvorki eiga við sanngirni nè hlutarins eðli að styðjast, eins og t. a. m., að fjallvegabætur skuli borgast úr ríkissjóðnum, að vegabótapeningunum aldrei megi verja utanhrepps, og annað þessu líkt. Vegabótalögin, sem vèr nú höfum, eru svo vel úr garði gjörð, að vel má eptir þeim lifa og fara, því menn þurfa ekki í einstökum tilfellum að fara öldungis eptir bókstafnum í hverju einu. Þau ummæli, að þessi lög sèu, eins og segir í einni af bænarskránum, svo klaufaleg, ranglát og óhagkvæm, að þau ekki eigi sinn líka hjá oss, geta því engan veginn orðið rèttlætt og eiga sèr engan stað. Eg verð þannig alvarlega að ráða þinginu frá að skipta sèr frekar af þessu máli.

Halldór Jónsson: Eg vil taka það fram vegna kjósenda minna, að eg man ekki til, að nein óverðugleg orð um þingið, eða löggjöf þá, er hèr ræðir um, standi í þeim bænarskrám, sem eg hefi að flytja; það getur verið þau hafi verið töluð á palli, hèr eða þar, en þau koma ei fyrir í bænarskránum. Eg man eptir að orðatiltækið: »óhagfelld« kemur þar fyrir, en það er allt annað. Eg er samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa í því, að fè vanti til vegabótanna, en á hinn bóginn er eg líka sannfærður um, að landsmenn eigi muni aðhyllast, að fjártillagið verði hækkað, ef engin

önnur breyting yrði á gjörð. Eg skal ekki mæla neitt fast fram með nefnd, ef þingmenn ekki vilja styðja það, af þeirri ástæðu, að þeir þekki til líkrar óánægju í kjördæmum sínum, eins og bænarskrárnar lýsa, því að talsverðu gagni má vegabótalöggjöfin verða, eins og hún nú er löguð.

Konungsfulltrúi: Eg skal taka fram, að eg sagði eigi, að þessi orð stæðu í þeirri bænarskrá, sem upp var lesin, en það stendur þar á móti í einni af bænarskránum, að það muni naumast hafa verið gefin út nokkur lög, sem hafi verið jafn klaufaleg, ranglát og ólánleg, eins og þessi nýu vegabótalög.

Halldór Jónsson: Eg meir en trúði hinum háttvirta konungsfulltrúa, að hin miður hæfilegu orðatiltæki, sem hann tilfærði, stæði í einhverri af bænarskránum; en eg vildi einungis skýra frá, að þau ekki væri valin af kjósendum mínum.

Jón Hjaltalín: Eg er öldungis samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa. Eg álít það vera frágangssök fyrir þingið, að skipta sèr nokkuð af þessu máli; eg veit ekki til hvers það er fyrir þingið að vera að gegna þeim mönnum sem senda því óhroðaskammir. Eitt atriði er og svo aðgætandi, sem sè það, að stjórnin missir alveg virðingu fyrir þinginu, ef það svona hvað ofan í annað breytir nýjum lögum. Eg held líka, satt að segja, að þingið hafi nóg að gjöra, því hèr er komið það syndaflóð af bænarskrám, að þingið sèr ekki fram úr þeim. Eg get því eptir beztu sannfæringu ekki annað en álitið það að setja nefnd í málið, vera sama og að þingið gefi sèr sjálfu utan undir. Róm var ekki byggð á einum degi, og eins er með þessi lög, það er ómögulegt, að mikill árangur sjáist nú þegar, þar þau eru svo ung; en þau eru í mörgu tilliti brúkanleg, og víst er líka um það, að byrjunin er víða góð, þann veg sá eg í fyrra, að allmikið verk hafði verið unnið við Dragann sem liggur ofan að Skoradalsvatni í Borgarfjarðarsýslu, og kunnugir menn hafa sagt mèr að Svínahraunsvegurinn á Hellisheiðarleiðinni sè ágætlega endurbættur og mætti fleira slíkt tilfæra. Það væri miklu nær, að menn vildu með »privat« samskotum styðja vegabæturnar, því með tómum orðunum ryðja menn ekki vegina hèr á Íslandi; steinarnir okkar eru of þungir til þess að þeir fjúki úr götunni fyrir nokkrum orðum, enda þó þau sèu háfleyg. Eins og eg þegar hefi sagt, ræð eg þinginu fastlega frá að setja nefnd í málið.

Björn Pètursson: Eg skal ekki vera langorður, en einung-

is láta í ljósi þá ósk mína og von, að nefnd verði sett; eg skil ekki í því, hvers vegna þingið ætti að kasta frá sèr svo mörgum bænarskrám, sem auðsjáanlega lýsa því, hvað vegalögin eru óvinsæl. Það eru margir og verulegir gallar á tilskipuninni, því getur enginn neitað, þetta finnur almenningur og sendir því þinginu þessar bænarskrár, ef því kynni að hugkvæmast eitthvað sem gæti bætt úr göllunum. Að öðru leyti tel eg víst, að nefnd sú, sem líklega verður sett í málinu, finni og sjái hverjir þessir gallar eru, svo eg álít óþarft að týna þá til í þessu sinni.

Eiríkur Kúld: Þó eg verði móti því, að nefnd verði kosin í þetta mál, kemur það ekki til af því, að eg sè ánægður með vegabótalöggjöfina, nei, það er svo langt frá því, að mèr geðjist að henni, að eg miklu fremur sè marga og verulega galla á henni; en mèr geðjast ekki heldur að bænarskránum, því þær eru innbyrðis ósamkynja, sumar fara fram á 3 álna, sumar 2 álna vegi og margt fleira sem mèr líkar mjög svo illa og eg ekki felli mig við, heldur álít óhafandi. En þar að auki hef eg enn þá höfuðástæðu móti nefnd, og það er sú, að eg átti von á bænarskrá frá kjósendum mínum, en sem ekki var komin til mín áður en eg fór heiman að, og hún var helzt í þá átt, að biðja um að halda vegabótalöggjöfinni sem eins og sagt hefir verið er ný löggjöf, en sjá ráð til, hvernig fè væri fáanlegt til að framkvæma hana, nokkuð í líka stefnu, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram. Verði því nefnd sett, þá áskil eg mèr rètt til að afhenda nefndinni bænarskrána, ef hún kemur til mín hingað.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr finnst það sèrlega óþægilegt og óheppilegt, að þessar bænarskrár hafa komið inn á þingið að þessu sinni; það er altjend eitthvað óviðkunnanlegt í því, að þurfa að rífa það niður með annari hendinni, sem maður byggir með hinni, og það er sú virðing sem eg vil hvorki kjósa fyrir mig nè þingið. Menn verða að gá að því, að vegabótalöggjöfin er ekki nema 4 ára gömul, og að það eru að eins 1 og 2 ár sem farið hefir verið eptir henni, svo ekki er að vænta, að miklu hafi enn þá verið afkastað af vegabótum eptir henni og þó hefi eg bæði í Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum sèð mikinn vott þess, að það má gjöra vegina góða samkvæmt þessum lögum; þeir fáu vegaspottar sem komnir eru í tèðum sýslum, sýna það sjálfir að hægt er að leggja veg hèr á landi, og hver sem um þá fer sèr þó að á þeim er mannaverk. Hefði

slikt verið byrjað 40—50 árum fyrr, hefðum við eflaust haft þolanlega vegi víða hèr á landi. Eg vil leyfa mèr að spyrja þingmenn, hvort þeir haldi, að löggjöf þessi muni batna nokkuð, þó nefnd verði sett í málið, eða ætli þinginu hafi vaxið svo vegabótavit síðan seinast, að menn geti vænzt eptir miklum umbótum á löggjöfinni? Það skyldi þá vera það, að þessir nýju þingmenn, sem til þingsins hafa komið í ár, hefði meira vit á vegabótum en þeir sem áður voru. En ef marka skal bænarskrár þær sem til þingsins hafa komið um málið, að þessu sinni, þá liggur beinast við að halda að skoðanir manna út um landið í þessu efni séu mjög á reiki og í lausu lopti byggðar. Eg skal að eins stuttlega benda á innihald bænarskránna, sem eru 13 úr 4 sýslum, þær fara allar sameiginlega fram á það, að skylduvinnan, þessi hneyxlunarhella, almennings, og sem þingið 1855 og 57 bað eindregið um að aftekin yrði, sè nú aptur upp tekin, og væri það sannarlega mjög hlægilegt, ef þingið færi nú að biðja um það, sem það áður hafði afbeðið. Annað atriði er það, að fyrir víst í tveimur bænarskránum er beðið um, að þjóðvegir sè að eins 1—2 álnir á breidd!? Hvernig skyldi sá vegur taka sig út í augum útlendra manna? Menn vitna nú allt af í konungsbrèfið frá 1776, og hrópa hástöfum, að það sè aptur lögtekið í stað vegabótatilskipunarinnar, en þar er þó einmitt ákveðið, að þjóðvegir sè 6 álna breiðir. Færi nú þingið fram á þvílíkar vitleysur, sem þessar og aðrar fleiri, sem bænarskrárnar gefa tilefni til, þá hlyti það að rýra álit þingsins í allra skynsamra manna augum. Eg ímynda mèr það væri miklu nær, að láta vegabótalögin verða nokkuð eldri áður en farið er að breyta þeim, t. a. m. 10 eða 20 ára, svo þau gæti sýnt sig, að hverjum notum þau geta orðið, og hverjir helzt annmarkar á þeim eru. Hingað til hafa þau eigi getað sýnt sig að mínu áliti, bæði vegna þess, hvað ung þau eru, og þess annars, að víða hvar mun enn lítið vera farið að breyta eptir þeim. Eg mæli því sterklega móti því, að þingið setji nefnd í þetta mál.

Sveinn Skúlason: Eg vildi leyfa mèr að gjöra litla athugasemd við það, sem hinn hæstvirti konungfulltrúi sagði um bænarskrána úr Norður-Þingeyjarsýslu, af því að hún er frá kjósendum mínum. Mèr fannst konungsfulltrúi dæma hana eptir þessum einstöku orðum, sem kunna að vera miður heppilega valin, en það getur mèr eigi sýnzt rètt. Því þótt hún segi, að vegabótalögin sè það lakasta, sem frá þinginu hefir komið, þá er það eigi

svo vítavert, því hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit þó nú þessi lög vel hafandi, þó smágallar kynni að vera á þeim, og það eru þó engar ávítur fyrir þingið, þó kjósendur mínir segi það lakast frá þinginu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi telur vel viðunandi, því að með því kannast þeir við, að allt annað sè gott.

Jón Pálmason: Eg vildi að eins lýsa því yfir, að þetta spursmál nefnilega, hvort nú ætti að biðja um breyting á vegabótalöggjöfinni kom til umræðu á sýslufundi í Húnavatnssýslu 12. f. mán., en mönnum kom þar saman um, að eigi bæri brýn nauðsyn til að senda bænarskrá til þingsins um breytingu á vegabótalögunum frá 15. marz. 1861., þó margir annmarkar sèu á þeim, en það er ekki lögunum að kenna, þó hèr í suðuramtinu sjáist lítill vottur þess, hvort þau hafi verið reynd, heldur þeim sem eiga að beita lögunum. Eins og það er heldur eigi nóg að rífa að eins niður, ef ekkert er byggt upp aptur í staðinn, því allir viðurkenna að vèr þurfum á vegabótalögum að halda. En að biðja nú um breytingu á svona ungum og á sumum stöðum næstum óreyndum lögum verð eg að vera mótfallinn, og er þetta ekki sprottið af vantrausti á þinginu, heldur af því, að eg vil að menn sèu komnir að raun um, að breytingin sè nauðsynleg áður en þeir biðja um hana, heldur ættu menn að reyna að hjálpa löggjöfinni við og styðja hana líkt og þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram. Það er nú búið að reyna þessi vegabótalög í Húnavatnssýslu í 3 ár, og vona eg, að þess sjáist þó töluverð merki, að nokkuð má gjöra, þótt fylgt sè þessum vegabótalögum þar sem samtök, fèlagsskapur og almennur áhugi er að endurbæta vegina. Af þessum ástæðum verð eg að ráða frá, að nefnd sè kosinn málinu, því ætti nokkuð að hafa tillit til bænarskránna, mundi vegabótalöggjöfin eigi taka miklum umbótum.

Stefán Eiríksson: Af því eg af umræðunum sem orðnar eru á máli þessu er farinn að sjá fram á, að bænarskrárnar muni verða felldar frá nefnd, þá ætla eg að leyfa mèr, þó mikið sè búið að ræða um málið, að tala fáein orð, og er það nú helzt af því, að eg tók svo eptir, þegar hinn háttvirti forseti afhenti bænarskrárnar til flutnings, að hann ekki nefndi eða skýrði frá, að ein þeirra væri úr Austur-Skaptafellssýslu, en sem sagt, af því eg er hræddur um, að málið falli, vil eg þó að kjósendur mínir sjái, að eg hefi lagt hana fram. Eg að vísu er nú sömu skoðunar og sumir þingmenn um það, að vegabótatilskipunin sè vel brúkandi, og að hún sè enn

ekki svo reynd að henni sè kastandi, því það er eins og sumir hafa tekið fram meira að kenna framkvæmdarstjórninni en tilskipuninni, að almenningur er óánægður með vegabótalögin. Það er einkum eitt atriði í bænarskrá Austur-Skaptfellinga, sem eg er með, þar sem talað er um 3 álna vegi, að væri gatan 3 áln. þá skilaði vegunum töluvert fljótar áfram, og svo yrðu þeir töluvert ódýrari; þó nú væri haldið fast við það að hafa vegina 5 áln., þá er sú vegabreidd ónóg til þess að lestir geti á þeim farizt á mis, og að því leyti stendur á sama, hvort vegirnir eru 5 eða 3 áln.; það hefir nú mikið verið talað um orðið »verkfærir menn«, og það veit eg til að hefir valdið misskilningi hjá almenningi, en stjórnin hefir nú úrskurðað, að verkfærir væru þeir sem almennt gætu unnið að vegabótum, og þeirri reglu hefir líka verið fylgt í mínum hreppi; það er eitt atriði í bænarskrá Austur-Skaptfellinga, sem ekki er í hinum bænarskránum, nefnilega að prestar skuli vera fríir við vegabótagjald, og þessi skoðun er komin fram af því sem segir í kirkjurèttinum um skyldur presta eptir hinum nýju vegalögum, prestar hafa að vísu ekki enn fylgt strangt fram þessari skoðun, en þó hefir hún valdið nokkrum ágreiningi. Að lyktum vil eg geta þess, þó kjósendur mínir sendu þessa bænarskrá, þá var það ekki af því, að þeir álitu vegabótalögin óhafandi, heldur vakti hin skoðunin fyrir þeim, að framkvæmdarvaldið, sem á að sjá um vegina, væri illa skipað, því nú fyrst í vor var byrjað í Austur-Skaptafellssýslu að leggja vegi eptir tilskipuninni, og þegar menn nú sáu, að eitthvað var gert, og að vegirnir voru nú eptir þessum lögum þó miklu betri en áður, og að þeir gátu inn unnið sèr peninga, þá voru menn miklu ánægðari með löggjöfina en áður, svo að því leyti hefi eg hvorki eptir sjálfs míns sannfæringu eða skoðun kjördæmis míns yfir höfuð, neina hvöt til að fram fylgja því, að nú verði farið að grauta í þessum nýju vegalögum.

Forseti: Bænarskráin úr Austur-Skaptafellssýslu er með hinum bænarskránum afhent flutningsmanni, þó eg tæki það ekki fram sèr í lagi.

Jón Guðmundsson: Eg ætlaði nú reyndar ekki að tala neitt í þessu máli, en þó vil eg geta þess, að ein bænarskrá er líka komin frá mínu kjördæmi og þegar afhent hinum háttvirta forseta um breytingu á vegabótalögunum. Það sem þeir fara fram á í þessari bænarskrá er í fyrsta lagi, að þjóðvegir sè ekki nema 3 álna breiðir, í öðru lagi, að hver sýsla megi njóta síns vegabóta-

gjalds fyrir sig. Eg get þessa að eins til þess, að kjósendur mínir sjái, að minnzt hafi verið á þessa bænarskrá þeirra, og að eg hafi haldið henni til skila, þótt eg verði að vera samdóma þeim þingmönnum, er mælt hafa á móti nefnd í þessu máli.

Björn Pèturssson: Eg vildi leyfa mèr að tala að eins fáein orð, áður en greidd eru atkvæði um nefndarkosningu í þessu máli. Þingmenn hafa tekið það fram, einkum þingmaður Suðurþingeyinga, sem aðalástæðu móti nefndarkosningu, að virðing þingsins lægi við, ef það færi að breyta þeim lögum, sem svo nýlega væri komin út. Mèr getur nú ekki betur skilizt, en að það sè engin óvirðing fyrir þingið, þótt það breyti þeim lögum til batnaðar, sem reynslan hefir þegar sýnt, að ekki eigi vel við, en mèr sýnist virðing þingsins miklu fremur hætta búin, ef það vill eigi breyta þeim lögum, sem eru óhagkvæm, og mèr liggur við að segja óbrúkandi, það er heldur eigi langt að leita, að lögum hafi verið breytt, þótt þau hafi verið yngri en þessi, það eru helgidagalögin, þau voru ekki nema 2 ára, þegar þeim var breytt. Eg get því eigi sèð, að þetta sè nein ástæða móti breytingu á vegabótalögunum. Það er eðlilegt, að þeir sèu ánægðir, sem búa í þeim sýslum, þar sem lítið er að gjöra við vegi, meðan þeir fá að njóta vegabótagjaldsins í sýslunni, því þeim verður fært með tímanum að gjöra góða vegi. En nú er eptir löggjöfinni einn vegabótasjóður fyrir hvert amt, og verður því sjálfsagt sú ráðstöfun gjörð, að vegabótagjaldið gangi helzt til þeirra sýslna, þar sem mest er að gjöra við vegina og brýnust er þörfin, þó þessa hafi hingað til ekki verið gætt, og þá er eg nú hræddur um, að ánægjusvipurinn fari að fara af þeim, sem nú vilja halda vegalögunum óbreyttum. Eg skal í þessu sinni að eins benda á eitt orð í hinum nýju vegabótalögum, sem nú reyndar kann að þykja lítið í varið, en hefir þó orðið mikil óheillaþúfa um að þreifa, og það er orðið »verkfær«; þetta orð hefir valdið miklum misskilni og ójöfnuði. Eg veit, t. a. m. dæmi þess, að í einum hrepp, var talinn í fyrra hver 17 maður verkfær og sýnir þetta dæmi bezt, hvaða misskilningi þetta orðatiltæki er undirorpið og hvaða ójöfnuð leiðir af því, að það er svo óákveðið, að hver getur skilið það á sinn hátt. Eg skal leyfa mèr að lesa upp dálítinn kafla úr bænarskránni frá mínu kjördæmi. Allt vegabótagjaldið í Suður-Múlasýslu var í fyrra 250 rd., en fyrir þetta fè árlega verða aldrei gjörðir færilegir vegir í allri sýslunni. Það sjá allir, að 250 rd. hrökkva ekkert til, þar sem svo mikið þarf að

gjöra eins og þar. Það hrekkur ei einu sinni til að gjöra við fjallvegina og halda þeim við, þó því væri varið öllu til þess, og ekkert gjört við sveitavegina, en þá yrðu þeir aptur sumstaðar bráð ófærir, svo varla yrði komizt bæja á milli. Eg skil eigi, hvers vegna menn eigi vilja setja nefnd til að íhuga þetta mál. Mér finnst að þingið ætti sjálfsagt að setja nefnd í þetta mál, þar sem það er svo mikið velferðar- og áhugamál landsmanna.

Forseti: Eg ímynda mèr að málið sè nú nóg rætt til að álykta um hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Halldór Jónsson: Það var aldrei ætlun mín, að gjöra þetta mál að kappsmáli, og eg get gjarnan frálagt mèr allt faðerni að þessari bænarskrá, en samt áleit eg það skyldu mína að flytja hana þinginu fyrir kjósendur mína. Eg vil nú leyfa mèr að vekja athygli að því, að aðalatriðið í bæn kjósenda minna er að eins það, að þeir vilja biðja þingið um, að sjá til, að nefnd verði sett utanþings, til þess að búa til nýtt frumvarp til vegabótalaga, því að þeir munu eigi hafa búizt við því, að nein breyting yrði gjörð á hinum núgildandi vegabótalögum á þessu þingi, þar sem að setu eiga margir hinir sömu menn, sem svo nýskeð hafa fjatlað um löggjöf þessa. En þeir hafa hugsað sèr, að þessi lög yrði betur vönduð, ef nefnd í landinu sjálfu byggi til frumvarp til þeirra; það er líka annað atriði í þessu máli, og það er það, að verði þessi nefnd sett, þá verða hin núgildandi vegabótalög lengur í gildi, því að það flýtur af sjálfu sèr, að þau verða að standa, þar til hið nýja vegabótafrumvarp væri orðið að lögum. Eg hefi sèð vegabæturnar í Skagafjarðar- og Húnavatns-sýslum, og er það víst, að þær eru ágætar, en eg held líka, að þeir hafi ef til vill varið meiru fè til þess en eins árs vegabótagjaldi, svo að líklega yrði eigi gjört jafnmikið að tiltölu á næstu árum.

Stefán Thordersen: Eg vildi að eins geta þess, að mèr þykja þetta sannarlega skrítnar umræður, þar sem menn eru þegar farnir að leggja vegi hèr í þingsalnum. En hèr liggur þó ekki annað fyrir en að tala um, hvort nefnd skuli setja í málið eður eigi. Þær einu ástæður, sem nokkurs eru virði, á móti því að nefnd sè sett í þetta mál, eru þær sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom með, nefnilega að þetta rýri helgi laganna að vera að grauta í spánýrri löggjöf. En sú ástæða getur nú samt sem áður ekki hrært mig. Lögin eiga því að eins að ná helgi, að þau sè góð, en vond lög og óskynsamleg ná aldrei og eiga aldrei að ná helgi.

Eg held annars, að vegabótalögin dæmi sig sjálf; því að af ávöxtunum skuluð þèr þekkja þá, og vegabótalöggjöfin mun fullkomlega hafa sýnt, að hún hefir ei verið of góð eða of hagkvæm, þótt reynt hafi verið að fylgja henni svo sem framast hefir unnt verið, eptir því sem á hefir staðið. Eg ímynda mèr nú, að sú nefnd, er sett væri í þetta mál, þyrfti ekki endilega að rífa í sundur eða ónýta vegabótalöggjöfina, þótt hún fjatlaði eitthvað um hana, að minnsta kosti endurskoðaði hana, og reyndi að finna eitthvert ráð til að útvega peninga til vegabótanna, og skil eg því ekki í því, að menn vilji kasta þessu máli, sem er svo mikið áhugamál landsmanna. Því að það er þó víst, að það *fyrsta*, sem er mest áríðandi fyrir Ísland, eru vegirnir, það *annað*, sem er mest áríðandi fyrir Ísland, eru vegirnir, og það *þriðja*, sem er mest áríðandi fyrir Ísland, eru vegirnir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þingmaður Vestmanneyinga hèlt því nú fast fram, hvað vegabótalögin væri ófullkomin og óhagkvæm, en hann átti þó eptir að sanna og sýna þá annmarka, sem á þeim eru og það átti hann þó að gjöra. Það hefir verið sagt, að í bænarskránum komi fram sú uppástunga, að nefnd verði skipuð milli þings þess sem nú er haldið, og alþingis 1867 til að undirbúa nýtt frumvarp til vegabótalaga hèr á landi. Eg get nú ekki sèð, hvað sú nefnd gæti annað gjört, en kasta alveg tilskipuninni og setja eitthvað nýtt í staðinn, sem ef til vill yrði engu vinsælla en tilskipunin sjálf er, og það finnst mèr eins og eg áður hefi sagt lítill heiður fyrir þingið að búa til ný lög, en kasta þeim svo alveg aptur, lítt reyndum, og að litlum tíma liðnum. Eg vildi leyfa mèr að svara þingmanni Suður-Múlasýslu því, að þar sem hann sagði, að engi ávirðing væri fyrir þingið að kasta nýjum lögum, og vildi sanna það með dæmi, er hann tók af helgidagatilskipuninni, að það var að eins eitt atriði í henni sem breytt var og það að eins lítilvægt atriði. Stæði eins á hèr, að einungis væri eitt smáatriði, sem beðizt væri breytingar á í löggjöfinni þá væri það ekkert tiltökumál þó slíkt væri lagfært. Það er sitt hvað, að beiðast breytinga á aðalgrundvelli nýrra laga, og kippa með því fótunum undan þeim, svo þau verða óhæf og óbrúkandi, eins og hèr mun vera meiningin, eða að lagfæra einhver smáatriði í þeim. Mèr þykir það nú undarlegt, að í sumum bænarskránum, er vegabótagjaldið talið of þung byrði, en þó þykir fèð of lítið, sem ætlað er til vegabótanna, það er með öðrum orðum, mönnum þykir vega-

bótagjaldið of hátt, og þó of ónógt, til að gjöra með því það sem gjöra þarf að vegunum; þetta held eg sè ómögulegt að samrýma. Þegar vegabótalögin voru síðast rædd hèr á þingi var mikið talað um það, hvað vegabótagjaldið mætti vera mikið; var fyrst talað um að ákveða eitt dagsverk, fyrir hvern verkfæran mann, en sú varð niðurstaðan, að hálft dagsverk þótti hæfilegt, og eg held, að sú hafi raunin á orðið, að það hafi þótt full þung álaga, þeim sem greiða áttu. Þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að orðið «verkfær» hefði orðið að ágreiningsefni meðal landsmanna; þetta er satt, og það mætti segja langa sögu af hinum langa krókavegi þessa orðs milli yfirvaldanna og stjórnarinnar, en eg sleppi því að sinni, hitt held eg, að menn sèu litlu nær um rètta þýðingu þessa orðs, síðan úrskurður stjórnarinnar um það var birtur. Eg held orðið sè svo auðskilið, og að rètt þýðing þess, sè svo rótgróin meðvitund manna og hinu daglega lífi, að hver misindis hreppstjóri, og jafnvel hver maður með heilbrigðri skynsemi geti skilið það, án þess að stjórnarúrskurð þurfi til.

Jón Hjaltalín: Eg held að þingmenn gleymi því, að «svo eru lög sem hafa tog». Það er líklega í þessu máli sem fleirum, að «árinni kennir illur ræðari». En þegar menn nú ætla að fara að ryðja vegi einungis með lagabókstafnum, þá er eg hræddur um að steinarnir verði þungir fyrir. Ef landsmönnum er þetta nokkuð áhugamál, er þeim þá ekki innan handar að reyna að styðja þessa löggjöf? Það er verið að tala um, að fè vanti; því vilja menn þá eigi reyna að gjöra samskot til að bæta við það, eins og gjört var hèr fyrir 30 árum, þegar fjallvegafèlagið var stofnað. En til hvers er að ætla sèr að koma landinu upp með tómri löggjöf; það hefir aldrei átt sèr stað, að nokkurt land hafi orðið voldugt með orðunum einum, heldur með því, að eitthvað hefir verið gjört, sem gagn hefir verið í. En hvað þessi lög snertir, þá vil eg, að menn láti nú reynsluna fyrst skera úr því, hvort þau eru svo ónýt, sem orð er á gjört. Það dugar ekki að fleygja þeim svona að óreyndu. Eg verð því, eins og áður sagt, að vera fastlega á móti því, að nefnd sè sett í þetta mál.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst það sè aðalefnið í þessu máli, hvort menn álíti, að vegabótalögin sèu svo góð, að alls eigi þurfi að breyta þeim, og held eg að enginn geti álitið svo. Annað mál er það, hvort þingið geti nú búið til breytingar á vegabótalögunum, og er eg eigi á því, heldur að þingið biðji einungis um, að

nefnd verði sett á milli þinga til að búa til frumvarp til nýrra vegabótalaga. Meðan hún er að því, þá er sjálfsagt, að hin gömlu vegabótalög standa. Mèr sýnist það nú æskilegt, að nefnd fái mál þetta til meðferðar, ef vegabótalögin eru eigi svo góð, sem þau eiga og þurfa að vera, því að þessi nefnd getur skrifazt á og borið sig saman við alla þá menn, sem hafa haft framkvæmd vegabótalaganna á hendi, og fengið upplýsingar hjá þeim um, hverjar breytingar sèu haganlegastar, og með því móti efast eg eigi um, að þessi nefnd gæti mikið bætt vegabótalögin. Það er meðal annars sá mikli annmarki á vegabótalögunum, að ekkert sèrstakt tillit er tekið til fjallveganna, og því er auðsætt, að lögin geta eigi staðizt, þegar farið verður að bæta fjallvegina. Vèr sem höfum verið hèr á fyrri þingum, munum gjörla, hve óheppilega tókst með þetta mál, þar sem þingið fèkk ákúrur frá stjórninni fyrir það, að það hefði gjört svo miklar breytingar við frumvarp hennar á fyrra þingi, svo að þingið síðar var eins og neytt til að fara nokkru nær stjórnarfrumvarpinu; fór þá svo, að álit nefndarinnar skiptist í tvo hluti, en svo vildi óheppilega til, að meiri hlutinn varð undir, en minni hlutinn ofan á.

Stefán Jónsson: Þar sem eg er einn af þeim, er hefi flutt hingað bænarskrá um þetta mál, þá þykir mèr það eiga betur við, að eg skýri frá minni meiningu. Sú bænarskrá, sem eg flutti, hefir þá uppástungu, sem hinar bænarskrárnar hafa ekki, með því að hún bendir á nýjan gjaldstofn til að fá fè til vegabótanna, og það er á þann hátt, að hún bendir á, að lagður sè tollur á vínföng, og ætla eg það mundi verða vinsælt. Þótt það nú reyndar væri á móti minni meiningu, að farið væri að róta við nýju lagaboði, á meðan það er ekki meira reynt, þá áleit eg það þó skyldu mína að flytja bænarskrána, og styðja það mál til nefndar, ef kostur væri á, að breytt yrði til batnaðar. Því ekki verður því neitað, að vegabótalöggjöfin er víða óvinsæl. En svo framarlega sem það yrði ofan á í huga manna, að setja nefnd milli þinga til að búa til frumvarp, þá get eg ekki sèð, að það verði með öðru móti, en að nefnd sè kosin hèr á þinginu til að yfirvega löggjöfina og senda álitsskjal til konungs.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um nefndarkosningu.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi að eins leyfa mèr að tala fáein orð, til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu (*Forseti*: Þing-

maðurinn verður þá að vera mjög fáorður). Það hafa komið fram tvö atriði í þessu máli, hèr á þinginu (*Forseti:* Getur þingmaðurinn eigi sagt einungis, hvort hann vill, að nefnd sè kosin í málið eða ekki?), það er að segja hvort að setja skuli nefnd, í þetta mál hèr í Reykjavík, eður biðja skuli um peningalán til vegabótanna.

Forseti: Eg get ekki leyft lengri umræður um þetta mál, úr því gengið er til atkvæða, því þar út af geta spunnizt langar umræður aptur og aptur. Skal eg því biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli sett í málið eður ekki.

Var haft nafnakall eptir ósk nokkurra þingmanna og sögðu

þessir:	þessir:
já	nei
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Björn Pètursson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Halldór Jónsson.	Ásgeir Einarsson.
Jón Bjarnason.	Bergur Thorberg.
Jón Pètursson.	Helgi G. Thordersen.
Sighvatur Árnason.	Hjálmur Pètursson.
Sefán Jónsson.	Jón Guðmundsson.
Stefán Thordersen.	Jón Hjaltalín.
	Jón Pálmason.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Eiríksson.
	Sveinn Níelsson.
	Sveinn Skúlason.

Var málið þannig fellt frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 8.

Forseti: Þar næst kemur þá til umræðu bænarskrá úr Húnavatnssýslu um auglýsingu á alþingistollsreikningunum. Flutningsmaður hennar er varaþingmaður Húnvetninga og skal eg biðja hann að lesa upp bænarskrána, og skýra þinginu frá því sem þörf þykir.

Jón Pálmason: Bænarskráin hljóðar þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 189.

Þótt að von mín brigðist í gær um, að nefnd yrði sett í skólamálinu, þá get eg nú samt eigi sleppt þeirri von, að nefnd

verði sett í þetta mál, því að eg álít, að greiðendur alþingistollsins eigi heimtingu á að fá að sjá reikninga yfir hann á prenti, einkum þar sem nú er orðið lögskipað, að aðrir reikningar opinberra sjóða skuli auglýstir á prenti, svo sem jafnaðarsjóðsreikningar. Eg skal þá eigi fara fleirum orðum um þetta atriði, því eg vona, að flestir hinna heiðruðu þingmanna verði á sama máli og eg að nefnd verði kosin.

Konungsfulltrúi: Það er algjörlega óþarfi að setja nefnd í þetta mál, því fremur sem eg er viss um, að hlutaðeigandi stiptamtmaður muni fúslega láta prenta alþingiskostnaðarreikningana, þegar hann sér, að menn óska þess, annaðhvort sérstaklega eður aptan við alþingistíðindin, eins og líka hefir verið stungið upp á.

Jón Pálmason: Vegna þess, að alþingistollsreikningarnir hafa enn ekki verið auglýstir almenningi, hvorki sérstaklega á prenti nè á annan hátt, og þetta er ekki heldur lögskipað, þó mig minni, að málinu hafi verið áður hreift hèr á þingi og stiptamtmaður þá gæfi von um að auglýsa tèða reikninga, þá verð eg þó að fylgja því fram, að nefnd sè sett í málið (*Arnljótur Ólafsson*: Því hefir aldrei verið heitið). Eg er ekki fastur á því, en hèr er ekki farið fram á annað í bænarskránni en að alþingistollsreikningarnir verði auglýstir, annaðhvort aptan við alþingistíðindin eða þá sèrskilt, og þá gæti þeir komið á hverju ári, en sèu þeir ekki auglýstir nema aptan við alþingistíðindin, þá koma þeir ekki út nema annaðohvrt ár, en þar á móti ef þeir eru prentaðir sèrstaklega, geta þeir komið út árlega. Þetta gæti nefndin beðið um; en óhætt held eg að verði að setja hana vegna þess, að verk hennar verði eigi svo umfangsmikið, að það tefji mikið fyrir þinginu.

Konungsfulltrúi: Það þarf ekki, eins og eg hefi tekið fram, að setja nokkra nefnd til þess að ákveða, í hverju formi að prenta skuli alþingisreikningana, því eg þori að fullyrða, að stiptamtið muni fara eptir almennri ósk í því efni og láta prenta reikningana, hvort sem menn heldur vilja sèrstaklega eða aptan við alþingistíðindin.

Jón Pálmason: Gæti eg átt hèr orða stað eigi að eins við þann stiptamtmann, sem er, heldur og þann sem væntanlegur er til landsins í sumar, þá mundi eg fúslega ganga inn á þetta, að vísa málinu forsetaveginn, en nú er eigi svo, heldur eigum vèr von á nýjum stiptamtmanni, og þess vegna verð eg sem fyrr að mæla með nefnd í málinu.

Pètur Guðjónsson: Það er góður vegur til að afgjöra þetta mál við stiptamtmann; því að ef forseti vildi skrifa stiptamtmanni, þá er eg viss um, að því verður vel tekið og óttast ekki um það, að hinn tilkomandi stiptamtmaður eins fúslega og hinn núverandi muni uppfylla þessa bæn þingsins.

Arnljótur Ólafsson: Viðvíkjandi því, er þingmaður Húnvetninga sagði, að stiptamtmaður mundi hafa heitið að láta prenta alþingisreikningana, þá veit eg ekki til, að til þess hafi komið, eður að því máli hafi verið hreift, nema að því leyti, að stiptamtmaður mjög góðfuslega lèði einu sinni þingnefnd, sem eg var fyrir, allar skýrslur um alþingisreikninga, sem hún þurfti, og mátti hún nota þær eins og hún vildi. Að öðru leyti er eg samdóma þingmanni Gullbringusýslu að fela forseta að skrifa konungsfulltrúa um þetta, því að eg er viss um, að konungsfulltrúa muni veita hægt að fá það hjá þeim stiptamtmanni, sem nú er, og eg treysti því, að hinn tilkomandi stiptamtmaður haldi því áfram, sem hinn fyrrverandi hefir gjört i þessu efni. Enn fremur skal eg geta þess, að verði alþingisreikningarnir prentaðir aptan við alþingistíðindin, þá koma þeir að vísu út annaðhvort ár, en þeir geta þó gripið yfir tvö ár fyrir það, svo menn missa einskis í nema að fá eigi að sjá reikninginn ár hvert.

Jón Pálmason: Það getur nú verið, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að stiptamtmaður hafi eigi heitið því að láta prenta alþingistollsreikningana. En hvað því viðvíkur, að forseta sè falið að skrifa konungsfulltrúa um, að auglýstir yrðu alþingistollsreikningarnir á prenti, annaðhvort aptan við alþingistíðindin eða árlega, þá gjöri eg mig ánægðan með það, því þá er augnamiðinu fullnægt; en að öðru leyti felli eg mig betur við, að þeir sèu auglýstir árlega.

Forseti: Hèr eru komnar fram tvær uppástungur í þessu máli, önnur er sú, að nefnd sè kosin í það, hin, að þingið feli forseta á hendur að skrifa stiptamtmanni um málið. Málið er nú að þessu leyti einfalt, og skal eg því leyfa mèr að skjóta því til hins hæstvirta konungsfullrúa, og atkvæðis þingmanna, hvort fleiri umræður muni þurfa um málið, eða hvort eigi megi þegar greiða atkvæði um þessi tvö atriði, sem eg nefndi; ef enginn mælir í móti, skal ek nú þegar biðja menn að ganga til atkvæða.

Jón Guðmundsson: Eg er vel ánægður með, að málið fari forsetaveginn.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir opt verið gjört áður að vísa málum þessa leið, en það þyrfti þó að taka fram hèr, hvort prenta ætti reikningana sèrskilda eður aptan við alþingistíðindin.

Forseti: Eg skil það svo, að stiptamtmanni sè í sjálfsvald sett, hvort hann vilji heldur gjöra.

Pètur Guðjónsson: Eg vildi leyfa mèr að vekja athygli þingsins á því, að ef alþingisreikningarnir væri prentaðir sèrstakir, þ. e. fyrir utan þingtíðindin þá yrði að telja þann kostnað, er þar af leiddi, með öðrum útgjöldum til alþingis (Margir þingmenn: já, sjálfsagt?

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að greiða fyrst atkvæði um, hvort nefnd skuli kosin sèrstaklega í þetta mál.

Voru síðan greidd atkvæði og var það fellt.

Síðan voru greidd atkvæði um, hvort forseta skyldi falið að skrifa stiptamtmanni um málið og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur þar næst bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu um *aukatekju-reglugjörð handa læknum*. Eg skal leyfa mèr, samkvæmt hinum fyrri ályktunum þingsins að afhenda þessa bænarskrá formanninum í læknamálinu, hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Þá kemur þar næst bænarskrá úr Mýrasýslu um, að *Brákarpollur* verði löggiltur verzlunarstaður. Flutningsmaður hennar er þingmaður Mýramanna og skal eg biðja hann að lesa hana upp og skýra þingmönnum frá efni málsins.

Hjálmur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, og er hún svo hljóðandi:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 190.

Þessi bænarskrá er nú svo vel úr garði gjörð, að eg get ekki mælt frekar með henni en hún gjörir sjálf. Að eins skal eg biðja þingmenn að athuga það, að þar sem 212 nöfn eru undir bænarskránni, þá hlýtur það að vera almenningsvilji í þeirri sýslu. Eg vil því fastlega mæla með nefnd í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Eg held að ætli nú að sannast á þinginu orðtækið: «Variatio delectat«. Á seinasta þingi báðu Mýramenn um kaupstað á Akranesi, og áður höfðu þeir fengið kaupstað á Straumfirði, og nú biðja þeir um kauptún á Brákarpolli, og lýsa því yfir, að þar sè sá hentugasti staður fyrir kauptún handa Mýramönnnm og Borgfirðingum, þar sèu svo góðir landskostir, þar megi hafa svo mikla kartöplurækt og fl.; en eg er hræddur um,

að sá kaupstaður fullnægi eigi heldur, þegar frá líður, þörfum hlutaðeigenda. En það eru heldur ekki líkindi til, að stjórnin leyfi að setja kaupstað á þessum stað, þar sem hún virðist að hafa þá skoðun, að kaupstaðir hèr sèu nú orðnir nógu margir. Það er líka auðsèð, að því fleiri sem hinir svo kölluðu kaupstaðir hèr eru, því meiri verður sundrungin á kröptunum, og vörubyrgðirnar allsstaðar og hvergi, og ekkert kauptún getur með þessu móti komizt hèr upp, og sum af þessum kauptúnum, sem leyfð hafa verið eptir ósk landsmanna, eru ekki komin enn þá nema á pappírinn. Eg álít því, að það ekki sè ástæða fyrir þingið að setja nefnd í þetta mál, og ræð frá því, að svo verði gjört.

Pètur Guðjónsson: Eg held nú, að þessi kaupstaðar stofnun sè alveg ónauðsynleg, því að reynslan er búin að sanna það, að þangað eru nógir vöruflutningar, þar sem þar voru í fyrra 5 lausakaupmenn og í ár víst 2, ef ekki fleiri (*Jón Guðmundsson*: Þeir eru 4), þá því heldur. Að öðru leyti verð eg að mæla á móti þessari kaupstaðarstofnun af sömu ástæðu og öllum smákaupstöðum, það er að segja af þeirri ástæðu, að þeir tvístra kröptunum og gjöra alla eðlilega verzlunarkeppni að engu, þar sem þó kraptarnir ætti miklu fremur að dragast saman á einn stað. En einkum og sèr í lagi verð eg að vera öldungis mótfallinn þessari kaupstaðarstofnun af þeirri ástæðu, að hún drepur auðsjáanlega kaupstaðinn hans vinar míns, þingmanns Borgarfjarðarsýslu, á Lambhússundi.

Hjálmur Pètursson: Mèr sýnist nú ræða þingmanns Gullbringusýslu einmitt sanna, að kaupstaður ætti að vera á Brákarpolli, þar sem hann sagði, að þar hefði verið svo mikil aðsókn og vöruflutningar í fyrra, en þó seldist allt upp. Að öðru leyti eru ástæður bænarskráarinnar svo ljósar og sannar, að eg held, að enginn geti hrakið þær. Eg get nú heldur ekki fallizt á það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin mundi ekki veita þetta, þar sem hún þó um undan farin ár hefir löggilt marga verzlunarstaði, samkvæmt bænum þjóðarinnar og alþingis, og seinast í fyrra Lambhússund. Eg játa það, að það var óheppilegt fyrir Mýramönnum að biðja eigi heldur um Brákarpoll, en Lambhússund. Það var nú reyndar áður beðið um Straumfjörð en það voru þó miklu færri heldur en þeir, sem nú biðja um Brákarpoll, og þótt eigi sè langt á milli Straumfjarðar og Brákarpolls, þá er þó ómögulegt fyrir þá, sem búa í fremri hluta Mýrasýslu að sækja

verzlun á Straumfjörð, því að það er hinn versti vegur bæði á sjó og landi. Það getur nú verið gott, að kaupmenn flytji vörur á Brákarpoll, en það er þó ekki svo víst, að menn geti reitt sig á það, því það getur brugðizt ýmsra orsaka vegna, og aldrei geta allir notið þess, vegna þess, að menn verða að verzla á öðrum kaupstöðum, hina tíma ársins, og svo þykir ætíð mikið vanta, ef lausakaupmenn ekki mega koma og verzla. Það hefir verið beðið um marga kaupstaði, sem eigi hafa verið líklegri en Brákarpollur og hafa sumir þeirra fengizt strax. Þótt nú þessi staður yrði löggiltur, yrði eigi nema 2 kaupstaðir í Mýrasýslu, en í mörgum sýslum eru þó fleiri, jafnvel 4 kaupstaðir. Eg held að það væri heldur ekki alveg samkvæmt fyrir þingið að fella þessa bænarskrá, þar sem það þó áður einkum nú á seinni árum hefir samþykkt margar, er hafa farið fram á hið sama, þótt þær hafi verið frá færri beiðendum. Brákarpollur er allt eins nauðsynlegur fyrir Borgfirðinga og Mýramenn og Sauðárkrókur er fyrir Skagfirðinga. Og mun óhætt að fullyrða, að verzlun hafi þar mikið batnað, síðan hann var löggiltur, og eg þykist viss um, að eins fari með Brákarpoll, ef hann yrði löggiltur. Eg vona nú, að þessu máli byrji betur en svo, að fyrir því þurfi að fara eins og stendur í vísunni um Sauðárkrókinn: »Sú stóð yfir sverðabríð« o. s. frv. En komist þetta mál ekki að hér á þingi nú, þá mega menn vera vissir um, að bænarskrár muni koma um það framvegis, þangað til því verður veitt áheyrn.

Konungsfulltrúi: Mér sýnist það einmitt vera ástæða á móti kaupstaðarstofnun á þessum stað, sem þingmaður Mýrasýslu nú tók fram um flutningana á Brákarpoll; því það er auðsætt, að þegar 4 til 5 skip flytja þangað vörur á hverju sumri, þá eru aðalannmarkarnir af fyrir hlutaðeigendum, erfiðleikinn að nálgast vörurnar úr kaupstaðnum horfinn, og þegar þeir nú, þrátt fyrir þessa aðflutninga, og þó þeir hafi nú fengið kauptún á Straumfirði og Akranesi, eða sinn á hvora hlið við sig, eigi að síður eru að biðja um kauptún á Brákarpolli, þá eru allar líkur til, að það lendi ekki við það, heldur að þeir á næsta þingi biðji um, að kaupstaður verði enn fremur settur í Hvítárósi eða ofar við Hvítá, af því að þeir hafi nú fundið þar miklu hentugri stað fyrir kauptún, en sé á Brákarpolli. En það játa eg, að það hefði upphaflega verið hagfelldara, að kauptún hefði verið sett við Brákarpoll en á Skipaskaga, enda ætlar lítið að verða þar um kaupstaðarstofnun.

Eiríkur Kúld: Það gjörir mèr nú illt, að eg get ekki verið með nefnd í þessu máli, það hefði verið allt annað, hefði menn beðið um að af taka bæði Straumfjörð og Lambhússund. Eg verð að álíta alla þessa smákaupstaði mjög skaðlega bæði fyrir kaupmenn og landsbúa yfir höfuð, þar sem þeir bæði sundra kröptunum úr allri verzlun og jafnframt innleiða óhóf og munaðarvöru, þar sem hún var óþekkt áður, og sem nú er orðin svo almenn þar sem svo á stendur. En það var eitt, sem eg vildi spyrja hinn heiðraða þingmann Mýramanna að, og það er, hvort Brákarpollur eða Brákareyri sè ekki kirkju-eign, því að mèr þykir undarlegt, fyrst svo er, að presturinn mundi líða það eða geta leyft, að kaupstaður sè settur þar, án þess hann þar til fái samþykki stiptsyfirvaldanna til þess; en má ske beiðendunum hafi gleymzt að spyrja hann um leyfi til þessa, eða leyta hans álits um málefnið.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þykir slæmt, að eg hefi enga vísbendingu fengið frá Borgfirðingum um, hvað þeir vilji leggja til um þetta mál, eða hvort þeir eru því samþykkir, að kauptún verði reist við Brákarpoll eður eigi. Eg get nú eigi annað en minnzt þess, hve stjórnin var frjálslynd í því að veita kaupstað við Lambhússund, og eg finn mèr skylt við þetta tækifæri að flytja henni þakkir fyrir það. Eg þykist viss um það, að ef Mýramenn verða stjórninni eins þakklátir fyrir Brákarpoll, eins og Borgfirðingar fyrir Lambhússund, þá muni hún ávinna sèr mörg hjörtu meðal þeirra. Mèr virðist það annars næsta ísjárvert fyrir þingið, að vera ófrjálslyndara en stjórnin í svo innlendum málum sem þetta er; eg vona því, að þingið hafni eigi Brákarpolli, og vilji eigi þenna *brákaða* reyr í sundur brjóta. Eg vil því styðja að því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg veit nú ekki, hvað getur mælt með þessari bænarskrá, nema það skyldi vera það, að Mýramenn eru allt af að biðja um sitt í hvert skiptið, nú um þetta, nú um hitt. Það verður þó ekki dregin önnur ályktun af því, en að þeir viti ekki, hvað þeir vilja. Hèr um árið báðu þeir um Straumfjörð, á síðasta þingi báðu þeir með mesta kappi um Krossvík á Akranesi, og nú vilja þeir fyrir alla muni fá Brákarpoll. Það er nú auðvitað, að það er það sama að biðja um Brákarpoll, og að biðja um, að hætt verði við Lambhússund. Mèr finnst það nú mæla talsvert móti Brákarpolli, ef eigi verður komizt þar út eða inn nema með aðfalli og útfalli (*Hjálmur Pètursson*: Það er að segja,

ef mótvindur er). Það er nú þar að auki einn galli bæði á Brákarpolli og öllum öðrum smáverzlunarstöðum, og það er sá, að þeir sundra hreint öllum verzlunarkröptum í landinu. Það er líka annar galli bæði á Lambhússundi og Brákarpolli, og hann er, að þeir aldrei geta þrifizt. Það er annars undarlegt, að vera að kvarta yfir öreigagiptingum, þegar menn eru að biðja um þessa smáverzlunarstaði, sem draga alla dáð úr landinu, og fjölga öreigum og ónytjungum.

Hjálmur Pèturssson: Vèr viljum, að Brákarpollur verði að stórkaupstað en ekki að smákaupstað, og það er víst, að hann getur orðið stórkaupstaður. En hvað það snertir, að Borfirðingar báðu um Lambhússund, þá gjörðu þeir það af því, að Brákarpollur fèkkst ekki, enda er það eigi undarlegt, þar sem Lambhússund eru í þeirra sýslu. En það er ekki satt, að Mýramenn hafi beðið um Lambhússund með sama kappi og þeir biðja nú um Brákarpoll, því að þetta er þeim fullkomið áhugamál.

Ólafur Sigurðsson: Eg stend að eins upp til þess að bæta fáeinum orðum við það, sem þingmaður Borgfirðinga sagði. Honum þótti það óviðurkvæmilegt, að þingið væri ófrjálslyndara en stjórnin í Danmörku, en mèr finnst það líka óviðurkvæmilegt, ef þingið fellir þessa einu bænarskrá, þar sem það þó áður hefir stutt margar samkynja bænarskrár, og yfir höfuð að tala allt af haft það augnamið að lètta sem mest vöruflutninga fyrir landsmönnum.

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kosin í málið eður ekki.

Var þá nefnd samþykkt með 10 atkvæðum gegn 8.

Síðan var kosin þriggja manna nefnd og urðu þessir fyrir kosningu.

Hjálmur Pétursson með 17 atkv.
Arnljótur Ólafsson — 12 —
Magnús Jónsson — 7. —

Var málið síðan afhent þingmanni Mýramanna, er hafði fengið flest atkvæðin.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að mæla á móti því, að þessi Magnús Jónsson sè í nefndinni, því að auk þess, að enn er óvíst, að hann hafi þingseturètt, þá hefir hann tilkynnt, að hann sakir veikinda eigi geti komið á þing, og sá sem er forfallaður frá þingi, hann er líka forfallaður frá nefnd.

Forseti: Eg hefi ekki þótzt hafa neina ástæðu til að neita

að taka móti atkvæðum upp á þann þingmann, sem nú var nefndur, eins nú og fyrr, þar eð þingmönnum er kunnugt, að hann hefir opt fengið atkvæði í nefndarkosningum, og enginn mælt í móti; þar að auki er það kunnugt, að konungsfulltrúi hefir skýrt frá, að hann hafi kallað þenna þingmann til þings, og þingmaðurinn sjálfur talið sig einungis forfallaðan um nokkra daga.

Hjálmur Pèturssson: Megum við ekki bæta einum manni í nefndina, ef Magnús Jónsson kemur ekki.

Forseti: Það má tala um það, þegar þar að kemur.

Þá kemur þar næst til umræðu bænarskrá úr Mýrasýslu um *lengingu á verzlunartíma lausakaupmanna.* Skal eg biðja þingmann Mýramanna, sem er flutningsmaður hennar, að lesa hana upp og skýra frá málinu.

Hjálmur Pèturssson: Eg skal þá samkvæmt fyrirmælum hins háttvirta forseta lesa upp bænarskrána, og hljóðar hún þannig:

Sbr. 2. part alþingistíðindanna bls. 194.

Eg skal nú ekki lengja umræðurnar um þessa bænarskrá, og vil eg fela þinginu, hvað það afræður um hana; en eg verð að óska, að nefnd sè sett í málið.

Jón Guðmundsson: Eg er ekki svo biflíufastur, að eg muni upp á víst hvort nokkuð er einnig tiltekið í hinum nýju verzlunarlögum um verzlunartíma lausakaupmanna, en væri í þeim endurnýjuð ákvörðunin um þetta í opnu brèfi 28. desember 1836, þá vildi eg leyfa mèr að gjöra þá uppástungu, ef þingið vildi sinna henni, að þessari bænarskrá sè vísað til nefndarinnar í konunglegu frumvarpi um breytingu á verzlunarlögunum, þar sem þessi bænarskrá fer líka fram á breytingu á hinni áminnstu ákvörðun í lögum þessum.

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kosin í þetta mál eða ekki.

Var þá gengið til atkvæða og málið fellt frá nefnd með 17 atkvæðum gegn 6.

Forseti: Þá kemur bænarskrá frá Snæfellsnessýslu um *stjórnarbót,* og skal eg leyfa mèr að afhenda hana formanninum í stjórnarbótarnefndinni.

Dagskránni er þá lokið. Þar eð eg hefi heyrt, að synodus verði á mánudaginn, og það hefir verið venja, að alþing haldi ekki

fund þann dag, þá ákveð eg fund eigi fyrr en á þriðjudaginn um hádegi, og mun verða birt dagskrá til þess fundar sem fyrst.

Fundi slitið.

---

7. fundur — 11. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tilkynnt mèr, að hann gæti eigi mætt í dag á þingi, og að hann hafi falið hinum 4. konungkjörna þingmanni á hendur að mæta sem konungsfulltrúi á þessum fundi. Eg skal enn fremur geta þess, að eg hefi með samþykki hins háttvirta konungsfulltrúa kallað enn tvo skrifara inn á þingið til viðbótar, og eru þeir mættir hèr á þingi í dag, það eru þeir kand. Páll Sigurðsson og kand. Ólafur Sigvaldason, og vona eg skrifarar þingsins skipti nú svo haganlega með sèr störfum, að þingbókin verði því betur og greiðlegar færð.

Eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni um *svaramenn* væri justizráð Hjaltalín kosinn formaður og Jón Bjarnason skrifari, í nefndinni um *jarða-úttektir* er Jón Sigurðsson formaður og Sighvatur Árnason skrifari; í *lagaskóla*nefndinni er síra Eiríkur Kúld formaður og assessor Benedikt Sveinsson skrifari.

Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um frumvarp til tilskipunar um *verzlunarvog* á Íslandi. Niðurlagsatriði nefndarinnar eru prentuð handa þingmönnum, og vona eg þeir hafi þau fyrir sèr. Þingmaður Snæfellinga er framsögumaður.

Framsögumaður (*Sveinn Níelsson*)*:* Eg skal leyfa mèr að lesa nefndaralitið.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 195.

Eg hef engu við að bæta að svo stöddu, en leyfi mèr að eins að benda mönnum til hinna prentuðu ástæða fyrir frumvarpinu.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til þeirrar breytingar, sem að nefndin ræður til að gjörð sè á frumvarpinu, skal eg geta þess, að

ákvörðun sú, sem stungið er upp á, að sè burt felld, inniheldur að eins *leyfi* til að fá, um þann tíma, sem til er tekið, endurnýjuð eður skýrð upp löggildingarmerkin á hinum gömlu vogarlóðum og pundurum, og er það vitaskuld, að mönnum er lagt á sjálfs vald, hvort þeir nota slíkt leyfi eður ekki. Eg skal því að eins benda þinginu á, að ákvörðun þessi, þó hún standi í lagaboðinu og þó sú verði raun á, að hún verði aldrei notuð, eins og nefndin heldur, með engu móti getur orðið til neins baga.

Jón Guðmundsson: Eg vil fara feti lengra en hinn háttvirti konungsfulltrúi, því eg veit ekki betur en það sè skylda lögreglustjórnarinnar í kaupstöðunum að líta eptir máli og vigt. Á fyrri tímum, þegar eg var fullmektugur bæjarfógeta hèr í Reykjavík, þá man eg eptir því, að lóð voru gjörð ræk, sökum þess þau höfðu ekki löggildingar einkenni. Mèr finnst ekki nauðsynlegt að ónýta þessa eldri vog, heldur leyfa mönnum að brúka hana meðan hún stendur; eg veit heldur ekki betur en að menn hafi getað fengið vogir löggiltar hjá bæjarfógetanum hèr í Reykjavík.

Framsögumaður: Mèr getur ekki skilizt það vera nauðsynlegt, að endurnýja vog, sem þegar er gengin úr gildi. Það er meir að segja öll líkindi til, að vèr bráðum finnum nauðsyn til að taka upp hin nýju vogarlóð, af því hin eldri verða allt af sjaldgæfari og sjaldgæfari; hvað viðskipti manna við kaupmenn snertir í þessu efni, þá er eg viss um, að allir muni trúa þeim, að vogir þeirra sèu rèttar; að minnsta kosti er mèr ekki annað kunnugt, þar sem eg þekki til; að öðru leyti held eg því ekki neitt fast fram, að þingið fallist á þessa undantekningu.

Pètur Guðjónsson: Eg vil bæta því við það, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að mèr finnst, að hin eldri vigt bráðum hljóti að falla úr gildi; eg veit ei heldur til, að bæjarfógetinn hèr hafi löggilt vogarlóð; en hitt er mèr kunnugt, að stundum hefir við hið lögskipaða eptirlit á vog kaupmanna verið kasserað vogarlóðum þeirra, enda veit eg ekki til, að bæjarfógeti nè neinn lögreglustjóri hèr á landi hafi tæki til að löggilda vogalóð, en hitt veit eg, að kaupmenn endurnýja vogir sínar með að kaupa ný lóð frá Kaupmannahöfn; en það getur verið, að löggilding hafi hèr á landi átt sèr stað með alin mál og mál á fljótandi vörum, því til þeirrar löggildingar hafa lögreglustjórar tæki. Það sem yfir höfuð vakti fyrir nefndinni, var að hin eldri vog hlyti von bráðar að falla

úr gildi; en til hvers á þá að halda í hana eða reyna til að gjöra hana eilífa?

Jón Guðmundsson: Eg meina ekki með þessu, er eg sagði, að menn eigi að halda þessari eldri vog lengur fyrir það, þó að eigendum sè heimilað að fá löggildinguna frá stofni eður endurnýjaða á vogina eptir sem áður, heldur álít eg það meinlaust, að mönnum sè ekki meinað að brúka hana meðan hún stendur með fullri löggildingu samkvæmt því sem frumvarpið ætlast til í niðurlagi 4. gr.

Pètur Guðjónsson: Þetta hefir nefndin einmitt tekið fram í nefndarálitinu, nefnilega þar sem hún ræður þinginu til að biðja um, að hin eldri vog verði ekki of bráðlega úr lögum numin.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúnings umræðu lokið, og kemur þá málið síðar til ályktarumræðu.

Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit um konunglegt frumvarp til reglugjörðar um að gjöra *verzlunarstaðinn Ísafjörð* að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar. Niðurlagsatriði nefndarálitsins er prentað fengið þingmönnum í hendur. Hinn 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 195.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um nefndarálitið; það er stutt og laggott, og bæjarstjórnarmálefni eru þingmönnum orðin kunn síðan 1859 og 1861.

Helgi G. Thordersen: Eg hefi ekki margt að athuga við þetta nefndarálit, en af því 1. greinin er mèr ekki ljós, þá væri mèr forvitni á að vita, hvort prestssetrið með bújörðinni eigi að falla undir kaupstaðinn, þannig, að bújörð prestsins komist undir bæjarstjórnina og undan ábyrgð prestsins, eða ekki. Það vita allir, að bújörðin er mikilsverð fyrir prestinn, þegar hann er búmaður, og það því mikill skaði fyrir hann, ef hún gengur undan honum. Það var viðvíkjandi þessari minni athugasemd, að eg gjarnan óskaði upplýsingar.

Halldór Kr. Friðriksson: Hèr er einungis tilætlunin, að prestsetrið heyri undir bæjarfèlagið og lögsagnarumdæmið á Ísafirði, en að prestur haldi öllum yfirráðum yfir bújörðinni og landi prestsetursins; prestur á því að gjalda í bæjarsjóð, en ekki

í sjóð Eyrarhrepps; þetta skýrist betur, þegar menn lesa bls. 11. og 12 í ástæðunum fyrir frumvarpinu; þar er sagt, að komi landaþræta upp milli bæjarstjórnarinnar og prestsins, þá sè það komið undir samkomulagi milli bæjarstjórnarinnar og prestsins, hvernig hún verður útkljáð; en þá er og útkljáð um það, hvaða lóð heyrir undir umráð byggingarnefndarinnar; því sem þá heyrir undir prestsetrið, hefir byggingarnefndin ekkert yfir að segja.

Helgi G. Thordersen: Eg læt mèr þetta vel lynda, svo framarlega sem sú meining er ljós af sjálfu frumvarpinu, en um það verð eg að efast, svo mèr þykir vænt um að hafa tekið þetta fram, en hvað ágreininginn um landamerki milli prestakalls-lóðarinnar og kaupstaðarins snertir, sem eg veit á sèr stað, þá verður að útkljá hann með sama hætti og önnur málefni líks eðlis.

Pètur Guðjónsson: Eg er öldungis samdóma hinum háæruverðuga 1. konungkjörna þingmanni, um að vert sè að athuga þetta atriði vandlega. Hèr liggur nl. annað frumvarp fyrir þinginu, sem gengur út á að setja byggingarnefnd á Ísafjarðarkaupstað, og ef lóð prestssetursins á að vera undir umráðum hennar, þá sè eg ekki betur, en að presturinn sè þar með takmarkaður í sínum umráðum yfir lóðinni, svo að ísjárvert sè, því að prestssetrið er í þessu frumvarpi meðtalið undir kaupstaðarlóðina.

Konungsfulltrúi: Eg leyfi mèr að geta þess, að mèr virðist það öldungis vafalaust, að prestsetrið ekki verði partur af hinni eiginlegu kaupstaðarlóð, þó að það komi undir kaupstaðinn. Presturinn hefir öldungis sömu umráð eins og áður yfir landareign brauðsins, einungis er breytingin sú, að hann kemst undir bæjarstjórnina og lögsögn bæjarfógetans, í stað þess, að hann áður var háður hlutaðeiganda hreppstjóra og sýslumanni, en missir þar fyrir eigi rètt sinn til fullra umráða yfir landareigninni.

Stefán Thordersen: En þegar byggingarnefndin kemur fram með fyrirskipanir sínar, er þá presturinn ekki skyldugur að hlýða?

Konungsfulltrúi: Hún hefir ekki umráð yfir öðru en kaupstaðarlóðinni.

Framsögumaður: Presturinn er í kaupstaðarfèlaginu og lögsagnarumdæmi bæjarins, en byggingarnefndin hefir engan rètt fyrir það yfir prestssetrinu.

Pètur Guðjónsson: Byggingarnefndin hèr í Reykjavík hefir þó viljað ráða því, hvernig byggt væri á »privat« manna lóð. Eins get

eg ímyndað mèr, að fara muni með byggingarnefnd á Ísafirði, en þetta getur orðið prestinum til mikils skaða.

Framsögumaður: Eg veit eigi betur, en að byggingarnefndin hèr hafi engin umráð yfir lóð einstakra manna, og þar sè byggt án alls samþykkis hennar; presturinn á Eyri er einungis háður byggingarnefndinni í því, að hann má ekki byggja nær en svo, að 5 álnir sèu á milli hússins og takmarkanna á lóð hans og kaupstaðarins, en að öðru leyti hefir ekki byggingarnefndin ekkert vald eða umráð yfir prestssetrinu.

Ásgeir Einarsson: Þegar er að ræða um húsabyggingar, þá finnst mèr miklu eðlilegra, að byggingarnefndin ráði, því það er mjög svo líklegt, að hún sjái þetta betur en sumir prestarnir; eg held og það sè ekki hundrað í hættunni, þó í þessu tilliti sè haft eptirlit með prestinum; hèr í Reykjavík eru bæði kaupmenn og emhættismenn og húsasmiðir, og er þó byggingarnefndin látin ráða þessu, og er líklegt, að það væri ekki gjört, ef það þætti ekki fara eins vel.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að leiða athygli þingmanna að því, að hèr er ekki að tala um byggingarnefnd í þessu frumarpi, heldur um hið almenna sveitarfèlagssamband millí prestssetursins og kaupstaðarins.

Pètur Pètursson: Í 16. greininni er talað um byggingarnefndina; mèr finnst það geti orðið varúðarvert, að byggingarnefndin fái þessi umráð yfir lóð prestsetursins, og því ætla eg mèr að bera upp viðauka-atkvæði, sem gengur í þá stefnu, að byggingarnefndin ekki fái umráð yfir lóð prestsetursins, en einungis yfir kaupstaðarlóðinni. Það er betra, að sú ákvörðun sè tekin í tíma, sem útilokar allan vafa.

Sighvatur Árnason: Mèr finnst það hættuminna að láta byggingarnefndina hafa eins umráð yfir húsaskipun hjá prestinum, ef bújörð hans er í umdæmi nefndarinnar, eins og hverjum öðrum í bænum, því nefndinni er betur treystandi í því en prestum, hverjum fram af öðrum, eptir því sem þeir koma fyrir.

Framsögumaður: Mèr virðist viðauka-atkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns öldungis ónauðsynlegt, því eins og eg hefi þegar sagt, þá hefir bæjarnefndin alls engin umráð yfir prestssetrinu, þó presturinn sè einn í bæjarfèlaginu. Þar að auki ætti þetta viðauka-atkvæði, ef það annars ætti við, inn í frumvarpið um byggingarnefndina á Ísafirði, en alls eigi inn í þetta frumvarp.

Helgi G. Thordersen: Eg álít það betra, að allur vafi sè af tekinn, og af því eg skil ekki vel sambandið milli prestsetursins, og kaupstaðarlóðarinnar samkvæmt nefndarálitinu, þá ætla eg að fallast á viðauka-atkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns

Framsögumaður: Eg skal ekki berjast af neinu kappi á móti viðauka-atkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns, ef þinginu þykir nauðsyn til þess bera, en eg vil enn taka það fram, að það á alls ekki inn í þetta frumvarp, heldur inn í frumvarpið um byggingarnefndina á Ísafirði.

Pètur Pètursson: Eg hefi heldur ekki neitt á móti því.

Jón Guðmundsson: Eg er á því, að ef spurning verður um hvar þetta viðauka-atkvæði ætti helzt inn í, þá sè það við 3. grein frumvarpsins um byggingarnefndina á Ísafirði, en ei við 16. grein í hinu frumvarpinu.

Pètur Pètursson: Það þarf ekki nákvæma yfirvegun til þess, að sjá, að viðauka-atkvæðið sjálfsagt á inn í frumvarpið um byggingarnefndina.

Pètur Guðjónsson: Eg skal leyfa mèr að benda mönnum á 8. grein, þar sem talað er um kosningu bæjarfulltrúanna; þar er nefnilega leyft eða skipað að kjósa á skriflegum seðlum. Þetta held eg sè miður hentugt; mèr datt í hug dæmið frá Dessau, þegar borgmeistara átti að velja þar, og gamli Leopold, sem bauðst til að lesa upp atkvæðaseðlana, las allt af það nafn upp af seðlunum, sem hann helzt vildi. Eg ímynda mèr því, að munnleg kosning muni í alla staði vera betri, og áskil eg mèr að koma með breytingaratkvæði í þá átt.

Jón Hjaltalín: Mèr datt þetta sama í hug og hinum háttvirtu konungkjörnu þingmönnum, er nýlega töluðu, nefnilega, að bæjarstjórnin mundi þar við geta fengið skaðleg umráð yfir prestssetrinu; það sèst og af ástæðunum til frumvarpsins, að presturinn þó hefir ímyndað sèr, að þetta gæti komið fyrir; eg ætla mèr því að aðhyllast viðauka-atkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns.

Jón Guðmundsson: Það er að vísu satt, það sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu segir um 8. grein, en eg get þó á hinn bóginn upplýst, að síðan 1847 eða 1848 hefir það jafnan verið álitið leyfilegt hèr í Reykjavík, að gefa atkvæði sitt á skriflegum seðli, ef kjósandi gjörir það sjálfur persónulega á kjörfundinum, og afhendir kjörstjórninni það á fundinum, og hefir það þá

verið tekið gilt; Þetta hefir ekki borið opt að hèr í Reykjavík, en þó nokkrum sinnum. Það er líka auðsætt, að vel getur staðið svo á, að sá sem getur komið á öndverðan kjörfundinn ekki geti beðið þar út fundinn, eða þangað til að honum kemur, og þegar svona stendur á forföllum manna finnst mèr næsta eðlilegt og sanngjarnt, að honum leyfist að neyta atkvæðisrèttar síns á þenna hátt sem frumvarpið ráðgjörir, heldur en að útiloka hann frá atkvæði sínu. Aðferðin hefir hèr verið sú, að kjörstjórnin hefir tekið við þessum lokaða seðli af kjósandanum, ásjáandi öllum kjörfundarmönnum, og skýrt frá því í heyranda hljóði; síðan, þegar að þessum kjósanda hefir komið á kjörskránni, þá hefir kjörstjórnin opnað þenna sama seðil hans frammi fyrir fundinum og lesið upp atkvæði mannsins, sem þar er skrifað. Þetta hefir hèr og sýnt sig í alla staði haganlegast, og enginn mælt nokkuru sinni í móti.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst 3. grein skrítilega orðuð; þar stendur: «allir fullmyndugir hafa *seinasta árið þegar* þeir borga 2 rd. *á ári*»; þetta kann eg ekki vel við; orðinu: «þegar» vil eg breyta í «ef», og «á ári» vil eg nema í burtu; eg ætla mèr því að koma með breytingaratkvæði í þessa átt.

Framsögumaður: Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að orðið «þegar», sè breytt í «ef», þyki mönnum þetta viðkunnanlegra, en mèr finnst greinin ekki ljósari fyrir það; «á ári» er sjálfsagt miðað við síðasta árið.

Konungsfulltrúi: Með þessari ákvörðun, að maður eigi að borga 2 rd. á ári, sem skilyrði fyrir kosningarrètti, er meint, að efnahagur mannsins sè þannig, að hann að minnsta kosti greiði 2 rd. á ári í bæjargjöld, þessi ákvörðun er samkvæm hinni tilsvarandi ákvörðun í reglugjörðinni, sem þingið hefir fallizt á fyrir Akureyri, og eg get því ekki álitið neina þörf á, að nokkur breyting sè gjörð í þessu efni í tilliti til Ísafjarðar, heldur sè rèttast að ákvörðunin standi óbreytt.

Benedikt Sveinsson: Viðvíkjandi orðunum «á ári» þá á breytingaratkvæði það, sem eg hefi í hyggju að koma fram með, að gjöra greinina einmitt skiljanlega í staðinn fyrir að mèr virðist hún vera, eins og hún er, óskiljanleg; en eg hefi ekki á móti því, að gjöra hana enn þá skiljanlegri með því að setja *það ár*, í staðinn fyrir *á ári*.

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs um að stofna

byggingarnefnd á Ísafirði. Niðurlagsatriði nefndarinnar liggur prentað fyrir þingmönnum. Hinn 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Sbr. síðari part alþ.tíð. bls. 197.

Það kunna nú ef til vill að koma fleiri breytingaratkvæði fram við þetta frumvarp, en breytingaratkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns, og mun eg þá svara þeim.

Pètur Pètursson: Hèr vildi eg þá koma með breytingaratkvæði það, er eg nefndi áðan, og bæta því við 3. grein, þannig hljóðandi: «Byggingarnefndin skal engi umráð hafa yfir lóð prestssetursins.

Jón Guðmundsson: Eg vil að vísu styðja breytingaratkvæði það, er hinn háttvirti 2. konungkjörni áskildi, en vildi þó hafa það nokkuð fyllra, eða bera upp við það breytingu; en við getum máske komið okkur saman um það. Eg áskil sem sè, að breytingaratkvæðið verði orðað á þá leið: Byggingarnefndin hefir engi *afhendingar umráð á lóð* prestssetursins. Þar í móti álít eg að hún megi og eigi ráða húsaskipun og búa til ásamt bæjarstjórninni áætlun eða almennt «plan», yfir niðurskipun bygginganna yfir höfuð innan lögsagnarumdæmisins, breidd og stefnu gatna og stræta o. s. frv., og það eins á lóð prestssetursins, eins og annarstaðar. Höfuðpósturinn er, að hvorki byggingarnefnd nè bæjarstjórn ætti að hafa nokkurn heimildar eða *afhendingarrètt* til húsabygginga á lóð prestssetursins.

Pètur Pètursson: Mèr virðist það ísjárvert að fallast á það, eins og það er orðað; því eptir því getur bæjarstjórnin búið til stræti gegnum lóð prestssetursins, og það getur valdið talsverðri skerðingu og skemmd á prestssetrinu.

Jón Guðmundsson: Nei, ekki virðist mèr það svo ísjárvert, því byggingarnefndin hefir engan afhendingarrètt, heldur er ætlunarverk hennar og verkahringur einungis þetta, að ráða skipun húsa og bygginga, stefnu stræta o. fl.; en hún hefir ekki vald til að úthluta húsastæði, eða svæði til stræta hvorki á kaupstaðarlóðinni og því síður á lóð einstakra manna.

Pètur Pètursson: Eg vona þá að hinum háttvirta varaforseta og mèr geti komið saman um að orða breytingaratkvæðið.

Framsögumaður: Eg vil að sönnu ekki berjast á móti þessu

breytingaratkvæði, þó mèr að öðru leyti virðist það óþarft. Mèr finnst hèr enginn vafi geta leikið á. Byggingarnefndin hefir engin umráð yfir lóð prestssetursins, eins og allir geta sèð. Eg tek til dæmis byggingarnefndina hèr í Reykjavík; aldrei hefir hún t. a. m. skipt sèr neitt af byggingum eða húsaskipun hèr á Rauðará, sem er opinber eign. Ef þingið annars skyldi fallast á þetta breytingaratkvæði, þá stendur mèr á sama.

Pètur Guðjónsson: Byggingarnefndin hèr hefir þó skipt sèr af byggingum á privatmanna lóð. Því hèr um árið ætla eg væri maður, sem byrjað hafði að byggja án þess að tilkalla byggingarnefndina, settur undir ákæru og sektaður við undirrètt, en var trúi eg frifundinn við landsyfirrèttinn. Líka hefir það átt sèr stað, að byggingarnefndin hefir þó heimtað sèr vald að ráða yfir eign einstakra manna, sem áður var opinber, og er slíkt mjög óeðlilegt. Því eg vildi ekki láta skipa mèr fyrir um, hvernig eg ætti að byggja á minni eigin lóð, og er það ekki síður óeðlilegt, að þvílíkt band sè lagt á menn í vissum embættum.

Framsögumaður: Þetta er að sönnu satt, að slíkt vald væri óeðlilegt, en dómur landsyfirrèttarins er ljós vottur um, að byggingarnefndin getur ekki haft slíkt vald.

Ásgeir Einarsson: Eg get ímyndað mèr eitt tilfelli. Setjum svo, að óglögg sèu landamerki milli lóðar prestssetursins og bæjarins. Skyldi nú prestur byggja of nærri húsum bæjarins, svo að í bága kæmi við reglur þær, sem settar eru um, að hús megi ekki vera of nálægt hvort öðru á kaupstaðarlóðinni til að fyrirbyggja eldsvoða, þá sýnist mèr hart, að byggingarnefndin skuli ekki hafa neitt atkvæði í þessu atriði málsins.

Framsögumaður: Það má prestur ekki, og eigi byggja nær öðrum byggingum, en 5 álnir, enda er það eina takmörkunin í umráðum, sem á hann er lögð.

Jón Guðmundsson: Hèr í Reykjavík hefir byggingarnefndin haft afskipti af öllum byggingum að því er viðvíkur nálægð þeirra hverra til annara, eður fjarlægð, stefnu þeirra, að ákveða stræti og götur milli húsanna, breidd og stefnu þeirra o. s. frv. Þenna verkahring hefir byggingarnefndin hèr í staðnum jafnan haft, og það jafnt á lóð jarðarinnar Reykjavíkur, á kaupstaðarlóðinni og á lóðum einstakra manna, enda hefir hún og ávallt verið tilkvödd, hvar sem byggja skyldi frá stofni í umdæmi kaupstaðarins. Seinast í fyrra kom það fyrir, að maður, er byggði timburhús á sjálfs síns

lóð, þótti sèr eigi skylt að kveðja til byggingarnefndina, en bæjarfógeti bar málið undir lögstjórnina, en með brèfi að mig minnir í fyrra vor, skar hún svo úr, að maðurinn hefði ekki átt með að byggja án þess að tilkveðja byggingarnefndina. Má hèr af sjá, að bæði byggingarnefndarlöggjöfin sjálf og skilningur lögstjórnarinnar á henni telur sjálfsagt, að nefndin hafi hin umræddu afskipti af og eptirlit með húsabyggingum í gjörvöllu lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, hver sem lóðina á. Að því er snertir landsyfirrèttardóm þann, er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu skýrskotaði til, þá er mèr hann ekki kunnur, enda hefir hann aldrei verið auglýstur í blöðunum, eða birtur opinberlega. En af því að hèr í frumvarpinu er svo ákveðið, að byggingarnefndin skuli »taka til« (»udvise«) hússtæði o. s. frv., þá getur skeð að þetta þyki mega skilja svo, að byggingarnefndin megi úthluta eða afhenda og heimila húsalóð einnig úr landi staðarins að Eyri, og einmitt til að girða fyrir þess leiðis misskilning er eg eigi ófús á að styðja breytingaratkvæði í líka stefnu eins og hinn háttvirti 2 konungkjörni bar upp. En í Reykjavík hefir samhljóða ákvörðun, í opnu brèfi 29. maí 1839, aldrei valdið misskilningi. Á lóðum einstakra eigenda hefir aldrei hvorki byggingarnefnd nè bæjarstjórninni komið til hugar að heimila öðrum húsastæði, nema með fullu leyfi lóðareigandans sjálfs. En þegar hefir verið að ræða um húsastæði á eignarlóð kaupstaðarins, þá er bæjarstjórnin jafnan spurð, hvort hún vilji afhenda eða heimila hússtæði, og segir hún þá já eða nei, eða með hvaða kjörum og skilyrðum það skuli vera.

Eiríkur Kúld: Eg hefi að eins fá orð að tala. Eg get því nær í öllu tilliti fallizt á breytingaratkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns. Menn ættu vel að athuga það, að presturinn á Ísafirði á öðrum reikning að standa en byggingarnefndinni, sem þar á að setja, því hann má ekki einu sinni breyta prestakalls húsunum án byskups leyfis, því síður leyfa öðrum að takmarka rètt prestakallsins, og verða menn að varast að leggja hapt á umráð prestsins um of í þessu tilliti. Eg stóð upp vegna þess, að mèr finnst breytingaratkvæðið má ske heldur lint, en eg vona, þó, að eg geti komið mèr saman við hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann, hvað breytingaratkvæði hans snertir.

Ásgeir Einarsson: Mèr finnst eitt atriði athugavert. Ef þyrfti að leggja veg gegn um Eyrarland, hvort presturinn þá getur haft móti því. Það væri ónotalegt bæði fyrir kaupstaðarbúa og aðra, ef

presturinn væri fríaður frá að leggja til efni og leyfa lóð til vegarins, sem þó er boðið eptir hinni nýju vegabótalöggjöf.

Pètur Pètursson: Hèr er talað einungis um götur og stræti gegnum tún prestsins.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg skal biðja hina háttvirtu þingmenn að færa mèr breytingaratkvæðin sem fyrst.

Þar næst kemur til umræðu og ályktunar, hvort nefnd skuli kjósa, bænarskrá úr Gullbringusýslu um *sveitastjórn*, og er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu flutningsmaður.

Pètur Guðjónsson: Bænarskráin hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 199.

Mèr þykir líklegt, að þingið taki þetta mál til meðferðar, fyrst þingið hefir áður tekið það í smáskömtum, t. a. m. með verzlunarstaðinn Akureyri og nú Ísafjörð.

Konungsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr að benda þinginu á það, sem stendur um þetta málefni í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis frá 1. júní 1861, þar af sèst, að stjórnin hefir tekið þetta mál til yfirvegunar, og að ekki hafði náðst það samkomulag um málið, að því þá yrði lengra haldið, en jafnframt lofar stjórnin að leggja málið fyrir þingið jafnskjótt og því verði við komið. Mèr virðist því varla vera þörf á, að nefnd sè sett í þetta mál, þar sem svona er ástatt.

Sveinn Skúlason: Það hefir verið vandi, þegar málin hafa legið vel lengi í salti hjá stjórninni, þá að gefa stjórninni hugvekju á ný til að minna hana á málefnin og flýta fyrir þeim. Slík hugvekja þykir mèr hèr góð og nauðsynleg, því þingmenn vita, að það er nokkuð langt síðan, að þetta áríðandi mál fór frá þinginu, og var þó þá búið að vera nokkuð á leiðinni.

Jón Guðmundsson: Eg vildi einungis gjöra þá fyrirspurn, hvort meiningin er að búa til frumvarp, og þá vil eg styðja nefnd, eða þá einungis endurnýja bæn til stjórnarinnar.

Sighvatur Árnason: Eg álít þetta nauðsynlegt mál í alla staði, og að þinginu sjálfsagt beri að láta sèr annt um að flýta fyrir því.

Jón Pálmason: Ef eg hefi tekið rètt eptir, er meiningin í bænarskránni sú einungis að vekja áhuga stjórnarinnar á því að flýta fyrir málinu, en ekki til að semja nýtt frumvarp og því fellst eg á hana, og vil eg mæla með nefnd.

Var síðan samþykkt með 19 atkv., að nefnd skyldi kosin í málið. Síðan var samþykkt 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Pètur Gnðjónsson með 21 atkv.
Stefán Thordersen — 9 —
Magnús Jónsson — 6 —

Var málið síðan afhent þingmanni Gullbringusýslu, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til umræðu á sama hátt bænarskrá úr *Rangárvallasýslu um sèrstaka verðlagsskrá.* Þingmaður Rangvellinga er flutningsmaður.

Sighvatur Árnason: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 200.

Hvað beiðni þessa snertir, er hún að mínu áliti rètt og á sönnum rökum byggð. En af því eg býst við, að hinir háttvirtu þingmenn vilji vísa málinu annan veg eptir reglum þeim, sem gilda um verðlagsskrár, nefnilega amtsveginn, vil eg geta þess, að sú aðferð hefir verið reynd af sýslubúum mínum árangurslaust.

Jón Guðmundsson: Hinum háttvirta forseta er kunnugt, að eg hefi afhent honum bænarskrá frá kjördæmi mínu líks efnis; en samt sem áður álít eg ekki þingveginn rèttan í þessum málum. Hinn háttvirti flutningsmaður hefir ei skýrt þinginu frá, hvort eða að hve miklu leyti, að beiðendur hafi upplýst málið nægilega fyrir amtinu og sannað nauðsyn þess með ljósum rökum áður en það synjaði þeim, eða hvort amtinu hafi ekki þótt skorta nægar ástæður, og einmitt synjað vegna þess. Þegar Skaptfellingar fóru þess á leit að fá verðlagsskrá fyrir Skaptafellssýslurnar sèr — en eg var aðalhvatamaður og stuðningsmaður þess, þótt einstökum tekjumönnum væri það í móti — þá var mèr þegar ljóst af verðlagskrárlöggjöfinni, að ekki ætti að fara þess á leit við alþingi, er þá var nýstofnað, og eg þá þegar orðinn alþingismaður Skaptfellinga, heldur yrði að snúa sèr til stiptsyfirvaldanna um þetta, eins og líka var gjört. En til þess að rèttlæta kröfur vorar á þessari breytingu, sýndum vèr Skaptfellingar og sönnuðum með órækum skýrslum og samanburði þeirra við skýrslurnar úr öðrum sýslum, hvílíkan halla vèr biðum árlega af því, að vera háðir sömu verðlagskrá eins og vestari sýslurnar. Eg verð því að álíta rettast að fara amtsveginn með þessar mínar bænarskrár, og verð því hèr að mæla móti nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg er hinum heiðraða þingmanni Vestur-

Skaptafellssýslu samdóma í því, að ekki sè þörf á nefnd í þessu máli. Í tilskipun 16. júlím. 1817 eru hinar almennu ákvarðanir um verðlagsskrárnar hèr á landi, en í konungsúrskurði, dagsettum sama dag, eru nákvæmari ákvarðanir um þetta málefni, og er þar meðal annars svo fyrir mælt, að verðlagsskrárnar skuli vera 4, ein fyrir hvern landsfjórðung, en jafnframt þessu ákveðið, að ef þörf þyki á sèrstakri verðlagskrá fyrir einhverja sýslu, þá geti amtmaður og byskup eður prófastur hlutazt til um það efni; þetta er þannig öldungis yfirvalda mál, og heyrir að mínu áliti ekki undir þingið.

Sighvatur Árnason: Hvað það áhrærir, er hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga drap á, að eg hafi ekki upplýst hann um ástæðu amtsins fyrir neituninni, þá vil eg geta þess, að hún var byggð á því, að Rangæingar hefðu ekki næga ástæðu fyrir beiðni sinni, en eigi á skýrsluleysi. En þeir þar á móti skoða svo málið, að fyrir þessa neitun hafi þeir ástæðu til að fara þingveginn með málið eptir seinni hluta 77. gr. alþingistilskipunarinnar.

Pètur Guðjónsson: Eg er í þessu máli samdóma hinum háttvirta varaforseta. Árið 1856 eða 1857 fóru Rangæingar fram á þetta sama; málið var yfirvegað vandlega, og eg hygg það hafi farið til stjórnarinnar. En við samanburð á uppteiknunum til verðlagsskrár frá Rangárvallasýslu við sömu uppteiknanir frá öðrum sýslum, varð munurinn svo lítill, að það þótti ekki geta orðið umtalsmál að setja Rangárvallasýslu taxta sèr í lagi.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi því atriði í ræðu hins háttvirta þingmanns er síðast mælti, að munurinn hafi verið lítill, vil eg spyrja, hvað hann álíti verulegan mun eða óverulegan í þessu tilliti; það er í fyrsta áliti lítill munur 1 sk., sem eg er sannfærður um að hefir átt sèr stað og stundum frá einum til tveggja, og verður það sannarlega verulegur munur og dregur sig fljótt saman á mörgum álnum.

Konungsfulltrúi: Eg efast eigi um, að ef hlutaðeigendur geta sannað, að þörf sè á sèrstaklegri verðlagsskrá fyrir einhverja sýslu, þá muni þeir geta fengið hana, ef þess er farið á leit á tilhlýðilegan hátt, og sè eg því eigi ástæðu til, að þingið taki málið til meðferðar.

Björn Pètursson: Af því að það er orðin venja að vísa slíkum málum, sem þingið er ráðalaust með, gegnum forseta sinn til

hlutaðeigandi yfirvalda, sting eg upp á, að þessu máli sè einnig vísað þá leið.

Forseti: Málinu er ekki vísað þann veg af neinu ráðaleysi, heldur eptir frjálsri ályktun þingsins, þegar sá vegur þykir hentugri.

Jón Guðmundsson: Ef flutningsmaður álítur málið svo ljóst, að yfirvaldið taki það til greina, þá sèst, að þingið vill styðja málið. En þingið getur ekki farið eptir öðru en nægum og ljósum rökum, og því verða beiðendurnir að koma með upplýsingar, sem sanni, að þeir hafi fullar ástæður fyrir beiðni sinni.

Eiríkur Kúld: Það er hvorttveggja, að eg hefi enga bænarskrá þessa efnis meðferðis, enda ætla eg eigi að mæla með nefnd í þessu máli. En af því við hefir borið, að nefndir hafi verið settar hèr í sum mál, sem mèr fannst ei sèrlega þurfa við, þá ætla eg nú að áskilja mèr, ef nefnd verður sett í þetta mál, að koma með uppástungu til nefndarinnar, hvað verðlagsskrár Vesturamtsins snertir, því eg hefi orðið var við óánægju í vesturamtinu út af verðlagsskránni, og að því leyti gladdist eg af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, þar sem hann gaf mèr von um, að bót yrði ráðin á þessu í Vesturamtinu, án þess að það þurfi að koma til alþingismeðferðar, því þar ættu að eg held að minnsta kosti að vera 2 verðlagsskrár, ef ekki enda sín fyrir hverja sýsla.

Sighvatur Árnason: Eg játa það að sönnu, sem hinn háttvirti varaforseti gat um, að skýrslur fylgja eigi nógu nákvæmar; en þær er nú hægt að fá, ef á þarf að halda, og mikil ástæða er í raun og veru fyrir beiðni þessari. Það er mèr fullkunnugt.

Hjálmur Pètursson: Eg fyrir mitt leyti er ánægður með upplýsingu hins hæstvirta konungsfulltrúa, því fremur sem eg hafði þá meiningu, að þetta málefni heyrði undir hlutaðeigandi amtmenn hvern í sínu amti, en þyrfti ekki að koma til alþingis aðgjörða; en af því eg veit til að sama óánægja hefir lýst sèr í Mýrasýslu, þá vil eg með þingmanni Barðstrendinga geyma mèr sömu uppástungu, komist málið til nefndar, hvað eg álít að ekki þurfi.

Jón Bjarnason: Þar eð eg hefi orðið var við líka óánægju í kjördæmi mínu, geymi eg mèr sömu uppástungu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er öll von, að þingið hafi harðar hægðir eptir þessar umræður, en lesi menn úrskurðinn frá 1817, er vonandi, að hægðir þingsins batni (*Forseti:* Eg

óska að þingmenn varist slík orðatiltæki, sem eru bæði klúr og eiga ekki heldur við málið).

Stefán Eiríksson: Eg er nú að vísu á sömu skoðun og sumir af þeim þingmönnum, sem talað hafa móti nefnd í þessu máli; bænarskráin sýnir engan samanburð á verðlagi í Rangárvallasýslu við verðlag í næstu sýslum, en þetta þyrfti hún þó að sýna; og þar hinn háttvirti konungsfulltrúi og fleiri hafa sýnt fram á, að það er engin nauðsyn á fyrir beiðendurna að fara þingveginn með málið, heldur til amtsins, sem hefir vald til að fullnægja ósk beiðendanna um sèrskilda verðlagsskrá, sè óskin á rökum byggð, þá vil eg leyfa mèr að skjóta því til hins heiðraða flutningsmanns, hvort hann nú ekki vilji taka aptur bænarskrána, þar fyrirsjáanlegt er hún muni verða felld; því þó amtið hafi áður neitað beiðendunum um sèrstaka verðlagsskrá, getur vel skeð, ef málið á ný væri lagt fyrir amtið með nákvæmum samanburði við aðrar sýslur, að það (amtið) fyndi ástæðu til að láta að ósk beiðendanna ef samanburðurinn bæri það með sèr, að verðlagið í Rangárþingi væri lægra en í Árnes- og Gullbringusýslum.

Sighvatur Árnason: Eg vil ekki taka bænarskrána aptur, því þó henni verði hrundið frá þinginu við atkvæðagreiðsluna, er jafnt opinn vegur enn á ný til amtsins, ef hlutaðeigendum væri annt um málið.

Forseti: Fyrst að þingmaðurinn vill ekki taka aptur bænarskrána, skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli sett í málið eða ekki.

Var þá málið fellt frá nefnd með 18 atkvæðum.

Forseti: Það var talað um að fela forseta á hendur að skrifa stiptamtmanni um þetta mál, en þar eð svo lítið er fram komið því til skýringar má þetta virðast gagnslítið, og ber eg það því eigi upp til atkvæða að svo komnu.

Björn Pètursson: Eg leyfði mèr áðan að stinga upp á því, að þingið fæli forseta sínum að rita stiptamtmanni um málið.

Forseti lèt þá eptir áskorun þessari greiða atkvæði um, hvort skyldi skrifa stiptamtmanni um málið, og var það fellt með 18 atkvæðum.

Forseti: Þá kemur þar næst til umræðu bænarskrá úr Gullbringusýslu *um spítalahlutina.* Flutningsmaður hennar er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra hana svo sem þörf gjörist.

Pètur Guðjónsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, og hljóðar hún þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 201.

Bænarskráin tekur sjálf fram þær ástæður, er hefir knúð beiðendurna, til að senda hana. Það eru nú eiginlega helzt tvær ástæður, sem beiðendurnir bera fyrir sig, og sem mikið er í varið, að spítalahlutirnir sèu lagðir eingöngu á hinn stopulasta og lífshættulegasta atvinnuveg landsins, gjaldist óreglulega, og að þetta gjald sè mjög misjafnt krafið og eptir ýmsum grundvallarreglum jafnvel í hinum sömu veiðistöðum. Það hefir, t. a. m., opt verið heimtaður spítalahlutur af skipi, þar sem 2 eða 3 bátshafnir fyrsta róðrardag eptir páska hafa sameinað sig um að róa á skipi; þetta ber nefnilega opt við, þegar veður bannar að sækja sjó á bátum þann dag. En spítalahlutir hafa samt sem áður verið teknir af þeim sömu mönnum aptur, þegar þeir hafa róið í næsta skipti á bátunum. Þetta er nú gagnstætt orðum tilskipunarinnar, þar sem tiltekið er, að sá sem rær til fiskjar skuli gjalda spítalahlut einu sinni á ári (*Jón Bjarnason*: Er það ekki á einum degi? (*Forseti;* Ekki samræður!). Það er nefnilega þannig tiltekið í tilskipuninni, að sá sem rær til fiskjar, skal skipta spítalasjóðnum hlut af öllu því, er hann fiskar hinn fyrsta dag, er hann rær eptir páska. Ákvarðanir tilskipunarinnar um, að spítalahlutinn skuli gjalda «einu sinni á ári» og af öllu því sem aflist «þann dag» (nl. fyrsta róðrardag eptir páska), og loksins það atriði, að hún virðist binda gjaldið við skipin, sem til sjóar ganga, geta ekki annað en valdið misskilningi, enda hafa þær og verið ýmislegum skilningi háðar, eigi einungis gjaldenda heldur einnig stjórnenda spítalanna. Það hefir því orðið ágreiningur út af þessu, þegar verið hefir tví eða þríróið. Sumir hafa skipt hlut af þeim fiski, er þeir hafa fiskað í öll skiptin, sumir að eins af því, er þeir hafa fiskað í fyrsta skiptið. Aðrir aptur gjalda ekkert, og nú í ár er gefið nýtt dæmi hèr upp á, þar sem einn maður í Gullbringusýslu, sem fèkk 60 fiska hlut til að skipta spítalanum, vildi ekkert gjalda og hefir ekki enn goldið neinn spítalahlut í ár. Kaupandi spitalafisksins hefir reyndar klagað þetta, en enga rèttingu á því fengið. Þessi dæmi sýna nú ljóslega, að tilskipunin hefir yfirlifað sjálfa sig, hún er orðin úrelt, því að hún er ógreinileg og misskilningi undirorpin bæði fyrir gjaldendurna og þá er leggja eiga gjaldið á, og sýnir það sig bezt í því, að stjórnendur spítalanna hafa fyrir löngu vikið

frá reglum tilskipunarinnar um gjaldheimtuna og hversu hlutnum skal koma í peninga, af því þær eru óhentugar. Hèr er og enn annað atriði, sem vert er íhugunar, nefnilega það, að tilgangi spítalahlutanna er nú breytt, þar sem spítalarnir eru undir lok liðnir með konungsúrskurði 12. ágúst 1848. En þar sem nú síðan allir landsmenn hafa gagn af spítalasjóðunum, þá finnst mèr það ekki sanngjarnt, að sjóarbændur einir greiði þenna toll, heldur virðist það miklu sanngjarnara, að allir búendur landsins bæri þenna kostnað, þar sem hann gengur í þarfir alls landsins. Beiðendur bænarskrárinnar munu hafa hugsað sèr þetta svo, að gjaldi þessu væri jafnað niður á sveitarsjóðina eptir efnahag þeirra, þó að eins svo, að aðalupphæð gjaldsins eptir síðasta 5 ára meðaltali verði sú upphæð, sem jafna ætti niður á allt landið.

Konungsfulltrúi: Eins og þinginu er kunnugt af hinni konunglegu auglýsingu, er stjórnin nú að starfa að málefni þessu, og vantaði ekki nema herzlumuninn, til þess að það gæti komið fyrir þingið í þetta skipti, sè eg því ekki, að þörf sè á að setja nefnd í þetta mál. En ef það er meiningin í bænarskránni, að þingið eigi að fara að búa til lagafrumvarp um þetta, þá er það varhugavert meðan menn ekki þekkja skoðun stjórnarinnar á málinu. Eg verð því, eins og eg áður hefi tekið fram, að ráða frá nefnd, því eg held að það muni ekki flýta neitt fyrir málinu.

Eiríkur Kúld: Eg verð að kunna hinum háttvirta flutningsmanni þakkir fyrir, að hann kom máli þessu í hreifingu, þó að eg þekki ekki til, að svona mikil óánægja eigi sèr stað vestra út af þessum spítalahlut. Eg á það nefnilega hinum háttvirta flutningsmanni að þakka, að eg fæ hèr tækifæri til að kynnast málinu betur, en samt get eg ekki mælt með nefnd í málinu. Það sem mèr virðist fyrst athugandi við þessa bænarskrá er nú það, að sagt er, að hún sè frá «nokkrum kjósendum í Gullbringusýslu». Það skiptir nú miklu að mínu áliti, fyrst hversu margir þessir «nokkrir» eru, þeir geta verið kannske 3, eða kannske 300, og er á því mikill munur. Það skiptir líka miklu, hverjir þessir «nokkrir kjósendur« eru, hvort það eru fiskimenn, sem að lögum eiga að greiða gjaldið, eða það eru þeir, sem bænarskráin vill leggja það á. Það er yfir höfuð mikill galli á bænarskrám, þegar menn eigi vita frá hverjum þær eru, því það getur leitt þingið ef til vill í vafa um, hvað ráða skuli af með málefnið sjálft. Að öðru leyti eru nú komnar svo margar bænarskrár inn á þetta þing, að eg held að það fái nóg að verja

kröptum sínum til, þótt þessi bænarskrá verði ekki tekin til meðferðar. En þó nú bænarskráin beri það fyrir, að tilskipuninni frá 1746 sè ekki hlýtt hèr syðra, þá, ef það er satt, er eg hræddur um, að þótt tilskipuninni væri nú kastað og ný lög kæmi, að menn mundu ekki hlýða þeim betur. Þá er það nú sagt í bænarskránni, að sala og greiðsla á spítalafiskinum hèr syðra fari fram gagnstætt löggjöfinni; þetta þykir mèr mjög ótrúlegt, að eigi sèr stað hèrna rètt undir handarjaðrinum á stiptsyfirvöldunum, sem eru umsjónarmenn þessara sjóða. Það er nú líka sagt í bænarskránni, að gjald þetta sè lagt á stopulan og hættulegan bjargræðisveg. Eg játa það nú fúslega, að sjóferðir eru mjög hættulegar, því að eg er þeim svo kunnugur; en á þá atvinnuvegur þessi að sleppa hjá gjaldinu, af því hann er hættulegur, því svo eru fleiri atvinnuvegir; en eg vil biðja hinn háttvirta flutningsmann líka að gæta að því, að þetta eru svo að kalla þau einu útgjöld, sem hvíla á þessum bjargræðisstofni, þar sem flestum öðrum útgjöldum er fleygt yfir á landbúnaðinn. Eg vil nú enn fremur spyrja hinn háttvirta flutningsmann að því, hvort að ekki sè sanngjarnt að taka meira gjald af 1 hundraði í fiskibátum hèr í Gullbringusýslu, en af 1 hundraði í hestum upp til dala, því að þótt svo óheppilega kunni til að takast eitt ár, að bátsútgerðin borgi sig hèr ekki, þá vinnst það upp tvöfalt og margfalt annað árið, en hve nær getur ágóðinn af hestahundraðinu jafnazt við ágóðann af bátnum, þegar nokkurn veginn aflast? Bænarskráin fer að eins fram á, að kippt sè fótum undan tilsk. 1746, og beiðendur hafa þá, að því sem sèð verður af bænarskránni, fengið það sem þeir biðja um. En það sýnist þá sem þeir hafi gleymt reskriptinu af 26. maí 1824. Það er þó fullkomlega eins greinilegt og tilskipunin frá 1746, og það er svo ljóst, að það þarf ekki að misskiljast. Það er reyndar eitt orð í því, sem mèr sjálfum er ekki full-ljóst, og vildi eg biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa um upplýsingu á því. Það stendur nefnilega í reskriptinu, að spítalahlut skuli gjalda af »Steenbidere«. Eg veit, að það, sem Danir kalla »Steenbider«, eru hrognkelsi, en aptur á móti veit eg eigi neinstaðar til, að spítalahlutir sèu goldnir af þeirri veiði. En eg ímynda mèr, að meint sè til steinbítsafla í vestursýslum Vesturamtsins, þó Danir kalli vanalega steinbít »Söulk«. Mèr virðist nú sem bænarskráin hafi lagt mesta áherzlu á, að spítalahluturinn verði úr lögum numinn að eins af þorskafla. En reskriptið frá 1824 tekur skýrt fram, að spítalahlut

skuli gjalda líka af öðru, t. a. m. hákarlsafla, því að það er tekið fram, að það eigi að vera 1 pottur af lýsi og 5 pund af verkuðum hákarli af hverjum 10 hákörlum. Eins er með fuglatekju, að 4 eiga að gjaldsat af hverju hundraði eða 25. hver fugl. Eg veit nú að kofnatekja er hèr í eyju rètt hjá Reykjavík, og þykir mèr óliklegt, að tollinum af þeirri veiði sè alveg sleppt. En hefði beiðendurnir ætlazt til, að þessi spítalahlutur væri líka aftekinn, og honum líka fleygt yfir á landbúnaðinn, þá furðar mig á því, ef þeim hefir gleymzt að taka það nógu skýrt fram, enda hefði það ekki mælt með bænarskránni í mínum augum. Meðan eg fæ eigi frekari skýrslu um allt þetta og þar á ofan allar þær ástæður eru hraktar, er eg hefi tekið fram, þá verð eg alveg að mæla á móti nefnd í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Þar sem hinn háttvirti þingmaður, er seinast mælti, skaut því til konungsfulltrúa, að hann vildi útskýra þá ákvörðun í reskriptinu frá 1824, er hann til nefndi, þá get eg að vísu eigi fundið mèr skylt að leggja á neinn úrskurð um þýðingu þessarar ákvörðunar, en eg skal að eins geta þess, að mèr fyrir mitt leyti virðist ýmislegt benda á, að orð það, sem hèr er um rætt, muni í konungsbrèfi þessu haft um þann fisk, er á voru máli heitir steinbítur.

Pètur Guðjónsson: Það er merkilegt, hvernig varaþingmaður Barðastrandarsýslu hefir lesið og heyrt bænarskrána, þar sem hann segir, að í bænarskránni sè að eins talað um spítalahluti af þorskveiði. En það stendur þó með skýrum orðum í bænarskránni: af *alls konar fisk- og fuglveiði.* Hann færði það eitt sem ástæðu móti bænarskránni, að hann vissi ekki, hverjir eða hvað margir væri frumkvöðlar hennar; en hvað varðar um það? Er ekki mest undir því komið, hvort málefnið sè þess vert, að það sè tekið til greina, og hvort það sè rèttlátt og sanngjarnt, sem beiðendurnir hèr fara fram á. Mèr virtist þingmaðurinn að öðru leyti fara mjög fljótlega yfir, og, ef til vill, eigi sem hæfilegustum orðum um bænarskrána. Það gjörir ekkert til, hverja atvinnu beiðendurnir hafa; en það er víst, að þótt frumkvöðlar bænarskrárinnar sèu ekki margir, þá eru þeir til svo hundruðum skiptir bæði hèr og víðar, sem eru óánægðir yfir þessari álögu eins og tilhögun hennar er nú. Eg get eigi haldið, að sú sanngirnistilfinning sè útdauð, sem álítur það órètt, að leggja þenna skatt á þann eina bjargræðisveg, þar sem skatturinn þó kemur öllum landsmönnum til góða. Við-

víkjandi því, sem þingmaður Barðstrendinga sagði, að eigi væri farið með spítalahlutina samkvæmt lögunum, þá er það einmitt tekið fram í bænarskránni, að tilhöguninni á meðferð þeirra hafi verið breytt einmitt til hagsmuna fyrir spítalasjóðina, og virðist mèr þar með sýnt og sannað, að hvorki þessi gamla tilhögun tilskipunarinnar nè ákvarðanir hennar yfir höfuð eigi við lengur.

Jón Hjaltalín: Eg stend eigi upp í þeim tilgangi að styðja þetta mál, því að eg verð að mæla á móti nefnd í því af tveim ástæðum. Það er þá fyrst, að í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis í ár stendur, að þetta mál sè nú til meðferðar hjá stjórninni. Í vetur var hèr sett nefnd til að íhuga það, og hún sendi stjórninni álit sitt um það, en stjórnin segir hèr, að hún hafi sent amtmönnunum til álita úrslit þessarar nefndar. Eg vil nú ekkert tala um, hvort þessari nefnd hefir tekizt vel eður ekki, en þar eð þeir 2 menn voru þó í henni, er lengst hafa haft umsjón spítalahlutanna á hendi, það er að segja stiptsyfirvöldin, þá er líklegt, að álit hennar fái framgang, og þá kemst jöfnuður á; þess vegna vil eg eigi styðja nefnd í þessu máli núna. Þá er annað, sem eg verð að biðja menn að aðgæta vel, af því að hèr er farið fram á að lètta gjaldi á sjómönnum, og það er það, að nú eru einmitt í undirbúningi umkvartanir yfir því, að of lítil gjöld hvíli á sjóarbændunum. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir sèð ástæðurnar fyrir þeim, og það mun verða slæmt fyrir hann að hrekja þær; en það má þingið eiga víst, að ef þessi bænarskrá fær framgang á þinginu nú, þá kemur landstormur á móti henni af bænarskrám úr sveitunum. Það eru heldur ekki sjómenn einir, sem bera þetta gjald, heldur róa margir úr sveitunum við sjóinn og borga þá spítalahlut eins og sjómenn. Það er annars hægt að sjá mismuninn á gjaldaþunga þeim, sem sveitabændur og sjávarbændur hafa að bera. Eg vil nú að þingið bíði við, þar til það sèr, hvað stjórnin gjörir, því að eg efast eigi um, að það verður hagfellt. En það get eg eigi annað en álitið ótímabært að fara nú að setja hèr nefnd í þetta mál.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil engan veginn rífa niður bænarskrána. Tilskipunin 1746 er í mörgu óhentug og þarf leiðrèttingar við. Vegna þess, að eg fellst algjörlega á ástæður þær, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, verð eg að mæla móti nefnd. Eins og kunnugt er, skipaði stjórnin nefnd manna hèr í Reykjavík í fyrra til að gjöra uppástungur um þetta mál, en stjórn-

in hefir þótzt þurfa að leita álits amtmannanna um uppástungur nefndarinnar, og álít eg því rèttast að fresta málinu þangað til frumvarp um það kemur frá stjórninni, og þá getur flutningsmaður komið með þær uppástungur, er hann vill gjöra fyrir hönd kjósenda sinna. Orð stjórnarinnar í auglýsingu konungs til alþingisins geta menn álitið sem loforð um að málið komi fyrir næsta þing og álít eg þess vegna að þingið eigi ekki að ítreka bæn sína að þessu sinni.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls er umræðunni lokið, og vil eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um hvort nefnd skuli setja.

Var þá gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Þá kemur til umræðu bænarskrá úr Vestmannaeyjum um breyting á tilskipun um *spítalahluti*. Þingmaður Vestmannaeyja gjörir svo vel að lesa bænarskrána, og skýra þinginu frá málinu svo sem þörf gjörist.

Stefán Thordersen: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 203.

Eptir því sem þingið að undan förnu hefir tekið í mál þau, er það áður hefir leitt til lykta, og menn síðan beiðast breytingar á, ímynda eg mèr, að eg muni ekki eiga upp á háborðið hvað bænbænarskrá þessa snertir. Þótt eg ekki sè bænarskránni að öllu leyti samdóma, er eg henni þó að mestu leyti meðmæltur; því að það er satt, að Vestmannaeyjabúar verða harðara úti en aðrir innbúar landsins, hvað borgun til spítalasjóðsins snertir, þar sem þeir gjalda af *öllum* sínum bjargræðisvegum, sem í rauninni ekki eru nema 2, nefnilega fiskiveiðar og fuglveiði; annað get eg ekki talið, því þó að kláðinn ekki hafi náð þangað, má þar þó nærri því sauðlaust heita, og fjárræktin eintómt briarí; eg get sannað að þeir eru dauðans fátækir, og finnst mèr því ósanngjarnt, að láta þá borga af öllum bjargræðisvegum sínum. Eg álít það mannúðlegt af þinginu að skipta sèr af þessu fámenna og afskekkta hèraði. Eg skal geta þess, að sagt hefir verið, að Vestmannaeyjar væru bezt farnar hvað læknahjálp snertir; þetta er satt, að segja þegar þær hafa lækni; en þegar þær eru án hans, eru þær allra hèraða verst farnar, því opt er það mánuðum saman, að enginn kemst milli lands og eyja nema fuglinn fljúgandi, en opt hafa Eyjabúar mátt vera læknislausir langa hríð. Eg vil biðja þingið að setja nefnd í

málið, en fallist það ekki á það, óska eg, að sem minnstar umræður verði um bænarskrána, en að hún megi fá hægan og rólegan dauðdaga.

Konungsfulltrúi: Eg verð fastlega að ráða frá nefnd í þessu máli, því mèr finnst það ótilhlýðilegt, að þingið fari nú að biðja um breyting á því, sem svo nýlega hefir ákveðið verið samkvæmt því sem þingið sjálft hafði beðið um. Mèr fannst þingmaðurinn ekki heldur gjöra sèr miklar vonir um þetta mál, og vona eg því, að þingið fari ekki að eyða tíma fyrir sèr á því, með því það er og mjög ólíklegt, að nokkur árangur yrði af því.

Stefán Thordersen: Eg get ekki álitið þessa ástæðu næga, því ef að þingið hefir gjört eitthvað rangt, ætti það sem fyrst að kippa því í lag, en ekki fara að eins og kerlingin og segja: Klippt er það, klippt er það, ekki skorið. Vonir *mínar* koma ekki málinu við.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki sèð að komnar sèu fram neinar nýjar upplýsingar, sem þingið eigi hafði fyrir sèr, þegar það bað um, að spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum gengi til læknasjóðsins, og sè því enga ástæðu til, að nú sè farið að biðja um breyting á þessu.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst þingið ekki eiga að biðja um breytingu nema að fullar ástæður sè til, en eru þær komnar hèr fram? Eg held ekki. Ástandið á Vestmannaeyjum er að vísu bágt, en þó að læknir deyi á Vestmannaeyjum er það einungis óheppni og tilviljun. Eg skal gjöra það, sem í mínu valdi stendur, til þess að þar verði ekki lengi læknislaust, og það því fremur sem eg hefi tekið eptir, að þar er sóttnæmt mjög og manndauði mikill þegar veikindi ganga. Eyjabúar verða að bera útgjöld til læknasjóðsins jafnt og aðrir, sem enga lækna hafa; þeir mega ekki skorast undan byrðum þeim, sem hvíla á mönnum á útkjálkum landsins; eru t. a. m. menn á Langanesi og í Skaptafellssýslu ekki miklu ver farnir, hvað læknishjálp og alla aðdrætti snertir. Vestmannaeyjar eru vel settar og þar er vel lifandi; en heyrt hef eg að þar væri heldur óregla og menn í skuldum hjá kaupmönnum; á þessu sýnist mèr menn ættu að ráða bót. Sessunaut mínum mun vera þetta gagnkunnugt síðan hann var þar sýslumaður. Mèr finnst þingið ekki eiga að eyða tíma sínum við mál þetta, og mæli eg þess vegna móti nefnd.

Stefán Thordersen: Eg mótmæli algjörlega því sem hinn hátt-

virti konungkjörni þingmaður sagði um óregluna á Vestmannaeyjum, og eg held honum væri nær að líta í kringum sig rètt undir handarjaðrinum á sjálfum sèr hèr í Reykjavík; það sem hann sagði um kaupmennina á Vestmannaeyjum og verzlunina þar, má hann eiga sjálfur, enda virðist það ekki eiga sem bezt við að tala hèr um einstaka menn, sem ekki eru til staðar til að forsvara sig, en eg get samt frætt hann á því, að þar er þó betra verð á ýmsri vöru en hèr í sjálfum höfuðstaðnum; þar er t. a. m. $^1/_2$ dal ódýrari matartunnan en hèr. Það er ranghermt, er hann segir, að Eyjabúar vilji skorast undan almennum gjöldum; þeir vilja borga af fiski eins og aðrir en ekki af fuglveiði, og get eg ekki kallað það heimtufrekju.

Jón Hjaltalín: Það sem eg hefi sagt um verzlunina, hefi eg frá sessunaut mínum sjálfum. Eg get líka sýnt afskript af heilbrigðisskýrslum, og mun þar á mega sjá ýmislegt reglusemi nni viðvíkjandi.

Stefán Thordersen: Til þess að forðast málalengingu og fara ekki að eltast við orð, skal eg láta mèr nægja einungis algjört að neita því, sem hinn háttvirti konungkjörni þingmaður sagði.

Forseti: Umræðunni er þá lokið, og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja í málið.

Var þá gengið til atkvæða og bænarskráin felld frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 6.

Forseti: Þá kemur til umræðu bænarskrá úr *Austur-Skaptafellssýslu* um *tíundarreglugjörð;* þingmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu gjörir svo vel að lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá því sem þörf gjörist.

Stefán Eiríksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 205.

Stefán Eiríksson: Þó eg hafi heyrt það á sumum þingmönnum utan þings, að þeir ekki mundu gefa atkvæði með, að nefnd yrði sett í þessu máli, þá vil eg biðja menn vel að aðgæta, að málið er mikilsvert í sjálfu sèr og varðar allt landið, og þingið hefir tekið mál til meðferðar, sem eru þó ekki merkilegri en þetta mál; mál þetta hefir líka áður komið til þings nefnilega 1849; þá komu bænarskrár frá 2 sýslum landsins og málið var þá tekið til nefndar, en nefndin kom þá fram meðal annars með það álit sitt, að öllum hestum eða hrossum væri sleppt frá tíund, og því fèll

málið við ályktarumræðu. Það er nú engan veginn meining mín eður bænarskráarinnar, að setja niður allan tíundarpening eður minnka þær tegundir, sem áður hafa verið lagðar á tíund, en bænarskráin fer fram á að jafna niður lausafjárhundruðin, því þau eru mjög ójöfn, og þar sem talað er um í bænarskránni, að sleppa frá tíund veturgömlum nautpening, þá álít eg það öldungis rètt, og ekki einasta það, heldur að sleppa ætti öllum tvævetrum nautpening, því þess háttar gripir borga ekki þvílíkt kostnaðinn, og er því óviðurkvæmilegt að borga af þeim pening tíund; án þess eg tali meira með bænarskránni vona eg, að þingið taki málið til nefndarkosningar.

Forseti: Fyrst að enginn tekur til máls vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Þá var gengið til atkvæða og var bænarskráin felld frá nefnd með 16 atkv. gegn 2.

Forseti: Þá kemur til umræðu bænarskrá frá *Vestmannaeyjum* um *uppgjöf á jarða-afgjöldum*. Þingmaður Vestmanneyinga er ekki við staddur í þessu vetfangi, og skal eg því biðja skrifara að gjöra svo vel og lesa upp bænarskrána.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Sbr. síðari part alþ.tíð. bls. 206.

Halldór Kr. Friðriksson: Fyrst að flutningsmaður bænarskrárinnar er nú kominn, skal eg afhenda honum hana, enda mun hann mæla betur með henni en eg.

Stefán Thordersen: Eg verð að mæla fram með bænarskránni, þó eg álíti hana nokkuð sèrstaklega, því það get eg vottað, að það sem í henni stendur er satt, og að mikil, já fjarska mikil sveitarvandræði eru í Vestmanna-eyjum.

Eiríkur Kúld: Eg verð heldur að vera á móti nefnd, því mèr virðist málið öldungis administrativt. Sú ástæða að gefa upp gjald þetta, af því að 100 búendur þar eigi að greiða 700 ríkisdali í sveitargjöld, vegur ekki svo mikið í mínum augum, því eg get nefnt til hrepp, þar sem um 50 búendur eiga að greiða 1200 rd. í sveitarþarfir; flutningsmaðurinn vill þannig að minni hyggju ástæðulítið láta lètta á einum hrepp, nefnilega Vestmanna-eyjahrepp, lögskipuðu og sanngjörnu skyldugjaldi, en eg vil benda honum á, að allar slíkar undanþágur eru og verða ætíð óvinsælar, og því ræð eg frá nefnd í þessu máli.

Stefán Thordersen: Fyrst að hinn háttvirti þingmaður fann ástæðu til að mæla móti nefnd, og rengir sveitarþyngslin í Vestmanna-eyjum (*Eiríkur Kúld*: Nei!), skal eg einungis geta þess til upplýsingar, að af þessum 100 búendum, sem bænarskráin um getur eru, samkvæmt útskript af sveitarbókinni 58 gjaldendur, 42 eru fyrir fátæktarsakir gjaldfríir, og 20 af þeim þiggja af sveit.

Konungsfulltrúi: Eg fellst á það, sem hinn heiðraði varaþingmaður Barðastrandarsýslu sagði. Sú aðferðin hefir að undan förnu verið við höfð, að þegar leiguliðar hafa sótt um, að fá jarðagjöld upp gefin eður lækkuð af einhverjum sérstaklegum ástæðum, þá hefir verið farið til amtmanns og stjórnarinnar með málið, og hafa hlutaðeigendur þá á stundum fengið bænheyrslu. Málefni þetta er svo umboðslegs efnis, að eg verð að ráða þinginu frá að setja nefnd í það.

Stefán Thordersen: Eg er samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að margir mundu koma á eptir; en öðruvísi stendur þó á á Vestmanna-eyjum en annarstaðar, því þar eru allir konungs landsetar, því þar á konungur hverja þúfu, en annarstaðar ekki nema jörð og jörð á stangli.

Halldór Kr. Friðriksson: Beiðendur ættu að minnsta kosti fyrst að leita til yfirvaldanna.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er umræðunni lokið, og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Var þá gengið til atkvæða, og bænarskráin felld frá nefnd með 17 atkvæðum.

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12. Eg vil geta þess, að seinustu dagana hafa ekki komið til mín nein nefndarálit; vil eg því biðja þingmenn að hraða sèr með nefndarálit, að minnsta kosti í hinum einfaldari málunum, því þau ætti að geta verið búin nú þegar; einnig vil eg biðja þingmenn að leiðrètta ræður sínar sem fyrst þeir geta, svo þingskrifarar þurfi ekki að standa uppi iðjulausir; það hefir áður verið viðtekið, að fundir mættu liggja 3 daga á lestrarsalnum, til þess að þingmenn geti leiðrètt ræður sínar, en það er sjálfsagt, að þessi frestur er hinn lengsti tími, og mjög óskandi, að fresturinn verði

sem stytztur, og þetta verður einungis með því móti, að þingmenn noti hann sem bezt.

Fundi slitið.

---

8. fundur. — .12 júlí.

Allir á fundi nema hinn fyrsti konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín. Þingbók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Pètur Guðjónsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, sökum þess að sveitarstjórnarnefndin eigi getur »constituerad» sig, af því hinn 3. meðlimur hennar er ekki enn kominn til þings, hvort hún þá eigi megi taka þann þingmann, er fèkk jafnmörg atkvæði.

Forseti: Eg held, að nefndin verði að bíða fáeina daga, þar eð þessi hinn fjærverandi þingmaður hefir sagt, að það sè einungis um sinn, sem hann geti ekki mætt, nema svo væri, að hinum háttvirta konungsfulltrúa þætti það nauðsyn að kjósa nú, og vil eg skjóta því til hans. Hins vegar sè eg ekki, að það tefji neitt þingstörf nú, þó nefndin bíði 1 eða 2 daga.

Konungsfulltrúi: Mèr sýnist líka rètt að bíða 1 eða 2 daga, og sjá hvort þingmaðurinn ekki getur þá mætt.

Forseti: Þá kemur til dagskrárinnar. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir beðið sèr hljóðs til að gefa skýrslur um tvö mál, sem getið er í hinni konunglegu auglýsingu, og til að leggja fyrir konunglegt álitsmál.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að skýra því heiðraða alþingi frá, að stjórnin, jafnframt og hún hefir sent mèr nokkur exemplör af lögunum um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum í Danmörku, og af frumvarpi því til laga þessara, sem lagt var á ríkisdaginn 1862—63 og af álitsskjali ríkisþingsins, hefir boðið mèr, með tilliti til þeirrar ákvarðanar, sem stendur í tèðra laga 5. grein, að þessi launalög skuli endurskoðast í seinasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66, að gefa þinginu kost á, að taka spursmálið um þá tilgreindu endurskoðun undir yfirvegun, og ef

svo bæri undir og þar til þætti tilefni, að senda álitsskjal sitt í málinu.

Þessu samkvæmt, og jafnframt og eg afhendi þingsins háttvirta forseta þau tilgreindu launalög með tilheyrandi álitsskjali, skal eg leyfa mèr að óska, að þingið taki málið til yfirvegunar og setji nefnd í það, svo fyrirmælum stjórnarinnar geti hèr orðið fullnægt.

Enn fremur skal eg leyfa mèr, samkvæmt hinni konunglegu auglýsingu til þingsins í þetta skipti um, að ei hafi þótt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá alþingis um, að á jörðum þeim, sem prestsmata eða önnur þess kyns skylda hvíli á, sè sá hluti sem skyldunni nemur, aðgreindur með sèrstöku hundraðatali, og hefir stjórnin tekið fram í þessu tilliti það sem hèr segir:

1. Að því leyti alþingi hafi gengið út frá því, að dýrleiki þeirra jarða, hvar af prestsskylda greiðist, hafi verið hækkaður vegna afgreiðslunnar, og á þessu byggt það uppástand, að ekki ætti að borga það af þeim hluta jarðarinnar, sem svari til hækkunarinnar, af hverjum afnotin ganga til prestsins, geti stjórnin ekki álitið, að þessi Forudsætning sè rètt, því það sjáist af jarðamatsnefndarinnar álitsskjali, að jarðadýrleikurinn hafi ekki verið eiginlega hækkaður vegna prestsmötunnar, heldur einungis það, að jarðadýrleikurinn hafi ekki verið settur niður hennar vegna, eða með öðrum orðum, að við matið ekki hafi verið haft neitt tillit til þessarar afgreiðslu, því það stendur í Commissionarinnar álitsskjali, að jarðirnar sèu tilgreindar með þeirri virðingu, er svari til jarðarinnar fulla peningaverðs án tillits til mötunnar.

Þessi aðferð, sem þingið fellst sjálft á, varð einnig að álítast samkvæm þeirri aðferð, sem átt hafi sèr stað við fyrri jarðamöt, — það megi eigi missa sjónar á því, að prestsmatan ekki verði skoðuð sem eiginlegt jarðargjald, því hún hvíli ekki á sjálfri jörðunni, heldur á þeim kirkjunni tilheyrandi föstu kúgildum, og er því ekki virkilegt verð jarðarinnar; þegar því ekki hafi verið við eldra mat tèðra jarða tekin nein hliðsjón til prestsmötunnar til þess að rýra dýrleikann, og tíund hefir verið, áður en seinasta jarðamatið kom út, greidd þar af, án þess nokkuð hafi verið dregið frá, sem svaraði til prestsmötunnar, yrði það fyrirkomulag, sem alþingi fer fram á, að veita fullgjört tíundarfrelsi þeim jarðaflokki, sem þess áður ekki voru aðnjótandi, sem kæmi í stríð við reglu þá, sem gefin er með löggildingu jarðabókarinnar nýju, að með

henni skyldi engin breyting gjörð, hvað tíundarskylduna snerti. Af þessum ástæðum virðist því ekki ástæða til að taka þetta uppástungu-atriði til greina.

Að 2. og 3. Að svo miklu leyti alþingið biður um, að þau sjálfseignarbændum tilheyrandi réttindi og hlunnindi, sem liggja fyrir annara landi, verði metin til dýrleika út af fyrir sig, athugast, auk þess, sem af Commissarius er tekið fram, *í fyrsta máta,* að slík ráðstöfun mundi, að því er virðist, fá hèr litla praktiska þýðingu, því eins og enginn kirkju-eigandi, síðan jarðabókin kom út, hafi komið með ósk í þessa stefnu, þannig hljóti það, eins og á stendur, að álítast mjög líklegt, að mjög fáir kirkju-eigendur eptirleiðis muni koma fram með slíka ósk, enda þótt þeir álíti, að þeirra hluti í kirkjunnar heimalandi, vegna þeirra tilgreindu hlunninda, hefði verið metinn til hærri dýrleika, en ella hefði orðið tilfellið, og *í annan stað* yrði, sem skilyrði fyrir slíkri ráðstöfun, að heimta í sèrhverju einstöku tilfelli sönnun fyrir því, að þau umræddu hlunnindi hefðu verið metin til dýrleika ásamt með heimajörðinni, að þau ekki hafi verið metin ásamt með henni, en annaðhvort sèr í lagi, eða alls ekki verið metin til dýrleika, og *að* þau áður hefðu verið tíundarfè. Hèr við bætist, að það sèu fleiri atriði, sem snerta mat hlunnindanna, sem þyrfti að vera fyrir fram búið að gjöra ákvarðanir um, en sem þingið hafi ekki tekið fram, t. a. m. eptir hvaða reglum matið ætti að gjörast, hver ætti að borga það, hvað mikið ætti að borga matsmönnum fyrir starfa þeirra, o. s. frv.; og loks virðist ekki næg ástæða til út af svo lítilsverðu atriði að gjöra breytingu á jarðabókinni, sem er svo nýlega komin út, og þessi breyting gæti að öðru leyti ekki komizt á nema með lagaboði; og hvað því næst snertir þann hluta, sem sjálfseignarbændurnir eiga í heimajörðinni, virðist enn þá minni ástæða til að aðskilja hann frá kirkjubóndans með því að skipta honum út, þar sem það ætíð sè hægðarleikur, að útvega sèr í máldögum kirkjunnar upplýsingu um, hvað mikið kirkjurnar eigi í heimajörðunni, og þar eptir er auðvelt að reikna út, hvað mörg hundruð þessi hluti sè eptir jarðabókinni nýju.

Enn fremur skal eg, samkvæmt hinni konunglegu auglýsingu nr. 13, skýra því heiðraða alþingi frá ástæðum þeim, sem rèðu því hjá stjórninni, að þegnleg bænarskrá þess um, að endurgoldið yrði úr ríkissjóðnum það fè, sem borgað hefir verið til endurgjalds jarðamatskostnaðarins fyrir kirkjustaði og kirkjujarðir, og lýsir þá

stjórnin því fyrst yfir, að hún í öllu verulegu hafi aðhyllzt þær ástæður, sem konungsfulltrúinn hafi tekið fram fyrir því, að beneficiarii sem usufructuarii ættu að borga jarðamatskostnaðinn fyrir staðinn, sem þeir hèldu, og kirkjujarðirnar, og lýsir því um leið yfir, að ástæður alþingis fyrir þess gagnstæðu skoðun á málinu geti ekki álitizt á gildum rökum byggðar; því þegar alþingi hafi sagt, að hið opinbera (Staten) væri sá eiginlegi eigandi kirknanna, og ríkissjóðurinn því ætti að borga jarðamatskostnaðinn, sem hèr ræði um fyrir prestssetrin og kirkjujarðirnar, sè þessi skoðun algjörlega skökk. Beneficiairkirkjurnar sèu nefnil. stofnanir, er eigi sem slíkar kirkjujarðirnar, og hlutaðeigandi prestur fái þær að láni, þannig, að hann taki allan arðinn af þeim, án þess að gjöra reikning af þeim, að hann byggi þær og hafi öll eignarrèttindi yfir þeim. Hann hafi einungis þá skyldu að skila öllu af sèr til eptirmannsins í góðu standi. Stjórnin (Staten) hafi því engin ráð yfir kirkjueignunum, heldur einungis hið æðsta eptirlit eða tilsjón með kirkjunum og efnum þeirra, allt eins og með sveitafèlögunum, spítölunum og öðrum slíkum juridiskum persónum. Sama sè að segja um jarðir þær, sem eru lagðar prestaköllunum sem lènsjarðir, þar sem kirkjurnar eru prívatmanna eign, þær sèu (s. lènsjarðirnar) eign prestakallsins, og prestarnir hafi sama rètt yfir þeim, sem beneficiarius hafi yfir því beneficeraða kirkjugózi, og sem á sama hátt standa undir stjórnarinnar æðstu tilsjón. Og hvað þau sjálfseignargóz snertir, sem prestsmata hvílir á, bænhústollur eða aðrar slíkar afgreiðslur til prestsins, þá sèu slíkar jarðir eign hlutaðeigandi kirkju-eiganda með eins fullum eignarrètti sem aðrar bændaeignir, yfir hverjum eigandinn hafi öll eignarumráð, að því undanskildu, að hann ekki megi skilja eignirnar frá kirkjunni, og að prestsmatan sè «onus» eða eignarbyrði, sem hvíli um aldur og æfi á eigninni, en ekki takmarki á nokkurn hátt eigandans eignarrètt, og sem ekki komi stjórninni við.

Ekki getur stjórnin heldur aðhyllzt þá aðra ástæðu þingsins, að það sè ósanngjarnt að upp á leggja hlutaðeigandi prestum að greiða þann umrædda kostnað, þar eð prestarnir yfir höfuð hafi grætt í tekjum við jarðamatið, þar sem þeir geta reiknað tíundina eptir því, þegar hundraðatalan hafi hækkað, en þegar hundraðatalan hefir lækkað, geta þeir tekið tíundina eptir eldra hundraðatalinu. Stjórnin álítur því, um leið og hún tekur fram, að það virðist eigi ástæða til að fara lengra inn í spursmálið, sem alþingi að

eins hafi drepið á, hvort afgreiðslan til jarðamatsins skuli greidd af beneficiair-kirkjugózinu, af kirkjunni sjálfri, ɔ: af kirkjuportiónninni, eða af hlutaðeigandi beneficiario, og það því síður, sem spursmál þetta lúti að lagaskilningi, sem ef lengra ræki, beri undir úrlausn dómstólanna.

Forseti: Að því er snertir launalögin, þá mun það sjálfsagt ætlun þingmanna að setja nefnd um það mál. En eg veit ekki, hvort þingmenn eru undirbúnir að kjósa menn í þá nefnd nú þegar. Ef þeir eru undir það búnir og hafa ekkert á móti því, þá hefi eg fyrir mitt leyti ekkert á móti að kveðja til kosningar, en annars mun eg setja nefndarkosninguna á dagskrá til næsta fundar, svo þingmenn fái ráðrúm til að skoða hug sinn um kosninguna.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnist það nauðsynlegt, að málið sè fyrst tekið á dagskrá og fyrir því verð eg að óska, að nefndarkosningu sè frestað nú.

Jón Hjaltalín: Eg verð líka að álíta nauðsynlegt, að þingmenn kynni sèr málið, áður en nefnd er kosin í því.

Forseti: Málið verður þá lagt á lestrarsalinn og síðan tekið á dagskrá.

Þar næst kemur þá fyrir bænarskrá frá Vesturskaptafellssýslu um *stjórnarbót og þjóðfund*. Samkvæmt ályktun alþingis verður þessari bænarskrá vísað til nefndarinnar í fjárhagsmálinu. En þar eð flutningsmaður óskar þess, að að hún sè lesin upp, skal hún fyrst verða afhent honum.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst þessari bænarskrá gjört hærra undir höfði, en þeim bænarskrám um sama efni, sem eg um daginn bað forseta um, að ein væri upp lesin af, en fèkk ekki.

Forseti: Eg varð ekki var við, að neinn þingmaður óskaði, þess.

Jón Guðmundsson: Eg vil ekki gjöra það að neinu kappsmáli, að bænarskráin sè lesin upp, og skal því falla frá því.

Forseti: Bænarskráin verður þá afhent formanninum í fjárhagsmálinu, hinum 4. konungkjörna þingmanni.

Þar næst kemur bænarskrá úr Vesturskaptafellssýslu um breytingu á *vegabótalöggjöfinni*; en samkvæmt ályktun alþingis fellur hún niður, þar eð bænarskrár um þetta málefni voru felldar frá nefnd fyrir skömmu síðan. Þar eptir koma til umræðu og ályktunar, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki, bænarskrár frá Vestur-Skaptafellssýslu, Austur-Skaptafellssýslu og Rangarvallasýslu um *jafnaðarsjóðsgjaldið*. Þingmaður

Vesturskaptafellinga er flutuingsmaður einnar af þessum bænarskrám, og skal eg biðja hann að lesa upp bænarskrána og gefa þinginu þá skýrslu um málið, sem þörf er á.

Jón Guðmundsson: Þar eg sem stendur er ekki rètt góður í augunum, hefi eg beðið hinn háttvirta þingmann Suðurmúlasýslu að lesa bænarskrána upp fyrir mig, og vona eg, að ekkert sè á móti því (*Forseti:* Nei!)

Björn Pèturssson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána og hljóðar hún þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 208.

Eg skal þá afhenda hinum háttvirta flutningsmanni bænarskrána, því hann mun betur mæla með henni og skýra hana, en eg get gjört.

Jón Guðmundsson: Eg verð nú að álíta þetta mál svo almenns efnis og bænarskrána byggða á svo góðum og ljósum rökum, að ei þurfi að mæla fram með henni sízt fyrr en þingmenn gefa mèr tilefni til. Bænarskráin sjálf kann að virðast nokkuð harðorð sumstaðar, en allt fyrir það óska eg og vona, að þingið aðhyllist þetta mál og setji nefnd í það.

Konungsfulltrúi: Eg verð að lýsa því yfir, að eg held það mundi verða til lítils fyrir þingið að taka þetta mál til meðferðar og nefndar, enda er það í eðli sínu umboðslegt mál. Bænarskráin hefir einungis haldið sèr að suðuramtinu, og má álykta af því, að hlutaðeigendum þyki allt fara með feldi, hvað jafnaðarsjóðinn snertir og afgreiðsluna til hans í hinum ömtunum. Það þykir einkum að við suðuramtið, að það hafi varið fè jafnaðarsjóðsins til kláðalækninga og annara ráðstafana út af kláðanum, sem þykir skorta heimild fyrir. Það er satt, að það hefir varið fè úr sjóðnum til þessa máls, en mest af því fè hefir þó gengið til varðkostnaðar, og þessir verðir hafa einmitt verið settir eptir ítrekaðri ósk landsmanna sjálfra, og sömuleiðis hafa þeir heimtað varðlaunin greidd úr jafnaðarsjóðnum. Það getur því eigi kallazt heimildarleysi frá amtmannsins hálfu, að fènu er varið þannig, og það er ekki sanngjarnt að áfella hann fyrir það, því annaðhvort var að neita um vörðinn, eða að borga varðkaupið úr jafnaðarsjóðnum, því amtið hafði ekki yfir öðru fè að ráða. Það er beðið um í bænarskránni að gjöra áætlun um afgreiðsluna til jafnaðarsjóðsins árlega fyrir fram. Þetta er nú gjört af amtmanninum calculatorisk, og annað verður ekki gjört, því það er ekki hægt að gjöra ráð fyrir öllum þeim útgjöld-

um, sem að kunni að bera á árinu. Áætlunin getur því ekki orðið alls kostar áreiðanleg, og ekki heldur fyrir það, þó nefnd rèði á-ætluninni, ɔ: amtmaðurinn með tilkvöddum mönnum. Amtmenn irnir hafa, það þori eg að fullyrða, öllu fremur jafnað of litlu en of miklu fè niður til jafnaðarsjóðsins, og ekki er þeim heldur gjarnt að vera rífðarsömum um skör fram með borgun úr jafnaðursjóðnum.

Þá er enn fremur beðið um, að afgjaldið megi aldrei fara fram úr lögákveðinni upphæð, ɔ: þeirri upphæð, að mèr skilst, sem tekin er til í áætluninni, — en þetta held eg geti orðið stundum til óhægðar, þegar eitthvað ófyrirsèð kemur upp á, og ekki er fè til í sjóðnum. Eg skal einnig leyfa mèr að taka fram, að þar sem hèr er einungis að ræða um jafnaðarsjóð suðuramtsins, þá er við því að búast, að amtmennirnir í hinum ömtunum ekki muni ef til vill geta fallizt á það, sem ráðið yrði um stjórn á jafnaðarsjóð suðuramtsins; eg get og að öðru leyti ekki ætlað, að stjórn suðuramtsins jafnaðarsjóðs standi svo á baki stjórn jafnaðarsjóðanna í hinum ömtunum, að hann einn þarfnist betra fyrirkomulags, og það er því í mínum augum eptirtektavert að heyra þingmanninn úr Múlasýslu vera að tala um betra fyrirkomulag á Suðuramtsins jafnaðarsjóði, en minnast ekkert á jafnaðarsjóðinn í hans amti. Að gjörræði eigi sèr stað í meðferð á Suðuramtsins jafnaðarsjóði, verð eg að neita, og eins því, að fè hans hafi að óþörfu verið varið til fjárkláðans, sem og því, að ekki sè heimild til að verja fè jafnaðarsjóðsins til framkvæmda í því máli, sem varðar allan almenning; og víst er um það, að stjórnin er á sömu skoðun, og má sjá það af frumvarpi því, sem hún hefir lagt fyrir þingið um fjárkláða og næm fjárveikindi.

Að því leyti, sem það má ráða af bænarskránni, að það sè rangt, að þær sýslur, sem lausar eru við fjárkláðann, borgi til þeirra hèraða, hvar hann er uppi, skal eg leyfa mèr að taka fram, að þetta er eins og eg hefi tekið fram ekki rètt skoðun í máli, sem snertir allan almenning.

Álíti samt þingið, að það geti komið betri skipun á málið, en nú er, þá skal eg fyrir mitt leyti ekki hafa á móti því, að málið sè tekið í nefnd, en eg efast um, að þingið geti komizt til þessarar niðurstöðu.

Sigkvatur Árnason: Þrátt fyrir ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, verð eg nú að vera fastur á því, að nefnd sè sett í þetta mál.

Það er mikilsvert, að öll tortryggni hjá gjaldendunum geti fallið burtu í þessu efni. Eg vil þá víkja orðum mínum að því atriði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann sagði, að byrðin ætti jafnt að hvíla á öllum gjaldendum jafnaðarsjóðsins, en eg er nú hræddur um, að sá jöfnuður hafi þó eigi komið alstaðar fram. Það hefir til að mynda verið jafnað niður á alla í Suðuramtinu feykimiklum varðkostnaði frá ýmsum sýslum þess; en þó veit eg ekki betur, en að Rangvellingar og Skaptfellingar hafi þess utan orðið að bera sinn eiginn varðkostnað sjálfir og sýnir það ljóslega einhverja ósamkvæmni. Eg verð því fastlega að mæla fram með nefnd í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Eg vil biðja hinn heiðraða þingmann, sem nú talaði, að útskýra, hvað hann meinti með orðinu tortryggni. Liggur þar í, að hann ætli, að öllu kurl séu ekki komin til grafar í jafnaðarsjóðsreikningunum? (*Sighvatur Árnason*: Nei).

Jón Guðmundsson: Eg verð fyrst að athuga viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi mælti til þingmanns Suður-Múlasýslu, að hann er ekki flutningsmaður þessarar bænarskráar, heldur bað eg hann að eins með leyfi forseta að lesa hana upp, svo að þau orð verða að lenda á mèr, er hinn háttvirti konungsfulltrúi mælti til hans. Eg vil þar næst leyfa mèr að svara ýmsum atriðum í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, er snerta þetta mál, og einkum grundvallaratriðið eður hina almennu hlið þess. Hann byggði nú mótbárur sínar móti bænarskránni fyrst á því, að þar væri ekki tiltekið nema Suðuramtið, og mætti því sýnast, að bænarskrár-höfundarnir áliti, að öll tilhögun á jafnaðarsjóðunum í hinum ömtunum sè góð og ekki ábótavant að neinu. Það er nú engan veginn meining beiðendanna, að þetta fyrirkomulag sè betra í hinum ömtunum. En þeir taka að eins dæmi af því, sem þeir þekkja og næst þeim liggur; þeir þekkja nú ekki fyrirkomulagið í hinum ömtunum, og þess vegna nefna þeir það ekki. Niðurlagsatriðin sýna það ljóslega, að beiðendurnir fara eigi fram á þessa bæn, af því að jafnaðarsjóðirnir hafi það fyrirkomulag sem ákjósanlegt sè, heldur af því jafnaðarsjóði allra amtanna skorti viðunandi fyrirkomulag. Beiðendurnir vilja því fá ákveðið og tryggjandi fyrirkomulag á öllum jafnaðarsjóðunum í stað hins óákveðna og ófullnægjandi fyrirkomulags, sem nú er. Að því er snertir það, að konungsfulltrúi sagði, að þetta mál væri svo umboðslegs eðlis, að það heyrði eigi undir löggjafarvaldið eður alþingi, þá verð eg nú

eindregið að mótmæla þessu. Yfirlýst skoðun löggjafans í opnu brèfi 24. nóv. 1856 sýnir og sannar, að það sè hreint löggjafarmál, þegar nýja útgjaldagrein skuli leggja á jafnaðarsjóðinn. Já meira að segja, konungurinn hefir sjálfur sett þá reglu með þessu sama lagaboði, ekki að eins að hver ný gjaldgrein væri löggjafarmál, með því að hann lagði frumvarp þess fyrir alþing áður en ákvörðun þess næði lagagildi, heldur skuli eigi mega leggja á jafnaðarsjóðina neinn sèrstakan kostnað þann, er þó verði heimfærður undir hina sömu lögákveðnu gjaldgrein, nema sú sèrstaka útgjaldategund sè fyrst lögð fyrir þingið, eins og segir í 2. grein lagaboðsins: »*Áður en það verði fast ákveðið, að sú og sú ráðstöfun sè nauð-synleg*« o. s. frv. Þetta sýnir nú berlega, að hverja einstaka ráðstöfun í fjár-álögumálum skuli leggja fyrir þingið eður hljóti að verða að lögum, áður en kostnaðurinn, sem af henni leiðir, verði lagður á jafnaðarsjóðina. Eg get því ekki sèð, að nokkurt spursmál geti verið um, hvort þetta mál sè vafalaust löggjafarmál og alls ekki umboðslegs eðlis. Þetta er nú aðalhlið málsins og þetta var þó hin helzta mótbára í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa; þá hreifði hann nú ýmsum öðrum einstökum atriðum. Það er meðal annars eitt atriði sem bænarskráin hreifir og hann tók fram. Beiðendurnir vefengja sem sè, að lagaheimild sè fyrir því að leggja kostnað þann sem af fjárkláðanum leiðir á jafnaðarsjóðinn; mèr finnst nú öll vorkunn, þó að beiðendurnir vefengi þetta, því að eg verð að vefengja það líka, að nokkur lagaheimild hafi verið til þess hingað til að leggja kostnaðinn sem leiðir af fjárkláðanum og einkum af lækningum og skoðunum á jafnaðarsjóðinn. Að minnsta kosti hefir það aldrei verið lagt fyrir þingið í því formi sem nefnt er í bænarskránni, og vantar því fulla lagaheimild til að leggja það á, og eins mun vera um nokkur fleiri gjöld jafnaðarsjóðanna. Stjórnin yfirlysti þó, um árið, gagnstæðri meiningu, þar sem hún gekkst fyrir og hafði fram sèrstaka fjárveitingu úr ríkissjóði til fjárkláðans í gegnum löggjafarvaldið í Danmörk; þar með hefir hún þó sýnt, að ekki álíti hún löglegt að leggja það gjald á jafnaðarsjóðina. Hinn háttvirti konungsfulltrúi gaf það einnig í skyn, að beiðendurnir lýstu tortryggni í því tilliti, að amtmennirnir færi lengra í niðurjöfnun jafnaðarsjóðsins en vera ætti, og gerði það ef til vildi sjálfum þeim til ábata, því hann talaði um, »að amtmennirnir stingi því í sinn eigin vasa«. Til þessa gefur nú bænarskráin ekkert tilefni; hún segir einungis, að það sýnist ekki hlífzt við að leggja

ýms gjöld á jafnaðarsjóðinn, og að sum þau gjöld sè mjög óákveðin. Það er með öðrum orðum, þeir geta ekki álitið það fyrirkomulag fulltryggjandi fyrir gjaldþegnana og viðunanlegt sem nú er á stjórn jafnaðarsjóðanna, Það er þetta fyrirkomulag, sem þeim þykir tortryggilegt, en alls eigi meðferð amtmannanna með fè jafnaðarsjóðanna. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hèlt nú, að það yrði ókljúfandi, að gjöra áætlun yfir jafnaðarsjóðsgjaldið. Það væri nú skrítið, ef þessir smásjóðir vorir væri svo ólíkir öllum öðrum sjóðum og fjárstofnunum, að ókljúfandi sè að búa til áætlun yfir tekjur og útgjöld þeirra. Eg held þó að í öllum löndum Norðurálfunnar sè gjörðar áætlanir yfir almennar tekjur og útgjöld eptir meðaltali fyrri ára; eg veit ekki betur en að þetta sè álitið sjálfsagt, eigi síður um fjárútgjöld og tekjur hinna voldugustu ríkja heldur en hina minni sèrstaka sjóði og fjárstofnanir, sem útgjöld hvíla á, og mun engi hafa heyrt, að nein stjórn hafi eða stjórnendur látið til sín heyra það, að þetta væri óvinnandi. Það er auðvitað, að áætlun er engin óyggjandi vissa; hún getur ekki orðið alveg upp á eitt hár, eins og líka nafnið áætlun eða «Budget» segir sjálft. En eg held, að það hafi aldrei orðið að vandræðum annarstaðar, að búa til þess konar áætlun. Og ef hin stærstu konungsríki geta búið til áætlun yfir árleg útgjöld sín, þá ætti það ekki að vera vorkunn í þessu efni, þar sem um þau smáríki er að ræða eins og ömtin á Íslandi, og um svo litlar fjárstofnanir eins og jafnaðarsjóðirnir eru. Að reikningarnir sèu rannsakaðir ytra, það vita menn mikið vel, en það er líka gjört við reikninga, þótt áætlun hafi verið gjörð til þeirra fyrir fram. Þetta helgar heldur engan veginn, að áætlunin sè ekki gjörð. Þetta er nú hið verulegasta í því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram. Eg fellst nú á það, að ekki sè næg ástæða til að kvarta yfir þeim fjárútgjöldum, sem gengið hafa til varðanna, af því þau útgjöld hafa verið byggð á beiðni gjaldendanna sjálfra. En það er heldur ekki eiginlega yfir því sem óánægjan er, heldur yfir fyrirkomulaginu á tekjum og útgjöldum jafnaðarsjóðsins yfir höfuð að tala, eins og þingmaður Rangvellinga tók fram. Það mun líka hægt að sanna, er hann sagði, að þessar sýslur sem bænarskrárnar eru frá (Rangárvallasýsla og báðar Skaptafellssýslur), hafi orðið harðar úti en aðrar með jafnaðarsjóðsgjaldið. Reikningar jafnaðarsjóðs suðuramtsins sanna það enn fremur líka ljóslega, að talsverðu fè hefir verið varið til fjárkláðans, þ. e. til skoðana og lækninga fyrir utan það sem varið hefir verið til varðanna. Eg

verð af þessum ástæðum fastlega að styðja að nefnd í þessu máli. Það er því eflaust sú meining beiðendanna, að fyrirkomulaginu á jafnaðarsjóðum *allra* amtanna verði breytt svo, að það komist í fastara og tryggara horf; þeim hefir víst aldrei komið til hugar að leggja jafnaðarsjóð Suðuramtsins í einelti. Að því leyti konungsfulltrúinn sagðist ekki sjá, hvað meint væri með þessari lögákveðnu upphæð, þá er meiningin sú, að tiltekið sè eitthvert maximum fyrir upphæð jafnaðarsjóðsgjaldsins ár hvert, sem það aldrei megi yfirstíga. Sama ákvörðun hefir nú gilt í Danmörku. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt nú, að það kynni að valda vandræðum, ef þessi ákvörðun gilti með jafnaðarsjóðinn, og að hann kynni stundum að verða fèvani. En þá er ekki annað en annaðhvort að fá skyndilán, eða þá að fá «Tillægsbevilling», það er aukaleyfi til að bæta við þá upphæð jafnaðarsjóðsgjaldanna fyrir það eða það árið, sem aðaláætlunin fyrir það ár heimilaði.

Forseti: Þingmaður Suður-Múlasýslu hefir beðið sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti varaforseti hefir tekið fram í ræðu sinni, að bænarskráin næði til allra jafnaðarsjóðanna, og get eg ekki, að því leyti mèr er skylt málið, annað en þótt vænt um þessa yfirlýsingu hans.

Að eg tók fram orðið tortryggni var af því, að þingmaður Rangárvallssýslu brúkaði það í ræðu sinni, en það laut ekki að bænarskránni.

Eg sagði ekki, að áætlunin væri ómöguleg, en að hún gæti ekki orðið nema miður áreiðanleg, Að öðru leyti hefi eg ekkert á móti, að þingið setji nefnd í málið, ef það treystir sèr til að koma á það hagfelldari skipun en nú er.

Loks skal eg taka það fram, að það er sprottið af misskilningi, að eg nefndi þingmann Suðurmúlasýslu, eins og eg gjörði, og vona eg hann afsaki það.

Björn Pètursson: Eptir ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa þarf eg ekki að taka til orða.

Sighvatur Árnason: Eg ætla nú eigi að fara mörgum orðum um þetta mál að sinni. En að eins lítilega um tortryggni þá, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að beiðendurnir lýstu til amtmanns. Það hefir aldrei verið meining mín eða annara í mínu hèraði, að amtmaðurinn stingi hinu minnsta af jafnaðarsjóðsgjaldinu í sinn eiginn vasa. En það er stjórnin og fyrirkomulagið á þessum jafnaðarsjóði, sem mönnum þykir ógreinilegt og óeðlilegt,

Þetta er það sem menn uggir, að ei sè á góðum grundvelli byggt.

Stefán Eiríksson: Af því eg hafði til þingsins eina af þessum bænarskrám, sem hèr eru nú til umræðu, þá ætla eg að leyfa mèr að tala fáein orð, enda þó hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga sè búinn að svara þeim mótbárum sem fram hafa komið. Það var engan veginn af því, að Austur-Skaptfellingar sendu bænarskrána, að þeir í hinu minnsta persónulega vildu halla á amtmanninn, eður að sèrstaklega væri meint til suðuramtsins með að takmarka álögur jafnaðarsjóðanna; það vakti fyrir kjósendum mínum, að jafnaðarsjóðsgjöldin væru að því leyti óviðurkvæmileg hvað fjárlækningarnar áhrærði, og það mun enginn geta neitað því, þar sem amtsbúar hafa nú í 10 ár orðið að bera meira eða minna af lækningakákinu hèrna, og það er enn nú ekki annað fyrirsjáanlegt en að gjaldi þessu verði dengt á okkur um ókomnar aldir, verði jafnaðarsjóðirnir látnir bera hèr eptir eins og hingað til bæði skoðunargjörðir á sjúku fè, og böðunarkostnað; væri nú þessum útgjöldum sleppt, sem margra ára reynsla er búin að sanna, að eru árangurslaus í alla staði, þá mundu umkvartanir um þessa gjaldagrein hverfa. En aptur álít eg, að Suðuramtið hljóti að taka tilhlýðilegan þátt jafnt við hin ömtin um varðkostnaðinn, á meðan hættan vofir yfir; án þess eg fari hèr um fleirum orðum, vona eg þó að þingið álíti málið þess vert, að nefnd verði kosin.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður eigi.

Nefnd var samþykkt með 16 atkvæðum.

Jón Guðmundsson: Samkvæmt skilningi mínum á bænarskránum, að hèr væri að ræða um breytingu á fyrirkomulagi allra jafnaðarsjóðanna, þá sting eg upp á 5 manna nefnd.

Arnljótur Ólafsson: Af því að eigi hafa komið bænarskrár frá hinum ömtunum um, að breytt yrði fyrirkomulaginu á jafnaðarsjóðunum, þá álít eg, að hèr sè að eins að ræða um jafnaðarsjóð suðuramtsins, og held eg þá, að 3 manna nefnd muni nægja.

Voru þá greidd atkvæði um, hvort vera skyldi 3 manna eða 5 manna nefnd; en með því atkvæðagreiðslan varð ógreinileg var við haft nafnakall; var þá þannig tilhagað, að þeir. sem vildu hafa 3 manna nefnd skyldu segja «já,» en þeir sem vildu hafa 5 manna nefnd skyldu segja «nei», og sögðu þá

þessir já:	þessir Nei:
Halldór Kr. Friðriksson.	E. Kúld.
Arnljótur Ólafsson.	Ásgeir Einarsson.
Halldór Jónsson.	Benedikt Sveinsson.
Jón Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Björn Pètursson.
Pètur Guðjónsson.	Hjálmur Pètursson.
Sveinn Skúlason.	Jón Bjarnason.
	Jón Guðmundsson.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Pálmason.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Níelsson.

Var þannig samþykkt með 16 atkvæðum mót 7, að 5 manna nefnd skyldi kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Guðmundsson	með	21 atkv.
Bergur Thorberg	—	12 —
Sighvatur Árnason.	—	9 —
Stefán Thordersen	—	9 —
Arnljótur Ólafsson.	—	7 —

Var málið síðan afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga, er hafði fengið flest atkvæðin.

Forseti: Þá kemur þar næst til umræðu bænarskrá úr Norður-Þingeyjarsýslu og Barðastrandarsýslu um *fiskiveiðar útlendra.* Þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu er flutningsmaður annarar bænarskrárinnar, og mun hann gefa þingmönnum þá skýrslu um málið er þurfa þykir.

Sveinn Skúlason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, og hljóðar hún þannig:

Sbr. síðari part alþ.tíð. bls. 211.

Þetta mál hefir svo opt verið fyrir hèr á þinginu, að eg held að það þurfi eigi mikilla skýringa við. Það vita allir, hvað mikið áhugamál þetta er fyrir öllum landsmönnum. Þingmenn hafa nú

fyrir sèr skýrslu frá stjórninni í hinni konunglegu auglýsingu um að hún nú sè farin að semja við hinar útlendu stjórnir Frakka og Englendinga um þetta mál. Og ímynda eg mèr þá, að það væri gott að setja nefnd til að semja bænarskrá til konungs í þá stefnu, að stjórnin flýtti þessum samningum sem mest. En þingið má ekki kasta frá sèr þessari bænarskrá, þar sem svo sèrleg nauðsyn landsmanna liggur við.

Konungsfulltrúi: Af þeirri konunglegu auglýsingu til þingsins í þetta skipti hefir hið heiðraða alþingi getað sèð, að stjórnin lætur sèr annt um þetta mál, eins og bezt má verða, og að hún nú er að leitast við að koma því í það horf, að vèr getum unað við. Mèr er líka kunnugt, að hinn danski skipstjóri á Fyllu, sem nú liggur hèr á höfninni, hefir verið að semja út af því máli við hinn franska skipsforingja á fregátunni Pandore.

Þegar nú málið þannig er í undirbúningi hjá stjórninni, get eg ekki sèð, að það eigi við að taka málið fyrir nú á þinginu. Það eru engin ný atriði komin fram í málinu, og stjórnin hefir lýst því yfir, að hún skuli flýta fyrir málinu, eins og unnt sè. Eg ræð því frá að taka málið til meðferðar og í nefnd, því bænarskrá í málinn gæti ekki hljóðað um annað, en að stjórnin vildi flýta fyrir afgreiðslu málsins; en það á hèr við, að vèr fáum, þó að vèr biðjum ekki.

Eiríkur Kúld: Eg gleð mig nú sannarlega við þá von, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði til stjórnarinnar í þessu máli, með því líka eg treysti honum bezt allra til að mæla fram með því við stjórnina. Eg hafði meðferðis bænarskrá frá kjósendum mínum í þessu máli, hún er allt öðruvísi orðuð en sú bænarskrá, sem upp var lesin og sem mèr engan vegin geðjast að, og verð eg því fastlega að styðja að því, að nefnd sè sett í þessu máli, því hèr ræðir um sannarlegt velferðarmál landsmanna. En eg verð nú að lýsa því yfir, hvað mína kjósendur snertir, þá hafa eigi orðið þar vestra rán eður gripdeildir af útlendum fiskimönnum svo eg viti til, sízt nú um nokkur ár. En allt fyrir það vita allir, hvílíkan skaða þeir gjöra fiskiafla vorum, með þeirri veiði-aðferð er þeir brúka. Eg held, að hèr eigi nú enn við, að vèr verðum að halda áfram og biðja og þreytast eigi, því að það getur þó aldrei dregið úr áheyrslu bænarinnar, þótt bænin sè ítrekuð; og því get eg engan veginn fallizt á álit þeirra heiðruðu þingmanna, sem nú vilja leiða hjá sèr málefnið með því að mæla móti nefnd í því.

Sveinn Skúlason: Þó að nefnd sè sett í málið, held eg að það muni ekki tefja stórum, því eg held að það muni geta gengið hèrum bil umræðulaust gegnum þingið. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraða þingmaður Barðstrendinga sagði, þá veit eg þó til að útlendar þjóðir hafa gjört sig seka í gripdeildum á kindum á Vesturlandi nefnilega á Dýrafirði (*Eiríkur Kúld:* Það eru fleiri ár síðan).

Sveinn Skúlason: Nei það var fyrir fáum árum

Jón Hjaltalín: Eg vil æfinlega styðja landa mína, ef að gjört er á hluta þeirra; en í þessu máli held eg, að í þetta skipti verði ekki annað gjört en það sem búið er að gjöra; einungis vil eg skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa að ítreka mál þetta við stjórnina. Eg held annars að ráðlegast sè að fara varlega, þó það óneitanlega sè hart, ef Frakkar skuli spilla veiði vorri eða gjöra annan óskunda, en menn mega þá hvorki yfirdrífa það eina eða annað. Halda menn að Danastjórn geti hindrað þetta? Nei. Hún getur ekki, því voldugri þjóðir en Danir mega þola þetta, og það jafnvel sjálfir Englendingar. Eg hefi talað við sjóliðsforingja, sem sagði mèr, að Frakkar hèldi sig svo nærri Newfoundlandi, að einungis fallbyssuskotslengd væri til lands, og er sú fjarlægð við tekin þjóða á meðal, svo varla held eg að 2 mílna fjarlægðin fáist. Það hafa, því miður, komið hèr á þingið óvarlega ritaðar bænarskrár, og hefi eg heyrt, að þær væru komnar til Frakkastjórnar bæði frá foringjum frönsku herskipanna, sem hèr hafa verið og jafnvel líka frá dönsku stjórninni; hafa hermenn Frakka styggst við, að þar segir, að þeir sèu engu betri en hinir. Í gær bar hèr til mjög óheppilegt atvik, þar sem herskipsforinginn á Franska skipinu var yfirfallinn inn við ár og föt hans rifin, og kalla eg þetta mjög illa farið. Menn mega ekki heimta meira af stjórninni en hún getur í tè látið. Eg er ekki vanur að vera á móti bænarskrám í almennum málum; en það er aðgæzluvert, að vèr þurfum að sanna hverjir hafa gjört sig seka, annars verður oss ekki gegnt. Annars held eg, að menn fari klaufalega að; það mætti hepta þá menn er óspektir gjöra, að minnsta kosti mætti reyna það, og fara svo með þá til hermannanna; en allt þetta ætti að skè með hógværð, og mundi það affarabetra en stór orð hèr á salnum.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki annað, en furðað mig á, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skuli nú vera þessu máli

mótfallinn, þar sem hann áður hefir kröptuglega stutt það, og að hann nú skuli mæla móti nefnd. Þó að bænarskráin kunni að þykja óvarlega orðuð, er þinginu ætíð hægt að ráða bót á því. Eg vil því fastlega mæla með að nefnd sè sett í málið.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti þingmaður hefir misskilið orð mín í þetta sinn. Það var einungis tilgangur minn að ráða þinginu til að fara varlega. Því það er ekki gott að annað sjáist opinberlega á prenti eptir þingið en það, sem því má vera til sóma. Það sem eg því sagði, það þóttist eg tala af góðum vilja, og eg hefi alls eigi mælt á móti því, að mál þetta komist til nefndar; þó eg öllu fremur aðhyllist hinn veginn að ávarpa konungsfulltrúa.

Sveinn Skúlason: Eg veit eigi til, að það hafi verið vani, að afhenda konungsfulltrúa bænarskrár heldur forseta. Jeg get þess við víkjandi forminu.

Benidikt Sveinsson: Eg hefi ætíð verið þessu máli meðmæltur, og veit eg að menn muna, að eg var einn í nefnd þeirri 1863, er hafði þetta mál til meðferðar. Eins og nú þingið aðhylltist skoðun mína á málinu árið 1861, þó eg í það sinn eigi væri í nefndinni, þannig var það satt bezt að segja, að þingið fèllzt á skoðun nefndarinnar 1863, en henni var eg með öllu samdóma. Þegar nú málið kom til stjórnarinnar, tók hún vel í alla staði þessari skoðun, eins og sjá má í hinni konunglegu auglýsingu; stjórnin hefir nefnilega samþykkt þann veg, er nefndin og síðan þingið stakk upp á, sem sè að reynandi væri með samningum að fá hinar útlendu þjóðir, einkum Frakka og Englendinga til, að taka tillit til Íslands sèrstaklega ástands, að því leyti sem hèr yrði að verða gjörð undantekning frá almennum þjóðarètti, ef bjargræðisvegur Íslendinga fiskiveiðarnar eigi ættu að líða fjarskalegan skaða. Eg vona því, að öllum sè ljóst, að bending hins 3. konungkjörna þingmanns er alveg ástæðulaus hvað mig snertir og þingið yfirhöfuð. Vèr viljum ei og heimtum ei, að Danastjórn gjöri það sem henni er ómögulegt, heldur að hún reyni til að fá undantekningu gjörða frá almennum þjóðarètti með samningum byggðum á sèrstaklegu ásigkomulagi lands vors. Eg skil heldur ekki bænarskrána svo, að nú sè farið fram á annað en 1863, hvað fiskiveiðarnar sjálfa snertir, því dæmi þau, sem bænarskráin talar um snerta ekki fiskiveiðar, heldur brot á öðrum rèttindum landsmanna, sem átt geta sèr stað, hvað sem fiskiveið-

unum líður. En hvað dæmi það snertir sèrstaklega, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður nefndi, þá er það þinginu alveg óviðkomandi, og á að mínu áliti næsta illa við, að kenna þinginu varúð fyrir þess sakir, fram yfir það, sem skylda og sómi þingsins að öðru leyti bíður gagnvart þeim umkvörtunum, sem hér um ræðir.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki annað en vottað hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni þakklæti mitt fyrir ræðu hans, því mèr fannst hann, eptir því sem eg skildi orð hans, vilja styðja málið. Vèr viljum eigi biðja Dani um neitt ómögulegt, heldur að eins, að þeir gjöri það sem þeir geta, það er sjái til að lögunum sè hlýtt. Hvað dæmi því viðvíkur, er hinn 3. konungkjörni þingmaður tilfærði um England, þá getur það verið rètt, en þeir vaka þó ætíð yfir lögunum. Í kanalnum t. a. m. milli Frakklands og Englands fiska Frakkar, en sjá munu Englendingar fyrir því, að þeir samt ei fiski innar en þeim er leyft að lögum. Vèr getum hèr búizt við því ef til vill, að jus fortioris muni ráða mestu í þessu tilliti og það eigum vèr að afbiðja, og þess vegna vil eg mæla með nefnd í þessu máli, til þess stjórnin fái ástæðu til því fljótar að líta á nauðsyn vora í þessu efni.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er á móti nefnd í þessu máli nú, því á síðasta þingi 1863, var málið svo úr garði gjört, að það mun eigi batna hèr á þingi, og í annan stað hefir stjórnin tekið málinu svo vel, að eg sè ekki hún geti nú tekið því betur. Konungur lýsir því yfir, að stjórn hans sè farin að semja við önnur ríki um málið, eins og þingið 1863 bað um; stjórnin hefir því undið svo bráðan bug að þessu, að eg get alls eigi sèð nokkra ástæðu til, að fara nú að reka eptir henni; það er og önnur ástæða sem eg hefi til að vera móti nefnd, og hún er sú, hvernig bænarskráin er orðuð. Þar koma aptur og aptur fyrir svo ósæmileg orð um útlenda menn, er standa undir tilsjón hinnar frakknesku stjórnar, að ef einhver segði slíkt opinberlega við annan mann mundi hann hiklaust dreginn fyrir lög og dóm. Eg álít að frá vorri hálfu hafi það verið mikil yfirsjón, að vèr höfum í þessu máli gefið útlendum þjóðum ósannaðar sakargiptir, og valið þeim þung orð; þessa aðferð hefi eg jafnan álitið og álít enn skaðlega fyrir málið sjálft og ósæmilega fyrir oss. Eg vil því hrinda þessari bænarskrá þegar af þeirri ástæðu, að hún er svo ósæmilega orðuð, því það er skylda vor, að varast að fara

svo glannalega að ráði sínu, — eg hlýt að kalla það svo — eins og farið var á síðasta þingi í Vigurmálið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þó mèr sè þetta mál eigi skylt, með því eg er eigi flutningsmaður bænarskrárinnar, sem mönnum þykir svo illa og óheppilega orðuð, þá finnst mèr þörf á að bera hönd fyrir höfuð þeirra manna, sem hana hafa ritað; játa eg þó, að bænarskráin er óheppilega orðuð; en mönnunum er sannarlega vorkunn, þó þeir kvarti og sèu beiskyrtir, því yfirgangur þessara útlendu fiskimanna er farinn að gjörast æði mikill, og fer vaxandi ár af ári, svo menn geta eigi verið óhultir um eignir sínar, og það er ekki dæmalaust, að slagsmál og áflog hafi orðið milli landsmanna og þeirra. Mèr finnst því þessi kvörtun landsmanna alls ekki ástæðulaus, og öll von, þó menn leiti til þingsins í þessu efni, því til dómstólanna geta menn ekki nærri því altènd náð. Eg vil taka til dæmis, það dæmi sem á er minnst í bænarskránni um ránið úr Mánareyjum. Þar ganga vanalega nokkrar kindur sjálfala sumar og vetur, og er vitjað um þær, að eins 2—3 á sumri, því eyjarnar liggja langt undan landi. Nú stóð svo á, að þar voru 10—12 kindur, sem fátækur barnamaður átti, og hvurfu þær allar, en einu eða tveimur árum áður höfðu þaðan horfið 2 eða 3 kindur, sem sami maður átti; hefir hann eflaust orðið fyrir allt að 100 rd. tjóni, og ekki nóg með það, heldur verða eyjarnar hèðan af arðlausar, því enginn mun áræða að láta þangað sauðkindur, þegar svona tekst til ár af ári. En hverjir þetta ránsverk hafa framið, fá menn að líkindum aldrei að vita, því til fiskiveiða þar norður frá sækja bæði Frakkar, enskir menn og Hollendingar, og er ómögulegt að segja, hverjir af þessum hafi verkið unnið, því allir þessir hafa sýnt sig líklega til óknytta, þegar svo hefir undir borið. Virðist því, að næg ástæða sè til umkvörtunar yfir þessu athæfi, og sýnist mèr ekkert á móti því, að stjórninni sè gefið slíkt með berum orðum til kynna.

Björn Pètursson: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður og fleiri hafa sagt, að beiðendur sèu harðir og óvægir í orðum í bænarskrá sinni. En menn verða að gá að því, að Frakkar hafa optar en einu sinni orðið uppvísir að ránum og gripdeildum, og hafa líka optar en einu sinni orðið að bæta fyrir sig; eg skil því ekki, hvernig Frakkar geta orðið reiðir, eða stokkið upp á nef sèr, þó þeim sè borið það á brýn, sem þeir ekki geta borið á móti? Og af því það eru Frakkar, sem helzt hafa orðið uppvísir að slík-

um ránum og yfirgangi, og menn líka vita, að þeir eiga langflest skip hèr við land, er þeim náttúrlega kennt það öðrum fremur. Svo var um ránið í Vigur í hitt eð fyrra, þó það hafi ekki orðið sannað. Samt sem áður verð eg fyrir mitt leyti að mæla móti nefnd. Menn hafa talið það sem aðalástæðu til þess að setja nefnd í málið, að það mundi reka á eptir stjórninni, en í hinni konunglegu auglýsingu segir stjórnin allt, sem hún getur sagt, hún segist vera farin að semja við erlendar stjórnir, einkum stjórnina á Frakklandi, og lofar að láta sèr mjög annt um, að máli þessu verði skipað á hagfelldasta hátt, og að svo stöddu máli getur hún ekki meira gjört, því álít eg ónýtt að setja nefnd, og ekki til annars en að eyða tíma og peningum. Að síðustu verð eg að lýsa því yfir, að mèr þykir tilfelli það, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður nefndi, næsta sorglegt, og óskandi að það eigi hefði að borið, því þó Frakkar sýni okkur yfirgang og ofríki, ættum við ekki að gjalda í sömu mynt, þó við gætum, og allrasízt láta það koma niður á einstökum saklausum manni.

Stefán Eiríksson: Eg get nú sannarlega ekki álitið það annað en apturför fyrir alþing, ef það nú ekki skyldi vilja kjósa nefnd í þessu máli, úr því umkvartanir hafa komið til þingsins nú eins og fyrri um rán og yfirgang útlendra fiskimanna; eg sè það að vísu á hinni konunglegu auglýsing, að stjórnin hefir tekið vel í málið frá síðasta þingi, og að hún er nú að reyna að semja við Frakka; en þó heityrði þessi sèu að eins áformuð, þá geta þau nú dregizt til framkvæmda, svo eg sè ekkert á móti því, þó þingið ánýjaði óskir sínar, og beiddi stjórnina að flýta fyrir málinu, með því líka við vitum ekki, hvernig Frakkastjórn kann að taka í málið. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga var að tala um, að þingið hefði sèr til minnkunar í fyrra tekið til meðferðar Vigurmálið, þá get eg nú ekki sèð, að þingið hafi gjört sèr neina minnkun með því; annað var það, að þingið ávann ekkert í því máli, og eg læt ósagt, hvaða sóma stjórnin hefir gjört sèr með undirtektum sínum um Vigurmálið; það er þó sannarlega tilfinnanlegt fyrir prestinn, að tapa þeim hlunnindum brauðsins, sem, ef ekki árlega væru þar framin rán, gætu orðið prestakallinu einhver hin arðsamasta tekjugrein; í fyrra voru þar framin rán á líkan hátt og 1863, svo það er ekki annað fyrirsjáanlegt, en eyjan verði með öllu arðlaus, hún liggur þarna fyrir opnu hafi rètt á fiskimið-

um útlendra fiskimanna, en ómögulegt vegna brims og vegalengdar, að ná þangað úr landi, nema í blíðasta sjóveðri.

Sveinn Skúlason: Mig furðar mjög á því, hvernig vin mínum þingmanni Suður-Múlasýslu, fórust orð síðast. Honum finnst ekki ástæða til að flýta þessu máli og endurnýja það við stjórnina, af því hún sè nú farin að semja við erlendar stjórnir, og vilji lata sèr mjög annt um málið, en eg vil segja, að þó að stjórnin hafi góðan áhuga á þessu máli, getur það þó vel dregizt, og það er samt að minni hyggju engan veginn ástæðulaust að ánýja mál þetta við stjórnina, því slík hugvekja er aldrei nema góð. Það eru dæmi til, að þrátt fyrir allan áhuga stjórnarinnar hafa þó málin dregizt ár eptir ár, og til munu enn vera óútkljáð mál hjá stjórninni jafnvel frá hinum fyrstu þingum. Þess vegna er ánýjun málanna svo nauðsynleg.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra þá uppástungu, að málinu verði vísað forsetaveginn til stiptamtsins, því þar ætla eg málið komið í rèttan og eflaust góðan stað, svo framarlega sem það er satt, sem eg hefi heyrt, að stiptamtmaður hafi fengið skjöl frá stjórninni áhrærandi þetta mál. En það álít eg ekki til neins að herða nú á stjórninni, þar málið var henni sent frá síðasta þingi; og þá brýndur fyrir henni áhugi landsmanna á því. Það hefði verið annað mál hefði málið legið aðgjörðalítið hjá stjórninni í 4 eða 5 ár, en því fer nú fjærri að svo sè. Annars vil eg geta þess, að gripdeildir þær, sem kvartað er yfir í bænarskránni, heyra undir dómstólana, og er því bænarskráin að því leyti eigi þingmál.

Jón Hjaltalín: Þegar brúkuð eru óviðkvæmileg orð um útlenda þjóð, þá er hætt við, að samningar gangi eigi vel við hana, og slík orð eru nú viðhöfð í þessari bænarskrá, og munu þau lítið gagna. Eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram, hefi eg eigi mælt móti nefnd í máli þessu, en mèr virðist þó sá vegur öllu viðkunnanlegri, sem þingmaður Borgfirðinga stakk upp á; því getur enginn neitað, að skömmin lendir á þinginu fyrir að senda frá sèr bænarskrá með óviðurkvæmilegum orðum, en eigi á beiðendunum. Þingmaður Árnesinga fór stórum orðum um það á síðasta þingi, að Danir ættu að vernda oss, og senda stóran flota. En Danir eiga ekki nægan flota til þess að mæta Frökkum, og er ekki til neins að innbyrla löndum sínum slíkar grillur. Það er bezt að fara hægt í málið og tala um það með

hógværum orðum, og það má ætla af svo menntaðri þjóð, sem Frökkum, að það sè einungis undantekning, fari nokkur með rán og gripdeildir.

Benedikt Sveinsson: Mèr þykir að sönnu merkilegt, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skuli ei muna, hvernig nefndin tók í þetta mál 1863, en þó merkilegra, að hann tók ekki eptir, hvað eg sagði nú. Eg hefi aldrei beðið um flota, og það geta alþingistíðindin frá 1863 bezt borið vitni um. Nefndin, sem eg var einn í, fèkk einmitt ákúrur fyrir hið gagnstæða, að hún tæki of lint í málið, og væru þingtíðindin frá síðasta þingi hèr við hendina gæti eg sýnt þingmönnum þetta svart á hvítu. Þess vegna eru mótbárur móti mèr í því tilliti ástæðulausar. En hinn háttvirti konungkjörni þingmaður hefir að öðru leyti víst misskilið mig, því eg gaf alls eigi í skyn, að hann meinti annað en gott eitt með varúðarreglu sinni, en benti að eins á, að mál sem eru þinginu öldungis óviðkomandi, eins og dæmi hans, eigi ættu nè mættu koma til umtals á þingi. Að öðru leyti fellst eg á uppástungu þingmanns Borgfirðinga, því þó þingið nú sendi stjórninni nýja bænarskrá um þetta mál, þá getur hún ekki flýtt fyrir málinu frekar allra sízt að svo komnu, en bænarskrá þingsins 1863.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af því er þingmaður Borgfirðinga sagði, að stiptamtinu mundi hafa verið skrifað út af málinu nýlega, geta þess, að stjórnin sendi stiptamtinu Rapport eða skýrslu viðvíkjandi fiskiveiðum Frakka hèr við land, sem hinn franski yfirskipstjóri hafði á næstliðnu hausti sent sinni stjórn, en hún aptur dönsku stjórninni, og átti stiptamtið að segja álit sitt um þessa skýrslu yfir höfuð. Þessu boði hefir stiptamtið þegar fullnægt. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg verð, ef þingið skyldi vilja halda málinu fram, að fallast á þá meðferð á því, sem þingmaður Borgfirðinga stakk upp á í ræðu sinni.

Björn Pètursson: Eg stend upp til að lýsa gleði minni yfir því, hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók í þetta mál, því eg fellst að öllu leyti á uppástungu þingmanns Borgfirðinga. Það er víst nóg, að stjórnin sjái af þingtíðindunum, (eg gjöri ráð fyrir hún lesi þau), hvílíkan áhuga þjóðin hefir á þessu máli.

Jón Hjaltalín: Eg bið hinn háttvirta þingmann Árnesinga fyrirgefningar á því, að eg sagði, að hann hefði beðið um flota 1863, það var ekki þá, heldur 1861, en munurinn er þá ekki svo mikill sem honum sýnist.

Benedikt Sveinsson: Eg mótmæli því, að eg hafi nokkru sinni beðið um flota þann er hinn 3. konungkjörni þingmaður er að tala um, hvorki 1863 nè 1861, og vil eg skjóta því undir þá þingmenn, sem þá voru á þingi, en hitt er satt, að eg 1861 vildi ekki fallast á það með hinum háttvirta þingmanni og fleirum, að berja Danastjórn um það, að henni væri eigi unnt, að framfylgja hinum fornu fiskiveiðalögum.

Pètur Pètursson: Þetta mál hefir opt verið hèr fyrir á þingi, og eg hefi haft þá æru mörgum sinnum að vera kvaddur í nefndir um það, og þar á meðal á seinasta þingi 1863. Eg skal geta þess, með tilliti til hins háttvirta þingmanns Árnesinga, að hann var sá fyrsti ef mig minnir rètt, sem komst að þeirri niðurstöðu í þessu máli, sem varð ofan á á þinginu, nefnilega, að menn beiddu Danastjórn um að koma því til leiðar, að fyrir Íslands hönd yrði gjörð undantekning frá hinum almenna þjóðarètti. Stjórnin hefir nú mjög svo vel tekið í þessa bæn alþingis og lofað að flýta fyrir málinu, eins og henni væri auðið, sömuleiðis lýsir konungur vor því yfir í auglýsingu til alþingis í ár, að málinu skuli verða skipað á sem hagfelldastan hátt. Eg skil nú ekki í, þegar svona er tekið í málið, hvað þingið ætlar sèr með setja nefnd í það. Það væri þá má ske til að senda stjórninni þakklætisávarp! Því ekki er til neins að vera að reka á eptir henni, þegar hún gjörir allt það sem í hennar valdi stendur til að flýta fyrir málinu. Ef nú yrði sett nefnd í málinu til að reka á eptir stjórninni, þá virðist standa á sama, hvernig stjórnin tekur undir bænir alþingis, hvort hún alveg neitar þeim, eða ekki einungis lofar að fullnægja þeim, heldur og tekur strax til þess í verkinu, því ályktunin yrði sú, að alþingi ítrekaði allt af bænir sínar hvernig sem á stæði. Það sem líka mælir móti því, að nefnd sè sett í málinu, er það, að beiðendurnir hafa ekki getað vitað, hve fljótt stjórnin hefir undið að því að verða við bón alþingis, en þetta vita þingmenn og því eiga þeir ekki að framfylgja slíkum bænum. Eg mundi því helzt fella mig við uppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, ef eg væri ekki hræddur um, að bænarskráin þýdd á dönsku mundi verða látin fylgja málinu, og þannig komast til eyrna útlendra manna. Að öðru leyti er eg öldungis móti því, að nefnd verði sett í málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, skal eg leita atkvæða þingsins um þessi tvö atriði; hvort nefnd skuli setja og 2. hvort þingið vill fela forseta að skrifa stiptamtmanni um málið og biðja

hann senda það stjórninni með sínum góðu meðmælum að því yrði flýtt sem mest.

Var síðan nefnd felld með 18 atkvæðum, en samþykkt með 15 atkvæðum, að forseti skyldi senda stiptamtmanni málið.

Forseti: Þessu næst kemur til um ræðu bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu um *skylduflutning sveitarómaga*. Þingmaður Eyfirðinga er flutningsmaður.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 213.

Eg álít það enga þörf fyrir mig að mæla meir með bænarskránni en hún sjálf gjörir, því það er svo mikill sannleiki í henni fólginn og sanngirni, sem hún fer fram á, að eg þykist viss um, að enginn af þingmönnum muni mæla móti því, að nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist óþarfi að taka þetta mál til meðferðar á þinginu, því eg álít, að hlutaðeigandi amtmaður geti gjört það, sem bænarskráin fer fram á, og sem í alla staði virðist sanngjarnt.

Stefán Jónsson: Af því þetta er breyting á lögum, nefnilega fátækrareglugjörðinni frá 1834, 8. grein, þá get eg ei annað en efast um, að amtmaður muni treystast til að breyta þeirri lagagrein upp á sitt eindæmi; eg ímynda mèr, að hèr þurfi konungs leyfi til, því augnamið bænarskráarinnar er, að kostnaðinum, sem hingað til hefir fallið á einstöku hreppa, verði jafnað á alla sýsluna.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist ekki þurfi að koma fram nein ósamhljóðun eða mótsögn, því hèr ræðir einungis um, að flutningur ómagans fari fram kostnaðarlaust fyrir framfærsluhreppinn; en hvernig það skeður, kemur framfærsluhreppnum ekki við.

Stefán Jónsson: Reglugjörðin er þó meir en 30 ára gömul, og venjan hefir verið þessi, eins og kunnugt er; eg verð því að efast mjög um að amtmaður breytti þessu.

Konungsfulltrúi: Amtmanni er innan handar að leita álits stjórnarinnar, og með því getur reglan fengizt. Það er svo sanngjarnt, sem bænarskráin fer fram á, að það er varla efi á því, að stjórnin mundi leggja samþykki á það, sem um er beðið.

Arnljótur Ólafsson: Hèr er að minni ætlun eiginlega ekki talað um breyting á lögum heldur viðauki við þau, því skylduflutningur sveitarómaganna á að standa óhaggaður, þar eð gjört er ráð fyrir, að hreppurinn sem í leiðinni er flytji ómagana eins eptir sem áður, en vel að merkja gegn endurgjaldi af öllu hreppum

sýslunnar, og í þessu er viðaukiun eður, ef menn heldur vilja, breytingin fólgin en ekki í því, að sá hreppur skuli endurborga, sem ómaginn fer til. Hinn nýi viðauki, sem hèr er farið fram á, er því sá, að kostnaðurinn við flutninginn ekki lendi á einum einstökum hrepp heldur að tiltölu jafnt á öllum hreppum sýslunnar. Mèr finnst þingið eigi nú að athuga, hvort það muni eigi vera rèttara og jafnframt haganlegra að fá nýtt lagaboð í þessu efni, er gildi um allt land, líkt og var með lagaboðið um skylduflutning embættismanna, heldur en amtmenn sèu látnir gjöra það.

Ásgeir Einarsson: Mèr finnst það ísjárvert fyrir þingið að biðja um nýtt lagaboð þessu viðkomandi, þó bænarskrá þar að lútandi komi frá einni sýslu; menn hafa svo mörg dæmi upp á það, að bænarskrár hafa komið frá nokkrum sýslum um breyting á spánýjum lögum, og eins mundi fara nú, þegar einungis ein bænarskrá er komin úr landinu um þetta efni; eg vil því mikillega ráða þinginu til að fresta málinu fyrst um sinn; það er og leiðinlegt fyrir þingið að vera að snúast svona fram og aptur milli þjóðarinnar og stjórnarinnar, ef nú strax skyldi verða beðið um breyting á þeim lögum, sem hèr er beðið um, þegar þau væru fengin. Eg gef því atkvæði mitt móti því að nefnd verði sett í málið.

Pètur Guðjónsson: Eg held því ekkert til fyrirstöðu, að beiðendur snúi sèr til amtmanns síns og biðji hann að leita álits og úrskurðar lögstjórnarinnar um, hvort þetta sè lagabreyting; eg er nærri því viss um, að stjórnin mundi svara því á þá leið, að ekki verði svo álitið, og þá gæti sá úrskurður stjórnarinnar orðið gildandi um allt land.

Stefán Jónsson: Eg held varkárni hins háttvirta þingmanns frá Strandasýslu sè óþörf, því málið skaðar engan; mál þetta snertir ei eina sýslu heldur allt landið, ætli það væri ekki rèttara að málið gengi forseta veginn til stiptamtmanns og á þann veg til stjórnarinnar heldur en að ætla amtmönnum að laga þetta í hendi sèr eptir kringumstæðum. Það vilda eg heldur en að málinu sè frá vísað hèr.

Arnljótur Ólafsson: Þetta er þó athugavert, því hèr er dreift byrði af einum hrepp yfir á alla hreppana, og því finnst mèr ný lög þurfi, er skyldi hina hreppana til að bera byrðina með þessum náunga sínum. Eg játa, að mèr er að vísu ekki kunnugt, hve mikið vald amtmenn hafa til að leggja gjöld á sveitarsjóði, en það

veit eg að eptir fátækrareglugjörðinni hafa þeir ekki vald til að leggja neitt slíkt gjald á; en sè nú það satt, er hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að amtmenn hafi nægilegt vald í þessu efni, þá vil eg hallast að uppástungu hins háttvirta þingmanns Eyfirðinga um meðferð málsins.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, skal eg leita atkvæða þingsins um þessi tvö atriði, sem upp á hefir verið stungið: 1., hvort setja skuli nefnd í málið, 2., hvort vísa skuli því til stiptamtmanns.

Síðan var atkvæða leitað, og nefnd felld með 16 atkvæðum, en samþykkt að vísa málinu til stiptamtmanns með 11 atkvæðum gegn 10.

Forseti: Þessu næst kemur til umræðu bænarskrá frá Vestur-Skaptafellssýslu um að alþingi yrði af konungi veitt löggjafarvald til bráðabyrgðar í fjárkláðamálinu. Bænarskráin verður samkvæmt þingsins fyrri ályktunum afhent formanninum í nefndinni, sem kosin er um þetta mál, hinum háttvirta varaforseta.

Jón Pálmason: Er það ekki leyfilegt, að bænarskráin verði lesin upp?

Forseti: Það má gjarnan, ef þingmenn vilja heyra hana.

En þar eð mjög fáir studdu þetta mál, var það gjört að ályktun, að bænarskrá þessa skyldi eigi lesa upp.

Forseti: Þessu næst kemur til umræðu bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um, að fá lögbann mót *hákarlaskurði* um vetrartímann. Þingmaðurinn frá Strandasýslu hefir tekið að sèr að vera flutningsmaður þessa máls, og mun hann skýra þinginu frá því, sem nauðsyn er til.

Ásgeir Einarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 214.

Eg veit, að það sem í bænarskránni stendur er satt, en hèr er hægra um að tala en í að komast, hvað það snertir að uppfylla ósk beiðendanna, en í bænarskránni sjálfri er sagt frá því, er bezt á við, nefnilega að gjöra það með samtökum, að hætta hákarlaniðurskurðinum, og getur bænarskráin þess, að þetta hafi staðið í 2 ár, en þó sumir getað skotið sèr undan því, og er það óhægast í þessu máli að fyrirbyggja slíkt, en þó fariðið væri að biðja um lagaboð frá stjórninni um slíka takmörkun, sem bænarskráin fer fram á, gætu ýmsar kringumstæður verið svo breyttar þegar það kæmi út, að það gæti þá ekki átt við. Mèr er og

kunnugt, að lík ósk hefir víðar látið sig í ljósi; það eru einnig margir, sem æskja þess, að þiljuskip fari ei of snemma út á vorin, því þegar þau fara að skera hákarl í sjóinn, er úti um hákarlsafla á opnu skipunum. Eg veit og, að nokkrir kjósendur mínir í Strandasýslu ætluðu að senda slíka bænarskrá til þingsins, en réðu það af að skrifa amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu til, einungis um það að reyna að koma því til leiðar, að þiljuskip Norðlendinga færu ekki til hákarlaveiða fyrr en um sumarmál, því þeir hafa stundum farið vestur á Húnaflóa seint á vetrum, og haft af því mauna og skipatjón sjálfir, en spillt veiði fyrir Strandamönnum með niðurskurðinum. Þeir höfðu heyrt, Strandamenn, að amtmaður Norðlendinga hefði lagt gott til þessa máls eins og fleiri, og réðu þetta því heldur af en fara að senda málið til þingsins. Strandasýslu íbúar hafa og gjört samtök undan farin ár í því að hætta að skera hákarl í sjóinn til tekinn tíma, og hefir það þótt koma til nokkurs góðs. Mèr finnst yfir höfuð ísjárvert að biðja um lög í þessu máli, þar sem má koma samtökum við. Eg mæli reyndar eigi á móti því, að nefnd verði sett í málið, en eg vil þó taka það fram, að hèr eru ekki margir á þingi, sem til hlítar þekkja það, sem hèr til heyrir, þó eg viti, að bæði í Noregi og á Skotlandi sèu ströng fiskiveiðalög; en þó þetta geti heppnazt þar, sem góð stjórn er og eptirlit, eg er hræddur um, að vèr sèum eigi enn þá komnir svo langt á veg, að þess konar lög eigi við hjá oss, enda er þeim margt til fyrirstöðu t. a. m. hörð og misjöfn veðurátt, hafís o. fl. Ef þingið á hinn bóginn sæi eitthvert ráð til þess að láta að ósk beiðendanna, án þess að frelsi manna þar við skerðist um of til að framhalda arðsömum sjáarútvegi á hinn bóginn, þá vil eg styðja að því, að nefnd verði sett, og mun verða fús til að gefa þær bendingar, sem mèr er unnt. Að öðru leyti skal eg geta þess, að niðurskurðarfèlögin hafa komið að góðu haldi í Strandasýslu, eins og hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni er kunnugt, þegar hann var þar sýslumaður, en opt fylgja þeim nokkur vandkvæði. En eg vil að síðustu skjóta því til þingsins, hvort málið mundi geta haft nokkuð gagn af að komast í nefnd, eða annað ráð sæist, t. a. m. að láta það ganga forsetaveginn og biðja hlutaðeigandi yfirvald að reyna að skerast í málið, því það mundi vera tiltækilegra að vinna því gagn við hèraðsstjórn en lögstjórn.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist þetta mál þess eðlis, að það

eigi bezt við að koma á það samkomulagi í hlutaðeigandi sveit; en að öðru leyti álít eg það mjög ísjárvert að ákveða fasta reglu um slíkt mál og þetta er, og eg er sannfærður um, að óðar en búið væri að binda þetta mál föstum reglum, yrði aptur beðið um að breyta þeim. Það getur líka opt staðið svo á, að það sé ómögulegt að flytja hákarlsveiðina í land vegna storms og sjáfargangs, og að menn verði að skera hákarlinn frá sèr, og þetta ber opt við, og stundum er líka mikill hagnaður að því lifrarinnar vegna. Af þessum ástæðum, og af því vèr ekki höfum nein fiskilög, verð eg að mæla á móti því, að þingið taki þetta mál til meðferðar.

Stefán Jónsson: Það sem eg hef á móti bænarskránni er, að eg er hræddur um, að margir munu koma á eptir og beiðast breytingar og er mikið hræddari um það í þessu máli en í málinu sem hèr var umtalsefni næst á undan. Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði að amtmaðurinn í Norður- og Austur-umdæminu hefði stutt að líku máli. Þessu er þannig varið, að nokkrir menn, er vildu koma samningi á meðal þiljuskipa-eigenda, um að þeir eigi legði út fyrir sumarmál, fóru til amtmannsins, og var hann þessu máli meðmæltur, og hjálpaði þeim að semja brèf; Þegar til kom fengust 2 eða 3 af eigendum þiljubáta, ekki til þess að samþykkja þetta, og varð svo ekkert úr samningnum.

Sveinn Níelsson: Vegna þess að eg er frá hèraði því er stundar nokkra hákarlsveiði, verð eg að tala nokkur orð í þessu máli. Menn hafa stungið upp á að gjöra innbyrðis samninga um að skera ekki niður hákarla, heldur flytja þá í land; þetta kom einnig til umtals einu sinni á Þórnesfundi, vildu sumir láta búa til lög um þetta, en frá því var þó ráðið af líkum ástæðum og hèr eru fram komnar, aptur voru aðrir á því, að hèraða samningum skyldi á koma um þetta efni, en tilraunir, sem til þess voru gjörðar hafa mistekizt. Formenn hafa komið úr öðrum sýslum, og skeytt þessu ekkert, en litið meira á eiginn hag; þeir hafa skorið niður, þegar þeir hafa aflað vel, en hafi þeir aflað lítið, hafa þeir flutt allt til lands. Eg er því bræddur um, að þessi vegur heppnist ekki. Það er reyndar einungis einn maður í minni sýslu sem á þiljuskip, sem hann gjörir út til hákarlaveiða, og vill hann sjálfur ráða því, hve nær hann láti skipið leggja út, og það því fremr sem fyrstu ferðirnar optast hafa heppnazt vel, enginn hefir viljað eða getað átalið þetta, og hygg eg því, að menn verði ekki bundnir

við neinn vissan tíma ársins eða vorsins, nær þeir byrji þessa veiði.

Jón Hjaltalín: Eg er eins og þinginu mun kunnugt enginn niðurskurðarmaður, og mundi styðja bænarskrá þessa, ef að hèr hefði komið, eins og eg lengi hef vonazt eptir bænarskrá um almenn veiðilög, sem ekki mun vera vanþörf á hèr. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þingmann Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvort hann hafi ekki fengið frá veiðistöðum hèr, bænarskrá um veiðilög. Þau væru sannarlega nauðsynleg, því allt gengur hèr í mestu óreglu og stjórnleysi landinu til niðurdreps. Ef bænarskrá þessa efnis væri komin, vil eg mæla með nefnd.

Pètur Guðjónsson: Eg hefi enga bænarskrá fengið um þetta efni, þó mun hún vera í undirbúningi, en naumast mun hún samt koma á þetta þing, og í öllu falli ekki fyrri en mjög er á það liðið; menn hafa talað um að fá reglugjörð Moltkes frá 1820 endurnýjaða með nokkrum breytingum: en hún er ekki þess eðlis, að hún geti kallazt almenn veiðilög, þar sem hún talar einungis um sèrstaklegt efni, nefnilega netalagningar í Njarðvíkum og undir Vogastapa.

Sighvatur Árnason: Eg hefi talað við nokkra hákarlaveiðimenn, og þykir þeim niðurskurðurinn að vísu skaðlegur fyrir veiðina, en í annan stað hættulegt að banna hann, og áskilja innskurð í staðinn, því að það gæti orðið orsök til þess, að menn stofnuðu sèr opt í meiri lífsháska sökum þess, að þessi veiði er allvíða tíðkuð á opnum skipum og bakaði þeim ætíð hleðslu, ef nokkuð veiddist. Þar á móti hafa þeir álitið hyggilegast ráðið, að blása upp maga hákarlsins svo menn geti notað meiri afla í svipinn án þess að spilla veiðinni, enn um það sýnist mèr menn ættu að geta komið sèr saman í hverri veiðistöðu, og þess vegna virðist ekki ástæða til að semja lög um það sèrstaklega, nema ef vera skyldi í almennum veiðilögum; er eg þess vegna mótfallinn, að nefnd verði kosin.

Björn Pètursson: Eg ætla líka að tala fátt eitt, af því eg er úr hákarlahèraði eins og hinn velæruverðugi þingmaður Snæfellinga. Eg er hræddur um, að hèr sèu ekki svo góðir hákarlamenn á þingi, að þeir geti að svo stöddu samið góð lög um það efni, og eg býst við, að spá hins hæstvirta konungsfulltrúa muni rætast, að margir mundu verða til að beiðast breytingar á þeim strax á næsta þingi. Það væri sjálfsagt gott að fá almenn veiðilög, og máske bænar-

skrár komi þess efnis til næsta þings, ef þær eru nú þegar í undirbúningi. Þá verða hákarlarnir sjálfsagt með, og menn geta búið sig út með bænarskrár frá öllum hákarla plássum til næsta þings. Eg verð því að mæla móti nefnd í þetta skipti.

Ásgeir Einarsson: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður talaði um veiðilög eptir stiptamtmann hèr um árið. Eg hef nú heyrt misjafnt af þeim sagt. Vèr getum ekki og höfum ekki tíma til nú að búa til almenn veiðilög, enda mundi ekki svo hægt að gæta þess ávalt að þeim yrði framgengt. Eg skyldi vera með nefnd, ef þingmenn gætu bent mèr á, að gagn yrði í að senda málið til stjórnarinnar, en að svo komnu sè eg ekki hver árangur getur orðið að því.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki orðið við tilmælum hins háttvirta þingmanns úr Strandasýslu, og verð eg að vera móti nefnd. Þó eg heyri, að margir hèr sèu kunnugir hákarlaveiðum, held eg samt, að þeir sèu það ekki svo, að þeir geti gjört ánægjanleg lög um það efni, að minnsta kosti ekki fyrir mitt kjördæmi. Það getur að borið, að óumflýjanlegt sè að skera niður hákarlinn og lífsháski sè að gjöra það ekki, eptir því sem opt ber við á Breiðafirði á opnum skipum. Þetta er að sönnu ekki nema stundum, en eg get þess, að slíkt á sèr stað, og því getur verið varasamt, að hrapa að því að semja lög um það, sem getur orðið ómögulegt. Að banna niðurskurðinn á þiljuskipum virðist mèr sama og að segja við þau:» Þið megið ekki fiska nema lítið, því þið eigið að flytja allan hákarl í land, og meira megið þið ei fiska í einu. Eg hefði heldur viljað, að einhver hefði komið með uppástungu um að reyna til að draga hákarlinn nær landinu með nægum niðurburði. Álit mitt er, að málinu skuli fresta í þetta skipti og setja enga nefnd í það.

Forseti: Af því eg er að nokkru leyti viðriðinn mál þetta, sem þingmaður Ísfirðinga, þá skal eg geta þess, að um vorið 1845, áður en fyrsta alþing var haldið, þá hèldum við Ísfirðingar fund með okkur á Ísafirði; vildu þá kjósendur mínir, að eg tækist á hendur að flytja bænarskrá þessa efnis til alþingis. Eg ráðlagði þeim þá að semja enga bænarskrá, heldur reyna samtök sín á milli, því að ekki yrðu fengin þau lög frá alþingi, er að fullum notum kæmi, enda ekki fært að fá þá umsjón sem nægði, til þess að þeim yrði framfylgt, en það vitum vèr allir, að þau lög, sem engin framkvæmd fylgir, eru dauð lög. Sjálft ásigkomulag hákarla-

veiðarinnar getur gjört það ómögulegt, að fylgja vissum lögum um hana. Það getur komið fyrir, að menn sèu neyddir til þess að skera af sèr, og hver getur dæmt um það, hversu mikil eða bráð þessi nauðsyn er, nema mennirnir sjálfir, sem að veiðinni eru. Alþingi getur, að minni hyggju, ekki gjört neitt við þetta mál að svo komnu. Það er of einstaklegt til að taka það sem stofn til alþingismáls um ný fiskilög, og nauðsynin ekki svo bráð, að menn ekki geti beðið þangað til málið verður fullkomnara, og fleiri bænarskrár koma má ske til næsta þings. Eg vil þess vegna skjóta því til hins háttvirta flutningsmanns, hvort honum sýnist ekki rèttast, að við komum okkur saman um, að taka bænarskrána aptur (*Ásgeir Einarsson*: Jú).

Fyrst enginn þingmanna mótmælir því, þá er þessi bænarskrá tekin aptur.

Eg skal geta þess, að nefndin um *dönsku lagaboðin* hefir tilkynnt mèr, að Jón Pètursson væri kosinn formaður, og Jón Guðmundsson skrifari. Einnig hefi eg fengið nefndarálit um *fermingu og affermingu gufuskipa á helgidögum.* Enn fremur er komin til mín uppástunga viðvíkjandi ýmsum atriðum í *landbúnaðinum,* frá þingmanninum í Rangárvallasýslu, hún er löng, og væri án efa nauðsynlegt, að þingmenn fengi færi á að kynna sèr hana, skal eg því láta leggja hana á lestrarsalinn áður en hún kemur á dagskrá.

Hjálmur Pètursson: Eg óska að mega snúa nokkrum orðum til hins háttvirta forseta áður fundi er slitið. Það eru nú þegar liðnir 4 dagar síðan þriggja manna nefnd var kosin í Brákarpollsmálið, og er varaþingmaður Reykvíkinga einn í nefndinni; hann hefir enn ekki getað mætt á þingi, eg vil því óska, að við hinir nefndarmenn mættum auka einum manni í nefndina svo hún gæti tekið til verka, og ef það ekki er móti reglu, að við þá mættum stinga upp á honum, en ef við megum það ekki, þá vil eg vita hvað lengi við eigum að bíða eptir sama þingmanninum.

Forseti: Hefir hinn heiðraði formaður nefndarinnar talað við varaþingmanninn? eða getur ekki nefndin tekið til starfa án hans?

Hjálmur Pètursson: Ekki hef eg talað við varaþingmanninn, en eg hef heyrt að hann sè veikur, í nefndinni eru einungis 2 menn auk hans, mèr finnst því, að þeir geti varla tekið til verka, og veit ei heldur hvort þeir eiga að gjöra það.

Jón Hjaltalín: Varaþingmaðurinn mun varla geta mætt fyrst um sinn, en hvað lengi það dregst get eg ekki sagt.

Forseti: Eg vil þá ætla, að réttast sé, að þessi nefnd eins og hin hinkri við svo sem 2 daga, og viti hvort þingmaðurinn kemur ekki. Eg ímynda mér annars, að nefndarmenn gætu talað við hann sjálfan, því eptir því, sem hann hefir látið í ljósi í bréfi sínu, þá er líklegt hann muni nú geta mætt bráðum.

Eg skal þá að lyktum ákveða fund á morgun klukkan 12, og boða um hann á dagskrá í kvöld.

Fundi slitið.

---

9. fundur — 13. júlí.

Allir á fundi, nema hinn 2. konungkjörni þingmaður, sem hafði tjáð forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni um *jafnaðarsjóðina*, að til formanns hennar væri kosinn Jón Guðmundsson, en síra Arnljótur Ólafsson til skrifara.

Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir að kjósa nefnd í konunglegt álitsmál, um lögin viðvíkjandi launaviðbót handa íslenzkum embættismönnum; eg skal leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Pètur Guðjónsson: Eg sting upp á 3 manna nefnd.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi leyfa mér að spyrja að því, hvernig á því stendur, að málið er lagt fyrir þingið á dönsku; eg ímynda mér að útleggingar við þurfi, því hèr eru margir á þingi, sem ei skilja dönsku.

Forseti: Eg hefi tekið svona á móti málinu frá hinum háttvirta konungsfulltrúa, en auðvitað er, að það fengist snúið á íslenzku, ef þingmenn æsktu þess; að öðru leyti sýnist mèr óþarfi að fresta nefndarkosningunni.

Lèt forseti síðan ganga til atkvæða um, hvort kjósa skyldi 3. eða 5 menn í nefndina, og var 5 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Halldór Jónsson	með	15 atkv.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	—	13 —
Jón Guðmundsson	—	11 —
Jón Bjarnason	—	9 —
Ólafur Sigurðsson	—	8 —

Var málið síðan afhent Halldóri prófasti Jónssyni er hlaut flest atkvæði.

Ólafur Sigurðsson: Fyrst svona vildi til, að 3 ómenntaðir menn urðu í nefndinni, óska eg að þau 2 skjöl, sem fylgja þessum launabótalögum á dönsku, verði útlögð á íslenzku hið allra fyrsta.

Konungsfulltrúi: Þau umræddu skjöl koma ekki reyndar öðruvísi málinu við, en að þau eru til skilningsauka, þar sem þau snerta undirbúning launamálsins í hinum danska ríkisdegi, og því hefi eg látið þessi skjöl fylgja með lögunum sjálfum, ef einhverjir þingmanna vildu kynna sèr þau, en eg álít ekki þurfa að leggja þau út á íslenzku.

Bergur Thorberg: Eg vil benda þinginu á, að eitt af þessum skjölum, nefnilega frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir ríkisþingið, er prentað á íslenzku í tíðindunum um stjórnarmálefni Íslands.

Forseti: Eg skal bera mig á sínum tíma saman við formann nefndarinnar um, hvort útleggingar við þurfi, því ef nefndin eða nokkrir þingmenn óska þess, þegar kemur lengra fram í málið, þá verður það hæglega gjört. Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til tilskipunar um *verzlunarvog* á Íslandi. Framsögumaður er þingmaður Snæfellinga.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 215.

Framsögumaður (Sveinn Níelsson): Eg hefi að þessu sinni ekkert fram að færa, en bíð átekta.

Pètur Guðjónsson: Eg skal geta þess, að breyting nefndarinnar er fólgin í, að fella burt seinasta hluta 4. greinar. Nefndinni fannst þetta koma í bága við það, sem til er ætlazt í frumvarpinu, nefnilega að konungur setji gömlu vogina úr gildi þegar honum svo líkar. Ef menn við halda hinni gömlu vog, þá kemst hún ef til vill, aldrei um eilífð úr gildi, og hvað á þá að gjöra með nýja vog? Ef menn vilja taka á móti hinni nýju verzlunarvog, þá er bezt að gjöra það sem fyrst; annars er engin þörf á neinni breytingu, ef menn ekki vilja hana nema til hálfs. Eg held því þess vegna fast fram, að þessi orð falli burt; mèr er og

nær að halda, að hinar gömlu vogir verði með því móti úreltar á einum 10 árum ef ekki fyrr.

Halldór Jónsson: Eg felli mig betur við frumvarpið en við breytingu nefndarinnar; því þó merki hinnar gömlu vogar verði skírð, hamlar það engan veginn því, að hún verði tekin úr gildi með lögum.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist ekki ástæða til að sleppa þeirri umræddu klausu út úr 4. gr. frumvarpsins. Ákvörðunin er augsýnilega til hagnaðar fyrir landsbúa, og því ætti þingið ekki að ráða til að láta hana úti úr frumvarpinu.

Jón Guðmundsson: Það er ekki rètt, sem hinn háttvirti þingmaður frá Gullbringusýslu sagði, því þetta niðurlag 4. greinar, þó því sè haldið, *hindrar* ekki konung í að skipa fyrir með hina nýju vog, og frestar heuni ekki á neinn veg; eg verð því að vera samdóma konungsfulltrúanum og þingmanninum frá Norður-Múlasýslu.

Stefán Thordersen: Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni frá Gullbringusýslu. Úr því nýja vogin á að komast á, þá er bezt að það verði sem fyrst; því eg er hræddur um, að leyfið sem gefið er í frumvarpinu geti af sèr leitt ýmsa óreglu og ósamkvæmni.

Jón Hjaltalín: Eg er sömuleiðis samdóma hinum háttvirta þingmanni frá Gullbringusýslu; fyrst menn á annað borð eru að að biðja um breytingu á verzlunarvoginni, þá liggur í því, að menn heldur vilja nýja vog en hina gömlu; eg skil því ekki í því, hvers vegna menn vilja halda í hina gömlu vog; mèr finnst ekki vert að vera að tvískipta þessu, það getur ollað glundroða; það er ekki heldur svo mikið að vega hèr á Íslandi, að það taki því að vera að tvískipta vogunum.

Eiríkur Kúld: Eg get ekki verið samdóma hinum 3. konungkjörna þingmanni og þingmanni Vestmanneyinga, en ætla að gefa atkvæði mitt fyrir uppástungum frumvarpsins, því eg sè ekki, að nefndin bæti það neitt með breytingu sinni. Okkur Íslendingum er borið það, að við sèum vanafastir og lengi að átta oss á breytingum; því álít eg hentugt, að halda hinni gömlu vog fyrst um sinn, meðan menn eru að venjast hinni nýju og hún svo smátt og smátt að verða þjóðleg.

Framsögumaður: Nefndin ætlaði sèr aldrei að gjöra þetta að neinu kappsmáli; hún leit svo á málið, að eigi

væri til neins að biðja um löggildingu á hinum gömlu vogarlóðum, sem að líkindum eiga ekki hèðan af langan aldur; að öðru leyti get eg ekki tekið fleiri ásæður fram fyrir nefndarálitinu, en þegar er gjört.

Arnljótur Ólafsson: Eptir eldri lögum er það leyfilegt að löggilda hina eldri vog; hin gömlu lög standa meðan þau ekki eru úr lögum numin; eg er þess vegna með nefndinni, af því klausan, sem hún vill fella burt, er óþörf eður eptir lögum hèr á landi hortittur; það þarf sem sè ekki að leyfa það, sem lög ern fyrir. Ef menn eru mèr samdóma um það, að hin eldri lög leyfi að löggilda hina eldri vog, þá get eg ekki sèð, að þurfi að biðja um ný lög til þessarar löggildingar. Eg gef þess vegna atkvæði mitt með nefndinni.

Bergur Thorberg: Eg get ekki verið á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga um það, að menn geti án beinnar ákvörðunar um það efni framvegis fengið gömul vogarlóð skírð upp á ný. »Justerkammeret« í Kaupmannahöfn löggildir nefnilega ekki lóð lengur eptir hinu eldra vogarlagi, eins og hinn heiðraði þingmaður virðist ætla að líkindum, og þar af leiðir að það eigi heldur skírir upp gömul lóð án sèrstaklegrar heimildar.

Jón Pètursson: Endurnýjun á löggildingu gamalla vogarlóða er kostnaðarsöm; nú veit enginn fyrir fram, hve nær gamla vogin verður úr lögum numin; ef því leyfið í frumvarpinu um að geta fyrst um sinn fengið gömlu vogarlóðin löggilt aptur á ný væri aðhyllzt, gæti margur orðið fyrir baga, sem hefði sökum leyfis þessa fengið hin gömlu vogarlóð sín löggilt á ný; því sama árið, sem þeir fengju það, gæti lagaboð komið út, er bannaði að við hafa lengur gömlu vogina, og þá hefðu þeir til einskis kostað upp á að fá vogarlóð sín á ný löggilt. Eg óska þess vegna, að hin nýja vog sem fyrst komist á, úr því hún á annað borð á að inn færast hèr.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst einmitt, að ástæða sú, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga kom með á móti nefndinni, sè með henni; því, af því við erum vanafastir, þá getur það verið mjög hættulegt að gefa oss tilefni til að halda gamalli vondri venju; eptir því sem hèr er ástatt getur það valdið hinum mesta glundroða og ringulreið, ef við höldum gömlu vogarlóðunum; í þessu tilliti er það því satt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að hèr væri ekki svo mikið að vega, að það tæki

því, að tvískipta vogarlóðunum. Eg gef því atkvæði mitt með nefndinni.

Björn Pèturson: Mèr getur ekki skilizt að það væri rètt af hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að kalla klausu þá, sem nefndin vill fella burt, úr stjórnarfrumvarpinu, hortitt, og mig gladdi það, að hinn háttvirti 4. konungkjörni sýndi fram á, að þetta er ekki hortittur, sem stjórnin sendir okkur. Það lá nú altènd að. Eg skil ekki, að leyfið, sem í frumvarpinu er gefið, geti orðið nokkrum að skaða, eins og hinn 5. konungkjörni hèlt, það er sem sè hægt fyrir þá, sem lóðin eiga, að varast skaðann, sem af breytingunni getur leitt, þegar þeir vita af henni fyrir fram. Þeir munu líka bezt sjá um sig sjálfir í þessu efni. Þar mun reyndin á verða. Eg finn því enga þörf á að fella þessa klausu burt. Það er líka kátlegt, þegar þingið ætlar að verða strangara en stjórnin, og vill hafna þeim leyfum, sem hún gefur landsmönnum í hag. Eg gef þess vegna atkvæði mitt móti nefndinni, hvað þetta snertir.

Jón Bjarnason: Eg álít hentugast að menn gætu fengið eina eður eins kyns vigt yfir allt landið, eins í hinu stærra sem hinu smærra, því eg álít, ef sumir halda hinni gömlu vog, en aðrir brúka jafnframt þá nýju, þá verði það ei til annars en að gjöra vefjur og rugl í viðskiptum manna. Eg gef því atkvæði mitt með nefndinni.

Framsögumaður: Eg ætla mèr ekki að svara hinum háttvirta þingmanni frá Suður-Múlasýslu miklu, því hann leiddi engin rök að því, að greinin sem nefndin vill fella úr frumvarpinu væri þörf; en nú eru ástæður færðar fyrir því, að úr því þessi breyting á fram að fara, þá sè ei nema ómakið tómt að halda í löggildingu hinna gömlu vogalóða og pundara.

Ásgeir Einarsson: Það var einu sinni sagt, og það í meira máli en þessu, að þegar lögunum er skipt, þá er og friðinum skipt. Eg held því, að úr því þessi breyting á að komast á hèr á landi, þá sè hentugast að hún komi sem fyrst, og hinni gömlu vigt sè alveg sleppt, því að halda henni gæti valdið ruglingi. Eg gef því atkvæði mitt með nefndinni.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. 1.—3. gr. frumvarpið óbreytt, samþykkt í einu hljóði.

2. 4. gr. breyting nefndarinnar samþykkt með 15 atkvæðum gegn 9.
4. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum.
3. 5.—6. gr. frumvarpið óbreytt samþykkt með 22 atkvæðum.
4. frumvarpið með breytingu samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til opins brèfs, um að gjöra Ísafjörð að kaupstað.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 215.

Framsögumaður er hinn 6. konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Hèr eru komin fram 2 breytingaratkvæði, 1. breytingaratkvæði þingmannsins úr Árnessýslu og 2. breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu. Að því leyti sem snertir hið fyrra breytingaratkvæðið, þá finnst mèr það, eins og eg við undirbúningsumræðuna gat um, ekki bæta neitt; orðfærið er hvorki betra nè heldur sè eg að það sè ljósara en orð frumvarpsins sjálfs. Hið síðara virðist mèr vera ófrjálslegt; hèr er heldur um enga hættu að tala, því að þótt kjörstjórinn sjálfur vildi vanbrúka vald sitt, þá mundi varla allir þeir þrír gjöra það sem í kjörstjórninni sitja.

Halldór Jónsson: Mèr virðist breytingaratkvæði þingmannsins úr Árnesýslu ekki eins viðfelldið og uppástunga nefndarinnar, því það liggur nærri að heimfæra það einungis til þeirra, sem að eins hafi verið 1 ár í lögsagnarumdæminu, og þá vantaði ákvörðun um, hvað hinir, sem lengur hefðu verið þar, skyldu gjalda til sveitar.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar með því að halda langa vörn fyrir breytingaratkvæði mínu; mèr getur samt ekki fundizt, að mótbárur þingmannsins frá Norður-Múlasýslu móti því sèu á rökum byggðar. Mig minnir nefnilega ekki betur en að framsögumaður segði, að orðið »*á ári*« ætti að miðast við *síðasta árið*, og þetta var það, sem kom mèr til að setja breytingaratkvæðið, til þess ákvörðunin væri ekki meiningarlaus, því *árlega* eða *á ári seinasta* árið skil eg ekki, og um árlegt gjald ræðir eigi heldur að eins um *eitt* ár, og fleiri ár eru þýðingarlaus í þessari ákvörðun. Hvað orðið »ef« snertir, þá hèlt eg það vera betra mál á þessum stað að hafa það, en orðið: »*þegar*«; því það hèlt eg að eigi þyddi skilyrði á voru máli. Að öðru leyti má þingið gjöra við þetta breytingaratkvæði fyrir mèr það sem því þóknast.

Pètur Guðjónsson: Eg get ekki sannfærzt af ræðu framsögumanns; því auk þess að það getur hugsazt, að kjörstjórnin færi

ranglega með atkvæðin, gætu menn einnig hugsað sèr óskrifandi og ólesandi kjósanda, sem lèti annan skrifa fyrir sig seðilinn, og væri það hægðarleikur fyrir þenna að kjósa þann, er hann vildi. Líka gæti hugsazt að villa mætti um seðil fyrir kjósanda, svo að annar seðill en hans sjálfs kæmi fyrir kjörstjórnina. Eg skil því ei, hvað mönnum gengur til þess, að vilja leyfa mönnum að koma með seðla, þegar menn mæta persónulega, og geta nefnt þann, sem menn vilja kjósa munnlega. Það hefir verið borið fyrir, að kjósandi kynni að eiga annríkt og ekki geta verið á kjörfundi út til enda. Það væri, þegar svo stendur á, ekki meir en »Humanitet« af hálfu kjörstjórnarinnar, að hún leyfði kjósanda, sem naumt væri við látinn, að kjósa strax, og að bóka atkvæði hans, þótt röðin væri ekki komin að honum.

Jón Guðmundsson: Eg get hvorki fallizt á breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu nè heldur þingmanns Árnesinga; eg veit ekki hvað það á að þýða, að vera að tefja þingið með öðrum eins smámunum; að minnsta kosti furðar mig á þingmanni Árnesinga, sem var hèr á þingi, þegar samkynja frumvarp, og með hinni sömu ákvörðun orðrèttri, sem sè Akureyrarfrumvarpið, var rætt; þá kom hann ekki fram með neitt breytingaratkvæði, og enginn þingmanna viðvíkjandi þessari sömu málsgrein, en nú gjörir hann það; væri þessar breytingar í nokkru tilliti verulegar, þá væri það annað mál, en þessu er ekki að heilsa; breytingarnar eru mjög svo lítilfjörlegar og óverulegar (*Pètur Guðjónson*: 4. breytingaratkvæðið er Principspursmál!), — ekki hefir það þótt þegar rætt var um Akureyrarfrumvarpið. Þingmaður Gullbringusýslu talaði um óskrifandi og ólesandi kjósanda; þetta getur átt sèr stað, en eg held það sè þá innan handar fyrir kjósandann, að biðja kjörstjórnina að skrifa seðilinn fyrir sig, og þá getur hann víst verið ugglaus um og allir kjósendurnir, að rètt muni vera skrifað. Þetta sýnist öldungis samstemmandi með orðum og anda reglugjörðarinnar. Eg get því ekki annað en álitið það öldungis ótiltækilegt núna að fara fram á þessar breytingar, sem engum duttu í hug, þegar Akureyrarfrumvarpið var rætt hèr á þingi. Eg gef þess vegna atkvæði mitt gegn báðum breytingaratkvæðunum.

Jón Pálmason: Þar eð hinn háttvirti varaforseti hefir tekið fram það, sem eg vildi sagt hafa, get eg í þetta skipti verið því fáorðari. Að því er snertir breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu, þá tók hann fram sem ástæðu fyrir breytingaratkvæð-

inu, að það gæti að borið, að menn mæti á kjörfundi, sem hvorki sèu skrifandi nè læsir á skript. Fyrir þessu ætla eg, að eigi þurfi ráð að gjöra; menn segja að menntuninni sè að fara fram í landinu, sem eg bygg að satt sè, og þegar menn eru kommir til þess aldurs að eigi kosningarrètt mun miklu heldur mega gjöra ráð fyrir að þeir sè bæði lesandi og skrifandi, svo eg get ekki frá mínu sjónarmiði gefið breytingaratkvæðinu meðhald mitt.

Stefán Thordersen: Eg verð þó að mæla með því, að breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu sè hèr nauðsynlegt, og eigi vel við. Þessir skrifuðu seðlar geta óneitanlega valdið misskilningi og glundroða, og eg fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við slík ambáttaratkvæði. Hinn háttvirti varaforseti benti á, að þetta væri praktiskt, en eg get ekki sèð það. Úr því menn hafa fengið þau politisku rèttindi að mega koma á kjörfund og kjósa, álít eg þá að hinu leytinu skyldi til að sitja þar kyrra meðan á fundinum stendur og kjósa sjálfa, og ættu menn að minni hyggju engan veginn að forsóma þetta. Hitt væri til að ala ósómann að líða mönnum að koma þar að eins sem snöggvast, til þess að fara undir eins aptur, því mèr finnst þess háttar borgaraleg rèttindi vel þess verð, að menn þó tími að eyða dálitlum tíma upp á að verða þeirra aðnjótandi.

Framsögumaður: Þessari síðustu ræðu þarf eg ekki mörgu að svara, með því að engar ástæður voru í henni. Þingmaður Gullbringusýslu tók fram, að hann gæti hugsað sèr, að þeir menn kæmu á kjörfund, sem væru bæði óskrifandi og ólæsir á skrif, en eg get ekki hugsað mèr, að slíkt komi fyrir, sízt að menn ekki geti lesið, og að því leyti sè eg enga hættu búna. Hèr er ekki talað um það, að hver einn sendi seðil sinn á fund, því þá yrði ástæða til tortryggni. Maðurinn fer *sjálfur* á fundinn með seðilinn, og afhendir hann *sjálfur* kjörstjórninni, svo hèr geta engir vafningar átt sèr stað. Þessi ákvörðun var og í frumvarpinu til reglugjörðar um bæjarstjórn á Akureyri, sem þingið bjó til 1859, og er haldið í reglugjörðinni 29. ágúst 1862. Sömu reglu hefir og verið haldið hèr í Reykjavík (*Pètur Guðjónsson*: Móti lögum). Það hefir enginn undan henni kvartað.

Jón Bjarnason: Mèr finnst þó mikill munur, hvort kosning kjósandans kemur úr hendi hans eða munni, og eg skil ekki, hvers vegna hún má ekki eins vel koma úr munni hans eins og hendi. Því þegar hún kemur úr hendinni, getur það valdið ýmsum krók-

um og vafningum, eins og sýnt hefir verið. En hvað getur verið ljósara en orð kjósandans, þegar hann talar og segir kjörstjórninni, hvern hann kýs. Eg verð að ímynda mèr, að í Reykjavík hafi einmitt sýnt sig eptirköstin af því að hafa skrifaða seðla.

Framsögumaður: Eg mótmæli því með öllu, að nokkur slík eptirköst hafi fram komið í Reykjavík af hinum skrifuðu seðlum, og mætti eg vera því kunnugur, þar eg hefi verið 7 ár bæjarfulltrúi og ein 4 í kjörstjórninni.

Sighvatur Árnason: Eg verð að vera mótfallinn breytingaratkvæði þingmannsins í Gullbringusýslu, því eptir minni meiningu í tilliti til þess, að kjörþing eru yfir höfuð dauflega sótt, sýnist ekki bæta úr skák, að menn sjái sèr óumflýjanlegt að bíða allan daginn þangað til þeir væru kallaðir eptir þeirri röð og reglu, sem sjálfsagt verður að hafa við hina munnlegu atkvæðagreiðslu. En með því að leggja atkvæðaseðilinn fyrir kjörstjórnina, geta menn gengið af fundi og gegnt störfum sínum; og yfir höfuð sparað tímann, en tíminn er peningar, eg get ekki heldur sèð, að atkvæðagreiðslan eptir frumvarpinu sè á nokkurn hátt hættuleg, af þessum ástæðum er eg á móti breytingaratkvæðinu.

Björn Pètursson: Þó út líti fyrir, að þessi breytingaratkvæði ætli eigi að fá góðan byr hèr á þingi, verð eg þó að vera þeim báðum meðmæltur. Og kemur það engan veginn af því að eg sè vinur breytingaratkvæða yfir höfuð. Fyrra breytingaratkvæðið finnst mèr alveg fara í sömu átt og frumvarpið sjálft og einungis vera til að skýra orð frumvarpsins, svo að þau ekki verði misskilin. Sú ástæða, að þingið hafi áður komizt svona að orði og þess vegna megi nú ekki breyta til, virðist mèr lèttvæg, því mèr finnst það einmitt *skylda þingsins,* að breyta bæði skoðun sinni og orðavali, *þegar það sèr að annað er rèttara* eða fer betur. Það væri skrítið, ef að þingið skyldi æfinlega vera bundið við þau sömu orðatiltæki, sem það einu sinni hefir haft, hvernig sem á stendur og eg get varla ímyndað mèr, að það geti verið alvara nokkurs þingmanns að halda því fram. Svo þetta sýnist mèr engin ástæða. Sama er að segja um seinna breytingaratkvæðið, að eg er því einnig meðmæltur, því hverja þýðingu hefir atkvæðaseðill, þegar kjósandi sjálfur er og á að vera við staddur á kjörfundi, svo framarlega sem hann vill neyta kosningarrèttar síns. Það er engu líkra en því, þegar menn hèr í salnum eru að biðja um «kúlur» í staðinn fyrir nafnakall, allt eins og menn fyrirverði sig að láta vitast eða

sjást hvernig þeir greiða atkvæði. Eg get ekki sèð að seðlarnir geti nokkurn tíma gjört nokkurt gagn. Eg álít því seðlana alveg óþarfa, og ekki til annars en að gjöra kosninguna ófrjálslegri og pukurslegri. Menn þurfa þó ekki, eins og að stelast til að kjósa, því það er heimilt og frjálst. Eg felli mig sem sagt vel við bæði breytingaratkvæðin og mun gefa þeim atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Mèr virðist breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu sè á góðum rökum byggt, því það getur vel komið fyrir, að seðlarnir gefi tilefni til vanbrúkunar. Hinn háttvirti varaforseti og framsögumaður sögðu, að ef maður mætti senda nafn sitt á fund, þá gæti það gefið tilefni til vanbrúkunar, en af því frumvarpið ætlast til að menn komi á fund, þá sè eigi eptir ætlun þeirra hætt við misbrúkun seðlanna. En eg vil spyrja, getur ei farið svo, að annar maður afhendi seðilinn en sá sem skrifaði hann? Er nokkur skylda, að sá afhendi sem skrifaði? (*Halldór Friðriksson*: já). Nei, það stendur ekki í lagafrumvarpinu. Annar getur því afhent kjörstjórninni seðilinn eptir lögunum, án þess kjörstjórnin hafi sèð þann mann sem skrifaði, eður sèð að hann skrifaði, og því getur svo farið, að seðillinn sè afhentur frá þeim manni er aldrei kom á fund. Eg get einnig hugsað mèr annað dæmi, og það er, að maðurinn lætur sjálfur afhenda kjörstjórninni *sinn* seðil, og hún getur þó ekki vitað, hvort það sè hans atkvæði eður annars manns. Eða getur kjörstjórnin ábyrgzt að það sè mitt atkvæði, þegar eg rita eigi nafn mitt undir? Eður er hún skyldug að þekkja hvers manns hönd? Það getur og verið, að sá maður, er eg bið að skrifa fyrir mig, skrifi annað nafn en eg bað um. Hvernig sem þessu er því velt fyrir sèr, getur þessi atkvæðagreiðsla á seðlum valdið því, að skrifað atkvæði komi frá manni, sem eigi er á fundi og eigi hið rètta atkvæði þess manns er var á fundi, en það getur eigi átt sèr stað, ef atkvæði eru einungis gefin munnlega. Eg álít seðla alveg ónauðsynlega, og þeir eru ísjárverðir, af því þeir geta orðið misbrúkaðir. En seðlar eru eigi nauðsynlegir af því að nóg er fyrir þann er þarf að fara burt af fundi að segja kjörstjórninni, hvern hann kýs, og er það engum vafningum nè vefengingum undirorpið.

Jón Hjaltalín: Eg er með þeim, sem fallast á bæði breytingaratkvæðin. Þingmaður Árnesinga hefir varið sitt svo vel, að mèr er eigi þörf að tala fyrir því. Sömuleiðis er breytingaratkvæði þingmanns Gullbringusýslu greinilega og vel varið af honum sjálf-

um, en mótbárur þær, sem færðar hafa verið gegn því, léttvægar. Breytingaratkvæðið miðar nú auðsjáanlega að því, að viðhalda góðri reglu, og ætti alþingi ekki að vera á móti því, eða stuðla til að gjöra menn skeytingarlausa í að sækja fundi. Slík óregla ætti ekki að alast upp í mönnum. Þar að auki hafa nú þingmenn sýnt, að seðlakosningin getur gjört ýmsan glundroða, og ættu menn að reyna að komast hjá því; því það sjá allir, að seðlarnir eru eigi það sama, sem maðurinn sjálfur. Hinn háttvirti framsögumaður hefir sagt, að svo væri það haft í Reykjavík, en eg vil þá spyrja, er allt það óbrigðult og gott, sem brúkað er í Reykjavík. Ekki er það heldur að mínu áliti nein ástæða móti breytingaratkvæðinu, þó alþingi hafi einhvern tíma áður sagt það. Það er mikill galli á lögum, þegar þau vekja glundroða, en þó enn meiri, þegar þau leiða til skeytingarleysis, og að því leyti er seðlaburðurinn ófær. Þingmaður Borgfirðinga hefir fundið gott ráð, nefnilega að segja kjörstjórninni atkvæði sitt. En þó mönnum þyki það tefja tímann, dugir ei að kippa sèr upp við það, það má ekki ala menn upp í neinu skeytingarleysi.

Stefán Eiríksson: Þó að nú breytingaratkvæðin undir tölulið 2. og 4. sèu ekki löng, eða yfirgripsmikil, þá hafa þau þó orðið furðu drjúg til umræðu; mèr finnast nú þessar breytingar, sem farið er fram á undir þessum töluliðum öldungis óþarfar, og mig furðar stórlega, hvernig sumir þingmenn skilja frumvarpið, því eptir ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá álítur hann, að hver einstakur maður geti sent skrifað atkvæði á kjörþingið, það stendur þó útþrykkilega í 8. grein, að kjósendur eigi sjálfir að koma á kjörþingið, svo þetta er hreinn misskilningur hjá þingmanninum; þar sem bæjarstjórnarlög eru búin að standa um lengri tíma hefir enginn ágreiningur orðið út af skriflegum seðlum, svo mèr finnst það skrítið að vera nú að gjöra þetta atriði að kappsmáli, úr því það hefir ekki áður valdið neinum misskilningi hvorki hèr eður á þingi eður annarstaðar þar sem bæjarstjórn er á komin.

Framsögumaður: Það er merkilegt, að þingmaður Borgfirðinga og hinn 3. konungkjörni þingmaður skuli tala um það hèr, að verja tímanum vel, og venja menn eigi á óvanda, þeir sýna að minnsta kosti sjálfir, að þeim er ekki annt um tímann. En það má glöggt ráða af orðum þeirra, að þeir hafa ekki svo mikið sem litið í frumvarpið, því þar stendur með berum orðum, að hver sá kjósandi, sem neyta vill kosningarrèttarins, skuli sjálfur koma á

fundinn og afhenda með eigin hendi kjörstjórninni seðil sinn. Hvernig geta menn þá sagt, að kjósandi geti látið seðil sinn fara með sendimanni og hann þannig gengið á milli 2 eða 3 manna áður hann komist í hendur kjörstjórninni. Þingmennirnir ættu þó sannarlega að lesa frumvarpið áður en þeir fara að rífa það niður, því þetta er sagt út í bláinn, að eins til að villa sjónir fyrir mönnum; það liggur ljóst fyrir, að hèr geta að því er kosninguna snertir, engin brögð verið í tafli, þar eð hlutaðeigandi á að koma á fundinn. Það er satt, að þó eitthvað viðgangist í Reykjavík, er það ekki þar fyrir lög, en þegar eitthvað fer vel, hvort það er heldur hèr í Reykjavík eða annarstaðar, hver er þá ástæða til að breyta því? Eg vildi gjarnan aðhyllast breytingaratkvæðið undir tölulið 2, ef menn kæmust til þeirrar niðurstöðu að það skýrði; mèr fyrir mitt leyti finnst það ekki skýra, nè heldur vera betra mál, eptir því sem eg þekki íslenzku. Ef það hefði staðið á nokkru, þá hefði átt að orða það þannig: »borgað 2 rd. í árleg gjöld til bæjarsjóðs«. Orðið »ef« sýnist mèr ekkert skýra. Að því er seðlana snertir, þá er það barnalegt, og nær engri átt að hugsa, að slík ákvörðun efli skeytingarleysi. Það er gagnstætt sannleikanum, og eg sè enga ástæðu til að breyta frá frumvarpinu.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn hafa í höndum.

1. 1.—2. frumvarpið óbreytt, samþykkt í einu hljóði.
2. 3. gr. breytingaratkvæði Benidikts Sveinssonar, fellt með 10 atkv. gegn 10.
   3. gr. samþykkt með 14 atkvæðum.
3. 4—7 gr. frumvarpsins óbreytt, samþykkt í einu hljóði.
4. 8. gr. breytingaratkvæði Pèturs Guðjónssonar, samþykkt með 12 atk. gegn 9; 8. gr. þannig orðuð með áorðnum breytingum samþykkt með 14 atkv. gegn 1.
5. 9—26 frumvarpið óbreytt, samþ. í einu hljóði.
6. Frumvarpið allt í heild sinni með breytingu samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur til ályktunarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til opins brèfs um að stofna *byggingarnefnd á Ísafirði.* Framsögumaður er hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður, og verður honum afhent málið.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 215.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Eg get ekki fallizt á breytingaratkvæði varaforseta, nè viðauka-atkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns. Viðauka-atkvæðið sýnist mèr alveg óþarft, því það liggur í hlutarins eðli, að byggingarnefndin getur engin umráð haft yfir lóð prestsetursins, og má ráða það af orðum löggjafans í tilskipun 17. nóv. 1786, 5. grein, því kaupstaðarlóðin, sem er almenningseign, getur ekki náð út yfir lóð prestsetursins sem er sèrstök eign. Nefndin hefir þannig engin rèttindi yfir lóð prestins, og því met eg viðauka-atkvæði óþarft; þó það að öðru leyti geti staðizt; því að það má segja um það mylsnan er aldrei skaðsamleg.

Eiríkur Kúld: Það ber sannarlega eitthvað nýrra við, þegar hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni og mèr kemur ekki saman. Eg heyri að hann hefir viðauka-atkvæðið fyrir ölnbogabarn, en því er nú ver að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er nú eigi á fundi til að verja það. Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg ætlaði mèr að koma mèr saman við hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann um þetta viðauka-atkvæði, og því hef eg nú fyrir orð hans tekið að mèr að styðja það, ef eg gæti, en það er nú ekki í góðum höndum fyrir það og er því vonandi að fleiri finni hvöt hjá sèr en eg til að styðja það. Orð hins heiðraða framsögumanns um viðauka-atkvæði þetta, fannst mèr eg nærri geta skilið svo sem eingöngu töluð til að afsaka sjálfan sig fyrir það, að hann hefði eigi tekið móti viðauka-atkvæðinu fegins hendi og gjört það enda að uppástungu nefndarinnar. Og er þetta eðlilegt; hann líklega sèr það sama sem eg; eg er nefnilega hræddur við eitt, og það er 1. gr. frumvarpsins til að gjöra Ísafjörð að kaupstað — þar stendur nefnilega að með bæjarfèlagi og lögsagnarumdæmi sè prestsetrið talið. — Nú vil eg spyrja: Fyrst prestsetrið svona er komið undir byggingarnefndina og heyrir undir lögsagnarumdæmið, verður þá presturinn bæjarstjórninni ekki háður, og þá líka byggingarnefndinni?. Það getur verið að aðrir skilji þetta öðruvísi, og þó sumir skilji það eins og hinn háttvirti framsögumaður, þá skilja það sumir eins og eg — og er þá misskilningur hjá öðrum hverjum; en eg ætla að allan misskilning megi og eigi að fyrirbyggja með því að taka viðauka-atkvæðið. Eg fyrir mitt leyti vil ráða þinginu til að taka viðauka-atkvæðið, og vona eg sem flestir styðji að því að það fái framgang, og

sjálfsagt þeir háttvirtu þingmenn, sem eptir stöðu sinni standa nærri og nær en og til að gæta réttar prestsins á Eyri.

Helgi G. Thordersen: Eg verð nú einnig að styðja þetta breytingaratkvæði, sem stendur við 3. tölulið á atkvæðaskránni. Eg verð enn að vera sömu meiningar og eg var við undirbúningsumræðu þessa máls, að mèr virðist mjög óljóst það samband sem er á milli kaupstaðarins og prestssetursins. Eg skil því eigi í því, ef þingið vill eigi aðhyllast þá grein, sem tekur af allan vafa í þessu efni. Það er þó hið fyrsta atriði við öll lög, að eigi verði farið í kring um þau. Eg verð nú jafnan að álíta það skyldu mína, þegar um prestakall, prestsetur eða yfir höfuð þau efni er að ræða, er prestum við koma, að sjá um, að því leyti sem í mínu valdi stendur, að rètti þeirra sè ekki hallað. Eg verð því að vera fastur á því, að hèr sè ekki tekinn rèttur frá prestssetrinu, eður frá þeirri jörð, sem prestinum er trúað fyrir, en hann hefir ekki sjálfur vald yfir, til að fara með eins og honum bezt lízt, því að hann stendur í þessu tilliti undir annara yfirumsjón, það er að segja stiptsyfirvaldanna, það er því nauðsynlegt, að þessu verði komið svo fyrir, að engin eptirköst komi á eptir. Þegar nú ekki er um annað að gjöra, en að útrýma því, að misskilið verði það sem stendur í frumvarpinu, þá vona eg að allir þingmenn taki í einu hljóði viðauka-atkvæðið.

Framsögumaður: Eg hef nú eigi sannfærzt af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið um málið. Eg efast nú reyndar eigi um, að þetta viðauka-atkvæði sè komið í góðar hendur, þar sem hinn háttvirti varaþingmaður Barðstrendinga hefir tekið það að sèr sem fósturbarn sitt, og eg þykist viss um, að það fái svo gott uppeldi, að því sè vel komandi fyrir. En þó hefir hann nú misskilið orð frumvarpsins, þar sem hann hèlt, að lögsagnarumdæmi og kaupstaðarlóð, bæjarstjórn og byggingarnefnd væri hið sama. Það er nefnilega sitt hvað bæjarstjórn og byggingarnefnd, það eru tvær stofnanir, hver við hliðina á annari. En eg ímynda mèr að hann blandi þessu saman, af því að hann er ekki nógu kunnugur bæjarstjórn og bæjarmálefnum. Það er nú sjálfsagt, að presturinn á Eyri verður að vera undir bæjarstjórninni, því að hann verður að gjalda til bæjarþarfa og fleira þess konar, en hann er allt fyrir það ekki bundinn við byggingarnefndina, og getur ekki orðið bundinn af henni fremur en hann sjálfur vill. Byggingarnefndin getur aldrei sagt við hann: Þú skalt afhenda þessa lóð til byggingar,

eða í nokkru svipt hann umráðum yfir henni. Mèr finnst frumvarpið heldur ekki gefa neina ástæðu til að halda þetta. Mèr fannst nú líka hinn háttvirti varaþingmaður Barðstrendinga vera á þessari skoðun í rauninni, og hann bar sjálfur böndin að sèr, þar sem hann sagði, að ný lög þyrfti til þess, að rèttur prestsins yrði skertur, því að það er satt. Rèttur prestsins er ekkert skertur við þetta frumvarp, og til þess þyrfti ný lög. Og ef beinlínis þarf ný lög til þess, þá þykir mèr það skrítið, að það þurfi að vera að taka það fram hèr, að þessi lög skerði ekki rètt prestsins. Eg get því eigi sèð, að þetta viðauka-atkvæði bæti neitt, mèr sýnist það að eins óþarfur ólagalegur fleygur, sem ekkert gagn gjörir.

Jón Guðmundsson: Það er nú eins og eg sagði við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg sæi enga nauðsyn á þessu viðauka-atkvæði. Eg skýrði þá frá, af hverjum ástæðum eg áliti það ekki nauðsynlgt, því að eg gekk út frá orðum og ákvörðunum frumvarpsins um verkasvið byggingarnefndarinnar, því þetta er eins orðað og ákveðið eins og í opnu brèfi byggingarnefndarinnar hèr í Reykjavík frá 1839. Eg held líka, að hún mundi aldrei verða skilin öðru vísi á Ísafirði en hún hefir verið skilin hèr. En þar sem nokkrir þingmenn hafa haldið, að þetta frumvarp gæti orðið misskilningi undirorpið, þá er eg hræddur um, að það komi helzt af því, að þeim sè ekki full-ljós verkahringur byggingarnefndarinnar, en hefði þeir þekkt hann og hvernig hann hefir verið framkvæmdur í verkinu hèr í Reykjavík nú í 15 ár, þá mundu þeir hafa horfið frá að bera upp þetta viðauka-atkvæði eða að fylgja því fram. En samt sem áður sagði eg, þegar við undirbúningsumræðuna og segi enn, að ef menn væru hræddir um, að frumvarpsákvörðunin kynni að miskiljast svo, að fyrir það kynni rètti prestsins og prestsetursins að verða hallað, þá vildi eg ekki vera alveg í móti breytingar- eða viðauka-atkvæði, með því líka, að þessir Ísfirðingar eru svo langt í burtu, og þekkja ekki til, hvernig þessari reglugjörð hefir verið beitt hèr, og kynni því ef til vildi, að skilja ákvörðunina öðruvísi, ef að ekki væri skýrar fram tekið, og því ímyndaði eg mèr, að þetta breytingaratkvæði gæti orðið til skilningsauka. Þetta finnst mèr mundi nást, ef þingið tæki mitt breytingaratkvæði, því þar með er rèttur prestssetursins og jafnframt lögákveðinn verkahringur byggingarnefndarinnar látinn óskertur. Mig furðar nú á ræðu hins háttvirta varaþings úr Barðastrandarsýslu, og var það einkum eitt atriði, sem mèr virðist nauðsynlegt

að taka fram, þar sem eg tók svo eptir, að hann byggði á því, að byggingarnefndin hefði ekkert við prestinn og hans byggingar á prestsetrinu að sýsla, en í því get eg nú alls ekki verið honum samdóma, því að eptir bæjarstjórnarfrumvarpinu, er prestssetrið tekið inn í sveitarfèlagið með öllum þess skyldum og rèttindum, og í frumvarpinu er gjört ráð fyrir byggingarnefnd og að verkahringur hennar nái yfir gjörvallt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Byggingarnefndin hèr hefir einnig umráð yfir öllum húsabyggingum í öllu lögsagnarumdæminu, bæði á eignum einstakra manna og hins opinbera, að því leyti, er snertir húsaskipun og stefnu, lengingu og breidd stræta og gatna, o. s. frv. Eg álít nú auðsætt, að það sè meining löggjafans, að þetta eigi líka að verða hinn eiginlegi verkahringur byggingarnefndarinnar á Ísafirði, eins og tekið er fram í 4. grein, frumvarpsins. Eg skil því eigi, að byggingarnefndin á Ísafirði hljóti ekki einnig að hafa umsjón með allri húsaskipun og byggingum hvar sem er á lóð prestsetursins að Eyri; en það er nú auðvitað, að þessi verkahringur getur eigi náð til þess að *afhenda* þar lóðarpart; hún hefir ekki heimild til að afsala neinn hluta lóðarinnar án leyfis lóðareiganda, en aptur hefir hún heimild til að ráða skipun og stefnu á þeim húsum, sem þar verða byggð, með leyfi lóðareiganda. Þar sem viðauka-atkvæðið vill takmarka svo mjög verkasvið byggingarnefndarinnar, að hún skuli ekki hafa nein önnur afskipti eða atkvæðisrètt um húsabyggingar og húsaskipun á prestseturslóðinni heldur en að því sem ákveðið er í frumv. 4. grein staflið B., þá virðist mèr, að nefndin eigi annaðhvort að hafa alls engan rètt í þessu efni, sem mèr getur nú eigi sýnzt hugsanlegt, ellegar hún verður að hafa yfirráð yfir húsaskipun á Eyrar landi að öllu því sem 4. gr. ákveður í heild sinni; því að þetta þarf þó að geta komið heim við löggjöfina.

Pètur Guðjónsson: Varaforseti lèt í ljósi, að menn hefði hvorfið frá breytingaratkvæðinu, ef þeir hefði haft tillit til þess, að byggingarnefndin á Ísafirði hefir sama ætlunarverk og hèr, og að bæjarstjórnin er þar sett (*Jón Guðmundsson*: Það er rangt). Hann hèlt enn fremur, að mèr skildist, að hún mundi geta fært það í lag, sem byggingarnefndin kynni að gjöra rangt (*Jón Guðmundsson:* Eg nefndi hana aldrei á nafn). En ef að fara ætti eptir því, sem hèr gengst við í Reykjavík, þá virðist mèr það næsta óheppilegt, að það sè undir bæjarstjórninni á Ísafirði komið, hver umráð byggingarnefndin hafi yfir prestsetrinu Eyri. Það er vitan-

legt, að bæjarstjórnin hèr hefir að minni meiningu móti lagaheimild tekið sèr það vald að segja »já« og »nei» til þess, sem byggingarnefndin hefir átt að gjöra. Byggingarnefndin er þó löggilt af konungi sem sèrstaklegt vald, og bæjarstjórnin hefir alls ekkert leyfi eða heimild til þess að skipta sèr af hennar aðgjörðum. Eg vildi því vekja athygli að því, að breytingaratkvæðið, sem hèr er verið að tala um, virðist, ef líkt skyldi fara á ísafirði, vera á rökum byggt. Að öðru leyti verð eg að vera samdóma því sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði við undirbúningsumræðuna í þessu máli, og sem hinn 2. konungkjörni þingmaður gjörði að viðauka-atkvæði sínu, því að það verð eg alveg að fallast á, og mun eg gefa því atkvæði mitt.

Framsögumaður: Væri nokkur vafi á því, hvort einstakra manna eign heyrði eigi að nokkru leyti undir byggingarnefndina, þá mundi eg fallast á breytingaratkvæðið. En þótt byggingarnefndin hafi hèr stundum blandað sèr inn í húsabyggingar á einstakra manna eignum, þá get eg ekki álitið, að það sè rètt, enda hefir hún ekki gjört það alstaðar. Aldrei hefir byggingarnefndin, t. a. m., skipt sèr af því, þótt reist hafi verið hús á Rauðará eður á Fúlutjörn. Eg ímynda mèr, að byggingarnefndin hafi því að eins nokkð að segja um húsabyggingar á einstakra manna eignum, að þær geti komið í bága við kaupstaðinn. Enda sannast og þetta af því, ef landsyfirrèttardómur hefir staðfest þessa skoðun (*Jón Guðmundsson:* Hann er ekki til). Eg veit þó ekki betur, en að landsyfirrèttardómur hafi ónýtt aðgjörðir byggingarnefndarinnar. Svo stóð á, að maður hafði verið sektaður fyrir það, að hann hafði byggt hús á sinni lóð, að fornspurðri byggingarnefndinni, og hann var sektaður fyrir það. En dómur landsyfirrèttarins af nam sekt þessa. Eg held nú, að eins færi hèr, ef byggingarnefndin blandaði sèr inn í húsabyggingar á prestssetrinu, þá gæti hann fengið ónýttar aðgjörðir og ákvarðanir byggingarnefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú sannarlega í efa, hvorum eg á að trúa, þar sem hinn háttvirti framsögumaður og varaforseti, sem eru hinir kunnugustu og fróðustu menn í þessu efni, og hafa báðir haft á hendi framkvæmd líkra laga, með því að þeir hafa setið í bæjarstjórninni hèr í Reykjavík, eru hèr hvor á móti öðrum. Varaforseti segir, að byggingarnefndin hafi rètt á að skipta sèr af húsabyggingum á lóðum einstakra manna og því á prestssetrinu, enda hefir hann byggt á þessari skoðun sinni breytingar-

atkvæði sitt, þar sem hann segir: Samt skal beneficiarius eða löglegur ábúandi jarðarinnar Eyrar o. s. frv., þar með segir hann nú, að prestsetrið Eyri eigi að heyra alveg undir byggingarnefndina í kaupstaðnum Ísafirði, að því er snertir húsagjörð á jörðinni. Aptur byggir nú framsögumaður á því, að byggingarnefndin megi ekki skipta sèr af húsabyggingum á einstakra manna lóð. Eg veit nú ekki, hvorum eg á að trúa, en þó held eg, að eg verði heldur að trúa varaforseta, þar sem hann nú er fungerandi oddviti bæjarstjórnarinnar. Allt er komið undir því, hvernig menn skilja orðið *kaupstaðarlóð*. Má eg nú spyrja hinn háttvirta byggingarfróða framsögumann, hvort hann leggi þá þýðingu í kaupstaðarlóð, að það sè líka einstakra manna lóð í kringum hina gömlu kaupstaðarlóð (*Framsögumaður*: Nei). Þetta segir þó varaforseti að orðið þýði, og að það hafi verið skilið svo í byggingarlögum Reykjavíkur, og verð eg að trúa honum betur í þessu efni, eins og eg sagði áðan. Hann segir nefnlega, að byggingarnefndin skipti sèr af því, þegar byggð eru hús á einstakra manna lóð. Þetta villir nú þingið, þegar tveim þingmönnum, sem kunnugastir eru málinu, ber svo mikið á milli. En fyrst nú svo er, þá virðist mèr vera bezt að taka breytingaratkvæðið undir tölul. 3, því það dregur af allan vafa, með því að þar er ákveðið, að byggingarnefndin hafi engin umráð yfir lóð prestssetursins. Mèr finnst það einmitt vera skylda þingsins að fallast á þetta breytingaratkvæði, ef það eigi vill, að hinn sami ágreiningur verði í byggingarnefndinni á Ísafirði um skilning laganna sem orðið hefir hèr á þingi milli hinna byggingarnefndarfróðu þingmanna.

Framsögumaður: Varaforseta og mig skilur reyndar á, en okkur greinir ekki á í því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði. Okkur ber saman í því, að byggingarnefndin hèr í Reykjavík hefir hlutazt til um húsagjörð á einstakra manna lóð. En okkur ber á milli í því, hvort byggingarnefndin hafi rètt til að skipta sèr af húsabyggingum á einstakra manna lóð. Eg held nú, að hún hafi það ekki (*Jón Guðmundsson:* Það var þó staðfest af ministeríinu í fyrra). En ætti hún á annað borð að ráða yfir því, hvernig hús væri sett á prestssetrinu, þá ætti hún og að geta skipað presti, að afhenda lóðina, því að mèr finnst það verða að hanga saman, rètturinn til að ákveða hússtæðið og að afhenda lóðina, þar sem það er byggt á. En eg get nú eigi sèð, að byggingarnefndin hafi nokkurn rètt yfir lóðinni, svo að hún geti sagt við prestinn: Þú

skalt byggja þarna og ekki þarna. En hún getur að eins sagt: þú mátt ekki byggja hús á lóð þinni nær kaupstaðarlóðinni en svo, að 5 álnir sè frá landamæralínunni milli kaupstaðarlóðarinnar og lóðar prestsseturssins; því að á kaupstaðarlóðinni má og reisa hús 5 álnir frá þeirri línu; en ávallt skulu 10 álnir vera milli húsa eins og tekið er fram í 4. gr. C. Það má eigi skilja kaupstaðarlóð um einstakra manna eign. Það er heldur engan veginn allt kaupstaðarlóð, sem er hèr í lögsagnarumdæmi bæjarins. Lóðin í lögsagnarumdæminu Reykjavík skiptist eiginlega í þrennt, 1. í hina eiginlegu eður hina gömlu kaupstaðarlóð; 2. í þá lóð, sem kaupstaðurinn á fyrir utan þessa lóð, og 3. einstakra manna eign, sem bærinn hefir engan rètt yfir.

Jón Hjaltalín: Eg verð nú fyrir mitt leyti að mæla með viðauka-atkvæðinu, því að eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum hins háttvirta framsögumanns. Hann heldur nú endilega, að sín meining verði að lögum, en eg held nú, að engin vissa sè fyrir því. Mèr skilst nú af orðum hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, að þetta atriði, sem hèr ræðir um, geti verið misskilningi undirorpið, og eg verð líka að vera á því máli. Nú held eg að það sè skylda þingsins að gjöra lögin svo skýr, ef mögulegt er, að þau verð eigi misskilin, og þannig verði komið í veg fyrir málsóknir, eg held að við höfum nóg af þeim samt. Mèr er það nú engin trygging, þótt hinn háttvirti framsögumaður segi, að það sè óþarft að taka þetta fram, því það kunna aðrir að segja, að það sè þarft. Eg held, að þeir, sem þekkja svo vel til rèttinda presta og prestakalla hefði eigi farið að koma með þetta breytingaratkvæði, hefði þeim eigi þótt fullkomin þörf á því. Hinn háttvirti framsögumaður kvaðst nú eigi skilja frumvarpið svo, að byggingarnefndin ætti að hafa nokkur afskipti af prestsetrinu, en ef aðrir skilja það nú öðru vísi, hvað þá? Eg held nú, að bezt væri að útrýma öllum vafa, ef mögulegt væri. En hversu æfður sem hinn háttvirti framsögumaður kann að vera í bæjarstjórnarefnum — sem eg ekki efa, að hann sè — þá getur hann ekki sagt um, hvað fyrir muni koma á fjarlægum stöðum. Eg verð þess vegna að halla mèr að breytingaratkvæðinu, því að eg sè, að það getur aldrei skemmt lagaboðið, en kann skè bætt það talsvert.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist umræðurnar hèr snúast um allt annað en um ákvarðanir frumvarpsins; því það segir beinlínis í frumvarpinu, að verkahringur byggingarnefndarinnar nái að eins til

kaupstaðarlóðarinnar sjálfrar. En það segir sig þar á móti sjálft, að þar sem prestssetrið liggur í bæjarins lögsagnarumdæmi, hlýtur byggingarnefndin, þegar það ætti að byggja á lóð prestsetursins, að kallast til og segja fyrir um afstöðu og fyrirkomulag húsanna, eins og á sèr stað hèr í bænum, þótt menn byggi á sinni eigin lóð, en nefndin hefir þar á móti ekki leyfi til að útvísa byggingarstæði á lóð prestsins eða að ákveða, að þar skuli byggja.

Stefán Thordersen: Eg get nú eigi skilið annað en að byggingarnefndin hljóti að hafa mikil áhrif á prestsetrið, þar sem Eyri er talin í 1. grein frumvarpsins um að gjöra Ísafjörð að lögsagnarumdæmi sèr, undir kaupstaðinn, Enn aptur stendur í byggingarnefndarfrumvarpinu: Á kaupstaðnum Ísafirði skal stofna byggingarnefnd. Eptir þessu fær nú þessi byggingarnefnd ráð yfir prestsetrinu. Og ef nú presturinn þar þarf að byggja, sem eg gjöri ráð fyrir, því að húsin þar munu ekki verða eilíf heldur en annarsstaðar, getur þá ekki byggingarnefndin sagt: Þú skalt byggja svona og ekki svona? Eg get því ekki annað skilið en að þetta sè að skerða umráð prestsins yfir prestssetrinu; það getur líka orðið honum talsvert dýrara að byggja eptir því sem byggingarnefndin vill og eins getur það, ef til vill, orðið honum óþægilegt við úttektina, ef húsin verða heimt af honum í sama formi og hann tók við þeim. Eg held því, að það geti skert mjög rètt hans, ef byggingarnefndin verður nokkurs konar hæsti rèttur í þessu efni.

Konungsfulltrúi: Það er misskilningur af fulltrúa Vestmanneyja, að byggingarnefndin geti skipað prestinum að byggja upp staðarhúsin eptir hennar hugþótta. Hann getur byggt staðarhúsin, og er enda skyldur til þess, upp í sama formi, og hann tók við þeim. Byggingarnefndin mun heldur ekki láta sèr slíkt við koma, nema að því leyti byggingin á staðarlóðinni gæti komið í einhvern bága við húsaskipun á kaupstaðarlóðinni, sem varla þarf að gjöra ráð fyrir.

Sveinn Skúlason: Mèr skildist nú ekki betur, eptir ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, en að allt prestsetrið hyrfi inn undir kaupstaðinn og byggingarnefndina þar. Það eru nú hèr margar ákvarðanir í C. D. og E, sem takmarka prestinn í umráðarètti sínum yfir prestsetrinu, og í því er eg samdóma hinum háttvirta þingmanni Vestmanneyinga; en eptir þessu verður nú presturinn undirgefinn byggingarnefndinni og hennar skipunum; hann verður, ef til vill, að byggja hús sín með vissri hæð og vissu

skipulagi, og það getur líka ef til vill komið fyrir, að hann fái ekki að byggja, og hann getur jafnvel orðið fyrir sektum, ef hann hlýðir eigi skipunum byggingarnefndarinnar eptir því sem ákveðið er í 4. grein staflið E. Ef þetta er nú eigi að skerða rètt prestsins, þá veit eg eigi, hvað það er; og mèr finnst það ófært að binda prestinn svona við bæjarstjórnina, þar sem hann stendur undir allt öðrum yfirvöldum í þessu efni, og verður að standa þeim reikningsskap.

Framsögumaður: Það er hreinn misskilningur af þingmanni Norður-Þingeyinga, að halda, að presturinn mundi verða svo háður byggingarnefndinni sem hann sagði (*Sveinn Skúlason:* Konungsfulltrúi gaf það).

Konungsfulltrúi: Það er einasta í þeim tilfellum, þegar presturinn leyfir að reisa byggingar á lóð staðarins, að byggingarnefndin verður að kallast til og segja fyrir um afstöðu og fyrirkomulag húsanna, en með sjálf staðarhúsin hefir hún yfir höfuð ekkert að gjöra.

Ásgeir Einarsson: Það mætti kannske rèttlæta þetta með því, að hèr sè sama kaupstaður og kirkjustaður; en ef það er eigi það sama, þá hefir talsverður misskilningur átt sèr stað hèr. En sè það nú aptur á móti hið sama, þá er breytingaratkvæðið nauðsynlegt. En eg hefi nú fyrir mitt leyti aldrei skilið hið sama við krambúð og kirkju, og því ekki heldur hið sama við kaupstað og kirkjustað.

Var því næst gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. 1. og 2. grein frumvarpsins. Samþykktar í einu hljóði.
2. 3. grein, breytingaratkvæði varaforseta við viðauka-atkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns. Fellt með 19 atkv. gegn 3.
3. Viðauka-atkvæði hins annars konungkjörna þingmanns við fyrra lið 3. greinar. Samþ. með 12 atkv. gegn 11.
4. 3. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum. Samþ. með 17 atkv.
5. 4.—5. grein frumvarpsins. Samþykktar í einu hljóði.
6. Allt frumvarpið með áorðinni breytingu. Samþ. með 22 atkv.

Forseti: Umræður þær, sem nú hafa farið fram, gefa mèr tilefni til að gjöra þá athugasemd, að mèr finnast þær hafa verið líkari undirbúnings- en ályktunarumræðum. Þetta er ekki heppilegt fyrir úrslit málanna á þinginu. Það er nauðsynlegt, að þingmenn kynni sèr málin svo vel á undan fyrri umræðunni, að þeir geti komið með athugasemdir sínar þá þegar. Ef menn ekki gjöra

það, þá hleðst öll aðalumræða málsins á ályktarfundinn, og þegar svo er háttað þingsköpum eins og hèr, að þingmenn mega ekki taka til orðs nema einu sinni, þá hættir mönnum við og verða jafnvel stundum neyddir til að grípa fram í og gjörir það töluverða óreglu. Málið á að vera orðið mönnum svo ljóst, þegar það er fullrætt til undirbúnings, að ályktarumræðan þurfi ekki að vera til annars en til árèttingar, og svo er ætlazt til í alþingistilskipuninni.

Þar næst kemur til umræðu bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, um að sameining Miklabæjar og Viðvíkur megi verða tekin aptur, og þessar sóknir aðskildar; eg skal geta þess, að nefnd hefir verið sett í málinu um brauðasameiningu, og sýnist mèr rètt að vísa bænarskránni til þeirrar nefndar.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 170.

Ólafur Sigurðsson: Eg fellst að öllu leyti á uppástungu hins háttvirta forseta.

Forseti: Ef enginn þingmanna mótmælir því, skal eg þá vísa bænarskránni til nefndarinnar.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að álíta að þetta sè »res transacta«, og geti því ekki komið til umræðu á þinginu.

Forseti: Eg get þó ekki verið á sama máli; hèr er beðið um breyting á fyrirkomulagi, sem gjört hefir verið, og á það sèr stað optlega, bæði hèr og annarstaðar.

Konungsfulltrúi: Það lítur út, eins og það sè eins konar fyrirtekt af hlutaðeigendum, að þeir eru allt af að kvarta yfir þessari brauðasameiningu, sem hèr ræðir um, eður og er það eitthvert ólag, að ekki virðist enn þá komið æskilegt samkomulag á þetta mál. Þeir, sem þekkja til, hljóta þó að játa, að sameining brauðanna er hagfelld, og leiðir ekki af sèr neina sèrstaklega erviðleika fyrir hlutaðeigandi sóknarbændur, sem haldið hafa presti sínum eptir sem áður í annari sókninni, en fengið í hinni skyldurækinn, góðan og uppbyggilegan sálusorgara. Það er eins og þingmaður Gullbringusýslu tók fram, líka allur dagur til stefnu, þangað til prestaskipti verða í brauðinu, og mèr virðist því fyrirtekt málsins nú sem stendur ótímabær, og að öðru leyti skiptast meiningar manna á skemmri tíma, og það getur því vel hugsazt, að gott samkomulag verði komið á málið við næstu prestaskipti, og það því heldur, sem eg verð að halda, að mótspyrnan komi frá einstökum mönnum. Eg álít því, að þingið eigi að vísa málinu frá sèr, eða fella það algjörlega.

Forseti: Eg get ekki betur sèð, en að nefndin geti tekið mótbárur þær, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom með, fullkomlega til greina í áliti sínu, og vil eg nú biðja þingmenn að ganga til atkvæða, fyrst um það, hvort að bænarskránni skuli öldungis vísað frá þingi eða ekki.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6, að bænarskránni skyldi ekki frávísa.

Forseti: Þá vil eg biðja þingmenn ganga til atkvæða um, hvort vísa skuli bænarskránni til nefndarinnar, sem þingið hefir sett um takmörkun á sameining brauða.

Voru þá atkvæði greidd og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1, að bænarskránni skyldi vísa til nefndarinnar; var hún síðan afhent formanni nefndarinnar, hinum 1. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Þar næst kemur til umræðu og ályktunar, hvort nefnd skuli setja, bænarskrá úr Vestur-Skaptafellsýslu *um Gufunesspítalasjóð*. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga er flutningsmaður, og gjörir svo vel að skýra frá innihaldi hennar.

Jón Guðmundsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. Sbr. síðari part alþt. bls. 217.

Eg get farið stuttlega yfir mál þetta. Eins og stendur í bænarskránni, eru sjóðirnir eiginlega 2, nefnilega hinn upprunalegi Gufunesspítalasjóður, það eru 96rd., sem greiddir eru árlega úr konungssjóði, handa þurfandi konungslandsetum í Gullbringusýslu og Mosfellssveit; hinn yngri sjóðurinn, er nefnist *styrktarsjóður,* handa þurfandi og maklegum konungslandsetum í suðuramtinu, var stofnaður með konungsúrskurðum 1832 og 1833, og liggur það bæði í nafninu og ástæðunum fyrir úrskurðunum, að hann einmitt var ætlaður til styrktar öllum þurfandi og verðugum konungslandsetum, ekki að eins í Gullbringusýslu heldur í öllu suðuramtinu; þar sem aptur Gufunesspítalinn, og síðar þeir 96 rd., sem voru árlega veittir eptir það hann var lagður niður, var eingöngu ætlaður konungslandsetunum í Mosfellssveit og Gullbringusýslu; frá þessu er nákvæmar skýrt í Þjóðólfi 13. marz 1865. Þegar eg var umboðsmaður Kirkjubæjarklausturs sótti eg um styrk handa nokkrum landsetum þar af þessum almenna styrktarsjóði frá 1832, en stiptamtið synjaði og það með fullum rökum, þar sem það byggði á ástæðum úrskurðanna, að Gullbringusýsla og Mosfellssveit *ættu að ganga fyrir* til þess að njóta styrksins. En 1830—32, um það leyti styrktarsjóðurinn var stofnaður, voru hèr í Gullbringu- og Kjósarsýslu enn

óseldar hèr um bil 90 konungsjarðir; en meiri hluti þeirra var seldur á árunum 1836—1840, svo að nú eru ekki eptir nema um 20 jarðir óseldar, og þar með hlýtur að vera horfin nauðsyn sú, er vakti fyrir löggjafanum, um að brúka báða sjóðina jafnt handa þeim í Gullbringusýslu, eða að þeir skyldi ganga fyrir öðrum til að njóta góðs af styrktarsjóðnum. Í Vesturskaptafellssýslu er ekki slík breyting á orðin; þar eru allar Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs jarðir óseldar að mestu og Flögujarðirnar að öllu; á þeim jörðum öllum eru nú rúmir 200 leiguliðar og margir þeirra bæði þurfandi og maklegir fyrir styrkinn. Fyrirkomulagið er á lögum byggt, og þarf því að breytast að lögum. Eg óska því, að þingið styðji mál þetta, og setji í það nefnd ; eg álít 3. manna nefnd nægja.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist eins og því bregði fyrir í þessari bænarskrá, að stiptamtið hafi í úthlutun þess styrks, sem hèr ræðir um, hlynnt nógu mikið að konungsleiguliðum og ekkjum þeirra í Gullbringu og Kjósar-sýslu, en stiptamtið hefir hèr þó farið beinlínis eptir reglugjörðinni og konungsúrskurði frá 7. júni 1833, því í þessum úrskurði segir, að hans hátign konungurinn allramildilegast hafi lagt samþykki sitt á reglugjörðarfrumvarp það, sem rentukammerið hafði samið og lagt fram um meðferð á því fè, sem veitt hafi verið með allrahæstum úrskurði 18. sept. 1793 og 14. marz 1833 handa maklegum gömlum og þurfandi leiguliðum á konungsjörðunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að stiptamtmanninum á Íslandi skuli tilkynnt það til eptirbreytni, og í 4. gr. í konungshrskurði frá 1832 segir, að því að eins skuli aðrir en ofantaldir leiguliðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu verða aðnjótandi styrksins, sem þar ræðir um, að ekki finnist í Gullbringu- og Kjósarsýslu neinir, sem auk þeirra, er njóta þeirra 96 rd., sem veittir eru með konungsúrskurði frá 1796, sèu þurfandi og maklegir, þá skuli þeir, sem eru leiguliðar á öðrum konungsjörðum í Suðuramtinu fá styrkinn, sem nú er 48 rd. í allt, hvar af 3 portionir, hver á 10 rd. eru ætlaðar uppgefnum og maklegum leiguliðum, en 3 portionir (þær voru þangað til í fyrra að eins 2) leiguliða ekkjum, 6 rd. hverri fyrir sig. Það er nú að vísu búið að selja mestallt konungsgózið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en margir lifa af ábúendum jarðanna, sem eru sárþurfandi enn þá, og fleiri jarðir eru einnig eptir óseldar.

Að öðru leyti virðist það æskilegt, ef einstöku leiguliðar í Skaptafellssýslu gætu orðið styrksins aðnjótandi, og það má enda

gjöra ráð fyrir því, að svo kunni og að verða eptirleiðis, en þetta fè er svo lítið, að það er ekki til tvískipta, því er miður.

Pètur Guðjónsson: Þótt eg sè samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því, að ekki skuli setja nefnd í málið, get eg samt ekki verið honum samdóma í því, að misskilningur hafi átt sèr stað hjá hinum heiðraða flutningsmanni, því hann tók það skýrt fram, að úrskurðurinn 14. marz 1832 ætlaði styrkinn fyrst og fremst maklegum og fátækum konungslandsetum í Gullbringu- og Kjósarsýslum; en eg álít að bænarskrá þessi sè beinlínis tilraun (attentat) til að svipta Gullbringu- og Kjósarsýslu styrk þessum, sem þeim er veittur eingöngu með konunglegu lagaboði. Flutningsmaðurinn sagði, að hèr í sýslu mundu vera um 20 konungsjarðir; það mun láta nærri; á þeim eru að minnsta kosti 20 búendur, og sumstaðar mun vera tvíbýli; þá getur maður gjört ráð fyrir jafnmörgum ekkjum. Úr jarðabókarsjóðnum ganga 6 portionir til landseta, 6 til ekkna og 6 úr styrktarsjóðnum, eru þeir þá að eins 18 sem styrks njóta, en öllum er auðsætt, sem þekkja nokkuð til megunarástandsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að þar eru langtum fleiri landsetar og ekkjur þeirra, sem þurfa styrksins við. Eg sè þess vegna enga ástæðu til þess að tvístra sjóðnum; það yrði þeim til ógagns er styrkinn missa, en kæmi þeim að litlu haldi er fengi.

Jón Guðmundsson: Eg ætla fyrst að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa; eg kvartaði öldungis ekki um brúkun á úrskurðinum; þvert á móti tók eg það skýrt fram, að neitanir amtsins hefði verið á honum byggðar en svo mikið þori eg að segja, að styrkurinn ekki hafi ávallt veittur verið fátækum og *verðugum*, sjálfsagt hafa þeir allir verið fátækir; en má eg spyrja: Hverjir eru óverðugir ef ekki þeir, sem níða ábúðarjarðir sínar ár frá ári? Gufunesspítalasjóður var upprunalega handa uppgjafa landsetum konungs, en stiptamtmaður Krieger fèkk því til leiðar komið, að þeir mættu einnig fá styrk meðan þeir byggju á jörðunni. Þannig hefir einn sá konungslandseti fengið styrk í 20 ár, að þegar hann tók við jörðinni fóðraði hún 4—5 kýr, en þegar hann fór frá henni 1—2; þetta er að vísu ekki beint ofan í úrskurðinn. Þetta sýnir samt, að þessar ákvarðanir úrskurðanna eru ekki hentugar eða rèttlátar, og svara ekki tilgangi sínum; þess vegna beiðast menn breytingar á þeim. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði, þá virðist mèr ekki betur, en að hann ein-

mitt sannaði, að styrkurinn væri nú orðinn óþarflega mikill, þar sem 18 landsetar og landseta-ekkjur væru nú styrktar, hvort sem þeir væru verðugir eða ekki, hvort þeir níddu jarðir sínar eða ekki, því þegar þess er gáð, að óseldu jarðirnar hèr syðra eru að eins tæplega 20 talsins, þá er auðsætt að nú fær allur þorri sjálfs þeirra og ekknanna styrk, hvort sem þeir eru þess maklegir eður ekki. Hèr er ekki langt í burt jörð ein, og hefir ábúandi hennar notið styrks um hríð; bæði jörðin og ábúandinn sýna sig, og eru slík dæmi bezta sönnunin. Það var meining og tilætlun Kriegers sál., að sjóðurinn skyldi koma konungslandsetum í öllu Suðuramtinu að haldi. Það er öldungis satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þó jarðirnar sèu seldar, þá hafi landsetarnir ekki verið seldir með; en guð hefir selt og selur þá smátt og smátt dauðanum; það eru nú um 30 ár síðan salan fór fram, og eru því flestir þeir landsetar, er þá voru, búnir að týna tölunni. Eg tala ekki um að svipta þá styrk, er hafa fengið hann veittan og njóta hans nú, en eg vil einungis fá þessu öfuga fyrirkomulagi breytt, svo að ekki verði farið að leita uppi hèr syðra nýja landseta æ ómaklegri og ómaklegri, þegar gömlu landsetarnir eru dauðir. Þó hèr sè um konungsúrskurð að gjöra, er engin ástæða til að hika sèr við að biðja um breyting á honum, því það er alvenja, að lögum sè breytt. Eg verð þess vegna fastlega að mæla fram með nefnd.

Eiríkur Kúld: Það skal dýrt kaupa sem kostar mikið, nefnilega, jafnrèttið, og að því allir njóti jafnrèttis vil eg ætíð styðja, en eg vil, þegar um það er að tala að setja nefnd í mál, að það sem um er að ræða sè nokkurs virði; en hèr er einungis um 48 rd. að gjöra. Eptir bænarskránni á að skipta þeim milli þurfandi öreiga konungslandseta í Skaptafellssýslu, sem þurfi á styrk að halda. Það er þá þurfamenn þar, sem ætlazt er til að fái þessa 48 rd., en nú vitum vèr það, að þurfamenn eiga tilkall til sveitar sinnar, og skilst mèr því ekki betur en hèr sè verið að biðja um sveitarstyrk, og held eg þá að þessir 48 dalir dugi lítið handa mörgum; eg hefði kunnað betur við, ef bænarskráin hefði beðið um þenna styrk handa einhverjum einstökum duglegum landseta, það hefði þá verið heldur eitthvað verulegt við það og ekki öldungis gagnslaust. Það getur verið, að það komi af því, að eg er nokkuð spar á fè að mèr sýnist oss núna ráðlegra að spara, og heldur safna, þó lítið sè, þangað til fjárhagsmálið er komið í kring, og

betur hefði eg kunnað við, að beðið hefði verið um, að þessi styrkur hefði takmarkaður verið hèr í Gullbringusýslu (*Jón Guðmundsson*: Nefndin kann að gjöra það). Bænarskráin fer ekki fram á, að kippa fyrirkomulaginu á þessu í annað horf en er, heldur er hún einungis að bera sig að ná í nokkra skildinga. Eg held að þingið kosti meiru upp á málið en það er vert, ef það fer að kjósa nefnd í það, og vil eg því ráða frá því.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er umræðunni lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um hvort nefnd skuli setja.

Var þá gengið til atkvæða, og fór svo, að bænarskráin var felld frá nefnd með 15 atkv. gegn 4.

Forseti: Því næst kemur til umræðu og ályktunar, hvort nefnd skuli setja, bænarskrá um styrk til *forngripasafnsins í Reykjavik.* Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður er flutningsmaður og gjörir svo vel að lesa hana, og skýra þinginu frá því, sem þörf er á.

Því næst var bænarskráin lesin upp þannig hljóðandi:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 218.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Eg þarf ekki að brýna þetta mál fyrir þinginu, því eg veit, að það liggur öllum á brjósti. Forngripir vorir eru á förum, og vèr getum með því eina móti náð í þá, að vèr leggjum nokkuð í sölurnar. Hèr er beðið um svo lítið, að eg get ekki öðru trúað en að stjórnin gangi inn á það, ef að þingið veitir sitt fulltingi. Það er ekki gjörlegt fyrir þingið að fleygja þessu máli frá sèr, því þar með sýndi það óviðurkvæmilega fyrirlitningu forngripum vorum. Eg skal ekki útlista, hve nauðsynlegir þeir eru fyrir sögu landsins, því það vita allir, en hins vil eg geta, að báðir þeir menn, sem hafa undirskrifað bænarskrána, vilja af fremsta megni hlynna að forngripasafninu, og öllum vorum fornmenjum yfir höfuð, sem útlendingum er svo mikill áhugi á, og sem hafa svo mikinn fróðleik að geyma. Eg skora þess vegna á þingið að kjósa nefnd í málið.

Konungsfulltrúi: Það er eins og tekið er fram í bænarskránni búið að biðja stjórnina um þann hèr tiltekna styrk til að koma hèr á fót forngripasafni, og tók stjórnin vel undir málið, en kvaðst vegna kringumstæðanna ekki geta útvegað styrkinn. Þar eð kringumstæðurnar eru nú þær sömu, og þær voru þá, get eg ekki annað en haft mjög litla von um, að það umbeðna fáist veitt,

enda þó þingið leggi fram sín góðu meðmæli með málinu og beiðni hlutaðeiganda.

Jón Hjaltalín: Ekki get eg trúað því, að Danastjórn virði svo lítils sögu vora, að hún výli fyrir sèr að leggja til 300 rd. eptir vilja úrvals þjóðarinnar, sem er á þinginu. Eg er viss um að, ef það væri lagt fyrir ríkisþing Dana, yrði því óðara framgengt, því þar er svo mikill Skandinavisme og tilfinning fyrir sögu og fornmenjum Norðurlanda, að mönnum dytti ekki í hug að neita þessu. Eg mæli fastlega með að þingið gjöri sitt til, að bænarskrá verði rituð stjórninni um þetta mál.

Pètur Guðjónsson: Þó mèr í raun og veru þyki vænna um nútíð en fortíð, álít eg samt að þingið eigi að fara svo vel sem unnt er með bænarskrá þessa. Mèr kemur ekki til hugar að stjórnin muni neita um styrkinn, ef henni er hógværlega leitt fyrir sjónir, hvílík mergð af ágætustu fornmenjum hefir dregizt hèðan úr landi til Danmerkur, og er komin í forngripasafn Dana. En eg verð að lýsa því yfir, að mèr engan veginn líkar andinn og ýms orðatiltæki í bænarskránni.

Bergur Thorberg: Eg verð reyndar að taka undir með hinum heiðraða þingmanni frá Gullbringusýslu í því, að andinn í bænarskránni er ekki svo sem vera bæri, og það er ranglátt, er hún segir, að stjórnin hafi ekki veitt málinu góðar undirtektir. Kirkju og kennslustjórnin hefir einmitt hlynnt að málinu og mælt kröptuglega með því við fjárstjórnina; þetta má sjá á brèfi hennar, er hún ritaði fjárhagsstjórninni um það efni og hlýtur að vera mönnum kunnugt, því það er prentað í tíðindum um stjórnarmálefni Íslands, þótt kirkju- og kennslustjórnin þá ekki gæti komið fram; þegar menn nú þekkja þessa skoðun stjórnarráðsins finnst mèr menn því ekki þurfa að vera öldungis vonarlausir um, að nú kunni að ganga betur, ef alþingi styrkir málið.

Ásgeir Einarsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi var hræddur um, að bænarskráin muni verða árangurslaus, þó hún sè send stjórninni. En vèr höfum dæmi frá síðasta þingi; þá var ítrekuð bæn um mál, sem stjórnin áður ekki hafði fallizt á, en nú höfum vèr fengið ósk vora. Eg efast ekki um, að stjórnin gefi gaum tillögum þingsins í þessu efni, og mæli eg því með nefnd.

Jón Hjaltalín: Mèr líka heldur ekki sum orðatiltæki, en þau held eg, að nefndin gæti lagað, svo þau kæmu fram í mildara formi.

Eg ætla ekki að tala meira um þetta, en sting upp á 3 manna nefnd.

Eirikur Kúld: Eg vil ekki mæla móti nefnd í þessu máli, þó eg ekki felli mig við, hvernig bænarskráin er orðuð, og svo skal eg játa, að eg hugsa, að þessir 300 rd. sèu í hæsta máta, og þó byrjað væri á minni styrk, þá mætti kannske auka hann síðar; ekki sèst heldur, hve lengi styrkur þessi á að vera, hvort heldur um nokkur ár eður æfinlega. En nefndin mun gæta að því.

Jón Pálmason: Eg fyrir mitt leyti vil styðja þá góðu meining, sem þeir 2 menn, er ritað hafa bænarskrána, hafa sýnt í því, að vilja viðhalda forngripum þeim, sem kynnu að vera eptir í landinu, því öllum er mjög annt um, að forngripasafnið komizt á; en til þess að það geti þrifizt þarf peninga; annars er ekki til þess að hugsa; þó stjórnin hafi enn ekki viljað veita fè til stofnunarinnar getur vel verið, að hún heyri bænir þingsins. Eins og eg líka vona, að þingið sjái eitthvert ráð til, að því umbeðna verði framgengt, og mæli þess vegna með nefnd.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls er umræðunni lokið, og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt í einu hljóði, að nefnd skyldi kjósa.

Forseti: Það er stungið upp á 3 manna nefnd, og ef enginn mælir á móti því, skal eg biðja þingmenn að kjósa 3 menn í nefndina.

Var þá gengið til atkvæða og voru þessir í nefndina kjörnir:

Jón Hjaltalín	með	21 atkv.
Halldór Kr. Friðriksson	—	8 —
Bergur Thorberg	—	7 —

Var þá bænarskráin afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Dagskráin er þá búin, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12. Eg vil geta þess, að síðan hefir ekki komið nema 1 nefndarálit til mín, og sjá þingmenn þar af, að eptir 2 daga verður ekkert að gjöra. Væri því gott að fá nefndarálit sem fyrst.

Fundi slitið.

10. fundur — 14. júlí.

Allir á fundi nema hinn fyrsti konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta, að hann sökum embættisanna eigi gæti verið á fundi.

Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni um forngripasafnið, að þar væri kosinn formaður hinn 3. konungkjörni og skrifari hinn 6. konungkjörni þingmaður.

Þá kemur samkvæmt dagskránni fyrst til umræðu nefndarálit í konunglegu frumvarpi um, *að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum*. Framsögumaður er herra assessor Jón Pètursson, og skal eg biðja hann að lesa upp nefndarálitið og skýra það fyrir þingmönnum.

Framsögumaður (*Jón Pètursson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið og hljóðar það þannig:

Sbr. síðari part alþ.tíð. bls. 219.

Eg hefi nú ekki neinu hèr við að bæta að sinni, fyrr en eg hefi heyrt tilögur þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg get frá mínu sjónarmiði ekki orðið nefndinni samþykkur í skoðun hennar, að þingið eigi að ráða frá, að frumvarp það, sem hèr ræðir um, verði að lögum. Það getur vissulega ekki, sem nefndin þó ætlar, rýrt helgi helgidaganna, þó undantekning sú, sem hèr er spursmál um, verði gjörð að lögum, og það því síður, sem eg verð að ætla, þó hin heiðraða nefnd sè á öðru máli, að helgidagalög vor sèu í ýmsum greinum heldur of ströng en of lin, og ef þetta væri ekki almennur hugsunarháttur, þá mundi helgidagatilskipunin haldin betur, en hún er haldin, því eg held það sèu engar ýkjur, að þessi tilskipun sè í ýmsum greinum ekki enn þá komin lengra en á pappírinn, sèr í lagi ekki í kaupstöðunum; enda er það opt og tíðum óumflýjanlegt, nema með miklum baga fyrir hlutaðeigendur, að láta á helgum degi vinna ýmisleg nauðsynjastörf, og sèr í lagi er það fyrir kaupmenn opt hin brýnasta nauðsyn að ferma og afferma skip á helgidögum, enda á það sèr opt stað, þrátt fyrir boð tilskipunarinnar.

Hvað gufuskipið snertir, sem jafnframt er póstskip, er það auðsætt, að það er einkar áríðandi, sèr í lagi um vor og haust, að það megi ferma og afferma það á helgum dögum, af því ferðir

þessa skips hljóta að vera reglubundnar, og það getur valdið margra daga bið, eins og hèr hagar til, og ruglingi í ferðum þess, fái skipið ekki að flytja vörur úr sèr eða í á helgum degi á undan eða eptir messu, og þess vegna hefir það gengizt við bæði hèr og í Hafnarfirði, og enda hvað kaupför snertir yfir höfuð, hvað einnig virðist sanngjarnt og eðlilegt. Það miðar til að hlynna að póstgöngunum með gufuskipinu og að gagni verzlunarstèttarinnar yfir höfuð, eins og tekið er skýrt fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu.

Eg vona því, að þingið aðhyllist frumvarpið, eins og það liggur fyrir. Það er samkvæmt því, sem á sèr stað í Danmörku, og hefir sinn fulla stað í hlutarins eðli yfir höfuð, og eg er sannfærður um, að þetta þykja engin helgispjöll, og hefir engin skaðleg áhrif á lotningu almennings fyrir helgi sunnudagsins yfir höfuð.

Stefán Thordersen: Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess, að mig furðar á ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, eigi af því, að eg sè honum eigi samdóma í aðalefninu, heldur af hinu, að mèr hefir heyrzt vera talað úr konungsfulltrúasætinu allt öðruvísi í 2 málum hèr um daginn. Þá var því haldið fram, að það rýrði helgi laganna, ef nýjum lögum væri breytt, og mèr hafa líka heyrzt margar raddir hèr í salnum koma fram í þá stefnu, að virðing þingsins lægi við, ef það færi að breyta þeim lögum, sem það nýlega hefði fjatlað um. En nú heyrist mèr vera komið allt annað hljóð í strokkinn, þegar ræða er um helgidagalögin, en það er kannske af því að það eru helgidagalög. En eg held nú, að þingið ætti ekki að fara að breyta út af reglu sinni og fara að umsteypa jafnvel helgidagalögunum sökum eins einasta gufuskips, því að þótt þau kunni að verða fleiri síðar, þá verð eg að halda, að það sè ekki ástæða til þess nú þegar, að vera að biðja um lög fyrir ókomnum tilfellum. Það er nú hèr heldur ekki svo mikið um að gjöra, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, því að eg hefi heyrt það hèr af fróðum manni, að gufuskipið hafi fengið leyfi hèr til að afferma og ferma á sunnudegi, allt þar til farið væri að hringja, og síðan aptur frá kl. $1^1/_2$, og hèr er þá ekki langan tíma um að gjöra, sem gufuskipið hindrast frá starfa. Það getur vel verið, að það sè ekki mikil virðing fyrir helgidagahaldinu í kaupstöðunum, og því verr og miður held eg það satt, að minnsta kosti hefi eg verið sjónarvottur að því hèr í Reykjavík, að fólk safnaðist saman við 2. eða 3. hringingu á Austurvelli, rètt hjá kirkjunni

til þess að ríða í skemmtitúr. Eg vil annars vona, að mál þetta kosti eigi miklar umræður hèr á þinginu, því að mèr virðist nefndin hafa fært ljós rök fyrir því, að þingið getur vart, án þess að skerða virðingu sína, farið að breyta helgidagalögunum.

Bergur Thorberg: Eg verð nú að vera alveg samdóma ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa. Mèr finnst nefndin eigi hafa sýnt þær ástæður, er gildar sèu til að fella stjórnarfrumvarpið, og hún hefir að mínu áliti gjört of lítið úr ástæðum stjórnarfrumvarpsins; hún hefir ekki fært neinar verulegar ástæður móti því, að nauðsyn sè fyrir hendi til að setja þá ákvörðun, sem er í frumvarpinu til þess, að gufuskipið tefjist ekki á ferðum sínum, nema sem allra minnst. Gufuskipsferðirnar standa nefnilega í nánu sambandi við póstgöngurnar um landið, samkvæmt áætlun þeirri, er fyrir fram er gjörð um ferðir þess. Það er nú mjög áríðandi fyrir gufuskipið, að það nái heim við áætlunina með ferðir sínar, og það getur orðið ómetanlegur bagi, ef það tefst svo einhverra orsaka vegna, að það geti það geti það ekki, og ákvarðanir frumvarpsins miða til að eyða þeim tálmunum, sem í þessu efni geta fyrir komið. En að því, er helgi sunnudagsins snertir, þá virðist mèr hennar vera nægilega gætt, þar sem ákveðið er, að eigi skuli mega ferma nè afferma um messutímann, nema brýn nauðsyn til beri. Þetta held eg að geti nú ekki komið í bága við hugsunarhátt manna, með því að messugjörðin truflast alls eigi við þessa undanþágu. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Vestmanneyinga sagði, að eigi mætti breyta nýjum lögum, þá verð eg að geta þess, að sú regla að vísu er rètt að menn eiga að vera varkárir með að breyta nýjum lögum. En öðru máli er að gegna þegar nýtt tilfelli er fyrir hendi, sem ekki var tekið tillit til, þegar lögin voru samin. Þegar helgidagalögin frá 1855 voru samin, þá var ekkert gufuskip farið að ganga hèr milli Íslands og Danmerkur, og þess vegna þótti þá engin ástæða til að ákveða neitt sèrstaklega um gufuskip; en hefðu þá verið gufuskipaferðir, þá hefði að líkindum verið tekin í þau ákvörðun áþekk þeirri sem er í frumvarpinu, með því líka slík ákvörðun finnst í helgidagalögunum dönsku. Sú regla, að lögum skuli eigi breyta, getur því ekki átt við, þegar nauðsyn er fyrir því og nýtt tilfelli er fyrir hendi, sem ekki var ákveðið neitt um í lagaboðinu.

Konungsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Vestmanneyjasýslu sagði áðan, að hèr í bænum hefði verið flutt úr gufuskipinu á sunnudögum fram að samhringingu, og aptur byrj-

að á því kl. 1½, eða um það leyti, sem úti var í kirkjunni, skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg verð að álíta þetta orðum aukið, og víst er um það, að lögreglustjórinn hefir ætíð bundið leyfið við tímann til dagmála að morgni og frá nóni um eptirmiðdaginn.

Eiríkur Kúld: Eg held að hèr ætli nú að sannast, «að þegar fara á betur en vel, þá fer opt ver en illa». Nefndin hafði það nú hugfast, er stiptamtmaður hafði með skýrum og órækum rökum tekið fram í áliti sínu til stjórnarinnar, að hèr væri alls ekki næg ástæða fyrir hendi til að veita gufuskipinu þessa undanþágu. Mèr brá því heldur við, er eg heyrði ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, því mèr fannst ekki betur en hann einmitt vera að grafa fótinn undan ástæðum stiptamtmannsins, og það þótti mèr þó undarlegt, þar eð eg hèlt, að þeir væru svo kunnugir hvor öðrum, að konungsfulltrúi hlýtur að álíta ástæður stiptamtmannsins gildar og góðar eins og þær eru. Eg gat nú heldur eigi sannfærzt um annað, þrátt fyrir ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, en að undanþága þessi sè óþörf, og eigi illa við, bæði af því, að hugsunarháttur þjóðarinnar mundi una því illa, og eins af hinu, að eigi væri gjörandi að hræra í nýjum lögum, þar sem engin brýn nauðsyn ber til. En ef hèr er veruleg nauðsyn, hvers vegna nota menn þá ekki hina löggjöfina svo að fá rýmkað um rètt lögreglustjórans til að veita leyfi til undanþágunnar þegar á liggur. Eg veit nú reyndar ekki, hvort þetta hefir verið gjört hèr í Reykjavík, en það veit eg, að fengizt hefir þessu líkt leyfi annarsstaðar og verið notað þegar við lá nema um messutímann. En eg verð að taka það fram, að ef hèr hefði verið farið fram á jafnrètti, nefnilega fyrir öll skip, þá var ástæðan nokkuð önnur; eu hèr er að eins eitt skip undan þegið almennum lögum, og fær þetta þannig meiri rètt, eu öll önnur skip. En eg verð að taka það fram, að öðrum skipum ríður fullt eins mikið á, að þau tefjist ekki, ef ekki fremur, heldur en gufuskipið, því að sè höfnin hættuleg fyrir gufuskip, sem þó hefir gufuafl til að halda sèr við í ofviðri, þá er hún það eigi síður fyrir seglskip, sem að eins geta treyst legufærum sínum. Það er nú tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að von sè á fleiri gufuskipum, sem eg nú vona að verði. En eg held, að þá sè nógur tími til að gera ákvarðanir fyrir þessum væntanlegu gufuskipum, þegar við sjáum þau koma. Það hefir nú verið sagt hèr í salnum að menn hèr á salnum hvort sem sè vanbrúki mjög hvíldardaginn. Eg veit nú ekki, hvernig

þetta er hèr í Reykjavík, en vestra þar sem eg þekki til, þá á það sèr eigi stað. En hitt er eg viss um, að það særir tilfinningar alþýðunnar, að menn skuli allt af vera að hnjáta svona í helgidagana og vera að reyna til að klípa utan úr þeim og stytta þá að þarflausu.

Björn Pètursson: Eg held það sè nú minni munur á skoðun hins hæstvirta konungsfulltrúa og nefndarinnar, en sýnist í fyrsta áliti. Nefndin finnur það mest að, að þetta leyfi skuli ekki ná nema yfir eitt skip, nefnilega gufuskipið, en ef ákvörðunin eður leyfið hefði náð til allra skipa, þá er eg viss um, að hún hefði tekið hana. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að það væri óþarft að gjöra hèr ákvarðanir fyrir ókomin gufuskip; það er nú að vísu rètt; en það er þó líklegt, að fleiri gufuskip muni verða hèr á ferð en þetta eina. Hann sagði enn fremur, að lögreglustjórnin gæti veitt undanþágu undan helgidagalögunum, eður leyfi til að ferma og afferma skip á helgum dögum. Dómsmálastjórnin segir þó í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að hún ekki hafi álitið sig sem æðstu lögreglustjórn, eiga með *að veita þetta leyfi* eða undanþágu, og þá skil eg eigi, að nokkur lögreglustjórn eigi með það. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði nú, að helgidagalöggjöfin mundi eigi betur en vel haldin, og að hún mundi varla vera til nema á pappírnum; eg held nú, að þetta sè að mestu leyti rètt, að menn fylgi henni ekki svo sèrlega strangt. Mèr sýnist, að menn eigi ekki að vera að setja upp neitt Farísears andlit og þykjast betri en maður er, eins og maður heldur ekki á að segja sig verri en maður er. Eg get ekki trúað því, að þjóðinni þætti neitt að því, þó þetta leyfi yrði gefið, að minnsta kosti ekki í sveitunum; eg veit ekki, hvað kynni að verða hèr í Reykjavík!! Mèr hefir nú dottið í hug að áskilja mèr rètt til að smella hèr inn í frumvarpið einu breytingar- og viðauka-atkvæði til að sameina nefndina og konungsfulltrúa, eða yfir höfuð til að sameina alla sem í móti mæla; og það er á þá leið, að öllum kaupförum skuli leyft að ferma og afferma, áður en tekið er til messu á helgidögum, og eins eptir messu; og til vonar vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að orðin í stjórnarfrumvarpinu »nema brýn nauðsyn beri til« falli í burtu, því eg veit ekki, hver á að dæma um það, nær *brýn nauðsyn* beri til eður ekki, og er hræddur um, að þetta leyfi kunni að verða misbrúkað, til þess að ferma og afferma skip um sjálfan messutímann, þó engin brýn nauðsyn beri til.

Pètur Pètursson: Eg vona nú, að eg sè ekki þekktur að því

hèr á þingi, að vilja draga úr helgi sunnudagsins, og vil ei heldur vera þekktur að því. En mèr sýnist hèr allt öðru máli að gegna með gufuskipið en önnur skip, því að allir vita, hvað mikinn kostnað það hefir í för með sèr að halda því úti, og þá líka hve miklu meiri bagi það er, ef það tálmast í nokkru, heldur en er fyrir öðrum skipum. Það er eigi að eins vegna hafnarinnar, sem beðið er um þessa undanþágu, heldur vegna kostnaðarins, því að það kostar fleiri hundruð dali, ef það teppist einn sólarhring. Þegar hèr nú er um þetta eina póstgufuskip að ræða, þá vita allir, hve veðuráttan hèr er breytileg, svo að ef einum tíma munar, þá getur það hindrað skipið fleiri daga, einkum í marz, september, október og nóvembermánuðum. Það sýnist þó að vera minni nauðsyn á að gjöra þessa undanþágu á sumrin, því að þá nær gufuskipið optast heim með ferðir sínar eptir því sem áætlunin ákveður, en aptur á móti hefir það optast orðið á eptir henni bæði haust og vor. Eg get því eigi annað en ráðið til að fallast á frumvarpið, því að eg get ekki skilið í, að það særi guðræknistilfinningar þjóðarinnar í nokkru. En samt sem áður, þar eð nauðsynin virðist eigi að vera brýnust nema haust og vor, þá vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að þetta leyfi skuli að eins veitt haust og vor, eður í marz, september, október og nóvembermánuðum.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað um, að óviðkunnanlegt væri að breyta nýjum lögum, og eg verð nú að vera því samdóma, það er að segja, ef eigi er ástæða til að breyta þeim. En þegar mèr er ljóst orðið, að breytingarinnar þarf, þá varðar mig ekkert um, hvort lögin eru gömul eða ný, og er sjálfsagt að breyta þeim, þegar full ástæða er til þess, og hèr virðist mèr vera full ástæða til að breyta þeim. Það muna víst margir þingmenn, sem voru hèr á þingi 1859, að eg var á móti því, að öll vinna væri bönnuð á sunnudögum eptir kl. 6, og eg er sannfærður um, að þessi viðauki, sem gjörður var við helgidagalögin með tilsk. 20. sept. 1860, hafi miklu fremur skemmt en bætt, því að hann hefir gjört það að verkum, að menn hvorki hafa haldið þenna tíma sunnudagsins helgan, nè annan og engum er auðið, að halda mönnum til þess. Þá sögðu þingmenn, að allri alþýðu væri svo innrætt helgi sunnudagsins, að hún mundi una því illa, nema hann væri allur helgur, en eg er sannfærður um, að svo er alls ekki, því að það mun ekki ofmikið sagt, þótt eg kveði svo að orði, að sunnudagshelgin sè meira eða minna vanbrúkuð um allt land, og það svo,

að ómögulegt er við það að ráða. En ef tilskipuninni frá 28. marz 1855 hefði verið haldið, þá þykist eg viss um, að betur hefði farið. Mig furðar nú á því, að þingmaður Barðstrendinga skuli ekkert vita til þess, að sunnudagurinn sè misbrúkaður, því að ekki hefi eg þó heyrt Snæfellingum svo mjög hrósað fyrir siðsemi og trúrækni, og einkum get eg ekki trúað því, þar sem hann býr rètt við kaupstað, að hann hafi aldrei orðið var við þetta. Þar sem talað hefir verið um, að lögreglustjórinn gæti gefið þetta leyfi, ef brýn nauðsyn bæri til, þá verð eg að bera á móti því, því að það stendur skýrt í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að hann hafi ekki leyfi til þess, enda hefir og stiptamtmaður líka álitið svo. Það vita nú allir, hve áríðandi það er fyrir gufuskipið, að ferð þess tálmaðist ekki í neinu, eins og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður tók fram. Þegar menn eru nú að finna að því, hversu óreglulegar ferðir póstskipsins sèu, þá finnst mèr, að þingið ætti ekki að vera að gefa útgjörðarmönnunum málsbætur í hendurnar. Einkum virðist mèr hèr vera illt að neita um leyfi til að nota hverja þá stund, sem býðst, þar sem stormar og illviðri geta hamlað mönnum vikum saman frá því að gjöra nokkuð. En aptur á hinn bóginn getur verið umtalsefni um það, hvort gufuskipið megi ferma og afferma á sunnu- og helgidögum alveg eptir vild sinni; þess vegna vil eg taka mèr það breytingaratkvæði, að lögreglustjóranum sè veittur rèttur til að gefa þetta leyfi, þegar honum þykir brýna nauðsyn til bera.

Pètur Guðjónsson: Það hafa ýmsir talað um, að það mundi rýra helgi sunnudagsins að gefa þetta leyfi. En eg verð að vera á því, að menn sèu ekki svo guðræknir, að þeir finni stórt til þess, þótt leyfið væri gefið. Það, sem hèr er umræða, er því ekki svo mjög helgi sunnudagsins, sem helgi laganna er hlýtur að rýrast, þegar gjörð er undantekning með einn mann og honum leyft það, sem öllum öðrum er bannað. Það hefir líka verið sagt, að það mundi valda ruglingi og töf á gufuskipsferðunum, ef þetta leyfi eigi fengist. Eg skyldi fúslega fallast á þetta, ef menn gæti sýnt mèr eitt einasta dæmi upp á, að gufuskipið hafi tafizt hèr sökum þess, að það hafi eigi getað fermt eða affermt *á sunnudögum*. En tafir gufuskipsins koma ekki hèðan, heldur eru þær sprottnar frá sjálfum reiðurum gufuskipsins og hvergi annarsstaðar frá. Það hefir líka verið talað um, að það væri meiri nauðsyn fyrir gufuskipið fremur en önnur skip að fá þetta leyfi. Er þá

nauðsyn útgjörðarmanna þess meiri en nauðsyn allra annara skipa-útgjörðarmanna. Eg verð að halda ekki; einkum, þar eð gufuskip eru melioris conditionis, eður standa betur að vígi en öll seglskip, og þess vegna verð eg að halda, að minni nauðsyn sè á því fyrir það, að fá þetta leyfi. Það er þess vegna meining mín, að ef gufuskipið fær þetta leyfi — og því er eg reyndar ekki mótfallinn — þá vil eg líka, að önnur kaupskip fái hið sama leyfi innan vissra takmarka. Fyrir því vil eg sameina mig við þingmann Suður-Múlasýslu um breytingaratkvæði hans við frumvarpið, á þá leið, að öðrum skipum sè líka leyft að ferma og afferma en eigi lengur en til kl. 9. um formiddaginn og eigi fyrr en frá kl. 4 um eptirmiddaginn. Breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns get eg eigi aðhyllzt, því að það virðist mèr ganga út á að leyfa, að ferma og afferma skip allan sunnudaginn.

Stefán Thordersen: Eg vildi að eins leyfa mèr að afsaka mig viðvikjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi bar til baka, að gufuskipið hefði verið affermt þar til hringingar byrjuðu. En ef þetta er ekki satt, þá hefi eg skrökvað í annara orða stað; en eg verð þó að halda, að einhver fótur sè fyrir þessu, því að einn þingmaður, sem búsettur er í Reykjavík, og ekki situr langt frá mèr, hefir sagt mèr, að gufuskipið hafi verið affermt þar til hringingar byrjuðu og svo tekið til aptur kl. hálf tvö. En þar á móti sagði eg aldrei, að *stiptamtmaðurinn* hefði leyft þetta. Fyrst að menn eru nú farnir að taka sèr breytingaratkvæði, eins og þingmaður Gullbringusýslu, Suðurmúlasýslu og hinn 6. konungkjörni þingmaður hafa gjört — en þeirra breytingaratkvæði finnast mèr hið sama og að biðja um að gjöra lagabrot — þá er eg líka góður með að áskilja mèr það viðauka atkvæði, að helgidaga löggjöfin verði heldur alveg úr lögum numin enn fótum troðin.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla einungis að taka mèr breytingaratkvæði bæði við frumvarpið og við breytingaratkvæði þingmanns Gullbringusýslu og Suður-Múlasýslu. En það er þó í rauninni reglulegt viðauka-atkvæði við frumvarpið, og það er á þá leið, að leyfi þetta fáist gegn 2 — 10 rd. þóknun til fátækrasjóðs eptir úrskurði lögreglustjórans. Eg veit, að eptir gömlum kirkjulögum gat fengizt leyfi til að vinna á öllum helgidögum, nema þeim þrem stórhátíðum, jólum, páskum og hvítasunnu. Þetta leyfi er eldgamalt; það kom hingað til lands frá Noregi, eptir setning Vilhjálms kardínála, og hefir því verið algengt á hinum rammkat-

ólsku tímum. Mèr sýnist, að vèr eigum ekki að vera harðari nú í þessum efnum en menn þá vóru. Þótt eg nú ekki geti skrifað undir dóm hins 6. konungkjörna þingmanns um helgihald sunnudagsins — reyndar kann nú hvíldardagurinn að vera svo haldinn sem hann segir, þar sem hann er kunnugastur —, þá játa eg samt að helgihaldið er víða mjög vanrækt, og eg get engan veginn sèð, að leyfi það gegn endurgjaldi sem eg hefi stungið upp á sè móti kirkjuhugmynd vorri. Því það er viðurkennt í uppástungu minni að hèr skuli borga til fátækra fyrir alla slíka vinnu á hvíldardögum, líkt og er með hlut af fiskiveiðum, þegar róið er.

Forseti: Eg tók svo uppástungu þingmannsins frá Vestmanna-eyjum, að hún mundi ekki vera alvara hans; enda held eg ekki hún geti formsins vegna komið til greina.

Stefán Thordersen: Ef að nokkuð í formlegu tilliti er á móti viðauka-atkvæðinu, vil eg fúslega taka það aptur.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki varizt þess, að láta hinum heiðraða þingmanni Vestmannaeyja í ljósi, að mèr virðist, að viðauka-atkvæði það, sem hann ráðgjörði að bera upp, að helgidagalöggjöfin yrði algjörlega numin úr lögum, sè lítt samboðin stöðu hans, og vil eg því leyfa mèr, að skjóta því til hans velsæmis-tilfinningar, hvort hann ekki vilji taka þetta viðauka-atkvæði sitt aptur.

Stefán Thordersen: Hinum hæstvirta konungsfulltrúa þótti viðauka-atkvæði mitt ósæmilegt fyrir mig, í þeirri stöðu sem eg er í. En mèr getur ekki annað fundizt, en að það einmitt sè sæmandi og samboðið stöðu minni, og það svo samboðið sem nokkuð getur verið, að eg opinberlega lýsi yfir gremju minni yfir því, að helgidagalögin eru fótum troðin, með því að klípa af þeim svona smátt og smátt, og hefi eg því fremur ástæðu til þessa, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði sjálfur, að helgidagalögin væru einungis á pappírnum, og getur mèr ekki skilizt, að mèr sè láandi, þó eg lýsi yfir gremju minni yfir því, að svona skuli vera komið.

Eiríkur Kúld: Nokkrir þingmenn hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, og meðal þeirra hinn heiðraði þingmaður úr Suður-Múlasýslu; hann sagðist ætla að smella einhverju breytingaratkvæði inn í frumvarpið, eg man nú ekki hvernig það var, en eg skal ef eg get, hugleiða það um leið og hann við atkvæðagreiðsl-

una kveður dóm sinn upp yfir nefndarálitinu. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður, beindi því að þingmanni Barðstrendinga, að hann mundi ekki meint hafa það, sem hann sagði um helgidagahaldið, því svo væri hann kunnugur Snæfellingum, og líklega heldur hann, að eg geti ekki meint það vegna þess, að eg sè vanur orðinn vanbrúkun helgidagsins hjá Snæfellingum. En eg vil svara honum því, að þingmaður Barðstrendinga er svo kunnugur Snæfellingum, að hann veit það, að Snæfellingar þekkja það boðorð, að fremur ber að hlýða guði en mönnum, þó hann álíti kannske engin spjöll, að stytta helgi hvíldardagsins.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þótt mèr þyki umræðurnar vera orðnar nógu langar, stend eg samt upp, af því mèr finnst tilhlýðilegt, að einhver af okkur sveitabændunum taki til máls, þar sem að ýmsir þingmenn hafa farið þeim orðum í þessu máli, að virðingarleysi fyrir sunnudags helgihaldinu fari mjög í vöxt í landinu. Þessu verð eg að mótmæla, og eg lýsi því yfir, að eg þekki alls ekki til þeirrar óreglu með tilliti til helgidagahaldsins í mínu kjördæmi, sem gjört hefir verið ráð fyrir. Þegar helgidagatilskipunin kom út, og menn urðu svo ákaflega óánægðir með það, að lögheilgi sunnudagsins skyldi að eins ná til miðaptans, kom að vísu engin bænarskrá þess efnis úr mínu kjördæmi, en mèr er samt kunnugt um, að alþýða var mjög óánægð með þá ákvörðun löggjafarinnar, og að menn tóku við því fegins hendi þegar sunnudagshelgin var lengd til kvölds. Ef að nú koma uppástungur frá þingiuu um, að þrengja aptur að helginni, mun almenningur kunna því mjög illa. Mèr geta ekki fundizt ástæður frumvarpsins nægar og ástæður nefndarinnar eru óhraktar enn. Eg skil frumvarpið svo, að einuugis sè að ræða um póstskipið, og finnst mèr menn þá verði að líta á, hvernig ferðum þessum er hagað. Eptir samningnum milli útgjörðarmanna skipsins og stjórnarinnar, varðar útgjörðarmennina það engu, þó skipið teppist svo eður svo lengi, hvort sem það heldur er að kenna vindi eður veðri, eða hirðuleysi sjálfra þeirra, en aptur varðar það stjórnina, eða hið opinbera 150 rd. fèbótum, um hvern sólarhring, ef skipið tefst fyrir þær orsakir, sem stjórninni er um að kenna; og er þetta auðsær ójöfnuður. Væri gætt fulls jafnaðar milli útgjörðarmanna gufuskipsins og hins opinbera, og ef þá varðaði það nokkru, þegar skipið teppist fyrir þeirra eigin vangá eður hirðuleysi, væri öðru máli að gegna, þá væri tilhlýðilegt að hlaupa undir bagga með

þeim, og greiða fyrir ferðum skipsins sem mest. Gufuskipsferðirnar eru eins og kunnugt er svo óreglulegar, að stundum kemur það ekki fyrr en mánuði seinna til Íslands á vorin, heldur en gjört er ráð fyrir í áætluninni um gufuskipsferðirnar, og hefi eg heyrt, að óregla þessi mundi að nokkru leyti að kenna hirðuleysi og skeytingarleysi útgjörðarmannanna; reyndar veit eg eigi fullar sönnur á þessu, en þó hef eg séð megnar umkvartanir í dönskum blöðum um gufuskipsferðirnar, og sýnist mèr því ekki ástæða til, að hafa útgjörðarmennina undanþegna hinum almennu lögum í þessu efni, allra sízt meðan eigi er ráðin bót á óreglu þeirri á póstskipsferðunum, sem eg hefi bent á. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir upplýst, að ekki hafi það tilfelli enn fyrir komið, að póstskipið hafi teppzt hèr vegna sunnudagshelginnar; þetta hefir enginn hrakið, og þetta hygg eg sè ný ástæða fyrir því, að fella stjórnarfrumvarpið. Hvernig sem því að litið er á þetta mál, get eg ekki séð, að þingið hafi ástæðu til að fallast á frumvarpið og þrengja að hinu lögboðna helgihaldi sunnudagsins, enda mundi þar af leiða, að bænarskrár kæmu úr öllum áttum til næsta þings þess efnis, að biðja um leyfi til að ferma og afferma skip á helgum dögum, því ef að gufuskipið yrði aðnjótandi þessarar undanþágu, liggur beinast við að halda, að öll verzlunar- og sjóferðaskip vilji verða sama rèttar aðnjótandi.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú að vísu engu að bæta við það, sem hinn heiðraði þingmaður sem nú settist niður mælti, en eg vildi einungis mótmæla því, sem sagt hefir verið, að helgidagatilskipunin væri ekki í heiðri út um landið; eg verð þó að segja það, að alstaðar, hvar eg þekki til, eru helgidagalögin í mjög miklum heiðri, svo mèr þykir það skrítið, þegar þeir, sem ekkert þekkja til út um landið, skuli byggja mótmæli sín á tómum getgátum, það er þó sannarlega engin ástæða. Mèr finnst að nefndin hafi tekið öldungis rètta stefnu í þessu máli, eins og mèr líka finnst, að útgjörðarmenn gufuskipsins ekki hefðu haft neina orsök til að fara með málið fyrir stjórnina, það er þó að sjá af ástæðunum fyrir frumvarpinu, að lögstjórnin hèrna hafi ekki verið svo ströng í stríði, og eg vil nú meina það, að helgidagalögin séu hvergi út um landið í jafnlitlum heiðri og hèrna í Reykjavík; því þar sem eg þekki til í kaupstöðum út um landið, eru þau alls ekki misbrúkuð, sè nú farið að lögleiða undantekningar frá helgidagatil-

skipuninni, fyrir þetta eina skip, má búast við ótal undanþágum í líka stefnu.

Framsögumaður: Mörgum þingmanna hefir farið eins og nefndinni, að þeir kunna ekki við frumvarpið, og eru mörg breytingaratkvæði fram komin er lýsa þessu. Því hefir verið hreift af sumum, að nefndin hafi ekki tilfært gildar ástæður gegn frumvarpinu, en aptur gjört of lítið úr ástæðum þess. Þetta er þó ekki sannað. Það er engin ástæða færð fyrir því, að frumvarpið muni ekki vera gegn alþýðu skapi. Margir hafa hèr í salnum þvert á móti orðið til að lýsa virðingu þeirri, er menn í sveitum uppi hafa fyrir helgidagahaldinu, og sýnir það, að ekki mundi alþýðurómur að frumvarpinu gjörr. Það er hvervetna mikils metið og alstaðar álitið, að lög eigi að vera geðfelld þeim mönnum, sem undir þeim eiga að lifa. Hin ástæðan, að ekki beri hèr brýna nauðsyn til breytingar, er líka enn óhrakin, því það er ekki sannað, að gufuskip hafi ætíð meiri þörf en önnur skip til að hraða ferð sinni. Hingað kemur nú einungis eitt gufuskip, sem sè póstskipið, og þó það þurfi að hraða ferð sinni, er engin ástæða þar fyrir til að þenja leyfið til allra gufuskipa yfir höfuð eins og frumvarpið gjörir; til þessa er ekki meiri ástæða, en til að þenja leyfið til allra kaupfara yfir höfuð. Mönnum mun ekki svo hægt að sanna, að dvölin verði gufuskipum undir öllum kringumstæðum kostnaðarsamari en öðrum kaupförum; skip eru optsinnis ekki assúreruð nema til viss tíma, og áður en hann líður er þeim áríðandi að komast úr höfn, því annars hættir assúransinn, og getur þá sólarhrings dvöl orðið þeim meir en nokkurra hundraða ríkisdala kostnaður. Þau hafa því, er svo á stendur, meiri þörf á leyfinu, en gufuskip optsinnis geta haft. Ef að frumvarpið ekki stríddi móti hugsunarhætti alþýðu, kynni eg vel við að leyfa öllum skipum að ferma og afferma eptir kl. 6 á helgidögum. Mèr finnst ekki ástæða til, að undanþiggja 1 skip eða 1 flokk kaupfara, sem ósannað er að hafi meiri nauðsyn á því, en önnur kaupför. Ef breytingin ætti að verða, þá væri tilhlýðilegt, að hún næði til allra skipa, og að þau gyldi þá dálitla þóknun fyrir slíkt leyfi, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga stakk upp á.

Halldór Jónsson: Jafnvel þó eg heyri til þeirri stètt, er sízt ætti að vilja rýra virðing fyrir helgihaldinu eða guðræknistilfinning landa minna, sem svo mikið er orð á gjört, og eg í sannleika óska að væri sem ríkust, verð eg þó að fylla þann flokkinn, sem fylgir

frumvarpi stjórnarinnar. Eg tek sèrstaklega tillit til póstgufuskipsins, því það er það skip, sem mest ríður á, vegna þess að það stendur í sambandi við póstgöngurnar hèr. Það eru almennar kvartanir yfir óreglu á þeim, og mundu þær aukast, ef póstskipið tepptist að jafnaði; einnig hefir dvöl póstskipsins mikinn kostnað í för með sèr, hvort sem hann lendir á einstökum mönnum eður því opinbera. Eg verð því að mæla með, að frumvarpið fái lagagildi, þó einungis að því er áhrærir póstgufuskipið; og með þeirri breytingu sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga stakk upp á, þegar hún er komin á sinn stað.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hef nú ekki miklu við að bæta; eg vildi einungis snúa mèr að orðum hins háttvirta þingmanns úr Gullbringusýslu; eg er honum í rauninni samdóma, en eg vildi ekki áðan fara svo langt; eg vildi að leyfið næði yfir öll skip. Eg hef aldrei verið meðmæltur tilskipun 20. sept. 1860, og vildi helzt, að hún væri úr lögum numin. Það var ekki meining mín áðan, að leyfið skyldi einungis ná til gufuskipsins; lögreglustjórnin ætti að geta gefið það leyfi öllum skipum, þegar nauðsyn bæri til. Eg get gjarnan sleppt breytingaratkvæði mínu, ef þingið fellst á, að ferma megi og afferma skip til kl. 9 f. m. og eptir kl. 5 e. m. á helgidögum. Það er ekki of hermt af mèr, þó eg segi, að sunnudagurinn sè ekki haldinn eins og löggjafinn hefir til ætlazt, og varaþingmaður Barðstrendinga kannast víst við það.

Sveinn Skúlason: Þó að mörg breytingaratkvæði sèu komin, og ekki þægilegt að fjölga þeim, finnst mèr þó vera eitt atriði í máli þessu, sem enginn hefir vakið máls á. Mèr finnst nefnilega mikill munur, hvort menn gefa leyfið um formiðdaginn eða eptirmiðdaginn. Eg álít, að ekki megi gefast leyfi fyrir miðjan dag, þar sem að kirkja er á staðnum eða í grenndinni, því það liggur í augum uppi, að ekki muni t. a. m. þeir menn, sem flytja kol upp úr gufuskipinu, ganga þaðan beinlínis í kirkju eða vera búnir undir kirkjuferð, og væri þetta því beinlínis til þess að bægja þeim frá kirkjugöngu. Leyfið ætti að ná til allra skipa. Álít eg það nóga tilslökun, ef leyft er að ferma og afferma skip eptir kl. 4 e. m., þar sem kirkja er á staðnum eða í grennd við hana. Eg vil gjöra þá breyting, að fram sè tekið, að ekki megi leyfi gefa fyrir miðjan dag á þeim stað, þar sem kirkja er, og að orðin »brýn nauðsyn beri til« falli burt, því úr þeim getur orðið ágreiningsefni. Það er öldungis óhæfilegt, að slíkt fari fram um messutímann, þar sem

að kirkja er annaðhvort á staðnum eða rètt í grennd. Öðru máli er að gegna þar sem engin kirkja er. Eg skal leyfa mèr að orða breytingar-uppástungu mína seinna, því hún á að grípa yfir frumvarpsgreinina sjálfa, og breytingaratkvæði þau flest sem fram eru komin.

Pètur Pètursson: Eg ætla einungis að tala fátt eitt. Það hefir verið sagt, að band það sem lögin í þessu tilliti á leggja, hafi ekki orðið til tálmunar; en hvers vegna? Af því að lögreglustjórnin hefir gefið leyfi til að ferma og afferma á helgidögum. Eg játa, að lög eiga að vera hagfelld og geðfelld þeim, sem undir þeim búa; en frumvarp þetta snertir ekki landslýðinn, það er sèrstaklegt, snertir eingöngu gufuskipið, og er því hagfellt fyrir þá, sem það er gefið. Ef menn fara að þenja það út yfir öll skip, umsteypist frumvarpið öldungis; það gjörir undantekningu með til sèrlegs ástands gufuskipa, og þá sèr í lagi póstgufuskipsins. Ef breyting þessi ætti að ná til allra skipa, þyrfti nýtt frumvarp, og finnst mèr ekki eiga hèr við að tala um það, og breytingaratkvæði í þá stefnu naumast geta komizt hèr að; þó er það sjálfsagt á valdi hins háttvirta forseta að skera úr því.

Bergur Thorberg: Það er misskilningur af hinum heiðraða þingmanni frá Suður-Þingeyjarsýslu, að breyting sú, sem frumvarpið miðar til, sè til þess að vilna útgjörðarmönnum skipsins; stjórnin stingur upp á þessari breyting til þess að greiða fyrir ferðum póstskipsins og annara gufuskipa, er hingað kunna að koma, ekki vegna útgjörðarmannanna, heldur vegna málefnisins sjálfs. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður tók fram kostnað þann, sem gufuskipaferðirnar hafa í för með sèr, og sýndi fram á, hversu tilfinnanleg töf slíkra skipa gæti orðið. Þessa ástæðu álít eg mikils verða, og eg gæti fallizt á breytingaratkvæði hans, ef eg væri viss um, að ekki þyrfti hins sama með einnig á sumrin; veðuráttu hèr er svo varið, að skipið getur líka tafizt hennar vegna, hve nær sem er, einkum í apríl og maímánuði. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði, að öll óregla á ferðum póstskipsins væri útgjörðarmönnum skipsins að kenna, en ekki tálmunum hèr í Reykjavík. Þetta getur nú ekki verið rètt; því hver getur kennt útgjörðarmönnunum um ísalög, storm, mótvind og annað þess konar, er getur tafið ferðir skipsins. Mèr finnst það fullkomlega sannað af ræðum margra, að frumvarpið komi alls ekki í bága við hugsunarhátt þjóðarinnar. Eg fyrir mitt leyti álít öllum virðingar-

kröfum við helgihaldið hvað þetta málefni snertir fullnægt í frumvarpinu. Og eg get ekki annað en verið rólegur í því efni, þegar aðrir eins menn og hinn háttvirti 2, konungkjörni þingmaður, þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu og þingmaður Borgfirðinga, m. fl. álíta, að ekkert sè í þessu tilliti á móti frumvarpinu. Menn tala um að hèr sè einungis um eitt skip að gjöra; það er að vísu satt, að nú sem stendur kemur hingað einungis eitt gufuskip, en það er lítil ástæða, því ákvörðunin á einnig að gilda um önnur gufuskip, er hingað kunna að koma, og er líklegt að þau fjölgi hèr bráðum. Það eina gufuskipið sem nú er um að gjöra, er póstskip, og ríður á að ferðir þess gangi sem greiðast, eins og eg hefi áður tekið fram. Mèr getur eigi annað en fundizt rèttast að fallast á frumvarpið óbreytt, og mun eg gefa atkvæði mitt á þá leið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Eg vil biðja hina heiðruðu þingmenn að senda mèr sem fyrst breytingaratkvæði sín, svo að atkvæðaskrá verði samin.

Þar næst kemur samkvæmt dagskránni uppástunga þingmannsins úr Rangárvallasýslu um jarðabyggingar og önnur atriði í landbúalögunum; hún hefir verið lögð fram á lestrarsalinn og er því kunnug þingmönnum, mun hún því nú verða afhent nefnd þeirri, sem sett er í málinu um jarða-úttektir og önnur atriði í landbúnaðarlögunum.

Sighvatur Árnason: Eg óska, að niðurlagsatriðin verði lesin upp.

Forseti: Það er víst ekkert á móti því. Þingmaðurinn gjörir þá svo vel að lesa þau.

Sighvatur Árnason: Eg skal þá leyfa mèr að lesa niðurlagsatriðin, sem hljóða þannig.

Sbr. síðari parti alþ.tíð. bls. 221.

Sighvatur Árnason: Með uppástungu þessari vildi eg leiða athygli hins heiðraða alþingis að þessu áríðandi máli; því það er eptir minni meiningu svo mikilsvarðandi, að veruleg umbót á því sè aðalundirstaða til þess að hafa afl þeirra hluta sem gjöra skal, en þar á móti meðan það fær ekki verulega umbót verði ráðagjörðir vorar og ráðstafanir á sandi byggðar. Eg ætla ekki að ræða frekar um þetta mál að sinni.

Forseti: Eg hafði gjört ráð fyrir, að uppástungan kæmi ekki til umræðu nú, heldur að henni yrði vísað til nefndarinnar í land-

búnaðarmálinu. Þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu er formaður þeirrar nefndar og þingmaðurinn úr Rangárvallasýslu skrifari, getur því uppástungan verið kyrr hjá honum.

Jón Sigurðsson: Skjal þetta er svo yfirgripsmikið og víðkar svo mjög verkahring nefndarinnar, að menn munu ekki hafa gjört ráð fyrir því, þegar nefndin var kosin. Eg vil þess vegna leyfa mèr að stinga upp á því, að nefndin sè aukin tveimur lögfróðum mönnum,

Sighvatur Árnason: Eg leyfi mèr einnig að óska, að 2 góðum mönnum verði bætt við nefndina.

Forseti: Eg skal seinna bera mig saman við konungsfulltrúa um þetta; getur þá kosningin farið fram síðar.

Eptir dagskránni kemur þá til umræðu bænarskrá frá Kjalarnesþingi viðvíkjandi *Thorchilliisjóði*. Flutningsmaður hennar er þingmaður Gullbringusýslu, og gjörir hann svo vel að lesa bænarskrána og skýra frá því er þörf þykir.

Pètur Guðjónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 226.

Þinginu er víst í fersku minni, hverjar undirtektir þetta mál fèkk árið 1863 hèr á þingi, en því er máske ekki kunnugt, að málið hefir verið áður undir umræðu milli stjórnarinnar og forstöðumanna sjóðsins. Stjórnin hefir í þessu máli gjört líkar uppástungur og varaþingmaður Gullbringusýslu gjörði 1863. En eins og kunnugt er felldi þingið þessar uppástungur, og um leið eru því uppástungur stjórnarinnar felldar. Síðan hefir stjórnin ekkert að gjört í málinu. Eg fyrir mitt leyti álít því rèttast, að bænarskránni sè leiðbeint gegnum forstöðu menn sjóðsins til stjórnarinnar með því, að mèr þykir það all-líklegt, að þingið nú fari að samkvæmt ályktun sinni 1863 og finni ekki ástæðu til að setja nefnd í málinu. Treystist eg þess vegna ekki til að mæla með því.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Fyrst að flutningsmaður þessarar bænarskráar ekki stingur upp á, að nefnd verði sett í málið, þá mun varla til þess koma, að spursmál verði um að setja nefnd í það. Það er líka ólíklegt, að þingið kæmist nú að annarri niðurstöðu um þetta mál, en það komst 1863, en þá var málið fellt frá nefnd. Mèr sýnist því bezt að fara þann veg, sem hinn heiðraði flutningsmaður benti á, og er enginn efi á, að þá verður tekið það tillit til beiðni hlutaðeiganda, sem eptir kringumstæðunum er unnt.

Pètur Guðjónsson: Eg get ei lagt með því, að nefnd verði kosin í málið, fyrst af því, að þó tilraun yrði gjörð til þess, þá mun þingið verða á móti því, og þar næst, þó nefnd yrði kosin, held eg niðurstaða málsins yrði lík og áður á þingi.

Forseti: Þar ekki er mælt með því, að nefnd verði kosin, verður eigi gengið til atkvæða um það; en eg skal bera undir atkvæði þingmanna, hvort senda skuli málið forstöðumönnum sjóðsins fyrir milligöngn konungsfulltrúans.

Var síðan með 20 atkv. samþykkt að vísa málinu þenna veg.

Forseti: Þessu næst kemur til umræðu, og ef til vill til nefndarkosningar bænarskrá um *þóknun handa nefnd peirri,* er sett var í *skólamálið 1862.* Hinn 3. konungkjörni þingmaður er flutningsmaður; en þar eð eg sè, að hann er eigi til staðar hèr á þingi, og fæ að vita, að hann sè kallaður til sjúklings, felli eg bænarskrána af dagskrá, ef hann kemur eigi í dag og læt hana koma seinna til umræðu.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefnd þeirri, er sett var í konunglegu álitsmáli um launalög embættismanna, að Jón Guðmundsson sè kosinn formaður og Halldór Jónsson skrifari; enn fremur hefi eg fengið nefndarálit um konunglegt frumvarp um *prestaköllin;* eg mun láta afskrifa það, og senda hinum háttvirta konungsfulltrúa.

Þá er enn eitt atriði, sem eg vil geta um, að eptir því sem eg hefi fengið að vita, þá er sjúkdómi varaþingmanns Reykvíkinga svo varið, að hann getur ekki komizt til þings fyrr en í fyrsta lagi síðast í næstu viku; eg mun því setja á dagskrá á morgun kosningu til að fylla uefndir þær, er hann var kosinn í, sem eru nefndin um *Brákarpoll* og um sveitastjórnarlög. Fundur á morgun mun verða ákveðinn til kl. 12.

Fundi slitið.

---

11. fundur — 15. júlí.

Hinn 1. konungkjörni þingmaður, þingmaður Borgfirðinga, og þingmaður Suðurmúlasýslu höfðu tilkynnt forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst fyrir að kjósa einn þingmann í stað varaþingmannsins úr Reykjavík í nefndina, sem hefir til meðferðar málið um *Brákarpoll*. Í þessa nefnd voru kosnir þessir þrír: Þingmaður Mýramanna, þingmaður Borgfirðinga og varaþingmaður Reykjavíkur. Nú skal eg þá biðja þingmenn að kjósa einn mann í stað varaþingmannsins.

Var þá gengið til kosninga, og urðu fyrir kosningu:

Björn Pètursson með 4 atkv.
Bergur Thorberg — 4 —

En af því Björn Pètursson var eldri, gekk hann í nefndina.

Forseti: Þar næst kemur þá fyrir að kjósa einn mann í stað varaþingmanns Reykjavíkur, í nefnd þá, sem hefir meðferðis málið um *sveitastjórnarlögin*. Í þeirri nefnd eru, auk varaþingmannsins, þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Vestmannaeyja. Skal eg nú biðja þingmenn að kjósa einn mann til með þessum síðarnefndu tveimur.

Síðan var kosið, og urðu fyrir kosningu:

Björn Pètursson með 4 atk.
Benidikt Sveinsson — 4 —

En Björn Pètursson tók sæti í nefndinni, því hann var eldri.

Forseti: Því næst kemur til umræðu, hvort nefnd skuli setja um bænarskrá frá nokkrum mönnum, er hafa starfað í nefndinni í skólamálinu; flutningsmaður er hinn 3. konungkjörni þingmaður, og skal eg biðja hann að lesa bænarskrána og skýra frá þessu máli.

Jón Hjaltalín: Eg skal þá lesa bænarskrána:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 227.

Það er sjálfsagt að fela þinginu á vald, hvort það vill gefa gaum þessu máli og kjósa nefnd í það; það getur þingið af ráðið sjálft. En mèr sýnist tilhlýðilegast, að við, sem hlut eigum að máli, sitjum kyrrir, því það er ætíð leiðinlegt að tala eigin máli, enda þótt maður viti sig hafa á rèttu að standa. Eg fyrir mitt leyti fel þinginu alveg hvað það vill gjöra við þetta mál.

Konungsfulltrúi: Það er tekið fram í bænarskránni, að nefndin hafi beinlínis strax sem hún hafði aflokið störfum sínum, sent stjórninni ósk sína um að fá hæfileg laun fyrir störf sín, en að ekkert svar sè enn komið frá henni. Þetta getur bæði komið af því, að málið er enn þá ekki til lykta leitt, og ef til vill líka af

því, að nefndarmenn flestallir voru embættismenn. Eg álít, að sú aðferðin hefði verið réttust að senda málið gegnum stiptamtið eða Ephorat skólans til stjórnarinnar. Það verður nú að vera á áliti þingsins, hvort málið á því stigi, sem það er, eigi að takast fyrir af þinginu. Það hefir áður verið gjört í líku tilfelli (í hjúalagamálinu), en mèr virðist það mundi réttast að vísa málinu til stiptsamtsins gegnum forseta þingsins.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að bæta því við það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að mèr virðist athugavert, hvort ei muni vera ofsnemmt fyrir þingið að hreifa þessu máli, meðan ekki er komið svar frá stjórninni upp á beiðni hlutaðeigenda um borgun fyrir ómak sitt. En orsökin til þess, að svar er eigi komið, getur verið sú, að skólamálið í heild sinni er enn undir yfirvegun hjá stjórninni, og að því hafi verið frestað að gjöra út um það atriði, sem hèr er um rætt, þangað til allt málið yrði útkljáð. Afskipti þingsins af bænarskrá þeirri, er hèr liggur fyrir, gætu varla miðað til annars en að reyna að flýta fyrir svari frá stjórninni, en það virðist mèr eigi nauðsynlegt, og mèr virðist réttast að málið sè látið bíða að sinni.

Eiríkur Kúld: Mèr virðist það mjög vafasamt, að kjósa eigi nefnd í þetta mál. Það er auðvitað, að þegar stjórnin setur nefnd, til að segja álit sitt í einhverju máli, þá getur hún ekki ætlazt til að menn vinni þar fyrir ekkert, og embættismenn eru ekki skyldugir til þess fremur en aðrir, þegar málefnið er embættinu óviðkomandi. Og þó menn nú hugsuðu, að stjórnin brúkaði þá embættismenn sína til slíkra smásnúninga borgunarlaust, er sitja við há embættislaun, þá er ekki ætlandi, að hún brúki embættismenn með litlum launum eða embættislausa menn til slíks fyrir alls enga þóknun. En mèr virðist það mjög vafasamt, hvort þetta mál á að ganga þingveginn. Að sönnu veit eg það, að þingið hefir áður skipt sèr af þess konar málum, t. d. að útvega þóknun handa jarðamatsnefndinni og nefndinni í hjúalagamálinu, og að því leyti kynni að mega fara eins að hèr. Mèr þykir galli á bænarskránni, sem er sá, að þar er ekki launa-upphæðin til tekin, heldur þinginu falið að ákveða hana, og einungis beðið um hæfileg laun. Ef þingið annars vill taka við þessu máli, álít eg réttast að vísa því forsetaveginn til konungsfulltrúa, og þaðan til stjórnarinnar. Og þess vegna mæli eg fyrir mitt leyti móti nefnd.

Pètur Pètursson: Í tilefni af því, sem hinn hæstvirti kon-

ungsfulltrúi sagði, að brèf skólanefndarinnar eigi hafi verið sent stiptsyfirvöldunum, heldur beinlínis til stjórnarinnar, þá getur verið að svo hafi verið; eg man það ekki gjörla. En þó svo hafi verið, hefir það engan veginn komið af virðingarskorti fyrir stiptsyfirvöldunum, heldur af því, að nefndin áleit, að stiptsyfirvöldin eigi gætu gefið frekari upplýsingar, en stjórnin sjálf sæi, með því líka nefndin sendi stjórninni um leið eptirrit af gjörðum sínum. Eg hefi nú fyrir mitt leyti ekki á móti því, að máli þessu sè vísað forsetaveginn; hvað mig snertir, gjöri eg engar strangar kröfur til launa fyrir sjálfan mig, en þeir aptur af nefndarmönnum, sem eru öðruvísi eða miður launaðir, t. d. dómkirkjupresturinn og vara-forseti, ættu ekki að missa þá þóknun, sem þeim að rèttu ber. Það er líka kunnugt, að stjórnin hefir áður í líku tilfelli veitt þóknun. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að bezt væri að láta þetta mál bíða, unz svar kæmi frá stjórninni, sem máske mundi verða, þegar skólamálið í heild sinni væri útkljáð, skal eg geta þess, að nefndin gat ekki vitað, hvort stjórnin mundi leggja skólamálið til hliðar eða halda því fram, og þótti nefndinni ekki ástæða til að bíða lengur.

Stefán Jónsson: Eg verð að vera á því, að hèr liggi beinast við að vísa málinu forsetaveginn, eg hygg það sè allra bezti vegur; að minnsta kosti fór mál, sem mèr tilheyrði þann veg, og varð eg að láta mèr það lynda.

Sveinn Skúlason: Eg álít eigi rètt, að nefndin komi með þetta mál hèr inn á þing; þinginu má vera það í minni frá þinginu 1863, hvað andstæðir þessir nefndarmenn voru því, að álit þeirra eða skólamálið yfir höfuð kæmi undir umræðu á þingi; það er bezt, að þessi konunglega nefnd eigi við konung, en ekki þingið. Mèr sýnist því hèr sem optast rèttast, að hver haldi sèr til síns sala. Fyrst að nefndin ekki vildi lofa þinginu að skoða þetta mál, þá kemur þinginu ekki við að skipta sèr neitt af því.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, verða nú greidd atkvæði um það tvennt: 1. hvort kjósa skuli nefnd eða ekki og 2. hvort vísa skuli málinu til stjórnarinnar fyrir milligöngu hins háttvirta konungsfulltrúa, verði nefnd eigi kosin.

Var þá gengið til atkvæða og málið í einu hljóði fellt frá nefnd.

Síðan var samþykkt í einu hljóði, að málinu skyldi vísa til stjórnarinnar.

Forseti: Eg mun þá senda bænarskrána hinum hæstvirta konungsfulltrúa, svo hún á þann hátt komist til stjórnarinnar.

Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til umræðu uppástunga þingmanns Borgfirðinga um viðhald Hólakirkju; en þar eð flutningsmaður er eigi á fundi í dag, verður uppástungan felld af dagskrá, og skotið á frest til næsta fundar.

Að lyktum voru lesin upp og samþykkt þessi eptirfylgjandi þrjú álitsskjöl til konungs:

1. Um frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 228.

2. Um frumvarp til reglugjörðar, um kaupstaðarrèttindi Ísafjarðar.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 229.

3. Um frumvarp til opins brèfs um, að stofna byggingarnefnd á Ísafirði.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 230.

Sveinn Skúlason: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvort það mundi vera rètt, að lesa álitsskjölin upp af óvönduðu «Concepti» því það ætti að vera frumrit («Original»), sem þingið samþykkir og lætur hreinskrifa.

Forseti: Það hefir ekki þótt tiltökumál að láta hreinskrifa þessi uppköst, því þeim kann að verða breytt hèr á þinginu við upplesturinn.

Sveinn Skúlason: Eg ímyndaði mèr, að forseti mætti eigi skrifa undir Conceptið.

Forseti: Forseti hefir heldur ekki skrifað undir uppkastið, og hann skrifar ekki undir nein álitsskjöl til konungs, fyrr en þau eru samþykkt af þinginu. Eptir mínum skilningi er undirskript forseta til þess, að hann ábyrgist, að ekki sè breytt í álitsskjölunum, eptir að þau eru samþykkt af þinginu; en væri honum ekki trúandi til þess, þá væri lítið gagn hvort sem lesið væri upp hreinskrifuð skjöl eða ekki, því það væri ætíð hægt að breyta í skjölunum eins fyrir því, ef viljinn væri til þess.

Sveinn Skúlason: Eg vildi spyrja forseta, hvort hann eigi vildi taka á móti nefndaráliti, sem eg er hèr með, þó undirskriptir nefndarmanna, sem eigi eru á þingi í dag, vanti, til þess nefndarálitið því fyrr yrði lagt fram á lestrarsalinn.

Forseti: Mèr er ekki um að veita því móttöku, því það er

ekki óhugsandi, að þeir nefndarmenn, sem ekki hafa skrifað undir, kunni að vilja gjöra einhverja breytingu.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um forngripasafnið, og kemur það á dagskrá á mánudaginn, og verður þá fundur settur kl. 12.

Fundi slitið.

---

12. fundur — 17. júlí.

Allir á fundi.

Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni um *Brákarpoll*, að formaður í henni sè Hjálmur Pètursson, skrifari Arnljótur Ólafsson; sömuleiðis hefi eg fengið tilkynningu frá *sveitarstjórnarnefndinni,* að formaður hennar sè Pètur Guðjónsson, skrifari Björn Pètursson.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktunarumræðu og atkvæðagreiðslu, málið um *konunglegt frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er leyfir að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum.* Framsögumaður er hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður. Honum verður afhent málið, og mun hann skýra það fyrir þinginu, sem þurfa þykir.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 231.

Björn Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að tala að eins fáein orð, áður en framsögumaður tekur til máls, en það sem eg vildi tala um, var að eins viðvíkjandi atkvæðaskránni. Eg sè nú á henni, að okkur fèlögum, það er, hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu og mèr, hefir tekizt óheppilega að orða breytingaratkvæðið undir tölulið 3. Eins og það stendur hèr á atkvæðaskránni, sè eg, að má hártoga það svo, að út úr því komi allt önnur meining en sú, er við ætluðumst til. Eg vil nú skjóta því til þingmanna, sem heyrðu ræður vorar við undirbúningsumræðuna, hvort eigi sè auðsætt, að meiningin á að vera sú, að vèr vildum eigi

leyfa neinum skipum að afferma eður ferma frá dagmálum og þar til stundu eptir nón. Fyrir því vil eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi sè leyfilegt að orða breytingaratkvæðið samkvæmt því, sem meining okkar var, og eptir því, sem skrifararnir hafa skrifað eptir okkur í þingbókina. Eg hefi þá hugsað mèr, að orð breytingaratkvæðisins ættu að vera á þessa leið: Það skal hèr eptir leyft vera, að ferma og afferma gufuskip og önnur kaupför á sunnudögum og öðrum helgidögum, að undan teknum hátíðadögum, þó eigi frá dagmálum til nóns. Eg vildi nú spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi væri leyfilegt, að koma með þessa betri orðaskipun á breytingaratkvæðinu, því að eg sè, að það má hártoga það og misskilja, eins og það er orðað.

Forseti: Það er víst ljóst fyrir öllum þingmönnum, að það gæti orðið ókljúfandi, ef það yrði stöðug regla, að menn færi að breyta uppástungum sínum á atkvæðaskránni við ályktarumræðu. En samt sem áður skal eg eigi setja mig á móti því í einstökum tilfellum, ef allur þorri þingmanna óskar þess, og þykir það eigi trufla sig við atkvæðagreiðsluna. Í þessu tilfelli get eg nú eigi sèð, að það sè alveg nauðsynlegt að breyta á atkvæðaskránni, því þar stendur hèr um bil hið sama í öðrum uppástungum.

Því næst voru greidd atkvæði um, hvort breyta mætti til þessum lið á atkvæðaskránni eður ekki.

Voru þá eigi nema 11 þingmenn, sem vildu leyfa breytinguna og þóttu það eigi nógu mörg atkvæði með, svo forseti úrskurðaði að atkvæðaskráin skyldi standa.

Björn Pètursson: Þar eð tölulið 3. verður eigi breytt, þá vil eg, ef hinn heiðraði meðbróðir minn hefir ekki á móti því, taka breytingaratkvæðið undir tölulið 3. aptur.

Pètur Pètursson: Hafa þeir þingmenn sem sátu, greitt atkvæði?

Forseti: Eg get eigi skilið annað, en að þeir hafi ekki óskað, að atkvæðaskránni yrði breytt.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Það er nú kominn fjöldi af breytingaratkvæðum við frumvarpið, og er hið helzta af þeim það, er stendur undir tölulið 5. á atkvæðaskránni, því að það innibindur í sèr mörg þau atriði, er tekin eru fram í hinum breytingaratkvæðunum; það vill sem sè, að leyfi það, sem beðið er um í stjórnarfrumvarpinu, sè útvíkað til allra kaupfara, það er með öðrum orðum, að leyfið sè gjört almennt, en stingur jafnframt upp á

1, að fyrir þetta sè goldin þóknun til fátækra. Það sýnist óneitanlega að vera samkvæmt gamalli skoðun hèr á landi, að nauðsynjaverk megi vinna eptir messu á sunnudögum móti þóknun til fátækra, og því hefði eg, frá minni hálfu sjálfs, lítið á móti breytingaratkvæðinu, en eg er sannfærður um, eins og líka margir þingmenn hafa sagt, að það mundi stríða á móti skoðun manna hèr á landi, ef skertur væri sunnudagurinn og helgi hans, og það hafa verið færðar fyrir því þær ástæður, sem enn eru óhraktar. Það hefir verið sagt á móti nefndarálitinu, að sunnudagurinn sè eigi vel haldinn víða hèr á landt. En eg get nú eigi kallað það annað en óvenju, sem er gagnstætt löggjöfinni, eður anda hennar, og á óvenju mega aldrei ný lög byggjast, og það er dauf rèttlæting fyrir frumvarpinu, sem byggð er á því, að sumstaðar sèu helgidagahaldslögin brotin. Breytingaratkvæðið undir tölulið 7. finnst mèr eigi nógu ákveðið, því að það getur verið spursmál um, nær vorið byrji eður endi og eins haustið. Um þetta geta risið mörg spursmál. Þar næst er breytingaratkvæðið undir tölulið 8. Þar er farið fram á, að þessi undantekning sè gjörð að eins vegna póstskipsins eins; en það sýnist þó eigi að vera rètt, að leyfið nái að eins til eins einasta skips, ef það á annað borð væri gefið, heldur ætti það þvert á móti að ná til allra kaupfara og skipa, sem auðsjáanlega geta haft baga af því, að för þeirra tálmast. Eg get þannig ekki sèð, að það sè ástæða fremur til að gefa póstskipinu leyfið en öðrum kaupförum, því að hvortveggja geta beðið halla af því, að mega eigi ferma eður afferma á helgum dögum. Eg verð þannig að halda mèr til álits nefndarinnar, og get að eins gefið atkvæði mitt með því, sem hún fer fram á.

Halldór Jónsson: Að því er snertir breytingaratkvæði mitt undir tölul. 8., þá verð eg að geta þess, að þótt þar væri meðfram haft tillit til kostnaðar þess, er póstgufuskipið hefir í för með sèr, þá er þó með því sèr í lagi haft tillit til þeirrar óreglu, sem getur leitt af töf póstskipsins, eigi að eins fyrir ferðir þess sjálfs, heldur og fyrir póstgöngúngurnar um land allt. Að öðru leyti skal eg ekki mæla fremur með breytingaratkvæði mínu, en eg hefi þegar gjört við undirbúningsumræðuna.

Ólafur Sigurðsson: Það var eitt atriði, sem eg vildi leyfa mèr að benda á, sem eigi var tekið fram við undirbúningsumræðuna, og það var, að eg vildi spyrja að því, hvort þingið hefði nú loksins vald til að fallast á stjórnarfrumvarpið, og breyta þannig

þeim lögum, sem oss eru gefin í 3. boðorðinu: Minnstu að halda helgan hvíldardaginn drottins guðs þíns. Ef nú þetta er, eins og mig sterklega minnir, drottins boð, þá verð eg að halda, að þingið hafi ekki vald til að breyta því, og fellst eg þess vegna að öllu leyti á niðurlagsatriði nefndarinnar.

Eiríkur Kúld: Það eru nú komin fram allmörg breytingaratkvæði við ekki stærra nefndarálit, en þó eru þau svo úr garði gjörð, að nefndin hefir ekki getað fallizt á eitt einasta af þeim öllum. Það er þá fyrst breytingaratkvæðið undir tölul. 2., sem er eignað tveimur. Eg verð nú að álíta það mjög óviðkunnanlegt, sem hèr er farið fram á, það er eins og eigi að gjöra helgi sunnudagsins fala fyrir kaup; uppástungumennirnir vilja nefnilega leyfa mönnum að nota til að flytja úr og í gufuskipið nokkurn hluta af sunnudeginum fyrir 2—10 rd. þóknun. Eg fyrir mitt leyti kann nú eigi við að selja sunnudaginn svona í smáskömtum, þannig að morguninn og kvöldið kosti 2 rd.; eg vildi þá líka mega leyfa mèr að spyrja hina háttvirtu uppástungumenn, hvað sjálfur messutíminn mundi kosta hjá þeim, ef þeir gjörðu hann falan í gufuskipsþarfir? Eg ímynda mèr þess vegna, að það verði færri, sem gefa þessu atkvæði sitt. En ef breytingaratkvæðið undir tölul. 3 hefði ekki verið tekið aptur, þá hefði eg ei þurft að spyrja um þetta, því eptir því var öll helgi sunnudagsins föl kauplaust; en það er nú dottið úr sögunni, svo það er ekki meira að tala um það. Breytingaratkvæðið undir tölul. 4. vill nú rýmka um leyfið, svo það nái til allra skipa; í þessu sýnist nú fólgið einhvers konar jafnrètti, því að það vill, að öll skip hafi leyfi til að ferma og afferma á sunnudögum eða vanbrúka sunnudaginn. En um leið er á þessu atkvæði annar annmarki, og hann er sá, að það vill leggja sèrstaka tálmun á helgi hvíldardagsins, og þessi annmarki vegur nú ekki að eins upp hinn kostinn, heldur gjörir hann breytingaratkvæðið með öllu óhafandi, því að eg get ekki annað sèð, en að það sè með öllu ótækt að takmarka helgi drottinsdags í nokkru. Hinn háttvirti framsögumaður hefir nú tekið fram hið helzta móti breytingaratkvæðinu undir tölul. 5, og þarf eg því síður þar engu við að bæta, sem eg vona að það orðalaust falli. Þá kemur þar næst breytingaratkvæðið undir tölul. 6; hefði stjórnarfrumvarpið komið til atkvæða, þá hefði nefndin líklega hallað sèr að þessu, eins og tölul. 7. og 8. En eg vona, að eigi þurfi til þess að koma, og þá þarf ekki að hrekja þessi breytingarat-

kvæði framar. Að öðru leyti verð eg að álíta það ófært að gjöra undantekningu fyrir eitt einasta skip; það er sjálfsagt, að mikið skal til mikils vinna, þar sem ræða er um að greiða fyrir póstskipsferðunum. En eg held, að það sè ekki svo mikils virði, að tilvinnandi sè að skerða fyrir það helgi sunnudagsins. Eg held, að póstskipið hafi ekki heldur allt af staðið í svo góðum skilum, að tilvinnandi sè, að leggja svona mikið í sölurnar fyrir það. Það hefir heldur ekki, eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók fram við undirbúningsumræðuna, orðið sú töf fyrir póstskipið að því, þótt það ekki hafi mátt ferma eður afferma á sunnudögum, að það hafi hindrað ferðir þess, heldur á tálmun á ferðum póstskipsins allt aðra rót, eins og sami þingmaður gat um. Eg verð enn sem fyrri að virða þær ástæður, er stiptamtmaður hefir tekið fram í álitsskjali sínu til stjórnarinnar, hinar rèttustu og sönnustu ástæður fyrir því, að það sè hreinn og beinn óþarfi, að gjöra slíka undantekningu fyrir þetta gufuskip. Eg vona því, að þingmenn aðhyllist ekki neitt af þessu, sem hèr er á atkvæðaskránni, nema álit nefndarinnar eingöngu.

Hjálmur Pètursson: Þótt orð mín kunni nú eigi að verða til upplýsingar, þá vildi eg þó láta meiningu mína í ljósi í þessu máli. Mèr finnst það nú mjög óviðkunnanlegt, ef þingið aðhylltist stjórnarfrumvarp þetta eður þau breytingaratkvæði sem komið hafa fram við það. Það er þó víst ekki öllum úr minni liðið, hvað ó vinsælt það var hjá þjóð vorri, þegar alþing 1853 bað um að stytta helgina og fèkk tilskipunina af 28. marz 1855; hvar um ljósast vitna bænarskrár þær, er komu til þingsins 1855 og 1857, hvar af leiddi, að konunglegt frumvarp var lagt fyrir alþing 1859 um að lengja aptur helgina, sem þingið þá fèllst á, hvað og varð lögleitt með opnu brèfi 20. sept. 1860, og má eg bæði fyrir mína sannfæringu og allra þeirra sem eg þekki vitna, að sú breyting þótti til batnaðar. Eg verð þess vegna að álíta það ógjörlegt, að breyta þessu nú aptur, og þar með særa þá tilfinningu sem lifir í brjósti almennings fyrir virðingu helgihaldsins. Eg get heldur ekki sèð, að brýna nauðsyn beri til þess að leyfa með lagaboði að ferma og afferma gufuskip á helgidögum, því það er auðvitað, að nauðsyninni eru engin lög sett í þessu efni fremur en öðru, því sú nauðsynjavinna, sem styðst við kristilegt hugarfar, og kristilegan kærleika, verður aldrei hart dæmd, þó hún sè framin á sunnudag, og þó hún sè ekki tekin fram í lögum. Eg veit nú ekki betur en

að þetta sè leyft eptir nú gildandi lögum, og þá þarf ekki ný lög til að biðja um það. Eg ætla því ekki að gefa atkvæði mitt fyrir frumvarpi þessu, eður neinum þeim breytingaratkvæðum, sem þar við eru gjörð, heldur eindregið halda mèr til nefndarálitsins.

Jón Bjarnason: Það voru að eins fáein orð, sem eg vildi leyfa mèr að taka fram í þessu máli. Þar sem eg þekki til, þá er það svo á hverju því heimili, þar sem guðsótti og siðgæði er drottnandi, að öllum þykir einkar mikið varið í, að hvíldardagurinn sè hafður í heiðri. Þar er haft í helgi þetta lögmál, sem oss er gefið af þeim himneska löggjafa í hinum 10 lagaboðorðum. Eg veit nú eigi betur, en að það sè eitt af því fyrsta, sem allir rèttskikkaðir andlegrar stèttar menn innprenta börnum sínum og sóknarbörnum þriðju grein lagaboðsins: Minnstu að halda helgan hvíldardaginn drottins guðs þíns. Mèr finnst nú líka, að ef tekið er nokkuð af hvíldardeginum, þá geti það að nokkru leyti brotið rètt þjónanna, ef þeim er skipað til vinnu meira eða minna þann dag, sem þeim er ætlaður til hvíldar. Og eg held, að það geti verið þeir húsbændur, sem misþirmdu frelsi hjúa sinna í þessu, ef lögin ekki bönnuðu það. Það hefir nú verið talað um, að menn hèr í Reykjavík gjörðu lagabrot viðvíkjandi helgi sunnudagsins. Má eg spyrja: Er það ástæða til að nema af lagaboð, að það er brotið? Eg svara nei, því þá yrðu öll kristin lög af numin. Eg held það ætti vel við að óska nafnakalls í þessu máli, þar eð meiningarnar eru skiptar, svo það sjáist, hverjir sèu á móti nefndarálitinu, því að eg er viss um það, að þeir þingmenn, sem eru úr sveitunum mundu fá óþægileg, já tilfinnanleg aðköst fyrir það af kjósendum sínum, ef þeir styddu að því hèr á þingi, að höggvið væri skarð í hvíldardaginn. Eg óska því nafnakalls, svo að við atkvæðagreiðsluna sjáist, hverjir láta holdið bera andann ofurliða.

Stefán Thordersen: Eg skal nú ekki tefja þingið með langri ræðu í þetta skipti, því það er eingöngu af því, að við undirbúningsumræðuna komu einkum 2 ástæður fram móti nefndarálitinu, að eg vildi tala fáein orð. Það var þá fyrst, að þingmaður Suðurmúlasýslu var að bregða þingmönnum um, að þeir kæmi með Farísea andlit í þessu máli. Eg býð honum nú hèr fram mitt andlit, og neita því fastlega, að eg hafi talað af nokkurri hræsni (*Forseti*: Þingmaðurinn sagði, að það dygði eigi að koma með Farísea andlit). Já! má ske eg hafi tekið skakkt eptir. En ef hann hefir meint það til mín, þá má hann eiga það sjálfur, og mín vegna

taka það heim með sèr. Annað var það, að sagt var, að helgidagalöggjöfin mundi að eins vera pappírslöggjöf. Það mun nú því miður eitthvað satt í því; og eg sá þess vott hèr síðast í gær að helgidagalöggjöfin muni hèr ekki í miklu gildi. En hverjum er það að kenna? Það er þó ekki löggjöfinni sjálfri að kenna, og ekki heldur þegnunum, sem eiga að hlýða henni, heldur er það þeim að kenna, sem eiga að vaka yfir því, að löggjöfinni sè hlýtt. Það er af því þeir — ef eg má segja það, án þess að forseti hringi mig niður — eru pappírsbúkar, að löggjöfin verður pappírslöggjöf. Því enginn getur búizt við, að þegnarnir hlýði lögunum sjálfkrafa, heldur ætla menn yfirvöldunum, og til þess eru þau sett, að þau sjái um framkvæmd laganna. Það var því af þessum ástæðum, sem mèr fannst löggjöfin vera ónýt hvort sem væri, og því var það og, að eg máske hljóp á mig í formlegu tilliti, eins og hinn háttvirti forseti man víst eptir, og tók mèr það viðauka-atkvæði, að helgidagalöggjöfin skyldi alveg úr lögum numin, af því að mèr virtist hún að engu gagni, þegar henni væri ekki framfylgt; og miklu fremur kýs eg alls engin lög að hafa en þau, sem fótum eru troðin, jafnvel af þeim sem eru *skyldir* til að framfylgja þeim.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt eg hafi nú gjört hèr eina uppástungu, skal eg ekki halda henni svo fast fram, að eg sökum þess hafni með öllu öllum hinum öðrum breytingaratkvæðum. Eg get nú ekki sèð, að það sè að gjöra sunnudaginn falan fyrir peninga, eins og þingmaður Barðstrendinga sagði, þótt leyft sè að gjöra einhverja nauðsynjavinnu gegn ákveðinni borgun til fátækrasjóðs, eins og þingmaður Borgfirðinga og Suður-Þingeyinga hafa stungið upp á; því að eg veit ekki betur en að það sè vanalegt, þar sem slík borgun fyrir helgidagsbrot er lögboðin. En þótt það sè nú boðið, að halda hvíldardaginn heilagan, og þótt eg meti það mikils, að svo sè gjört, þá veit eg ekki, hvort það er meiningin, að menn eigi heldur að gjöra alls ekkert á sunnudögum eða eitthvað verra en ekkert, heldur en að gjöra það, sem brýn nauðsyn krefur á hverjum hluta dags sem er. En úr því menn nú vilja halda svo fast á sunnudeginum, að menn vilja ekkert gefa eptir af honum, og láta hann vera allan jafnhelgan frá morgni til kvölds, þá ættu menn þó, ef menn á annað borð hafa og verða að hafa nokkurt traust á lögreglustjórunum, að geta trúað þeim fyrir, að gefa eigi hverjum einum, sem hafa vildi, leyfi þetta að nauðsynjalausu. Þetta verður að mínu áliti að vera komið

undir «takt» — að eg hafi það orð — hvers eins og í hvert skipti. Eg held að það sannist opt, að lögin sèu þýðingarlítil, sè þeim ekki laglega beitt. Eg held nú, að lögreglustjóranum sè vel trúandi fyrir að gefa þetta leyfi, og þá mundi helgi sunnudagsins ekki verða skert, því að þetta yrði þá ekki leyft nema eins og hvert annað nauðsynjaverk, það er, þegar brýna nauðsyn bæri til. Þó að nú yfirvöldunum sè kennt um, að helgidagalöggjöfinni sè ekki vel fylgt, þá held eg «að hægra sè um það að tala en í að komast». Það er víst enginn hægðarleikur fyrir lögreglustjórann að sjá um, að þau boðorð sèu haldin, sem eru óhentug og gagnstæð hugsunarhætti manna, einkum ef þau eru þannig löguð, að nauðsynin nær því knýr menn til að rjúfa þau, og eg kalla að menn sèu nær því neyddir til á stundum að rjúfa helgidagalögin, þegar enginn hluti sunnudagsins er undan skilinn helginni. Eg verð því að mæla fram með breytingaratkvæði mínu, og vonast til, að þingið fallist á það.

Björn Pèturssón: Eg held nú, að helgidagalöggjöfin sè engan veginn svo ströng sem orð er á gjört. Grundvöllurinn fyrir allri löggjöfinni er nú tekinn fram í 1. grein hennar, og hann er sá, að «einkum um messutímann megi engi ónauðsynlega vinnu vinna». Á þessu er nú tilskipunin öll byggð En þá er nú eptir að vita, hvað sè ónauðsynleg vinna. Löggjöfin tekur það nú sjálf skýrt fram, því að hún telur upp nokkur einstök atriði í 2. grein, er megi vinna á sunnudögum, t. a. m. þurrka hey, róa til fiskjar, hirða um fiskifang og veiðitól eptir 5. grein og að fara á veiðar eður skjóta dýr og fugla. Það er reyndar ekki tekið fram, að ferma megi og afferma skip. En það sjá allir, að það hlýtur að vera samkvæmt aðalanda allrar löggjafarinnar, að leyfilegt sè að vinna bæði þessi og önnur nauðsynjaverk nema um sjálfan messutímann. Sjórinn er nú það Element, sem mennirnir ráða minnst við, og þess vegna verða menn að respectera bæði hann og eins þá sem um sjóinn fara. Það ber opt við, að þótt menn sèu ekki lengra að, en hèrna ofan af Akranesi, þá mega menn stundum liggja hèr hálfan mánuð, ef þeir hafa ekki notað einn góðan veðurdag. Það gæti því orðið óbærilegur skaði fyrir þá, ef þær mættu ekki fara á sunnudegi, ef þá væri gott veður. Það er nú auðvitað, að lögreglustjórinn má alls ekki veita undanþágur frá helgidagalöggjöfinni, þegar stjórnin þykist ekki geta gjört það, því að hvað góð sem lögreglustjórnin kann að vera, þá er hún þó minni

háttar og minni máttar en aðalstjórnin. Hèr stendur nú annars í helgidagatilskipuninni: «Ferma má einnig og afferma á þessum tíma önnur skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind». En hve nær er það, að eigi þurfi að nota þetta. Það er nú, ef til vill, óheppileg útleggingin hèr á dönskunni; en vèr erum eigi skyldugir til að skilja dönsku, og vèr erum heldur ekki skyldugir til að hlýða nema því, sem vèr skiljum og er á voru máli, hvort sem það er vel eður illa útlagt. Eg sè nú reyndar ekki eptir þessu, að þörf sè á að biðja um þetta leyfi, sem hèr er farið fram á. En vilji nú stjórnin endilega taka það skýrar fram, þá sýnist mèr ekki, að vert sè að vera að hafa á móti því. Það hefir nú verið tekið fram af mörgum, að þetta leyfi væri gagnstætt þjóðarandanum og að það mundi hneyksla smælingjana, aptra mönnum frá að dýrka drottinn sinn, sækja kirkju- og halda bænagjörðir í heimahúsum. Eg skil nú eigi, að þetta geti verið svo. Eg hefi líka sèð hèr í Reykjavík dæmi upp á helgihald sunnudagsins; það var eigi lengra síðan en í gær, að eg sá 3 naut drepin og flegin fyrir messu, og eg hefi nóga sjónarvotta að þessu. Þetta var þó hinn sama dag, sem herra byskupinn ætlaði að vígja og vígði einn mann til prèdikunarembættisins. Enn fremur hefi eg sèð hèr í Reykjavík, að menn hafa snúið heyi milli pistils og guðspjalls. En hver segir nú, að Reykvíkingar sèu syndugri en allir aðrir Galilear, þó þeim hafi orðið þetta á? Eg held, að engum detti það í hug að segja, að Reykvíkingar sè svo miklu verri í þessu efni, að enginn sè þeirra líki út um landið í því að vanbrúka hvíldardaginn. Nei, víðar er pottur brotinn en í Reykjavík. En ef lögrelustjórinn hèrna í bænum getur ekki sèð um, að helgidagalöggjöfinni sè fylgt, þar sem það er þó hægast, hvernig eiga þá lögreglustjórar út um landið að geta það? Því að hversu duglegur, vitur og glöggskyggn sem lögreglustjórinn er, þá getur hann þó eigi sèð á alla bæi í öllu lögsagnarumdæminu á hverjum sunnudegi. Eg held nú að strangleiki löggjafarinnar gjöri eigi annað en spilla, og það mun þess vegna satt sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hún væri eigi til nema á pappírnum, það er að segja í öllum sínum strangleika. Það gefur að skilja, að ef lögin eru svo ströng, að enginn getur eða vill hlýða þeim, þá respectera menn ekki einu sinni það í lögunum, sem menn eiga að respectera, og allir vilja respectera, og það er hin háleita þýðing þeirra Það sem gengur of langt skaðar

miklu meira en það bætir. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að breytingaratkvæðið undir tölul. 4. raskaði helgi hvíldardagsins, en fylgdi því eigi fast fram, að leyfið, sem stjórnin fer fram á í frumvarpi sínu um að ferma og afferma gufuskipið, muni raska helgi hvíldardagsins, svo það er þá eiginlega jafnrèttið sem hann heldur að gjöri það, sem sè, ef öðrum skipum væri leyft hið sama, Hann vill nú ekki jafnrèttið, af því hann líklega heldur, að drottni þóknist það ekki. Þar eð meðbróðir minn ásamt mèr hefir tekið aptur breytingaratkvæðið undir tölul. 3., þá skal eg ekki tala um það, en fyrst það er fallið fyrir sína lítilfjörlegu formgalla, þá held eg, að eg halli mèr helzt að breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga undir tölul. 5., því að það liggur næst því, sem við höfðum hugsað okkur, en þó eru tveir gallar á því, sem eg felli mig ekki við. Og það er þá fyrst, að þetta leyfi er veitt móti borgun. Hefði eg nú álitið þetta leyfi nokkur spjöll á helgideginum, þá hefði eg heldur ekki viljað leyfa það fyrir borgun, því að eg álít eigi rètt að selja helgidagahaldið. En þetta er nú einu sinni komið inn í löggjöfina og rèttarmeðvitund manna. Þess vegna hneykslar það líklega engan. Annað er það, sem okkur skilur á við þetta breytingaratkvæði, og það er, að við vildum, að leyfilegt væri að vinna til dagmála á sunnudögum en það má eigi eptir því. Breytingaratkvæðið undir tölul. 6. get eg ekki fallizt á, því að það vill gefa lögreglustjóranum vald til að gefa lög; en eg vil heldur eiga lögin undir konungi og þinginu. Þessu valdi mundi heldur ekki alstaðar verða beitt eins, því að annar kynni að leyfa það sem annar bannaði, svo að enginn jöfnuður yrði á þessu. Eg á þá að eins eptir að kveðja minn háttvirta vin þingmann Vestmanneyinga. Hann beiddi mig nú að taka heim »Farísеara-andlitið« (*Forseti:* Eg vil biðja þingmenn, að fara eigi út i aðra sálma og telja ýmsa atburði og fleira þess konar). Það getur nú eigi verið mitt andlit, sem hann meinti; því eg tók það skýrt fram við undirbúningsumræðuna, að eg vildi ekki að þingið eða neinn þingmaður setti upp þess konar andlit. Hann sagði það væri ekki sitt, en svo framarlega sem eg vildi láta mèr um munn fara, að nokkur þingmaður ætti þetta »Farísеara-andlit«, þá er mèr nær að halda, að það væri helzt þingmaður Vestmanneyinga; og ef hann á það, má hann ekki missa það; (hringt) eg er líka hættur.

Konungsfulltrúi: Eg skal nú ekki orðlengja um þetta mál,

og því síður sem þingið er búið að ræða það svo ýtarlega, og virðist að vera komið að fastri skoðun á því. Eg skal þá fyrst leyfa mèr að taka fram út af orðum þingmannsins úr Barðastrandarsýslu, að það yrði að særa guðræknistilfinningu almennings, ef stjórnarfrumvarpinu yrði framkvæmt. Í þessu get eg ekki orðið honum samdóma, þar sem eg ekki get skilið í því, að það geti upp til sveita haft áhrif á guðræknistilfinningu almennings og virðingu fyrir helgidagahaldinu, þó það yrði leyft í Reykjavík og Hafnarfirði hvað fermingu og affermingu gufuskipsins snertir, sem leyft er í Danmörku, og enginn þar hneyklast á, og get eg því ekki lagt neina áherzlu á þessa mótbáru gegn frumvarpinu. Hvað atkvæðaskrána, sem hèr liggur fyrir, áhrærir, skal eg, hvað snertir atkvæðið undir staflið 4 leyfa mèr að taka fram, að eg held stjórnin ekki mundi hafa neitt á móti að veita skipum yfir höfuð að ferma og afferma á helgidögum til dagmála og frá nóni, ef þingið færi þess á leit, að það fengist leyft, með því þetta eptir frumvarpinu á að vera leyft gufuskipum yfir höfuð, sem þó geta verið kaupskip.

Það hefir verið farið nokkrum hörðum orðum um breytingaratkvæðin nr. 3 og 5, en þau hafa þó sinn stað í því, sem gildir um helgidagahluti til fátækra, og eru að þessu leyti samkvæm hugsunarhætti almennings, og því sem eru lög í landi. Eg skal ekki orðlengja um þetta mál, en vona að þingið, þrátt fyrir þær mótbárur, sem fram eru komnar, aðhyllist stjórnarfrumvarpið, sem er á góðum rökum byggt.

Stefán Jónsson: Ef eg gæti fallizt á nokkurt af þessum breytingaratkvæðum, þá mundi eg helzt halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölul. 5, því að bæði er augnamið þess, að jafnrètti náist, og eins álít eg borgunina ekki svo mjög hneykslanlega í augum landsmanna, því að það styðst við gamla landsvenju. En það er þó aptur nokkuð að þessu breytingaratkvæði, og það er það, að það nær ekki tilgangi sínum með jafnrèttið, vegna þess, að það er látið vera komið undir lögreglustjóranum; hann hlýtur þá að vera á staðnum, þar sem þetta leyfi á að fást. En það er óvíða, að svo standi á hèr á landi og ekki nema á 3 eða 4 stöðum, að lögreglustjórinn hafi bústað í kaupstaðnum, og þá verður ekki náð til hans. En þar eð nú tilganginum verður ekki náð með breytingaratkvæðinu, þá get eg ekki fallizt á það, og verð að halda mèr til nefndarálitsins.

Pètur Guðjónsson: Það hefir verið mikið talað hèr um jafn-

rètti, einkum var það þingmaður Barðstrendinga sem um það talaði, og hann fannst mèr gjöra lítið úr því, gagnvart því sem hèr er umtalsefnið. En eg verð að leyfa mèr að leiða athygli að því, að hèr er ekki að eins að ræða um jafnrètti milli póstgufuskipsins og annara kaupfara, heldur er hèr að ræða um jafnrètti milli verzlunarstèttarinnar og hins vegar bændastèttarinnar og prestastèttarinnar, að því leyti prestar líka eru bændur. Hinum síðari er nefnilega leyft bæði að stunda heyvinnu, fiskiveiðar og alla nauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum, en kaupmenn mega alls ekki bjarga sèr í sínum atvinnuvegi, hvað sem þeim liggur á og hvaða skaða sem þeir geta af því beðið. En það er þó í mesta máta sanngjarnt, að jafnrètti gangi yfir allar þessar stèttir. Að öðru leyti heyrðist mèr bæði þingmaður Barðstrendinga og fleiri tala í þeim anda, að þeir væri ánægðir með, ef þeir að eins hèldi sínum rèttindum, þótt engir aðrir hefði eða fengi nein tilsvarandi rèttindi. Eg verð þess vegna að halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölulið 5.

Jón Sigurðsson: Eg skil ekki, hvernig menn geta dregið þá ályktun út úr helgidagatilskipuninni, að sveitamönnum sè gjört hærra undir höfði en farmönnum; eg vil benda á, að svo er tiltekið í nefndri tilskipun að ferma megi og afferma skip þegar nota þarf hagstæðan vind og veður, og held eg því, að bæði sjófarendur og skipstjórar standi eins vel ef ekki betur að vígi, en landmenn, sem að eins mega bjarga andvirki sínu frá skemmdum í óþurrkatíð á helgum dögum. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hèlt við undirbúningsumræðuna, að eg hefði misskilið stjórnarfrumvarpið; það held eg nú að ekki hafi verið; álit mitt var og er hið sama, að útgjörðarmennirnir hafi tekið stjórnina við nefið í samningnum um gufuskipsferðirnar, og af ástæðum frumvarpsins sèst það ljóslega, að það er einungis fyrir beiðni útgjörðarmannanna, að stjórnin hefir lagt frumvarpið fyrir þingið. Menn hafa talað um, að margt gott mundi af því leiða fyrir landsmenn upp á póstgöngurnar, ef póstgufuskipið fengi þessa undanþágu frá helgidagalöggjöfinni, en eg get ekki sèð að þar af leiði hið minnsta gagn fyrir almenning; póstgöngurnar munu verða í sama ólaginu hèr eptir sem hingað til, hvort sem þessi undanþága verður veitt eða ekki. Eg vil víkja fáeinum orðum til hinna geistlegu herra, sem eiga breytingaratkvæðin hèr á atkvæðaskránni. Það er skrítilegt, að þeir með hnúum og hnjám skuli hafa barizt móti trúarbragðafrelsinu, og vilja

meina mönnnum að lofa og dýrka guð samkvæmt eigin sannfæringu, og á þann hátt sem hjarta hvers eins er huggunarfyllstur, en aptur á móti svífast þeir þess ekki að þrengja að 3. boðorðinu og rýra þannig helgi hvíldardagsins; sè ekki þetta farísеara-aðferð, þá þekki eg ekki hvað farísеiska er.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu hefi ekki beðið um orðið, en úr því eg stóð upp á annað borð, þá vil eg láta þá meiningu mína í ljósi, að eg er á sömu skoðun og þá eg talaði við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg gef eindregið atkvæði mitt með nefndinni, og það því heldur sem nú á ný er búið hèr í salnum að útleggja svo helgidagatilskipunina af 1855, að engin ástæða sè að fara fram á þessa undanþágu, sem nú er verið að biðja um, þó nú að stjórnin sè á annari skoðun. Eg ætla þá ekki að lengja ræðurnar, sem að vísu eru orðnar æði langar, og óska að eg megi sem fyrst fara að gefa jákvæði mitt með fyrsta tölulið á atkvæðaskránni; hinu öllu segi eg nei við.

Sighvatur Árnason: Eg verð ekki margorður um þetta mál, því að hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga hefir þegar tekið fram athugasemdir þær, sem eg vildi gjört hafa. Mèr skilst af helgidagalöggjöfinni, að bæði þessu skipi sem hèr ræðir um og öðrum geti nægt það, sem hún til tekur í því efni, og öldungis óþarft og ónauðsynlegt að fallast á frumvarpið; brýn nauðsyn ræður eða á að ráða í því efni sem öðru. Eg get heldur ekki fallizt á neitt breytingaratkvæðið, og mun gefa atkvæði samkvæmt þessu. Eg óska að nafnakall verði viðhaft (*Forseti*: þess er áður beðið).

Jón Hjaltalín: Það sæmir, ef til vill, konungkjörnum þingmanni betur að sitja kyrr en að standa upp til þess að tala móti frumvarpi stjórnarinnar, en ekki er heldur gott að taka þegjandi við öllu. Það er búið að tala margt og mikið um þetta, og mörg breytingaratkvæði framkomin, og getur mèr ekki skilizt, að þessi tilslökun, sem margir þingmenn eru að berjast fyrir, verði póstskipinu til verulegs gagns, eða stjórninni í vil. Spursmálið verður svona fyrir mèr: Eiga menn sem sannleikselskandi og stjórninni velviljaðir að ráða til löggildingar frumvarpsins? Nei! það er ekki ráðlegt; og hvers vegna? Fyrst og fremst vegna þess, að það snertir tilfinningu þá, sem stjórnin ávallt á að ala og glæða, nefnilega guðræknistilfinninguna, og mundi öll tilslökun í þessu efni verða ásteytingarsteinn fyrir hina beztu og trúræknustu menn. Það má ekki dylja stjórnina þess, að menn ekki einungis hèr í Reykja-

vík, heldur og einkum út um landið, álíta að stjórnin hafi gjört útgjörðarmönnum póstskipsins of mikið í vil með þessari uppástungu sinni, og mèr finnst óráðlegt, að breyta til nokkurrar línunar helgidagalögum vorum, því að það mundi valda umkvörtunum og óánægju. Menn þeir, sem vinna að því, að ferma eða afferma skip hèr, eru ekki altènd svo á sig komnir, sem vera bæri, og það játa eg, að margt er það gjört á helgidögum, sem betur mætti ógjört látið. Eg vil ekki styðja að því, að frumvarpið sè að lögum gjört, því það mundi vekja gremju hjá hinum beztu og rèttsýnustu mönnum, og það eru einmitt þeir sem stjórnin á að hæna að sèr. Það gjörir mèr illt, að geta ekki ráðið stjórninni til að gjöra frumvarpið að lögum, og ekki get eg heldur fallizt á nokkurt af breytingaratkvæðunum; eg vil ekkert kák hafa við helgidagalöggjöfina, en halda henni óbreyttri; einungis vil eg skýra stjórninni ljóslega frá, hvers vegna eg ekki get fallizt á frumvarpið.

Bergur Thorberg: Sú skoðun hefur komið hèr fram, að frumvarpið sè óþarft, vegna þess að leyft sè í 2. grein tilskipunarinnar af 28. marz 1855 það sem frumvarpið fer fram á. Eg held að þetta sè misskilningur; í greindri lagaákvörðun er einungis átt við þá staði, sem enga höfn hafa, þ. e. það sem kallað er opið pláss, og er það skýrt tekið fram í brèfi dómsmalastjórnarinnar til stiptamtsins af 8. marz 1856, að Reykjavík geti ekki heyrt þar undir. Því hefir einnig verið hreift, að lögreglustjóri skyldi gefa leyfi þetta, en stjórnin hefir tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu að helgidagalögin verði ekki skilin á þann hátt. Eg get að öðru leyti ekki fundið, að fram sè komin nein ástæða gegn stjórnarfrumvarpinu, heldur sýnist mèr nauðsynin á því hafa orðið berari við umræður manna um það hèr á þinginu. Bezt álít eg að taka frumvarpið óbreytt; á móti breytingatkvæði nr. 4 mundi eg ekki mæla, ef menn vildu fara svo langt; heldur en að frumvarpinu verði hrundið, vil eg fallast á 7 breytingaratkvæðið, þó mèr þyki það nokkuð óákvarðað, og sè hræddur um, að ekki fáist með því eins mikið og þörf er á. Það hefir verið sagt, að þetta væri að breyta lögum, en frumvarpið er ekki annað en viðauki við tilsk. 28. marz 1855, og hún er mannalög eins og hver önnur borgara leg lög.

Ásgeir Einarsson: Það er búið að tala svo mikið í þessu máli, að eg hafði ætlað mèr ekki að standa upp nú heldur en við undirbúningsumræðuna; en fyrst að búið er að biðja um nafnakall

verð eg að láta kjósendur mína sjá ástæður fyrir atkvæði mínu. Mèr detta í hug þessi orð: «Hvað er sannleikur?» Því mèr þykir líta út, sem sumir hafa ekki getað fundið hann í þessu máli, því mönnum ber töluvert á milli. Eg ætla nú ekki að sannfæra menn á báðar hliðar, en eg er í engum efa um, að 3. boðorðið er sannleikur, en eg álít líka sannleik, að ef uxi eða asni fellur í pytt o. s. frv. Báðir flokkarnir held eg að sèu nokkuð strangir í meiningum sínum; eg held að menn ekki haldi hvíldardaginn rèttilega heilaglegan með eintómu iðjuleysi; eg held það ekki eins syndsamlegt að vinna nauðsynjaverk, sem mörgum geta verið til heilla, eins og iðjuleysi, og svall og ósiðsemi; en ekki mega menn gjöra sèr leik til þess og ekki gjöra það fyrir ágirnissakir, en það er ekki ætíð hægt fyrir lögreglustjórnina að halda vörð á, að meðalhófs sè hèr gætt á báðar hliðar, ekki er ætíð lífs nauðsyn að draga nautið upp úr pyttinum, og þó efar enginn, að það sè leyfilegt á helgidegi, enda getur guðrækinn maður dýrkað guð í huga sínum, þó hann sè að vinnu sinni, en fyrir það vita það allir kristnir menn að þeir eiga ekki að vinna á helgidögum án sèrlegra nauðsynja, en ástunda sem mest að halda þá *sannarlega helga*, hvort sem mannleg lög eða stjórn getur haldið vörð á því eða ekki. En samt ætla eg ekki að gefa atkvæði fyrir, að frumvarpið fái lagagildi að þessu sinni af eptirfylgjandi ástæðum. Eg man vel eptir, hve æfir menn urðu út um landið út af tilskip. 1855, um helgihald og vil eg ekki að menn nú þegar fari að gefa tilefni til slíks aptur nema brýnasta nauðsyn sè til þess; eg held að ráðlegast sè að láta sitja við það sem er fyrst um sinn, og vita hvort umkvartanir koma fram; frumvarpið ætti ekki að gjörast að lögum nú, því bráðlega geta komið bænarskrár þvert á móti; væri þá hneyklsi af þinginu að flana svona að því að fallast nú á frumvarpið sem landsmenn hafa ekki sèð. Sá hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að þetta væru lög í Danmörku, en svo var líka um helgidagalögin, sem Íslendingar urðu svo óánægðir með, og álitu að þingið hefði fallizt á í blindni og mátti því fara að breyta henni aptur; komi það nú fyrir, að póstskipið hafi mikinn baga af því að fá ekki nú þegar þetta sèrstaka leyfi, og varði það þungum sektum, ef flutt er í það og úr því, þegar sönn nauðsyn ber til þess, þá getur vel verið að landsmenn, verði því meðmæltir að það um talaða leyfi fáist, og er þá hægt að veita það, en núna

sýnist mèr rèttast að fallast á uppástungu nefndarinnar, og ætla eg að gefa henni atkvæði mitt, af greindum ástæðum.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla engan veginn að gjöra breytingaratkvæði mitt að kappsmáli; en af því að því hefir verið gefinn sá vitnisburður, að það bæði særði þjóðartilfinninguna, væri á móti þjóðarandanum og seldi hvíldardagshelgina, finn eg mèr skylt að bera hönd fyrir höfuð þess, og skýra fyrir þinginu þýðingu þá, sem eg lagði í það. Eg ætla ekki að fara í neitt orðakapp, og eg skal ekkert móti því mæla, að menn skilji helgidagalög vor stranglega, enda væri það ekki samboðið stöðu minni. Og ef Íslendingar yfir höfuð væru jafn guðræknir eður kirkjuræknir og hinir góðu bændur, er talað hafa hèr í salnum, þá gæfi eg sjálfsagt atkvæði mitt með nefndinni. En má eg spyrja þá, hvort þeir sèu sèr þess ekki meðvitandi, að menn bæði við sjó og í sveitum uppi hafi aðra skoðun á helgidagalögum vorum og á helgi hvíldardagsins. Það særir ekki tilfinningar manna þótt farið sè í kaupstað, eða gengið að nauðsynlegri vinnu; og eg get tilfært dæmi; það er almennt að menn fara í kaupstað á laugadagskvöld, til þess þó að geta notað sunnudaginn, ellegar þeir fara af stað á sjálfan sunnudaginn; þetta er því nær almenn regla, sem ekki dugir að neita, þó eg játi fúslega, að hèr sè heiðarlegar undantekningar; eg veit það um hinn heiðraða þingmann Eyfirðinga sem er sóknarbarn mitt. Hèr er því um það að gjöra, hvort betra sè, að menn gjöri almennt að ósekju lagabrot og helgidagsbrot, eða að rýmka lögin? (heyr!) Eg held að hið síðara sè rèttara, með því að það er og samkvæmt anda löggjafarinnar, að gjöra undanþágur frá helgidagalögunum gegn ákveðnu gjaldi, eins og eg hefi farið fram á. Það hefir verið sagt, að tilskipun 1855. 2. gr. gjörði jafnrètti milli farmanna eður kaupmanna og bænda, og aptur hefir verið borið á móti þessu; eg verð að vera með því, að hèr sè ekki fullkomið jafnrètti. Heyvinna sveitabænda getur ekki eiginlega komið til samanburðar, því það leyfi er gefið í kristinnrètti, og er samkvæmt leyfi Vilhjálms karðinála, er segir, að menn megi bjarga andvirki sínu; en menn geta rèttilega borið saman fiskimenn og farmenn; í 2. grein sýnist nú að vera jafnrètti milli þeirra, þar sem fiskimönnum í gæftaleysi er lofað að róa, leggja net, lóðir o. s. frv.; og farmönnum einnig leyft að ferma og afferma, þegar þeir þurfa að nota gott veður og hagstæðan vind. Þetta sýnist nú að vera fullkomið jafnrètti. En þegar lengra er farið, þá kemur þó fram ójafnrètti. Því

við hliðina á þessari grein standa gömlu fiskilögin, er leyfa sjómönnum að róa, gegn því að skipta fátækum hlut; þessa undanþágu aftekur nú tilskipunin ekki, heldur segir einungis hve nær menn geti róið án þess að gefa fátækum hlut. En aptur á mót hefir stjórnin í brèfum sínum takmarkað leyfi farmanna til að ferma og afferma með því að einskorða það við «opin pláss» eður opnar hafnir, svo að eptir skilningi dómsmálastjórnarinnar á 2. grein tilsk. 1855 verða farmenn harðara út undan, en löggjöfin virðist að benda til. Breytingaratkvæði mitt miðar að því að koma á fullu jafnrètti, með því að leyfa farmönnum að ferma og afferma skip mót borgun, og er það í raun og veru eigi annað en breytingaratkvæði við 10. grein tilskipunarinnar, og verð eg að álíta, að jafnmikið sem goldið er fyrir brot í annað sinn, sè hæfileg þóknun. Eg vil æfinlega skilja hvíldardagshelgina samkvæmt kverinu, sem eg hefi lært og á að kenna öðrum, en þar stendur, að vèr eigi að eins getum dýrkað guð kvöld og morgna, heldur og «líka mitt í vinnu vorri», og fyrir því er eg sannfærður um, að sá sem vinnur á helgum degi *einungis* fyrir nauðsynja sakir, hann getur mitt í vinnu sinni haldið hvíldardaginn heilagan.

Sveinn Skúlason: Það er búið að taka fram hinar helztu ástæður með breytingaratkvæði mínu. Eg vil einungis geta þess, að það í einum stað er ónákvæmlega orðað; vil eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki megi breyta þessu; það hefir áður verið vani á þeim þingum, sem eg hefi verið á, að leyfa þess konar smábreytingar. Það stendur nefnilega: «þegar *þeir* óska;» *þeir* svarar ekki til neins á undan, og vildi eg orða þetta svona: Annaðhvort «þegar hlutaðeigendur óska þess», eða þó heldur: «þegar þess er óskað». Ýmsir hafa vikið orðum sínum að mèr fyrir þetta breytingaratkvæði mitt, en eg nenni ekki að fara í hnútukast. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði; þá gjörir það ekkert til, þó lögreglustjórinn búi ekki á staðnum; því leyfið er almennt gefið með þessum lögum, svo að hann hefir ekki annað við það að gjöra en ákveða upphæð gjaldsins þegar leyfið er notað; en þeir nota það ekki, nema þeir sjálfir vilji, og þá einungis með því móti, að gjalda það sem lögreglustjóri ákveður.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er álýktarumræðunni lokið, og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Kemur þá fyrst til atkvæða uppástunga nefndarinnar: að þing-

ið fráráði, að frumvarpið nái lagagildi; um þetta atriði verður nafnakall, og bið eg þá, sem fallast á uppástungu nefndarinnar um að fella frumvarpið, að segja já, en hina, sem vilja halda frumvarpinu, segja nei.

Var þá við haft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Helgi G. Thordersen.	Björn Pètursson.
Hjálmur Pètursson.	Halldór Jónsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Guðmundsson.	Pètur Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Sveinn Skúlason.
Jón Pálmason.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Ólafur Sigurðsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	

Var þannig uppástunga nefndarinnar samþykkt með 17 atkvæðum gegn 8.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru öll eptirfylgjandi atriði á atkvæðaskránni fallin.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi *prestaköllum* á Íslandi. Hinn háttvirti þingmaður úr Norður-Múlasýslu er framsögumaður, og gjörir hann svo vel að lesa nefndarálitið og skýra frá því er honum þykir þörf.

Halldór Jónsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 232.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Breytingar þær, sem nefndin hefir gjört við frumvarpið eru svo fáar og ástæðurnar fyrir

þeim svo greinilega fram teknar í álitsskjalinu, að eg ekki skal gefa tilefni til lengri umræðu, með því að tala meir að sinni.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst nefndinni yfir höfuð hafa tekizt vel, að byggja á ekki betra grundvelli en hèr var. En þó þarf eg að leita mèr upplýsingar um einstöku atriði hjá nefndinni; og þá getur verið, að eg komi mèr saman við nefndina, en samt til vara vil eg áskilja mèr nokkur breytingaratkvæði. Eg kann ekki við sum flokkaskiptin. Eg vil taka til dæmis, að í 2. grein þykir mèr undarlegt, að Garðar á Álptanesi skuli vera talið betra brauð en t. a. m. Hólmar, Staðastaður, Vatnsfjörður, Hrafnagil o. fl., því þó brauð þessi sè lakari eptir brauðamatinu, held eg að þau sèu það engan veginn í sjálfu sèr. En hvers vegna er það svo fastbundið, að hans hátign konungurinn veiti sjálfur þessi brauð. Eg skil ekki hvers vegna hann heimtar sèr það «Prærogativ»; og ætli það sè tilvinnandi fyrir töfina, sem af veitingunni ytra getur orðið; enginn óhagnaður yrði heldur að því, þó stiptsyfirvöldin veittu brauð þessi, því eins þyrfti að sækja um konfirmation á eins mörgum brauðum og áður, og kæmi því jafnmikið inn fyrir það. En hèr skal eg geta þess, að mèr þykir undarlegt, að þegar verðslegir embættismenn fara frá einu embætti til annars borga þeir minna og minna fyrir veitingarbrèfin, en þó prestur fái 3 eða 4 konfirmationir verður hann ávallt að borga fullt fyrir hverja. Við 2. grein vildi eg því gjöra þá breyting, að stiptsyfirvöldin veitti 1., 2. og 3. flokk brauðanna. Viðvíkjandi 4. grein, þá veit eg ekki hvort nemur að gjöra þar nokkra breytingu; eg hefði helzt viljað, að presturinn væri laus við að innkalla aðrar tekjur en sínar; en þó skal eg ekki vera harður á því. Það er athugavert við 5. grein, ef maður ber hana saman við ástæðurnar, bls. 9, þá er þar meint bæði ekkjur emeritpresta og ekkjur hinna þjónandi presta; sumstaðar fær ekkja emeritprests ekki neitt; í mínu brauði fær hún jafnt og ekkja hins fráfallna þjónandi prests; eg vildi því, að nákvæmar væri tiltekið um rètt ekknanna bæði emeritpresta og þjónandi. Það getur við borið, að 3 ekkjur verði í sama brauðinu, og fer þá undarlega. Hin fyrsta hefir eptir lögunum $^1/_8$, $^1/_{10}$ eður $^1/_{12}$ hluta af tekjunum; þegar nú önnur kemur missir hún helminginn, og þegar sú 3. bætist við, heldur hún ekki eptir nema $^1/_3$ hluta af hinum upprunalega rètti sínum. Þetta þyrfti að vera undir sanngjörnu mati komið og kringumstæðum ekknanna og mun líka vera svo til ætlað. Nefndin hefir ekki tekið þetta fram, en eg er henni samt

nokkurn veginn samdóma, og er mín breyting svo lítil, að eg vona nefndin fallist á hana. Eg vil samt ekki, að prófasturinn sè einn um hituna; það gæti þó verið, að hann sè ekki eins kunnugur og sóknarpresturinn, vil eg því að bætt sè við í öðrum lið 5. greinar, að prófasturinn skuli tilkalla tvo presta, og sè annar þeirra viðkomandi sóknarprestur. Eg áskil mèr viðauka-atkvæði við 8. grein eða 1. grein, sem eg skal orða síðar. Hversu gott sem frumvarpið kann að vera, þá eru þó á því þeir gallar, að ekki ætti að lögleiða það svona um aldur og æfi; það er heldur ekki nauðsynlegt, því brauðamatið kostar ekki neitt; öðru máli er að gegna með jarðamatið, þó menn ekki vilji káka við það, en brauðamatinu geta menn breytt eptir því sem brauðin batna og versna, og það kostnaðarlaust nema með nokkru ómaki fyrir andlegrar stèttar menn. Eg vil gjöra það breytingaratkvæði, að frumvarpið öðlist lagagildi um 10—15 ára tíma, og verði þá brauðamatið endurskoðað.

Helgi G. Thordersen: Mèr datt í hug út af 2. grein, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga var að setja út á, þar hann helzt vildi, að stiptsyfirvöldin veitti öll prestaköll-en konungur engin, að þetta mundi ekki vera hyggilegt. Er þar til fyrst og fremst sú ástæða, að þetta hefir svo lengi átt sèr stað, og ótilhlýðilegt virðist að breyta því, sem svo lengi hefir staðið; eg álít það líka vera gott og æskilegt að standa í þessu sambandi við konunginn. Það er undarlegt, ef að menn halda því, að konungur staðfestir veitingar svo margra brauða, að hann skuli þá ekkert brauð veita sjálfur, því á hverju er staðfesting brauðanna byggð, nema því að konungur hefir rètt til þess að veita sjálfur öll brauðin; það mætti því sýnast hjáleitt, að láta þann rètt hvergi sjást, og er ekki samkvæmt rèttu hugsunarsambandi; þegar konungur án þess að veita nokkur brauð í landinu, staðfestir veitingu á fleirum, vita menn ekki á hverju staðfestingin er byggð. Eg held því fast fram, að konungur eigi að veita nokkur brauð, því mèr finnst það svo fagurt samband við hann. Það er undarlegt að vera núna að kvarta yfir töf þeirri, sem þetta hafi í för með sèr, þegar póstgöngurnar eru komnar í það lag, að allt gengur svo fljótt; það er einungis um há vetrartímann, að póstskip ekki gengur hingað, en hver veit nema svo verði bráðum tilhagað, eins og fyrri var, að póstskip komi hingað að vetrinum, og þó það ekki verði, þá er einungis um fáa mánuði að tala; eg sè þess vegna ekki, að

nægileg ástæða sè til þess að hrinda greininni. Honum þótti ekki nægilega tekið fram í 5. greininni, hvernig að skuli fara þegar fleiri ekkjur eru í einu brauði, og skipta á milli þeirra eptirlaunum, en það er eins tekið fram í eldri löggjöfinni, að þau skipti fari fram eptir niðurjöfnun prófasts; þetta kom líka til tals á Synodus, og var Synodus með stiptsyfirvöldunum á því, að við sama skyldi standa; en að prófasti stæði það opið, ef hann þættist í nokkrum vanda eða vafa staddur, að tilkalla 1 eða 2 presta, og hafa í ráðum með sèr, en að binda hann við þetta þótti skerða embættismyndugleika hans. Á Synodus bar líka í tal um brauðamatið, og gat enginn neitað, að því er í mörgu ábótavant; of snemmt þótti samt nú þegar að biðja um breyting á því, en eptir nokkurn tíma liðinn virðist það nauðsynlegt, svo að það verði sjálfu sèr samkvæmara en nú. Það leiðir af sjálfu sèr, að eptir því sem brauðin verða hækkuð í matinu, koma þau undir annan tölulið. Menn halda að þetta mundi jafna sig síðar að miklu leyti af sjálfu sèr, og væri þá eðlilegt, að löggjöfin yrði fyrir meiri eða minni breytingum. En að draga að veita frumvarpinu lagagildi, held eg að sè óráðlegt.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefir svarað þingmanni Barðstrendinga því sem eg álít að þurfi að svara; þó flokkaskipun prestakallanna ei kunni að vera sem heppilegust, þá álít eg það ei svo mikils vert, að það þurfi að tálma löggilding frumvarpsins. Það er nauðsynlegt að auka tekjur uppgjafaprestanna og presta-ekknanna, því árgjaldið til þeirra, eptir núgildandi lögum, nemur sárlitlu, en þetta getur dregizt, nái frumvarpið eigi löggildingu. Það er athugandi, viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði um 8. grein, að það er ekki löggjöfin, sem þarf breytingar við, heldur brauðamatið.

Björn Þórðarsson: Það situr ekki á mèr sem leikmanni, að tala í þessu máli, þar sem svo margir velæruverðugir og háæruverðugir herrar hafa haft orðið; en eg verð þó, sökum þess að það liggur fyrir mèr að greiða atkvæði í þessu máli, að leyfa mèr að biðja hinn háttvirta framsögumann upplýsingar á því, hvers vegna nefndin hafi breytt orðum frumvarpsins í síðari hluta 4. gr. á þá leið, að emeritprestinum skuli borga hans hluta af tekjunum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Mèr er ekki ljóst, á hvaða rökum þessi breyting nefndarinnar er byggð. En að öðru leyti fellst eg á breytingu nefndarinnar, því mèr skilst

að þær miði til hins betra. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, þá skildi eg hann ekki svo, að hann hefði í raun og veru móti því að stiptsyfirvöldin veittu brauðin, heldur kvartaði hann yfir því, að flokkun brauðanna væri ónákvæm, og verð eg að vera honum samdóma í því, að stjórnin hafi sleppt brauðum, sem ættu að heyra til fyrsta flokknum.

Stefán Jónsson: Þar sem þingmaður Barðstrendinga talaði um, að brauðin gæti orðið misjöfn, sum batnað, sum versnað, þá er þetta rètt. En þar sem hann talaði um tímatakmörkun á því, hvað lengi að löggildingin skyldi standa, þá datt mèr í hug hvort ekki mundi eiga betur við, að brauðamatið væri endurskoðað á 10 til 15 ára fresti, en löggjöfin að öðru leyti gylti eins fyrir því. Eg ímynda mèr, að eg gæti komið mèr saman við hann um breytingaratkvæði, sem eg áskil mèr í þessa átt.

Jón Pètursson: Eg get ekki annað en álitið það slæmt, að þingið ekki hefir fyrir sèr brauðamatsgjörðina frá 1853. Þetta er þó mjög svo áríðandi fyrir þingið, því eptir henni fer flokkaskipun brauðanna, og þar af fljótandi laun prestsekknanna; það er sem sè mikill munur á því fyrir ekkjuna, hvort hún fær $^1/_8$, $^1/_{10}$ eða $^1/_{12}$ af tekjunum; og það er örðugt fyrir þingmenn að segja álit sitt um, hvort frumvarpið skuli löggildast, þegar brauðamatsgjörðin ekki er lögð fram fyrir þá, sem lagaboðið þó allt á að grundvallast á. Eg skal einungis taka nokkur dæmi: Hólmar í Reyðarfirði eru eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853 taldir með lakari meðalbrauðum, sama er að segja um Vatnsfjörð og Sauðanes. En þeir, sem til þekkja, vita, að þessi brauð eru með beztu brauðum. Þannig gefa Hólmarnir af sèr hèr um 300 pund af dún; og þegar jarðamatið fór fram, var hvert pund af dún metið á 3 rd., og sú virðing á dúninum var lögð til grundvallar fyrir jarðamatinu; það mun og víst mega fullyrða, að 300 pnd. dúns, er 900 rd. virði. Hin önnur hlunnindi bújarðarinnar og preststekjurnar, sjá þó allir, að mættu metast 100 rd., og kæmist þá brauðið hæglega upp í 1000 rd. brauð, og heyrði þannig til 1. flokks, sem konungur veitti, og ekkjan ætti þannig að fá $^1/_8$ af brauðinu í stað þess, að hún fær $^1/_{12}$. Hefði nú brauðamatsgjörðin verið lögð fyrir þingið, þá hefði þetta getað lagazt eptir tilsögn þingmanna. Hvað nú hinar einstöku greinir frumvarpsins snertir, er í 4. gr. þess víst meiningin, að gjaldið skuli vera goldið í þeim aurum, sem gjalda skal með, en ekki, að uppgjafapresturinn skuli vera skyldur, að gjöra

sig ánægðan með borgun í hverjum helzt landaurum, er hinn þjónandi prestur kynni að láta sèr lynda, að taka af sóknarmönnum sínum, en orðin í frumvarpinu eru misskilningi undirorpin, og áskil eg mèr breytingaratkvæði, er taki af vafa í þessu efni. Í ástæðunum fyrir 5. grein sýnast orðin í íslenzka textanum afgjörandi fyrir því, hverjum prestsekkjum eptir hinum núgildandi lögum, beri eptirlaun, en í danska textanum er þó mikið dregið úr þessu; en hvað sem um þetta er, þá er það víst, að ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi, geta ekki breytt hinum almennu útlistunarreglum á lögum. Með orðinu prestsekkja meina menn í daglegu tali, ekki einungis ekkju eptir þjónandi prest og emerit-prest, heldur líka eptir kapelán, því hún er eins prestsekkja sem hinar, eins og rètt var sagt hèr um daginn, að settur embættismaður væri embættismaður; því skyldi þá og ekki aðstoðarprestur vera prestur og ekkja hans geta kallazt prestsekkja? Eptir ástæðum frumvarpsins er samt ætlazt til að prestsekkja í 5. grein ekki sè tekið í hinni síðustu þýðingu eður alveg eptir orðunum, en þá er og svo nauðsynlegt, að geta þess í frumvarpinu til hvaða prestsekkna þar sè meint, og þetta er því nauðsynlegra, sem frumvarpið vill gjöra breytingu á hinum eldri lögum í þessu efni. Í ástæðunum fyrir konungsbrèfinu 1750, er sem sè sagt, að konungur hafi fundið, að ástand prestsekknanna á Íslandi væri svo aumt, að þegar búið væri að taka út prestakallið, væri ekkert eptir handa ekkjunni og hún þyrfti stundum að flæmast burt úr sókninni; og til þess að bæta úr þessu er henni síðan í konungsbrèfinu leyft að flytja sig á einhverja jörð prestakallsins og njóta eptirlauna. Af þessu er það með öllu augljóst, að konungsbrèfið er að eins gefið fyrir ekkjur þeirra presta, sem þjóna brauði þegar þeir deyja. Eptir hinni dönsku löggjöf fá þar á móti ekkjur uppgjafapresta eptirlaun, þó ei þær, sem prestar giptast, eptir að þeir eru orðnir uppgjafaprestar, og þessa reglu ímynda eg mèr, að frumvarpið vilji innfæra hèr á landi, þó orðin í ástæðunum sèu ofvíð, og ekki nákvæm. Eg tek mèr því viðaukaatkvæði í þá átt, að við 5. grein verði tekið upp, að meintar sèu, ekkjur þjónandi presta og uppgjafapresta, sem voru giptar þeim meðan þeir þjónuðu. Eptir konungsbrèfinu 1750 mátti enn fremur prestsekkjan njóta allra hlunninda jarðarinnar, ef hún gat notað þau, en gæti hún það ekki, átti presturinn að njóta þeirra, ef hann vildi. En regla frumvarpsins er gagnstæð þessu, sem lofar prestinum að njóta hlunnindanna, hvort sem ekkjan getur notað þau

eður ekki. Þetta hefir mikla þýðingu fyrir prestsekkjur, t. a. m. þar sem varp er, hvort hún má njóta þess eða presturinn megi taka það, hvort sem hún getur notað það eður ekki. Eg tek mèr því breytingaratkvæði við þessa grein.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki orðið þeim heiðraða konungkjörna þingmanni, sem nú talaði, samþykkur í því, að það sè nauðsynlegt fyrir þingið að fá brauðamatsgjörðina lagða fram, — hún liggur þar að auki fyrir á prenti, — og eg álít það enda ísjárvert, því það gæti hugsazt, að þingið fyndi einhverja þá verulega galla á brauðamatsgjörðinni, að það rèði til að fresta málinu, til þess að fá þessa galla leiðrètta; en þingið sjálft getur ekki úr þeim bætt. En ef slíkir gallar eru á málinu, þá geta þeir orðið leiðrèttir við þá endurskoðun, sem stungið hefir verið upp á, og sem í alla staði er eðlileg og nauðsynleg.

Hinn sami heiðraði þingmaður talaði mikið um skilning á orðinu prestsekkja, og það var nú í eðli sínu, því hann hefir í kirkjurètti sínum lagt þrengri skilning í orðið, en lagður er, og hefir verið »in praxi« og af stiptsyfirvöldunum, því hann útilokar ekkjur emeritpresta frá pension af brauðinu, sem menn þeirra þjónuðu, en voru búnir að resignera, þegar þeir fèllu frá; en eins og ekkjur emeritpresta taka hlutdeild í þeim styrk, sem prestsekkjur fá úr konungssjóði, þannig fá þær þetta einnig, að minnsta kosti á seinni árum, af brauðinu, sem menn þeirra þjónuðu, og þessi skilningur liggur einnig, að því er virðist, beinlínis í konungsbrèfi frá 1750, og nægir að vitna í orðin t. a. m. í § 7; «finnist engin fátæk prestsekkja í brauðinu.» Þetta er einnig samkvæmt hlutarins eðli og allri sanngirni, og er komið inn í rèttarmeðvitund manna. Sömu rèttindi hafa og ekkjur kapelána. En hvort ekkjur þeirra emeritpresta, sem gipta sig, eptir að þeir eru búnir að resignera, geti orðið aðnjótandi styrks af brauðinu, sem menn þeirra þjónuðu, virðist þar á móti efa bundið, en það liggur hèr ekki fyrir. Eg verð þannig að álíta, að það þurfi ekki útskýringar við, hvað skiljast eigi við prestekkjur í stjórnarfrumvarpinu.

Jón Pálmason: Eg get ekki annað en fellt mig við uppástungur nefndarinnar í flestum greinum; en eitt atriði vildi eg leyfa mèr að taka fram við 7. gr., að þegar brauðið er metið til 700 rd. og þar fram yfir, hvað hátt sem það stígur, þá er afgjaldið 7 rd. en ekki meira; eg ætla mèr því að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt, að þegar brauðið er matið meir en 700 rd. sem

nokkrum sinnum getur að borið þá sè afgjaldið látið vera 10 rd. Eg skal orða breytingaratkvæðið nákvæmar síðar. Eg byggi þessa skoðun mína á því, að ekkjan er ólíkt ver farinn heldur en presturinn sem verður aðnjótandi jafnhárra launa og þeirra sem hèr um ræðir.

Eiríkur Kúld: Eg gleðst af því, að eg sannfærðist af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa og hins 5. konungkjörna þingmanns, að það, sem eg sagði áðan var ei ástæðulaust; því þó hinn háttvirti konungsfulltrúi legði annan skilning í þetta en hinn 5. konungkjörni þingmaður, eru þó dæmi til þess, að ekkjur emeritpresta stundum ekkert hafa fengið af brauðunum. Eg álít því nauðsynlegt að taka það skýrt fram, hvort einungis sè meint þjónandi prests ekkja, ellegar báðar ekkjurnar. Út af því, að konungsfulltrúinn áleit það óþarft fyrir þingið að þekkja eða hafa brauðamatsgjörðina fyrir sèr, þá get eg ekki verið honum samdóma í því; heldur álít eg það mjög svo nauðsynlegt, ekki til að »revidera« hana, því um það getur hèr ekki verið að tala. En samt af því eg og hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga höfum áskilið okkur breytingaratkvæði við 1. grein frumvarpsins, þá liggur það beint við, að þingmenn verða að sannfærast um og gefa atkvæði um, hvert brauðamatsgjörðin 1853 sè svo gallalaus, að ei þurfi að endurskoða hana innan lítils tíma, og álykta nær þess sè þörf. Hinn háttvirti þingmaður skýrði enn betur meininguna í orðum mínum áðan, og kann eg honum þakkir fyrir það, og er eg viss um, að við eigum hægt með að sameina breytingaratkvæði okkar í þessu tilliti. Hinn háæruverðugi 1. konungkjörni þingmaður sagði, að breytingaratkvæði mitt við 5. grein mundi vera óþarft. Þetta getur nú verið; en eg held það skaði ei, þó prófastur viti, að þetta eru bein lög; því þá er ekkert undanfæri fyrir prestinn annað en að hlýða, þegar hann veit, að það eru lögin sem gjöra prófastinum að beinni skyldu að skipa prestinum að vera sèr til aðstoðar, þar presturinn, ef til vill, er kunnugri en sjálfur prófasturinn; viðaukaatkvæði mitt kemur líka hvorki í bága við frumvarpið nè nefndina. Hinn sami háæruverðugi konungkjörni þingmaður kunni heldur ekki við, að eg skyldi áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. grein, en það vakti fyrir mèr, að eg hèlt að hans hátign konunginum mundi verða að standa á litlu þetta Prærogativ, o: að eins að áskilja sèr rètt til að veita þessi 8 brauð; þegar hann ekki líka þannig veitir 2. og 3. flokkinn, því ef hann annars veitir þessi 8

brauð, þá gilti mig líka einu þó hann veitti bæði 2. og 3. flokk, því hann veitir þessi 8 brauð hvort eð er í rauninni eptir «Indstilling» frá stiptsyfirvöldunum eins og allir vita, svo í sjálfu sèr stendur þetta á mjög litlu, að mèr virðist.

Jón Pètursson: Það er öldungis nauðsynlegt, eins og eg sagði, að þingmenn hafi brauðamatsgjörðina fyrir sèr, því þingmenn eru kunnugir hvervetna um landið, gætu borið sig saman og hæglega komið sèr niður á, hvort sum brauðin væru ekki metin of lítið eða of mikið; og ef þingið gæti sýnt fram á þetta með sum brauð með ómótmælanlegum rökum, þá gæti stjórnin tekið tillit til þess, og mundi gjöra það um leið og brauðamatsgjörðin væri löggilt. Út af því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að þingmenn kynnu að finna svo mikla og marga galla á brauðamatinu, að þeir fyndu nauðsynlegt að afráða það með öllu, þá ímynda eg mèr, að gallarnir sèu þó ekki meiri en svo, að stjórnin eptir upplýsingum þingsins, gæti lagfært þá; en sè svo, að gallarnir sèu svo miklir, að ómögulegt sè að laga þá, svo ónýta yrði brauðamatið vegna þeirra, þá held eg að það væri betra að þingmenn fengju að sjá það, svo það ekki yrði löggilt með slíkum göllum. Hvað prestsekkjurnar snertir, þá eru þess mörg dæmi, að ekkjur uppgjafapresta engin eptirlaun hafa fengið, svo eg held, að engin rèttarmeðvitund hafi myndast um það hèr á landi að þeim bæri eptirlaun.

Helgi G. Thordersen: Eg ímynda mèr það sè hægt fyrir þingmenn að hafa brauðamatsgjörðina fyrir sèr, því bókmenntafèlagið hefir látið prenta hana, svo þessi mótbára hlýtur þar við að falla burt. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga talaði um prófastana, þá veit eg ekki betur, en að prófastar hafi lögheimilaðan rètt til að boða og kalla prestana, og þeir skyldir að hlýða þeim, án þess að nokkur ný lög við þurfi. Út af skilningi á því, hverja ekkju ber að álíta sem rètta prestsekkju, þá er það æskilegt að öll tvímæli og vafi væri tekinn af, og þetta hefir og Synodus farið fram á, en að öðru leyti er það víst augljóst, að þjónandi prestsekkju er að álíta sem rètta prestsekkju, þó presturinn hafi sagt af sèr, en ekki þá sem presturinn giptist, eptir að hann er orðinn emeritprestur.

Halldór Kr. Friðriksson: Brauðamatsgjörðina frá 1853 geta þingmenn kynnt sèr; hún er gefin út af bókmenntafèlaginu og prentuð í landshagsskýrslunum, og er því með öllu óþarft að beið-

ast þess, að leggja hana fyrir þingið. Við 2. grein frumvarpsins ætla eg að áskilja mèr breytingaratkvæði, að skýrskotuninni til brauðamatsgjörðarinnar og upptalningunni á brauðum þeim, sem konungur veitir, verði sleppt úr; því að eg get eigi sèð, að sú upptalning, sem er eins konar útskýring eigi við í lögum, enda verður þá allt bundið við brauðamatsgjörðina 1853, sem víst mun þurfa lagfæringar við; en ef henni er breytt, þá verður og að breyta þeim ákvörðunum í þessum lögum, sem við hana eru bundnar, og því vil eg og sleppa úr 7. gr. orðunum: »sem eptir brauðamatsgjörðinni 1853«. Annar galli, sem mèr finnst vera á þessu lagaboði, er fólginn í tölunum í 7. grein; því að það er auðsèð, að því meiri tekjur brauðið gefur, því meiri útgjöld þolir það að tiltölu, og aptur á hinn bóginn, því minni tekjur, því minni útgjöld þola þau; en þetta er eigi svo eptir frumvarpinu, því að hækkun árgjaldsins er að tiltölu minni af beztu brauðunum, en hinum minni. Eg verð því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að jöfnuður komist á hækkun afgjaldsins, og það hækki því meir að tiltölu, sem brauðið er betra.

Framsögumaður: Út af áskorun og orðum hins háttvirta þingmanns frá Suður-Múlasýslu um breytingu nefndarinnar á orðatiltækjum frumvarpsins í »meðalverð allra meðalverða«, skal eg geta þess, að nefndinni sýndist þetta yrði nokkuð lægra; henni þótti sanngjarnt, að þetta yrði ei heimtað af þjónandi presti fyrir ekki neitt. Þegar rætt var um skilning á orðinu prestsekkja, og þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður áleit nauðsynlegt, að hèr væru orðatiltækin skýr og ljós, til þess að ekkjur aðstoðarpresta yrðu útilokaðar, þá held eg þessa ekki sè þörf, þar eg veit ekki til, að þær nokkurn tíma hafi verið taldar með prestaekkjum með tilliti til *eptirlauna* af brauðum; og sömuleiðis fer að líkindum skoðun manna að skýrast á því, hvort ekkjur uppgjafapresta beri í þessu skyni að telja með presta-ekkjum, því t. a. m. er nú dómur nýskeð fallinn móti presti, er byggði á hinum nýja kirkjurètti. Út af athugasemd þingmannsins úr Húnavatnssýslu, um þau brauð, sem metin væru yfir 700 rd., skal eg geta þess, að þessi breyting stendur í stríði við tröppugang þann, sem gjörður er á árgjaldinu af brauðunum.

Pètur Pètursson: Það getur ekki annað en glatt mig sem nefndarmann, hversu vel þingmenn yfir höfuð hafa tekið nefndarálitinu. Það hefir verið talað um, hve æskilegt það mundi vera,

að þingmenn hefðu brauðamatsgjörðina fyrir sèr; þetta kann vel að vera, en þá er og hægt að kynna sèr hana, því hún er prentuð í landshagsskýrslunum. Yfir höfuð ímynda eg mèr, að menn ekki geti sagt annað, en að brauðamatsgjörðin frá 1853 hafi vel heppnazt; skýrslur presta eru bæði samvizkusamlega gjörðar og miklu nákvæmari en áður t. a. m. í hinu forna brauðamati í Hólastipti var ójöfnuðurinn miklu meiri, því þar var ekki tekið tillit til bújarðarinnar. Þó verður því ekki neitað, að prestaköll sýnast hafa meíri tekjur en ráð er gjört fyrir í brauðamatsgjörðinni; og einkum á þetta heima við Hólma, Sauðanes, Vatnsfjörð og má ske Auðkúlu; en tekjur þessara brauða eru mest innifaldar í hlunnindum bújarðanna, og sum þeirra kunna aptur að hafa einhverja annmarka. Breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga við 2. grein um að stiptsyfirvöldin veiti öll brauð, finnst mèr ísjárvert; því bæði er þetta forn venja frá hinna norsku erkibyskupa tímum, og síðan hefir þessi rèttur til að veita öll brauð gengið yfir á konung, en það er á hans valdi, hvort hann sökum fjarlægðar landsins felur þetta öðrum fyrir sína hönd. 1847 komu til þingsins bænarskrár um, að nefnd manna yrði sett til að veita brauð hèr á landi og sagði þáverandi konungsfulltrúi, að yrði því framgengt á þinginu, gæti það leitt til þess, að konungur hèr eptir veitti öll brauð á landinu, og mundi það sökum fjarlægðarinnar ekki verða hagfellt fyrir landsmenn. En svo eg aptur víki til þeirrar ónákvæmni, sem er á mati sumra prestakalla, þá yrði hún bætt, ef tiltekið væri, að brauðamatsjörðina skyldi endurskoða eptir vissan tíma og þetta er nauðsynlegt, því sum brauð geta batnað sum versnað af ymsum orsökum, en þetta væri þá hægt að laga í hendi sèr.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla einungis að taka mèr breytingaratkvæði við 7. grein í líka átt og hinn 6. konungkjörni þingmaður gjörði, sem sè, að hinu árlega afgjaldi sè breytt. Ónákvæmnin í árgjaldinu er í frumvarpinu talsverð, því að það hlutfall sem greitt er af hverjum 100 rd. er ójafnt, þar sem árgjaldið af 150 rd. til 250 rd. brauðum er því nær 1% eður 48 sk. af hverjum 50 rd., sem brauðið er betra, en á brauðum frá 250 rd. til 300 rd. vex árgjaldið um því nær 2% eður um 1 rd. af 50 rd., og á 300—400rd. brauðum um $1^1/_2$% eður um 9 mörk; en aptur á móti á 600 til 700 rd. brauðum vex árgjaldið einungis um 3 mörk eða $^1/_2$ %. Þessu næst er enginn munur gjörður á árgjaldinu, hvort sem brauðið

er matið 301 rd. eða 400 rd.; nefndinni hefir líklega þótt þetta vera hægðarauki til að ákveða árgjaldið. En það er þó ójöfnuður að gjalda jafnt af brauði sem er fjórðungi lakara en annað. Mèr hefir því dottið önnur aðferð í hug til að af taka þessar tvær ójöfnur, sem er sú að leggja víst árgjald á hvern matsdal, og í öðru lagi, að hlutfallið færi vaxandi eptir gæðum brauðanna; og hefi eg þá hugsað mèr, að af hinum fátækari brauðum sè goldið $^2/_3$ úr skildingi af hverjum dal; af lakari meðalbrauðum, frá 350 rd. til 500 rd. 1 sk. af hverjum dal, af betri meðalbrauðum frá 500 rd. til 700 rd. $1^1/_3$ sk. af hverjum dal, og af brauðum sem væru yfir 700 rd., $1^2/_3$ sk. af hverjum dal, og fer þá hlutfallið vaxandi eptir gæðaflokkum brauðanna. Eg get ekki betur sèð, en að af þessu hlyti sanngirni að koma fram í hinu árlega afgjaldi brauðanna.

Björn Pèturssson: Eg þakka hinum háttvirta framsögumanni fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf mèr; eg sè nú skýrt, hver meining nefndarinnar er, sem sè sú, að hún vill áskilja hinum þjónandi presti gjaldheimtulaun af emeritprestinum. En þó það sè eðlilegt og rètt, að *æskan* styðji *ellina*, þá er eg þó ekki ráðinn í því enn þá, hvort eg verð móti nefndinni eður eigi. Eg ætla að taka mèr dálítið breytingaratkvæði við 8. grein, sem sè, að í stað: 6. janúarmánaðar, verði sett 6. júním. (*Forseti*: Það er prentvilla). Já, þá þarf eg ekki að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis.

Framsögumaður: Eg verð að geta þess viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að æskilegt væri, að þingmenn hefðu brauðamatsgjörðina fyrir sèr hèr í salnum, að eg álít það ekki nauðsynlegt, því þingið getur ekkert við hana gjört; það getur ekki flutt brauð úr neðra flokki í efra svona allt í einu; það væri sama sem að þingið uppkvæði þann dóm yfir prestana, að skýrslur þeirra sèu ósannar. Annað mál er það, að brauðamatsgjörðin þarf endurskoðunar við, og það játa eg.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja nefndina og hinn háttvirta framsögumann að einu viðvíkjandi 8. gr., að þegar þessi grein er búin að ná lagagildi, hvort nefndin þá ætlast til, að breytingin komist strax á.

Framsögumaður: Það kom að sönnu til umtals í nefndinni, en hún kom sèr saman um að fara sem minnst út í þetta atriði.

Sveinn Níelsson: Eg hefi heyrt mikið talað um brauðamats-

gjörðina frá 1853, og eg hefi sjálfur opt vakið máls á henni við embættisbræður mína, og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún þyrfti endurskoðunar við, en það hef eg aldrei hugsað, að þingið ætti að framkvæma þá endurskoðun. Eg verð að segja það, að eg þekki nokkuð mörg brauð hèr í landi, og sú þekking hefir leitt mig á þá skoðun, að nauðsynlegt sè nýtt brauðamat, byggt á sama grundvelli, og brauðamatið 1853. Þegar brauðamatið fór fram, var nú ýmislegur skilningur manna á því, hvernig telja ætti kosti og ókosti brauðanna, en mestur gallinn mun vera á því umrædda brauðamati í tilliti til búfjarðanna, og þeirra hlynninda, sem sumum þeirra fylgja, þar að auki hefir tíminn á milli nokkuð gjört til. Það eru margir, sem óska eptir endurskoðun brauðamatsins, og sè eg enga torfæru á því, því allir vita, að brauðamatið hefir ekki kostað landið einn skilding. Síðan eru nú líka víða orðin prestaskipti, og sumstaðar breyting á tekjum brauðanna. Þar að auki er árferðið svo ýmislegt, að það getur ekki verið stöðug undirstaða; lakari og betri ár verða að berast saman sín á milli, svo meðaltal verði dregið þar út af. Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að endurskoðun eigi sín ekki lengi að bíða, og þá getur allt, sem í því tilliti er að frumvarpinu fundið, jafnazt; en eg held að þingið geti aðhyllzt frumvarpið með breytingum nefndarinnar, þrátt fyrir galla brauðamatsins.

Stefán Jónsson: Eg þarf víst ekki að taka glöggar fram breytingaratkvæði mitt. Það er meining mín, að þessi 12 ár, sem liðin eru síðan að brauðamatið fór fram, sèu svo íreiknuð, að innan 3 ára mætti endurskoðunin fram fara, ef þetta þætti geta átt við. Sú breyting, að bæir hafa fallið úr einni sókn í aðra, er breyting á brauðum með mörgu fleiru. Svo hefir og verðlagsskráin mikið breytzt síðan 1853; þá munu hafa verið 16 sk. í alin til undirstöðu brauðamatinu, en nú er orðið nærfellt þriðjungi meira í alin, og hefir það áhrif á brauðamatið og árgjaldið.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg skal biðja þá þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði að láta mig fá þau sem fyrst.

Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit um styrk fyrir *forngripasafnið í Reykjavík*. Hinn 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 234.

Eg hefi nú fáu hèr við að bæta; eg vona, að þingmönnum sè ljóst, hve fróðlegt það er, að hafa slíkt safn í landinu sjálfu. Það sjá allir, hversu mikilvægt það er til þess að fá þekkingu um fornöldina, og hversu það getur eflt menntun og þekking á sögu landsins í mörgum greinum; enda er það kunnugt, að menn í öðrum löndum leggja mikla alúð á að safna þess háttar forngripum, sem geti eflt og aukið þessa þekkingu og jafnframt menntun manna. Eg vona því, að þingið hlynni að þessu fyrirtæki hèr, og sè eg ekki þörf að mæla frekar fram með því að sinni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það gleður mig, að nefndin hefur tekið svona vel í þetta mál, en þó skal eg geta þess, að mèr virðist ekki niðurlagsatriðin nógu nákvæmlega ákveðin. Þessi 300 rd. styrkur kynni nú þingmönnum, og ef til vill, stjórninni líka að virðast of hár; því stakk nefndin ekki upp á, hvað mikið umsjónarmenn safnsins ættu að hafa af þessum 300 rd., og hvað miklu varið skyldi handa safninu? Eg vil gjöra það breytingaratkvæði við nefndarálitið, að af þessum 300 rd. gangi 200 rd. til umsjónarmanna, en 100 rd. til safnsins. Mèr skildist á ræðu hins háttvirta framsögumanns, að peninga þyrfti til að kaupa fyrir gripi handa safninu. En það vil eg ekki láta sjást í þingtíðindunum, að gjört sè ráð fyrir, að kaupa þyrfti hvern grip, því menn mega þá ganga að því vísu, að þá yrði farið að selja safninu hvert smáræði, og þá mundu peningarnir, sem hèr er gjört ráð fyrir að stjórnin veiti, ekki hrökkva. Mèr sýnist, að þingræðurnar ættu helzt að lúta að því, að menn gjörðu ráð fyrir að geta fengið gripina ókeypis, nema ef það væru þess konar hlutir, sem hefðu verð í sjálfum sèr, t. d. gripir úr silfri. Yfir höfuð verður að gjöra ráð fyrir því, að gripirnir fáist gefins, og jeg þekki svo til, þar sem eg er kunnugur, að menn mundu ekki selja slíka forngripi. Þá gripi, sem eg hefi útvegað safninu, hef eg fengið gefins, enda látið safninu þá gefins; sama eiga allir að gjöra; því safnið er ekki einstaks manns eign, heldur landsins eign, og það sem gefið er til safnsins, er ekki gefið neinum einstökum, heldur lagt í sameiginlegan sjóð landsins. Þetta ætti einkum að sjást í umræðum þingmanna um þetta mál.

Sighvatur Árnason: Eg er nú samdóma þingmanni Suðurþingeyinga í því, að slíkir forngripir ættu ekki að vera *seldir* safninu, enda er eg viss um, að margur vildi með ánægju gefa til

þess. En þó getur komið fyrir, að útlendir menn bjóði í þessa hluti; og vilja kaupa þá, sem dæmin hafa sýnt, og þá kynni eigendur heldur vilja selja þeim, en gefa safninu.

Við inngangsumræðuna vildu sumir þingmenn kasta þungum steini á þá menn, sem höfðu samið og sent þinginu bænarskrána fyrir ýms orðatiltæki hennar, en það var að minni meiningu ástæðulaust, því beiðendur byggðu orð sín á þeirri beinu neitun stjórnarinnar, er hún með tveim brèfum gegnum stiptamtmann synjaði að leggja fjárstyrkinn til; þess vegna var öldungis náttúrlegt, þó bænarskráin væri orðuð svo með tilliti til sögu forngripa vorra.

Framsögumaður: Þingmaður Suðurþingeyinga hefir misskilið orð nefndarinnar, þar sem hún talar um fjárstyrk til að kaupa forngripi fyrir; því að það er engan veginn sagt af því, að Íslendingar sèu ekki fúsir að gefa til forngripasafnins; en hitt var ætlun nefndarinnar, að þeir gripir gætu verið til, sem menn vildu ekki gefa, og eins getur það komið fyrir, sem þingmaður Rangæinga tók fram, að margur getur boðið fè fyrir þess konar muni og eigandi heldur vilji selja þá en gefa. En nefndin játar fúslega, að margir hafa verið fúsir á að efla þetta fyrirtæki, með því að gefa forngripi sína til þess, og því er full ástæða til, að ætla, að Íslendingar muni halda hinu sama á fram. Að niðurlagsatriði nefndarinnar sè ónákvæmlega orðað, þá skal eg geta þess, að nefndinni fannst ekki ástæða til að fara lengra út í það, en eg hugsaði mèr útlilutun styrksins svo, að umsjónarmenn safnsins fengju t. a. m. 100 rd., en 200 rd. væri varið til að kaupa fyrir húsrúm, áhöld, og svo forngripi. Það kann nú að mega skoða það ýmislega, og eg er nú ekki svo fastur á minni skoðun í því efni, eg álít nóg að fela stjórninni að ákveða það nákvæmar. Það er sjálfsagt, að því meir sem safnið eykst, því meiri umönnunar þarf það við, og því meiri þóknun ber umsjónarmönnunum. Eg er því ekki beinlínis móti breytingaratkvæðinu, þó mèr ekki sýnist eiginlega þörf á því. Þingmaður Rangæinga talaði um, að þungum steini hefði verið kastað á þá menn, sem bænarskrána sendu. Nefndin hefir eigi gjört það, heldur hefir hún sagt, að sumt í bænarskránni væri ekki rètt heimt. Það sèst berlega af brèfi kennslu- og kirkjumálastjórnarinnar, að hún hefir verið málefninu meðmælt, svo ekki verður því um kennt, en það strandaði á öðru

skeri, sem er peningaskorturinn; því að fjárhagstjórnin kvaðst enga peninga hafa til þess.

Ásgeir Einarsson: Það má segja um þingmann Suðurþingeyinga hið fornkveðna, að» svo kemur hver til dyra, sem hann er klæddur». Hann hefir bæði sjálfur af drenglyndi sínu styrkt safnið í orði og verki og vill innræta öðrum þann hug að styrkja það með gjöfum. En nú kemur annað til íhugunar, og það er, að» svo verður að búa sem á bæ er títt». Það munu ekki allir feta í hans fótspor; margir eru fastir á forngripum sínum, og það þarf allt lag til að ná í þá, þess vegna er nauðsynlegt, að umsjónarmenn safnsins hafi peninga í höndum. Það er t. d. flutningur forngripanna, sem opt hlýtur að kosta nokkuð, þó þeir sjálfir fáist gefins. Það er því alls ekki tiltekinn ofmikill styrkur, þar sem þessir 300 rd. eru, og eg er viss um, að vilji stjórnin á annað borð gefa málinu gaum, þá lætur hún ekki minna af hendi rakna. Þar að auki gæti hèr komið líkt fyrir, og einu sinni var í Noregi, að það var boðinn upp gripur, sem marga fýsti að eiga, en ríkismaður einn, sem varð hæstbjóðandi, náði í gripinn. Eins gæti má ske farið hèr. Mèr sýnist rèttast að ákveða ekkert nákvæmara um fjárstyrkinn, að því leyti, til hvers honum skal verja sèrstaklega, og því ekki að ákveða nú þegar um launa-upphæð umsjónarmannanna; yfirstjórn í landinu sjálfu ætti að ákveða hana, þegar þar að kemur, en það ætti ei að gjöra það nú. Að öðru leyti er eg samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga í málinu yfir höfuð.

Sveinn Skúlason: Eg vildi gjöra þá fyrirspurn til nefndarinnar, hvort það ei væri breyting til bóta, ef í stað orðanna »úr ríkissjóði« væri sett, annaðhvort úr ríkissjóði eða af þeim 4000 rd. sem ganga til óvissra útgjalda landsins. Því eg veit ekki betur en að opt sè afgangur af þessum 4000 rd., sem þá mætti verja til forngripasafnins. Ef farið væri fram á þetta, þá hygg eg, að auðveldara yrði að fá fèð og stjórnin fúsari að láta það í tè, því þá þyrfti hún ekki að fara til ríkisdagsins. Að öðru leyti vil eg á allan hátt styrkja þetta mál, og mèr sýnist styrkur sá, sem beðið er um, fremur oflítill en ofmikill.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg finn mèr nú skylt að þakka hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu fyrir rúsínu þá, er hann gaf mèr í ræðu sinni. Látum nú svo vera, að þörf gjörist að kaupa ýmsa hluti handa safninu, enda gjörði eg líka ráð fyrir

því, að þess mundi stöku sinnum við þurfa, þegar svo stæði á; en það ættu menn eigi að hugsa sèr sem almenna reglu, því ef það yrði almenn regla að selja gripi til safnsins, held eg að þessir áminnztu 300 rd. mundu skammt hrökkva, þó þeim yrði eingöngu varið til gripakaupa. Eg játa það og, að flutningur gripanna getur ástundum kostað peninga, þó þeir sjálfir fáist fyrir ekkert. En með tilliti til breytingaratkvæðis míns, að ákveða vissa þóknun handa umsjónarmönnum safnsins, þá finnst mèr enn brýna nauðsyn bera til þess. Forngripasafn vort er enn þá í æsku sinni, það er stofnað og aukið fyrir alúð þeirra manna, sem nú standa fyrir því; ef þessara manna nú missti við eða þeir hættu forstöðu sinni sakir þess, að þeir fá enga sómasamlega þóknun fyrir fyrirhöfn sína, þá er safnið fallið. Þess vegna ætti nú beinlínis að ákveða nákvæmar þessa launa-upphæð handa þeim. Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni í því, að 100 rd. sè nægileg þóknun handa báðum; það mætti ekki minna vera en sínir 100 rd. handa hvorum, því það tekur þó æði mikinn tíma og ómak að sýna safnið tvisvar í viku, og þar að auki ferðamönnum, þegar þeir æskja þess. Þetta er auk annars töluverð fyrirhöfn og tímatöf. Mèr finnst það óheppilegt, að leggja þetta atriði á vald stjórnarinnar, að hún nefnilega ákveði þóknun til þessara manna; því stjórnin þekkir ekki svo vel sem skyldi, og veit það ekki betur en vèr, hver laun forstöðumenn safnsins eiga skilin.

Jón Guðmundsson: Það er eitt atriði, sem ekki hefir komið fram í umræðum þingmanna, þegar talað hefir verið um, að ákveða og ekki ákveða nákvæmar, hvernig ætti að verja fjárstyrkinum ýmist handa umsjónarmönnum eður til að kaupa forngripi. Eg er nú samdóma þingmanni Strandasýslu í því, að það sè ekki ástæða til þess fyrir þingið, að ákveða tillagið nákvæmar eða nú þegar. En þó virðist mèr rètt, að það komi fram í umræðunum, að 100 rd. sèu of lítil þóknun handa umsjónarmönnum safnsins. Þessir menn eru nú búnir að ala önn fyrir safninu og verja miklu ómaki til þess í 2 ár, og það er ekki sagt, að þeir sömu haldi áfram framvegis. Nú virðist mèr, að stjórnin ætti að taka sèrstaklegt tillit til þess, og eg er viss um, að eins og stjórnin eflaust felur stiptsyfirvöldunum, að ákveða fjárstyrkinn nákvæmar, eins muni þau taka tillit til þess, hvílíka fyrirhöfn þessir menn hafa þegar haft fyrir safninu umbunarlaust að öllu. Allt fyrir það, álít eg að þingið ætti ekki að stinga upp á neinu ákveðnu

dalatali. Eg er samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga í því, að það ætti ekki að kasta því á glæður sem almennri reglu, að hverjir forngripir sem væri, yrði keyptir fyrir peninga, þó það að hinu leytinu sé eðlilegt, að þegar menn vita að forstöðumenn safnsins hafa peninga undir höndum til að kaupa fyrir, þá vilji menn heldur selja gripi sína, en gefa. En allt um það treysti eg Íslendingum til þess, að þeir ekki fari að heimta borgun fyrir gripi, sem í sjálfum sèr eru ekki mikils virði. En það eru aptur margir forngripir, sem eru dýrir í sjálfum sèr eða hafa verulegt innra verð, t. a. m. silfurpör, festar, hnappar o. fl., og verður ei ætlazt til, að heldur fátækir eigendur gefi slíka hluti, því þeir geta verið 2, 5 og jafnvel 10 ríkisdala virði. Dæmi upp á þetta hafa komið fyrir; forngripasafnið hefir orðið að sjá á bak þessleiðis merkilegra gripa eða verða af þeim, af því ekkert fè hefir verið til að kaupa þá fyrir, en eigendurnir hafa þó orðið að selja þá sakir fátæktar, t, d. eptir vigt eður tæplega svo mikið. En það er og verður undantekning með slíka forngripi; aðalreglan er og verður, að menn telji upp á, að landsmenn haldi áfram að gefa safninu þá hluti, sem eru lítils virði í sjálfu sèr, þó að þeir geti sem forngripir verið næsta merkilegir. Allt fyrir það er auðsjáanlega nauðsynlegt, að umsjónarmennirnir hafi svo mikið fè til umráða, að þeir geti keypt hina gripina handa safninu, sem kynni að verða falir eða boðnir til kaups. Allt þetta óska eg yrði tekið fram í ástæðum bænarskrárinnar til konungs.

Framsögumaður: Út af því, sem þingmaður Norður-Þingeyinga stakk upp á, að styrkurinn ætti að fást af þeim 4000 rd., sem lagðir eru til landsins í óviss útgjöld, en ei úr ríkissjóði, þá er athugandi, að þessir 4000 rd. eru líka teknir úr ríkissjóði, og það finnst mèr ætti því ekki að koma í niðurlagsatriði nefndarinnar, heldur mætti taka það fram í ástæðunum sjálfum. Þó talað sè um, að eigi ætti að koma til þess, að gripirnir væru keyptir, þá spillir þó ekki að hafa slíka peninga til handa safninu. Húsrúm handa safninu hlýtur þó að kosta nokkuð; það sem nú er, er ónotandi og þarf því að útvega annað, og það því fremur, ef safnið eykst, og getur enginn við því búizt, að það fáist fyrir ekkert. Sömuleiðis þarf að kaupa skápa til að geyma gripina í, og þá verður nú ekki mikið eptir af styrknum; svo að því leyti verður lítil hvöt fyrir menn, til að vilja selja gripi sína af því, að fèð sè til; en öðru máli er að gegna með gripi úr silfri og þess konar dýra

gripi, sem ekki verður ætlazt til að gefist safninu. Um borgun til umsjónarmannanna skal eg geta þess, að eg álít réttast, að stiptsyfirvöldin ákveði hana, og þá getur sannarlega verið ástæða til, að hafa sérlegt tillit til þeirra manna, sem nú standa fyrir safninu, og hafa varið til þess miklum tíma og fyrirhöfn, og þá annaðhvort að borga þeim ríflega, eða að gefa þeim þóknun í eitt skipti fyrir öll fyrir undanfarna fyrirhöfn. En eg get ekki enn sem komið er fallizt á uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einungis upp til að láta þá meiningu mína í ljósi, að sé mönnum annt um, að hlynna að forngripasafninu á annað borð, þá er það ekkert efunarmál, að þetta fé, sem nefndin hefir stungið upp á, getur ekki kallazt of mikið, þegar nú þarf að leigja húsrúm, kaupa skápa og ýmislegt sem þarf til þess, að hlutirnir séu ekki á flækingi hver innan um annan, og þegar þar við bætist kaup á ýmsum hlutum, og verkatöf umsjónarmannanna, sem eiga að sjá um safnið. Þegar nú, segi eg, þetta allt er reiknað, þá er sannarlega hægt að eyða þessum 300 rd. Það hefir komið hér fram í þingræðum sumra þingmanna að menn mundu selja safninu dýrara en áður ýmsa forngripi, en eg treysti svo veglyndi Íslendinga að þeir ekki frekara hér eptir, eður þó þessi styrkur fengist, seldu dýrara hluti sína en þeir hafa gjört, sem á annað borð létu þá af hendi. Eins og eg álít, að það sé meira um að gjöra, að koma ýmsum hlutum á forngripastaðinn, en að láta þá af hendi, og þess vegna þyrfti ætíð að ætla nokkuð fé til flutningskostnaðar, sem hugsazt getur, að opt yrði meiri heldur en verð hlutarins sjálfs.

Jón Hjaltalín: Það gjörir mér illt, að bændur halda, að Íslendingar muni fara að selja hvert smáræði, ef þeir vita, að forngripasafninu er nokkurt fé veitt. Eg verð þó að vera á þeirri skoðun, að ást þeirra á fósturjörð sinni sé þó ríkari en á peningum. Svo eg held sú mótbára hafi lítið að þýða Eg ætla þvert á móti, að áhugi þeirra muni einmitt aukast, þegar þeir sjá, að stjórnin tekur málinu vel.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þessu verð eg að svara þannig, að það er þó eðlileg tilhneiging, að menn vilji heldur selja en gefa muni sína, þegar svo á stendur, að menn vita að nóg er til fyrir að gefa. Og eg vil spyrja hinn 3. konungkjörna þingmann að því, hvort hann gæti láð mér það, eða hverjum öðrum, þó eg renndi auga til skildinganna, þegar hann færi að hringja með

þessa 300 rd. frammi fyrir mèr, og fala gripi mína. Sú tilhneiging er svo eðlileg og almenn, að eg held engin þurfi að undrast þó hennar yrði vart, þegar svo á stendur, sem hèr er ráð fyrir gjört.

Jón Hjaltalín: Það kemur mèr mjög óvænt, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga skuli tala þannig; hann sem sjálfur manna sízt hefir slíka freistingu, og hefir sýnt það í verkinu. Hann ætti þó að álíta aðra líka sèr. Eg efast ekki um, að menn muni leggja hug á þetta mál, þegar þeir sjá stjórnina því meðmælta.

Benedikt Sveinsson: Það gleður mig mjög, að svo góður rómur hefir verið gjörður að þessu máli á þinginu. Nefndin hefir nú og án efa þótzt leysa vel af hendi ætlunarverk sitt, hvað niðurlagsatriði hennar snertir, svo allt megi nú álíta skellt og fellt, en þó er eg ekki fjærri því, að þingmenn gætu látið það bíða að sinni, að skipta fjárstyrk þeim, sem hèr ræðir um, því hann er að vísu enn ekki genginn í greipar oss. Það getur orðið nefnilega að minni hyggju vafasamt, hvort stjórnin vill veita þenna styrk, einkum ef hann er óákveðinn, hvað tíma eður upphæð snertir. Mèr hefir því dottið í hug, að koma með það breytingaratkvæði orðað á þá leið, að eptir orðin; «úr ríkissjóði», komi: «fyrst um sinn, þangað til fjárhagsmálið er komið í kring». Að öðru leyti efast eg eigi um að það sè alveg rètt tilgáta, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður kom með, að góðar undirtektir stjórnarinnar undir þetta mál, mundu verða stór hvöt fyrir sjálfa landsmenn að veita því meiri styrk og almennari áhuga og athygli en hingað til hefir verið.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það óheppilega valið orð: «fyrst um sinn». Það sjá allir, þó stjórnin leggi fjárhagsmálið fyrir þingið, er engin ástæða til að ætla, að hún neiti um nokkur hundruð rd. Þess vegna er engin þörf á þessu breytingaratkvæði, og eg sè ekki, að það bæti fyrir málinu að neinu. Þetta safn er og ekki fyrir Ísland eingöngu heldur Skandinaviu alla, og er ekki þörf á fyrir þingið, að verða feimið, þótt það biðji um eina 300 rd. Þó það svo bæði um 3000 rd., efast eg ekki um, að það fengist óðara. Eg vona að þingmenn þó ekki skemmi fyrir málinu, með að koma með slík breytingaratkvæði. Það er smásmuglegt að taka: «fyrst um sinn», rètt eins og stjórnina munaði nokkuð um eina 300 rd. Það er nytsamt að grafast eptir fornöldinni, og forn-

öld vor er nákomin sögu allrar Skandinaviu; þess vegna eru slík breytingaratkvæði að minnsta kosti óþörf, ef ekki skaðleg.

Benedikt Sveinsson: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir heldur en ekki misskilið orð mín og ætlun. Eg sagðist áskilja mèr rètt til að hugleiða nákvæmar breytingaratkvæði mitt, og vilja því að eins gjöra það, að það styrkti nefndina en steypti henni eigi; því er það kynlegt, að eg skuli fá ákúrur fyrir það hjá hinum 3. konungkjörna þingmanni, sem er forvígismaður þessa máls. Eg efast nú reyndar eigi um það, að hinn háttvirti þingmaður hafi mikið fyrir sèr í því, að stjórnin mundi veita þessa 3000 rd., sem hann talaði um, ef hann vill taka þá af fè því, sem stjórnin leggur til Íslands þarfa, en ættu þeir að ganga til styrkingar «Skandinavismens« eða Skæningsskaparins fyndist mèr samt rèttara, að hann kæmi með sèrstaka uppástungu um það mál, því eg held, að það sè þessu máli alveg óviðkomandi.

Jón Hjaltalín: Saga Skandinavíu er Íslandi ekki óviðkomandi, og þykist eg ekki hafa misskilið hinn háttvirta þingmann Árnesinga, þó eg viti, að tilgangur hans hafi verið góður. En það þarf ekki að efa, að stjórnin taki málinu vel, þegar hún sèr þetta er gagnlegt fyrir hinn rètta »Skandinavisme« (*Forseti*: »Skandinavisme« er þessu máli óviðkomandi). Nei, saga allra norðurlanda er nátengd.

Forseti: Er þá ekki þegar fullrætt um þetta mál.

Björn Pètursson: Forseti bannar þó ekki að koma með breytingaratkvæði? (*Forseti:* Nei, engan veginn). Eg vildi nú fyrst og fremst róma vel nefndarálitið eins og aðrir og heldur *lengja* það en *skemma*. Eg vildi áskilja mer rètt til að bæta þar dálitlu breytingaratkvæði inn í á þá leið, að stjórnin feli stiptsyfirvöldunum á hendur, að ákveða þóknunina til umsjónarmannanna, og skal eg síðar gjöra grein fyrir því, hvers vegna eg vil það, úr því hinum háttvirta forseta er ekki um lengri umræður að þessu sinni.

Forseti: Þar með er þá þessari undirbúningsumræðu lokið, er ekki taka fleiri til máls. En með því nú er orðið áliðið daginn verður fundi lokið í þetta sinn og umræðum um það, sem eptir er á dagskránni, frestað til morguns. Hinn háttvirti konungsfulltrúi mun þá leggja hjúamálið fyrir þingið, og skýra því frá því er þörf þykir af stjórnarinnar hendi um það mál. Eg skal svo biðja hina háttvirtu þingmenn, að láta mig sem fyrst fá breytingaratkvæði sín.

Eg skal að lyktum geta þess, að til mín er komið nefndarálit í málinu um *gufuskipsferðir* kringum Ísland, og verður það mál lagt á lestrarsalinn þar til það kemur til umræðu á þingi.

Fundi slitið.

---

13. fundur — 18. júlí.

Allir á fundi nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, sem hafði skýrt forseta frá, að hann yrði nokkra daga á embættisferð og þingmaðurinn frá Vestmanneyjum, er hafði tjáð forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Vèr tökum þá til dagskrár, og er það þá fyrst, að hinn háttvirti konungsfulltrúi leggur fyrir hjúalaga málið og skýrir frá því máli, en síðan mun verða kosin nefnd í það.

Jón Bjarnason: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvort ei mætti kalla hinn konungkjörna varaþingmann, sem hèr á heima í Reykjavík, inn á þingið, meðan hinn 3. konungkjörni þingmaður er fjærverandi.

Forseti: Nei, það held eg ekki, það hefir ekki heldur verið venja, þegar er að gjöra einungis um fáa daga.

Konungsfulltrúi: Af hinni konunglegu auglýsingu til þingsins í þetta skipti hefir hið heiðraða alþingi sèð, að stjórnin hefir ekki getað fallizt á frumvarp þingsins í hjúalagamálinu, en stjórnin hefir þó ekki viljað gjöra hjúalaga frumvarp það, er hún lèt leggja fram á seinasta alþingi, að lögum, eins og það lá fyrir, heldur hefir hún álitið það eiga betur við að leggja málið aptur fyrir þingið með þeim ástæðum, sem ráðið því hafa hjá henni, að hún ekki aðhylltist frumvarp þingsins. Þessar ástæður skal eg leyfa mèr að leggja fyrir þingið, gegnum hinn heiðraða forseta þess með þeim fyrirmælum, að þingið taki málið til nefndar, og vona eg þá, að þingið finni yfirgnæfandi ástæðu til að fallast á stjórnarfrumvarpið frá 1863, með þeim einstöku breytingum í því, sem stjórnin hefir fallizt á eptir tillögum þingsins, enda virðist ekki betur, en að þetta sè skilyrði fyrir því, að þetta mál geti leiðzt til

lykta, því að stjórnin muni fallast á frumvarp þingsins, þó því nú aptur yrði haldið fram, eru ekki líkindi til. Eg skal leyfa mèr að taka það fram, að frumritið af athugasemdum og ástæðum stjórnarinnar, sem eg hefi útlagt á íslenzku, er á reiðum höndum hjá mèr, ef eitthvað fyndist óglöggt í íslenzku þýðingunni.

Björn Pètursson: Eg vildi gjarnan óska, að frumritið yrði lagt fram á lestrarsalinn, ef konungsfulltrúi hefði ekki neitt á móti því.

Ásgeir Einarsson: Eg ímynda mèr það sè almenn ósk, að þingmönnum gefist kostur á að kynna sèr þessa skýrslu, og því vildi eg mega spyrja, hvort hún eða ástæður fyrir neitun stjórnarinnar verður ekki prentuð þingmönnum til leiðbeiningar í málinu.

Sveinn Skúlason: Eg vildi gjarnan að skýrslan væri lesin upp fyrir þingmönnum, því það hefir verið vani á undangangandi þingum; eg veit heldur ekki, hvort ritstjórn alþingistíðindanna að öðrum kosti gæti tekið hana inn í tíðindin.

Konungsfulltrúi: Ef þingið óskar, að ástæður stjórnarinnar sèu lesnar upp, skal eg gjöra það, en eg áleit það eptir kringumstæðunum ekki þurfa, og ekki nema til tímatafar.

Björn Pètursson: Eg held, að þörf sè á, að konungsfulltrúi lesi hana upp, og að hún sè tekin upp í tíðindin.

Konungsfulltrúi: Þar sem hinn heiðraði þingmaður, er nú mælti, óskar, að athugasemdir og ástæður stjórnarinnar verði lesnar upp, skal eg með ánægju gjöra það, því það er sjálfsagt, að þær eiga að prentast í þingtíðindunum.

Eptir að lagt hafði verið fyrir alþingi á fundi þess 1863, samkvæmt allrahæstum úrskurði frá 8. júní s. á., frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, og málinu hafði verið vísað til yfirvegunar í fimm manna nefnd, og það síðan verið rætt á þinginu á lögboðinn hátt, hefir þingið í því allraþegnsamlegasta álitsskjali, sem konungsfulltrúi hefir sent stjórninni, þann 1. desember 1863 beiðzt þess, að frumvarp það, er þingið lèt fylgja og hafði búið til samkvæmt umræðunum á þinginu, yrði allramildilegast staðfest sem lög.

Þetta frumvarp þingsins er í öllu verulegu ekki annað en ítrekun af því frumvarpi, sem viðtekið var á alþingi 1861, og er þetta frumvarp í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu frá 1863 tekið undir ítarlega yfirvegun og að nokkru leyti hrakið. Þar eð eg nú eptir nákvæma yfirvegun, — eg sleppi því, að það mætti hreifa

mótbáru frá þeirri formlegu hlið málsins gegn alþingisins álitsskjali, af því það ekki er í heild sinni viðtekið á lögskipaðan hátt,— ekki gat annað en tekið eptir því, að það einnig að efninu til (*Realiteten*) yrði að vera áhorfsmáls (*utilraadeligt*), að fallast á þær breytingar, sem þingið hefir gjört í nokkrum af stjórnarfrumvarpsins aðalgreinum, einkum í §§ 1 og 2, §§ 7—11, og § 19, áleit eg, að eg ekki ætti að ráða hans hátign konunginum til þess, að leggja sitt allrahæsta samþykki á þingsins frumvarp.

Hins vegar hefi eg heldur ekki álitið rètt, að ráða hans hátign til, án þess að taka þær breytingar, sem alþingi hefir stungið upp á til nokkurra greina, að löggilda frumvarp það, sem seinast var lagt fyrir þingið. Eg hefi álitið, að það væri því síður ástæða til þessa, sem það ekki væri svo ólíklegt, að þingið, þar sem nefnd sú, er það setti í málið, með 4 atkv. gegn 1, hafði stungið upp á, að stjórnarfrumvarpið yrði gjört að lögum, að eins með fáeinum verulegum breytingum, mundi, þegar það tæki aptur málið til íhugunar, finna tilefni til að breyta uppástungum sínum, sem að nokkru leyti eru samþykktar með tiltölulega litlum atkvæðafjölda. Þar sem eg nú þannig hefi álitið það eptir kringumstæðunum rèttast að senda málið að nýju til alþingis, hefir hans hátign þann 9. þ. m. eptir löggæzluráðherrans uppástungu, þóknast að fallast á, að frumvarp það til laga um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt var fyrir þingið 1863, aptur verði lagt fyrir það til yfirvegunar á fundi þeim, sem þingið nú á fyrir hendi.

Um leið og eg, jafnframt og eg vísa til hinna prentuðu alþingistíðinda frá 1863, bls. 5—26, hvar stjórnarfrumvarpið stendur, samkvæmt þeim konunglega úrskurði, hvers nú var getið, þénustusamlega vil hafa yður, herra etazráð, sem konungsfulltrúa, umbeðinn, að annast um, að alþingið í þetta skipti taki nefnt frumvarp undir nýja yfirvegun, skal eg taka fram eptirfylgjandi athugasemdir, áhrærandi þau atriði, sem alþingið einkum ágreinir um við stjórnarfrumvarpið, og óska eg, að þessar athugasemdir verði gjörðar þinginu kunnar.

Að § 1. Alþingi hefir í einu hljóði stungið upp á, að aldurstakmarkið í þessum § yrði breytt frá 18 árum í 16 ár, en ástæður þær, sem þingið hefir í álitsskjali sínu tekið fram þessari breytingu til styrkingar, eru, eins og að mestu leyti er sýnt fram á í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að því er virðist, ónógar. Auk þess sem þingið áður hefir tekið fram viðvíkjandi þessu atriði,

er því að vísu, í þess seinasta álitsskjali, um leið og vitnað er til þess, að í tilskip. frá 30. apríl 1824 § 3 1. lið er leyft stúlkum, sem orðnar eru fullra 16 ára, að gipta sig, haldið fram, að frumvarpið, með því yfir höfuð að tala að binda hæfilegleikann til þess að vistráða sig sem hjú, við fullan 18 ára aldur, einnig hafi, að því er virðist, hugsað sèr ekkjur, og að bann gegn því, að ekkja frá 16 og 18 ára aldri gæti vistráðið sig sem hjú, yrði að koma í bága við gjörvalla þá rèttarstöðu, sem ekkjum ber að öðru leyti; en hèr við athugast, að með ákvörðun frumvarpsins um 18 ára aldurinn, eins og líka segir sig sjálft, hvorki er tilætluð nè gjörð nokkur takmörkun í þeim myndugleika, sem ekkjum ber yfir höfuð að tala, enda þó þær ekki hafi náð 18 ára aldri, og skal þess í því tilliti getið og athugi leiddur að því, að heimildin til að ráða sig sem hjú í vist, einnig er í Danmörku bundin við fullan 18 ára aldur; en þó hefir hèr ekki brytt á neinum efa um það, að ekkja yngri en 18 ára gæti verið sjálfráð um það, að ráða sig sem hjú í vist. En það sem stjórninni einkum hefir gengið til að fallast ekki á þá uppástungu þingsins, sem hèr ræðir um, er hliðsjónin af þeim afleiðingum, sem gætu komið fram, ef fallizt yrði á aldurstakmark það, sem þingið hefir stungið upp á, og það yrði lögákveðið, þar sem það gæti haft áhrif á önnur spursmál um barna persónulega myndugleika t. a. m. hvað snertir rètt þeirra til að fara frá foreldrum sínum og koma sèr undan foreldravaldinu, til að taka ákvörðun um samastað, og til að verja sínum persónulegu kröptum yfir höfuð, til að ráða úr því, að hve miklu leyti áreitni, sem þau sjálf yrðu fyrir, ætti að sæta lögsókn eða ekki, sem og hvort dómi, er yfir þeim væri genginn og hljóðaði upp á líkamlega refsingu, ætti að áfrýja eða ekki. Sè því, eins og stjórnin hlýtur að halda fram, 18 ára aldurstakmarkinu haldið, þá virðist ekki nokkur ástæða til þess, að aðhyllast það uppástungu-atriði þingsins, að presturinn skuli leggja samþykki sitt á vinnuhjúasamninga að því leyti, sem ómynduga snertir, þar sem það mjög sjaldan mun eiga sèr stað, að þeir, sem orðnir eru 18 ára, ekki sèu þegar fermdir, — eins og enn fremur ekki heldur virðist ástæða til að fella úr seinustu ákvörðun greinarinnar í stjórnarfrumvarpinu, og það því síður, sem takmörkun sú í aðalreglunni, sem þar ræðir um, fer einmitt í þá stefnu, sem alþingið sjálft óskar.

Að § 2. Samkvæmt því, sem tekið er fram í ástæðunum

fyrir stjórnarfrumvarpinu, hefir ekki þótt ástæða til, að aðhyllast þá breytingu, sem þingið hefir stungið upp á í þessari grein. Þess má líka geta, að það, sem í álitsskjali þingsins er tekið fram um það, að annar liður í þess uppástungu um það, hvernig greinin skuli orðuð, innihaldi sömu reglu, sem annar liður greinarinnar í stjórnarfrumvarpinu, ekki er rètt hermt, því í fyrsta máta vantar í greinina, sem þingið hefir stungið upp á, ákvörðun, sem svari til stjórnarfrumvarpsins annars liðs í § 2, að því leyti snertir reglur þær, sem eiga að gilda um endurnýjun vistarráðasamningsins, og í annan stað er sá munurinn, að þegar svo stendur á, að vistarráðin eru gjörð fyrir skemmri tíma en 1 ár, eiga þau eptir uppástungu þingsins skilyrðislaust að gilda til næstu hjúaskildaga, þar sem tímalengdin eptir uppástungu stjórnarinnar einnig í þessu tilfelli er komin undir frjálsu samkomulagi.

Regla sú, sem alþingið vill setja, inniheldur þannig verulega takmörkun á samningsfrelsinu, sem hvorki er nauðsynleg nè hagfelld, því það getur hæglega að borið, að húsbóndinn þurfi á hjúinu að halda fyrra hluta vistarársins, en ekki á þeim seinni, t. a. m. þegar hann flytur sig í burtu búferlum, og eins getur þetta hins vegar að borið, hvað hjúið sjálft snertir, t. a. m. þegar það giptir sig.

Við greinina 7—9. og 11—13. (í þingsins frumvarpi). Að því leyti uppástungur alþingis frá 1861 eru teknar upp í þenna kafla frumvarpsins, hlýtur stjórnin eindregið að vera því mótstæð. Stjórnin fær ekki betur sèð, en að það sè til hlítar sýnt og sannað í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að ákvarðanir þær, sem hèr ræðir um, sèu óhagfelldar og ekki í mál takandi, enda sèst það og, að meiri hluti nefndar þeirrar, sem þingið kaus í málið, sem og mikill hlut þingmanna, hefir verið á stjórnarinnar máli um þenna kafla frumvarpsins, og þetta mundi einnig, eptir því sem fram er komið í málinu, hafa komið fram í álitsskjali alþingis, ef það hefði verið viðtekið á þann hátt, sem vera bar.

Mótbárur þær, sem komnar eru fram í álitsskjali þingsins, virðast heldur ekki að hafa í sèr fólgið nokkurt sannfæringarafl, og eru í aðalefninu ekki annað en upptekning af því, sem þingið áður var búið að taka fram, en þó stjórnin af þessari ástæðu því leiði hjá sèr að fara aptur út í þessar mótbárur til þess að hrinda þeim, en skýrskoti til ástæðanna fyrir stjórnarfrumvarpinu, getur hún samt ekki látið vera að lýsa því yfir, að það er með öllu á-

stæðulaust, þegar þingið í álitsskjali sínu kveður þannig að orði, að það sè ekki lítill misskilningur, er það standi í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að 10. og 11. grein í þingsins fyrra frumvarpi, sem í þessu atriði eru samhljóða 11. og 12. greininni í þingsins síðara viðtekna frumvarpi, ekki innihaldi neina almenna ákvörðun, sem sè um afleiðingarnar af vistarrofi, þar sem það þó ekki verður varið, að í hvorugu álitsskjali þingsins, hvorki í því fyrra nè því síðara, finnst nokkur slík almenn ákvörðun í þeim greinum, sem hèr ræðir um, heldur einungis ákvarðanir um sèrstakleg tilfelli. Þar á móti er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að fallast á þær nýju ákvarðanir í þeim kafla frumvarpsins, sem hèr ræðir um, að svo miklu leyti, sem þingið skyldi halda þeim fram, er hèr greinir:

a) Að það í stjórnarfrumvarpsins 9. grein ákveðna amtstakmark falli í burtu, en í staðinn komi það takmark, sem þingið hefir stungið upp á, og bundið er við vegalengd eptir mílnatölu, svo að greinin verði þannig hljóðandi: Nú flytur húsbóndinn, eptir að hann hefir ráðið hjúið til sín, en áður en vistarárið er byrjað, 3 dagferðir á landi, eða 5 vikur sjávar sjóveg, burtu frá þeim stað, hvar hjúið, eptir því sem samizt hafði, átti að fara í vist, þá þarf hjúið ekki að fara í vistina.

b) Að við enda sömu greinar sè bætt ákvörðun um, að húsbóndinn skuli vera óátalinn, þegar hann í því tilfelli, sem hèr ræðir um, útvegar hjúinu jafngóða vist.

c) Að ákvarðanirnar um matarverð í frumvarpsins 10. grein orðist þannig: «Ripti húsbóndinn, án þess þar til sèu gildar ástæður, vistarráðunum, á hann að borga hjúinu kaup og matarverð fyrir þann tíma, sem það var vistráðið. Matarverð skal vera hundrað á landsvísu fyrir karlmann, en þriðjungi minna fyrir kvennmann, hvorttveggja fyrir heilt ár, og fyrir styttri tíma að tiltölu.

d) Að ákvarðanir í stjórnarfrumvarpsins 11. grein, sem eptir uppástungu alþingis eru felldar út úr seinna frumvarpinu, megi takast inn aptur.

Við 19. grein (stjórnarfrumvarpið). Hvað þessa grein snertir. sem alþingi með atkvæðafjölda hefir fellt út úr frumvarpinu, athugast, að meðan þingið að undanförnu hefir staðið fast á því, að húsagi væri algjörlega ómissandi á Íslandi, enda hvað fullorðin hjú snertir, hefir alþingi nú farið í gagnstæða stefnu, er það hefir viljað afmá allan húsaga, enda fyrir unglinga yngri en 16 og 18

ára, þar sem þingið í álitsskjali sínu fullyrðir, að húsagi eigi ekki heima í tilskipun um vinnuhjú. Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu út af málinu tekið fram með rökum, að ákvörðun sú, sem nú var getið, hljóti að vera byggð á misskilningi, og að þess konar ákvörðun, sem 19. greinin innihaldi, sè fyllilega á sínum rètta stað í hjúalögum, eins og líka samkyns ákvörðun finnist í þeim dönsku hjúalögum frá 10. maí 1854. Svo hljóti það og að vera sprottið af misskilningi, þegar það sè gefið í skyn í þingsins álitsskjali, að hèr sè blandað saman tveimur aðgreindum hugmyndum, þeim eiginlega húsaga og húsbóndarèttinum, þar sem við húsaga hèr hljóti að skiljast sá agi og sú reglusemi, sem húsbóndinn hafi rètt til að halda á heimili sínu, eða það, sem í lögunum sè kallað heimilisrefsing (hússtraff) (6—2—4); en þótt nú með alþingi sè gengið út frá því, að hvers konar húsagi eigi að vera af numinn á Íslandi, gæti þessu þó ekki orðið framkvæmt með því að fella úr þá grein frumvarpsins, sem hèr sè um að ræða, því þá yrðu þær eldri ákvarðanir (einkum í tilskipuninni frá 3. júní 1746) um húsaga að gilda, hvar á móti útþrykkileg ákvörðun um þetta atriði þurfti í lagaboðinu. Til þessa virðist samt ekki að vera ástæða, og stjórnin hlýtur því eptir sem áður að halda fast ákvörðuninni í 19. grein frumvarpsins.

Hvað hinum öðrum breytingum, sem alþingið hefir stungið upp á í frumvarpi stjórnarinnar viðvíkur, eru þær, eins og þegar hefir verið tekið fram, í öllu verulegu ekki annað en ítrekun af þingsins fyrri uppástungum, sem eins og búið er nægilega að sýna og sanna í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, ekki eru takandi í mál. Þó skal þess getið, að ekkert getur verið því til fyrirstöðu, að orða 2. lið í 24. grein í frumvarpinu, eins og þingið hefir stungið upp á, þannig, að orðin hljóði þannig: »Flytji húsbóndinn samt hjúið burt, þá skal hann, að svo miklu leyti ekki liggur við því þyngri hegning eptir öðrum lagastöðum, sæta sektum eptir 21. grein, og að auki« o. s. frv., eins og — samkvæmt því, sem að framan er ákveðið viðvíkjandi samsvarandi ákvörðun í frumvarpsins 10. grein — ekki heldur getur verið neitt því til fyrirstöðu, að sú linun í matarverðinu, sem alþingi hefir stungið upp á í 29. greininni, sè tekin inn í lagaboðið.

Eptir að upplestri þessum er nú lokið, afhendi eg málið þeim háttvirta forseta þingsins til lögskipaðrar meðferðar.

Forseti: Eg gjöri ráð fyrir, að þingmenn sèu viðbúnir nú þegar að kjósa nefnd, og vil eg leyfa mèr að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Pálmason: Eg sting upp á 7 manna nefnd.

Forseti lèt þingmenn því næst ganga til atkvæða um, hvort 7 eða 5 manna nefnd skyldi kjósa, og var 5 manna nefnd samþykkt með 11 atkvæðum gegn 10 og í hana kosnir.

Pètur Pètursson	með	16 atkv.
Jón Guðmundsson	—	14 —
Halldór Jónsson	—	13 —
Ásgeir Einarsson	—	7 —
Jón Pálmason	—	7 —

Var málið síðan afhent prófessor Pètri Pèturssyni, er fèkk flest atkvæði.

Forseti: Eg skal geta þess, að eptir skýrslu konungsfulltrúans verður að skilja þetta mál svo, að hið konunglega frumvarp frá 1863 sè óbreytt á ný lagt fyrir þingið. Nú er spursmál, hvort þingmenn vilja eða álíta sèr þörf á, að láta prenta frumvarpið á ný eða ekki. Eg skal í þessu tilliti á síðan bera mig saman við þann mann, er kosinn verður til formanns í nefndinni.

Pètur Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, hvort nefndin ekki mætti halda þeim upplýsingum, sem þegar eru gefnar í málinu, sèr til stuðnings?

Forseti: Það er sjálfsagt.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg óska helzt, að vinnuhjúalagafrumvarpið verði prentað, svo þingmenn geti haft það fyrir sèr.

Forseti: Eg skal sjá um, að þingmenn fái allan þann lètti, sem þeir þurfa við störf sín, eptir því sem kringumstæðurnar leyfa.

Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu og, ef til vill, til nefndarkosningar bænarskrá frá prófastinum á Hólum, síra B. Vigfússyni, um Hólakirkju. Þingmaðar Borgfirðinga, sem hefir gjört bænarskrána að sinni uppástungu, er flutningsmaður.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 257.

Eg veit eigi hvort eg á að bæta nokkru við þetta. Þingmenn heyra, að biðjandi byggir skoðun sína á því, að hann ekki sè eigandi kirkjunnar, og því ei skyldur upp á sinn kostnað að halda

henni við, heldur að hann sè rèttur og slèttur umsjónarmaður hennar. Nú kunna menn að segja, að þetta sè dómsmál, og heyri því beint undir dómstólana, og er eg því alveg samdóma, en þetta þarf ekki að koma hèr á þingi til greina, heldur er hèr einungis spurning nm það, hvort þingið vilji styðja nokkuð að því, að kirkjan á Hólum fái nokkuð af sínum eldri rèttindum aptur, svo að hún á sómasamlegan hátt geti haldizt við sem eigin stofnun; af þessari ástæðu er það, að eg mæli með því að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Þetta mál hefir fyrir hèr um bil 2 árum verið hjá stjórninni, og var það sent henni af stiptsyfirvöldunum, sem eigandi Hóla og Hólakirkju, prófastur B. Vigfússon hafði beðið um, að bera málið upp við stjórnina með erkleringu þeirra og meðmælum. Að vísu gátu stiptsyfirvöldin ekki fallizt á ýms atriði málsins, en aptur í annan stað þótti þeim öðrum atriðum þess gaumur gefandi, og mæltu því fram með, að kirkjunni á Hólum yrði veittur nokkur árlegur styrkur sèr til viðurhalds, en eins og kunnugt er, svaraði stjórnin því, að það umbeðna gæti eptir kringumstæðunum ekki orðið veitt beiðanda. Þegar nú svona stendur á, þá virðist lítil von um það, að stjórnin, enda þótt þingið taki nú málið að sèr, og færi að senda um það sína allraþegnsamlegustu bænarskrá, mundi breyta skoðun sinni á málinu, og að öðru leyti er málið svo umfangsmikið, og margt í því svo flókið og efasamt, að eg get naumast ætlað, að þingið geti til hlítar áttað sig á því í heild sinni á svo stuttum tíma, sem það getur til þessa einstaka máls varið. Yfir höfuð virðist mál þetta þess eðlis, að það beri í raun rèttri undir dómstólana, en ekki undir yfirvalda-úrskurð, þar sem hèr er spursmál um Hólakirkju rèttindi, og kvartað yfir því, að rèttindum þessum hafi með sölunni á stólsgózinu verið gengið of nærri. Þetta hefir líka hinn heiðraði flutningsmaður kannazt við, og tekið fram í ræðu sinni, nefnilega að málið sè dómsmál. Hèr við bætist, og það er aðalatriðið, að því er nú hreift, sem ekki hefir áður verið gjört, að eigandi Hóla sè ekki eigandi kirkjunnar, heldur hið opinbera, og að hann sè að eins fjárhaldsmaður kirkjunnar, og þetta atriði er nú orðið aðalatriði málsins, eins og það nú liggur hèr fyrir.

Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg ekki með þessum orðum hefi viljað setja mig á móti því, að þingið taki málið til meðferðar, en eg hefi að eins viljað fyrir fram benda

á þær litlu vonir um verulegan árangur af málsins fyrirtekt nú á þinginu.

Jón Guðmundson: Af því mèr er mál þetta kunnugt, eins og sýnir sig af álitsskjalinu 12. febrúar 1862, sem fylgir uppástungunni og er lagt fram með henni, finn eg mèr skylt að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa fáeinum orðum. Því verður ekki neitað, sem hann sagði, að mál þetta er flókið og umfangsmikið, að minnsta kosti í fyrsta áliti; en hinn háttvirti konungsfulltrúi upplýsti þó nú í þessari ræðu sinni, að málið væri gjört talsvert óflóknara með því, að stiptsyfirvöldin fundu þó ástæðu til að mæla með málinu að nokkru leyti við stjórnina samkvæmt álitsskjalinu 12. febrúar 1862. Í þessari undirtekt háyfirvaldanna, nefnilega að þau hafa fundið ástæðu til að mæla fram með sumu af því, sem beiðandi fór þar fram á, liggur viðurkenning frá þeirra hálfu um, að kirkjan hafi að minnsta kosti nokkurn rètt til hins opinbera. Með þessu er, sem sagt, málið gjört auðveldara, þar eð stiptsyfirvöldin hafa lýst því yfir, að *eigandi* Hólastaðar í Hjaltadal hafi rètt í því, er hann segist *ekki* vera eigandi kirkjunnar eður verði skoðaður sem proprietair. Þar næst gat konungsfulltrúi þess, að málið væri dómsmál, og heyrði þannig undir úrslit dómstólanna, en kæmi því ekki þinginu við. Eg neita því ekki, að málefnið *geti orðið* dómsmál og hljóti líka að verða, ef hið opinbera færist enn sem fyrri undan öllum skyldum við kirkjuna, og eigandinn verður svo að láta reka að því hinu síðasta úrræði, sem hann ráðgjörir í skjalinu, nefnilega að afsala sèr kirkjuna formlega og öll afskipti af henni, því auðsætt er, að hið opinbera, ef það vildi losast undan því, að taka við kirkjunni, og viðhalda henni, yrði að höfða mál í móti eigandanum til þess að fá hann skyldaðan til þess með dómi að taka við kirkjunni aptur og annast hana sem proprietair um aldur og æfi. En eigandinn leggur málið svona undir þingið einmitt til þess að komast hjá því, að málið verði þannig gjört að dómsmáli; hann vill ekki að reka þurfi að þessum vegi, dómsveginum, fyrr en fokið er í öll skjól. Nú leggur hann málið fyrir þingið, til þess að vita, hvort þingið finni ekki næga ástæðu til að styðja málið og rètt Hólakirkju andspænis hinu opinbera í heild sinni, eða þá að minnsta kosti eins og stiptsyfirvöldin gjörðu, að styðja málið að nokkru leyti. En vilji þingið ekki styðja málið, eða stjórnin ekki gefa tillögum og uppástungum alþingis um viðhald kirkjunnar af hendi hins opinbera neinn gaum,

þá stendur staðareigandanum dómsvegurinn opinn með því að afsala sèr kirkjuna algjörlega. Það er reyndar satt, að það er ekki aðgengilegt, hvorki fyrir eiganda Hólakirkju, nè þingið, að stjórnin ekki hefir viljað taka tillögur stiptsyfirvaldanna til greina; en eitt er þó eptirtektavert við synjun stjórnarinnar, og það er þetta, að hún færir engar ástæður til í svari sínu fyrir neituninni; þetta er verulegt atriði, er menn verða að taka til greina og halda föstu; því ef ástæður hefðu verið færðar fyrir neituninni, verður maður að ímynda sèr og telja víst, að stjórnin hefði látið sèr gleymast þá ástæðuna sem ríkust var og hèr hefði orðið að ráða úrslitum að mestu leyti, nefnilega, að hún, þrátt fyrir röksamlega neitun og mótmæli hins núverandi eiganda, hlyti að skoða hann sem »*Proprietair*«, og að einmitt þess vegna hvíldi nú á honum og á Hólastað allar privatkirkna eiganda skyldur við kirkjuna. En stjórnin hefir ekki byggt synjunina á þessu atriði, og því má álíta, að hennar skoðun og meining sè þessi, að núverandi eigandi Hólastaðar ekki sè «proprietarius», heldur að eins slèttur og rèttur fjárhaldsmaður kirkjunnar, sem einungis eigi að annast um hana og fjárhag hennar, en sè engum skyldum bundinn um viðhald hennar, og endurbyggingu, frekar en portion hennar og tekjur hrökkvi fyrir. Þessi skoðun hefir og ávallt komið fram að undanförnu síðan Hólastaður var fyrst seldur, nefnilega, að eigandi hans yrði eigi álitinn sem eigandi kirkjunnar; og kom þessi skoðun berast og ljósast fram þegar amtmennirnir fyrir norðan og byskupinn sem þá var voru að skrifast á um það mál, bæði innbyrðis og við stjórnarráðin, á árunum 1825—27. Niðurstaðan af þeim milliskriptum háyfirvaldanna varð sú, að öll hlynnindi og tekjur af ítökum Hólakirkju skyldi reiknast henni til inntektar í hinum árlegu portionsreikningum hennar, og eins andvirði þessara ítaka, ef þau væri seld; sama var gjört gildandi um jarðarpart er kirkjan átti og fèkk upp í vantandi portion sína um 1808; afgjaldið var reiknað kirkjunni til inntektar árlega, og eins verð jarðarinnar þegar hún var seld. Eg get því ei betur sèð, en að bæði háyfirvöldin, sem eiga hlut að máli, og eins stjórnin hafi beinlínis viðurkennt, að eigandi Hólastaðar yrði alls ekki álitinn «proprietarius», og þar af fljótandi hvíldi engin skylda á honum, að halda við kirkjunni upp á sinn eigin kostnað. Af þessum ástæðum finnst mèr þingið ekki eiga að hika við, að taka málið til meðferðar, ef því yrði þar með stefnt í eitthvert fastara horf. Annað er það, ef menn ekki

vilja við halda þessari fornu og í alla staði merkilegu kirkju; en ef mönnum er annt um það, þá er að taka málið til meðferðar, til þess að reyna til að finna einhver úrræði til þess, að kirkjunni yrði við haldið. Eg mæli því fastlega fram með að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður Vestur—Skaptafellssýslu lagði í ræðu sinni áherzlu á það, að stiptsyfirvöldin hefðu verið málinu aðhlynnandi; en þetta atriði hefir enga þýðingu gagnvart stjórninni, þar sem hún, eins og eg tók fram, í bréfi frá 13. febr. 1863 hefir lýst því yfir, að ósk beiðanda ekki gæti fengið áheyrslu, enda voru meðmæli stiptsyfirvaldanna byggð fremur á sanngirnis en lagalegum ástæðum, því þau voru byggð á því, að það liti svo út, eptir því sem fram væri komið í málinu, að kirkjunnar rètti með sölu stólsjarðanna ekki hefði, ef til vildi, verið haldið eins vel uppi, sem óskandi hefði verið; en sèr í lagi rèði þó hjá stiptsyfirvöldunum eins konar »Pietets Hensyn« gagnvart þeirri að vísu merkilegu og gömlu stofnun, sem hèr ræðir um, og sem er þær einustu leifar eða menjar Hólabyskupsstóls á norðurlandi, sem æskilegt þótti — og það vissu stiptsyfirvöldin að vakti fyrir almenningi einkum fyrir norðan — að gætu geymzt og haldizt uppi eptirleiðis, en þetta er allt annað en lagalegar ástæður.

Björn Pètursson: Eg hef opt vitað það, að *margir* vilji eiga sama hlutinn, en það hef eg aldrei vitað, að sá hlutur væri til, ef hann annars er nokkurs verður, sem *enginn* vill eiga. Hèr er nú vafasamt, hvers eign Hólakirkja er; stjórnin kveðst ekki eiga hana, og heldur ekki prófasturinn á Hólum. En nú finnst mèr heldur vafasamt, hvort þetta málefni verði með rèttu gjört að þingmáli, á meðan dómstólarnir eru ekki búnir að skera úr því, hvers eign kirkjan er. Skeri nú dómstólarnir svo úr, að enginn eigi kirkjuna, þá álít eg þinginu bera að taka málefnið að sèr, og sjá um, að þessi góða og gamla stofnun eigi falli um koll. Sömuleiðis, ef dómstólarnir skera svo úr, að kirkjan sè opinber eign, þá hygg eg það vera þingmál, að leggja ráð til á hvern hátt skuli viðhalda henni. Allt fyrir það vil eg ekki fella mál þetta frá nefnd, því eg er ætíð móti því, þegar um mikilsvarðandi mál er að ræða, að þau sèu felld frá nefnd. Nú er það ljóst, að þingmenn ekki geta gefið atkvæði strax við inngangsumræðuna um þau mál sem í sjálfu sèr eru flókin og vandasöm með fullkominni vissu. Verði nú sett nefnd, gefst henni

tækifæri til að kynna sèr málið nákvæmlega, og með því móti getur hún fært ljósar ástæður fyrir áliti sínu. Það er líka ætíð vinsælla, bæði hjá þeim, sem mest eiga hlut að máli, og hjá allri þjóðinni, að taka mál þau, er mikils varða, til meðferðar, heldur en að fella þau frá nefnd, og vil stinga upp á að 3 menn sèu kosnir í hana.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil ekki lengja þingræðurnar, því eg heyri, að þeir sem talað hafa, eru máli þessu meðmæltir, og mèr fannst enda að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sjálfur væri það í rauninni. Eg þarf ekki að bæta miklu við það, sem hinn háttvirti varaforseti sagði; en eg verð að álíta, að þótt mál þetta sè dómsmál í öllum greinum, eigi það samt að ganga þenna veg eins fyrir því; því sá vegur, að rita gegnum yfirvöldin eða þingið til stjórnarinnar, áður en málið er lagt til dóms og laga, er sama sem sættatilraun á undan máli. Beiðandi segir þá við stjórnina í Danmörku sem svo: »Viltu láta mig fá þetta til að sættast?« Þegar beiðandinn fær ekkert svar, knýr hann á aptur til þess þó að fá eitthvert svar, áður en hann leggur málið í dóm. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að dómstólarnir ættu fyrst að skera úr því, hvort beiðandi væri eigandi Hólakirkju eður eigi, áður en þingið tæki málið að sèr, þá er það eigi rètt skoðun, því það má byggja á því sem er, að prófasturinn á Hólum er umboðsmaður kirkjunnar, og getur því beðið fyrir hana, hvort svo sem hann er einnig eigandi hennar eður eigi; en það mál álít eg, eins og eg hefi áður sagt, að komi oss eigi við hèr á þingi.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, verða nú greidd atkvæði, um hvort setja skuli nefnd í málið.

Var þá samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1, að nefnd skyldi kjósa í málið, og síðan kosin 3 manna nefnd og urðu þessir fyrir kosningu:

Arnljótur Ólafsson með 17 atkv.
Jón Guðmundsson — 9 —
Pètur Pètursson — 9 —

Síðan var málið afhent Arnljóti Ólafssyni, er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til umræðu uppástunga frá þingmanni Borgfirðinga viðvíkjandi styrk handa búfróðum mönnum úr jafnaðarsjóði Norður og Austuramtsins, til að ferðast um í amtinu og leiðbeina bændum í búskaparefnum m. m.

Þingmaður Borgfirðinga les uppástunguna, og skýrir það mál nákvæmar.

Arnljótur Ólafsson: Uppástungan hljóðar þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 282.

Eg vil einungis geta þess viðvíkjandi þessari uppástungu, að amtmaðurinn í Norður og Austurumdæminu hefir lengi haft hug á, að koma á slíkum yfirferðum búfróðra manna í sínu amti. Þegar hann talaði um þetta málefni við mig, gat hann um, að sèr þætti betra, að uppátunga væri gjörð á alþingi um þetta mál, en að hann sjálfur ritaði stjórninni um það, því betra væri, að ósk kæmi frá alþingi þar að lútandi, því þá sæist, að það væri áhugamál þjóðarinnar, en að hann þegjandi og upp á sitt eindæmi beiddi stjórnina um það. Eg er nú í því tilliti honum alveg samdóma, og eg bæti því við, að fallist þingið á það, þá fellst þjóðin á það, og þá er fullkomin *lagaheimild* fengin til að taka fjárstyrkinn úr jafnaðarsjóðnum. Eg vona því, að mál þetta fái góðar undirtektir á þingiuu.

Forseti: Mèr skilst málið vera svo skylt landbúnaðarmálinu, að eg vil stinga upp á, að því sè vísað til nefndarinnar í því máli.

Arnljótur Ólafsson: Eg gjöri mig ánægðan með það, með því skilyrði, að nefndin gjöri sèrstaklega uppástungu til konungs um þetta málefni.

Sveinn Skúlason: Sú nefnd hefir svo yfirgripsmikið mál fyrir hendi, að hún kemst ekki yfir það, verði þessari uppástungu bætt á hana. Eg held því, að það heldur spilli en bæti fyrir málefninu að vísa því til þessarar nefndar, og vil því ráða þinginu til að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál.

Forseti: Mèr finnst það þó hvorki geta skaðað málið eða spillt fyrir því, þó það verði fengið landbúnaðarnefndinni. Það er auðvitað, og varla mun neinn þingmanna ætlast til, að landbúnaðarnefndin semji heil landbúnaðarlög; en hún getur komið sèr saman um að semja og leggja fyrir þingið almennar grundvallarreglur um þessi lög og aðrar nauðsynlegar uppástungur. Meðal þessara atriða mætti vera uppástunga um þetta atriði sèr í lagi. Annars er eg fús á að leita atkvæða þingsins, ef flutningsmaður óskar þess (*Arnljótur Ólafsson*: Nei). Þá verður málið afhent formanni nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, sem er þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er eptir að kjósa tvo menn í þessa sömu nefnd; þingmenn muna, að formaðurinn óskaði einkum lögfróðra manna.

Síðan var kosið og urðu fyrir kosningu:

Jón Pètursson með 10 atkv.

og Benedikt Sveinsson — 10 —

Forseti: Þá er dagskrá lokið að öðru leyti en því, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður les upp álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs um að leyfa að ferma og afferma gufuskip á helgidögum.

Síðan var álitsskjal þetta upp lesið og samþykkt, og fundur ákveðinn til næsta dags kl. 12.

Fundi slitið.

---

14. fundur — 19. júlí.

Allir á fundi nema hinn þriðji konungkjörni þingmaður og varaforseti, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá kemur fyrst samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálitið *um konunglegt frumvarp viðvíkjandi ýmsum prestaköllum á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu. Verður honum afhent málið, og mun hann skýra það fyrir þingmönnum sem þurfa þykir.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 284.

Framsögumaður (*Halldór Jónsson*): Eg skal nú eigi vera margorður um þessi breytingaratkvæði, sem hèr eru á atkvæðaskránni, en ekkert af þeim er þó svo, að nefndin hafi getað aðhyllzt það. Það eru nú sum af þeim, sem mèr virðast miður hæfileg, sum virðast meinlaus, og sum eru gagnslítil. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölul. 1., þá fannst nefndinni ekki ástæða til að ákveða tímann nær brauðamatið yrði staðfest, því að stjórnin hefir í ástæðum frumvarpsins gefið í skyn, að brauðamatið yrði staðfest annaðhvort áður en eða þegar frumvarpið yrði lögleitt. En á þessu breytingaratkvæði er sá galli, að brauðamatið

yrði eptir því ólöggilt fyrst um 15 ár. Að því er breytingaratkvæðið undir tölul. 3. snertir, þá hefir nefndin eigi getað fellt sig við það, því að það, sem hèr er stungið upp á að fella úr, er að eins útskýring á hver brauð sèu aðalbrauð eptir brauðamatsgjörðinni 1853, virðist því breytingaratkvæðið óþarft, þar eð auðvitað er, að ef nýtt brauðamat kemur, þá kemur og ný flokkaskipun á brauðin, en raskar ekki þeirri ákvörðun, að konungur veiti aðalbrauðin. Èn fyrir mitt leyti, þá hefi eg samt ekki mikið á móti þessu breytingaratkvæði. Aptur á móti verð eg að vera mótfallinn breytingaratkvæðinu undir tölul. 4, og það af þeim ástæðum, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni tók fram við undirbúningsumræðuna, og að það skerti einkarètt hans hátignar konungsins. Það hefir verið tekið fram, að breytingaratkvæðið undir tölul. 7. væri óþarft, þar eð sjálfsagt virðist að skilja orðin eins og breytingaratkvæðið fer fram á. Þá er breytingaratkvæðið undir tölul. 13, sem gjört er til að taka af allan vafa um þýðinguna á orðinu prestsekkja. Það er nú í sjálfu sèr ekkert á móti þessu breytingaratkvæði, en þó held eg að það sè óþarft, þar eð það aldrei hefir verið álitið svo, að því sem mèr er kunnugt, að ekkjur aðstoðarpresta hafi rètt til eptirlauna, en að ekkjur uppgjafapresta nyti eptirlauna, mun víðast hafa viðgengizt; og nýskeð er á einum stað með dómi á þessa leið skorið úr þessu atriði. Breytingaratkvæðið tekur nú fram þá skoðun, að ef kona giptist uppgjafapresti, þá hafi hún ekki rètt til eptirlauna, þegar maður hennar deyr; það er nú sjálfsagt, að ekkja eptir þjónandi prest fær part af tekjum brauðsins; en eigi ekkja uppgjafaprests, ef hún hefir gipzt honum eptir það hann hætti að þjóna. Það hefir og verið skorið eins úr þessu í Danmörku, að ekkja eptir uppgjafaprest ætti rètt til eptirlauna, þegar hún var honum gipt áður hann hætti þjónustunni, en eigi hafi hún gipzt honum eptir að hann hefir resignerað. Þá er breytingaratkvæðið undir tölul. 16, sem fer fram á, að prófasturinn jafni niður eptirlaunum presta-ekknanna með 2 tilkvöddum prestum, af hverjum annar ætið sè viðkomandi sóknarprestur. Það geta nú orðið 3 prestsekkjur í einu brauði, án þess þó að þær sèu allar í sókninni, og getur þá opt orðið örðugt að ná í sóknarpresta hverrar þeirra, og einn þeirra verður þó afgangs. Mèr finnst því, að þetta breytingaratkvæði auki prófastinum og prestunum að eins óþarfa-ómak. Það er sjálfsagt, ef prófastur álítur það nauðsynlegt að taka presta með sèr við niðurjöfnunina, þá

gjörir hann það, og þá eru prestarnir einnig skyldir að mæta eptir áskorun hans. Breytingaratkvæðinu undir tölul. 17, get eg eigi verið samdóma, því að stjórnarfrumvarpið er þar nokkurn veginn samkvæmt konungsbréfinu frá 1750, því að þar er tiltekið í 4. grein, að ef jörðin, sem prestsekkjan býr á, hafi hlunnindi, þá noti ekki prestsekkjan meira af þeim, en hún þarf beinlínis fyrir sjálfa sig, en presturinn megi nota hitt sjálfur. Breytingaratkvæðin undir tölul. 20. og 22. þykja mèr nú mest verð, því að þau hafa þá stefnu að hækka árgjaldið af 1 rd. eður 100 rd. í hlutfalli við það sem brauðin hækka. Þetta kann nú reyndar að virðast eðlilegt; en eg held þó, að stærstu brauðin hafi sum þá annmarka og erviðleika, er minni brauðin hafa eigi, svo þau verði ekki að því skapi betri sem þau eru hærra metin eptir réttri tiltölu. Eg held nú, að það sè þess vegna varasamt að leggja meira árgjald á stærri brauðin að þeirri tiltölu, sem þau eru hærri að dalatali en minni brauðin, þar sem líka að árgjaldið af þeim getur, eptir breytingaratkvæðinu undir tölul. 20. jafnvel orðið 20 rd. Það er líka að gætandi, að þau brauð, sem metin eru 500—600 rd. eru að eins nú 6 að tölu, og þannig mjög fá að tiltölu við hin smærri brauð; en hin, sem eru 600,—700 rd. eru að eins 2, eða nú að líkindum ekki nema 1, því Gaulverjarbær er annað af þeim; af þessum ástæðum er það nú líklegt, að minna muni vinnast að minnsta kosti eptir tölul. 22 en eptir stjórnarfrumvarpinu.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki talað fyrri í þessu máli, en þar eg er einn af nefndarmönnum ætla eg að mæla fáein orð, enda þó það sè að nokkru leyti óþarft, því hinn háttvirti framsögumaður hefir fært ástæður fram móti breytingaratkvæðunum, enda eru þau flest svo, að þau bæta ekki úr fyrir breytingum nefndarinnar. Það var nú mikið rætt við undirbúningsumræðu þessa máls um það, að brauðamatið, eins og það nú væri, væri óhafandi til undirstöðu fyrir eptirlaunum uppgjafapresta og presta-ekkna, og það kann nú máske að vera, að brauðamatið sè ekki sem nákvæmast, og nefndin vissi það, og talaði um það á nefndarfundum sínum, en hún varð líka að álíta, að það lægi fyrir utan sinn verkahring að taka brauðamatið til meðferðar, og sè nú þetta brauðamat óhafandi, hvernig geta menn þá vænt að fá upp brauðamat, sem ekkert verði að fundið; um breytingaratkvæðin ætla eg lítið að tala, það er einungis töluliður 20 á atkvæðaskránni, sem eg vildi minnast á, ef sá útreikningur verður tekinn, sem þar er

farið fram á fyrir árgjaldi presta, þá getur þetta verið nokkuð tilfinnanlegt á sumum brauðum einkum þar sem prestsekkja er í brauðinu, þar presturinn, auk þess sem ekkjan fær, á ætíð að svara hálfu árgjaldi, svo afdrag brauðsins yrði í allt töluverð summa; því verð eg að álíta, að réttast væri að hafa árgjaldið eins og það er í stjórnarfrumvarpinu; yfir höfuð vona eg, að þingið styðji að því, að frumvarpið fái sem fyrst lagagildi, því eg þekki nokkrar prestsekkjur sem hafa sannarlega þörf fyrir að fá meiri lífsframfæris styrk en þær hafa fengið hingað til, og það er aðaltilgangur þessa lagaboðs að bæta úr nauð uppgjafapresta og presta-ekkna.

Sveinn Níelsson: Eg ætla nú eigi að bæta neinu verulegu við það, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram. Það er að eins það, sem eg vildi athuga, að breytingaratkvæðið undir tölul. 1. virðist fremur óviðfelldið, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, því að svo lítur út, sem til þess sé ætlazt, að brauðamatið sé óstaðfest enn í 13 ár, og þá sé það endurskoðað. Mér þykir nú ekkert að því, að brauðamatið sé endurskoðað, og eg held að það sé nauðsynlegt því að það mun þurfa þess með. En það er annað, sem eg kann ekki við, og það er það, að allt af sé verið að káka við þetta brauðamat allt af á hverjum 15 árum. En eg vildi, að þegar brauðamatið næst er tekið fyrir til endurskoðunar og umbótar, að svo væri þá frá því gengið, að það gæti varað nokkuð lengur en í 15 ár.

Sighvatur Árnason: Það er helzt breytingaratkvæðið undir tölulið 1, við 1. grein frumvarpsins, sem eg verð að vera meðmæltur, því að eg er sannfærður um, að brauðamatið frá 1853 er eigi sem bezt úr garði gjört. Að öðru leyti virðast mér nú flest hin breytingaratkvæðin þýðingarlítil. Mér þykir að sönnu sá galli á breytingaratkvæðinu undir tölulið 1., að af því er að ráða, að þetta brauðamat sé eigi endurskoðað fyrr en eptir 15 ár hèr frá. Þessi tími er í rauninni helzt til of langur, því að þá stendur brauðamatið frá 1853 í 28 ár með öllum sínum göllum. Eg tók svo orð uppástungumannsins við inngangsumræðuna, að hann miðaði næstu endurskoðun við brauðamatsgjörðina 1853, en kemur nú öðruvísi út, og ekki sem bezt orðað. Eg er nú sannfærður um, að sem stytzt ætti að vera að því takmarki, er brauðamatið yrði endurskoðað, bæði vegna þeirra upprunalegu galla á því, og breytinga þeirra sem verða í áframhaldi tímans á ýmsu, sem hèr liggur til grundvallar, sem við langt tímabil hlýtur að valda ósanngirni

í árgjaldi prestakallanna. Viðvíkjandi hinum breytingaratkvæðunum, þá vil eg vera meðmæltur breytingaratkvæðinu undir tölulið 20. og 23. við 7. grein frumvarpsins, og þó sèr í lagi breytingaratkvæðinu undir tölulið 20., því að það bætir talsvert úr þeim bágbornu kjörum uppgjafapresta og presta-ekkna, sem allvíða eiga sèr stað, og eptir því hlutfalli, sem ákveðið er í þessu breytingaratkvæði um árgjald brauðanna, þá virðist það eigi koma tilfinnanlega niður á hverju einstöku brauði, en bætir þó auðsjáanlega nokkuð úr kjörum þeirra sem þiggja eiga. Hin breytingaratkvæðin eru eptir minni meiningu þýðingarminni og sum þarflaus

Konungsfulltrúi: Það eru komin fram mörg breytingaratkvæði í þessu máli, en eg segi það sama um þau, sem hinn háttvirti framsögumaður, að þau mega flest öll missa sig.

1. Breytingaratkvæðið hljóðar um endurskoðun brauðamatsins hvort 15. ár. Þetta felli eg mig vel við, því með þessu móti má laga misfellur þær, sem ef til vill, eru á matinu og mèr hefir skilizt svo á þinginu, að það mundi aðhyllast þessa endurskoðun; en þar á móti get eg ekki fallizt á niðurlagsorðin í þessu atkvæði: «og síðan allramildilegast staðfest». Því með staðfestingu brauðamatsins stendur og fellur flokkaskipun brauðanna, og um leið frumvarpsins ákvarðanir, sem á því eru byggðar. Staðfesting brauðamatsins nú þegar, og endurskoðun þess á hverjum 15 ára fresti getur vel sameinazt.

Atkvæðið undir tölulið 4, get eg með engu móti aðhyllzt. Það snertir konungsins einkarètt, og liggur fyrir utan þingið, og vona eg því, að þingið felli þetta breytingaratkvæði. Breytingaratkvæðið nr. 7. er óþarft, því það má ekki gjöra ráð fyrir því, að presturinn heimti aðrar tekjur, en lög eru fyrir. Breytingaratkvæðið undir tölulið 8. hefir þann tilgang, að hlynna að þeim þjónandi presti, eður að láta hann fá nokkur ómakslaun fyrir það, að hann innheimtir tekjurnar fyrir uppgjafaprestinn ásamt sínum eigin. Þó það nú, þegar á allt er litið, virðist rèttast, að uppgjafapresturinn fái sinn hluta úr tekjunum með því verði, sem er á hverri gjaldaurategund, þá, eins og segir í frumvarpi stjórnarinnar, skal eg þó með tilliti til þess, að presturinn getur ef hann vill, tekið sinn hluta úr tekjunum in natura, ekki beinlínis setja mig á móti þessu breytingaratkvæði, en það verður að vera á þingsins valdi, hvort það kemst að eða ekki. Breytingaratkvæðin 20 og 22 miða til að koma afgreiðslunni af brauðunum

í meiri samhljóðun við tilskipunina, en hún ef til vill er í frumvarpinu frá stjórninni, og að þessu verður ekki fundið; einungis skal eg taka fram um breytingaratkvæði 20, að mèr virðist það nokkuð smágjört, eða of nákvæmt, er það fer í brot úr skildingi, og svo virðist mèr eins og presturinn þyrfti, ef eg skil atkvæði þetta rètt, að gjöra árlegan reikning fyrir tekjunum, og því felli eg mig betur við atkvæðið undir tölulið 22. Annaðhvort af þessum breytingaratkvæðum gjöri eg ráð fyrir að kæmist að við atkvæðagreiðsluna, og ríkar það nokkuð afgreiðsluna, en þó ekki, að því er virðist, um skör fram. Hin önnur breytingaratkvæðin gjöra hvorki til nè frá.

Stefán Jónsson: Mèr er nú reyndar ekkert kappsmál um breytingaratkvæði mitt og þingmanns Barðstrendinga undir tölulið 1. En mèr gekk það til að koma með það, að eg vissi, að ef fást ætti nákvæmt brauðamat, þá væri nauðsyn á að endurskoða brauðamatið frá 1853. Og eg held, að enginn geti neitað því, að fullar ástæður sèu til að endurskoða það. Það hefir einkum verið haft á móti þessu breytingaratkvæði, að ef því væri fylgt, þá yrði brauðamatið eigi endurskoðað fyrr en eptir 15 ár. En það virðist mèr að sè röng meining. Það eru liðin 12 ár síðan brauðamatið fór fram, og ef breytingaratkvæðið mætti skiljast svo, að brauðamatið skyldi endurskoðað að 15 árum liðnum, frá því að það var gjört, þá yrði endurskoðunarinnar eigi að bíða nema í 3 ár; en þó að tilskipunin, ef hún kemur út sem lög, ekki geti haft tilbakaverkandi krapt og þess vegna yrði árgjaldið af brauðunum að vera við það sem nú er, þar til brauðamatið verður endurskoðað og staðfest, þá spillir breytingaratkvæðið ekki nefndarálitinu í minnsta máta. Eg sè eigi, að breytingaratkvæðið geti hindrað endurskoðunina eins og áður er sagt, ef stjórnin á annað borð vill láta endurskoða brauðamatið, og fyrir þá sök er því ekki ástæða til að fella það. En enda þótt nú brauðamatið yrði ekki endurskoðað fyrr en að 15 árum hèr frá, þá er það þó betra en ekki. Þess vegna get eg ekki sèð, að breytingaratkvæðið skemmi, hvernig sem fer.

Konungsfulltrúi: Það voru einungis niðurlagsorðin í atkvæðinu undir tölulið 1., sem eg hafði í móti, af ástæðum þeim, sem eg tók fram áðan.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal nú eigi mæla mikið fram með breytingaratkvæði mínu undir 20. tölulið. Hinn hæstvirti konungs-

fulltrúi hèlt, að prestar ætti eptir breytingaratkvæði mínu, að telja árlega fram tekjurnar af brauðinu, og yrði því útreikningur árgjaldsins erviður eptir uppástungu minni, en þetta er ekki meiningin, og sèst það bezt, ef frumvarpið er borið saman við breytingaratkvæðið, þar sem það er sett í stað þessarar málsgreinar í frumvarpinu: að »af brauðum, sem *eptir brauðamatsgjörðinni frá* 1853» o. s. frv., og eptir þessu stendur þá sú ákvörðun frumvarpsins alveg óhögguð, að árgjaldið skuli talið *eptir brauðamatsgjörðinni 1853*, því að mitt breytingaratkvæði er bundið við brauðamatsgjörðina 1853. Þetta getur hinn hæstvirti konungsfulltrúi sannfærzt um, ef hann gætir þess, að eg hefi enga breyting gjört á þessum orðum frumvarpsins: «eptir brauðamatsgjörðinni 1853», sem tiltaka, að dalatal brauðanna og árgjaldið af því skuli vera eptir brauðamatsgjörðinni, en eigi eptir *árlegu* mati, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi getur þó sèð, að hann hefir misskilið breytingu mína, því að eg hefi aldrei farið því fram, að *brauðamatið 1853* skyldi eigi verða staðfest. En það eitt sem mèr gekk til með breytingaratkvæði mitt var það, að jöfnuður gæti alveg komizt á með hið árlega gjald brauðanna, það er að segja, að það yrði í jafnt vaxandi hlutfalli eptir því sem brauðin hækkuðu. En í frumvarpinu er þessa eigi gætt, þar er t. a. m., sama árgjald af 300 rd. og 399 rd. brauði, en eptir breytingaratkvæði mínu vex árgjald brauðsins í jöfnu hlutfalli við hvern ríkisdal sem það hækkar. Í öðru lagi verð eg að alíta rètt, að árgjaldið vaxi því meir sem brauðin hækka. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að hærri brauðin hefði opt þá galla, sem minni brauðin hefði eigi, og þá liggur beinast við, að hann álíti, að þau sè erviðari. En eg verð þó að halda, og það muni vera nóg dæmi því til sönnunar, að rýru brauðin eru, ef á allt er litið, engu óerviðari en hin stærri, og óhætt mun að fullyrða, að fátæku brauðin sèu upp og ofan fullt eins örðug. En annar galli er á stóru brauðunum, og hann er sá, að þar er sumstaðar orðið að föstum vana, að prestur gefi meira eptir af tekjum sínum eður veiti meira, en á hinum rýrari brauðum. Breytingaratkvæðið undir tölulið 22. fer nú líku fram sem breytingaratkvæði mitt, að það vill, að árgjaldið hækki eptir því sem tekjurnar hækka, en það bindur sig aptur meira við tölur stjórnarfrumvarpsins. En mèr finnst, að úr því breytt er frumvarpinu, þá eigi að fara eptir þessari flokkaskipun brauðanna í stjórnarfrumvarpinu: aðalbrauð, betri meðalbrauð, o. s. frv. Þetta

er nú tekið inn í breytingaratkvæðið undir tölulið 20. samkvæmt 1. grein frumvarpsins, sem byggð er á brauðamatinu 1853. Því annaðhvort verða menn nú að álíta brauðamatið 1853 alveg ónýtt, eða þá menn verða að álíta einhvern sannleika í því, og þess vegna verð eg að álíta, að réttast sé að haga upphæð árgjaldsins eptir því, og hafa það lægst á hinum fátækustu brauðum, en láta það vaxa eptir vissu töluhlaupi á hinum betri flokkum brauðanna. Enn fremr vil eg benda til þess, að frumvarpið hefir ójafnt hlutfall í álögu árgjaldsins, þannig að árgjaldið er hæst af 250—300 rd. brauðum, það er að segja 2 af hundraði, eður helmingi meira en af 500—600 rd. brauðum, og fjórfalt meira en af 600-700 rd. brauðunum. Af 300—400 rd. brauðum er árgjaldið $1^1/_2$ af hundraði; af 500—600 rd. brauðum 1 af hundraði; en aptur á mót er árgjaldið af 600—700 rd. brauðum eigi nema $^1/_2$ af hundraði. Eg skil nú eigi, að nokkurt breytingaratkvæði hefði verið gjört við frumvarpið, þó það hefði látið árgjaldið vera jafnt af hverjum 100 rd.; en þegar árgjaldið er þar hæst af sumum fátækustu brauðunum, en lægst af sumum þeim hæstu, þá finnst mèr full ástæða til að gjöra við það breytingaratkvæði. Eg vildi leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir við 8. tölul. Í frumvarpsins 4. gr. stendur: »En þegar svo er ástatt, borgar hann uppgjafaprestinum eptirlaun hans eptir *verðlagsskrár verði á sèrhverjum þeim eyri* o. s. frv. En nú vill nefndin, að presturinn gjaldi uppgjafaprestinum tekjur sínar *eptir meðalverði allra* meðalverða í hvers árs verðlagsskrá. Það hefir nú víst verið meining nefndarinnar, að hinn þjónandi prestur kæmist betur út af því, að greiða uppgjafaprestinum tekjuhluta hans eptir aðalmeðalverði, heldur en eptir verðlagsskráar verði á sèrhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar«. Eða er ekki meiningin sú (*Framsögumaður:* Jú). Eg held nú að þetta sè þvert á móti sumstaðar óhagur fyrir hann. Í upphafi 4. greinar frumvarpsins stendur: »Nú óskar uppgjafapresturinn, að eptirmaður sinn —, þá getur eptirmaðurinn *eigi skorast undan því*«. Eg skil nú þetta svo, að eptirmaðurinn í brauðinu geti *ekki skorazt undan* að heimta tekjurnar fyrir uppgjafaprestinn, og að hann geti þá heldur eigi skorazt undan að greiða honum þær eptir meðalverði. Þetta verður eptir verði á hverjum sèrstökum landaurum, sem goldnir eru, ef frumvarpinu verður framgengt; en eptir uppástungu nefndarinnar, þá má hann greiða tekjurnar eptir meðalverði allra meðalverða.

Tíund er nú reyndar jafnan greidd eptir meðalverði allra meðalverða, og er því eigi um hana að tala; en öðruvísi er með leigur og landskuld. Eg veit nú til að víða í Eyjafjarðar- og enda í Þingeyjarsýslu stendur enn á sumum jörðum hið gamla sokkagjald. En tvinnabandssokkar eru að gömlu lagi 4 álnir; en nú fæst eigi meira fyrir þá en 32—36 sk., og verður þá alinin í þeim 8—9 sk. Nú þykir mèr það hart, að hinn þjónandi prestur skuli verða að gjalda uppgjafaprestinum 24 sk., sem er aðalmeðalverð á alin, þar sem hann hefir að eins tekið við 8 sk. Hið sama er að segja um tólgargjaldið, þar er alin ei nema á 16 sk.; en meðalalin er þó í ár 23½ sk. í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu. En framsögumaður og nefndin mun nú segja, að til sè annað gjald, sem hinum þjónandi presti sè hagkvæmt eptir hennar uppástungu og það er sauðagjaldið. Eg veit það, að sauðagjald er gott. En það vil eg segja, að það sè eins ósanngjarnt, að uppgjafapresturinn fái eigi líka að njóta þess, ef gjaldið er gott, eins og það er ósanngjarnt, að hinn þjónandi prestur verði að gjalda þess, þótt hann sè bundinn við að taka tekjur eptir gömlum byggingarbrèfum, og gjalda þannig 24 sk. í stað 8. Þar að auki eru veturgamlir sauðir eptir verðinu á þeim í verðlagsskránum hèr um 3 rd. 56 sk., þar sem þeir þó eigi ganga minna manna á millí en 4 rd. og enda meira. Af þessu gjaldi hefir því hinn þjónandi prestur töluverðan ágóða eður 40 sk. af hverjum sauð. Eg álít þess vegna stjórnarfrumvarpið sanngjarnara í þessari grein en uppástungu nefndarinnar, þar eð hvorugum er gjörður skaði eptir því sem það fer fram á. Og það á þó að vera tilgangur laganna, að halla á hvorugan.

Framsögumaður: Eg þarf nú eigi til muna að svara því, sem fram hefir komið, en eg vildi að eins leyfa mèr að gjöra eina athugasemd við það sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði. Hann sagði nefnilega, að hinn þjónandi prestur gæti haft ómetanlegan skaða af því, þar sem hann yrði að taka sokka í gjöld sín, er eigi næðu meðalalin. En honum hefir þá gleymzt það, sem tekið er fram í löggjöfinni um aukatekjur presta, þar sem einnig er talað um tíundina, að gjaldendur eiga kost á að greiða gjöld sín, hvort heldur þeir vilja í vörum eður í peningum. En ef þeir gjalda í vörum, þá má sá gjaldeyrir, er þeir gjalda, eigi vera í minna verði, en samsvari meðalalin eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni. Með þessu held eg þá, að þessari mótbáru sè hrundið.

Konungsfulltrúi: Eptir skýringu þá, sem þingmaður Borgfirðinga nú gjörði á breytingaratkvæði sínu, hefi eg ekkert við það að athuga.

Eiríkur Kúld: Eg skal nú hvorki tala langt erindi nè snjallt til að halda skildi uppi fyrir breytingaratkvæðum mínum í þessu máli. Eg skal leyfa mèr að taka mèr í munn vitnisburð þann, er hinn háttvirti framsögumaður gaf breytingaratkvæðunum, og mun hann hafa meint það til þeirra sem mèr eru eignuð, að þau væri flest meinlaus, en mig furðar þá á honum svo sanngjörnum manni, að hann skyldi eigi hjúkra þeim, fyrst þau voru meinlaus, betur en hann gjörði. Þingmaður Eyfirðinga hefir nú svarað þeim mótbárum, sem komið hafa á móti tölul. 1. og er sú helzta þeirra um 15 ára takmarkið. Einn nefndarmanna hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga kunni ekki við, að brauðamatinu væri breytt eptir 15 ár, heldur vildi hann láta það standa um aldur og æfi. En eg verð að segja honum það, að það verður vel að vanda sem lengi á að standa. En eg verð að vitna það til hans sjálfs, að hann hafi heima í hèraði og eins á þessu þingi fundið ótal galla á brauðamatinu, og þó vill hann núna ekki láta leiðrètta það á 15 ára fresti heldur löggilda það um aldur og æfi, er ekki svo? Eg held að slíkar mótbárur hins háttvirta þingmanns sè ekki nægar til að hrekja breytingaratkæðið. Þá er breytingaratkvæðið undir tölul. 4.; það hefir nú fengið ómildan dóm og það langtum ómildari en eg bjóst við að það mundi geta fengið. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði það á móti því, að þetta Prærogativ konungsins væri orðin einhver föst rèttarvenja. Eg veit nú að svo er. En hafi hann eða nokkur annar skilið svo breytingaratkvæðið, að það vefengi þenna rètt, þá er það frábær misskilningur, því hvorki kom mèr það í hug og slíkt finnst hvergi í orðum breytingaratkvæðisins. En um það er eg óviss, hvað mikla þýðingu eða ágæti fyrir sig að konungur leggur í þetta Prærogativ. Eg vil því, að brauðin í 1. flokki sèu veitt eptir sömu reglu og af hinum sama og brauðin í 2. flokki, því að konungur veitir brauðin í 1. flokki eptir «innstillingu» stiptsyfirvaldanna, en þau veita aptur brauðin í 2. og 3. flokki upp á væntanlega staðfestingu konungs; mèr sýnist því þetta vera hèr um bil sama og stipsyfirvöldin veiti öll brauð. Eg veit heldur eigi hvort konungi vorum er svo mjög um að gjöra að halda svo fast í þenna rètt. Eg hefi nú verið hèr á fyrri þingum og var því þá spáð af sumum hvort árið eptir annað, að konungurinn

mundi aldrei skrifa undir hinn íslenzka texta laganna, en hvernig fór? Og eins held eg að geti farið með þetta. Eins verð eg að álíta, að töluverður halli geti orðið af því fyrir prest þann, er að brauðinu kemur, að veitingin dregst við það, að brauðið er veitt erlendis. Eg gæti nú fært dæmi til þessa, og það er einn prestur hèr á þinginu, sem veit þetta af eigin reynd, hvort slíkur dráttur ei hafi ollað honum sjálfum og prestakallinu yfir höfuð allmikils óhagræðis, og breytingaratkvæði mitt miðar til þess að reisa skorður við slíku. Það hefir verið sagt, að þessi dráttur yrði minni nú eptir að gufuskipsferðirnar komust á. En fyrir gufuskipi getur nú líka tafizt, og þarf ekki lengi að leita að sönnunum fyrir því. Þá gat nefndin eigi aðhyllzt breytingaratkvæðið undir tölul. 14. Eg skal nú ekki tala margt til að styðja það, því að mèr stendur á sama hvað um það verður, ef breytingaratkvæðið undir tölul. 13 kemst að, sem fer í sömu stefnu og tölul. 14. Eg tók mitt breytingaratkvæði þess vegna, að eg hèlt, að það væri tilvinnandi, þegar eigi kostar nema 2—3 orð að fyrirbyggja misskilning á því sem eiga að vera lög. Breytingaratkvæðið undir tölul. 16 þótti nú framsögumanni óhafandi, af þeirri ástæðu, ef eg hefi skilið hann rètt, að þess þyrfti eigi við, þar eð prófastur hefði rètt til að taka presta með sèr til að jafna þessu niður, ef honum sýndist þess þurfa við. En það getur verið, að prófasturinn, nema honum sè gjört það að lagaskyldu, af hlífð við prestana kveðji þá eigi til atkvæða um þetta, svo hann spari þeim ómak, og orsakist af því, að hann prestunum óafvitandi skiptir þessum peningum, það gjörræði, sem hann vildi forðast, og það getur hann með því að taka sóknarprestinn með, því að hann er vanalega kunnugri ástandi ekknanna en prófasturinn optast getur verið. Þar að auki, ef þetta er ákveðið með lögum, þá er engin undanfærsla fyrir prestana að eiga hlut að niðurjöfnuninni. Eg gæti ímyndað mèr, að spursmál gæti orðið um, ef prófastur kveður presta með sèr til þessa, hvort þeir, hvernig sem ástæði, ætíð mundu viljugir gjöra það, ef þeim þætti vafasamt, hvort prófasturinn hafi lagarètt til að skipa það. Hins vegar ímynda eg mèr, að prófasturinn mundi hlífast við að kalla presta langan veg, einkum væri það um vetur; en þegar lög eru fyrir því, þá eru prestar skyldir til þess, og hljóta að fara ef svo á stendur. Að því er snertir hin önnur breytingaratkvæði, skal eg geta þess, að eg mun helzt halla mèr að breytingaratkvæðunum undir tölul. 21 og 22, því að mèr þykir þau töluvert betri en

frumvarpið og líka glöggari en breytingaratkvæðið undir tölul. 20. Það eina sem hinn háttvirti framsögumaður hafði á móti þessum breytingaratkvæðum var það, að stærstu brauðin hefðu einatt hina mestu annmarka. En eg verð nú að segja, að eptir því sem eg þekki til, að minnsta kosti á Vesturlandi, þá eru það einmitt minnstu brauðin, sem eru hvað erviðust og hafa mesta annmarka. Að öðru leyti skal eg eigi fara fleiri orðum um breytingaratkvæði mín, þau verða að standa og falla sínum herra.

Konungsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga tók fram, viðvíkjandi breytingaratkvæði hans undir 16. tölul., skal eg leyfa mèr þá athugasemd, að mèr virðist það geta orðið of miklum erviðleikum bundið að kalla hlutaðeigandi presta til að jafna niður pensíóninni milli ekknanna, þegar þær eru fleiri en ein í einhverju brauði, því presturinn getur opt verið í miklum fjarska við prófastinn, eins og hèr hagar til; og eg sè heldur ekki, til hvers þetta er, því prófasturinn getur allt eins vel skrifazt á við hlutaðeigandi prest um málið, og það mun hann yfir höfuð gjöra, þegar hann er í einhverri óvissu eða vafa um hlutaðeigandi ekkjur og efnahag þeirra, og þessi aðferð þykir mèr því eiga bezt við; annars get eg ekki ætlað hlutaðeigandi prófasti minna, en að skipta einsömlum og það rèttlátlega pensíóninni milli ekknanna.

Pètur Pètursson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið flest það fram, sem mèr finnst athugandi. Eg skal einungis geta þess viðvíkjandi 1. tölulið á atkvæðaskránni, að eg get ekki skilið, að þingið geti fallizt á það breytingaratkvæði, eins og það er hèr orðað; eg er öldungis ekki á móti endurskoðun á brauðamatinu í sjálfu sèr; en hèr stendur: »en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á *hverjum* 15 ára fresti og *síðan* allramildilegast samþykkt«; eptir því sem orðin eru hèr, verður matið aldrei staðfest, og er þetta miður heppilega orðað. Breytingaratkæðinu undir tölulið 3. hef eg ekki á móti. Aptur á móti er eg öldungis á móti breytingaratkvæðinu við tölulið 4, af þeim ástæðum, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga var mjög mótmæltur breytingu nefndarinnar, undir tölulið 8, vegna þess að hann hèlt, að emerítprestar mundu sumstaðar hafa af því baga, en sumstaðar ábata; mèr virtist sem hann kenndi í brjóst um emerítpresta ef að landaurar eru hærri í verði en meðalverð allra meðalverða, en aptur kendi hann í brjóst um hina þjónandi presta,

þegar þeir eru undir meðalverði; eg held að halli þessi og ábati muni standast á, og verð eg því að vera með nefndinni. Hvað snertir breytingaratkvæðið undir tölulið 20, þá skyldi eg fallast á það, ef eg ekki væri hræddur um, að eptir því yrði ársgjaldið af beztu brauðunum of hátt; eg held það mundi verða allt að 20 rd. Eg hef ekki á móti tölulið 21. Eg felli mig bezt við tölulið 22. ef nokkra breytingu skal gjöra, sem mèr ekki virðist nauðsynlegt; en tölur hafa opt átt lítinn rètt á sèr hèr á þingi. Mörg af hinum breytingaratkvæðunum miða til þess að skýra málið og er eg frá mínu sjónarmiði þeim þess vegna ekki mótfallinn.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg ef til vill hef misskilið hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga að nokkru leyti, því eg heyrði ekki, að hann tók tíundina undan, og eru því athugasemdir mínar, hvað það snertir, órèttar. Mèr er kunnugt, að sokkagjald er enn sumstaðar greitt í landskuldir og leigur, en ekki mun það samt víða vera nè mikið, svo varla þarf að óttast, að presturinn nokkurn tíma hafi skaða af að svara hluta uppgjafaprestsins eptir meðalverði allra meðalverða. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölulið 16, þá hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi tekið fram, að prófastur geti skrifazt á við prestana, ef að honum þætti eitthvað vafasamt, og finnst mèr þetta vera einfaldur og góður vegur. Svo gæti staðið á, að 3 ekkjur væru í einu brauði, en sín í hverju prestakalli; væri nú prófastur skyldur að kalla til 2 presta, yrði þá ein ekkjan út undan, þar sem hennar sóknarprestur ekki væri með, og hver þeirra ætti það að verða? Aptur gæti prófastur skrifazt á við alla prestana.

Pètur Guðjónsson: Því hefir verið hreift, að breytingaratkvæðið undir 20. tölulið væri ósanngjarnt vegna þess, að eptir því mundi ársgjaldið af beztu brauðunum verða yfir 20 rd. Eg veit reyndar ekki fyrir víst, hve miklum tekjum menn gjöra ráð fyrir af þessum brauðum, en eg ímynda mèr að það ekki verði gjört ráð fyrir yfir 1000 rd. Væri þessu breytingaratkvæði fylgt yrði ársgjaldið þannig: Af brauðum í 4. flokki yrði það frá 1 rd. 4 sk. til 2 rd. 56 sk., af brauðum í 3. flokki frá 3 rd. 62 sk. til 5 rd. 20 sk.; af brauðum í 2. flokki frá 6 rd. 44 sk. til 7 rd. 61 sk. og af brauðum í 1. flokki frá 11 rd. til 17 rd. Niðurjöfnun þessi finnst mèr sanngjörn, og mun eg gefa atkvæði mitt með þessu breytingaratkvæði.

Jón Pálmason: Vegna þess, að eg er einn af þeim, sem eiga

breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, ætla eg að leyfa mèr að tala nokkur orð, án þess eg ætli mèr að gjöra það að nokkru kappsmáli að verja breytingaratkvæði mitt. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður hefir gjört breytingaratkvæði í líka stefnu og eg, svo eg þykist sjá, að mitt breytingaratkvæði stendur eða fellur með hans, eða með öðrum orðum, vilji þingið fallast á hans breytingaratkvæði, er tilgangi m'num náð, þar sem hann fer fram á að ársgjaldið sè 10 rd. af þeim brauðum, sem metin eru 700 rd. og þar yfir, þó eg ímyndi mèr að breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga verði hlutskarpast. En það sem hvatti mig til að koma fram með mitt breytingaratkvæði var, að gjaldið kæmi tiltölulega sem rèttast niður, eins á hinum betri brauðum sem hinum lakari.

Björn Pètursson: Af því að eg leiddist til að tala um þetta mál við undirbúningsumræðuna, sem aldrei skyldi verið hafa, verð eg að segja nokkur orð. Eg ætla ekki að tala um öll breytingaratkvæðin, sem standa á þessari atkvæðaskrá, sem er svo löng og há, að mig sundlar af að horfa á hana. Eg ætla fyrst að byrja á byrjuninni, og á tölulið 1. Þegar eg ekki tek til greina, hvernig breytingaratkvæðið er orðað, en lít á meininguna, sem í því átti að vera, get eg í öllu verulegu fallizt á það. Eg held ekki að það sè meiningin, að brauðamatið skuli endilega endurskoðað á hverjum 15 ára fresti, heldur 15 árum eptir að það var staðfest, sem mig minnir að væri gjört 1853, og vil eg því skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki megi við atkvæðagreiðsluna fella úr orðið «hverjum».

Forseti: Eg held að þingmaðurinn misskilji þetta öldungis. Meiningin er sjálfsagt sú, að brauðamatið skal endurskoða á hverjum 15 ára fresti, og löggilda það í hvert skipti, en eptir því sem uppástungan er orðuð, þá á hún óheppilega við, til þess að geta fengið út þessa meining. En eg get gjarnan leitað atkvæða um það sèr í lagi, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, hvort þingið vilji, að slík endurskoðun fari fram, eða um miðbikið á uppástungunni, rètt til þess, að stjórnin fái að vita álit þingsins í þessu efni; en að öðu leyti sè eg ekki til neins að vera að breyta uppástungunni, því hún verður allt af óheppilega orðuð, þegar hún er sett saman við frumvarpið.

Björn Pètursson: Eg ætla þá ekki að halda þessu fast fram; en þá get eg ekki gefið breytingaratkvæðinu mitt atkvæði; því eg

vil ekki gjöra það að lagaskyldu, að brauðamatið sè endurskoðað 15. hvert ár. Breytingaratkvæðið við tölulið 4 fer fram á, að konungur missi þann rètt, sem hann hefir haft til að veita nokkur brauð á landinu, eins og hann hefir hingað til gjört; eg skil ekki betur en að rèttast sè að láta þetta vera eins og verið hefir; eðlilegast fyndist mèr, að fyrst konungr samþykkir veitinguna á 2. og 3. flokk brauðanna, að hann þá líka megi halda þeim rètti, sem hann hingað til hefir haft til að veita beztu brauðin; 4. flokkurinn er svo ómerkilegur, að það er ekki ómaksins vert fyrir konung, að skipta sèr af veitingu hans. Eg hefi líka aðra ástæðu fyrir því, að eg ekki get gefið atkvæði fyrir tölulið 4. Eg hefi opt heyrt, að menn eru óánægðir með brauðaveitingar stiptsyfirvaldanna, og það bæði klerkar og leikmenn; hefi eg opt heyrt því hreift, að brauðin stundum ekki væru veitt eptir maklegleikum, heldur stundum þvert á móti; en ekki hefi eg heyrt menn kvarta eins sáran yfir veitingum konungs. Eg veit sjálfur ekki hvað satt er í þessu, því eg hefi aldrei sett mig inn í það mál, en einungis heyrt aðra segja þetta. Viðvíkjandi tölulið 8, þá finnst mèr nefndin vilja þröngva kostum emeritprestanna og prestsekknanna; mèr finnst stjórnin vera þeim betri. Nefndin vill taka nokkuð af tekjum uppgjafaprestsins í gjaldheimtulaun handa hinum þjónandi presti, sem þó æfinlega verður að heimta samkynja tekjur fyrir sjálfan sig, og er þá svo fyrirhafnarlítið fyrir hann að taka hitt með, að það er ekki nema lítill greiði; ekki getur hinn þjónandi prestur heldur beðið tjón af því, eins og sumir hafa hreift, því að ekki þarf hann að standa skil á öðru en því, sem inn heimtist, svo skaðinn kemur tiltölulega jafnt niður á báðum, ef eitthvað vanheimtist af tekjum brauðsins. Eg get því ekki lagt það til, að presturinn fái rètt til að taka undir sjálfum sèr svo miklar «prócentur» af hluta uppgjafaprestsins, þó hann heimti inn tekjur hans ásamt sínum, eins og nefndin fer fram á; það getur opt orðið býsna mikið, því meðalverð allra meðalverða er optast miklu lægra en skileyrir sá, sem goldinn er. Mèr finnst eðlilegt, að báðir njóti þess sem greiðist, og báðir líði tiltölulegan halla við það, sem ekki greiðist. Eins er um presta-ekkjurnar. Mèr skilst nefndin vilja láta það vera á valdi prestsins, hvort hann gjaldi ekkjunni í skileyri eða eptir verðlagsskráarverði; mèr er ekki ljóst, hvort meint er með því meðalverð allra meðalverða, en stjórnin vill láta það vera komið undir samkomulagi við ekkjuna, og það líkar mèr betur.

Eg vil fara sem bezt bæði með ekkjur og uppgjafapresta. Töluliðirnir 13 og 14 finnast mèr báðir óþarfir, því það er tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu við 5. grein, hverjar prestaekkjur megi vænta eptirlauna. Á tölulið 16 verð eg að fallast; hinum hæstvirta konungsfulltrúa fannst það að vísu of mikið ómak fyrir prestana, ef þeir væru langt frá prófasti, að koma á hans fund, en hann kom með það ráð, sem eg álít gott, að prófastur skrifist á við prestana, ef þeir eru langt burtu; hina getur hann kvatt til sín sem eru í grennd. Á 22. tölulið vil eg fallast, því mèr finnst sanngjarnt, að gjaldið sè því hærra sem brauðið er betra; ef þessi töluliður verður samþykktur, fellur hinn 23., og skal eg ekki tala um hann. Viðvíkjandi 25. tölulið skal eg einungis geta þess, að nefndin hefir einmitt tekið upp breytingaratkvæði það, sem eg áskildi mèr við undirbúningsumræðuna, en þá var álitið óþarft.

Jón Pètursson: Eg á 3 breytingaratkvæði á atkvæðaskránni. Hið fyrsta þeirra, það undir tölulið 7 gjörði eg vegna þess, að mèr fannst mega misskilja frumvarpið; en ef bætt er inn í orðunum «lögum samkvæmt« er öllum misskilningi útrýmt, og ef breytingin skýrir frumvarpið, finnst mèr hún ekki óþörf; annars stendur mèr á sama, þó viðauka-atkvæði þetta sè fellt, en öllum liggur í augum uppi, að hæglega má misskilja frumvarpið. Viðauka-atkvæðið undir 13 tölulið á að vera til þess að skýra meiningu þá, sem eg eptir ástæðunum til frumvarpsins held að stjórnin hafi viljað leggja í það, þegar talað er um prestsekkjur í 5. grein þess, en það er ekki til að skýra hinn núgildanda rètt, heldur gjörir það breytingu í honum. Eigi sú meining, sem um er getið í ástæðunum, að komast inn í frumvarpið sjálft held eg að viðauka-atkvæðið sè með öllu nauðsynlegt. Það er sagt í ástæðunum, að orðið »prestsekkjur« eigi ekki einungis að skiljast um ekkjur eptir þá presta sem burtkallast meðan þeir þjóna brauði, heldur og um ekkjur eptir þá presta, sem burtkallast eptir að þeir fengu lausn. Þetta er auðsjáanlega mjög ónákvæmlega orðað í ástæðunum, því uppgjafaprestar burtkallast ætíð eptir að þeir hafa fengið lausn, og þá ætti eptir orðunum í ástæðunum ekkert að koma upp á það, hvort ekkjan hefir gipzt prestinum áður en hann fekk lausn eða á eptir, en á þessu er þó mikill munur gjörandi. Ef að því nú frumvarpið vill gjöra breytingu á hinum núgildandi rètti, og meinar einungis þær ekkjur — sem eg og ekki efast um að það gjörir — sem gipzt

hafa á undan því, að maður þeirra fèkk lausn, þá þarf þetta skýlaust að takast fram í frumvarpinu; en sè þetta ekki gjört, skil eg ekki hvernig frumvarpið geti ætlazt til, að menn gætu neitað nokkurri ekkju um eptirlaun, þó hún hafi ekki gipzt prestinum fyrr en eptir það að hann fekk lausn. Að öðru leyti er mèr sama þó viðauka-atkvæðið falli, en þó þykir mèr vafasamt hvort dómstólarnir muni skilja frumvarpið, sem stjórnin vill. Hinn háttvirti framsögumaður áleit, að breytingaratkvæði mitt undir 17. tölulið gjörði enga breytingu; hann sagði, að frumvarpið og hin eldri löggjöf væri eins í þessu tilliti. Væri nú þetta svo, þá væri orðin í frumvarpinu »og presturinn eigi þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig« með öllu óþörf, og mættu því falla burt; en þetta er misskilningur. Eptir kgsbr. 1750 mátti ekkjan nota hlunnindin, ef hún gat, og presturinn þá að eins, ef hún ekki gat það; en eptir frumvarpinu getur ekkjan ekki einu sinni fengið jörðina, auk heldur notið hlunninda hennar, ef presturinn vill brúka jörðina; frumvarpið breytir því í þessu með öllu hinum eldri lögum, og það einmitt í óhag fyrir ekkjuna, sem eg er þó viss um, að það ekki hefir viljað gjöra. Auk þessa mega prestar engan veginn setja kirkjujarðirnar í eyði, og leggja þær undir bú sitt, án leyfis stiptsyfirvaldanna; en í þessu gjörði frumvarpið breytingu, ef áminnztum orðum í því eigi væri sleppt burt. Við 3. tölulið á atkvæðaskránni kann eg vel, einkum ef brauðamatið verður endurskoðað. Eg er sannfærður um að við nýtt brauðamat, mundi töluvert fleiri brauð en nú komast upp úr 700 rd., og við það fjölguðu brauð þau, sem konungur eptir frumvarpsins 1. gr. á að veita; en hvernig gæti þá staðið í frumvarpinu, að konungur einungis veiti þessi 8 brauð, sem þar eru nefnd, eptir það að önnur yrði jafngóð eða betri við endurskoðunina, eg set að það yrði 14 brauð eður fleiri í 1. flokki og sem konungur ætti, sem sagt, að veita öll eptir frumvarpsins 1. gr. Hvað tölulið 8 snertir, þá kann eg betur við frumvarpið en breytingu nefndarinnar. Við 20. tölulið kann eg vel; þar er viðhafður hinn rètti mælikvarði, til þess að »kontribútíónin« geti farið vaxandi í rèttu hlutfalli, eptir því sem brauðin eru góð til.

Jón Bjarnason: Eg er þeirrar meiningar, að heldur sè of langt, að 15 ár líði milli þess, að brauðamatið sè endurskoðað; eg álít 10—12 ára millibil nægilegt; það er verulegt atriði að brauðamatið sè opt endurskoðað, því það er sá eini tekjustofn eður lífeyrir fyrir uppgjafapresta og presta-ekkjur, enda hefir end-

urskoðunin ekki mikinn kostnað í för með sèr; opt er brauðunum ekki lengi að muna fram eða aptur, t. a. m. þar sem selveiði eða varp er; að vita hvort þessi arðsömu hlunnindi fara vaxandi eða þverrandi; það hefir eflaust verið meiningin í breytingaratkvæðinu, að matið skyldi gjörast og staðfesta á hverjum 15 ára fresti; þegar menn segja að það aldrei verði staðfest eptir breytingaratkvæðinu, þá er atkvæðið ekki rètt skilið. Viðvíkjandi 16. tölulið, þá álít eg það betra og jafnvel nauðsynlegt, að prófastar kveðji presta eður aðra hæfilega menn með sèr; það er betra fyrir þá sjálfa, og getur komið í veginn fyrir, að nokkur verði fyrir halla. Hvað snertir 20. tölulið, þá er mesta sanngirni í, að ársgjaldið hækki eptir því sem brauðin eru betri; það held eg sè ekki rètt að segja, að optar sèu fleiri annmarkar og erviðleikar á hinum betri brauðum en þeim minni; eg skal taka til dæmis 2 brauð, sem liggja hvort nálægt öðru; það er Hítardalur og Staðarhraun; er Hítardalur eitthvert með hægustu og beztu brauðum en Staðarhraun þvert á móti. Annars virðist mèr mörg af breytingaratkvæðunum vera óþörf.

Hjálmur Pètursson: Hvað áhrærir breytingaratkvæðið undir tölulið 1, þá skal eg geta þess, að eg hefði gefið því atkvæði mitt, ef það hefði verið orðað hèr á atkvæðaskránni, eins og eg hafði búizt við, samkvæmt því sem uppástungumönnum fórust orð við undirbúningsumræðuna. En nú get eg ekki fallizt á það, eins og það er, þó eg annars áliti endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar mjög nauðsynlega; þar á móti get eg fyrir mitt leyti fallizt á breytingaratkvæðið undir tölulið 4. þó máske fáir verði með því; mèr finnst það eðlilegt, og samkvæmt anda þessara tíma, að brauðin sèu veitt innanlands, og eg skil ekki, hvað er á móti því, að óska eptir þessari stjórn inn í landið; eg álít nóg að konungur einungis staðfesti brauðaveitingar hèr á landi, og ekkert unnið við, þó hann veiti þessi beztu brauð fremur en hin þau lakari, það getur líka ollað drætti á veitingunni brauðinu til skaða, og sóknarfólki til meins og óánægju, eins og dæmin hafa sýnt. Eg mun því gefa þessu breytingaratkvæði mitt atkvæði. Hvað 20. breytingaratkvæðið snertir, verð eg að álíta það bezt af þessum þremur, nefnilega undir tölulið 20., 22. og 23., og því halla eg mèr helzt að því, og það er eindregið álit mitt, að það sè bezt; höfundur þess hefir skýrt það svo, að það getur engum misskilningi verið undirorpið, því þar er farið eptir svo rèttum og ná-

kvæmum mælikvarða, sem unnt er. Hvað hin breytingaratkvæðin snertir, virðist mèr þau flest öll ónauðsynleg, og get eg ekki verið að ganga í gegnum hvert einstakt.

Halldór Kr. Friðriksson): Af því að eg á breytingaratkvæði hèr á atkvæðaskránni, ætla eg að tala fáein orð. Mótbárum þeim, sem komið hafa gegn breytingaratkvæðum mínum, þarf eg nú ekki að svara, því að það er búið að því; en það er eitt atriði, sem eg vildi taka fram viðvíkjandi breytingaratkvæði mínu undir tölulið 22. Ef það er óþarft, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, þá vantar í 1. grein ákvörðun um, að aðalbrauðin væru talin og skyldu talin eptir brauðamatsgjörðinni 1853. Ef aðalbrauðin á að binda við 700 rd., þá breytist það, þegar brauðamatsgjörðin verður endurskoðuð. Ef það er tilætlun, að þessi tala breytist, er viðaukinn óþarfur, og kemur beinlinis í mótsögn við 1. grein. Mèr skilst, að konungur eigi að veita þau brauð, sem gefa af sèr 700 rd. og þar yfir, eptir því mati sem á brauðunum er eða verður, og þá skil eg ekki, að skýringin í 2. gr. eigi við. Við breytingaratkvæði mitt undir 22. tölulið skal eg geta þess, að mèr gekk sama til og þingmanni Borgfirðinga, að koma á meiri jöfnuði í hækkun afgjaldsins af brauðunum, og um það þarf eg ekki að tala fleira. Mèr finnst það óheppilegt í frumvarpinu, að minna skuli afgjaldið að tiltölu af beztu brauðunum en af þeim lakari; en að því er snertir annmarka þá eða galla, sem hinn háttvirti framsögumaður talaði um á beztu brauðunum, þá get eg ekki tekið tillit til þeirra; því ef gallar eru á beztu brauðunum, þá munu þeir ekki minni á lakari brauðunum yfir höfuð að tala. Eg játa það, að meiri tiltölulegur jöfnuður er í breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga en í mínu, og mundi eg fallast á það, ef afgjaldið væri eigi töluvert hærra tiltekið, en stjórnin ætlast til; það lægsta, sem stjórnin ætlast til, er 48 sk. afgjald, en eptir uppástungu þingmanns Borgfirðinga verður það 1 rd. 4 sk. af þeim brauðum; hann tiltekur þannig meir en helmingi meira en stjórnin. Þetta er sá galli, sem eg finn á uppástungu hans. Af 2. flokki brauðanna ætlast hann til að gjaldist 1 rd. 37 sk. til 1 rd. 71 sk.; af 3. flokki verður afgjaldið eptir uppástungu hans lítið eitt lægra, en eptir tilætlun stjórnarinnar. Af þeim brauðum, sem ekki eru lífvænleg, ætti afgjaldið að vera sem minnst, og því hefði eg helzt viljað, að þau brauð, sem í flokkaskipuninni eru kölluð *fátæk*, væru undan þegin gjaldi. Eptir minni uppástungu er tekið tillit til flokkaskip-

unar brauðanna, en tiltöluna vildi eg ekki hækka, fyrr en brauðin væru orðin lífvænleg, sem svo er kallað, og það eru fyrst betri meðalbrauðin. Eg gat ekki breytt uppástungu minni, hvort sem brauðin eru kölluð fátæk eða meðalbrauð. Það er á þingsins valdi, hvað það gjörir.

Konungsfulltrúi: Hinn 5. konungkjörni þingmaður vildi sleppa upptalningu aðalbrauðanna, en mèr sýnist það þó eiga betur við að halda henni; en sjálfsagt er það, að það getur orðið breyting á tölu þessara brauða við endurskoðunina, og þau orðið stundum fleiri og stundum færri, en þetta er enginn galli. Eg held menn mættu óska, að sem flest brauð gætu komizt í fyrsta flokk, því auk annars yrði þá sú óánægja, sem einn af þeim heiðruðu þingmönnum talaði um að væri með veitingu stiptsyfirvaldanna á brauðunum, að minnka í sama hlutfalli sem þau veittu færri af brauðunum.

Ásgeir Einarsson: Það hefir tekizt illa til, að 1. breytingaratkvæðið varð óheppilega orðað; og þó hafa margir verið því meðmæltir meðal þingmanna, að augnamið þess fá framgang; ef nú hinn háttvirti forseti eigi sèr ráð til að laga það svo við atkvæðagreiðsluna, að það geti átt við 1. greinina í frumvarpinu þá kynni það að geta komið í innganginum til álitsskjalsins til konungs. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 4. áhrærir, má segja, ef eg dirfist að tala um það, að eg »ráðist ekki þar á garðinn, sem hann er lægstur», það er ekki í fyrsta sinn, að þingið fær hjartslátt, þegar hreift er öðrum eins málum og þessu, en eg sè nú ekkert hættulegt í því, þó þingið (sem hefir bænarrètt) beri óskir þær fram fyrir hans hátign konunginn, sem því þykir eiga við og vera hagkvæmar fyrir landið. Eg fyrir mitt leyti get vel unnt stiptyfirvöldum vorum þeirra sæmdar að hafa umboð konungs, jafnt með þessi fáu brauð, sem önnur, enda treysti eg þeim eins vel til að veita þau eins og hin. Annars er það auðvitað, að konungur muni optast veita þessi brauð eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, og ef stiptsyfirvöldin hefði öll brauðin til að veita, ímynda eg mèr, að þau ættu hægra með að veita brauðin eptir vissri reglu. Það getur ekki verið meiningin, að þingið skuli *skylda* konunginn til að eptirláta stiptsyfirvöldunum rèttinn til að veita þessi brauð, heldur *biðja* hann að gefa það eptir. Þar að auki væri það í mörgu falli haganlegra, að stiptsyfirvöldin veittu öll brauðin, og ei þyrfti að bíða eptir konungsveitingu á þessum fáu brauðum; því það er

kunnugt, að þó póstskip sè til, geta ferðir þess með ýmsu móti tálmazt. Eg tek það til dæmis, að einu sinni var það tekið til að flytja stríðsfólk; þess utan getur ýmislegt fleira hamlað ferðum þess, t. d. ís, eins og í vetur og margt fleira, sem opt getur fyrir komið, líka eru alkunnar óreglur með póstgufuskipsferðirnar, eins og nú hefir gengið að undan förnu. Þess vegna er það að minnsta kosti ekki hræðilegt, að fara þessu á flot eða biðja um það, ef menn eru sannfærðir um, að það eigi við og sè haganlegra. Konungurinn getur þá sagt nei, ef hann vill. Mèr virðist það einnig vafasamt, hvað mörg brauð konungur veitir framvegis; því þegar endurskoðun brauðamatsins fer fram á hverjum 15 ára fresti, og ásigkomulag brauðanna og mat þeirra breytist eptir því, þá hlýtur að reka að því, að konungur veiti stundum fleiri brauð, stundum færri. Að því er snertir 13. og 14. breytingaratkvæði, hefir sumum þótt þau óþörf, en það er aðgætandi, að þingið sè samkvæmt sjálfu sèr. Hèr um daginn var rætt um að setja byggingarnefnd á Ísafirði, og gekk þá eitt breytingaratkvæði út á að taka af allan vafa í löggjöfinni, og fèllst þingið á það. Nú ber eg þá virðingu fyrir þinginu, að eg vil það se sjálfu sèr samkvæmt, og aðhyllist þau breytingaratkvæði, sem miða til að gjöra löggjöfina ljósari, og taka burt allan vafa. Það er þó auðsætt, að þessi breytingaratkvæði spilla eigi til. En hvort af þeim betra er, veit eg eigi gjörla, mèr virðist það 14. yfirgripsmeira. Hvað viðvíkur breytingaratkvæðinu undir tölulið 16, þykir máske eigi mikil þörf á því, en eg skal þó geta þess, að þingið hefir áður viljað koma nefndum sem víðast við, til að taka ábyrgðina af *einum* manni, og þannig firra hann bæði áliti og álasi. Þetta er nú orðinn tíðarandi, og get eg vel ímyndað mèr, að mörgum prófasti þætti það geðfelldara, heldur en að vera einn um það, og eg fyrir mitt leyti er ekki móti því. Hvað 8. breytingaratkvæðið snertir, hefir nú mikið verið rætt um það. Ræða hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga fór um það efni svo ljósum og sannfærandi orðum, að eg get ekki haft móti neinu í henni, enda heyrði eg ekki, að hinn háttvirti framsögumsður mælti mikið móti honum. Því verð eg að vera á hans máli, meðan eg heyri eigi yfirgnæfandi ástæður færðar móti ræðu hans. Um 20. breytingaratkvæði hef eg eigi margt að segja, því ræða þingmanns Borgfirðinga var einnig um það efni mjög sannfærandi. Eg rak strax augun í, að afgjaldið hætti við 7 rd., þegar brauðin eru komin í 700 rd. En þingmaður Borg-

firðinga hefir sýnt, hve sanngjarnt það er, að afgjald beztu brauðanna standi í réttu hlutfalli við afgjald minni brauðanna að tiltölu, og því ósanngjarna, sem nú viðgengst í því, ætti að útrýma samkvæmt jafnaðargirni þjóðarinnar. Það ætti öldungis ekki að hlífa meiri brauðunum að tiltölu við hin smærri. Bóndinn t. d., sem tíundar 40 hndr., er betur farinn en hinn, sem tíundar einungis 5 hndr., þó hann eigi að gjalda meir, og hví skyldi hinn ríkari eigi gjalda að réttri tiltölu við hinn snauðari? Því það er ábati að vera ríkur og eiga að gjalda að tiltölu af auðlegð sinni við hinn, sem er fátækari. Eins er með kaupmanninn, sem á 50,000 rd., að hann stendur sig eins vel og jafnvel betur við að gjalda af eign sinni, en annar kaupmaður, sem á 12000 rd., ef sá ríkari borgar að tiltölu við hinn. Með þessu mælir svo mikil sanngirni, að eg get ei annað en fallizt á að breytingaratkvæðið undir tölulið 20 verði samþykkt, en breytingaratkvæðið undir tölulið 22 fellur mèr lakar í geð, þó bæði fari í líka stefnu.

Benedikt Sveinsson: Það hafa nú verið haldnar langar ræður og snjallar, en eg fyrir mitt leyti ætlaði mèr ekki að taka til máls í þetta sinn. En einkum af umræðum manna um breytingaratkvæðin á atkvæðaskránni hefi eg fengið hvöt og ástæðu til að tala fáein orð bæði um málefnið yfir höfuð og eins um sum breytingaratkvæðin sèrstaklega. Mál þetta er nú, að eg snúi mèr að hinni almennu hlið málsins, óneitanlega mjög áríðandi, er það miðar til þess, að bæta kjör þeirrar stèttar eður flokks manna, uppgjafapresta og prestsekkna, sem hingað til hefir átt við örðug lífskjör að búa. Mèr virðist nú, sem það megi sjá bæði af stjórnarfrumvarpinu sjálfu og eins af atkvæðaskránni yfir höfuð, að býsna margir séu gallarnir samt sem áður á löggjöf þeirri, sem er fyrirhuguð um þetta efni, eður á stjórnarfrumvarpinu. Þess er þá fyrst að geta, að brauðamatsgjörðin er vafalaust mjög ófullkomin. Eg vil nú ekki segja, að þetta sè stjórninni að kenna, eður þá þeim mönnum, er sömdu brauðamatið. En orsökin til þess, að brauðamatsgjörðin hefir svo misheppnazt, mun án efa vera sú, að prestarnir er þeir töldu gæði brauða sinna, hafa eigi allir fylgt sama máta, nè haft sama mælikvarða í skýrslum sínum, en það er nóg, að megn ójöfnuður er kominn á mat brauðanna, hverjum svo sem hann er að kenna, því það er auðvitað og deginum ljósara, að sèrhver ójöfnuður í brauðamatsgjörðinni hefir veruleg áhrif á hlutfall það, sem eptir frumvarpinu á að vera á launum presta og presta-ekkna;

og það þau áhrif, að þessir ófullkomlegleikar brauðamatsgjörðarinnar hljóta að koma fram í fullum mæli í löggjöfinni sjálfri. Með öðrum orðum, hlutfallið milli brauðanna innbyrðis og hæð tekjanna á hverju brauði fyrir sig verður rangt í lögunum og brauðamatsgjörðinni, unz brauðamatsgjörðin verður endurskoðuð, og það þannig, að hún verði alveg réttlát; þar næst hefir ójöfnuður brauðamatsgjörðarinnar í för með sèr ranga flokkaskipun brauðanna, hvert eigi að vera í fyrsta flokki, hver í öðrum o. s. frv., og þessi flokkaskipun hefir aptur verulegustu áhrif á stöðu prestastèttarinnar yfir höfuð að *mörgu* leyti, og þegar nú brauðamatið er svo ófullkomið, að sum brauð eru í fyrsta flokki, sem *ekki* eiga þar að vera, og aptur önnur hafa verið *útilátin,* sem þar áttu að vera, þá liggur ójöfnuðurinn í frumvarpinu eða síðar meir lögunum, verði það óbreytt gjört að lögum, opinn fyrir. Þetta kemur meðal annars fram í því atriði, hvort konungur eða stiptsyfirvöldin eigi að veita brauðin. Með tilliti til breytingaratkvæðanna undir tölulið 3. og 4., sem þetta efni snerta, skal eg geta þess, að eg hefði kunnað bezt við, að konungur eptirleiðis veitti sömu prestaköll, og hann hefir áður veitt, og að hann á hinn bóginn staðfesti *allar* aðrar brauðaveitingar. Eða hví skyldu sum brauð eiga að setjast á lægri tröppu, en sum, þó eitt gefi af sèr nokkrum dölum meiri laun, en annað? Nei! það eru ekki launin, heldur *staðan,* prestsstaðan sjálf, sem hèr á til greina að koma. Eg vildi þó ekki við undirbúningsumræðu þessa máls gjöra neitt breytingaratkvæði hèr að lútandi, því það er spá mín — hvort sem hún rætist eður eigi — að ekki muni þess langt að bíða, að óskað verði breytingar á þessari löggjöf af fleirum ástæðum en þessari. Eg er því alveg mótfallinn breytingaratkvæðinu undir tölulið 4, og hvað hið 3. breytingaratkvæði snertir, get eg heldur ekki á neinn hátt fallizt á það, því eg get ekki einu sinni sèð, að það sè sjálfsagt eða rètt, að 2. grein frumvarpsins breytist í *þessu* tilliti, fyrr en það verður með nýjum lögum öðruvísi ákveðið, jafnvel þó brauðamatsgjörðin 1853 yrði á ný endurskoðuð, breytt og staðfest. Eg er því á sömu skoðun og hinn háttvirti konungsfulltrúi, þó orð hans mætti skilja á annan veg, í því, að hinni gömlu venju hefði átt að halda í þessu tilliti, og því er eg þessu næst með frumvarpinu. Þriðja almenna atriðið er árgjaldið. Þar liggur nú fyririr frumvarp og breytingatatkvæðin undir tölulið 20 og 22, og virðist mèr augljóst, að 20. breytingarat-

kvæðið sè ólíkum mun bezt af þessu þrennu, og þarf eg ekki að leiða rök að því frekar en hinn heiðraði uppástungumaður hefir gjört. Þá vil eg nú drepa á fáein af hinum breytingaratkvæðunum, til dæmis hið 7. Þar er orðunum «lögum samkvæmt» auðsjáanlega bætt inn í til þess að fyrirbyggja vafa eður mögulegleika á því, að gjaldhátturinn geti orðið til skaða fyrir uppgjafaprestinn, heldur verður hluti uppgjafaprestsins, í hverju svo sem goldið er, metinn eptir þeim eyri, sem gjaldið á að greiðast í, lögum samkvæmt, þó öðruvísi sè um samið frá hins þjónandi prests hálfu. Breytingaratkvæðið gjörir þannig skýringu, og útilykur vafa. Um breytingaratkvæðið undir tölulið 13. hefir verið mikið rætt. Eg vil ekki tala um, eða láta meiningu mína í ljósi um það, hvernig hin eldri lög eigi að skiljast um þetta efni; en það er auðsjáanlegt, að hin eldri lög hafa beinlínis fyrir augum að eins þjónandi prestaekkjur. En er ekki ástæða að sneiða hjá öllum misskilningi í hinum nýju lögum? og hafi eitthvað í hinum gömlu lögum um sama efni valdið þráttunum og málaferlum, er þá ekki bezt að nema það burt í hinum nýju lögum? Eg hèlt þó að bezt væri, að sem minnstur vafi væri á öllum lögum, og þá eigi síður í hinum nýju en hinum gömlu; því lögin eiga þó víst að ganga framfaranna stig en eigi apturfaranna. Að því er snertir 17. breytingaratkvæðið, þá skiptir miklu, hvort þingið fellst á það eða ekki. Það er auðsjáanlega ekki meiningin í frumvarpiun að rýra í neinu kjör prestsekkna, sem það hefir fyrir mark og mið að bæta, heldur einmitt hið gagnstæða, en þessari reglu er eigi fylgt í frumvarpinu, heldur í breytingaratkvæðinu og það í mikilsverðu atriði. Viðvíkjandi 1. breytingaratkvæðinu — sem eg hljóp yfir — skal eg geta þess, að það er óheppilega orðað, eins og það stendur á atkvæðaskránni; það er auðsjáanlegt, að orðin »og síðan allramildilegast staðfest« áttu að standa á undan orðunum »á hverjum 15 ára fresti«. Meira hef eg þá ekki að athuga viðvíkjandi breytingaratkvæðunum.

Framsögumaður: Eg lengi nauðugur þessar löngu umræður, og skal því ekki vera margorður. Þó ýmsar athugasemdir hafi fram komið á móti nefndarálitinu bornar fram með meiri og minni áherzlu, skal eg samt leiða flestar þeirra hjá mèr, og einungis minnast á fátt eitt það, sem sagt var um, að endurskoðun brauðamatsins væri nauðsynleg; þá held eg að fyrst engin uppástunga um þetta er fram komin nema það eina breytingaratkvæði við 1.

grein, sem ekki getur átt við, eptir því sem það er orðað, að nægilegt sè að þessu verði hreift í álitsskjalinu til konungs í ástæðum þess. Viðvíkjandi því, að hinn háttvirti þingmaður úr Gullbringusýslu sagði, að árgjaldið eptir breytingaratkvæðinu undir tölulið 20 yrði lægra, en bæði hinn 2. konungkjörni og eg höfum sagt, þá skal eg geta þess, að eg hafði tillit til þess, að brauðamatsgjörðin mundi breytast og tekjur brauðanna hækka. Viðvíkjandi ákúrum þingmannsins í Suðurmúlasýslu til nefndarinnar út af 2. lið í 5. grein, ætla eg einnngis að geta þess, að »margur fær lof fyrir lítið og last fyrir ekki neitt». Nefndin hèlt sèr beinlínis til frumvarpsins, og hvað orðabreytingunum viðvíkur, þá voru þær gjörðar til að taka af allan vafa prestsekkjunni í hag. Eg get ei annað en furðað mig á því, að nokkrir af þingmönnum skuli hafa hneykslast á orðum mínum, þar sem eg sagði, að sum af hinum beztu brauðunum væri mörgum öðrum fremur erviðleikum bundin; eg sagði *sum* en ekki *öll* hin beztu brauð; eg veit t. a. m. að Hitardalur, sem er eitt hið bezta brauð, er mjög svo hægt; en eg sný ekki aptur með það, sem eg í þessu tilliti hef sagt. Með tilliti til árgjaldsins, þá finnst mèr þó ísjárvert, að leggja um 20 rd. árgjald á beztu brauðin. Viðvíkjandi aðstoðarmönnum prófastanna, þá fellst eg á það sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, því það getur verið, eins og eg sagði, að fleiri en ein ekkja sè í sama brauði, já jafnvel þrjár, en búi þó sín í hverju prestakalli. Hvern prestinn á þá að skilja eptir? Til þess ekki að gjöra neinni ekkjunni órètt ættu þeir allir að kallast.

Pètur Pètursson: Má eg biðja um nafnakall við 4. tölulið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. Eg skal þó geta þess, viðvíkjandi uppástungunni undir tölulið 1., að orðin: »*en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti*« verða sett til atkvæða sèr í lagi, með því skilyrði, að þau einungis komi inn í álitsskjalið til konungs en ekki inn í frumvarpið, og verður því þá skotið til stjórnarinnar, hvert tillit hún vill taka til þessarar uppástungu, þegar lagaboðið kemur út.

1. Eiríkur Kúld og Stefán Jónsson: orðin: »en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti« samþ. með 17 atkv. gegn 4.
2. 1. grein frumvarpsins óbreytt, samþ. með 21 atkv.

3. Halldór Kr. Friðriksson: Breytingaratkvæði hans fellt með 15 atkv. gegn 4.
4. Breytingaratkvæði Eiríks Kúld við 2. grein frumvarpsins. Við þetta breytingaratkvæði var haft nafnakall.

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Eiríkur Kúld	Halldór Kr. Friðriksson
Ásgeir Einarsson	Arnljótur Ólafsson
Hjálmur Pètursson	Benedikt Sveinsson
Jón Bjarnason	Bergur Thorberg
Jón Pálmason	Björn Pètursson
Ólafur Sigurðsson	Halldór Jónsson
Sighvatur Árnason	Helgi G. Thordersen
	Jón Pètursson
	Jón Sigurðsson
	Pètur Guðjónsson
	Pètur Pètursson
	Stefán Eiríksson
	Stefán Jónsson
	Stefán Thordersen
	Sveinn Níelsson
	Sveinn Skúlason.

Var þannig töluliður 4. felldur með 16 atkvæðum gegn 7.
5. 2. grein frumvarpsins óbreytt, samþ, með 21 atkv.
6. 3. grein frumvarpsins óbreytt, samþ. í einu hljóði.
7. Breytingaratkvæði Jóns Pèturssonar, samþ. með 14 atkv.
8. Uppástunga nefndarinnar felld með 11 atkv. gegn 11.
9. 10. og 11. töluliðir þar við fallnir.
12. 4. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum, samþ. í einu hljóði.
13. Breytingaratkvæði Jóns Pèturssonar við 5. grein, samþ. með 17 atkv.
14. töluliður þar við fallinn.
15. Uppástnnga nefndarinnar, samþ. með 18 atkv,
16. Breytingaratkvæði Eiríks Kúlds fellt með 15 atkv. gegn 6.
17. Breytingaratkvæði Jóns Pèturssonar, samþ. með 14 atkv.
18. 5. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum, samþ. í einu hljóði með 21 atkv.
19. 6. grein frumvarpsins óbreytt, samþ. í einu hljóði.

20. Breytingaratkvæði Arnljóts Ólafssonar við 7. grein frumvarpsins, samþ. með 14 atkv. gegn 7.
21. 22. og 23. töluliðir þar við fallnir.
24. 7. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum, samþ. með 18 atkv.
25. Uppástunga nefndarinnar við 8. grein frumvarpsins, samþ. með 21 atkv.
26. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum, samþ. með 19 atkv. gegn 1.

Forseti: Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálit um *forngripasafnið í Reykjavík;* eg vona að þingmenn hafi hina prentuðu atkvæðaskrá fyrir sèr. Hinn 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 287.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Þegar mál þetta kom til undirbúningsumræðu hèr á þingi, var enginn þingmanna er talaði móti því, og er því engin ástæða fyrir mig að fara mörgum orðum um málið nú. Hèr eru að eins komin 2 breytingaratkvæði fram við nefndarálitið, og eru þau svo lögð, að eg ei þarf að tala langt um þau. Breytingaratkvæði þingmannsins úr Árnessýslu get eg ei sèð að bæti neitt; ef það er nokkuð, þá heldur dregur það úr, og minnsta kosti er það óþarft; því það er auðvitað, að þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, þá falla þessi útgjöld á landssjóðinn sem önnur útgjöld. Síðara breytingaratkvæðið er einnig óþarft, því það er sjálfsagt, að stjórnin skipar um málið eptir að hafa ráðgast um það við stiptsyfirvöldin; þetta breytingaratkvæði skýrir því ei neitt.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskrá þeirri, er þingmenn hafa fyrir sèr,

1. Breytingaratkvæði Benedikts Sveinssonar, samþ með 11 atkv. gegn 4.
2. Breytingaratkvæði Bjarnar Pèturssonar, felt með 14 atkv. gegn 2.
3. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með áorðinni breytingu með 21 atkv.
4. töluliður, samþykktur í einu hljóði.

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og mun eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

15. fundur — 20. júlí.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður.

Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að til mín er komin tilkynning frá nefndinni í málinu um *hjúalögin*, um að þar sè kosinn formaður prófessor Pètur Pètursson, en síra Halldór Jónsson skrifari. Eg hefi einnig fengið nefndarálit í málinu um *brauðasameiningar*, og verður það lagt á lestrarsal, eptir að hinum háttvirta konungsfulltrúa hefir verið send afskript af því.

Þá tökum vèr til dagskrár í dag, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málefnið um *gufuskipsferðir kring um Ísland*. Þingmaður Norður-Þingeyinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá málinu sem þörf þykir.

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 288.

Eg þarf nú að svo stöddu fáu að bæta við það, sem stendur í nefndarálitinu. Þinginu eru kunnar þær góðu undirtektir, sem mál þetta hefir fengið hjá stjórninni. Það sèst bæði af hinni konunglegu auglýsingu og brèfi stjórnarinnar af 12. jan. og 16. júní 1864, að stjórnin tekur þessu máli mjög vel, og þó að samningar sèu ekki komnir í kring enn, er þó góð byrjun fengin; enda er það ekki stjórninni að kenna, að málefnið er ekki komið lengra áleiðis, heldur öfriðnum í Danmörku. Eg ímynda mèr, þar málefni þessu er nú eptir uppástungum nefndarinnar minni kostnaður samfara, en eptir uppástungu alþingis 1863, þá muni þetta atriði greiða fyrir málinu; því nú er svo til ætlazt, að ferðirnar verði færri og skipið minna, og þá verður þar af leiðandi kostnaður minni og hægra fyrir stjórnina að fá einhverja til að taka þessar milliferðir að sèr móti endurgjaldi.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi að eins vekja máls á 3. grein í niðurlagsatriðum nefndarinnar, þar sem ætlazt er til, að gufuskipið hafi gát á fiskiveiðum útlendra sjómanna. Nú vil eg spyrja, hvort menn geta vel hugsað sèr, að þessum tilgangi verði náð, því það sjá allir, að ef gufuskipsferðir komast á umhverfis landið, þá hljóta ferðir gufuskipsins að vera vissar og ákvarðaðar. Þær hljóta að vera bundnar við vissa tíma, jafnvel vissa daga, og að hinu leytinu við vissrar hafnir. Ætti nú gufuskipið að hafa gát á útlendum fiskimönnum, yrði það að fara krókótt, stundum langt frá landi, stundum nærri; en þá getur það ekki lengur fullnægt aðalaugnamiði sínu, eða kröfum þeim, sem menn að öðru leyti gjöra til slíks gufuskips. Eg álít því varla fært, að halda þessu atriði fram. Ekki heldur álít eg slíks sjóforingja þurfa við, sem nefndin fer fram á í sömu grein, og mundi það ekki gjöra annað en má ske auka kostnaðinn að þarflausu. Ef eg af þinginu sannfærist um nytsemi þessarar 3. greinar, mun eg auka við uppástunguna. Eg er enn ekki sannfærður um það.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu því, að þótt gufuskipið ekki gjöri fullt gagn í þessa stefnu, getur það þó gjört nokkuð, og að hafa sjóforingja yfir því, sem hefði fullkomið traust hjá stjórninni, áleit nefndin nauðsynlegt, því hann gæti gefið stjórninni góðar bendingar og áreiðanlegar skýrslur um það, hvernig hinir útlendu fiskimenn haga sèr hèr við land. Allir kvarta undan, að eptirlit herskipa þeirra, sem hingað hafa send verið frá Danmörku til að hafa gát á fiskiveiðum útlendra manna, hafi eigi verið nægilegt til að tryggja alveg fiskiveiðar vorar. Og þó nú gufuskipið ekki gjörði meira, eða veitti fulla tryggingu fyrir ójöfnuði útlendra fiskimanna, gæti það þó gjört töluvert gagn.

Ásgeir Einarsson: Eg skil ekki, hvernig tilgangnum verður náð í aðalatriðinu, samkvæmt uppástungu nefndarinnar í 3. grein, þeim tilgangi sem sè, að hafa fullkomið eptirlit með fiskiveiðum útlendra hèr við land. Því ef þessu gufuskipi verður falið að hafa það á hendi, verður náttúrlega hætt að senda hingað herskip. Þá verður afleiðingin sú, að gufuskipið gjörir ekki gagn í því tilliti, kostnaðurinn borgar sig ekki, og landsmenn verða eins ónægðir eptir sem áður með yfirgang hinna útlendu fiskimanna, svo það er að mínu áliti mikil spurning, hvort þetta atriði ekki spilli fyrir gufuskipsferðunum kringum landíð, og álít eg varla gerandi

að koma með þá uppástungu. Að öðru leyti álít eg mjög gott og gagnlegt, ef gufuskipsferðir komast á, en kæmu fleiri en eitt, þá kynnu þau að geta haft eptirlit með útlendum sjómönnum, þá væri það hægra; þar á móti getur eitt skip ekki sinnt því, án þess að vanrækja stórlega önnur ætlunarverk sín; því gufuskipið getur verið fyrir austan, þegar fiskiskipin eru hèr á Faxaflóa eða fyrir vestan, og þá sjá allir, að eitt gufuskip ekki getur skipt sèr af þeim til hlítar.

Pètur Guðjónsson: Þó eg sè þessu máli hlynntur í sjálfu sèr, get eg ekki lagt til, að þingið nú aptur riti konungi bænarskrá í þessa stefnu. Af hinni konunglegu auglýsingu sèst, að kaupmaður Henderson, sem stjórnin hefir haldið sèr til í þessu máli, hefir ei kannast við, að reikningar alþingis 1863 um kostnaðinn sèu rèttir. Hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að drátturinn sá, sem orðið hefir á málinu frá hálfu stjórnarinnar, ætti rót sína í ófriðnum í Danmörku. Þetta er að minni meiningu ekki svo. En það er önnur orsök, sem eg ætla að liggi nær, og hún er sú, að gufuskip hafa nú um nokkur undanfarin ár verið miklu dýrari en áður. Þetta er amerikanska stríðinu að kenna; og meðan afleiðingar þess ekki eru komnar í kring, er eigi ráðlegt að biðja um gufuskip, og ekki fyrr en allt er komið aptur í samt lag, hvað verð gufuskipa og milliflutninga snertir. Eg er því samdóma hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu, hvað 3. grein niðurlagsatriðsins snertir. Gufuskipið gæti ómögulega haft eptirlit með fiskiveiðum útlendra fiskimanna, því það verður að vera bundið við ákveðna daga, og ef það fer að snatta eptir hverri fiskiskútu inn á hvern fjörð og vík, þá gæti það ekki komið á reglulegum tíma til hinna ákveðnu staða.

Stefán Jónsson: Mèr finnst þeir tveir menn sem talað hafa í þessu máli, leggja ofmikla áherzlu á þetta ætlunarverk gufuskipsins, að það hafi eptirlit með fiskiveiðum útlendra sjómanna, því það á ekki að vera *aðalætlunarverk* þess, heldur á það að gjöra það *með fram*, eptir því sem nefndin ætlaðist til. Annað eptirlit stjórnarinnar ætti ekki að hætta fyrir það, því gufuskipið gjörir ekki herskipin óþörf, heldur starfar í sömu stefnu og þau. Þá er nú næst á það að líta, hvort það muni valda miklum kostnaðarauka, að hafa sjóforingja yfir skipinu; ef svo væri, þá væri það ástæða til að ráða frá því; en annars áleit nefndin það betra eptirlitsins vegna að hafa sjóforingjann, og að minnsta kosti engu spillt

til. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók fram, að óráðlegt væri nú sem stendur að semja bænarskrá um málefni þetta til konungs, en eg verð að álíta það ófært fyrir þingið, að gegna eigi bænarskrám þeim, er um þetta efni hafa komið frá landsmönnum, því þá liti út fyrir, að þingið nú væri fallið frá þeirri skoðun, sem það hafði 1863. Það er því ekki rètt, að þingið nú hætti við málið, því síður sem það er álitið að geta komizt í kring með minni kostnaði, en ætlað var 1863.

Eiríkur Kúld: Það hafa tveir þingmenn, nefnilega þingmaður Strandasýslu og þingmaður Gullbringusýslu, verið að nokkru leyti samdóma í þessu máli, en að nokkru leyti hafa þeir þó farið sinn í hvora áttina. Eg finn mèr nú skylt, þar eg hafði bænarskrá þess efnis frá kjósendum mínum, að þakka nefndinni fyrir það, að hún hefir svo vel gengið frá þessu máli, en þó þykir mèr að vísu hin 3. uppástunga nefndarinnar ísjárverð. Mèr skilst ekki, að það geti haft mikla þýðingu eða orðið til verulegra nota, þó gufuskipinu væri falið á hendur eptirlit með útlendum sjómönnum, því það er enda ofætlun fyrir eitt herskip, sem ei hefir öðru að gegna, auk heldur fyrir gufuskip, sem ætti að hafa þessi eptirlit í hjáverkum. Nefndin hefir líklega hugsað sèr, að gufuskipið ætti að vera útbúið með skotvopn, nema ef sjóforinginn ætti að vera eins konar milliliður eða frèttafleygir, er ætti að skýra stjórninni frá, hvað fiskiskútunum liði og frá framferði þeirra hèr. Eg skal vita, hvort mèr ekki getur komið saman við hinn háttvirta þingmann Strandasýslu um annaðhvort að útiloka alveg 3. grein í niðurlagsatriði nefndarinnar, eða breyta henni, og áskil eg mèr rètt til að koma með breytingaratkvæði í þá stefnu. Hvað því viðvíkur, er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, að nú væri eigi sá rètti tími að senda bænarskrá til konungs um þetta efni, þar amerikanska stríðið og afleiðingar þess ei væru enn á enda kljáðar, þá get eg ekki verið honum samdóma, því eptir hverju á að bíða? Ef nú Amerikustríðið skyldi vara í 20 ár enn eða meir, á þá að bíða eptir því? Eg held ekki. Amerikustríðið er málinu óviðkomandi, og mèr virðist sjálfsagt, að bænarskrá sè send til konungs um það.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil bæta því við ræður þeirra, er málinu hafa verið meðmæltir, að bæði sumar bænarskrárnar, og eins nefndarálitið, hefir farið skemmra, hvað allar kröfur og þar af leiðandi kostnað snertir, en uppástunga alþingis áður

gjörði. Nú er bæði beðið um minna skip en áður, og eins gjört ráð fyrir færri ferðum en áður. Eg hygg nú, að stjórninni mundi þykja þægilegt að heyra þenna afdrátt í kröfum þingsins, ef álit þess færi nú í sömu stefnu og nefndin. Eg efast ekki um, að það mundi greiða fyrir málinu og samningurinn milli stjórnarinnar og Hendersons komast fyrri á. Eg þarf nú ekki að svara þingmanni Strandasýslu og þingmanni Gullbringusýslu, sem helzt hafa mælt móti 3. atriði nefndarálitsins, því aðrir hafa svarað þeim. Hvað sjóforingjann snertir, lagði nefndin enga sèrlega áherzlu á það sem aðalatriði, því það var ekki meining nefndarinnar, að hann ætti að verja fiskhelgi landsins, heldur hitt, að hann að eins hefði eptirlit með háttsemi útlendra fiskimanna, þegar því yrði við komið skipinu að hindrunarlausu; því allir þekkja umkvartanir manna um óskunda þann er útlend fiskiskip einatt gjöra hèr við land, og getur sjóforinginn, án þess að ferðum skipsins væri tálmi í, kynnt sèr, að hve miklu leyti þær væru á rökum byggðar, og síðan sent stjórninni skýrslu sína um það.

Ásgeir Einarsson: Mèr fannst hinn háttvirti þingmaður Suður-þingeyinga nú í ræðu sinni leggja minni þýðing í 3. grein niður-lagsatriðanna, en nefndin gjörir sjálf, því eptir því sem orðin þar hljóða, virðist fullkomin þýðing og áherzla lögð á það atriði, að gufuskipið eigi að hafa eptirlit með útlendum fiskimönnum, og gæta þess að þeir veiði eigi í fiskhelgi landsins. En eigi nú þetta eptirlit að vera fólgið í því, að sjóforingin einungis gefi stjórninni upplýsingar um háttsemi þessara fiskimanna, og yfirgang þeirra, þá sè eg ekki hvað hann getur verið áreiðanlegri í því tilliti eða trúanlegri, en herskipaforinginn sem fer umhverfis landið. Öllum er kunnugt, hvernig Vigurmálinu reiddi af, og að við það hefir ekkert verið gjört; líkur mundi árangurinn verða af þessu. Menn segja, að það sè sparnaður, að hafa fáar ferðirnar, en að minni hyggju er það lítill ávinningur að öðru leyti en því, að minni kol-um er eytt, en fólk og skip má kosta, ef skipið er hèr í landi, en engin ávinnings von þegar það fer engar ferðir, og því er eg mót-fallinn því, að ferðum sè fækkað, og mun eg geyma mèr rètt til að gjöra breytingaratkvæði við það; þar á móti get eg vel fallizt á það, þó nú sè beðið um minna skip en áður, en ekki vil eg fækka ferðum þess, því menn mega vera vissir um, að stjórnin mun verða nógu gætin, hvað kostnaðinn snertir, og heldur draga úr en bæta við.

Pètur Guðjónsson: Það er ekki meining mín, að telja úr bænarskránni yfir höfuð, heldur vil eg segja það, að það sè ekki hentugur tími nú að koma með bænarskrá í sömu stefnu og 1863. Því ef stjórninni þótti áætlun Hendersons óaðgengileg í fyrra, þá má búast við, að enn reki að hinu sama, með því afleiðingum Amerikustríðsins er enn eigi lokið, og þess vegna álít eg að fresta eigi málinu að þessu sinni. Þar á móti gæti eg fallizt á, að þingið semji bænarskrá til konungs í almennum orðatiltækjum þess efnis, að stjórnin vildi gæta hentugasta tíma til að koma þessu fyrirtæki í verk.

Björn Pètursson: Þó eigi líti út fyrir, að nefndarálit þetta muni fá alls kostar góðan byr hèr á þingi, er eg eigi að síður meðmæltur því yfir höfuð. Því hefir helzt verið barið við, að nú sem stendur, sè ekki sá hentugasti tími til að biðja stjórnina um gufuskip; en mèr finnst stjórnin eptir uppástungu nefndarinnar hafa frjálsar hendur til að afráða, hvað sem hún vill þessu máli viðvíkjandi, en það er henni góð og nauðsynleg bending að senda henni bænarskrá að nýju svo henni verði ekki á að leggja málefnið á hylluna eða í ruslakistu sína. Hèr er einungis beðið um «hæfilega stórt «og «hentugt «gufuskip «hið allra bráðasta», en það er enginn viss tími tiltekinn; og skil eg nefndarálitið í þessu atriði svo, að nefndin ætlist til að stjórnin uppfylli þessa þörf, *hve nær sem hún sèr sèr fært;* svo mèr getur ekki annað en fundizt sú mótbára lèttvæg. Þá hefir og verið haft móti 3. gr. niðurlagsatriðanna sèrstaklega, og hafa sumir skoðað sjóforingja með konunglegu umboði sem frèttafleygir eða nokkurs konar «Spion»; en það er ekki meining nefndarinnar, heldur hitt, að ef hann á ferðum sínum sæi hina útlendu fiskimenn hafa í frammi óreglu og yfirgang, þá gæti hann komið fram sem konunglegur umboðsmaður, og varðveitt rètt landsmanna; ef hann hefði ekki slíkt konunglegt umboð, gætu hinir sagt: »það kemur þèr eigi við að skipta þèr af okkur«. Þetta held eg sè meining nefndarinnar með sjóforingjann, en eigi sú, að hann skuli vera eintómur frèttafleygir. Hvað skotvopnin eða fallbyssurnar áhrærir, sem verið er að tala um, veit eg eigi, hvort nefndin hefir hugsað sèr að gufuskipið hefði þær meðferðis. Annars virðist mèr mikið tvísýnt, hvort skipstjóri getur gjört nokkurt verulegt gagn með þessu eptirliti sínu með útlendum fiskiskipum, án þess að missa sjónar á aðalætlunarverki sínu. En það er eitt atriði, sem mèr finnst vanta í

nefndarálitið; þar er að vísu talað um að koma á gufuskipsferðum, en þar er ekki með einu orði minnzt á kostnaðinn, sem af því leiðir; maður veit ekki, hvort landið á að borga hann, eða ríkissjóðurinn, eða máske nefndin sjálf. Á þetta atriði er ekkert drepið í nefndarálitinu, en þyrfti þó víst að benda stjórninni á það, svo hún synjaði ekki bæninni af þeirri ástæðu. Eg vil því áskilja mèr viðauka-atkvæði í þá stefnu, að tekið sè til, hvaðan kostnaðurinn á að greiðast, nema hinn háttvirti framsögumaður skýri fyrir mèr, hvers vegna það er ekki gjört í nefndarálitinu.

Framsögumaður: Eg hefi ekki skilið mótbárur þær, er komið hafa fram gegn nefndarálitinu frá þingmanninum úr Suðurmúlasýslu og þingmanni Gullbringusýslu. Að því er snertir mótbárur hins síðara, sem sè Amerikustríðið, þá álít eg hana ekki hafa neina þýðingu; því hver veit hve nær afleiðingum þess er lokið. Ef menn vildu bíða eptir því, þá væri það sama og biðja aldrei um neitt. Hvað eptirlitið með útlendum fiskimönnum snertir, þá var það öldungis ekki meining nefndarinnar, að gufuskipið gæti farið á sig króka vegna eptirlitsins, heldur hèlt nefndin, að gagn gæti orðið að þessu eptirliti skipsins, bæði á ferðum og á hinum helztu kaupstöðum landsins án þess það kæmi í bága við ferðir gufuskipsins til hinna ákveðnu hafna; og þó gufuskipið ekki færi inn á hvern vog eða vík, þá á þetta einnig heima við herskip þau er hingað koma; þau fara einungis inn á aðalhafnir og máske einstöku smáfirði. Eg hef ekkert á móti því, að herskip gæti gjört meira gagn en þetta gufuskip, en á hinn bóginn verða menn að gá að því, að gufuskipið er árlega á ferðinni, en herskipin eru ekki send hingað nema einstöku sinnum í hæsta lagi 2. og 3. hvert ár; þar sem þingmaður Barðstrendinga minntist á skotvopn á skipinu, skal eg geta þess, að það var ekki meining nefndarinnar, að þar ættu að vera nein skotvopn; eg veit heldur ekki til, að herskip þau, er hingað hafa komið, hafi gjört neitt gagn, þó þau hafi haft fallbyssur. Þingmaður Strandasýslu hafði það á móti nefndinni, að hún vildi fækka ferðunum til þess að kostnaðurinn yrði minni; þetta þóttist hann ekki skilja, því ferðafjöldinn jyki ekki svo mikið kostnaðinn; eg fyrir mitt leyti skil eigi, hvers vegna hann ekki skilur það; það er þó auðsjáanlegur hlutur, að 6 ferðir kringum landið t. a. m. hljóta að kosta minna en 12 ferðir kring um það; það hlýtur því að liggja sparnaður í fækkun ferðanna. Því, sem þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu talaði um kostnaðinn,

þarf eg eigi að svara með öðru, en vísa honum til nefndarálitsins og brèfs stjórnarinnar til Hendersons frá 15. júlí 1864, því þar af er auðsèð, að stjórnin ekki fremur ætlast til þess, að nefndin borgi kostnaðinn, en hinn heiðraði þingmaður sjálfur.

Pètur Guðjónsson: Eg ætla að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar í þá átt, að í stað orðanna: »hið allrabráðasta« verði sett: »þegar kringumstæðurnar leyfa«.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þar næst kemur til inngangsumræðu og til nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga frá hinum 6. konungkjörna þingmanni, um að *Reykjavík* verði tekin í *brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða.*

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 291.

Þetta mál var hèr fyrir á þingi 1863, og vona eg því, að það sè þingmönnum kunnugt og þurfi ei langrar skýringar við. Eg vona einnig, að þingmenn sjái, hve áríðandi mál þetta er til þess að Reykjavík geti náð nokkrum þroska. Eg skal og geta þess, að þó eg hafi samið uppástunguna, þá er það að nokkru leyti eptir áskorun bæjarstjórnarinnar til mín. Það er, að eg komist svo að orði, *lífsspursmál* fyrir Reykjavík að komast í eitthvert tryggt brunabótafèlag, að það er miklum örðugleikum bundið, að stofna brunabótafèlag hèr. Eg vona að þingið taki málinu vel, og setji 3 manna nefnd í málið; mannfleiri nefnd ætla eg eigi þurfa.

Konungsfulltrúi: Það er í alla staði eðlilegt, þó Reykjavíkurbúum sè umhugað um þetta mál, því það er, eins og hinn heiðraði uppástungumaður komst að orði, lífsspursmál fyrir Reykjavík, að hún komist í brunabótafèlag. Þetta mál hefir nú staðið yfir meir en 20 ár, síðan því fyrst var hreift, og það er þó ekki komið enn þá lengra á veg. Stjórnin hefir látið sèr mjög umhugað um málið, en hún hefir ekki getað komið því fram, að því er virðist, af þeirri ástæðu, að brunabótafèlögin eru privat fèlög, og það er náttúrlegt, að hlutaðeigendur fari varlega að taka að sèr ábyrgð þess eðlis, sem hèr ræðir um. Vèr höfum fengið næg rök fyrir því, hversu báglega þessu máli hefir byrjað frá upphafi, en það er ekki stjórninni um það að kenna, því hún hefir viljað hlynna að

því og gjöra allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að fá því ráðið til eptirþráðra lykta. Eg segi þetta ekki í því skyni, að eg vilji leggja á móti nefnd í málinu, eða að þingið taki málið til meðferðar, en eg er hræddur um, að það fari eins og fyrri, að árangurinn verði lítill.

Jón Guðmundsson: Það er að líkindum við því að búast, eins og konungsfulltrúinn sagði, að þó þingið nú sendi bænarskrá, þá yrði lítill árangur af því; en þó að þessi spádómur hins háttvirta konungsfulltrúa rætist, þá álít eg þó málið vera á því stigi síðan 1863, að þingið með engu móti geti fellt það frá nefnd. Eg álít, að stjórnin, eptir því sem hún sjálf undir bjó málið og beindi því í hitt eð fyrra, sè siðferðislega skuldbundin bæði við konung og þing um að hrinda málinu sem allrafyrst í rètt horf. Stjórnin lagði sem sè 1863 konunglegt frumvarp fyrir þingið um þetta mál; þetta, að stjórnin leggur konunglegt lagafrumvarp til álita fyrir alþingi, ætti ekki að vera neinn leikaraskapur eða gamanspil. Stjórnin getur aldrei forsvarað þá aðferð, sem hèr er komin fram í þessu máli, að leggja fyrir þingið frumvarp undir nafni konungs, en vilja þó ekki fylgja því fram, þegar það kemur óbreytt frá þinginu og samþykkt í einu hljóði, heldur hættir við málið svo búið. Með þessleiðis aðferð get eg eigi betur sèð en rètti og sóma þingsins sè misboðið í mesta máta og að stjórnin sjálf rýri með því álit sitt og tiltrú. Þetta sýnist mèr að sè vel takandi til greina, þegar nú er að ræða um, hvort setja skuli nefnd í málið af nýju. Þegar stjórnin leggur frumvarpið fyrir þingið, þá má álíta þetta sem frumboð af hennar hálfu; hún býður frá sinni hálfu að ganga að þeim kostum, sem frumvarpið er hún sendir þinginu inniheldur; nú kemur því upp á, hvernig þingið tekur í málið af sinni hálfu, hvort það vill ganga að boðunum eður hafna þeim; en hvað skeður í þessu máli? Þingið brýtur sig í mola til þess að laga sig eptir frumvarpi stjórnarinnar, og samþykkir það síðan í öllum aðalatriðum í einu hljóði. Úr því svona er komið málinu, þá segi eg, að það sè meir en fullgjört lagaboð til hálfs og að minnsta kosti svo fullgjört af stjórnarinnar hálfu, að hún geti eigi vikið svona til baka frá því, sem hún hefir þar gjört. Þó eg einatt hiki við að mæla með ítrekunar bænarskrám yfir höfuð, þá er hèr allt öðru máli að gegna. Stjórnin lagði ei einungis þetta brunabótafrumvarp fyrir þingið 1863 heldur var og bæjarstjórninni í gegnum stiptamtið send til álíta frumvörp til ymsra reglugjörða, er lutu að hinu

umboðslega fyrirkomulagi brunabótamálsins hèr í Reykjavík, og fèllst bæjarstjórnin á þessi frumvörp óbreytt, nema hvað hún lèt fylgja þeim lítilfjörlegar athugasemdir. Eg skal og geta þess, að þó brunabótafèlagið sè »privat» eðlis, þá stendur það þó undir stjórnarinnar »Garanti« og einmitt þess vegna mun lögstjórninni hafa þótt eiga betur við að leggja málið fyrir ríkisþingið. Það sem málið strandaði á í ríkisþinginu var einkum það, að nefndin beiddi lögstjórnarráðherrann nokkurra ítarlegri upplýsinga, en ráðherrann þóttist ekkert hafa og ekkert um það vita.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti varaforseti kastaði í ræðu sinni þungum steini á stjórnina út af afskiptum hennar í þessu máli, en þetta er ófyrirsynju, því það er alkunnugt, að stjórnin hefir allt af viljað þessu máli vel, og reynt að stuðla til þess framkvæmdar, en hlutaðeigandi brunabótafèlag hefir ekki tekið líklega undir málið, og því er það ekki komið betur á veg en komið er. Þegar málið kom fyrir á standaþinginu í Hróarskeldu, þá var eldsneytið í Reykjavík (mórinn) svo voðalegt, að það rèði úrslitum, og nú skorti seinast á ríkisþinginu upplýsingar; en þegar menn ekki vilja einhvern hlut, þá finna menn æfinlega nóga agnúa og nógar mótbárur, og það er að óttast fyrir því, að svo muni og verða eptirleiðis, fyrst vonir þær, er Reykjavíkurbúar nú seinast höfðu fengið, algjörlega hafa brugðizt þeim; en eg tek það upp aptur, að þetta er ekki á nokkurn hátt stjórninni að kenna, heldur því, að brunabótafèlagið, sem Reykjavíkurbær átti að komast í, er privat-fèlag, og vill í rauninni, að því er út lítur fyrir, ekki taka Reykjavík í fèlag með sèr.

Pètur Guðjónsson: Það er ætíð hægðarleikur að kenna stjórninni um allt; en eg held að skuldin í þessu máli liggi á öðrum stað en hjá stjórninni, og eg fyrir mitt leyti hlýt eptir minni sannfæringu, að beina þeim skorti á upplýsingum, sem þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu talaði um, einmitt að sjálfri bæjarstjórninni í Reykjavík. Ekkert er eðlilegra, þegar um það er að gjöra, að koma þvílíkum bæ, sem Reykjavík er, í brunabótafèlag, en ábyrgðarmenn vilji vita og heimti upplýsingar um, hvert þar sè slökkvitól til, hvort þar sè slökkvilið, og hvernig öllu þar að lútandi sè hagað og fyrirkomið. Árið 1863, einmitt á þeim tíma, þegar mál þetta var fyrir hèr á þingi, kom frá fógetanum og «Brandmajórnum» hèr í bænum frumvarp til reglugjörðar fyrir slökkviliðið í Reykjavík til stiptamtsins; þessa reglugjörð sendi stiptamtið bæjar-

stjórninni til álita, en hún var reyndar á dönsku. Til þess eigi að tefja fyrir svo áríðandi máli sendi stiptamtmaður frumvarpið til álita bæajrstjórnarinnar, en fèkk hana aptur eptir langan tíma frá bæjarstjórninni með því svari, að hún vildi ekki eiga neitt við málið, af því frumvarpið væri á dönsku. Nú var frumvarpið útlagt og sent aptur bæjarstjórninni til álita; lætur hún málið liggja hjá sèr 7 langa og 7 breiða enn þá, mig minnir eina 6 mánuði, og sendir það loksins stiptamtmanni aptur með því svari, að ekki sè kominn tími til að afráða neitt um þetta efni. Skorturinn á þessari upplýsingu, sem er svo áríðandi fyrir þetta málefni, er því öldungis ekki stjórninni að kenna, og það er því hin mesta ósanngirni að kenna henni um skort á þeim upplýsingum, sem eg ætla að hún aldrei nokkurn tíma hafi fengið hèðan, en sem þó á hinn bóginn eru svo ómissandi fyrir það brunabótafèlag, sem ætti að taka að sèr ábyrgð á húsum í Reykjavíkurkaupstað.

Jón Guðmundsson: Eg ætla mèr ekki að svara þeirri refsingarræðu, sem þingmaðurinn fyrir Gullbringusýslu lèt dynja yfir bæjarstjórnina; eg ímynda mèr að þingið og má ske líka stjórnina, þegar hún les þessa ræðu hans, megi taka það sárt, að ekki er búið að gjöra hann að lögstjórnarráðgjafa. Eg skal einungis geta þess, að stjórnin hefir hvorki fyrr nè síðar gjört nein skilyrði um það, hvernig slökkviliðinu eða tólunum ætti að vera fyrirkomið hèr í Reykjavík. Uppástunga sú um slökkvilið, sem þingmaðurinn var að tala um, kom ei öðruvísi til bæjarstjórnarinnar en sem uppástunga slökkviliðsforingjans sjálfs, þó að bæjarfógetinn hefði að vísu undirskrifað hana sjálfur, og sendi amtið hana svona bæjarstjórninni til álita, en ekki sem uppástungu frá valdstjórninni eða frá brunabótafèlagi hinna dönsku kaupstaða. Með fram af þessum ástæðum afrèði bæjarstjórnin að fresta málinu og tók það fram í brefinu til amtsins, eins og sjálft það brèf mun sýna, að eigi þætti tiltækilegt að fastráða neitt um málið fyrr en maður fengi að sjá þau skilyrði um slökkvilið og slökkvitól Reykjavíkur, sem brunabótafèlagið í Danmörku kynni að setja. Viðvíkjandi því, að konungsfulltrúa þótti þungum steini kastað á stjórnina, þá ætla eg að það sè hèr eigi gjört um of; því ekki mátti þó til minna ætlast af stjórninni, en að hún væri búin að ganga úr skugga um það við sjálft brunabótafèlagið, áður en hún bjó til lagafrumvarpið og lagði það fyrir alþingi, hvort fèlaginu þætti nokkuð ísjárvert við að taka við Reykjavík; ef svo var, þá átti hún í tíma að láta þingið fá vitn-

eskju um það, eða yfirvöldin hèr, og sömuleiðis átti hún að vera búin að leita hèr allra þeira upplýsinga um málið sem henni eða fèlaginu hefði þótt þörf á, áður en hún bjó til lagafrumvarpið og reglugjörðirnar, sem hún sendi hingað til álita, eins og að allt væri slètt og fellt á hennar síðu, og ekki vantaði neitt annað en samþykkisatkvæði alþingis og Reykjavíkurbúa. Hèr rættist því á lögstjórninni þetta gamla: »Sic debuisti dicere prius« (þetta áttirðu fyrr að segja); ástæður stjórnarfrumvarpsins urðu heldur ekki öðruvísi skildar, en að hún væri á því »hreina« með vilja og fullt samþykki brunabótafèlagsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg þarf ekki að svara þeim mótbárum, sem konungsfulltrúinn kom fram með, því það hefir verið gjört. Eg skal einungis geta þess, að mèr finnst það ei rètt, að stjórnin geti ekki ráðið neitt við málið, því mèr skilst svo, að hún 1863 hafi verið búin að koma sèr saman við fèlagið. Fèlagið er ekki heldur að öllu leyti *privat* eðlis, þar sem það er undir ábyrgð stjórnarinnar, eins og sèst af því, að leggja varð lögin fyrir ríkisdaginn, því að hefði það verið öldungis *privat* fjèlag, því gat stjórnin ekkert frumvarp lagt um þetta mál fyrir alþingið, nè heldur hefði löggjafarvaldið í Danmörku neitt átt við það að fást. Málið hefir því ekki strandað á viljaleysi fèlagsins; heldur er það ríkisdeginum að kenna; þetta þing (ɔ: ríkisdagurinn) heimtaði upplýsingar um húsaskipun, og annað er að þess konar laut, enn ráðgjafinn, svaraði: «Eg get engar upplýsingar gefið». Þó þingið því eigi geti kastað þungum steini á stjórnina, þá getur það þó fundið að aðgjörðum hins þáverandi ráðherra, því hann gjörði ei allt, sem hann gat; þótt hann eigi gæti í svipinn gefið neinar upplýsingar, var samt hægt fyrir hann að vera sèr úti um svo miklar upplýsingar þar á staðnum, sem hefðu verið nægilegar til að greiða fyrir málinu, enda get eg eigi betur sèð, en að það væri skylda ráðherrans að búa sig svo út á þingið, að hann gæti skýrt málið, og að minnsta kosti að vita, hverjar skýringar fáanlegar voru í íslenzku stjórnardeildinni. Að því er slökkviliðið snertir, þá ætla eg hvorki að afsaka nè ásaka bæjarstjórnina; en það er víst, að stjórnin, ríkisþingið og fèlagið eiga að setja skildagana; þótt því bæjarstjórnin hèr hefði komið fram með einhverjar uppástungur um fyrirkomulagið á slökkvitólunum, þá hefði stjórnin, ríkisþingið og fèlagið getað ónýtt þær og heimtað allt annað fyrirkomulag. Viljaleysi brunabótafèlagsins verður því eigi haft sem

ástæða fyrir því, að þetta mál, sem er svo áríðandi fyrir Reykjavík, enn þá ekki er komið lengra á veg, heldur það, hvernig löggæzluráðherrann tók í málið á ríkisþingi Dana.

Eiríkur Kúld: Eg veit ekki hvort eg er nógu kunnugur til að tala um þetta mál, en þó sè eg svo mikið, að málið hefir strandað á ríkisdeginum, eins og optar ber við um mál okkar, sem óeðlilega beinast þá leið, því að í sjálfu sèr komum við eigi ríkisdeginum við. Eg hefði því betur kunnað við, að Reykvíkingar sjálfir hefðu stofnað brunabótafèlag handa sèr, eins og talað er um í «Frèttum frá fulltrúaþingunum í Hróarskeldu» fyrir meir en 20 árum; hefðu Reykvíkingar gjört þetta, þá væru þeir nú betur staddir í þessu tilliti; og að stofna sjálfir þess konar brunabótafèlag, hefði að líkindum gengið þeim betur, en nú að ætla sèr að sækja gull í greipar Dönum. Eg skal samt mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Lèt forseti síðan þingmenn ganga til atkvæða um hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 20 atkvæðum.

Var síðan 3 manna nefnd kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Halldór Kr. Friðriksson með 19 atkv.
Jón Guðmundsson — 16 —
Pètur Guðjónsson — 8 —

Var málið síðan afhent Halldóri Kr. Friðrikssyni, er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Þessu næst kemur uppástunga þingmannsins úr Suður-Múlasýslu til inngangsumræðu, og ef til vill nefndarkosningar. Uppástungan hljóðar um, að alþing skuli *rita konungi ávarp.*

Björn Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna: Sbr. síðari part alþingistíðindanna, bls. 292.

Eg álít óþarft fyrir mig að mæla með uppástungunni, því ef hún gjörir það eigi sjálf, þá get eg það ekki betur. Eg óska einungis að málinu verði annaðhvort vísað til fjárhagsnefndarinnar eða sèrstök nefnd sett í það, og það vildi eg helzt.

Bergur Thorberg: Sem formaður í fjárhagsnefndinni skal eg leyfa mèr að geta þess, að nefndarmenn enn þá ekki eru búnir að ákveða neitt til fulls um hvaða uppástungur þeir gjöra viðvíkjandi bænarskrám þeim, er vísað var til nefndarinnar, og því þykir mèr það ekki ráðlegt að vísa uppástungunni til þeirrar

nefndar. Eg get varla ætlað, að hún þykist hafa umboð til að búa til frumvarp til ávarps til konungs, en hvort hún kann að gjöra uppástungur þar að lútandi, get eg ekkert um sagt að svo komnu.

Konungsfulltrúi: Ef þingið, sem eg vona, fellst á uppástungu þá, sem hèr liggur fyrir, þá álít eg sjálfsagt, að kosin sè sèrstök nefnd í málið.

Forseti: Eg ætlaði einmitt að segja hið sama, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi lèt í ljósi, og að nokkru leyti hinn fjórði konungkjörni þingmaður. Eg álít það sjálfsagt, að þegar uppástunga þessi verður samþykkt, sem eg ímynda mèr muni vera þingsins fyrirætlun, þá verði að kjósa sèrstaka nefnd til að semja ávarpið.

Benedikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli þingmanna að því, sem eg sagði, þegar þessum mörgu bænarskrám um stjórnarmálefnið var vísað til fjárhagsnefndarinnar, að mèr fannst það ætti ekki við. Mèr finnst þar á móti skyldugleikinn milli bænarskráa þessara og uppástungu þeirrar, er hèr ræðir um, miklu meiri. Það væri því æskilegt, ef forseti og formaður fjárhagsnefndarinnar gætu komið því svo fyrir, að fjárhagsnefndin losaðist við þessar bænarskrár.

Forseti: Það sem þingið hefir einu sinni ákveðið í þessu efni, verður að standa.

Arnljótur Ólafsson: Má ske formaður fjárhagsnefndarinnar væri svo góður að ljá þessari nefnd nokkrar af þessum bænarskrám, er liggja hjá henni sem annað geymslufè.

Bergur Thorberg: Eg verð að styrkja mál hins heiðraða þingmanns Árnesinga um, að æskilegt væri, að fjárhagsnefndin gæti losazt við bænarskrárnar um stjórnarbót, en eptir því sem hinn háttvirti forseti sagði getur það nú ekki orðið. Annars hefi eg ekkert á móti því, að bænarskrárnar verði lèðar nefnd þeirri, sem sett verður til að semja ávarpið.

Forseti: Um þetta geta nefndirnar átt saman. Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja; þetta samþykktu þingmenn með 17 atkv.

Var síðan 5 manna nefnd kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Bergur Thorberg	með	17 atkv.
Jón Sigurðsson	—	14 —
Pètur Pètursson	—	11 —

Halldór Kr. Friðriksson með 11 atkv.
Ásgeir Einarsson — 9 —

Var málið síðan afhent Bergi Thorberg, er fengið hafði flest atkvæði.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá næst uppástunga úr *Borgarfjarðarsýslu* um *úttektir og skoðunargjörðir* o. s. frv. Eptir því sem þingið hefir áður ályktað virðist það liggja beint við að vísa uppástungunni til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, en af því að niðurlagsatriðin eru í mörgu merkileg, vill flutningsmaðurinn, þingmaður Borgfirðinga, ef til vill lesa þau upp, og gefa þinginu skýringar þær, er honum þykir þörf á.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla þá einungis að lesa upp niðlagsatriðin þannig:

Sbr. síðari parti alþingistíðindanna 293.

Eg er ánægður með að uppástungunni sè vísað í sarp nefndarinnar í landbúnaðarmálinu, og ætla þess vegna ekki að halda neinn kapítula.

Konungsfulltrúi: Mèr getur ekki skilizt betur en þingið megi algjörlega kasta þessari bænarskrá. Af niðurlagsatriðum hennar, sem lesin voru upp, hefir þingið heyrt, að bænarskráin kemur víða við, og að það kennir í henni svo margra grasa, að það þykir mega fullyrða, að það yrði óvinnandi verk fyrir þingið að binda úr öllum þeim grasafjölda frambærilegan blómkrans, og að minnsta kosti yrði hann marglitur. Sýslumaður á eptir bænarskránni að kjósa á manntalsþingi með ráði hreppstjóranna 6 og stundum 12 menn í hverjum hrepp, og ef ekki finnast svo margir hæfilegir menn í hreppnum, þá á að taka mennina úr öðrum hrepp, og svo eiga þessir menn að taka út jarðir, skoða jarðabætur, skipta húsum og jörðum, meta skemmdir á þeim, meta jarðarafgjöld til alþingisskatts, jafna ágreining milli húsbænda og hjúa — þarna hafa menn þá fengið hjúamálanefnd —, virða jarðir og lausafè, skoða vegabætur, og yfirhöfuð eiga þeir að vinna allar virðingar og skoðunargjörðir — sèr er hver verkahringurinn! og svo er í 5. uppástungu-atriði tekið fram, að gjörðir þessara manna skuli standa *óhaggaðar,* nema þær augsjáanlega stríði móti lögum eða sannfæringu (hverra?). Enn fremur segir í bænarskránni í tölulið 6, að þessir menn skuli vera meðdómsmenn í *óðalsmálum,* en þá eiga þeir líka að vera 12, en 8 má þó gjöra ræka. Það er að vísu tekið fram, hvað þessir menn eigi að fá í laun, en

það er þar á móti ekkert sagt um það, hvaðan launin eigi að taka handa þeim. Það er nú auðsætt, að svo vaxin uppástunga rekur sig allstaðar á það fyrirkomulag, sem nú er, og kemur svoleiðis í bága við þær gildandi ákvarðanir, að þingið með engu móti getur tekið bænarskrá þessa til greina, og eg vona því, að það kasti henni algjörlega, og ekki einu sinni vísi henni til nefndarinnar í úttekta málinu.

Arnljótur Ólafsson: Það var hvorttveggja, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að margra grasa kenndi í uppástungunni, enda fann hann þar mörg grös, er hann bjó til úr dágóðan grasagraut; eg held því að eigi sè vert að hafna þessu í ekki betra grasári en nú er; mèr virðist nefndin í landbúnaðarmálinu vera hin hentugasta kornhlaða til þess að safna þessum grösum í, enda er þangað áður margt komið af sama tægi, og sumt ekki betra en þessi grasatíningur; verð eg því enn að mæla með því, að málinu sè vísað þangað.

Björn Pèturssón: Ef eg sem meðnefndarmaður má láta meiningu mína í ljósi, þá held eg að heyhlöður nefndarinnar séu orðnar svo fullar, að þar sè ekki pláss. Hvað mig snertir, þá verð eg öldungis að mæla móti því, að þessari bænarskrá verði dembt upp á nefndina, því hún yrði hreint ráðalaus með hana.

Forseti: Eptir mótmælum þeim sem fram eru komin, skal eg fyrst láta koma til atkvæða, hvort uppástungunni skuli frá vísa eður ekki, og þar næst, hvort afhenda skuli hana nefndinni í landbúnaðarmálinu.

Var þá gengið til atkvæða, og fór svo, að uppástungunni var frá vísað með 11 atkv. gegn 10.

Forseti: Þá er dagskránni lokið. Eg skal geta þess, að ef eg fæ breytingaratkvæði þingmanna fyrir kl. 6 í kvöld, getur fundur orðið á morgun; kemur þá til ályktarumræðu þetta eina mál, sem var til undirbúningsumræðu í dag, um gufuskipsferðir kring um Ísland. Eg vil láta þingmenn vita, að eg hef í dag ekki fengið nema eitt nefndarálit, og getur það ekki komið á dagskrá fyrr en það hefir legið lögskipaðan tíma á lestrarsalnum, og verður þar að auki lítið efni í fund; en eg vona að fá nokkur nefndarálit í kvöld, og svo þar eptir önnur fleiri í hinum smærri málum. Annars sjá þingmenn sjálfir, að það liggur fyrir, að engir fundir geti orðið haldnir á laugardaginn og upp úr því, af því að ekkert er að gjöra.

Eg mun slá upp dagskrá í kvöld og setja fund á morgun kl. 12, ef eg sè þess kost.

Fundi slitið.

---

16. fundur — 21. júlí.

Allir á fundi nema hinn 3. konungkjörni þingmaður. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni í málinu *um Hólakirkju,* um að formaður hennar sè prófessor Pètur Pètursson og skrifari síra Arnljótur Ólafsson, einnig frá nefndinni í málinu *um að taka Reykjavík í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða,* að formaður hennar sè Halldór Kr. Friðriksson og skrifari Jón Guðmundsson, einnig frá nefndinni sem kosin var til að semja *ávarp til konungs,* að formaður hennar sè Bergur Thorberg og skrifari Halldór Kr. Friðriksson. Eg fèkk í gær eptir miðjan dag nefndarálit í konunglegu frumvarpi *um breytingu á 6. og 7. grein verzlunartilskipunarinnar frá 15. apríl 1854.* Vona eg, ef þingmenn eigi hafa á móti því, að nefndarálit þetta geti komið til undirbúningsumræðu á morgun ásamt nefndarálitinu í brauðasameiningar málinu. Nú er enn fremur komið til mín nefndarálit í konunglegu frumvarpi *um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi,* sem verður lagt fram í dag.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *út af bœnarskrám um að gufuskipsferðum kring um strendur Íslands verði komið á.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga, og mun hann skýra málið, svo sem honum þurfa þykir. Eg vona, að hver þingmanna hafi fyrir sèr prentaða atkvæðaskrá.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 296.

Framsögumaður (*Sveinn Skúlason*): Mèr finnst nú, að eg þurfi eigi að vera langorður, því að breytingaratkvæðin við niðurlagsatriði nefndarinnar eru mjög fá. Að því er snertir breytingarkvæðið undir 4. tölul., þá erum vèr nefndarmenn því eigi mót-

fallnir, það er að segja, ef sú er meiningin, að þessi ákvörðun um sjóliðsforingjann komi að eins fram í ástæðunum og bænarskránni til konungs en ekki sem niðurlagsatriði. En ef uppástunga nefndarinnar kæmi fram sem niðurlagsatriði, þá vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort eigi mætti skjóta einu orði inn í uppástungu-atriði nefndarinnar undir tölul. 5. á eptir orðinu jafnframt, og yrði þá niðurlagsatriðið svona: Að yfir gufuskip það, er til þess verður haft, sè settur sjóforingi, sem hafi konunglegt umboð til að gæta þess jafnframt, »hvort« að útlend fiskiskip veiði eigi í fiskhelgi landsins. Þegar niðurlagsatriðið er þannig orðað, verður meiningin að eins sú, að sjóforingi þessi á að eins að hafa gætur á, hvort útlend skip veiði í fiskhelgi landsins. En eptir því sem niðurlagsatriðið er orðað á atkvæðaskránni, mætti álíta, að hann ætti að verja útlendum skipum að veiða í fiskhelgi landsins. Eg ímynda mèr nú að þetta gjöri eigi svo mikinn rugling við atkvæðagreiðsluna, að eigi sè óhætt að skjóta því inn í.

Forseti: Þó að breytingin sè ekki merkileg, þá álít eg rèttara, að hún komi eigi til atkvæða, því að eg vil eigi koma á þeirri reglu, að menn sèu að koma með breytingar á atkvæðaskránum við ályktarumræðu. Að öðru leyti er líka hægt að koma því svo fyrir í álitsskjalinu, að sú meining, sem þessi breyting lýtur að, komist inn í álitsskjalið, ef menn svo vilja.

Framsögumaður: Eg verð þá að láta mèr lynda þenna úrskurð forseta, þótt eg haldi, að hann eigi styðjist við venju hinna fyrri þinga sem eg hefi verið á. Að því er breytingaratkvæðið undir tölul. 1. snertir, þá er það svo lítið og ómerkilegt, að nefndinni þótti ekki ástæða til að fallast á það; því þótt þingið biðji um, að þetta geti orðið »hið allra bráðasta«, þá held eg að stjórninni verði ekki illt við það. Kringumstæður þær, er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu gat um, að væru því til fyrirstöðu, að þessar gufuskipsferðir kæmust á í bráð, voru, að nú væri mjög dýrt að leigja gufuskip sakir styrjaldarinnar í Vesturheimi, sem enn væri óútkljáð, og því síður mundu afleiðingar hennar um garð gengnar fyrst um sinn. En nú vitum vèr, að styrjöldin í Vesturheimi er á enda og gufuskip eru nú, ef til vill, þegar orðin ódýrari.

Pètur Guðjónsson: Það var nú annað látið í ljósi um daginn, en að Amerikustríðið væri þegar á enda, þar sem sagt var, að það gæti varað enn í 20 ár *(Sveinn Skúlason:* Það var ekki

framsögumaður sem sagði það). En eg skal þá gjöra grein fyrir breytingaratkvæði mínu. Mèr þykir það hvorki mega standa þinginu nè landinu á sama, hvort þessum gufuskipsferðum er komið á nú þegar, hvernig sem kringumstæðurnar eru, ellegar hvort beðið er hentugri tíma, þangað til betra kaup getur fengizt á gufuskipum og ferðum þeirra. Eg þóttist sjá það, að kostnaðurinn sem af þessu leiddi mundi á endanum lenda á landinu, og þar eð breytingaratkvæði mitt miðar til að gjöra hann minni, ef unnt er, þá vil eg ekki falla frá því. Að öðru leyti þykir mèr þetta gufuskip koma nógu fljótt, ef það kemur nógu haganlega. Eg verð og að vera á því, að því liggi ekki á, fyrr en póstgöngumálið er komið í kring og það ætti sjálft að verða meðal til póstflutninga.

Stefán Thordersen: Eg skyldi ekki hafa talað eitt einasta orð í þessu máli, hefði eigi hinn háttvirti framsögumaður haft á móti breytingaratkvæðinu undir tölul. 1. Mèr virðist það nefnilega sjálfsagt, að þegar menn á annað borð verða og þurfa að fara bónarveginn, þá verði menn einnig að vera hógværir, eins og eg álít, að menn eigi að biðja og ekki þreytast. Eg verð þess vegna að vera meðmæltur breytingaratkvæðinu undir tölul. 1. af því að mèr virðist það hógværlegar orðað en uppástungu-atriði nefndarinnar. Líka verð eg að vera meðmæltur breytingaratkvæðinu undir tölul. 4, úr því niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölul. 5. varð eigi breytt, eins og framsögumaður stakk upp á. Að öðru leyti verð eg að vera nefndinni samdóma.

Eiríkur Kúld: . Eg skal nú eigi vera margorður um breytingaratkvæðið undir tölul. 4. En með tilliti til breytingaratkvæðisins undir tölul. 1., þá get eg eigi sèð, að það sè í nokkru betra en uppástungu-atriði nefndarinnar. Að öðru leyti finnst mèr, að þessi orð í 1. tölul.: »þegar kringumstæður leyfa«, og orðin hjá nefndinni »hið allra bráðasta« geti verið sömu þýðingar, því að auðvitað er, að nefndin hefir því að eins ætlazt til, að þessu yrði fljótt komið í kring, að það væri eigi með öllu ómögulegt eða að »kringumstæðurnar« bönnuðu það. Eg veit nú eigi, hvað þingmaður Gullbringusýslu hefir hugsað sèr með því, að binda úrslit þessa máls við Amerikustríðið og afleiðingar þess, því að slíkt verð eg að álíta þessu þingi og þessu máli alveg óviðkomandi. Eg skil nú heldur ekki vel, hvernig úrgreiðsla málsins þarf að vera svo sèrlega bundin við hentugleika kaupmanns eins út í Liverpool. Það

gladdi mig ekki eins mikið og hinn heiðraði framsögumaður má ske hefir ætlað, að hann var hlynntur breytingaratkvæðinu undir tölul. 4., enda var hann ef til vill því ekki eins hlynntur og sýndist. Það var nefnilega meining okkar, er eigum breytingaratkvæðið, að taka það sem neyðarúrræði, ef mót von okkar að uppástunga nefndarinnar undir tölul 5. ekki verður felld. Og er víst öllum ljóst, að við vildum helzt, að hvorttveggja fèlli. Því ef þessari uppástungu nefndarinnar verður haldið fast fram, þá held eg að það verði eingöngu til að spilla fyrir því, að það eptirlit fáist, sem stjórnin hefir verið beðin um að hafa á útlendum fiskiskipum, sem hún og hefir lofað og að nokkru leyti gjört með því að senda herskip út hingað við og við í slíkum erindum, þó þau hafi lítið getað við ráðið. Þetta er áhugamál og sannarlegt velferðarmál þjóðarinnar, og stjórnin hefir líka lýst því, að henni lægi það á hjarta. Þess vegna sýnist mèr ógjörandi að draga úr áhuga stjórnarinnar og þjóðarinnar á þessu máli. En þetta, sem nefndin fer hèr fram á, gæti orðið málinu til fyrirstöðu, því að bæði kynni stjórnin að leggja meiri þýðingu í eptirlit þessa sjóforingja, en það er vert, því að eg verð álíta eptirlit þessa gufuskips með útlendum fiskimönnum alveg þýðingarlaust, og hins vegar sýnist það eiga að gylla fyrir mönnum þetta fyrirtæki, að sjóliðsforingi sè með til að líta eptir fiskiskipunum. En eg get ekki skilið í, hvað hann á að gjöra eða getur gjört, þar eð hann eptir meiningu nefndarinnar að eins á að »líta« eptir skipunum. Hann á nú reyndar að gá að, hvernig fram fer, en hefir þó engan rètt til að hamla óskunda eða lagabroti útlendra fiskimanna hèr við land, þó hann sjái slíkt framið. Mèr finnst það nú þýðingarlitið, þótt maður sè settur til að líta eptir mèr, ef hann hefir engan rètt og engin meðöl til að hamla mèr frá því, sem eg má ekki gjöra. Ef menn nú halda, að sjóforinginn yrði áreiðanlegri persóna, til að segja frá því, sem hann sæi, þá held eg að það þyrfti eigi mann með Epauletter til þess, það gæti verið einhver annar (*Pètur Guðjónsson*: Það verður að vera embættismaður). Já, en sá embættismaður gæti kostað miklu minna, en sjóforinginn og þó verið eins þýðingarmikill. Þá hefir nú það verið borið fyrir annað veifið, að þetta gufuskip yrði svo kostnaðarsamt, en þar eð sjóforinginn hlyti að kosta meira en aðrir, þá held eg að menn ætti eigi að láta þann kostnað hamla þessu fyrirtæki, er af honum leiðir, og því þess vegna líka ekki að biðja um þenna þýðingarlausa sjóforingja. Eg vildi nú helzt, að þessi

uppástunga nefndarinnar fèlli, en ef hún ekki verður felld, þá verð eg, hversu illa sem mèr er um hana gefið, að sætta mig við að það atriði, sem hún fer fram á verði að eins tekið inn í álitsskjalið til konungs sem bendingaratriði í ástæðunum fyrir bænarskránni, en engan veginn sem uppástunga í niðurlagsatriðunum.

Stefán Eiríksson: Það mun nú enginn geta neitað því, að mál þetta sè mjög áríðandi fyrir landið yfir höfuð, og því gef eg atkvæði mitt fyrir uppástungum nefndarinnar. Eg vil nú til dæmis benda á það, hversu kostnaðarsamar allar ferðir eru á landi í samanburði við það að fara á sjó, hversu ódýrri yrðu ekki skólapiltum ferðir sínar með skipi, heldur en á landi, því þeir þurfa ætíð að leggja mikinn kostnað í hestakaup haust og vor, og reiðtýgi og annað sem þarf til landferða, svo eg er sannfærður um, að það yrðu aldrei svo dýrar ferðir með skipi kringum landið, að það yrði ekki töluvert betra en landferðirnar, og undir eins og þessi tilhögun er komin á, mundi borgun sú, sem fengist inn fyrir menn sem með færu og flutning, höggva töluvert skarð í skipskostnaðinn. Það hefir nú verið rætt töluvert um þenna 5. tölulið hèr á atkvæðaskránni, og eg er samhykkur þingmanni Barðstrendinga í því, að skipsútgjörðin kynni að hafa meiri kostnað í för með sèr. með þeirri tilhögun, en aptur álít eg, að þessi yfirforingi geti ef til vill gert eins mikið gagn með eptirliti sínu um útlenda fiskimenn, eins og þetta herskip, sem sent er endur og sinnum, eg veit ekki til að það hafi vísað einni einustu fiskiskútu burt af miðum vorum, eður gjöri okkur hið minnsta gagn, eða svo hefir það verið fyrir öllum ströndum í Skaptafellssýslu, því þar liggja fiskiskipin einlægt þegar fiskur er þar fyrir landi, inn á fiskimiðum og eru svo sigld heim með hlaðfermi áður þetta danska herskip kemur þar í höfn. Um breytingaratkvæðið undir tölulið eitt, ætla eg lítið að tala, eg sè nú ekki einasta svo mikið gagn að því, að það hafi verið þess vert að setja það á pappír. Eg held við þurfum ekki að kvíða því, að stjórnin hlaupi í gönur þó hún fái þetta allra bráðast, sem nefndin biður um, en þessar kringumstæður þingsmannsins úr Gullbringusýslu, eru svo óákveðnar, að stjórnin getur allt af sagt: Eg hefi aldrei kringumstæður til að uppfylla þessa ósk þingsins.

Jón Sigurðsson: Mèr fór líkt og hinum heiðraða framsögumanni, að eg sem nefndarmaður var farinn að sætta mig við breytingaratkvæðið undir tölulið 4. En eptir hina snjöllu ræðu

hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga og þá útskýringu sem hann gjörði yfir breytingaratkvæðið fór að koma hik á mig. Mèr finnst hann vilja gefa því aðra þýðingu, en í því getur legið, eins og það kemur fyrir á atkvæðaskránni. Hann vildi nefnilega, að það yrði borið upp sem viðauka-atkvæði við nefndaruppástungurna undir tölulið 5 á atkvæðaskránni, og standi þess vegna og falli með henni, en það ætla eg að eigi geti náð neinni átt. Eg verð þess vegna að halda því fast fram, að það komi til atkvæða eins og það stendur á atkvæðaskránni og á undan uppástungu nefndarinnar. Eg skal geta þess, að eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti, að uppástunga nefndarinnar komi einungis fram sem bendingaratriði til konungs, því eins og framsögumaður hefir fram tekið, var það eigi meining nefndarinnar, að halda þessu atriði fast fram, heldur einungis leiða athygli stjórnarinnar að því, eins og þingið gjörði seinast, og ef þetta ráð sýndist með nokkru móti tiltækilegt. Mèr getur heldur ekki skilizt það, sem sumir þingmenn hafa haft á móti nefndaruppástungunni, að gæzla sú, sem höfð hefir verið hingað til á fiskiveiðum útlendra hèr við land, þurfi að hverfa eður hætta, þó skipi þessu sè einnig ætlað að hafa tillit með þeim; en þó svo færi, ætla eg að eigi sè hundrað í hættunni, og að ekki sè mikils í misst, því mèr hefir ætíð skilizt svo, að það væri engin lögákveðin eða föst regla, sem vèr gætum krafizt að haldin sè, að herskip væri sent hingað á hverju ári til að verja fiskhelgi landsins, enda hefir það heldur ekki verið stöðug regla hingað til, eins og þingmönnum er kunnugt, og að það hefir einungis verið komið undir kringumstæðum stjórnarinnar, þegar skipið hefir sent verið, en alls eigi verið tekið tillit til beiðni og þarfa landsmanna sjálfra. Mættum vèr eiga það víst, að herskip kæmi hingað á hverju ári til að vaka yfir hinum útlendu fiskimönnum væri sannarlega ísjárvert, að gjöra leik til þess, að þeirri tilsjón hætti; en eins og á stendur, get eg ekki gjört mikið úr gagni því, sem leiðir af komu herskipa þessara, þau hafa komið annaðhvort og þriðja hvert sumar, farið einungis eina ferð sem hraðast umhverfis landið, og skroppið inn á einstöku firði, og þetta er öll sú gæzla, sem höfð hefir verið hingað að á fiskiveiðunum, enda hafa óspektirnar af hálfu útlendra fiskimanna, haldið eins áfram eptir sem áður, eins og sjá má af umkvörtunum þeim, sem til þingsins hafa komið um það efni. Viðvíkjandi breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu undir 1. tölulið, þá skal eg ekki

tala mikið um það, því það er í sjálfu sèr ómerkilegt; það er eins og þingmaðurinn með þessu breytingaratkvæði ætli sèr að koma vitinu fyrir stjórna í þessu máli, að hún ekki skuli hlaupa af sèr hornin með að veita það sem um er beðið, eða flana að því fyrirhyggjulaust, að koma gufubátaferðunum í ganginn; en eg held að þingmaðurinn megi vera rólegur fyrir því, að stjórnin muni ekki rasa fyrir ráð fram í þessu máli.

Pètur Pètursson: Eg verð þó að styðja breytingaratkvæðið undir 1. tölulið, því mèr finnst það höglegar orðað en uppástunga nefndarinnar. Nefndin hefir sjálf játað, að meiningin sè hin sama, og því finnst mèr rèttara að hafa hin vægari orðin. Eg verð að vera á móti 4. og 5. tölulið á atkvæðaskránni af ástæðum þeim, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga tók fram.

Ásgeir Einarsson: Eg held að þingmenn, ef til vill, misskilji breytingaratkvæðið undir tölulið 4. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hefir sýnt fram á, að það er ekki meining okkar með breytingaratkvæði þetta, að við viljum að það fái framgang, heldur er það einungis til að draga sem mest krapt úr uppástungu nefndarinnar tölulið 5. ef hann verður ekki alveg felldur. Breytingaratkvæðið undir 1. tölulið held eg sè óþarft, og ekkert hættulegt að fella það.

Halldór Kr. Friðriksson: Að því er snertir 4. tölulið, skal eg einungis geta þess, að þar sem þar er farið fram á, að uppástunga nefndarinnar verði tekin sem bendingaratriði, þá verð eg að vera því mótfallinn, ef hún kemur sem niðurlags-bendingaratriði; en komi hún einungis í ástæðunum fyrir álitsskjalinu (*Ásgeir Einarsson*: það er meiningin), þá skal eg ekki vera móti því.

Stefán Jónsson: Viðvíkjandi 4. tölulið, þá held eg að það sè ekkert á móti því frá hálfu nefndarinnar, að breytingaratkvæðið komi í staðinn fyrir tölulið 5., og komi einungis fram í ástæðunum. Fyrst breytingaratkvæðið kemur fyrri til atkvæða en uppástunga nefndarinnar, geta menn valið um, og tekið það sem þeim þykir betra. Hvað 1. tölulið snertir, þá finnst mèr nefndin öldungis ekki vera ókurteis. Þegar menn þurfa að biðja á annað borð, sýnist mèr standa á sama, hvert af þessum orðum er brúkað, því enginn getur veitt bæn eða bænheyrt nema kringumstæðurnar leyfi. Eg hefi þá von að stjórnin, hver orðin sem eru valin, muni bænheyra oss í þessu efni svo fljótt sem henni er unnt.

Arnljótur Ólafsson: Eg veit ekki hvort eg þarf að taka það

fram, að þó eg sè einn í nefndinni, er eg samt á móti uppástungunni undir 5. tölulið; en þó eigi af sömu ástæðum sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga, heldur af því, að eg vil að þetta atriði komi eins fram nú og 1863. Hafi eg skilið þingmanninn rètt, þá þótti honum ekkert gagn í verndinni, nema því að eins, að útlendingum með öllu sè bægt frá að geta gjört nokkuð á hluta landsmanna eða þorksins. Eptir þessari setningu yrði öll sakalög ónýt, því ekki geta þau fyrir girt, að þjófurinn geti eigi stolið eða lygarinn logið. Nefndinni datt aldrei jafngífurlegt fyrirtæki í hug. Nefndinni datt aldrei í hug, að sjóforinginn gæti hindrað allan yfirgang, heldur að hann gæti þó stundum sèð, hvar óspektir væri gjörðar og hverjir gerðu sig seka í þeim. Hefði presturinn í Vigur vitað, hverjir gjörðu honum hinn nafnkennda óskunda, hefði enginn vandi verið fyrir hann að ná rètti sínum. Eg held, að sjóforinginn á gufuskipinu gæti á leið sinni optlega komizt eptir nafni skips og skipstjóra þess, sem eitthvað ólöglegt að hefðist, og það er nóg; eg vil því styðja 4. tölulið, að þetta komi fram í bænarskránni til konungs eins og 1863. Það hefir verið mikið talað um breytingaratkvæðið undir 1. tölulið; eg held þess þurfi ekki, því að sama muni liggja í því og nefndaruppástungunni. Í uppástungu nefndarinnar liggur, að lýsa skuli yfir, að *bráða nauðsyn* beri til, að gufuskipsferðirnar komist á umhverfis landið, en hún ætlast ekki til að stjórnin skuli hlaupa upp til handa og fóta til að koma því á hvað sem kostar; enda ætla eg stjórnina svo vel viti borna, hvað fjárhag snertir, að hún muni eigi kaupa eða leigja gufuskip fyrir ofmikið verð, eða á óhentugum tíma, heldur haga sèr eptir kringumstæðunum. Hafi hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu ekki meint annað en þetta, er eg honum alveg samdóma. Falli breytingaratkvæðið álít eg rètt að taka meininguna fram í bænarskránni til konungs. En hafi þingmaðurinn meint, að oss væri ekki svo mikið um að gjöra að fá þetta fyrr en einhvern tíma, t. a. m. þegar *allar afleiðingar* af amerikanska stríðinu eru um garð gengnar, þá er eg á öðru máli; en eg held að þetta hafi nú ekki verið hans meining. Eg fyrir mitt leyti get ekki gjört æfinlega svo mikið úr þessari góðu auðmýktarreglu á þingi eins og sumir heiðraðir þingmenn hafa gjört, eg held að það sè politiskt rètt, að standa á rèttinum, en lúta náðinni.

Forseti: Fyrst að ekki fleiri taka til máls er ályktarumræð-

unni lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskrá þeirri, er liggur fyrir.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði Pèturs Guðjónssonar, fellt með 13 atkv. gegn 7.
2. 1. uppástungu-atriði nefndarinnar, samþ. með 21 atkv. gegn 1.
3. 2. uppástungn-atriði nefndarinnar, samþ. með 21 atkv.
4. Breytingaratkvæði Eiríks Kúld og Ásgeirs Einarssonar, við eptirfylgjandi uppástungu-atriði nefndarinnar, fellt með 12 atkv. gegn 9.
5. 3. uppástungu-atriði nefndarinnar, fellt með 15 atkv. gegn 5.
6. 4. uppástungu-atriði nefndarinnar, samþ. með 22 atkv.
7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá, samkvæmt þeim atriðum, sem samþykkt eru; samþ. með 21 atkv.

Forseti: Dagskrá er þá lokið.

Síðan var lesið upp álitsskjal til konungs:

1. Í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi, og var framsögumanni falið á hendur að stytta það, svo að getið væri að eins þeirra breytinga, sem unnið hefði atkvæði meiri hluta þingmanna.

2. Bænarskrá til konungs í málinu viðvíkjandi styrk af ríkissjóði til eflingar forngripsafnsins í Reykjavík, og var hún samþykkt. (Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 297).

Forseti ákvað fund til næsta dags kl. 12.

Fundi slitið.

---

17. fundur — 22. júlí.

Þessir þingmenn höfðu tjáð forseta forföll sín: hinn 6. konungkjörni þingmaður, þingmaður Árnesinga og þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Þá tökum vèr til dagskrár, og kemur til undirbúningsumræðu málið um konunglegt frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854 um *sigling og verzlun á Íslandi.* Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga

er framsögumaður, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar, og skýra frá málinu að öðru leyti, svo sem þörf er á.

Framsögumaður (Eiríkur Kuld): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 299.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta nefndarálit, því þingmenn sjá, að ágreiningur varð í nefndinni, og þessi ágreiningur er hvorki meiri nè minni en svo, að meiri hlutinn ræður þinginu alveg frá að fallast á frumvarpið, en minni hlutinn ræður því til alveg að aðhyllast það. Minni hlutinn hefir einnig gjört vara-uppástungu, en hversu álitleg sem hún að öðru leyti kann að sýnast, gat meiri hlutinn þó ekki fallizt á hana; eg ætla ekki að tala meir um ágreiningsatkvæðið að þessu sinni, það er nógur tími til þess, þegar hinn háttvirti meðnefndarmaður hefir talið það fram, er honum þykir við þurfa því til stuðnings.

Konungsfulltrúi: Eg get með engu móti aðhyllzt skoðun meiri hlutans í þessu nefndaráliti, sem ræður frá, að stjórnarfrumvarp það, sem hèr liggur fyrir, verði að lögum, og þarf eg í því tilliti ekki annað, en að skýrskota til þeirra ástæðna, sem teknar eru fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, sem fyllilega rèttlæta frumvarpsins uppástungu. Það er augsýnilega heldur ekki rètt skoðun, að engin brýn nauðsyn beri til þess að leggja ekkert gjald á verzlunina, eða sem er hið sama, til þess að auka tekjur landsins, þar sem útgjöldin til landsins þarfa fara allt af vaxandi, meðan tekjurnar standa í stað, og það er hin fyllsta sanngirniskrafa, að landið, sem er allt af að biðja um fè úr ríkissjóðnum og þarfnast margs, til þess ýmsar endurbætur geti komizt á, leggi að sínu leyti nokkuð í sölurnar. Það er heldur ekki rètt, að það þurfi *að standa frumvarpinu í vegi*, að vèr ekki höfum fulla vissu fyrir því, hvað mikið fè Danastjórn eða hið danska ríkisþing láti af hendi við Ísland, ef fjáraðskilnaðarmálið kemst í kring, því auðsætt er það, að þetta tvennt stendur í engu slíku nauðsynlegu sambandi hvort við annað, að þessu máli ekki megi ráða til lykta, fyrri en um leið eða eptir að fjárhagsmálið er komið í kring, sem ef til vill getur átt langt í land.

Hið sama er að segja um þá ástæðu, að það sè ekki *tiltækilegt*, enn sem komið er, að íþyngja verzluninni með álögum, að þessi ástæða er þegar betur er athugað, þýðingarlítil eða þýðingarlaus, því afgreiðslan er svo lítil, að hún engin veruleg álirif get-

ur haft á verzlunina, nè heldur á vöruprísana, eins og eg get ekki heldur ætlað, að það sè rètt álitið, að þessi litla álaga, sem að vísu kemur niður á landsbúum, geti vakið óánægju hjá almenningi, og víst er um það, að ef landsmenn, sem eg verð þó að ætla, vilja leggja sitt fram til þess að koma ýmsu fram, sem þá vanhagar um, og þurfa því að koma á fót, geta það aldrei með hægra móti en því, sem hèr er stungið upp á, og get eg þannig ekki lagt neina áherzlu á þetta mótbáru-atriði.

Að ákvarðanir frumvarpsins sèu *ósanngjarnar*, fæ eg heldur ekki skilið að sè rètt álitið, því hvað er eðlilegra, en að álagan fari eptir því, hvers virði farmurinn er, og þessari grundvallarreglu er fylgt í frumvarpinu, og álagan er, þegar á annað borð nokkur álaga er lögð á verzlunina eða landsbúa mjög hófleg, og getur því með engu móti orðið tilfinnanleg, og víst er um það, að hún kemst í engan samjöfnuð við álögur þær, er í Danmörku sjálfri hvíla á verzluninni.

Að sú álaga eða lestagjald af 2 rd., sem nú er á verzluninni, sè af ódýrri vöru of há, er ástæðulaust, og víst er um það, að ekki hefir slík vara hækkað í verði fyrir þessa skuld, t. a. m. timbur, eða steinkol, salt o. s. frv.

Eg ætla ekki að þessu sinni að orðlengja fremur um málið, og vona að hið heiðraða þing við ítarlegri yfirvegun, komist til þeirrar niðurstöðu, að frumvarpið sè í alla staði rèttvíst og sanngjarnt, eins og líka minni hluti nefndarinnar ljóslega hefir tekið fram. Eg skal einungis hvað vara-uppástungu minni hlutans snertir, leyfa mèr að taka fram, að mèr virðist hún ekki nauðsynleg, því það er auðsætt, að afrakstur af álögunum rennur inn í Íslands sjóð eða verður talinn Íslandi til góða, eins og nú á sèr stað með skipagjöld þau sem nú eru.

Eg hlýt því að biðja hið heiðraða þing um, að gefa þessu máli alvarlegan gaum, og að gjalda varhuga við því, að aðhyllast uppástungu meiri hlutans, því það hlýtur að hafa óskyggileg eptirköst, ef þingið skyldi mót von hafna frumvarpinu, eða ráða frá því, að það yrði að lögum.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að vera langorður til þess, að halda uppi hlífarskildi fyrir meiri hluta nefndarinnar út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, því ræða hans gat ekki sannfært mig. Hann gat þess, að það væri neyðarúrræði að fella frumvarpið; eg játa þetta í alla staði; en úr því frumvarpið undir

nærverandi kringumstæðum, eins og það liggur fyrir, er óbrúkandi, eins og meiri hluti nefndarinnar hefir skýrt tekið fram, þá verða menn að grípa til þessa neyðarúrræðis; konungsfulltrúi talaði og um eptirköst, sem þetta kynni að hafa; en eg ímynda mèr að hann hefði gjört betur í að taka þessi eptirköst fram fyrir þingmönnum, því mèr geta ekki dottið þau í hug. Konungsfulltrúa fannst 4 rd. tollurinn heldur ekki vera hár, og sömuleiðis hèlt hann og, að hann engin áhrif mundi hafa á prísana; þetta getur mèr ekki skilizt. Eg er í þessu tilliti á sömu skoðun og stjórnin, því síðan 1854 hefir hún allt af álitið 4 rd. gjaldið of hátt og sèst það á því, að hún hefir verið að ota 4 rd. lestagjaldi einungis á aðrar þjóðir til að ná jafnrètti í verzlunarviðskiptum við þær. Eg skal geta þess, að í þessu 4 rd. gjaldi getur falizt mikill ójöfnuður; eg set t. a. m., að hingað komi 50 lesta skip, hlaðið 48 lestum af steinkolum eða salti, eða timbri, 1 lest af korni og 1 af munaðarvöru; af þessu skipi ætti nú eptir frumvarpinu, að taka 4 rd. gjald af öllum farminum eða 50 lestum, og þá er nú komið 4 rd. lestagjald á ódýru vöruna, svo sem salt og steinkol, já enda ef til vill 6 rd. gjald; en þetta sjá allir að er mjög ósanngjarnt, og hlýtur að hafa mikla verkun á verzlunina. Konungsfulltrúa þótti það og ótiltækilegt, að það, að fjárhagsmálið ekki væri komið í kring, gæti verið þessu máli til fyrirstöðu; en eg get ekki betur sèð, en að hèr sè svo náið samband, að fjárhagsmálið geti haft veruleg áhrif í þessu tilliti, og sè eg þvert á móti enga ástæðu til að leggja nýjan toll á landið, meðan við ekki vitum neitt, hvers við með þurfum. Fyrst þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, getum við vitað, hversu mikils við þurfum og hvað mikið við eigum sjálfir, og þá fyrst er tími til að jafna á oss tollunum. Auk alls þessa, er eg sannfærður um, að það yrði mjög óvinsælt bæði hjá þjóðinni og kaupmönnum, ef þingið aðhylltist frumvarp þetta.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf ekki að tala margt í þessu máli, því hinn háttvirti framsögumaður hefir svarað flestu því, er eg ætlaði að svara. Það var þó eitt orð í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa sem eg ætlaði að svara; hann sagði nefnilega, að það, að leggja þenna skatt á, væri sama sem að auka tekjur landsins. En þetta held eg eigi sè rètt, því gjald þetta á ekki að ganga inn í lands sjóð, heldur rennur það inn í ríkissjóðinn; en menn mættu orðið þekkja hèr, hvað vel okkur gengur að fá fè úr ríkissjóði eða ríkisdeginum, þegar við biðjum um það til einhverra stofnana

eða almennra þarfa; því það liggur við, að þó ekki sè beðið um meira en 5 rd. virði, þá fáum við það ekki. Eg álít, að við eigum engan skatt að leggja á okkur, fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, því þá fyrst vitum við, hvað við eigum sjálfir, og hvers vèr með þurfum að leggja á okkur af sköttum. Konungsfulltrúi gat þess og, að þetta mál ekki stæði í sambandi við fjárhagsmálið. En í ástæðum stjórnarinnar standa beinlínis þessi orð «en á hinn bóginn varð dómsmálastjórnin að fallast á, að það væri mjög áríðandi, að þetta málefni yrði tekið til íhugunar í sambandi við hið almenna fjárhagsmál». Eg skil því ei, hvernig konungsfulltrúa hefir getað sèzt yfir þetta í stæðum frumvarpsins, hafi hann lesið þær. Sambandið er svo náið, að það ei verður að skilið; eg veit að þingið skilur þetta, en á hinn bóginn er það vel gjört af konungsfulltrúa eptir stöðu sinni, að forsvara stjórnina eða reyna að sýna skoðun hennar á málinu, en hann verður þó að gá að því að gjöra það rètt. Konungsfulltrúi sagði og, að þetta hefði engin áhrif á prísana hjá verzlunarmönnum; en lítið er lítið, og á 50 lestum getur miklu munað, að auka við það sem nú er 100—200 rd. gjaldi, en þetta leggst allt á landsbúa. Eg vona, að konungsfulltrúi muni, að 1851 sagði amtmaður sálugi Melsteð, að þetta 2 rd. gjald væri álaga á landsbúa, og var hann þó ekki álitinn að vera móti stjórninni. Eg get því ekki breytt meiningu minni í þessu tilliti, nema konungsfulltrúi enn betur geti sannfært mig.

Konungsfulltrúi: Út af því, sem þingmaður Strandasýslu sagði í ræðu sinni, skal eg taka fram, að eg sagði einungis að þetta mál og fjárhagsaðskilnaðarmálið stæði ekki í neinu slíku nauðsynlegu innbyrðis sambandi, að þau yrðu að bíða hvort eptir öðru, enda hefðu þau mál þá ekki verið lögð fyrir þingið sitt í hverju lagi. Eg sagði líka, að þessi álaga á verzluninni ekki gæti, þar sem hún væri svo hófleg í alla staði, haft nein veruleg áhrif á vöruprísana fyrir landsmenu, og er hægt að sanna og sýna þetta með tölum. Að því leyti eg minntist á, að það yrði að hafa eptirköst, ef þingið hafnaði frumvarpinu, þarf eg ekki að útlista þessi orð mín ítarlegar, þar sem það meðal annars virðist að liggja í augum uppi, að þegar stjórnin sèr, að vèr viljum ekkert leggja til eða í sölurnar, en erum þó í annan stað allt af að biðja um fè úr ríkissjóðnum til þess að bæta úr því, sem oss vanhagar um, þá muni stjórnin verða tregari til þess að heyra bænir vorar en ella,

og þetta virðist eðlileg hugsun. Að hafna frumvarpinu er því í raunínni sama sem að fresta framkvæmdum á því, sem oss vanhagar um, og það sèr hver maður, að þetta er mjög svo ísjárvert.

*Pètur Pèturs*son: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um ágreiningsálit mitt, því hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir tekið flest af því fram, sem eg álít við þurfi í því tilliti. Eg skal einungis geta þess, að meiri hluti nefndarinnar gjörir að mínu áliti of mikið úr 4 rd. gjaldinu, þegar menn sem sè gæta þess, hve margar tunnur fara í eina lest, þá er ei um mikið fè að gjöra, sem lendir á hverri tunnu. Af steypivöru («Styrtegods») fara t. a. m. af rúgi 30 tunnur í hverja lest, og þá koma liðugir 12 sk. á hverja tunnu; af rúgi í pokum fara 24—25 tunnur í hverja lest, og koma þá 16 sk. á hverja tunnu. Af brennivíni fara 16 tunnur í lestina, og kemur þá $^1/_5$ skildings á hvern brennivínspott. Eg skil því ei, hvað mönnum hèr hefir gengið til að gjöra úlfalda úr mýflugunni, því eg sè ekki, að verzluninni íþyngi fyrir þetta. Af því menn voru hræddir við að láta gjalda þetta renna inn í ríkissjóðinn, og um leið til þess að taka af allan vafa, þá gjörði eg þessa vara-uppástungu, sem sè, að þessu gjaldi yrði varið í landsins þarfir. Af þessum ástæðum fæ eg heldur ekki skilið, hvers vegna þingmenn gjöra frumvarpið að þessari grýlu, því það er í alla staði bæði eðlilegt og sanngjarnt.

Bergur Thorberg: Eg vona nú reyndar, að þingið líti öðruvísi á þetta mál en meiri hluti nefndarinnar. Mèr virðist undarlegt og eigi líta vel út, ef þingið færi að ráða frá þessu frumvarpi í sömu andránni og það er að biðja um ýmsar endurbætur, nýjar stofnanir og ráðstafanir, sem fè þarf til að leggja, og sem einmitt hingað til hafa strandað á fèleysinu. Ástæður meiri hluta nefndarinnar, móti frumvarpinu virðast mèr með öllu ónógar. Meiri hlutinn neitar því, að brýn nauðsyn beri til að leggja þenna toll á. Er þá engi nauðsyn á hinum nýju fyrirtækjum og endurbótum, sem þingið er að biðja um, og sem allir álíta þarfar fyrir landið? Þetta strandar á fèleysi, en þó álítur meiri hluti nefndarinnar ónauðsynlegt að útvega fè það, er útheimtist til þess að þessum endurbótum verði komið fram. Þá telur meiri hlutinn þá ástæðu, að vèr ekki vitum hvað mikið fè vèr fáum til umráða, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Það vitum vèr að vísu eigi fullkomlega, en mönnum er kunnugt af frumvarpinu í fjárhagsmálinu, hvaða tillag stjórnin býður úr ríkissjóði. Eg held allir

muni viðurkenna, að þarfir vorar sèu svo margar, að nóg muni verða til að gjöra með 8—9000 ríkisdala viðbót við tekjur landsins. Þá segir meiri hlutinn, að tollur þessi sè álaga á landsmenn, lendi á þeim, þó kaupmenn greiði hann. Þetta er reyndar satt, en álaga þessi er í sannleika ekki óttaleg eður þungbær fyrir landið, eins og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður ljóslega sýndi fram á. Eg skal nú reyna að sýna á annan hátt, hversu lèttbær hún hljóti að verða hverjum einstökum. Ef kaupmenn hækkuðu verð, t. a. m. á kaffi og sikri eingöngu til að verða skaðlausir af þeirri hækkun á lestagjaldinu, sem um er rætt í frumvarpinu, þá mundi pundið stíga að eins um 1 skilding; ef þessi hækkun væri lögð eingöngu á rúg, rúgmjöl, bankabygg og baunir telst svo til að það munaði rúmu marki á tunnunni. Ef menn ímynduðu sèr, að ullin fèlli í verði um það, sem þessum tolli nemur, þá munaði það hèr um bil $^3/_4$ skildings á pundinu. Þetta sýnir, hvað lítil og lèttbær þessi álaga er, og að menn finna öldungis ekki til hennar, þegar hún kemur niður á verzluninni yfir höfuð. Sú mótbára móti frumvarpinu, að tíminn sè óhentugur til að leggja á landið, vegna þess hve bágur hagur manna er, hverfur þegar litið er á, hve lítil og lèttbær sú álaga er, sem hèr er um rætt. Þar sem það hefir verið tekið fram, að tollur þessi komi ójafnt niður og sè því ósanngjarn, þá skal eg að eins geta þess, að þessi galli er á öllu lestagjaldi, eins og stjórnin hefir játað í ástæðunum fyrir frumvarpinu; en þessi mótbára á ekki fremur við um þann viðauka við lestagjaldið, sem hèr er um rætt, en um lestagjald það, sem ákveðið er í lögunum frá 15. aprílm. 1854, því hann er byggður á sömu grundvallarreglu, nema hvað undantekning er gjörð um vissa tiltekna farma til þess að gjaldið verði sem sanngjarnast. Lestagjaldið hefir aptur á móti kost, sem er yfirgnæfandi, en hann er sá, að það er einfalt og fæst með lèttu móti, án þess nein eiginleg tollumjón sè nauðsynleg. Hinn heiðraði varaþingmaður Strandasýslu tók fram, að tollur þessi rynni inn í ríkissjóðinn og kæmi því ekki Íslandi að notum. En allar tekjur af Íslandi renna inn í ríkissjóðinn meðan það fyrirkomulag er á, sem nú á sèr stað, svo að þetta er ekkert nýmæli um lestagjaldið; en tekjurnar eru eins fyrir því taldar Íslandi og þeim varið til Íslands þarfa. Þegar búið er að koma á fjárhagsaðskilnaðinum er vitaskuld, að lestagjaldið eins og aðrir skattar af Íslandi renna inn í hinn sèrstaka sjóð Íslands. Hinn heiðraði framsögumaður hèlt, að það mundi eigi geta haft

mikil eptirköst, þó þingið fèllist eigi á frumvarp þetta; en eg get vel ímyndað mèr, að það kynni að hafa ísjárverð eptirköst; eg held það gæti vel orðið fjarhagsmálinu og þannig óbeinlínis stjórnarbótarmálinu til fyrirstöðu. Hið nýja stjórnarfyrirkomulag hefir eflaust í för með sèr kostnaðarauka, svo að þörf verður á að auka tekjur landsins til að geta komið því á, auk þess, að slíks er þörf til nýrra endurbóta. Menn ættu því að gæta vandlega að, hvað menn gjöra, áður en menn fara að ráða frá frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir oss; mèr sýnist óráðlegt að gjöra það, og mèr sýnist ekki árennilegt fyrir stjórnina að gefa þinginu löggjafaratkvæði í fjárhagsmálefnum ef það er svo tregt á að leggja fram fè til landsins þarfa. Eg verð að öllu leyti að fallast á álit meiri hluta nefndarinnar og aðaluppástungu hans. Vara-uppástunga minni hlutans fer í rauninni í sömu stefnu og frumvarpið sjálft, því í ástæðunum fyrir því er einmitt bent á sèrstaklegar endurbætur í landinu til sönnunar því að útvega þurfi fè. Ef þingið fellst á vara-uppástunguna, þá held eg það þess vegna í rauninni yrði það sama og að fallast á frumvarpið sjálft, því í henni er einungis með berum orðum tekið fram það, sem að eg held að sè tilgangur frumvarpsins.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að svara hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni fáum orðum. Það er hvorttveggja, að eg er ekki kaupmaður, enda skildi eg og ekki áætlunarreikning hans, og ekki heldur hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns. En svo mikið skildi eg af ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns, að þó þessi tollur aldrei yrði nema lítill, þá dregur hann sig þó saman, þegar til alls kemur, og verður þannig tilfinnanleg álaga fyrir landsmenn. En þar á móti er gott að geta seinna gripið til þessa tolls, ef við þurfum þess með, þegar vèr vitum hvernig á fjárhagsmálefnum vorum steudur, en óþarfi að leggja hann fyrr á. Hinn sami 4. konungkjörni þingmaður talaði og um, að það mundi hafa eptirköst, ef þingið ei fèllist á frumvarpið, og stjórnin þannig síður mundi heyra bænir vorar, en þetta skil eg ei, því eg veit til þess, að þó þingið ekki allt af hafi verið samdóma stjórninni um ein og önnur mál, þá hefir hún þó opt og tíðum heyrt bænir þess. Viðvíkjandi spádómi hins háttvirta konungsfulltrúa, skal eg geta þess, að hann víst ekki ætlast til, að hann skiljist bókstaflega; það er enn fremur aðgætandi, að við erum ekki þeir sem ætlað er að leggja þenna toll á okkur, heldur er það ríkisdagurinn í Danmörku,

því í frumvarpinu stendur: »*frumvarp til laga*« er sýnir þetta berlega, og sjá allir þingmenn, hver þýðing liggur í þeim orðum.

Ásgeir Einarsson: Eg skal ekki tala margt um viðaukaatkvæðið sem sá hæstvirti konungsfulltrúi skaut inn í ræðu sína þá sem hann flutti áðan, nefnilega, að mál þetta stæði ekki í neinu nauðsynlegu sambandi við fjárhagsmálið, því þetta gerir ekkert til, en sýnir eptir sem áður, að hann hefir ekki skilið ástæður frumvarpsins, eins og eg sýndi fram á, þegar eg las upp úr því orðin áðan, og vil eg ekki taka það upp aptur. Konungsfulltrúinn vildi styrkja mál sitt með því, að hefði stjórnin álitið fjárhagsmálið og lestagjaldsmálið í nokkru sambandi sín á milli, þá hefðu bæði frumvörpin verið saman, þetta virðist mèr ekki heldur rètt, því fjárhagsmálið er þess eðlis, að ríkisdagurinn verður að gefa atkvæði um, hvað mikið fè er látið úr ríkissjóði, úr því konungur hefir leyft honum það af hinu fyrra valdi sínu, en annað mál er það, hvort ríkisdagurinn á með að leggja á okkur Íslendinga beinlínis eða óbeinlínis skatta, sem eigi að ganga inn í ríkissjóðinn, en að ríkisdagurinn hafi það vald eða rètt til þess, verð eg að þverneita; það er líka auðsèð, að stjórnin hefir hugsað sèr það svo, þar hún segir í ástæðunum, að það mál yrði umtalsefni milli stjórnarinnar og þjóðfulltrúa Íslands, svo framarlega að fjárhagur Íslands yrði aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, en þetta gefur þó til kynna, að það vakir fyrir stjórninni, að ríkisdagurinn eigi eitthvað með að leggja á okkur þessar álögur, eða að þær eigi að berast undir hann til samþykktar; en það er eg búinn að sýna að ekki sè, og byggi eg það á orðum fjárhagsaðskilnaðarfrumvarpsins 1. grein, »skuli — lokið starfa þeim, er ríkisþingið» o. s. frv., því hefði það verið skýlaus rèttur ríkisþingsins mundi ekki hafa verið dregið úr því í frumvarpinu, enda er það kunnugt, að Íslendingar hafa aldrei viðurkennt, að ríkisþingið hefði rètt til að leggja neina skatta á Ísland.

Konungsfulltrúinn sagði, að stjórnin segði, að við vildum ekkert leggja til, en værum einlægt að biðja um nýjar stofnanir; þetta kemur til af því, að við viljum vita, hvort við eigum ekkert tilkall til ríkissjóðsins, og ef svo reyndist, þykir okkur nógur tími til að fara að leggja á okkur skatta, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn, og við megum verja fènu eptir eigin vild, en ef við gjörum það nú, er það ekki nema til að spilla fjárhagsaðskilnaðinum, sem báðir reyndar vilja, og er báðum hagfelldur, en ef við förum núna að leggja á okkur skatta inn í ríkissjóðinn, er auðsèð

hvað af því leiðir. Dönum þækti þetta reyndar ógnar vænt, því þá þyrftu þeir ekki að standa okkur skil á einum skilding af þeim undanförnu fjárskiptum, en hvernig þinginu gengi að forsvara þetta fyrir þjóðinni er nokkuð annað mál; eg fyrir mitt leyti vildi ekki fara í neinn smásmuglegan reikning við Dani, og helzt þurfa að biðja þá um sem minnst, en eg vildi þó sjá, hvað við ættum með rèttu hjá þeim, og hvað við gætum fengið af því.

Eg má virkilega þakka hinum 2. konungkjörna þingmanni fyrir það, að hann vakti mig af draumi til umhugsunar um, hvað í raun-inni lægi í þessu lestagjaldi; hann sagði það yrði ekki nema 16 sk. af korntunnu og $^1/_5$ sk. af brennivínspottinum, þetta var ágæt at-hugasemd, eins og vænta mátti þaðan; þó tollur þessi verði kann ske ekki mjög tilfinnanlegur kaupmönnum, verður hann dugleg á-laga á landsbúa, því þó ekki sè nema $^1/_5$ sk. á brennivínspottinn, má nærri geta að kaupmenn hækka hann ekki upp minna en um 1 sk., og fáum við þá 5 faldan tollinn, sem þó kemur ekki nein-staðar fram í tekjunum, sama er að segja um kornvöruna, kaup-menn munu varla setja tunnuna upp einungis um 16 sk., og þar til er það sá ranglátasti tollur að leggja hann á matvöru sem Ís-lendingar kaupa, eins og reyndar verður niðurstaðan með hátt lestagjald, og er betra að hafa hátt gjald á ónauðsynjavöru einni og hvað helzt á skaðlegri.

Sá heiðraði framsögumaður hefir svarað þeim 4. konungkjörna þingmanni flestu úr ræðu hans, og vil eg einungis drepa á fátt eitt. Hann fann að því við mig, að eg hefði sagt, að tollar þessir rynnu inn í ríkissjóðinn, en viðurkenndi þó sjálfur, að svo yrði að vera meðan fjárhagsaðskilnaðurinn væri ekki kominn á, en sagði tekjurnar væru fyrir það tollur Íslandi; þetta veit eg vel, en hvað koma þær Íslandi til góða fyrir það? Við höfum þessar tölur, en fáum ekkert til neinna þarflegra fyrirtækja fyrir það, einungis er talið lítið eitt minna það sem Danir segja okkur sè lagt, sem við þó höldum lítið sè í raun og veru, það er því engan veginn af tregðu fyrir okkur að gjalda til þarflegra fyrirtækja, að við vilj-um ekki svona lagaðan toll.

Þingmaðurinn sagði síðar í ræðu sinni, að sèr þætti ekki á-rennilegt fyrir stjórnina að veita okkur löggjafar-atkvæði í fjár-hagsmálum, þegar við værum svona tregir að leggja fram til þarfa landsins, en þetta er hreinn misskilningur; það er annað að leggja til þarfa landsins, þegar við megum sjálfir ráða fè voru, en að

leggja tolla á landið til að láta þá í ríkissjóðinn í óþakklæti meðan við höldum, að við eigum meira hjá honum en hann hjá oss. Það er því með öllu skökk ályktun, sem sá 4. konungkjörni þingmaður hefir fram sett, en þó þykir mèr taka út yfir í ræðu hans, þar sem honum þykir ekki árennilegt fyrir stjórnina að veita okkur löggjafarvald í fjárhagsmálum, af því við tökum ekki á móti þessu lestagjaldi; mèr virðist slík skoðun og orð óverðug nokkrum Íslendingi, og þó hann sè konungkjörinn, því eg álít, að hver þingmaður eigi að tala það rètta og sanna landinu í hag, hvort hann er þjóðkjörinn eða konungkjörinn; það er annað mál, þó konungsfulltrúi mæli með skoðun stjórnarinnar og sýni hvor hún er, því bæði er það hans skylda og líka nauðsynlegt, en eg held nú ætli ekki að fara betur en á seinasta þingi, þá var sagt að í einu máli væru 2 konungsfulltrúar, en nú held eg þeir sèu orðnir 3.

Stefán Jónsson: Eg álít það mikið óhapp, þegar sama mál ekki getur orðið skoðað frá sama sjónarmiði, hvort heldur það er frá þingsins, nefndarinnar eða konungsfulltrúa hálfu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að frumvarpið ætti að samþykkjast af þinginu, en eptir sínu sjónarmiði; máske þetta sjónarmið hins hæstvirta konungsfulltrúa hafi skipt nefndinni. Það hefir mikið verið talað um tollinn, að hann væri lítill og munaði engu; þetta getur satt verið; en þá munar hann líka ríkissjóðinn engu. Það er ekki aðalatriðið, að nefndin eða landsmenn bandi á móti tollinum í sjálfu sèr, því eg kom með bænarskrá til þings, sem hljóðaði um að leggja toll á vínföng, en sá tollur átti eptir þeirri uppástungu að brúkast til vegabóta hèr á landi, en það mál var fellt frá nefnd. Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu tók fram, hvað lestagjaldið væri óeðlilegt, eins og líka rètt er, því það hefði verið rèttara og eðlilegra, að sleppa tollinum á lestagjaldinu, en hafa hann þeim mun hærri á munaðarvöru, ef menn annars hefðu getað aðhyllzt nokkurn toll. Hefði frumvarpið hljóðað upp á, að byrja ætti á einhverju nauðsynlegu fyrirtæki hèr á landi, þá hefði þingið máske gengið inn á toll á munaðarvöru, en nú vona eg, að þingið ekki gjöri það, þrátt fyrir meðmæli og miklar vonir hins hæstvirta konungsfulltrúa.

Jón Guðmundsson: Bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hafa einkum mælt með frumvarpinu, einkum af þeirri ástæðu, að tollurinn væri ekki þungur, nè kæmi hart niður á hvern einstakan Íslending, en þetta er

ekki það, sem er aðalatriði þessa máls að mínu áliti, eptir því sem það liggur hèr fyrir, heldur hitt, hvort hèr sè farinn rèttur lagavegur eður ekki, að því er snertir grundvallarrèttindi alþingis; þetta er höfuðatriðið, en um hitt skiptir engu að sinni, hvort álagan sjálf er lítt tilfinnanleg eða þungbær. Því það er þetta eina, sem hèr er aðgætandi, og sem eigi hefir verið borið til baka, hvorki af konungsfulltrúa nè neinum hinna, sem hafa viljað styðja frumvarpið, og það er, að hèr er að ræða um nýjan skatt, nýja álögu sem lendir þó á engum öðrum en Íslendingum, sem vörurnar kaupa. Ef það er rètt, sem enginn getur efazt um, þá er hèr að ræða um að leggja nýjan skatt á landsmenn, og það er í þessu máli aðalatriðið, en hitt er minna vert, eins og eg sagði, hvort þessi skattur er mikill eða lítill. Nú sè eg ekki, að stjórnin hafi ætlað að leiða þetta mál til lykta á vanalegan veg, eptir því sem alþingi getur krafizt, samkvæmt rètti sínum og alþingislögunum, því hún nefnir þetta: «*frumvarp til laga*» og leiðir af því, að stjórnin ætlar sèr að leggja málið undir síðasta atkvæði ríkisþingsins. Hèr er þannig viðhöfð af stjórninni sú aðferð, sem eg álít ekki rètta, þegar er að ræða um nýja skattaálögu á oss sjálfa, nefnilega að leggja síðasta atkvæði þeirra mála undir ríkisdaginn í Danmörku, sem vèr að svo komnu máli alls ekki erum háðir. Eg tek því hèr upp orð hins háttvirta framsögumanns, þó að hann talaði þau í nokkuð öðru sambandi, vèr ættum fyrst að vita hvað vèr eigum, áður en vèr förum að leggja ráð og tillögur til þess á þenna veg að gefa atkvæði fyrir að leggja skatta á sjálfa oss, því vèr eigum þann atkvæðisrètt í þessum málum, sem oss er afskorinn með frumvarpinu. Þess vegna er það mín skoðun, að þingið eigi að afsegja að gefa álit sitt og atkvæði um málið, eins og það er nú lagt fyrir oss. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að stjórnin hefði hingað til orðið að bera það fyrir, þegar um einhvern kostnað væri að ræða til Íslands þarfa, að Íslendingar vildu sjálfir ekkert leggja í sölurnar að stjórnin yrði þó að fá eitthvert fe hèðan, Íslendingar yrði sjálfir að leggja fram eitthvert fè til þeirra stofnana og umbóta, er þeir vildu á koma. En þetta hefir nú fyrr heyrzt, »það hefir verið tónað í 20 ár«, eins og presturinn sagði, og stjórnin hefir jafnt og stöðugt brúkað þetta tromf til að afstinga oss. En þegar vèr aptur spyrjum stjórnina og segjum: Megum vèr ekki fá atkvæði í fjárhagsmálum vorum, því það er eini vegurinn til þess, að vèr getum haft nokkur ráð, með að

vísa á það fè sem þarf, þá hefir hún hingað til sagt nei, fjárforræði eða atkvæðisrètt í skatta- og öðrum fjárhagsmálum verður ekki veitt alþingi að sinni. Það er sjálfsagt, að nú er stjórnin farin að láta okkur grilla til fjárhagsaðskilnaðarins, en sè stjórninni þetta hrein alvara, ætli hún sèr í fullri alvöru og einlægni að flýta fjárskilnaðarmálinu og leiða það til lykta sem fyrst, þá vil eg spyrja: Hvað liggur þá þessu máli á, fyrr en fjárhagsmálið er komið í kring? Og hvernig getur það samrýmzt við rètt alþingis, að gjöra það að nokkurs konar álitsmála skrifstofudeild undir ríkisdeginum í Danmörku? Það er að mínu áliti mjög sorglegur og vonarlítill vísir fjárhagsaðskilnaðarins og fjárhagsráða vorra, sem hèr kemur fram af hendi stjórnarinnar, ef vèr svona í þessu fjarlæga fordyri fjárforræðisins, eigum að ganga að þessum boðum og selja frá okkur eða afsala þann litla atkvæðisrètt er vèr nú höfum í þeim málum. Eg segi fyrir mig, að því er fjárhagsaðskilnaðinn snertir, að það er vel, ef vèr fáum hann, en þegar hann er fenginn, þá er nógur tími til «að taka hattinn af», eins og maðurinn sagði, «þegar vèr sjáum manninn»; þegar fjárhagsráðin eru fengin og alþingi er búið að fá lögfullt atkvæði í þeim málum, þá er tími til að ræða um skatta-álögurnar, bæði eina og aðra, en fyrr ekki, og allrasízt undir síðasta atkvæði ríkisdagsins. En nú er ekki tími til þess, meðan vèr erum ekki búnir að fá öðruvísi atkvæði í þeim málum, heldur en hèr kemur fram.

Frá þessari hlið skoða eg málið, en álít hitt engu skipta, að sinni, hvort álagan er væg eða ekki.

Sighvatur Árnason: Eg er einn af þeim, sem er á þeirri skoðun, að þingið ætti eigi að gefa atkvæði sín undir annarlegt vald til tolla-álaga á landsmenn, þegar fjárhagurinn er á annað borð kominn í það horf, að verða skilinn frá Danmörku. En viðvíkjandi því, sem hèr hefir komið fram, að Íslendingar sèu allt af að biðja um fè úr ríkissjóði, en vilji ekkert leggja fram sjálfir, þá er það ekki ástæðulaust, þegar vèr lítum á, hvernig fjárhagssambandi voru við Dani hefir verið varið, og hvernig fè voru hefir verið stjórnað. Landsmenn eru nú ekki færir um, að bera meiri álögur en þeir gjöra, í samanburði við efni þeirra. Fátæklingarnir hafa á undanförnum tíma fundið til þess, hversu þeir hafa orðið að leggja bitann frá munni sínum á borð fyrir Dani og Danastjórn; þetta sýna bæði miðaldirnar, seinni aldirnar og nærverandi tími, að Íslendingar eru búnir að leggja fram tolla, bæði beinlínis

og óbeinlínis út yfir hafið til Danmerkur, er nú ber upp úr þeim hundraðfaldan og jafnvel þúsundfaldan ávöxt, en aptur á mót bakað Íslendingum fèleysi, fátækt og framfaraleysi. Því er það mín skoðun, að þingið eigi ekki að fallast á frumvarp þetta sem hèr liggur fyrir. Það er mjög líklegt, að stjórnin í Danmörku skoði fjárhagsmálið ítarlegar og betur við meðferð þess og framhald í tilliti til rèttinda vorra, og það er vonandi, að vèr komum oss saman við konung vorn, og fáum það fè sem vèr eigum, og meira en út lítur fyrir í þetta sinn, og sè því óþarft, að fara nú þegar að leggja nýjar álögur á landsmenn, ofan á þær sem eru og hafa verið. Eg álít því rètt að þingið fallist á álit meiri hluta nefndarinnar, og ráði frá, að frumvarpið nái hèr lagagildi. Fyrst er að sjá, hvað vèr fáum, og hvernig fjárhagsmálinu verður til lykta ráðið, og síðan verður fyrst talað um að leggja á oss beinlínis eða óbeinlínis skatta, ef þörf gjörist. En eg hefi það traust til konungs vors og stjórnar hans, að allt fáist á endanum, sem vèr höfum rètta og sanngjarna kröfu til; og það fè verði nægilegt til að uppfylla bráðustu þarfir vorar fyrst um sinn.

Bergur Thorberg: Hinn háttvirti varaforseti tók fram, að hèr væri nýr skattur lagður á landið, en eigi á vanalegan hátt, þar eð málið á eptir ætti að koma fyrir ríkisdaginn. Það er að vísu satt, að ráða má bæði af formi og innihaldi frumvarpsins, að mál þetta á síðar meir að leggjast fyrir ríkisdaginn, en aðferð þessi er ekki óvanaleg, til þess eru tvær ástæður, að þessa aðferð verður við að hafa; önnur ástæðan er sú, að hèr er að gjöra um breyting á lögum 15. apríl 1854, en þau lög voru lögð fyrir ríkisþingið, sem eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, hefir löggjafaratkvæði um sum mál er Ísland snerta. Hin ástæðan er sú, að hèr er um skattalög að ræða, því, þótt það sè ekki svo að skilja, að ríkisþingið leggi skatta á menn hèr á landi, eiga íslenzk skattamál eigi að síður undir umræður og atkvæði ríkisþingsins, meðan það fyrirkomulag helzt, sem nú á sèr stað, að tekjur og gjöld Íslands eiga heima í fjárlögum Dana. En rètti þeim, er Íslendingum er heitinn í alþingistilskipuninni, er að öllu leyti fullnægt með því að málið er borið undir álit alþingis, og það er ástæðulaust að segja að þinginu sè á nokkurn hátt misboðið með þessari aðferð, eins og hinn háttvirti varaforseti lèt í ljósi. Það hefir nú enn fremur verið sagt, að mál þetta mætti bíða, og ekki lægi á því fyrr en fjárhagsmálið væri á enda kljáð. En eg verð að ítreka það aptur

að, ef nokkuð liggur á endurbótum og stofnunum í landinu sjálfu, þá liggur einnig á að tekjur landsins verði auknar með skattaálögum. Það sèst á ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, að tilgangur stjórnarinnar er að auka tekjur landsins, einmitt til þess, að ýmsum nytsömum framkvæmdum verði til leiðar komið; þetta er í frumvarpinu tekið fram með berum orðum, og teknar til dæmis gufuskipsferðir kringum landið, sem þingið hefir beðið um og álitið áríðandi, en hèr verður, eins og allir kvarta um, engu komið til leiðar, sem kostar nokkuð, af því að peningana vantar. Hinn háttvirti framsögumaður sýnist efast um, að tölur þær, er eg tilfærði til að sýna, að tollur þessi yrði ekki tilfinnanlegur, sèu rèttar, en eg get fullvissað hann um, að reikningur minn er rèttur; hann er byggður á skýrslum um verzlunina, sem eru auglýstar á prenti í hinu síðasta hepti af «Skýrslum um landshagi á Íslandi». Til að koma í veg fyrir misskilning, skal eg beinlínis taka fram, að það er engan veginn meining mín, að hinar einstöku vörutegundir, sem eg til nefndi, mundu hækka og lækka í verði á þann hátt, sem eg tók til dæmis, ef frumvarpið yrði að lögum. Verðbreytingin á vörunum mundi alls ekki sjást við þetta litla gjald, þegar það kæmi niður á verzluninni yfir höfuð, en eg tilnefndi þessar vörur til að sýna, hve litlu það munaði, þó allt gjaldið lenti á einstökum vörutegundum.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla, að nú sjáist fyrir» forlög Kartagóborgar», að því er frumvarp þetta snertir, og að það muni verða fellt þrátt fyrir snillilega vörn hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins 4. konungkjörna þingmanns. Eg verð nú að játa, að þó eg ekki vilji, að frumvarp þetta nái lagagildi nú þegar, þá eru það eigi sömu ástæður, sem knýja mig til þess sem þær, er enn eru fram komnar. Með allri þeirri virðingu, sem eg ber fyrir meiri hluta nefndarinnar, verð eg þó að segja, að hann hefir byggt ástæður sínar á lèttvægum grundvelli. Eg get ekki sèð, að neinir verulegir gallar sèu á frumvarpinu, að efninu til; það eina verulega, sem fram komið er móti því, er það, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram, það er að segja, að þar eð leggja ætti frumvarpið á eptir fyrir ríkisþingið, væri hallað fjárforræðisrètti alþingis. Eg get þó ekki alls kostar fallizt á skoðun þessa; vèr verðum að gá að, með hverjum orðum alþingi er veittur fjárhagsrèttur, því fjárhagsrètt hefir þingið; en þessum fjárhagsrètti er eigi misboðið með því, þó málið sè á eptir lagt fyrir ríkisdaginn

í Danmörku; 1. greinin í alþingistilskipuninni samanborin við 4. grein í tilskipun 28. maí 1831, er grundvallarlög vor fyrir fjárhagsrètti vorum; þar er sagt, að mál um skatta og álögur skuli borið undir álit alþingis, áður en þau verði að lögum. Þessu loforði konungs er nú hèr fullnægt með því, að þetta frumvarp er borið undir álit alþingis; en alþingi skiptir í rauninni engu, hvort konungur síðan ber það undir annað þing eða ekki. Hin ástæðan, sem hinn háttvirti varaforseti færði gegn frumvarpinu, var sú, að það væri enn ósèð, *hvað vèr œttum* hjá Dönum. Þetta verð eg að skilja svo, að meiningin sè, að vèr máske eigum *svo mikinn sjóð* hjá Dönum, að enga tolla þurfi á að leggja. Eg get nú fyrirgefið þeim mönnum, sem eigi eru í fjárhagsnefndinni, þó þeir ímyndi sèr það, en hitt ætla eg hljóti að vera hverjum þeim manni ljóst, sem í nefndinni er, að hversu haganlega sem fjárhagsmálinu verður fyrir komið, verði þó engan veginn hjá því komizt, að leggja miklar nýjar álögur á landið. En þrátt fyrir það, þó eg enn eigi hafi heyrt nægar ástæður móti frumvarpinu, er þó ein ástæða, sem knýr mig til að stinga upp á, að löggilding frumvarpsins verði frestað, þar til fjarhags- og stjórnarbótarmálið er á enda kljáð. Þessa ástæðu hefir stjórnin sjálf lagt í hendur vorar, þar sem hún að einu leytinu býður fjárhagsaðskilnaðinn, en að hinu leytinu biður þó um skildinga í ríkissjóðinn. Þessa tvíbendu stjórnarinnar get eg eigi gjört mèr vel skiljanlega í fyrsta áliti. Það lítur á einn bóginn svo út, sem stjórnin í raun og veru ekki ætli sèr að slíta fjárhagssambandið, þar sem hún er að leggja þessi tollamál fyrir þingið, og tala um ríkissjóð; en þar sem hún aptur á hinn bóginn býður oss fjárhagsaðskilnaðinn, og það mál er komið langt á leið, þá virðist sem hún vilji sjálf aðskilnaðinn. Nú verð eg þá að álíta, að stjórnin hafi í alvöru boðið oss fjárhagsaðskilnaðinn, og að hann nú eigi sín ekki lengi að bíða. Þess vegna þykir mèr undarlegt, að stjórnin skuli leggja skatt á Ísland fyrir þenna litla tíma sem eptir er, og eg verð því að hugsa mèr, að tilgangur stjórnarinnar, með að leggja þessi tollfrumvörp fram fyrir þingið sè sá, að sjá svo um, að landið hafi af eigin rammleik líka fè til útgjalda þeirra, er hljóta að verða samfara fjárhagsaðskilnaðinum og stjórnarbótinni. Stjórnin gefur mèr og í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, mikla ástæðu til að ætla, að þessi skilningur minn sè rèttur. Eg vil því áskilja mèr breytingarat-

kvæði í þá stefnu, að löggilding frumvarpsins verði frestað unz fjárhags- og stjórnarbótarmálið er um garð gengið.

Jón Bjarnason: Ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi og minni hluti nefndarinnar hefði getað skýrt, að lestagjaldstollinum yrði beinlínis varið til einhverra framfara í búnaðar- og félagslífi voru þá hefði verið öðru máli að gegna, og þá hefði eg fyrir mitt leyti ekki sett mig móti frumvarpinu. En frumvarpið sjálft sýnir ekki minnsta spor til þess, og er ekki annað að sjá, en að þetta sé beinlínis útgipt, en engin inntekt fyrir landið. Það hefir verið lengi beðið um verzlunarfrelsi; loksins hefir það fengizt, og þó ekki sé langt um liðið, hefir þegar margt gott af því staðið. Nú væri því ógjörlegt, að fara að íþyngja verzluninni, meðan vér ekki sjáum, hvort vér fáum það, sem oss sanngjarnlega ber af fé því, er vér eigum hjá Dönum. Ef vissa fengist fyrir því, þá væri öðru máli að gegna, og þá mundi eg minna mæla móti, þótt álaga væri lögð á oss, til að koma á einhverju gagnlegu fyrirtæki hér hjá oss sjálfum. En eg er samdóma þingmanni Borgfirðinga í því, að engin ástæða sé fyrir oss til að vér hröðum oss með að leggja á oss skatta, meðan eigi er útkljáð um fjárhags- og stjórnarbótarmálið. Það er einnig athugavert, að lestargjaldið er ei á góðum grundvelli byggt, þar það snertir minnst munaðar- og óþarfavörur, en mest nauðsynjavörur. Þetta virðist mér óeðlilegt, og fyrir því er eg einnig mótfallinn frumvarpinu.

Jón Guðmundsson: Eg finn mig knúðan til að svara hinum háttvirta 4. konungkjörna og þingmanni Borgfirðinga, að því leyti sem orð þeirra höfðu tillit til þess, sem eg hafði áður sagt. Hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að ekki væri ástæða til þess fyrir menn, að hneykslast á því, þó mál þetta yrði síðar lagt fyrir ríkisdaginn, með því hér væri ekki um annað að ræða en breytingu á verzlunarlögunum frá 1854, en þeim lögum hafi þó ríkisdagurinn í Danmörku ráðið til lykta með atkvæði sínu. En það er samt öllu öðru máli að gegna með þau lög; með verzlunarlögunum 1854 var breytt og haggað verulegum og mikilvægum réttindum fjölda danskra þegna, nefnilega verzlunarmanna; það er fullkunnugt, að Danir höfðu um margar undan farnar aldir haft nokkurs konar einkaleyfi til allrar verzlunar og aðflutninga á Íslandi. Lögin höfðu líka í för með sér verulegar breytingar til handa Íslendingum, en þær breytingar voru allar og eingöngu Íslendingum í hag, er lögin stefndu að því að gefa öllum þjóðum jafnrétti við Dani til verzl-

unar á Íslandi, en þar í móti átti þessum einkarèttindum Dana að vera lokið. Það gat því ekki annað verið, en konungur rèði þeim (nýju verzlunarlögunum) til lykta gegn um löggjafarvaldið í Danmörku. En lagafrumvarpið, sem hèr liggur fyrir, snertir lítið eða heldur alls ekki danska þegna; álagan lendir á kaupendum vörunnar, sem eru Íslendingar, og hún er ný álaga. Hèr er eigi um annað að ræða, og þess vegna kemur frumvarpið ekki ríkisdeginum við. Sami þingmaður sagði, að 1. gr. í alþingistilskipuninni væri fullnægt eins fyrir það, þó að frumvarp þetta yrði lagt undir síðasta úrskurð ríkisdagsins, þar sem þetta mál væri þó nú lagt fyrir alþingi. Þetta er að minni meiningu alls ekki rètt. Stjórnin hefir allt um það áskilið sèr að leggja málið fyrir ríkisdaginn, það sýnir yfirskript frumvarpsins; og leiðist eg þannig til að gefa mig jafnframt við því atriði, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók fram, og hafði hann þar eins og svo opt, rètt fyrir sèr að nokkru leyti, en ekki rètt að öllu leyti, og hefir það líka fyrr komið fyrir. Hann sagði, að þinginu kæmi ekki við, undir hvern eður hverja konungur ber tillögur alþingis, og leiddi þingmaðurinn út af þessu, að konungi væri líka heimilt að leggja lagafrumvörp og álitsskjöl alþingis undir ríkisdaginn. Engum dettur í hug, að takmarka konunginn eða taka fram fyrir hendurnar á honum í því, hvort hann ber atkvæði og tillögur alþingis undir hvern ráðherrann eða hvert það stjórnarráðið sem honum þóknast, en hèr er ekki talað um að bera að eins undir ríkisdaginn, heldur að konungur leggi tillögur og *atkvæði* alþingis undir *atkvæði* ríkisdagsins, og afsali honum svo einveldis-atkvæði sitt; það er þetta sem er þvert í móti alþingistilskipuninni. Þegar hún varð til og alþingi var stofnað, voru standaþing í Danmörku; alþingi var veittur allur sami rèttur og jafnfullt atkvæði í Íslands málum eins og standaþingunum í dönskum málum. Hvar eru nú spor til þess, að konungur hafi, meðan standaþingin stóðu, ætlað að leggja atkvæði alþingis eða einveldisatkvæði sitt yfir alþingismálunum undir standaþingin? Nú er ríkisdagurinn einmitt kominn í stað standaþinganna í öllum dönskum málum. En þó að hann hafi víðari verkahring og meira vald en þau í dönskum málum, hvar liggur það samt í grundvallarlögunum, að ríkisdeginum sè áskilinn sá rèttur, er konungur hefir yfir tillögum alþingis? Það finnst hvergi. Konungur getur eigi afsalað þann rètt sinn, eða fengið ríkisdeginum atkvæði sitt án lögformlegs samþykkis frá alþingi.

Jón Pálmason: Þó eg hafi nú heyrt margar ræður og snjallar fluttar á báðar hliðar í því máli sem hèr ræðir um, þá hefi eg samt eigi getað sannfærzt um það, að menn ættu að fallast á frumvarpið. Til þess er nú, að mínu áliti, ekki sá rètti tími. Þó sagt sè í frumvarpinu, að lestagjaldið eigi að leggjast á verzlunina, er það í augum uppi, að það er óbeinlínis lagt á landsmenn, og á þann hátt er eg mótfallinn að opna vasa bænda, sem mundi verða mjög óvinsælt meðal alþýðu að fara nú að leggja nýjan toll á verzlunina, meðan vèr ekki vitum, hvað fjárhag vorum líður, og þess vegna ættum vèr ekki að undirgangast neinar nýjar álögur á oss, og er eg í því tilliti með meiri hluta nefndarinnar, því mèr virðist, að hann hafi fært svo góðar ástæður fyrir máli sínu, að eg finn ekki ástæðu til að bæta þar við.

Bergur Thorberg: Mèr finnst það ekki rèttur skilningur hjá hinum háttvirta varaforseta, er hann segir, að konungur afsali sèr atkvæði sitt með því að leggja málið fyrir ríkisdaginn, eða að það geti komið í bága við rètt alþingis og eg verð að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Börgfirðinga í því, að það komi alþingi alls ekki við, og verði að standa því á sama, undir hvaða þing stjórnin síðar ber málið. Málinu er eigi heldur nein hætta búin af því, þó ríkisdagurinn kynni á einhvern hátt að breyta frumvarpinu, því konungurinn hefir neitunarvald, og þarf ekki að staðfesta álit ríkisþingsins, fremur en hann vill. Það er því að mínu áliti sannarlega of djúpt tekið í árinni, að kalla það lagabrot, þó málið verði lagt undir álit ríkisdagsins. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga áleit mótsögn í því, að stjórnin bæri þetta frumvarp fram jafnframt því, sem hún byði fjárhagsaðskilnaðinn, en það get eg ekki sèð; því það liggur í augum uppi, að auka þarf tekjur landsins. Stjórnin segir í ástæðunum, að tillagið sè ekki nóg; með þessu er gefið til kynna, að hinn nýji tollur verði brúkaður til nýrra og nauðsynlegra endurbóta hèr í landi, svo það er engin ástæða til að fresta málinu. Það væri bezt að hafa sem mest fè til, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er á kominn, því það væri óþægilegt fyrir hina nýju stjórn, að byrja með því að leggja þunga skatta á landið.

Framsögumaður: Eg hef dregið að biðja um orðið til að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, með því hann gekk af fundi; en þar eð hann nú er kominn aptur, ætla eg að tala fáein orð. Honum þótti nú meiri hluti nefndar-

innar byggja ástæðu sínar á lèttvægum grundvelli, en þó játaði hann sjálfur, að miklir gallar sýndist sèr á frumvarpinu. Nú vil eg spyrja hann, hvort hann ekki vilji áskilja sèr breytingaratkvæði til að kippa öllum göllunum burt úr frumvarpinu, ef hann annars vill halda í það. Annars varð mèr ekki af ræðu hans vel ljóst, hvernig hann hugsar sèr málið. Hann vorkennir þeim, sem ekki eru kunnugir fjárhagsnefndinni, þó þeir hafi komizt til þeirrar niðurstöðu sem meiri hlutinn komst til. Það er skaði, ef hann getur ekki gefið skýrslur frá fjárhagsnefndinni til að fara eptir með þetta mál; en eg vorkenni nú honum, þó honum yrði það ervitt. Viðvíkjandi því sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði með tilliti til þess, er hinn háttvirti varaforseti hafði sagt, nefnilega að það væri ekki samboðið rètti alþingis, að leggja skatta-álögu mál fyrir ríkisþing, skal eg ekki fjölyrða. Eg vil ekki fara langt út í það, þeir eru báðir lögfróðir menn, og munu vita, hvað þeir segja, en að einu vil eg þó spyrja hinn háttvirta 4. konungkjörna þingmann: Hvernig hann ímyndi sèr, að Danir mundu kunna því, ef konungur legði fyrir alþing frumvarp til skatta-álögu á Dani? Hèr er að sínu leyti sama tilfelli um að ræða.

Sighvatur Árnason: Mèr skilst ekki betur, en að stjórnin sè í aðra röndina á sömu skoðun og meiri hluti nefndarinnar í þessu máli, þar sem hún segir sjálf í ástæðum frumvarpsins, er hún víkur að nefnd þeirri, sem skipuð var í Danmörku 1861, í fjárhagsmálinu (les upp): »Að vísu varð nú varla við því búizt, að nefndin, sem eiginlega hafði það ætlunarverk, að segja álit sitt um, hvernig fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins yrði haganlegar fyrir komið en verið hefir, færi að búa til sèrstaklegar uppástungur um, hvernig tekjur Íslands yrðu auknar, með því eðlilegast virtist, að það mál yrði umtalsefni millum stjórnarinnar og þjóðfulltrúa Íslands, svo framarlega sem það kæmist á, að fjárhagur Íslands yrði aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, svo sem nefndin hafði stungið upp á«. Hèr kemur beinlínis fram sami skilningur og meiri hluti nefndarinnar tekur fram og hallar sèr eindregið að í áliti sínu.

Bergur Thorberg: Eg skal að eins leyfa mèr að svara hinum háttvirta framsögumanni upp á spurningu þá, er hann beindi að mèr um það, hvernig eg hèldi, að Danir mundu una því, ef dönsk löggjafarmál væri lögð fyrir alþingi. Mèr virðist nú, að

sú spurning komi eigi málinu við, og að eg sè því ekki skyldur til að svara henni. Annars get eg ekki sèð, að það væri neitt lagabrot móti Dönum, þótt konungur beiddist álits alþingis um eitthvert lagafrumvarp, er snerti Danmörku, en mèr virðist spurning þessi að öðru leyti þýðingarlaus.

Ásgeir Einarsson: Eg held það hafi verið misskilningur hjá hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, á orðum framsögumanns, að konungurinn að eins legði dönsk lagaboð fyrir alþing, heldur mun sú hafa verið meiningin, ef alþingi ætti að leggja endilegan úrskurð á skattalög Dana, eins og ríkisdagur Dana gjörir á sum skattamál vor. Mig minnir ekki betur, en að talað væri um, meðan standaþingin voru í Danmörku og hertogadæmunum, að það væri rètt að leggja fyrir alþing frumvarp eða lög frá hinum ríkishlutunum. Hefðum við nú verið búnir að fá stjórnarbót, eins og Danir hafa fengið í áframhald af Standaþingunum, þá hefði og þetta verið jafnrètti, en því láni hefir nú eigi verið að heilsa hingað til, og því þykir okkur órèttur, að löggjafar- og skattamál okkar sèu lögð fyrir ríkisþing Dana.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal að eins svara hinum háttvirta framsögumanni því, að eg talaði ekki eitt orð um samband þessa máls og fjárhagsmálsins, nema að því leyti, er nokkrir þingmenn hafa sagt, að vèr þyrftum fyrst að vita, *hvað vèr ættum* hjá Dönum áður en vèr færum að leggja tolla á sjálfa oss; en að því er snertir ástæður fyrir breytíngaratkvæði mínu, þá vil eg að eins benda framsögumanni til þess, sem stendur í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu.

Pètur Pètursson: Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess, viðvíkjandi vara-uppástungu minni, að ef hún fengi framgang á þinginu, þá ætlaðist eg til, að hún yrði 5. grein í frumvarpinu en að hin 5. grein í stjórnarfrumvarpinu yrði aptur 6. grein.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá einníg til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu út af bænarskrám Skagfirðinga um, *takmörkun brauðasamcininga* m. fl. Framsögumaður er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, og skal eg biðja hann að lesa upp nefndarálitið, og gefa þær skýringar á málinu er honum þykir þurfa.

Framsögumaður (*Pètur Pètursson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 303.

Framsögumaður: Eg skal eigi að sinni tala meir um nefndarálitið, því að eg álít ei nauðsynlegt, að skýra það frekar fyrr en eg heyri umræður þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg hefi að eins fátt eitt að athuga við þetta nefndarálit, því það hefir að mèr virðist, tekið málið frá þeirri rèttu hlið, og ljóslega sýnt fram á þá annmarka, sem eru í bænarskránni, sem nefndin hafði til meðferðar, og leitt ljós rök að því, að uppástungur bænarskránnar eru yfir höfuð ópraktiskar og ekki í mál takandi. En þar sem nefndin hefir fallizt á að biðja um breytingu á konungsúrskurðinum frá 25. sept. 1854, þá get eg ekki algjörlega orðið í því nefndinni samdóma. Því bæði er það, að sameiningin á Hjaltastaðaþingunum við Hóla og Miklabæjarbrauðið, hlýtur þegar allt er aðgætt, álítast hagfelld og engum verulegum erviðleikum bundin, og svo er það auðsætt, að það geta ekki verið nema einstakir menn, sem ala hjá sjálfum sèr og glæða hjá öðrum þá óánægju, sem hèr á að eiga sèr stað, og þessara einstöku manna óánægju álít eg ekki þess verða, að hún sè tekin til greina. Hvort söfnuðurinn hefir verið aðspurður, áður en sameiningin var afráðin, veit eg ekki, en það má eg fullyrða, að málið muni hafa verið borið undir hèraðsprófastinn og brauðamatsnefndina; og þó eg álíti það rètt og eðlilegt, að atkvæðis hlutaðeigandi sóknarmanna sè leitað, þegar leggja á niður brauð, þá get eg ekki gjört mikið úr því, þó þetta hafi ekki verið hèr gjört. Það hefir ekki heldur ætíð verið gjört að undanförnu, að því leyti mèr er kunnugt, t. a. m. þegar Myrkárbrauð var sameinað Bæisárbrauðinu, Upsa við Tjarnar, og fer þó slík sameining að óskum, og þó er ekki hægra að nálgast prest í þessum brauðum en það er í Hólabrauðinu, en það er annar hugsunarháttur í þessum söknum, og menn hafa ekki sett sig þar út til þess að spilla góðu og eðlilegu samkomulagi; en hèr er málið auðsjáanlega orðið kappsmál, því á hverju þingi kemur fram bænarskrá um sundrungu á því, sem hefir verið sameinað af gildum og góðum rökum. Afleiðingin af því, sem hèr er farið fram á, verður auðsýnilega sú, að engin brauðasameining eptirleiðis getur komizt hèr á, og að það verður farið að biðja um, að koma þeim af, sem þegar eru komnar á. Eg get því ekki álitið, að stiptsyfirvöld, þó á þau yrði skorað, finni ástæðu til að taka uppá-

stungu nefndarinnar til greina, vegna afleiðinga þeirra, sem þar af hljóta að leiða eptirleiðis, og eg get heldur ekki skilið, að þau núverandi stiptsyfirvöld geti lofað neinu fyrir hönd þeirra sem taka við af þeim.

Framsögumaður: Það gladdi mig nú, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit að nefndin hefði skoðað þetta mál frá réttu sjónarmiði, en eg held hann hafi lagt of mikið í niðurlagsatriði nefndarinnar, því að það fór því ekki fram, að konungsúrskurðurinn frá 1854 yrði tekinn aptur, heldur var það meining nefndarinnar, að þetta mál væri tekið á ný til íhugunar við næstu prestaskipti, og skoða hvort eigi væri ástæða til að breyta úrskurði þessum; eg skal geta þess, að þetta var ekki borið undir brauðamatsnefndina af þeirri góðu ástæðu, að hún var ekki til 1854. Viðvíkjandi því, að söfnuðir hafi eigi verið aðspurðir, þegar brauðasameining hefir átt sèr stað, þá hefir það að eins verið, þegar stiptsyfirvöldin hafa verið siðferðislega sannfærð um, að þar ætti sèr engin óánægja stað út af sameiningunni. Líka veit eg til, að brauðasameininga mál hefir verið borið undir álit safnaðanna, t. a. m. um Miðdalaþingin, o. fl. og veit líka, að stiptsyfirvöldin hafa tekið þær mótbárur til greina, er komið hafa móti sameiningunni. Mèr sýnist það og eðlilegt, að álits safnaðanna sè leitað og að þeir hafi atkvæðisrètt í þessu máli, og þó að menn vildi bæta tekjur prestanna, þá ættu menn að varast, að gjöra söfnuðunum erviðara fyrir eða óhægra að ná til prestsins. Hvað það snertir, að þau stiptsyfirvöld, er seinna yrðu, mundu eigi álíta sig skuldbundin til að halda það loforð, er þau nú gæfi í þessu efni, þá verð eg að halda, að þau sæi sig siðferðislega skuldbundin til, að bera þetta mál undir álit safnaðanna, því að annars mundi rýrast almenningstraust á loforðum þeirra; en eg veit, að það yrði til mikillar hugarhægðar fyrir viðkomandi söfnuði, ef þetta loforð stiptsyfirvaldanna fengist, og kynni ef til vill að afnema þá óánægju, sem hefir átt sèr stað og það svo mjög, að fullkomið hneyksli hefir verið.

Forseti: Eptir því sem uppástunga nefndarinnar fer fram á, þá verður þetta mál skoðað sem innanþingsmál, og mun eg leita atkvæða um það nú þegar á þessum fundi, ef enginn stingur beinlínis upp á, að bænarskrá verði send til konungs.

Ólafur Sigurðsson: Eg var nú engan veginn ánægður með niðurstöðu þá sem nefndin komst að, þótt eg einn míns liðs eigi treysti mèr til að gjöra ágreiningsatkvæði; og það þori eg að

segja, að beiðendunum þykja þetta hin daufustu málalok, þar sem þeir beiddu um ekkert minna, en að konungsúrskurðurinn frá 25. sept. 1854, yrði úr lögum numinn; en úr því svona er komið verð eg að sætta mig við forsetaveginn, sem svo mjög hefir verið hrósað hèr á þinginu, af því líka eg treysti svo vel hinum hæstvirta konungsfulltrúa til að mæla fram með þessu máli við stiptsyfirvöldin.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki betur sèð en að stiptsyfirvöldin verði annaðhvort að veigra sèr við, að gefa loforð um það, er aldrei kann að koma undir úrskurð þeirra, ellegar þau verða að gefa þau heityrði, sem eru næstu þýðingarlítil, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. Þegar eg les nú þetta niðurlagsatriði, þá virðist mèr það mjög óákveðið, 1. veit enginn nær prestaskipti verða í þessu brauði. 2. veit enginn, hvort þau sömu stiptsyfirvöld verða þá, sem nú eru. 3. getur verið vafamál, að hvað miklu leyti eigi að taka þetta mál til yfirvegunar, hvort að konungsúrskurðurinn verði felldur úr gildi eða ekki. 4. getur verið spursmál um, hverjir sè þessir «*beztu menn*»; það verður þá að halda nokkurs konar «Census» um, hverjir sèu hinir beztu menn; og mun þá meðal annars verða vafi á, hvort telja eigi þá menn, sem eru óánægðir núna, meðal hinna beztu manna, ef þeir lífa þá. Þessi atriði vildi eg biðja hinn háttvirta framsögumann að skýra fyrir mèr.

Framsögumaður: Eg verð að álíta, að þingið sè svo skilningsgott, að það skilji uppástungu nefndarinnar; en skilning hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga treysti eg mèr ekki til að auka.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari umræðu lokið, og skal eg þá leita atkvæða um uppástungu-atriði nefndarinnar.

Var það samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.

Síðan var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp um ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um breytingu á reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað 29. ágúst 1862; verður það lagt á lestrarsalinn og tekið til meðferðar á næsta fundi. Dagskrá er þá lokið, og ákveð eg fund á mánudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

---

18. fundur — 24. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit frá nefndinni í málinu *um lagaskóla.* Nefndarálitið verður lagt á lestrarsalinn, og afskript af því send konungsfulltrúa áður en málið kemur til umræðu.

Þá kemur eptir dagskránni til undirbúningsumræðu hið konunglega frumvarp til laga um *brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður. Mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið fyrir þingmönnum svo sem honum þykir þurfa.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið, og hljóðar það þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 310.

Eg hefi nú fáu við það að bæta, er nefndarálitið tekur fram, og eg vona, að þær ástæður, sem þar eru til færðar, sè svo ljósar að þær þurfi ekki skýringar við. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til, að tala frekar um málið fyrst um sinn.

Konungsfulltrúi: Að því leyti, sem það er í nefndaráliti því, sem nú var lesið upp, tekið fram, að stjórnarfrumvarp það, sem hèr er umtalsefni, ekki geti, þó það yrði að lögum, bætt úr eða lagt neitt hapt á ofnautn áfengra drykkja hèr í landi, þá er þetta að vísu rètt, en það liggur heldur ekki í tilgangi stjórnarinnar með frumvarpinu, heldur það, eins og beinlínis er tekið fram í ástæðunum, að fá með þessu móti tekjur handa Íslandi, til eflingar framförum landsins, og til þess að standast kostnaðinn af nýjum endurbótum, sem álitnar yrðu nauðsynlegar. Ef hitt hefði verið tilgangur stjórnarinnar, yrði eg að vera nefndinni samþykkur í því, að afgreiðslan væri ofìtil til þess að hún gæti haft nokkur áhrif á brennivínskaupin og brennivínsnautnina, en þetta er, eins og nú var sagt, ekki tilgangur stjórnarinnar. Nefndin hefir enn fremur fundið það að frumvarpinu, að það komi fram á þeim tíma, sem sè hvað óhentugastur til nýrra skatta álaga, sèr í lagi meðan ekkert sè útkljáð um fjárhagssamband Íslands og Danmerkur, en þar sem þessi hlið málsins var ítarlega tekin fram undir umræðunum, sem urðu í fyrra dag út af hækkun á lestagjaldinu,

og það mál, og það sem hèr ræðir um, eru náskyld, þar sem þau bæði miða til þess að auka tekjurnar af landinu, álít eg ekki þörf að fara hèr inn í þetta atriði, eða að taka það upp aptur, sem þá var sagt. Því það er búið að leiða ljós rök að því, að þessi mótbára er ekki á gildum rökum byggð.

Það kann vel að vera, að það verði fáir til þess að sækja um leyfisbrèf til brennivínsveitinga, og stjórnin gjörir enda ráð fyrir því, að svo muni verða, og ætlast til að spart verði haldið á slíkum leyfisbrèfum, og þetta er líka rètt; en þegar nefndin ætlar, að ekki muni koma inn fyrir þessi leyfisbrèf, nema frá 50—100 rd., þá er það að sínu leyti, að mínu áliti, mikils til of lítið í lagt, og eins er um það, sem nefndin telur muni koma inn fyrir sjálfa brennivínssöluna, að mèr virðist það ekki ná neinni átt, og einkum það, að brennivínssalan með þessari álögu muni koma því til leiðar, að smákaupmenn neyðist til að hætta allri brennivínssölu, og stærri kaupmennirnir koma sèr síðan saman um brennivínssöluna til þess að spara sèr útgjöldin, svo að ekki verði nema svo sem 1 kaupmaður á hverjum stað, sem selji brennivín. Eg get nú ekki skilið, að það væri skaði skeður, þó smákaupmennirnir yrðu að hætta brennivínssölunni, en það er varla hætt við því, að svo færi, þó lagaboðið kæmi út; og það eru heldur engin líkindi til þess, að það samkomulag milli stærri kaupmanna, sem nefndarálitið gjörir ráð fyrir, komist á, og ekki hefir brytt á því á Færeyjum, hvar sama álaga, og hèr er umtalsefni, þó er lögð á brennivínssöluna, svo eg verð að álíta, að þetta sè eintómur hugarburður.

Nefndinni telst svo til, að gjaldið muni ekki verða nema svo sem 2000—3000 rd. um árið, eða þar um bil; en þó svo færi, sem þó engin líkindi eru til, þá má þó gjöra eitthvað gagn með því fè, og því minni sem álagan er, því minni ástæða er fyrir þingið til að ráða frá henni. Að því leyti sem nefndin hefir tekið fram, að það væri sök sèr, ef það fè, sem fengist með þessu móti, væri látið ganga í sjóð sèr handa Íslandi, skal eg leyfa mèr að athuga, að eg held stjórnin ekki hefði neitt á móti því, þótt þetta væri tekið fram í álitsskjali þingsins; en að öðru leyti hefir stjórnin lýst því yfir í ástæðunum til frumvarpsins 1. gr., að það sè vitaskuld, að ef hinn fyrirhugaði fjárhagsaðskilnaður komist á, þá renni þetta fè, sem eptir frumvarpinu, og eins og nú stendur á, á að renna inn í ríkissjóðinn, eins og aðrar tekjur af Íslandi, inn í sjóð Íslands. Eg vona því, að þingið aðhyllist stjórnarfrumvarpið,

að minnsta kosti með þeim breytingum, sem það finnur eiga við, því ef þær geta gjört frumvarpið fullkomnara, en það nú liggur fyrir, er eg sannfærður um, að stjórnin tekur slíkar breytingar, enda þótt þær yrðu verulegar, til fullra greina; en hitt, að ráða algjörlega frá frumvarpinu í heild sinni, virðist ekki hlýða, þar sem þó nefndin játar, að á engan tekjustofn eigi betur við að leggja álögu en á brennivín, sem flutt er út hingað, og það liggur líka í augum uppi.

Framsögumaður: Eg ætla að svara fáeinu í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eg verð að ætla, að það sè ekki misskilningur hjá nefndinni, þar sem hún segir, að með frumvarpinu sè jafnframt stefnt að því að draga úr drykkjuskap hèr á landi, því að það stendur einmitt efst á 4. bls. í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Eg get eigi skilið betur, en að stjórnin játi þar, að umkvartanir þær, er komið hafa út af drykkjuskap hèr, eigi við full rök að styðjast, og hún vilji þess vegna leitast við að ráða bætur á þessari ofnautn. Hitt er satt, að aðaltilgangur þessa frumvarps er, að fá fè til að bæta úr þörfum landsins, og koma á fót nýjum stofnunum, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. En hann gjörði mèr ekki skiljanlegt, að þessu fè yrði nú í raun og veru varið til að bæta úr þörfum landsins; því að það gengur í ríkissjóðinn eptir orðum frumvarpsins sjálfs; það væri allt annað, ef það ætti að ganga í sjerstakan sjóð, og því beinlínis að verja til nýrra nytsamlegra stofnana í landinu sjálfu. Eg get vel ímyndað mèr, að þegar til ríkisþingsis komi, þá segi það, að við það, að þetta fè komi, þá þurfi ríkissjóðurinn að skjóta minna fè til árlega, og árlegt tillag Dana megi verða minna, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn verður; því að þótt stjórnin nú segi, að þessu fè skuli verja til að bæta úr þörfum landsins, þá á eg alls eigi víst, að ríkisþingið segi hið sama. Eg held, að þetta verði því að eins til að draga úr tillagi því, er Ísland fær hjá Dönum, svo útgjöldin til Íslands verði engu meiri eptir en áður. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að eigi mundi rètt hjá nefndinni, að smákaupmönnum væri svo mjög íþyngt með þessu gjaldi, þar eð þeir gæti látið vera að selja brennivín, þá það er satt, að þeir láta það vera, því að þeir eru neyddir til að hætta brennivínssölunni, en þá verða líka tekjurnar minni, því þótt ekki fækkaði nema um 10 kaupmenn, er seldu brennivín, þá misstist þó þar þeir 1000 rd. En hèr er líka annað athugandi; það er eigi að eins brennivínsverzluninni,

sem smákaupmennirnir verða að hætta, ef þeir mega gjalda eins mikið og þeir sem selja tífalt meira, heldur neyðast þeir til að hætta allri verzlun. Því að eptir því, sem verzluninni er hèr háttað, þá er það alkunnugt, að hver sá kaupmaðnr, sem ekkert brennivín hefir í verzlun sinni, missir alla skiptavini sína, og getur því enga verzlun rekið. Eg álít því, að landið missi með þessu eigi að eins skattinn af smákaupmönnunum, heldur einnig þá sjálfa. Það er satt, að það er ekki enn staðfest af reynslunni, hvernig þessi skattur muni gefast, eða hversu kaupmenn mundu bera sig að með hann og það getur heldur ekki verið, meðan frumvarpið er ekki orðið að lögum; það kemur fyrst til að reyna það þá. Eg verð nú að ætla, að fjárhagsmálið eigi að ganga á undan og hljóti að ganga á undan þessu máli, því að eg get ekki sèð, að alþingi hafi vald til nú sem stendur að leggja á neina skatta; það er að eins ráðgefandi, og það getur því eigi haft fullt atkvæði í skatta-álögum; það er ríkisþing Dana, sem leggur skattinn á, og eg get eigi heldur sèð, að alþingi eigi að ráða ríkisþingi Dana að leggja á oss skatta, þar sem þetta fè á að ganga í ríkissjóðinn, en eigi beinlínis til þarfa vorra. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ekkert væri á móti því, þótt gjörðar væri verulegar breytingar við frumvarpið. Það er nú auðvitað, að það er á þingsins valdi, en hvað getur komið út af því? Það eru ekki nema 6 ár síðan, að þingið samdi frumvarp til lagaboðs, og beiddi konung að gjöra það að lögum; en hvað varð? Stjórnin kvaðst verða að leggja frumvarpið aptur fyrir þingið, með því hún gat eigi fallizt á allar uppástungur þingsins. Þótt þingið því nú færi að búa til nýtt frumvarp um þetta mál, þá er mjög óvíst, að stjórnin fèllist á það, og þá yrði niðurstaðan sú, að hún legði málið aptur fyrir þingið, og ynni þá þingið nú til einskis. Eg sè því eigi, til hvers það væri, nema til að eyða tíma. En eg skyldi gjarna fallast á, að þingið gjörði nú frumvarp, ef eg gæti átt það víst, að stjórnin fèllist á það frá upphafi til enda, og fèð gengi í sèrstakan sjóð. En þetta frumvarp, sem hèr liggur fyrir, álít eg að ekki geti orðið að neinum notum, og þess vegna get eg eigi betur sèð, en að nefndin hafi alveg rètt fyrir sèr.

Arnljótur Ólafsson: Eg get nú vorkennt nefndinni, þó hún hafi fundið ýmsa galla og agnúa á stjórnarfrumvarpinu, en hitt get eg ekki fyrirgefið henni, að hún hefir að eins eygt gallana, en eigi fundið neinn veg til að bæta úr þeim. Nefndin, segi eg, hefir að eins drepið á gallana, og leitt þær ályktanir út úr þeim,

sem ekki eiga sèr stað, t .a. m., að einn kaupmaður mundi hafa á hendi alla brennivínssöluna á hverjum verzlunarstað. Eg held að menn hafi enga ástæðu til að gjöra ráð fyrir því samlyndi milli kaupmanna, að þeir kæmi sèr saman um annað eins og þetta. Framsögumaður játaði líka sjálfur, að smákaupmenn yrði að hætta allri verzlun, ef þeir hætti að selja brennivín, en sagði þó á hinn bóginn, að kaupmenn mundu koma sèr saman um, að láta einn kaupmann hafa alla brennivínssöluna á hendi, þetta finnst mer nú eigi geta samþýðzt, því að annaðhvort þurfa smákaupmennirnir ekki að hætta verzlun sinni, ef þeir fela brennivínsverzlunina öðrum, eða þeir koma sèr *ekki* saman um að gjöra það. En eg skal nú ekki fara lengra út í þetta. En það er annað, sem eg vildi leyfa mèr að athuga hjá nefndinni. Nefndin segir: Ef þessi skattur hefði átt að ganga beinlínis til þarfa Íslands, þá skyldi hún eigi hafa haft á móti honum. En má eg spyrja, gat eigi nefndin stungið upp á því, að honum væri varið til Íslands þarfa, eða eru máske engar þarfir til? Og eg vil þá enn fremur spyrja: Þarf eigi fè til gufuskipsferða kringum landið, til póstgangna, vegabóta og lagaskóla, eður með einu orði, gat nefndinni eigi dottið í hug, að hafa þyrfti fè til einhvers þess, sem vèr erum að biðja stjórnina um á þessu þingi? Það er nú óefað, að nefndin hefir haft rètt til að stinga upp á, að þessu fè væri varið annaðhvort til landssjóðs eða þá til einhverra vissra tiltekinna fyrirtækja eður stofnana. Eg get nú eigi verið samdóma þeirri skoðun framsögumannsins, að alþingi hafi ekki rètt til að gefa atkvæði um þau mál, er miða til þess að leggja skatta á oss, en þar á móti hafi ríkisþingið rètt til þess (*Framsögumaður*: Það voru ekki mín orð). Jú! (*Framsögumaður:* Þessu er snúið við). (Hringt). Nei, þau voru of bein til þess. Þetta virðast mèr geta verið hættuleg orð, því að það er hið sama, sem að vilja afsala sèr þeim rèttindum, sem oss eru gefin í 4. grein tilskipunar 28. maí 1831, og þar eru skýrt tekin fram. En þetta eru nú allt saman smámunir. En það eru eigi smámunir, að nefndin skuli eigi, úr því að hún fellst á, að tollur sè lagður á brennivín, treysta sèr til að bæta neitt úr frumvarpinu, eður breyta því að minnsta kosti svo, að það geti verið undirbúningur undir nýtt frumvarp, er stjórnin gæti aptur lagt fyrir þingið. Eg held, að þingið eigi að breyta stjórnarfrumvarpinu í þá stefnu, og eg verð að segja, að oss sè skylt að gjöra það, þótt vèr jafnframt förum því fram, að enginn skattur verði

lagður á, fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn í kring. Það er þó munur á því, ef þetta mál er svo undir búið, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, að tollurinn geti þá komizt á undir eins, eður þá eptir 1 eða 2 ár, heldur en ef vèr nú köstum þessu frumvarpi alveg og gjörum ekkert, svo þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, þá verður fyrst að byrja, og þarf þá mörg ár og margar umræður þar til tollurinn kemst á, en vèr stöndum uppi á meðan tómhentir. En eg ímynda mèr, að menn hljóti þó að vera eins sannfærðir um, að tollurinn þurfi að komast fljótt á eptir fjárhagsaðskilnaðinn, eins og þeir hljóta að vera sannfærðir um það, að vèr getum eigi byrjað peningalausir, þegar vèr eigum að fara að annast stjórn vora og öll landsmálefni. Án þess að fara lengra út í þetta, skal eg geta þess, að mèr líkar ekki frumvarpið, að efninu til nema um brennivínsveitingarnar, því að eg álít rètt að veita leyfisbrèf til þeirra; en hitt get eg ekki fallizt á, að kaupmönnum sè veitt leyfisbrèf til brennivínssölu. Enda veit eg eigi til, að þess konar leyfisbrèf sè nokkurstaðar veitt kaupmönnnm nema á Færeyjum. En aptur á mót hefi eg hugsað mèr eitt úrræði bæði til að fá fè af verzluninni og líka til þess, að tollheimtan verði mjög kostnaðarlítil eður alveg kostnaðarlaus, og þó jafnframt svo, að tollur þessi komi jafnt niður á alla. Að því er snertir hið fyrra atriði, þá vildi eg, að í mesta lagi 4 sk. væri lagðir á hvern brennivínspott, og eins eður þá 8 sk. á hvern pott af öðrum vínföngum en brennivíni. En að því er snertir hið síðara atriði, eður greiðslumáta tollsins, þá vildi eg að sömu reglu væri fylgt og með tíundina hjá oss, eins og líka alstaðar er gjört með meiri eður minni tilbreytingum, þegar lagður er á tekju- eður eignaskattur. En reglan er þessi, að hver kaupmaður telur þá fram undir eið, hvað marga potta af brennivíni eða öðrum vínföngum hann selur um árið, eða hann hefir selt það árið, er hann greiðir toll fyrir. En ef einhver grunur er á, að eigi sè rètt talið fram, eður vöruskráin sè fölsuð, þá varðar það manninn eiði; en sè sönnun fyrir því, að hann hafi undandregið, þá skal skapa honum toll eins og mönnum er sköpuð tíund. Þetta finnst mèr nú vel vinnandi. Svo álít eg, að þingið geti og eigi að benda stjórninni á að leggja frumvarp fyrir þingið um þetta mál, er byggt sè á þessum grundvelli. Eg áskil mèr nú rètt til að gjöra breytingaratkvæði í þá stefnu, er eg hefi nú talað.

Pètur Guðjónsson: Mèr skildist á ræðu hins hæstvirta kon-

ungsfulltrúa, sem hann legði þá þýðingu í stjórnarfrumvarpið, að það miðaði ekki til að hamla drykkjuskap. Og verð eg að segja: Því var nú verr, að ekki er svo! Því að mèr virðist, að það ætti að vera tilgangur laganna í þessu efni bæði að hamla mönnum frá drykkjuskap og eins að útvega landinu inntekt af brennivínssölunni. En hinu fyrra atriði er í þessu frumvarpi alveg gleymt, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. Annað var það, er hann sagði, að smákaupmennirnir gæti látið vera að selja brennivín. En hvað fylgir af því annað en það, að þeir verða að hætta bæði við þá verzlun og aðra, eins og hinn heiðraði framsögumaður tók fram. Mèr þykir þetta illa farið, því að lögin eiga eigi að gjöra neinum skaða, heldur eru þau eingöngu ætluð til að vinna gagn. Vèr megum heldur ekki takmarka þau leyfi, sem kaupmönnum áður hafa verið gefin, svo þessir smákaupmenn eyðileggist við það. Takmörkun þeirra leyfa verða að ná jafnt til allra, svo engum verði gjört órètt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók dæmi af Færeyjum. En eg get eigi sèð, að Færeyjar snerti oss neitt í þessu efni, því að þar er allt öðruvísi ástatt og önnur tilhögun á verzlun og öðrum landshögum en hèr. Nefndin hefir farið fram á, að þetta mál biði eptir fjárhagsaðskilnaðinum, en eg get ekki verið á því, að nokkur ástæða sè til þess. Eg held, að það sè aldrei of snemmt að hugsa um að ná í tekjur fyrir landið, þar sem þó ávallt hvort sem er, er kvartað um skort á tekjum, sem alstaðar stendur í vegi, hvað sem hèr þarf að gjöra. Eg verð því að fallast á uppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, eptir þeim kringumstæðum sem nú eru fyrir hendi, að þegar sè gjörðar þvílíkar uppástungur af þinginu, sem gætu orðið grundvöllur fyrir nýju frumvarpi, er stjórnin getur lagt fyrir þingið síðar. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að alþingi hefði eigi vald til að leggja á skatta. Þetta er alveg satt. En hann ætlaði, að þessi skattalög yrði lögð fyrir ríkisþingið, og vildi finna frumvarpinu þetta til foráttu. Það liggur beint við eptir stjórnarfrumvarpinu, að svo verði gjört, en eg sè heldur enga ólukku í því, ef sá skattur kemur landinu til góða, t. a. m., til vegabóta eða einhvers annars, sem nauðsyn er á. Þó að frumvarpið sè nú svona lagað, virðist mèr samt ekki, að þingið eigi að kasta því þar fyrir; heldur verð eg að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga í því, að þingið gjöri rètt í að breyta stjórnarfrumvarpinu svo, að það geti komið landinu í hag síðar, og því fremur virðist

mèr ástæða til þessa, þar sem stjórnarfrumvarpið stingur upp á að leggja skatt á þá verzlunargrein, er nefndin sjálf hefir viðurkennt, að væri hin tiltækilegasta, til að bera nokkrar álögur. En aptur á móti get eg ekki verið honum samdóma í því, að kaupmenn eigi sjálfir að segja til, hvað mikla verzlun þeir hafi með brennivín, því að eg er hræddur um, að líkt færi með það og með tíundina hjá oss. Þess vegna þykir mèr það of lítið að leggja eigi nema 4 sk. á pottinn. Ef 4 sk. væri lagðir á pottinn, þá mundi það gefa í tekjur 23—24000 rd. En ef sú væri grundvallarreglan, að kaupmenn segði sjálfir til, hvað mikið þeir selja af drykkjuvöru, þá óttast eg fyrir, að rýrnun kæmi í þessa upphæð, líkt því sem um tíundina fer. En ef 8—10 sk. væri lagðir á pottinn, þá gæfi það af sèr í kringum 50,000 rd. Þá er eigi einungis það unnið, að tekjurnar hækkuðu, að miklum mun, heldur kæmust menn þá einnig hjá því, að kaupmenn segði sjálfir til um sölu sína, því að þá yrði tekjurnar nógar til að koma upp öflugri tollstjórn, sem að vísu mundi kosta mikið, en þó að ætlun minni ekki svo mikið, að ekki yrði eptir af tekjunum að minnsta kosti 35,000 rd. Þó að eg því fallist á uppástungu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að ákveðin sè viss upphæð, er lögð sè á hvern pott, get eg samt eigi fallizt á það pottagjald, er hann tiltók, af því að eg geng út frá öðrum grundvallarreglum en hann. Þó ætla eg ekki að koma með neina beinlínis uppástungu sem breytingaratkvæði frá mèr, heldur ætla eg að reyna til að sameina mig við hann um hans uppástungu; því að eg er viss um, að hann verður mèr samdóma í því, þegar við höfum talað um það nákvæmar, að sú grundvallarregla, að kaupmenn segi sjálfir til brennivínssölu sinnar, getur eigi staðizt, og má eigi verða gildandi, því að það er almennt viðurkennt, hversu spillandi hún er fyrir siðferði manna.

Bergur Thorberg: Mèr þykir það nú furðu gegna, að nefndin skuli ráða frá að láta þetta frumvarp ná lagagildi, þar sem hún þó játar, að brennivínið sè hæfilegur gjaldstofn til að bera álögur, og hún fer mörgum orðum um, að mikla siðaspillingu leiði af óhóflegri nautn brennivíns, og segir, að æskilegt væri, að ofdrykkjan yrði minnkuð. En samt ræður hún þinginu frá að aðhyllast þetta frumvarp af þeirri ástæðu, að aðferð sú, sem stjórnin stingur upp á sè óhentug og ónóg, ân þess þó á nokkurn hátt að benda á aðra hagfelldari aðferð. En þó virðist nefndin eigi hafa á móti því, að þessi álaga sè lögð á, jafnvel eptir því sem mèr skilst, þó sú að-

ferð væri við höfð, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, ef fènu sè varið í landsins þarfir til nýrra endurbóta og stofnana. Mèr þykir nú þetta undarleg mótbára, þar sem í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu stendur, að tilgangurinn með þetta afgjald sè að fá tekjur handa Íslandi til þess að efla framfarir landsins og standast kostnaðinn við nýjar endurbætur, sem álitnar yrðu nauðsynlegar í landsins þarfir. Stjórnin hefir þá hèr alveg hinn sama tilgang og nefndin. Nefndin hefir nú líka það á móti frumvarpinu, að eptir því renni þessar tekjur inn í ríkissjóðinn; en þangað renna allar tekjur Íslands, svo það er eigi nema eðlilegt, að þessar gjöri það líka, og það getur eigi öðruvísi verið meðan eins er ástatt og nú er, og öll gjöld til Íslands eru greidd úr ríkissjóðnum. En það er auðsætt, að stjórnin á því hægra með að útvega fè handa Íslandi, sem tekjurnar eru meiri. Því meiri nefnilega sem tekjur Íslands eru, því meira fè hefir stjórnin til umráða til að verja landinu í hag, og eins á hún þá hægra með að sinna bænum landsmanna um nýjar stofnanir og nýjar endurbætur. Eg held að nefndin gjöri of lítið úr tekju-upphæð þeirri, er frumvarpið gjörir ráð fyrir að fást mundi af brennivínssölu og brennivínsveitingum, því að eg er viss um, að þessar áætlanir stjórnarinnar eru áreiðanlegar, með því þær eru gjörðar eptir áreiðanlegum skýrslum, og eg held að nefndin hafi ekki getað haft áreiðanlegri skýrslur fyrir sèr en stjórnin hafði. En ef tekjurnar verða minni, en stjórnin hefir gjört ráð fyrir, þá er það nú reyndar slæmt, en það missist þó ekkert, þótt þessi skattur sè lagður á; hèr er þess vegna engin áhætta, hvernig sem fer. En þótt tekjurnar yrðu ekki nema 4—5000 rd., þá er það þó nokkuð fè, sem eitthvað má gjöra við. En ef menn vilja síðar leggja aðflutningstoll á þessa vöru eða aðrar, t. a. m. kaffi, sikur o. fl., þá er það allt eins hægt fyrir því, þótt þetta frumvarp sè gjört að lögum. Nefndin virðist nú einnig að hafa fundið annmarka á því að leggja þenna toll á brennivín fyrir þá sök, að smákaupmenn yrði þá ef til vill að hætta við brennivínsverzlun, en auk þess að mèr virðist ólíklegt að til þessa komi get eg eigi sèð, að það sè neitt skaðlegt, þótt stöku smákaupmaður yrði neyddur til að hætta við slíka verzlun. Eg verð nú að vera öldungis á sama máli, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga um, að það sè rangt að segja, að alþingi hafi eigi rètt til að samþykkja frumvarp til skatta-álögu. Það er líka rangt að segja, að ríkisdagurinn leggi þenna skatt á, þótt frumvarp þetta verði

lagt fyrir hann, það er konungurinn, sem leggur skattinn á með ráði alþingis, En þar eð þetta er skattamál, verður að leggja það fyrir ríkisþingið, með því að skattar af Íslandi eru, eptir því fyrirkomulagi sem nú á sèr stað, teknir inn í fjárhagslög Dana. Það er nú sjálfsagt, að þessar tekjur síðar renna inn í sjóð Íslands eptir fjárhagsaðskilnaðinn, þótt þær nú sem stendur renni í ríkissjóðinn. Menn hafa nú vefengt þá reynslu, er menn hafa í Færeyjum um þetta; en mèr virðist hún þó eigi ómerkileg, því að þar hagar líkt til með verzlun og hèr, og verzlunarlög Færeyinga eru nálega hin sömu og vor. Það er nú eigi rètt hermt, að leyfisbrèf til brennivínssölu sè hvergi veitt nema þar, því að slík leyfisbrèf eru veitt bæði í Noregi og Svíaríki, nema kaupmenn selji svo og svo mikið í einu, mig minnir minnst 40 potta. En upphæð gjaldsins er þar öðruvísi metin, nefnilega eptir því sem ætlazt er á, að kaupmaðurinn selji mikið. Það er nú sjálfsagt, að það væri æskilegt, að upphæðin á skattinum gæti farið eptir því, hvað hver einn selur mikið eða lítið, en eptir því sem á stendur, verður óhægt að hafa eptirlit með því, og það mundi verða ervitt, nema tollstjórn kæmist á, en eg get eigi sèð, að fært sè að koma henni á enn. Eg vona því, að þingmenn almennt fari í aðra stefnu, en nefndin hefir tekið, og hugsi sig vel um, áður en þeir hafna stjórnarfrumvarpinu; en ef þingmönnum þykir tollurinn of lágur, þá er hægt að gjöra breytingaratkvæði til að hækka hann, og því þykja mèr íhugunarverðar að efninu til breytingar þær, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir stungið upp á um fyrirkomulagið á greiðslu tollsins.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla nú eigi að svo stöddu að fara að eltast við hvert eitt einasta orð í ræðum þeirra manna, sem mælt hafa á móti nefndinni. En það var eitt atriði, sem eg vildi minnast á. Það var nú altènd ætlandi hinum 4. konungkjörna þingmanni, að hitta á þann kafla í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, sem mundi verða aðgengilegastur, nefnilega þetta, að þessar tekjur skuli ganga til þess að efla framfarir landsins o. s. frv. Þetta er nú aðalmergur málsins, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður þykist hafa fyrir augum. En eg vil spyrja: Eru menn nokkuð vissari um, að þetta gjald og lestagjaldið, sem talað var um um daginn, komi Íslandi fremur til nota, og því verði varið fremur til nýrra stofna og endurbóta, en því 2 rd. lestagjaldi, sem lagt var á þegar verzlunarfrelsið fèkkst? En þetta fè hefir hingað til gengið í ríkis-

sjóðinn, gengur þaðan til annara útgjalda Íslands, svo sem til launa handa embættismönnum og annars þess konar. Eg vil spyrja. Hver getur fullvissað þingið um að ekki fari eins um þá áminnztu skatta nefnilega þetta 2 rd. lestagjald sem um hefir verið rætt og brennivínstollinn, sem nú er verið að ræða um. Það gengur nú yfir mig, að menn skuli vera að reyna að breiða þessa skýlu fyrir augu þingsins, sem hver heilvita niðursetningur getur séð í gegnum. Nei, það er ekki til neins, ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst ekki á, þá liggur allt í sama saltinu og áður; við fáum enga nýja stofnun, hverju svo sem heitið er. Það stendur líka ljóslega í lestagjalds stjórnarfrumvarpinu, sem var hèr til meðferðar um daginn, að það gæti orðið umtalsmál, að Ísland fengi þetta fè, svo *framarlega* sem fjárhagsaðskilnaðurinn kæmist á. Þessu vil eg biðja menn að gá vel að. Hèr er á alls engri vissu að byggja Það er auðskilið, enginn þarf að læra latínu til að skilja þetta. Það er ekki til neins að vera að þessum bollaleggingum, er ekki eru til annars en draga báða hlutaðeigendur á tálar. Við skulum ganga hreint og beint að málinu og fela svo forsjóninni ávöxtinn. Eg vona nú, að ef vèr fengjum fjárhag vorn, eins og Norðmenn fengu, þá mundi eins fara fyrir oss og þeim, að báðir hefði gott af því bæði Danir og vèr. Og þótt til framkvæmdanna komi, þá eg er eigi hræddur um, að vèr yrðum sárari á skildingnum til nauðsynlegra fyrirtækja, eður svelta embættismenn vora fremur en Norðmenn hafa gjört, þó sumir væru hræddir um það. Eg er nú eigi hræddur um, að Íslendingar mundu eigi sjá ráð til að leggja toll á brennivínið, þegar þeir mættu sjálfir ráða því og meðferð þess. En aptur held eg að fari nú svo sem sagt hefir verið, að kaupmenn mundi sjá um sig bæði í tilliti til tollsins, og eins mundu þeir sjá svo um, að þeir fengi hann endurborgaðan hjá landsmönnum. Það hefir nú verið sagt, að lítið væri í það varið, þótt þessir smákaupmenn færi á höfuðið; en það er nú ekki lítið í það varið, ef það eru einmitt þeir kaupmenn, sem byggja hèr hús sín hjá oss, og verja efnum sínum og verzlunarágóða hèr bæði í þarfir sínar og annara. En það er víst talsverð ástæða til að segja, að þeir verði neyddir til að hætta allri verzlun, ef þeir verða að hætta brennivínssölunni, því að eg hefi heyrt kaupmenn segja, sem hafa viljað afstýra brennivínsdrykkju hèr, að þeir sæi sèr ekki fært að hætta að selja brennivín, því að þá færi allir í þann staðinn til verzlunar sem það væri að fá,

og eg gæti til nefnt þessa menn ef þyrfti. Viðvíkjandi því, er þingmaður Borgfirðinga ber á móti því, sem framsögumaður sagði, að kaupmenn kynni að fela einum á hendur alla brennivínssöluna, og færði þá ástæðu fyrir því, að svo væri mikið ósamlyndi milli kaupmanna, að þeir mundu ekki koma sèr saman um það, þá held eg, að það komi nú opt fyrir í lífinu, að þó menn ekki geti sameinazt eður samþýðzt í samlífi eða samveru í einu máli, þá er undir eins snúið við blaðinu, þegar eigingirni manna kemur í spilið, og einhver ábatavon er í aðra hönd.

Eirikur Kuld: Eg skal ekki fara neitt að tala um smáatriði máls þessa. Eg hef orðið þess áskynja af nokkrum röddum, að sumir hinna heiðruðu þingmanna vilja halda í halann á frumvarpi þessu; meðal þeirra voru þingmaður Borgarfjarðarsýslu og þingmaður Gullbringusýslu. Mèr var ekki öldungis ljós meining þeirra, þar sem þeir stungu upp á að gjöra nægilega breytingu á frumvarpinu, svo að það yrði notandi; mèr virtist hinn hæstvirti konungsfulltrúi einnig vera á sama máli; það væri að vísu mjög æskilegt, ef menn gætu gjört þetta, en eg held, að nú sè engan veginn tími til fyrir þingið að fara að búa til nýtt frumvarp, ef þeir hafa ætlazt til þess. Eg veit ekki, hvort þingmennirnir, ef til vill, hafa hugsað sèr að setja eina svo nefnda sitjandi nefnd hèr í Reykjavík í mál þetta (*Arnljótur Ólafsson*: Nei); því ef svo væri þá eptir því sem raun hefir á orðið með þess konar nefndir, þá mundi kostnaðurinn af þeirri nefnd taka býsna mikið með sèr af brennivínstollinum. Þingmaður Gullbringusýslu vildi hækka tollinn en með því gjörir hann einmitt það, sem hann ætlaði að fyrirbyggja, nefnilega að smákaupmenn eyðileggist við tollgreiðsluna. Mèr er ekki svo vel við brennivínið, að eg amist við tolli á því, og er það ekki það, sem mèr þykir að frumvarpinu; hið versta við það. er, eptir mínu áliti, að hvað mig snertir, strandar þetta á sama skerinu og frumvarpið um lesta-afgjaldið, og það er ríkisþingið. Fyrirsögnin á frumvarpinu bendir á, að málið hèr eptir á að leggjast undir ríkisþing Dana, er það þá ríkisþingið en ei alþing, sem á að leggja tollinn á, og það vil eg ekki. Eg virði svo mikið álit hins hæstvirta konungsfulltrúa í þessu máli, að mèr er mikið um að gjöra að geta sætt mig við uppástungu hans viðvíkjandi breytingu á frumvarpinu, en af þeim breytingum leiðir auðsjáanlega, að tollurinn kemst á og gildir mig það einu, ef við Íslendingar fengjum beinlínis að njóta hans, en um það vil eg fá fulla vissu, og

því vil eg leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa að, hvort hann geti ábyrgzt þinginu það, að fè það, sem fengist þannig, verði þegar varið til nýrra stofnana hèr á landi, án þess að nokkurt tillit verði tekið til þess, við tillag það, er Danir þykjast árlega leggja oss; ef svo væri, að konungsfulltrúi gæti gefið mèr vissu um þetta, kynni eg má ske að verða fáanlegur til að gefa frumvarpinu atkvæði mitt.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki, eins og hinn heiðraði fulltrúi Barðstrendinga má geta nærri, gefið stjórnarinnar vegna neitt fullt fyrirheit um það, að tekjunum af brennivínsskattinum verði varið til einstakrar stofnunar fyrir Ísland, en að fènu skuli verða varið yfir höfuð í Íslands þarfir, því hefir stjórnin lýst yfir, en að öðru leyti getur þingið borið upp uppástungu í þá stefnu, að fènu verði varið til framkvæmdar einhverju vissu augnamiði. Þingmaður Strandasýslu lýsti í ræðu sinni tortryggni til stjórnarinnar í þessu efni, og sagði um leið, að skipagjöldin, sem nú eru, hefðu ekki komið í neinu Íslandi til góða, en þetta er öldungis ekki rètt. Skipagjöldin eru talin með tekjum Íslands, og dregin eins og aðrar tekjur landsins frá útgjöldunum, sem borguð eru til landsins þarfa úr ríkissjóðnum og renna þannig inn í landsins sjóð; þetta getur hinn heiðraði þingmaður sèð af þeim árlegu reikningum. Við uppástungu þingmanns Borgfirðinga, sem vill láta leggja afgjaldið á hvern pott af brennivíni, felli eg mig að því leyti vel, að álagan kemur þá jafnt niður, en èg hefi það á móti henni, að hlutaðeigendur eiga að segja sjálfir til, hvað mikið þeir selji, og slík «Selvangivelse» freistar til þess að segja rangt frá, og hjá þeirri freistni er æskilegt að komast. Menn vita, hvernig það gengur hèr með tíundarframtölin. Framsögumaður sagði í ræðu sinni, að eg hefði ráðið til verulegra breytinga á stjórnarfrumvarpinu; það gjörði eg ekki, en eg sagði, að þingið gæti, heldur en að ráða algjörlega frá frumvarpinu, stungið upp á breytingum á því, enda verulegum, ef frumvarpið með þessu móti gæti orðið hagfelldara og fullkomnara en það nú lægi fyrir.

Stefán Eiríksson: Þó nú þetta frumvarp sè í aðra röndina nokkurs konar agn frá stjórnarinnar hálfu, sem eigi að sýna okkur, að við þurfum með fè til þess að geta borið okkur sjálfir, þá vil eg þó á hina síðuna játa það, að það er sú eina vörutegund, sem vert væri að leggja toll á, það eru áfengir drykkir; en þó nú væru lagðir á þeir tollar, sem frumvarpið fer fram á, þá er engan veginn

náð þeim grundvelli, sem þó stjórnin sýnist að hafa ætlazt til, nefnilega, að nautn áfengra drykkja minnkaði við þessar álögur, því kaupmenn geta lagt þetta 100 rd. árgjald á alla vöru, og eins leyfisbrèfagjaldið, svo ef leggja ætti toll á áfenga drykki, þá yrði, eins og bent er til í nefndarálitinu, bæði að leggja á hærri toll og líka haga því á allt annan veg en stjórnin fer fram á. Það hafa nú sumir af þingmönnum, einkum hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, haldið því fram, að stjórnin áliti þetta nauðsynlegt til að koma á nýjum endurbótum hèr á landi og standast kostnaðinn við þær, en eptir 1. grein frumvarpsins, þá sjá nú allir, að það er þó ekki ætlun stjórnarinnar, því í greininni stendur, að gjaldið renni í ríkissjóðinn, og þessu samkvæmt tekur stjórnin það skýrt fram í ástæðunum við 1. grein; á bls. 6. standa þessi orð: «en þegar litið er á tilganginn með að koma álögum þessum á á Íslandi, þá þykir það honum samkvæmt, að láta allt fèð renna í ríkissjóðinn, og er það vitaskuld, að ef hinn fyrirhugaði fjárhagsaðskilnaður kemst á, þá á þar við að skiljast sjóður Íslands. Þessi orð stjórnarinnar sýna þó sannarlega, að stjórnin ætlar ekki að láta þetta fè ganga til Íslands þarfa, með því hún sjálf dregur í efa, að fjárhagurinn komist á, svo þetta frumvarp er, eins og eg sagði, nokkurs konar agn, sem við eigum nú fyrir fram að fara að byggja á til þess að geta fengið fjárhagsráð, og síðan á eptir ná þessu fè úr ríkissjóðnum. Eg held það ætti betur við að sjá fyrst, hvernig stjórnin leysir af hendi fjárkröfur okkar, áður við tökum þessu framboði, og því álít eg að nefndin hafi tekið rètta stefnu í þessu máli.

Framsögumaður: Mèr sýnist ekki þörf fyrir mig að svara mörgum af mótbárum þeim, sem fram hafa komið, því ástæður nefndarinnar eru enn með öllu óhraktar, og mótbárurnar móti þeim ósannaðar. Það er satt, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði, að nefndin hefði sèð gallana á frumvarpinu, en ekki reynt að bæta úr þeim; hún sá sèr það ekki fært, án þess að búa til nýtt frumvarp, en það var ekki hennar ætlunarverk. Sumt, sem hann fann að, var sagt út í bláinn; hann getur ekki fremur fullyrt, að kaupmenn muni eigi koma sèr saman um brennivínssöluna heldur en nefndin, að þeir muni gjöra það; hvorttveggja er óvíst; vèr getum að eins sagt, hvað líklegt sè. Enn fremur sagði þingmaðurinn, að nefndin hefði sagt, að alþingi ekki hefði rètt til að leggja tollinn á, heldur ríkisdagurinn. Þetta er ranghermt, (*Arn-*

Ijótur Ólafsson: Nei!), eg sagði, að alþingi nú sem stæði ekki hefði rètt til þessa, en að ríkisdagurinn mundi gjöra það; konungur gjörir það heldur eigi sjálfur, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, því að ef ríkisdagurinn ræður honum frá, að gjöra frumvarpið að lögum, þá neitar hann því; þetta veit þingmaðurinn mikið vel sjálfur. Mèr finnst óviðkunnanlegt, að vèr ráðum til að leggja á álögur, sem vèr ekki höfum fullt atkvæði um, eða að ráða ríkisþinginu til þess, sem alls ekki hefir rètt til atkvæðis í því efni. Viðvíkjandi uppástungu þingmanns Borgfirðinga að leggja tollinn á eptir pottatali, þá kom það einnig til umtals í nefndinni, og hún hefir og bent til þess í nefndarálitinu, en henni fannst, að hvorki hún nè þingið ætti að fara lengra í mál þetta, en hún hefir gjört. Ef stjórnin vill halda frumvarpinu fast fram, getur hún gefið þinginu löggjafarvald; en það get eg eigi sèð, að hún geti gjört eða muni gjöra í einu máli; heldur verði hún þá að gefa því þetta vald í öllum málum. Eg er öldungis samdóma hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu í því, að heldur ætti að leggja 8 skildinga á hvern pott en 4 sk. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að nefndin hefði rengt skýrslurnar um aðflutningana, þá hefir nefndin öldungis ekki rengt þær skýrslur; hún hefir þvert á móti álitið þær rèttar, og í tölum sínum gengið út frá skýrslum þessum sem alveg rèttum. Þótt nefndin segi, að varningur þessi sè hinn álitlegasti gjaldstofn, kemst hún í enga mótsögn við sjálfa sig fyrir það með því að ráða frá frumvarpinu, því það gjörir hún annara atvika vegna, og af því *hverniq* tollurinn er á lagður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt, að eg hefði lagt of mikið í orð hans; en það hefi eg ekki gjört; eg tók ekki orð hans öðruvísi en hann sjálfur skýrði þau nú, nefnilega, að það stæði í þingsins valdi, að stinga upp á þeim breytingum á frumvarpinu, sem því litist.

Björn Pètursson: Eg skyldi ekki hafa farið að tala í þessu máli, ef að ekki hefði bæði í fyrra dag og í dag komið fram frá hálfu stjórnarinnar, eður þeirra, sem mæla fyrir hennar hönd hèr í salnum, *ákúrur* til vor Íslendinga um að vèr allt af sèum *að biðja og biðja* um það og það, en viljum aldrei *neitt til leggja.* Eg fyrir mitt leyti get ekki setið þegjandi undir þessu. Vèr erum að vísu tregir til að kasta miklu fè á ný í ríkissjóðinn; en mèr finnst það fullkomin vorkunn, því eg held vèr Íslendingar sèum þegar búnir bæði að fornu og nýju að senda þangað *fáeina smá-*

skildinga!! enda finnst opt og tíðum sú raun hafa á orðið, að það er okkur Íslendingum sama að kasta fè í *ríkissjóðinn* og að kasta því í *sjóinn;* því mjög margt af því fè sem þangað er komið hèðan, er alveg horfið, eins og það sem í sjó er kastað. Yfir höfuð sýnist mèr ekki betur, en að því *meira* sem í hann rennur, því *minna* komi úr honum aptur. Það er auðsèð af ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar í fjárhagsmálinu og fylgiskjölunum, að hún viðurkennir í rauninni, enga rèttarkröfu af vorri hálfu til ríkissjóðsins; hún lætur í veðri vaka, að hún leggi oss allt af einskærri náð og miskunnsemi, það sem hún lætur af hendi rakna við oss, þegar eða ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Þegar stjórnin gengur út frá þessu sjónarmiði, skil eg vel að hún vilji ná sem mestu fè inn í ríkissjóðinn meðan svona stendur, svo að hún geti sagt við okkur, ef fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á: Hafið þið nú þetta, meira þurfið þið ekki til að reisa bú». Frá þessu sjónarmiði er það vel skiljanlegt, að stjórnin vilji ná í sem mest fè, áður en skilnaðurinn verður; því færri þarfir, sem við höfum, þegar fjárhagurinn verður að skilinn, því minna þarf stjórnin að skila aptur af því fè, sem við eigum í ríkissjóðnum. Það liggur í augum uppi, að þarfir vorar eru miklar til að koma á fót ýmislegum stofnunum og fyirtækjum til framfara. En meðan stjórnin er fjárhaldsmaður vor, og hefir umráð yfir öllu voru fè, bæði gömlu og nýju, þá hlýtur hún að bera þá ábyrgð sem hverju fjárhaldi fylgja og enginn fjárhaldsmaður getur skorazt undan, og verður því að sjá um allar þarfir vorar þangað til vèr sjálfir tökum við fjárumráðum vorum, eða fáum sjálfsforræði. En þegar vèr biðjum einhvers, sem vèr getum sýnt og sannað, að við þurfum við, svarar stjórnin opt: «Annist þarfir yðar sjálfir, vermið yður og mettið, vèr getum ekki skipt okkur af því, nema þið fyrst leggið á ykkur nýja skatta, er renni inn í ríkissjóðinn, þá er ykkur það guðvelkomið». Eg vil taka til dæmis, að ef okkur væri kalt og vantaði yfirhöfn og bæðum stjórnina um hana, þá gæti hún eptir sömu reglu svarað: »Seljið fyrst skyrtuna og sendið andvirði hennar í ríkissjóðinn, þá skuluð þið einhvern tíma fá yfirhöfn». Breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga hefir af mörgum fengið góðan róm, en eg get ekki verið því samþykkur, því hann vildi líkt og stjórnarfrumvarpið leggja toll á brennivínið eitt (*Arnljótur Ólafsson*: Nei); eg skildi þó þingmanninn svo. Ef neyzlutollur yrði á lagður, vildi eg leggja toll á alla munaðarvöru, alls konar áfenga drykki, öll vín, alls konar tóbak,

kaffi, sykr o. s. frv. Mèr þykir hlálegt að taka brennivínið eitt fyrir, því með því kemur tollurinn helzt niður á fátækri alþýðu, því hún kaupir mest af því. Hinir ríkari kaupa mest romm, konjakk, portvín og hin dýrari vín, reykja vindla og þar fram eptir götunum. Tollurinn þarf að leggjast á alla munaðarvöru, svo að tollurinn komi jafnt niður á ríkum og fátækum að tiltölu. Fátæk alþýða hefir nóg að bera áður, þó ekki sè einlægt hlaðið nýjum og nýjum álögum á hana, eins og hingað til hefir við gengizt. Af þessum og áður sögðum ástæðum er eg nefndinni alveg samdóma í því, að þingið eigi að ráða stjórninni frá þessu brennivínsfrumvarpi. En ef að breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga kæmist að, vil eg til vara áskilja mèr viðauka-atkvæði við breytingaratkvæði hans á þá leið, að þetta fyrirhugaða brennivínsfrumvarp hans verði lagt fyrir alþingi, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á.

Sveinn Skúlason: Eins og eg er alveg samdóma nefndinni, hvað niður lagsatriðið snertir, eins er eg henni alveg ósamþykkur hvað meðferð málsins snertir. Eg álít það skyldu, bæði nefndarinnar og þingsins, þegar um konunglegt frumvarp er að ræða, að skýra það svo vel sem unnt er, og undirbúa það til nýrrar meðferðar, það er að skilja, að leggja fastan grundvöll til þeirra laga, er þingið álítur landinu haganleg, svo að stjórnin hafi fulla vissu fyrir því, hvernig þingið og landsmenn vilja láta haga málinu. Það er ekki fallegt af þinginu í svo áríðandi málefni, og það því síður sem það í rauninni er samdóma stjórninni um það, hve æskilegt sè að leggja skatta á þenna tekjustofn, að gefa henni engar upplýsingar eða bendingar; það ætti bæði nefnd og þing að gjöra. Þetta hefir nefndin nú ekki gjört, og vil eg því, að þingið vísi málinu aptur til nefndarinnar, og taki hún til greina allar þær uppástungur, sem fram eru komnar, eg vil líka stinga upp á, að 2 mönnum verði bætt við nefndina. Mèr sýnist öldungis ófært að ganga alveg fram hjá frumvarpi stjórnarinnar; nefndin hefir einungis lauslega drepið á einstöku atriði þess. Eg álít, að þingið eigi að undirbúa frumvarpið svo, að stjórnin gæti aptur lagt það fyrir þingið, þegar fjárhagsmálið er komið í kring; því ef búið er að gjöra málið þannig úr garði, verður fljótlegra að eigi við það, en ef það er í barndómi.

Pètur Pètursson: Þegar eg las nefndarálitið, gladdist eg yfir fyrri hluta þess, því hann kemur saman við mína skoðun; og hún er sú, að brennivínið sè hinn bezti tekjustofn, og ef tollinum væri

varið í þarfir landsins ímynda eg mèr, að þingið mundi fallast á frumvarpið. En þegar fram í sækir, fer nefndin að finna það að, að bæði sè tíminn óhentugur til þessarar tollalögu og tollurinn of lítill eptir frumvarpi stjórnarinnar. Eptir minni meiningu er búið að svara báðum þessum ástæðum nægilega. Eg vil einungis geta þess, hvað tímann snertir, að eg get ekki vikið frá þeirri skoðun, að fjárhagsaðskilnaðurinn kunni ef til vill að dragast, og að vèr þá með því að hafna þessu gjörum það að verkum, að vèr fáum ekkert fè til þess að efla ný fyrirtæki með. Eg get ekki fallizt á þá skoðun, að ríkisþingið leggi skatta á okkur, nema því að eins, að alþingi ráði frá frumvarpinu, en konungur samt leggi þenna toll á með ráði ríkisþingsins; þá væri það satt; en ef alþingi þar á móti fèllist á skattinn, þá leggur ríkisþingið hann ekki á. Ríkisþingið á hèr atkvæðisrètt, og það, auk þess sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir tekið fram, af þeirri ástæðu, að þetta er beinlínis skattur á kaupmenn, og eru margir þeirra búsettir í Danmörku; að segja, að tíminn sè óhentugur, er sama sem að segja, að vèr viljum fallast á þetta, þegar kringumstæður leyfa, en þegar talað er um gufuskipsferðir kringum landið eða aðrar nýjar stofnanir, þá biðja menn um það «hið allrabráðasta», en ef vèr eigum að leggja til nokkurt fè, þá segja menn, að tíminn sè óhentugur, en það skuli verða gjört «þegar kringumstæður leyfa». Eg álít gott, að tollurinn sè lítill í fyrstunni, einkum þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, svo að vèr þá höfum eitthvað að grípa til, og getum vèr svo hækkað hann seinna. Nefndin segir hann muni verða svo sem 2-3000 dali, og er það góður styrkur, ef vèr fáum að verja honum í landsins þarfir. Eg get ekki skilið, að smákaupmenn þess vegna þurfi að hætta verzlun sinni, því með því segja menn, að brennivínsverzlan sè hið eina, er heldur þeim við, og sè hún svo arðsöm, ættu þeir að geta borgað dálítinn skatt af henni. Eg hefði ekki talað í þessu máli, ef eg ætlaði ekki að gjöra nokkur breytingaratkvæði.

Eg er ekki enn þá svo vel búinn að hugsa um breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga, að eg geti sagt, hvort eg muni fallast á það. Eg áskil mèr rètt til að gjöra fylgjandi breytingaratkvæði við 1. gr., að fyrir orðin: «Borgun þessi og árgjaldið renuur í ríkissjóðinn», komi, «borgun þessari og árgjaldi skal verja til að koma nýjum stofnunum á fót og efla nytsamleg fyrirtæki í landinu sjálfu». Við 2. gr., að orðin: «til ríkissjóðsins» falli burt. — Við

3. gr., að orðin: «Borgunin og árgjaldið rennur í ríkissjóðinn» falli burt. Eg get ekki betur sèð en að sú aðferð, að leggja þenna toll á, sem stjórnin hefir stungið upp á, sè hagfelld, og að nokkurt fè muni vinnast, ef að þingið fellst á frumvarpið eins og það er lagað, eða með nokkrum breytingum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr virðist hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður dæma sjálfan sig um leið og hann dæmir aðra, er hann segir, að þegar þingmenn biðji um fè úr ríkissjóði, brúki menn orðin: »hið allra bráðasta«, en þegar tilrætt sè um að leggja nýja tolla eður skatta á almenning, þá sè jafnan viðkvæðið »eptir kringumstæðum» eða »þegar kringumstæður leyfa«. Eg hef opt tekið eptir því, að þegar rætt hefir verið um að koma hèr einhverju fyrirtæki á stofn, sem kostað hefir fè úr ríkissjóði, hefir þessi heiðraði þingmaður viljað hafa það viðkvæði »þegar kringumstæður leyfa«. Eg vil spyrja hann, hvort honum ekki finnist það þó eðlilegri skoðun fyrst að fá einhverjum gagnlegum fyrirtækjum framgengt, svo vjer verðum því vaxnir, að bera nýja tolla og nýjar álögur, áður en farið er að íþyngja oss með nýjum álögum, heldur en að byrja á því að leggja tollana á áður en vèr erum vaxnir þeim. Það er búið að sýna, hve óhagkvæmt stjórnarfrumvarpið er, svo eg þarf engu við það að bæta. Helzt verð eg að hallast að nefndinni, en þó ekki af þeirri ástæðu, að eg álíti, að þingið ekki geti eða hafi heimild til að segja álit sitt um, hvernig leggja skal nýja tolla á landið. Eg er heldur ekki hræddur um, að ríkisþing Dana mundi synja samþykkis síns, hversu háum tolli sem alþingi styngi upp á að leggja skyldi á landsmenn, en mèr þykir hitt ísjárvert fyrir þingið að blanda sèr í skattamál meðan verkahringur þess er svo takmarkaður sem hann nú er. Þetta hefir og verið álit þingsins að undanförnu, og leyfi eg mèr að færa sem dæmi því til sönnunar, að á síðasta þingi hafði eg meðferðis bænarskrá frá kjósendum mínum, er laut að breytingu á skattalögum vorum, og rèði þá gjörvallur þingheimur frá, að það væri til meðferðar tekið, af því að ísjárvert væri fyrir þingið, og það jafnvel hefði ekki vald til að meðhöndla skattamál. Annað er það, að þó eg gefi mig fanginn undir hlýðni trúarinnar, og trúi því að sá sè tilgangur stjórnarinnar, eins og bent er á í ástæðum frumvarpsins, að því fè sem fengist með brennivínsgjaldinu skuli varið til landsins þarfa, þá sýnist mèr ísjárvert að leggja nýjar álögur í því skyni á landið að svo stöddu, því þótt stjórnin nú altènd lèti það á sannast,

að fènu væri varið í landsins þarfir, þá hefir þingið svo takmarkaðan atkvæðisrètt um það, hvernig fè þessu skuli verja, og til hverra helzt fyrirtækja því skuli verja, að vèr höfum alls enga ábyrgð fyrir því, að því verði varið samkvæmt ósk og beiðni vorri. Ef að verkahringur þingsins yrði svo aukinn og rýmkaður, að það hefði frjálsar hendur til að ráða því, hvernig tollurinn er álagður, og til hvers honum yrði varið, þá skyldi eg ekki hafa á móti því, að kaupmenn greiddu 8—10 sk. af hverjum brennivínspotti, sem þeir selja. Því hefir verið hreift að það væri ótilhlýðilegt, að vèr bæðum um fè til þeirra fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegt er að koma á fót, en vildum ekkert á okkur leggja til þess að fèð fengist, sem með þarf til þess að fá augnamiðinu framgengt; en má eg spyrja, höfum vèr ekki verið að biðja um rýmkun á rèttindum vorum, ár eptir ár, og þing af þingi, *svo vèr hefðum frjálsari hendur*, til að leggja á oss nýjar álögur í þessu skyni? Höfum vèr ekki, síðan 1851, verið að berjast fyrir því, að þingið fengi skattgjafarvald og frjálst atkvæði í vorum egin málum, en ekki fengið neina áheyrn til þessa dags? Er það þá svo óeðlilegt, þó vèr sèum nokkuð þrálátir í bænum vorum.

Ásgeir Einarsson: Eg þykist, sem menn segja, hafa »tekið hlut á þurru landi«, þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi bar mèr það á brýn, að eg hefði sagt, að enginn árangur væri af lestagjaldinu, sem eg gat um áðan, en hann sannaði það, sem eg sagði, að af 2 rd. lestagjaldinu hefði engi árangur orðið fyrir landið, heldur hefði það runnið inn í ríkissjóðinn, og sannaði hann með þessu mitt mál, þar eð engri nýrri stofnun hefði orðið á fót komið í landinu sjálfu fyrir þetta gjald. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu vildi vísa máli þessu til nefndarinnar aptur, en hvort það verður gjört, er á þingsins valdi, en hitt ætlaði eg, að þingmaðurinn væri svo skarpur, að hann gæti gjört breytingaratkvæði, svo ekki þyrfti til þess að taka. En ef menn vilja gjöra það að gamni sínu, að lengja tímann með því, þá er það á þingsins valdi. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að ríkisþingið legði ekki tollinn á oss, heldur á kaupmenn í Danmörku, en eg er ekki á því máli, heldur sagði eg áðan hátt og greinilega, að skatturinn væri beinlínis lagður á oss, og að kaupmennina væri að álíta, sem skattheimtumenn; það er merkilegt, að menn skuli koma með slíkt, til að æsa aðra, og neyða þá til, að standa upp, til að svara öðru eins. Enn fremur talaði hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður

um breytingaratkvæði sín, að þau bættu vel úr öllum göllum frumvarpsins; en mèr fyrir mitt leyti sýnast þau nú ekki svo álitleg, því hvernig getur hann sýnt eða sannað, að þessu gjaldi verði varið til þarfa Íslands? Það getur hann ekki, heldur en hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat áðan; þó vèr nú gengjum inn á breytingaratkvæði hans, enda er enginn sjóður í landinu sjálfu, sem þetta gjald á beinlínis í. Ef stjórninni er alvara með að aðskilja fjárhaginn, þá verður þess að líkindum ekki langt að bíða, enda mun landið hafa nóg að gjalda þangað til, þó þessum skatti sè ekki ábætt.

Jón Bjarnason: Nefndin hefir nú að vísu orðið fyrir þungum dómi í þessu brennivínsmáli, þar sem sumir þingmenn hafa látið þá skoðun í ljósi, að þeir vildu vísa nefndarálitinu til nefndarinnar aptur, sem óbrúkanlegu, en halda frumvarpinu, og ekki fella það, eins og nefndin stingur upp á að gjört verði. En við umræðurnar hafa þó flestir verið á því, að frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, sè óbrúkandi, og það af því, að á því sèu svo verulegir gallar. Fyrsti gallinn, sem er á frumvarpinu, er sá, að það ekki nær tilgangi sínum í því, að uppræta ofdrykkjuna; annar gallinn sá, að það yrði smákaupmönnunum til eyðileggingar, ef þeir gætu eigi selt brennivín, þegar hinir stærri gætu það, eins og nefndarálitið sýnir; þriðji sá, að það veitti litla inntekt, hvað og nefndarálitið sýnir; og fjórði sá, að tollurinn kæmi eigi, samkvæmt frumvarpsins fyrirmælum, Íslandi að notum, heldur rynni í ríkissjóðinn, og yrði þannig eigi varið til neinna nýrra og nauðsynlegra stofnana hèr. Ef nú þetta frumvarp fær framgang, eins og það er, þá verður það til mikils hags fyrir Dani, því það liggur í augum uppi, að þessir tollar skerða tillag það, sem Danmörk veitir Íslandi. Og ef nú kæmu fleiri frumvörp, sem hvert af öðru reyndi að klófesta nýjan og nýjan skatt, þá er ekki, að mínu áliti, óhugsandi, að tillagið minnkaði og minnkaði, unz það loksins væri á enda, og Danir þá segðu: «Verið nú sælir, hjálpið sjálfum yður, berið útgjöld yðar sjálfir; þèr fáið ekki meira frá oss». Eg vil spyrja: Er þetta með öllu óhugsandi? Nei, það er meining mín, og hlýur að vera meining allra hreinskilinna manna, að allt fari í deyfð og doða hjá oss, jafnt hjá kotungi sem embættismanni meðan svona stendur, og að eitthvert hapt sè á öllum framförum hjá hinum minnsta til hins mesta. Eg veit ekki nema það hafi verið óhapp, að Íslendingar vildu áður, eins og í rauninni var

rètt og heiðarlegt, auka laun embættismanna sinna, því eptir því sem fram er komið, síðan launaviðbótin fèkkst, eru sumir af embættismönnunum farnir að draga úr því, að fjárhagsaðskilnaðurinn verði. Vèr viljum, að embættismönnum vorum sè sómasamlega launað, en þá viljum vèr einnig og gjörum kröfu til, að þeir sèu duglegir. Eg segi ykkur það satt, sem mitt mál heyrið, að það er ekki svo lítið, og vèr megum líklega sætta oss við, ef vèr fáum, eins og eg sagði um daginn, fátækrahlut hjá Dönum; það er, hèr um bil fimmtung af öllu því fè, sem vèr eptir rèttum reikningi eigum hjá þeim. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga stakk upp á, að málinu væri vísað aptur til nefndarinnar, en eg get ekki skilið, á hverju hann byggir þá uppástungu, því þau 4 atriði, sem færð hafa verið móti frumvarpinu, gefa öll til kynna, hvað þau hafi til að bera og við að styðjast, og hversu miklir og verulegir gallar eru á frumvarpinu. Þetta getur hver maður sèð. Eg vona því, að brennivínsmálið fái þá endalykt hèr á þingi, að frumvarpið falli.

Framsögumaður: Eg þarf nú ekki að mæla margt, því það er búið að svara flestum þeim mótbárum, sem fram hafa komið gegn nefndarálitinu. Einungis skal eg geta þess, að mig furðar sterklega á orðum hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga, því eg ætla honum meiri skarpskyggni en svo, að eg geti búizt við slíkri uppástungu af honum. Það er auðskilið, að það á ekki við að biðja um toll, meðan vèr fáum ekki minnsta ádrátt eða heityrði um það, að vèr sjálfir fáum atkvæðisrètt um, hversu þeim tollum skuli varið, sem hèr eptir verða lagðir á oss. En þegar vèr höfum fengið fullan atkvæðisrètt um tolla, þá er fyrst ástæða til, að gjöra uppástungu um það, hvernig tollinn skuli leggja á oss. Ef því þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að vísa málinu til nefndarinnar aptur, þá er bezt að kjósa 3 menn í viðbót við nefndina, og lofa mèr að sleppa burt úr henni. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður talaði margt fagurt og glæsilegt, en því flestu er búið að svara, enda kom hann ekki með neitt nýtt. Þó vil eg svara einni athugasemd, er hann gjörði, viðvíkjandi smákaupmönnum, að þeir þola, þótt það væri 1 mark af hverjum brennivínspotti, ef stærri kaupmennirnir borga sama gjald af hverjum potti; en ef hinir minni kaupmennirnir borga meira að tiltölu, en hinir stærri, þá er það til að eyðileggja þá.

Sighvatur Árnason: Það hefir nú verið margt rætt í þessu máli, og ýmislegt tekið fram móti nefndinni, sem meðnefndarmenn mínir og fleiri hafa nægilega svarað. Eg ætla því ekki að vera fjölorður að þessu sinni um málið sjálft, en einungis bæta við það, sem fram er komið, þeirri athugasemd, að á undanförnum þingum hafa komið fram, ýmsar uppástungur um að breyta ýmsum atriðum í stjórnarskipun hjá oss, sem þingið hefir aptur og aptur hrundið, sökum þess að það væri einn liður úr stjórnarbótarmálinu, er menn vona að sè í vændum til breytingar yfir höfuð. Þetta er og að mínu áliti öldungis rètt. En nú er að sjá, að sumir af hinum heiðruðu þingmönnum, þykist hafa himin höndum tekið, þar sem þetta stjórnarfrumvarp er, og sýnist mèr töluverð mótsögn lýsa sèr í því frá þingsins hálfu, þar sem þetta mál er beinlínis einn liður af fjárhagsmálinu; og þetta játar stjórnin sjálf í öðru orðinu, sem búið er að taka fram, nefnilega, að fjárhagsmálið sjálft eigi að ganga á undan. Þegar þetta er borið saman, sýnist mèr að þingið gleymi sjálfu sèr, og þeirri stefnu, sem það á að halda í málum sínum.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir komið fram breytingaratkvæði frá hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga um, að vísa málinu til nefndarinnar aptur, og veit eg nú ekki, hvort menn vilja styðja það eða ekki, en ef aðrir ekki styðja það, þá skal eg þó styðja það. Eg gjöri það af því, að eg álít nauðsynlegt, að nefndin skoði galla frumvarpsins, því hún hefir enn ekki gjört það nema að hálfu leyti, og að hún setji svo annað í staðinn. Nefndin hefir sèð einn galla á frumvarpinu, nefnilega þann, að eptir uppástungu frumvarpsins er fèð reiknað of mikið. En eg segi, að þó vèr fengjum 9000 rd., er það þó oflítið fyrir það, sem vèr missum, ef frumvarpið verður að lögum, eins og það er. Eptir því, sem tollurinn er lagður á, þá er enginn sönnun fyrir því, að 1 sk. af þessum 100 rd. verði lagður á áfenga drykki, því tollurinn er lagður í raun rèttri á kaupmanninn, og því á verzlunina alla, en á enga sèrstaka vörutegund, þó það heiti svo. Í stuttu máli, engin vissa er fyrir, að gjald náist af áfengum drykkjum, nema tollurinn sè lagður á áfenga drykki. Þar tek eg lestagjaldið til dæmis; getur nokkur sagt, að brennivínið hafi hækkað í verði við lestagjaldið, og það þótt lestagjaldið sè meira en 11000 rd.? Nei; þá álykta eg þar af, að þó nú 9000 rd. væru lagðir á verzlunina, er engin ástæða

til að halda, að brennivínið hækkaði í verði fyrir því. Það er því sá höfuðgalli á frumvarpinu, að álagan leggst alls eigi á þá vöru, sem tilætlað er. Þriðji gallinn á frumvarpinu er sá, að gjaldið hlýtur að koma harðast niður á smákaupmönnunum. En hverjir eru þessir smákaupmenn? Það eru innlendir kaupmenn eður borgarar í Íslandi, og þannig stefnir frumvarpið að því að eyðileggja vísirinn til innlendrar kaupmannastèttar. Því það er augljóst, að stórkaupmennina munar ekki mikið um 100 rd., en hina minni kaupmenn munar það stórum. Borgararnir verða hèr harðast úti, og verzlunin verður einkarèttur stórkaupmannanna. Þetta sýnir, að málið, einnig frá þessari hlið skoðað, á að vísast aptur til nefndarinnar, Án þess eg því gjöri lítið úr nefndinni, hlýt eg að styðja uppástungu hins háttvirta Þingmanns Norðurþingeyinga, og vona eg, að nefndin verði aukin góðum mönnum. Það er líka önnur ástæða, sem knýr mig til að styðja uppástungu þessa, og hún er sú, að eg sè mèr ekki fært að gjöra í einum svip svo fullkomið breytingaratkvæði, sem eg vildi, ef nefndin ekki tekur málið fyrir að nýju. Mèr virðist það hèr tiltækilegast, að þingið ráði konungi frá að gjöra þetta frumvarp að lögum, en leggja aptur annað frumvarp fyrir þingið, og er það víst rèttara og *sæmilegra*, að gefa stjórninni bendingu um, hvað vèr viljum, heldur en að kasta frumvarpinu svona hálfkörruðu framan í stjórnina. Vèr vinnum og það við mína uppástungu, að málið kemst lengra áleiðis, en ef fylgt er ráði nefndarinnar. Ef það er satt, að einhvern tíma hljóti að því að reka fyrir oss, að vèr leggjum toll á oss af munaðarvörum vorum, og það ætla eg sè óefað, þá eigum vèr nú að leggja kapp á, að málið komist áleiðis. Þá verður spurningin þessi: Vilja menn fella málið? Eða vilja menn flýta því lítið eitt áfram, þótt eigi sè nema um eitt hænufet, með því að gefa stjórninni bendingu? Því menn geta eins fyrir það sagt, að löggilding frumvarpsins skuli bíða unz fjárhagsmálið er komið í kring.

Pètur Pètursson: Eg ætla einungis að gjöra «persónulega» athugasemd, viðvíkjandi því, sem þingmaðurinn frá Strandasýslu sagði. Eg sagði sem sè áðan, að ríkisþingið ætti atkvæði í þessu máli, sökum þess, að þó tollurinn óbeinlínis komi á landsmenn, þá er hann þó beinlínis lagður á kaupmenn, sem eiga heima í Danmörku; þetta þótti þingmanninum fráleitt. Eg ætla ekki að svara þessu neinu, en vil einungis skjóta því til þingsins og allra þeirra, sem þekkja muninn á beinlínis og óbeinlínis sköttum. Frá

nefndarinnar sjónarmiði var nefndarálitið vel samið, en eg er þessu sjónarmiði eigi samdóma, og get því ekki fellt mig við þá niðurstöðu, sem nefndin komst að. Eg treysti því þess vegna, að nefndin geti umbætt álitsskjal sitt, ef þingið biður hana þess, með því að taka uppástungur þær, án þess að nýjum kröptum þurfi að bæta við nefndina.

Framsögumaður: Eg vildi leyfa mèr að spyrja uppástungumann, hvort hin nýja nefnd eigi að semja nýtt frumvarp (*Arnljótur Clafsson:* Nei!). Að öðru leyti verð eg að álíta þetta talað eins og út í bláinn. Hèr er þá einungis um bendingar að tala, sem enga nýja nefnd þarf til, heldur má þeim koma inn í álitsskjalið til konungs, ef þinginu þykja þessar bendingar nauðsynlegar. Það var annars gott, að þingmaður Borgfirðinga fann galla á frumvarpinu, því það er auðvitað, að því fleiri galla sem hann finnur á frumvarpinu, því fremur styður og styrkir hann nefndina. En gæti menn að, þá eru allir þessir gallar, sem þingmaðurinn gat um, einmitt þeir sömu, sem nefndin hefir tekið fram, nefndin sagði, t. a. m., að þessi skattur yrði til þess að eyðileggja alla smákaupmenn, þingmaðurinn hefir því ekki komið með neitt nýtt fram á móti nefndinni eða tilfært neina nýja ástæðu, nema ef það skyldi vera einhver «politisk» ástæða hjá honum og þingmanninum frá Norður-Þingeyjarsýslu, sem eg ekki hirði um að skýra; enda ætla eg eigi að fylgja honum þar.

Arnljótur Ólafsson: Þetta er misskilningur hjá framsögumanni, því breytingaratkvæði mitt hlýtur að koma til atkvæða sem niðurlagsatriði, en getur eigi að eins tekizt inn í álitsskjalið til konungs. Breytingaratkvæðið er bein uppástunga, sem, ef við þyrfti, gæti lagazt, einkum í eins góðum höndum og framsögumanns.

Jón Hjaltalín: Eg hefi um stund heyrt á ræður þingmanna, og sè af því, að frumvarpið muni falla. Það er í rauninni auðsèð, að það er eigi eptir allra geði hèr í salnum, en mèr datt þó í hug, hvort ei mundi finnast ráð til að bjarga því við. Það sýnist yfir höfuð vera orðin regla í seinni tíð, að þingið og stjórnin sèu heldur til hvort á móti öðru í ýmsum málum, eins og auglýsingin til þessa árs alþingis ber sorglegan vott um. Þetta má ekki svo til ganga, ef vel á að fara og einhverju á að koma áleiðis, því við þetta standsar allt, og þegar vèr erum farnir til feðra vorra, geta niðjar vorir sagt um oss með sanni, eins og áður hefir verið sagt hèr á þingi: «Þeir komust ekkert áfram, voru

allt af að strokka, en fengu ekkert smjör». Þó sumir þeir, sem talað hafa gegn frumvarpinu, hafi máske ýmislegt til síns máls, þá er þó enn þá ísjárverðara að kasta frumvarpinu. Því fyrst er það, að Íslendingum liggur á eindregnu meðali til að sporna við brennivínsdrykkjunni, því þessi löstur ætlar að eyðileggja landið; og menn verða því að finna eitthvert meðal, sem ekki er hálfverk, heldur sem miðar til almennings heilla og gagn er í. Mèr hefir því, sem sagt, dottið í hug að stinga upp á nokkrum fáum breytingaratkvæðum við frumvarpið, sem miða til þess, að frelsa það frá því að verða fellt hèr á þingi. Eg ímynda mèr, að þau sèu þannig úr garði gjörð, að eg geti verið þekktur fyrir að stinga upp á þeim, enda þó eg ekki meir en svo búist við, að þingið eða stjórnin muni fallast á þau. Við 1. grein frumvarpsins vildi eg því, að í stað orðsins: «hèr eptir» væri sett: «fyrst um sinn». Enn fremur við 1. grein, vil eg gjöra þá litlu breytingu, nefnilega bæta við einu núlli (0), við þessa 100 rd., svo gjaldið verði 1000 rd. í staðinn fyrir 100 rd. Það getur nú verið, að menn ekki vilji fallast á þessar breytingar, en eg mun reyna til að tala fyrir þeim. Sömuleiðis vildi eg þá breytingu við 1. gr., að í staðinn fyrir orðin: «í ríkissjóðinn» verði sett: «til Íslands þarfa», og til þess enginn efi komi upp í þessu tilliti, þá mætti máske bæta við: »samkvæmt uppástungu alþingis». Við 7. grein ætla eg að gjöra þá breytingu, að við brennivín verði skilið kornbrennivín, jarðeplabrennivín, og allir áfengir drykkir hverju nafni sem nefnast. Menn verða nefnilega að gá að því, að þó það sè eiginlega brennivínið, sem mest veldur drykkjuskapnum hjá oss, þá eru þó til aðrir áfengir drykkir sem eru lítið betri. Ef nú mínum breytingum yrði framgengt, þá kæmi þó ekki meir en 8 sk. á hvern brennivínspott; og væri nú ekki nema einn kaupmaður í hverjum verzlunarstað á landinu, yrði þó tollurinn yfir 24,000 rd.; en það sjá allir, að eitthvað gagn mætti gjöra með svo miklu árlegu fè. Eg býst raunar við miklum mótbárum móti þessum breytingum mínum, en eg mun samt reyna til að verja þær.

Framsögumaður: Eg vildi leyfa mèr að geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, fyrst hann rífur bæði nefndarálitið og frumvarpið niður, þá er hann að líkindum svo kunnugur hvorutveggju, að hann geti nú þegar stungið upp á þeim breytingum er hann vill gjöra.

Ásgeir Einarsson: Umræðurnar hafa nú um stund mest ver-

ið um, hvort nýja nefnd skyldi kjósa eður ei, en eg ætla ekki að fara lengra inn á það. Aðalupplýsingar þingmanns Borgfirðinga gengu mest út á það, að brennivínsskatturinn eigi lenti á sjálfu brennivíninu; en komist breytingaratkvæði hans að, þá held eg það yrði töluverð breyting á frumvarpinu. Viðvíkjandi því, sem fór milli mín og hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns, þá þarf eg ekki að klóra yfir það, því það kemur eigi til atkvæða. Það kom fram bæði hjá þingmanni Borgfirðinga og hinum 3. konungkjörna þingmanni, að það væri ókurteysi að fleygja frumvörpum stjórnarinnar framan í hana. En í þessu tilliti vil eg einungis minna þá á það, sem fór milli Pèturs mikla og Karls 12. Svíakonungs, þegar Karl sagði: «látum þá sigrast á oss, til þess vèr lærum seinna, að sigra þá». Stjórnin hefir eins farið með þetta þing, hvað vegabótalögin og hjúalögin snertir, eins og nefndin nú ræður til að fara með frumvarpið. Þegar henni ekki líkar, hvernig við höfum tekið í málin, þá rekur hún þau í okkur aptur og segir: »Gjörðu betur». Eg ætla ekki að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni, þó hann ekki vilji leggja toll á romm og koniak; það er fljótt auðsèð af breytingaratkvæði þessu, af hverri rót það er sprottið. Það situr betur á öðrum en mèr að taka svari brennivínsins í orði, og vona eg þá, að þeir verði því þá ekki hliðhollari í verki en eg og sízt þingmenn.

Jón Hjaltalín: Það er eigi svo að skilja, að eg haldi svo mjög með rommi og koniaki, að eg gjörði þetta breytingaratkvæði; því ef enginn væri verri en eg í þessu tilliti, þá læt eg það vera; og þó eg stundum taki mèr eitt glas af toddy, þá er það ei af neinum sèrlegum kærleika til þess. Það, sem mèr gekk til þess að gjöra breytingaratkvæðin, var, að eg sá, að í frumvarpinu var hinum minni kaupmönnum órèttur gjör; eg vil einungis fyrst um sinn færa brennivíninu stríð á hendur. Eg vona, að hvorki þingið nè stjórnin misskilji mig. Uppástungur mínar eru einungis gjörðar til þess ekki alveg að fella frumvarpið, um leið og eg vil reyna til að fyrirbyggja hinn voðalega löst, ofdrykkjuna.

Jón Bjarnason: Viðvíkjandi því, að hinn 3. konungkjörni þingmaður vildi að romm og koniak væri friðhelgt, skal eg geta þess, að þá verður frágangssök fyrir smákaupmenn að selja brennivín, ef 1000 rd. kostar leyfisbrèfið, svo skiptavinir þeirra ekki geta fengið hjá þeim aðra áfenga drykki en þá, sem þeim verður kostbærara að drekka; en við þetta kemur misrètti fram. Þingmaður

Borgfirðinga tók það og skýrt fram, að hinir stærri kaupmenn mundu ei hika við brennivínsflutninginn til landsins, og söluna á því fyrir þetta, því þeir mundu hafa vit á, að leggja ekki of mikið á brennivín, heldur líka láta það koma niður á öðrum vörum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg skal þá fyrst láta ganga til atkvæða um uppástungu þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu, að vísa skuli málinu aptur til nefndarinnar og þar næst um, hvort auka skuli nefndina. Verði hið fyrra atriði samþykkt, þá kemur hið síðara til atkvæða; falli hið fyrra, þá álít eg þar með fallið hið síðara.

Var því næst gengið til atkvæða og sú uppástunga felld með 17 atkvæðum gegn 7, að vísa skyldi málinu til nefndarinnar aptur.

Forseti: Þar svo er áliðið dags, álít eg réttara að hætta við dagskrána og geyma það sem eptir er til næsta fundar, er eg mun setja á morgun kl. 12. Eg skal einnig biðja þingmenn að koma sem fyrst með breytingaratkvæði sín í málinu, og láta þau vera komin öll í kvöld.

Fundi slitið.

---

19. fundur — 25. júlí.

Allir á fundi nema hinn 1. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Vér tökum þá til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um *breyting á reglugjörð 29. ágúst 1862 fyrir Akureyri.* Þingmaður Borgfirðinga er framsögumaður málsins.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 314.

Eg ætla ekki að sinni að tala neitt, heldur vil eg lofa þingmönnum að spreita sig á nefndarálitinu áður en eg tek til máls.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hef fáu við að bæta við það, sem eg hef skrifað, því eg hefi tekið flest það fram í ágreinings-

atkvæði mínu við nefndarálitið, sem eg þarf að segja. En það er þó eitt atriði í áliti meiri hlutans, sem er öldungis rangt, og sem eg ekki hefi áður svarað, það er það, þegar meiri hlutinn segir, að það, sem eigi við í Reykjavík, eigi ekki við á Akureyri. Þetta er öldungis rangt. Hèr er ekki um það að ræða, sem eigi að eins við á Akureyri eða Reykjavík, heldur það, sem alstaðar á við um allan heim. Öll ríki, hvar sem leitað er, gjöra áætlun yfir útgjöld og tekjur áður en árið byrjar, eða til næsta árs. Öll sveitarfèlög gjöra hið sama, og það er engin ofætlun fyrir hreppstjóra, að fá eitthvert nokkurn veginn rètt yfirlit yfir tekjur og útgjöld hreppsins; sama er að segja um hvern góðan húsbónda, að hann þarf yfirlit yfir tekjur sínar og útgjöld, ef hann á að geta sagt, hversu miklu fè hann megi verja til hvers eins, og eigi fara á höfuðið. Það liggur því í augum uppi, að það er mjög svo þarflegt, að hver sveitarstjórn geti látið gjaldþegnana fyrir fram fá að vita, hvað þeir eiga að gjalda. Þegar í áliti meiri hlutaus enn fremur stendur, að frumvarp alþingis 1859, hafi eigi verið sniðið að þörfum og ósk Akureyrarbúa, þá vantar fyrst og fremst sönnun fyrir því; en eg skal og bæta því við, að mig minnir ekki betur, en að einmitt uppástunga þess eðlis stæði í frumvarpi því, sem kom til þingsins frá Akureyrarbúum. En hvernig sem nú þessu er varið, þá er það þó eðlilegt, að alþingi sjái betur í þessu efni en Akureyrarbúar, og það því fremur, sem þingið að miklu leyti fór eptir tillögum kunnugra manna. Það er því að minni hyggju ofhermt, að segja, að uppástungan hafi verið gagnstæð óskum Akureyrarbúa.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist, að það hefði verið eðlilegust meðferð á máli þessu, að bæjarstjórnin á Akureyri hefði borið það upp fyrir hlutaðeigandi amtmanni og tekið fram ástæður þær, er að því liggja, og ef amtmaður upp á sitt eindæmi hefði ekki álitið sig bæran um að leyfa þá tilbreytingu í tímanum fyrir niðurjöfnun afgjaldanna, sem hèr er beðið um, mundi hann hafa borið málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð, og málið hefði þá með þessu móti getað orðið útkljáð. Yfir höfuð virðist mèr mál þetta ekki vera þess um komið, að þingið fari að senda konungi bænarskrá í því, og eyða tíma til að ræða það. Eg skal líka leyfa mèr að benda á það atriði, að þingið fyrir fáum dögum er búið að samþykkja eins hljóðandi ákvörðun og þá, sem hèr er beðið um breyt-

ingu á, fyrir Ísafjarðarkaupstað, og þar mun þó standa líkt á, og á Akureyri.

Framsögumaður: Eg get að nokkru leyti fallizt á það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, eður að því leyti, að eg játa, að það hefði orðið umsvifaminna að senda málið gegnum hendur amtmanns til stjórnarinnar. En nú er málið komið inn á þing, og kostar landið fè og þingið tíma, hvort sem þingið ályktar að senda bænarskrá í málinu til konungs eða ekki; það mun heldur ekki ganga orðalaust af að fella málið, svo að þessu leytinu er betra fyrir þingið að styðja málið en fella, til þess að eitthvert gagn sè gjört, úr því bæði tíma og fè er eytt til þess. Þar sem hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður, sem er minni hluti nefndarinnar, talaði þannig um áætlunina, eins og meiri hlutinn enga áætlun vildi hafa, þá er þetta ámæli tilhæfulaust og hittir því alls eigi meiri hlutann. Eg vil að eins í þessu efni benda þingmanninum til þess, að lesa betur uppástungur meiri hlutans. Meiri hlutinn talaði einungis um að *flytja tímann fyrir áætluninni* frá marzmánuði til fyrstu daganna eptir fardaga, og sýnir þar með, að hann vill hafa áætlun, og sömuleiðis talaði hann um, að *flytja tímann fyrir niðurjöfnuninni* frá maímánuði til septembermánaðar; meiri hlutinn hefir því einungis talað um *tíma breyting.*

Eiríkur Kúld: Eg skal geta þess, að eg verð eindregið að fallast á uppástungu minni hluta nefndarinnar. Framsögumaður fann að því við hinn 6. konungkjörna þingmann, að hann hefði sagt, að meiri hluti nefndarinnar enga áætlun vildi hafa; en eg álít, að minni hlutinn hafi haft rètt fyrir sèr, því áætlun sú, sem meiri hlutinn vill hafa, er engin áætlun, eða áætlun í ótíma, sem er það sama, og í raun og veru engin áætlun. Mèr finnst því breyting meiri hlutans mjög svo ískyggileg, og það því fremur, sem menn ekkert vita um, hver ósk Akureyrarbúa er í þessu tilliti, eða hverjar tillögur viðkomandi amtmanns eru í þessu efni. Þessi ósk um breytingu reglugjörðarinnar er einungis komin frá bæjarstjórninni á Akureyri, og finnst mèr hún með þessu einungis bera að sèr böndin um, að þessir 5 fulltrúar ekki treysti sèr til að gjöra áætlun, því það lýsir þó engum kunnugleik á bæjarmálefnum, að geta ekki búið til áætlun nema hún sè í ótíma. Það var og ein ástæða meiri hlutans, að Akureyri væri líkari sveit en kaupstað; mig langaði þá til að spyrja, hvort Akureyrarbúar þá ei mundu fúsir til að sleppa því, sem þeir hafa fengið, og fá aptur í staðinn

hina gömlu hreppstjórn sína. Eg væri kannske ekki ófáanlegur til að gefa atkvæði mitt fyrir því, ef þeir óskuðu þess, af því þeir væru ei færir um annað. Það væri og undarlegt, ef þingið nú færi að fallast á þessa uppástungu meiri hlutans, þar sem það þó fyrir fáum dögum samþykkti hið gagnstæða um Ísafjörð. Eg get því ekki annað en ráðið þinginu frá, að aðhyllast uppástungur meiri hlutans, enda ber eg það traust til framsögumanns og þingmanns Eyfirðinga, að þeir, þegar þeir koma heim af þingi, muni geta leitt bæjarstjórnina á Akureyri í allan sannleika, og fengið hana til að fallast á álit minni hluta nefndarinnar, um leið og þeir væru að von minni fúsir á, að kenna þeim að gjöra áætlunina, fyrst þeir ei geta það sjálfir.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki annað en alveg verið á sama máli og minni hlutinn, enda þótt vinur minn og sessunautur, framsögumaðurinn, og Akureyrarbúar eigi í hlut, því eg veit til þess, og var einu sinni svo kunnugur þessu máli, að eg held, að bænarskráin eigi sé byggð á góðum ástæðum. Eg skil heldur ekki í því, að bæjarstjórnin ein, án þess að ráðfæra sig bæði við bæjarmenn sjálfa á almennum fundi og við amtmann, geti farið þessu á flot, og eg held að það komi af því, að klaufalega sé haldið á löggjöfinni, að bæjarstjórninni dettur í hug að vera að bera þetta mál undir þingið. Heldur ekki veit eg til þess, að þingið í þessu máli hafi farið á móti óskum Akureyrarbúa, eins og minni hlutinn tók fram; eg ræð því framsögumanni til að kynna sèr skjöl þau, er lúta að þessum undirbúningi málsins, og sem hljóta að liggja við skjalasafn þingsins, áður en málið kemur til ályktarumræðu. Mèr finnst yfir höfuð breytingar meiri hlutans þess eðlis, að ef menn vildu fallast á þær, þá væri nær að ráða þá heldur til að gjörsteypa allri bæjarreglugjörðinni, og að Akureyri kæmist aptur undir Hrafnagilshrepp, því mèr finnst það liggja í þessari bæn bæjarstjórnarinnar, að hún kunni að stjórna sem hreppstjórn; en eigi sem bæjarstjórn.

Stefán Jónsson: Eg veit að þingmanni Norður-Þingeyinga má vera kunnugt um, hvernig til hagar á Akureyri, því bæði hefir hann verið þar, og svo tók hann þátt í að semja frumvarpið sem þaðan kom, en eg skil ekki hvernig þar af þarf að leiða, að hann ekki geti fallizt á þessa litlu breytingu. Ein af ástæðum þeim, sem minni hlutinn tók fram, var, að hlutaðeigandi amtmaður ei hefði verið spurður um málið. Eg get reyndar ekki sagt neitt

um þetta með vissu, en þó ímynda eg mèr, að bæjarfógetinn hafi talað við amtmann um málið, og hann hafi ei treyst sèr að eiga neitt við það í þessa átt, eða með öðrum orðum, að amtmaður hafi heldur viljað láta fá þessa litlu breytingu á reglugjörðinni heldur en að láta brjóta móti boði hennar. Eg þarf víst ekki að taka það fram, að allir muni sjá, að meiri hlutinn eigi vill vera frí fyrir, að áætlun og niðurjöfnun verði gjörð, eins og framsögumaður hèlt, heldur er meiningin sú, að hún verði á öðrum tíma, til þess hún verði nákvæmari og betri. Eg sè heldur ekki, að það sè nein ástæða móti meiri hlutanum, eins og þingmaður Barðstrendinga gat um, að þingið nýlega hefir samþykkt það, sem þessu var gagnstætt, um Ísafjörð; menn vita ekkert hèr, hvernig þeirri reglugjörð muni reiða af í framkvæmdinni, hver veit nema bænarskrá seinna meir muni koma þaðan í líka átt og þessi. En að öðru leyti vona eg, að þingið fari með þetta mál, sem bezt að unnt er.

Framsögumaður: Mèr þykir gott að eiga þó von á því, að hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga og sessunautur minn muni ef til vill, fallast á uppástungur meiri hlutans; hann taldi það eitt móti því, að hann væri samdóma meiri hlutanum, að hann vissi eigi, hvort tillit hefði hèr á þingi 1859 verið tekið til beiðni Akureyrarbúa í því máli sem hèr um ræðir. Án þess að fara lengra út í þetta, skal eg einungis vísa honum til alþingis tíðindanna 1859 bls. 676-7, því þar sèr hann ástæður nefndarinnar fyrir 19. og 20. grein þingsfrumvarpsins. Þar stendur með berum orðum, að nefndin hafi tiltekið tímann eptir tilhögun þeirri, sem við þótti eiga hèr í Reykjavík. Hèr hefir því verið vikið frá ósk beiðendanna; og er þingmanninum hægt að kynna sèr þetta enn betur, því frumvarp Akureyrarbúa hlýtur að liggja við skjöl þingsins. Ef eg á að vera að fara nokkuð út í málið, þá vil eg geta þess, að mèr reyndar ekki finnst það svo undarlegt, þó *skrifarar þingsins* þykist bera betra skynbragð á þetta mál, sem annar þeirra þó að minnsta kosti ekkert þekkir til, heldur en þeir sem að málinu standa. Það er auðvitað, að þegar niðurjöfnun á að vera gjörð *eptir ástæðum manna*, þá er það hagkvæmast, að hún fari fram það sama ár, sem þeir eiga að greiða gjaldið, og enn fremur á þeim tíma ársins, þá er menn hljóta að þekkja bezt *ástæður* gjaldenda. Þetta á sèr alstaðar stað, og þó einkum í kaupstöðum, þar sem kaupmenn standa stundum á völtum fæti, en stundum á föstum. Hagir

kaupmanna eru mjög breytilegir; ef kaupmaður fær skip sín snemma sumars eða í tíma, þá hefir hann mikla verzlun, en fái hann þau seint eða máske aldrei það árið, þá liggur honum við að kollsteypast; þess vegna verður það miklu réttara að jafna gjöldum niður á kaupmenn, *eptir ástæðum* þeirra, þegar bæjarstjórnin er búin að sjá *ástæður þeirra* það ár, sem þeir eiga að greiða gjaldið; en þar á mót kemur ójöfnuður fram, ef menn miða við efni kaupmanns og ástæður hans árið fyrir, en það verður þó bæjarstjórnin á Akureyri að gjöra eptir 20. gr. reglugjörðarinnar. En má eg nú spyrja, hver nauðsyn getur verið til þess, að niðurjöfnunin fari svo snemma fram? Engin önnur en sú, að í byrjun fjárhagsársins þurfi peninga við. Þetta getur átt sèr stað hèr í Reykjavík, þar sem mikið fè þarf í bæjarþarfir, t. a. m. til viðgjörðar á strætum og rennum o. fl., og eins þarf hèr á fè að halda til fátækra, því það er siður hèr að gefa mánaðarlega með þurfamönnum og sveitarómögum. Minni hlutinn veit þó, að niðurjöfnunin hèr fer fram *3 mánuðum eptir*, að fjárhagsárið byrjar; en á Akureyri vill hann eigi að síður, að hún fari fram *áður* en það byrjar. Á Akureyri eru nú bæjarþarfir litlar, lítið eða ekkert við stræti og rennur að gjöra, hver kaupmaður á þar sína bryggju, og mig minnir ekki betur, en að kaupmaður Havstein hafi sagt mèr, að til bæjarþarfa þyrfti þar ekki meir árlega en 30—50 rd.; eins er með sveitartillagið, þar er það borgað á haustin og veturna, en ekki mánaðarlega eins og hèr. Eg skil því ekki í öðru, en að það sè heillavænlegast fyrir alla hlutaðeigendur, að niðurjöfnunin fari þá fram, er menn vita bezt, hvernig á efnum og ástæðum manna stendur, en þetta vita menn miklu betur í september en í maímánuði árið áður. Eg verð því að álíta, að ef menn hèr setja sig á móti ósk Akureyrarbúa, þá gjöri þeir það af því, að þeir þykjast kunnugri högum þeirra, en Akureyrarbúar sjálfir eru.

Björn Pètursson: Eg játa það fúslega, að eg er ekki fróður í þessum bæjarmálefnum; og þegar eg heyri þenna ágreining milli jafn bæjarfróðra manna, eins og þingmaður Borgfirðinga er og hinn 6. konungkjörni, þá verð eg forviða eins og milli steins og sleggju. Þó eg þannig ekki treystist til að leggja dóm á, hvor í sjálfu sèr hafi réttara, meiri eða minni hlutinn, þá hefi eg samt eina ástæðu, sem alveg knýr mig til að vera á máli minni hlutans, og hún er sú, að mèr finnst þingið óvirða sjálft sig, ef það fellst á uppástungu meiri hlutans. Það var hèr um daginn, að milli 20 og 30 bænar-

skrár um breytingu á vegabótalögunum komu inn á þing, en þingið felldi þær frá nefnd, sökum þess því þótti óvirðulegt, að breyta svona nýjum lögum (og þau eru þó 4 ára gömul), strax ofan í sjálft sig, en ekki af því, að málið ekki væri nauðsynjamál, eða vegalögin þyrftu ekki lagfæringar við; það eru mjög fáir dagar síðan þingið fèllst á þá sömu ákvörðun í frumvarpinu um stjórn bæjarmálefna á Ísafirði, sem meiri hlutinn nú fyrir hvern mun vill ná í burtu úr reglugjörðinni fyrir Akureyri. Mèr fyrir mitt leyti þykir engin óvirðing fyrir þingið að breyta þeim lögum, sem sannarlega þarf að breyta, þó þau sèu ekki gömul, en það þykir mèr óvirðing, að þingið skipti um skoðun á öðrum hverjum degi, og það held eg að öllum ætti að þykja. En allt um þetta vill meiri hlutinn í þessu máli snúa þinginu eins og skopparakringlu eða eins og trítli; þetta geta allir sèð, að nær engri átt. Eg vil þess vegna mæla með uppástungu minni hlutans.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg veit eigi, hvort þingið er samdóma framsögumanni í því, að minni hlutinn hafi engar ástæður fært fyrir uppástungu sinni, en eg þori að segja það upp á vist, að það er einmitt meiri hlutinn, sem engar ástæður hefir komið með fyrir sínu máli. Framsögumaður blandaði saman í ræðu sinni áætlun og niðurjöfnun. Áætlun er yfirlit yfir það, sem þarf til bæjarþarfa og til ómaga bæjarins, og hver útgjöldin verði, en niðurjöfnunin er álagið á hvern einstakan mann. Niðurjöfnunin skal gjörð síðast í maímánuði, viku áður en reikningsárið byrjar. Það er því engin ofætlun, að komast að því, hvernig efni og ástæður hvers einstaks manns eru, og því minni sem bæjarþarfirnar eru á Akureyri, því hægra er að gjöra yfirlitið. Fyrst nú bæjarstjórnin á Akureyri ekki treystir sèr til að gjöra áætlunina, þá held eg í rauninni væri rèttast að koma fram með uppástungu um, að Akureyri aptur fengi leyfi til að sameinast Hrafnagilshrepp; þá þyrftu þeir ekki að vera í vandræðum með þessa litlu bæjarstjórn, því að það virðist auðsætt á bænarskránni, að hún er Akureyrarbúum ofætlun.

Framsögumaður: Eg vona þó, að hinn háttvirti minni hluti muni eptir því, að hann er mættur hèr á þingi sem hinn 6. konungkjörni þingmaður, en ekki sem skólakennari. Eg kannast ekki við það, sem hann bar mèr á brýn, að eg hafi blandað saman áætlun og niðurjöfnun; en hitt þykist eg hafa fullkominn rètt til að tala eingöngu um tíma fyrir niðurjöfnun, en tala eigi um tíma

fyrir áætlun. Meiri hlutinn hefir aldrei farið fram á að aftaka alla niðurjöfnun og áætlun, heldur er talað um að flytja tímann, áætlunartímann frá marz til júnímánaðar, og niðurjöfnunartímann frá maí til september. Annars get eg lèð hinum heiðraða minni hluta uppástungu meiri hlutans til nákvæmari yfirlesturs.

Halldór Kr. Friðriksson: Þess þarf ekki: En eg sagði eigi að framsögumaður hefði blandað saman tíma þeim, þá er áætlunin skyldi gjörð og niðurjöfnunin, heldur að hann hefði blandað saman tilgangi niðurjöfnunar og áætlunar, og það var rètt sagt.

Stefán Jónsson: Eg get ekki annað en ímyndað mèr, að hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu hafi mistalað sig, þar sem hann tók svo ríflega til, að 20—30 bænarskrár um vegabótalögin hefðu komið til alþingis. Eg held þær hafi verið færri og að sú tala hafi aldrei átt sèr stað, nema ef telja skyldi þær sem komu frá nokkrum hreppum í Múlasýslu og voru sama sem ein bænarskrá. En það eina er ekki nein ástæða til að fella þetta mál. Það er og athugandi, sem þingmaðurinn sagði sjálfur, að hann ekki væri málinu kunnugur, og held eg því, að málið gèti ekki fallið fyrir ástæður hans.

Sveinn Skúlason: Hinn háttvirti framsögumaður hefir enn ekki getað komið mèr á skoðun meiri hlutans. Viðvíkjandi ástæðu þeirri, er hann dró af kaupmönnunum, verð eg að segja það, að það er jafnvel allt árið óvíst, hvað kaupmönnum líður, eða hvernig hagur þeirra stendur. Það getur maður ekki vitað betur seinna á árinu, en fyrr, og þykir mèr því lítið varið í þá ástæðu. Hinn háttvirti framsögumaður sagði og, að bæjarþarfir væru litlar á Akureyri, en miklar hèr; en það hygg eg gjöra lítið til, því þó hann segði, að hver kaupmaður ætti þar sína bryggju, þá veit eg heldur ekki til, að bryggjur hèr í bænum sèu kostaðar af bæjarsjóði; eg hafði ímyndað mèr, að hver einstakur kaupmaður hèr annaðist sína bryggju. Hann sagði enn fremur, að tillagi til þurfamanna væri jafnað hèr mánaðarlega, sem ekki væri þar, en það ætti nú eins að vera gjört þar, og verð eg að álíta það jafnhentugt á báðum stöðunum. Það var og eitt atriði, sem framsögumaður lagði mikla áherzlu á, og það var, að á Akureyri þyrfti ekki að gjöra við strætin, og að lækurinn væri orðinn góður. Hvað nú lækinn áhrærir, hlýtur hann að hafa tekið miklum framförum, síðan eg fór að norðan, ef hann er nú góður, því það man eg að í minni tíð var hann krókóttur og ljótur, og þurfti þá töluverðrar viðgjörðar við, og ætli

það sèu ekki á honum sömu krókarnir enn? Eins er og með göturnar, að ef nokkur bæjarmynd á að komast á Akureyrarkaupstað, þá þarf sannarlega að gjöra við göturnar; að því leyti mætti þó eitthvað gjöra við bæjargjaldið, þó það væri meira en það er, nema ef menn eru fastir á því, að Akureyri hljóti að vera smáhreppur með smáhreppstjórn.

Björn Pètursson: Eg verð að svara hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga fáeinum orðum, að því leyti sem hann sagði, að eg hefði ranghermt tölu-upphæð bænarskránna um vegabótalögin, þar sem eg sagði þær hefðu verið milli 20 og 30 að tölu. Að þessi tala sè rètt, get eg nú sannað þingmanninum, þegar hann vill, og eg gæti jafnvel talið bænarskrárnar upp; að öðru leyti vil eg, ef hann ekki trúir mèr, vísa honum til þingbókarinnar, þar mun hann sögu sanna mína. (*Forseti:* Eg get ekki álitið, að þessi umræða komi málinu við, eða sè þarfleg; skal eg því biðja þingmenn að halda sèr við efnið). Það er satt, en eg þurfti að svara hinum heiðraða þingmanni Eyfirðinga, að því leyti sem hann vefengdi orð mín. Annars skal eg fúslega biðja hann fyrirgefningar á því, að eg er ekki eins vel að mèr í bæjarstjórn og hann, og vona hann gjöri það, þegar hann gáir þess, að eg er svo miklu yngri og óreyndari í þingmennskunni en hann, sem hefir setið á öllum þingum.

Jón Bjarnason: Það hafa nú orðið margar og miklar umræður um þetta mál, en eptir því, sem mèr sýnist, er nauðsynlegt, að áætlunin sè gjörð áður en árið byrjar, en aptur hygg eg að niðurjöfnunin geti betur og haganlegar fram farið eptir fardaga en fyrir þá. Eg vil taka til dæmis: Maður hefir fast ráðið að flytja burtu úr kaupstaðnum í fardögum, og enda ráðið sèr bólfestu annarstaðar, þá verður í maímánuði næst á undan, engum gjöldum jafnað á þenna mann. Nú geta komið þær kringumstæður fyrir, að hann verði kyrr eigi að síður, og geta menn ekki vitað það, fyrr en árið er byrjað. Eins getur einhver í fardögum flutt inn í bæinn, og getur bæjarstjórnin heldur ekki jafnað niður á hann fyrr en hann er kominn. Annars er eg enn ekki viss í, hvernig atkvæði mitt fellur milli meiri og minni hlutans, því það er óþægilegt, og að minni meiningu ófært, að gjöldin sèu lögð á fyrr en árið byrjar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr finnst, eptir því sem eg lít á þetta mál, að bænarskráin, sem hèr ræðir um, lýsi töluverðum viðvæningsskap hjá bæjarstjórninni á Akureyri. Það er

sjálfsagt, að reglugjörðin er ekki gömul og bæjarstjórnin heldur ekki, enda finnst mèr það koma í ljós, að hún sè enn þá ekki orðin vön eða leikin í starfa sínum. Það er því í eðli sínu, þó bæjarstjórninni þyki ervitt að gjöra áætlun þá, sem reglugjörðin fyrir Akureyri gjörir ráð fyrir, því það liggur í augum uppi að hægra er að miða áætlunina við 5 til 10 ára tímabil, heldur en við þessi 2 til 3 ár, sem liðin eru síðan reglugjörðin kom út. Eg get því vel hugsað mèr, að eptir 10 ár verði þessir erviðleikar horfnir, og bæjarstjórnin orðin leiknari í og vanari störfum sínum, og falli þá lètt að gjöra áætlunina fyrir fram. Hvað það áhrærir, er hinn háttvirti framsögumaður gat um, viðvíkjandi kaupmönnunum, þá skal eg geta þess, að víðast hvar þar sem eg þekki til í Norðurlandi, munu kaupmenn ekki vita, hvernig verzlunarhagur þeirra stendur, fyrr en í fyrsta lagi um nýár, eða jafnvel ekki fyrr en næsta vor, svo mèr finnst sú ástæða nokkuð hæpin, sem dregin var af því. Eins er eg samdóma hinum heiðraða þingmanni. Norður-Þingeyinga í því, að þó kaupmaður Havstein gjöri lítið úr þörfum Akureyrarbæjar, og framsögumaður vildi draga af því þá ályktun, að ekki þyrfti mikils með til hinna eiginlegu bæjarþarfa á Akureyri, þá hygg eg þó, að mörgu þurfi þar í lag að hrinda, ekki síður en annarstaðar; og þó eg ekki nefni neitt einstakt dæmi veit eg af mörgu, sem þarf bráðra aðgjörða við, ef Akureyrarbúar hafa eptir því dug og áræði til að framkvæma það.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þar næst kemur til umræðu og ályktunar, hvort nefnd skuli kjósa, uppástunga frá hinum konungkjörna þingmanni um *skógarækt og trjáplöntun á Íslandi*. Flutningsmaður er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra málið, sem þurfa þykir.

Jón Hjaltalín: Uppástungan hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 317.

Eg fel nú hinu heiðraða þingi þetta óskabarn mitt, og ætla ekki að fara fleirum orðum um það að sinni. Óski nokkrir af hinum heiðruðu þingmönnum upplýsinga af mèr málinu viðvíkjandi er eg reiðubúinn að gefa þær.

Jón Pálmason: Það var talað um það um daginn, að nefnd væri kosin, sem kenndi margra góðra grasa í, nefnil. landbúnaðarnefndin, en af því, að þetta mál er svo skylt þeim, er sú nefnd hefir

til meðferðar, þá vil eg leyfa mèr að stinga upp á, að þessu máli verði einnig vísað þangað, og vona eg, að skógarhríslurnar sem ætla má að vaxi af uppástungunni skýli grösunum í nefndinni, svo öll grösin og skógaplönturnar verði samferða til að ná hæfilegum þroska.

Eiríkur Kuld: Eg hlýt nú að vera á öðru máli en hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga, því eg álít það gott ráð til að stytta málinu aldur, ef því væri vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Sú nefnd hefir að minni hyggju nóg að gjöra, þó þessu máli væri ekki bætt á hana, og þegar menn nú athuga, að einungis 3 dagar eru eptir af hinum lögákveðna þingtíma, þá er því síður ástæða til að bæta á nefndina nýjum málum. Þó vil eg af alefli styðja að því, að nefnd verði sett í þetta mál. Eg hefi með gleði ferðast um skógarrunna vora, þar sem þeir eru blómlegir, en þó jafnframt með sorg yfir því, hvernig með þá er farið. Ef þingið því fleygir málinu í ruslakistu landbúnaðarnefndarinnar, þá er að mínu áliti eins gott að vísa því alveg frá þinginu í þetta sinn. Eg held og að mál þetta muni ekki taka mikinn tíma frá þinginu, nè verða umfangsmikið, þó sèrstök nefnd sè í það kosin, því uppástungan er ekki um það, að alþing búi til reglur fyrir trjá- og skógarækt, heldur einungis að biðja stjórnina um að senda mann hingað út til að kenna þetta, og er því ætlunarverk nefndarinnar ekki mikið í sjálfu sèr, og því verð eg að styðja það, að nefnd sè kosin.

Sveinn Skúlason: Eg ímynda mèr, að uppástunga þingmanns Húnvetninga muni fremur lengja en stytta fyrir málinu, þess vegna vil eg mæla með sèrstakri nefnd, svo málið verði því fljótar útkljáð. Því eg held að verkefni það, sem landbúnaðarnefndin þegar hefir fengið, sè svo mikið, að hún komi því varla meira en svo af, og yrði það því til að draga þetta mál, sem mèr finnst svo einkar áríðandi, að slengja því þar saman við. Annars get eg ekki sèð betur, en að þetta mál eigi lítið skylt við landbúnaðarnefndina.

Benedikt Sveinsson: Þó öðrum standi það má ske nær en mèr, vil eg þó lýsa því áliti mínu yfir, að mèr sýnist ótiltækilegt að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndarinnar, eg vildi þá heldur kjósa þann kost að vísa því hreinlega frá nefnd. Því auk þess, sem þetta úrræði mundi stytta þessu málefni aldur, sem þó án efa er þess vert, að því sè viðreisn veitt, þá er það í sjálfu sèr ólíks eðlis, og á ekki saman við þau málefni, sem landbúnaðarnefndin hefir til meðferðar. Þó að skógarrrækt heyri til landbún-

aði, þá sèr þó hver maður að það er annað að reyna til að koma á nýjum skógarvexti með plöntun útlendra trjátegunda, en að breyta eður endurskoða lög vor að fornu og nýju um skóga vora. Þetta dæmi vona eg að sýni nóg, að málið heyrir ekki undir landbúnaðarnefndina. Eg vona að öðru leyti, að þingið gjöri sèr það þó ekki að reglu, að dyngja öllum málum í eina og sömu nefndina, þó einhver skyldugleiki kunni að vera á þeim innbyrðis eða þó það megi heimfæra málefnin undir einhverja aðalhugmynd.

Stefán Jónsson: Eg er nú engan veginn þessu máli mótfallinn, því síður, sem eg get samsinnt hinum heiðraða uppástungumanni, að það sè satt sem hann segir, að því leyti sem hann vitnar til að trjáplöntun hafi þrifizt á Norðurlandi. En þó verð eg að lýsa því yfir, að eg get ekki betur sèð, en að þetta mál eigi samleið með sumum af þeim málum, er landbúnaðarnefndin hefir meðferðis, t. a. m. uppástungunni um 2 búfróða menn. Þetta eru að minni hyggju náskyld mál, og sýnist mèr þessi uppástunga að rèttu lagi eiga þar heima. En ef nefndin hefir ofmikið að gjöra, svo allt deyi í henni, þá er öðru máli að gegna, og það kynni þá að vera ástæða til að kjósa sèrstaka nefnd, en ekki hitt, að málin sèu of óskyld.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst þeir tveir heiðruðu þingmenn, þingmaður Húnvetninga og Eyfirðinga misskilja uppástunguna. Hèr er ekki talað um að rækta skóga, heldur er stungið upp á að fá mann til að kenna oss að rækta skóga. Það mál virðist nú ekki þurfa langan tíma, og ef því yrði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, mundi það eyðileggja málið, því eg veit ekki hvort hún á þessu ári verður búin með helming af þeim málum, sem hún hefir til meðferðar, því síður ef við störf hennar verður enn bætt. Eg mæli því enn með sèrstakri nefnd.

Jón Pálmason: Eg held, að þingmenn sumir hafi misskilið uppástungu mína; sumir hafa sagt, hún miðaði til að lengja fyrir málinu, sumir, til að stytta fyrir því. Það var engan veginn tilgangur minn, að stytta málefni þessu aldur á nokkurn hátt, því eg er uppástungumanni samdóma, heldur vildi eg vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar, af þeirri ástæðu, að mèr fannst það skylt þeim málum, sem hún hefir meðferðis, eins og hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga tók fram.

Sveinn Skúlason: Eg vildi svara þingmanni Eyfirðinga því, að það á ekki við að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndarinnar,

því þegar stjórnin er beðin að senda mann til að kenna oss skógarækt, þá kemur sá kostnaður ekki á landið, heldur borgar stjórnin manninum, sem hún sendir. Þar sem þar á móti var stungið upp á því, að þessum búfróðu mönnum yrði borgað af jafnaðarsjóðunum. Þar að auki sè eg enga líking milli þeirra manna sem fróðir eru í skógarrækt og búfróðra manna.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er að sönnu satt, að það kennir margra grasa í grasgarði landbúnaðarnefndarinnar, en líti menn á það, að verkefni landbúnaðarnefndarinnar er svo yfirgripsmikið, að það verður eigi allt af hendi leyst á þessu þingi svo í lagi sè, þá er því síður ástæða til að bæta á nefndina nýjum störfum; þeir sem því eru hlynnandi máli þessu, ættu helzt að styðja að því, að sèrstök nefnd yrði kosin í málið, en því yrði ekki vísað til nefndarinnar, því það yrði að öllum líkindum til að eyða málinu. Þingmenn vita, að hinn háttvirti uppástungumaður er einn í landbúnaðarnefndinni, og má honum vera kunnugt um, hverju nefndin getur afkastað, og vildi eg helzt, að hann lèti álit sitt í ljósi um það, hvort tiltækilegt muni að vísa þessu máli þangað.

Jón Hjaltalín: Eg held, að landbúnaðarnefndin hafi svo mikið að gjöra, að ekki sè ábætandi, og að það muni fremur tefja fyrir málinu en flýta, að vísa því þangað. Það er að mínu áliti betra að setja í það sèrstaka nefnd, þó eg ekki vantreysti landbúnaðarnefndinni, og mundi að minni hyggju nægja 3 manna nefnd.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari umræðu lokið, og skal eg nú biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort sèrstaka nefnd skuli setja í málið, eða því skuli vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Þá var sèrstök nefnd samþykkt með 19 atkv. gegn 3.

Forseti: Þar eð stungið er upp á 3 manna nefnd skal eg biðja þingmenn að velja 3 menn í nefndina, ef engi hefir aðrar uppástungur að gjöra.

Var þá kosin 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Jón Hjaltalín með 23 atkv.
Björn Pètursson — 6 —
Stefán Thordersen — 5 —

Síðan var málið afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: þar næst kemur til umræðu og ályktunar um hvort

nefnd skuli kjósa, uppástunga frá hinum 5. konungkjörna þingmanni um *kennslu í íslenzkri sagnafræði*. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður er sjálfur flutningsmaður og mun hann lesa uppástunguna, og skýra málið, sem þurfa þykir.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna:

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 323.

Eg álít óþarfa að mæla að sinni meira með uppástungu þessari, og vona eg, að hið heiðraða þing gefi henni góðan róm. Íslendingar hafa ætíð, eins og kunnugt er, verið gefnir fyrir sögur, einkum forfeðurnir, og væri líklegt, að vèr, niðjar þeirra, mætum mikils sagnafræði, sem er hin fegursta vísindagrein af öllum álitin, og þurfa menn ekki að vera latínulærðir til þess að geta orðið vel að sèr í henni. Sagnafræðin er jafnaðgengileg fyrir almúgann sem lærða.

Konungsfulltrúi: Þrátt fyrir það, þó bænarskrá sú, sem nú var lesin upp, kunni að vera vel hugsuð, og í sjálfri sèr uppbyggileg, hlýt eg þó að álíta, að stjórnin muni ekki sjá sèr fært að útvega hjá ríkisdeginum það fè, 1600 rd., sem bænarskráin fer fram á, til þess að stofna það umrædda kennara-embætti, því úr ríkissjóðnum mun uppástungumaður ætlast til að fèð verði greitt, þó hann ekki hafi nefnt það. Eg verð líka að álíta, að oss vanhagi um margt meir, en um það, sem hèr er beðið um. Það er sjálfsagt á þingsins valdi, hvort það vill taka þessa bænarskrá að sèr eða ekki, en því verð eg að lýsa yfir, að eg get ekki ætlað, að þar af muni verða nokkur árangur hjá stjórninni.

Jón Pètursson: Eg kann hinum hæstvirta konungsfulltrúa þakkir fyrir, að hann hefir tekið málinu svo vel, og sagt, að uppástungan væri vel hugsuð, því þar við álít eg, að hann hafi meint, að gott væri að fá það, sem hún fer fram á. En hitt þótti mèr verra, að hann skyldi álíta það vegna kostnaðarins ótiltækilegt. Hèr var þó núna strax sett nefnd, án þess hann talaði eitt orð móti því, í annað mál, sem krefur meira fè, en miðar þó að minni framförum, því sagnafræðin miðar til andlegra framfara. Í uppástungunni er að sönnu ekki talað um, hvaðan fèð skuli taka, en eg ímyndaði mèr, að ef það fengist ekki úr ríkissjóði, þá yrði kostnaðurinn lagður á landið; en að fyrst um sinn væri fengið lán úr ríkissjóði, er síðar á sínum tíma yrði endurgoldið.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari umræðu

lokið. Eg skal þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort setja skuli nefnd í málið.

Var þá gengið til atkvæða og málið fellt frá nefnd með 10 atkvæðum gegn 9.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu *um stofnun lagaskóla.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið fyrir þingmönnum svo sem honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið og hljóðar það þannig.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 324.

Eg hefi nú engu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu, því eins og lagaskólamálið fèkk góðan byr hjá stjórninni 1863 og það hefir allt af fengið góðan byr á öllum undanfarandi þingum, þá vona eg, að það mæti ekki miklum andróðri hèr á þinginu að þessu sinni.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Eg skal leyfa mèr að geta þess, að mèr finnst þingið ekki geta gjört sèr miklar vonir um, að stjórnin hlutist til um, að greitt sè fè úr ríkissjóðnum til stofnunar lagaskóla, eins og nú stendur á. Að vísu lýtur uppástunga nefndarinnar að því, að fè þetta skuli að eins fyrst um sinn lánað úr ríkissjóðnum, og heldur nefndin því, að ekki muni verða neitt því til fyrirstöðu frá stjórnarinnar hálfu, að fèð fáist á þenna hátt, en þetta virðist mèr þó býsna vafasamt, þar sem hèr er um þá stofnun að ræða, sem ekki er brýn nauðsyn til að fá. Eg held því, að þó þingið fari nú að biðja um þetta, þá geti það ekki gjört sèr miklar vonir um árangur af þessari beiðni sinni.

Framsögumaður: Það var nú gott, að um leið og hinn hæstvirti konungsfulltrúi lýsti yfir vandkvæðum á því, að stjórnin mundi veita þetta lán, þá gat hann þó um eitt atriði, sem ætti að glæða von vora, en ekki deyfa hana. Hann sagði, að svo væri að sjá á nefndarálitinu, sem um þetta fè væri beðið til láns úr ríkissjóðnum fyrst um sinn, og þetta hèlt hann að gæti orðið málinu til fyrirstöðu, en það getur nú engan veginn veiklað von mína, því að fèð er svo lítið, og það einkum þegar beðið er um að leggja frumvarp fyrir næsta þing um það, hvernig þetta fè verði endurgoldið af landinu sjálfu. Hèr er því farið fram á allt annað, en fyrri hefir verið gjört, þar sem hèr er að eins beðið um lán úr ríkissjóðnum, og það er þó eiginlega ekki lán, því að eg held, að

við eigum annað eins hjá ríkissjóðnum og það er. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að nú væri eigi brýn nauðsyn á lagaskóla, þá veit eg nú ekki, hvað hann kallar brýna nauðsyn, en það má þó sjá af hinni konunglegu auglýsingu 1863, að stjórnin kallaði það nauðsyn. En þar sem bæði stjórnin og þjóðin kallar þetta nauðsyn, þá held eg að þeirri mótbáru sè hrundið.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla nú ekki að bæta miklu við það, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði. Eg vil að eins geta þess viðvíkjandi því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að mèr þykir það næsta eptirtektavert, að sú mótbára skuli fyrst og í broddi fylkingar vera borin á borð fyrir alþingi, að stjórninni muni ekki þykja sá vegur, er nefndin hefir stungið upp á, árennilegur; því það er sama, sem að segja, að stjórninni muni ekki þykja árennilegt, að styrkja alþingi í því að leggja á landið fè til fyrirtækja, sem eru jafn nauðsynleg og það, sem hèr er beðið um, og sem alþingi og Íslendingar jafnlengi hafa beðið og andvarpað um. Mèr sýnist það eptirtektavert, segi eg, að þetta skuli vera sagt einmitt nú, þegar lögð eru fyrir þingið frumvörp um nýja tolla, og því er yfirlýst, að tilgangurinn með þeim sè að minnsta kosti meðal annars sá, að koma nytsömum stofnunum á fót hèr á landi, því nytsöm stofnun er þó sannarlega sú, sem alþingi og Íslendingar þrá hvað einna mest, og það þarf sannarlega ekki annan mælikvarða en þenna, svo framarlega sem atkvæði alþingis og Íslendinga ekki er að vettugi haft, enda mundi nytsemi lagaskólans ekki rýrna við það, þó gengið væri inn á aðalefni þessa máls. En eg vil nú spyrja, hvort það sèu margar stofnanir, sem þingið og þjóðin hefir beðið um með meiri áhuga en einmitt lagaskólann? Og eg vil enn fremur spyrja, hvort bænir landsmanna um nokkrar aðrar stofnanir hafi við meiri þarfir og meiri andlega nauðsyn að styðjast en einmitt hinar margítrekuðu bænir um lagakennslu hèr á landi? Og enn vil eg spyrja hvort, stjórnin sjálf ekki hafi viðurkennt nauðsyn þessa? Eg fyrir mitt leyti efast alls eigi um, að sú hafi verið meining hins hásæla konungs vors með ósk sinni um að lagaskóli kæmist á hèr á landi í auglýsingu til alþingis 1863, að það væri hans konunglegi vilji, að þessi stofnun tæki til starfs undir eins og þær hindranir væri úr vegi, sem hann tók fram að væru málinu til fyrirstöðu. Og annað en þetta verður heldur eigi dregið út úr auglýsingu vors allramildasta konungs til þessa þings. Nefndin hefir því með fullum rètti gengið út frá því, að málið sè nú á

sama stigi og það var 1863, nefnilega að það væri að eins fèð til skólans sem á stæði. Það þarf þess vegna aðrar ástæður en þessar móti nefndinni til þess að veikja sannfæringu mína um það, að hún hafi rètt fyrir sèr. En viðvíkjandi þeirri mótbáru að stjórnin muni eigi vilja lána þetta litla fè til bráðabyrgðar, sem nefndin ráðgjörir samkvæmt uppástungum sjálfrar stjórnarinnar, þá get eg ómögulega annað skilið, en að þetta sèu gersakir einar, og ástæðulaust mistraust á stjórninni úr því fèð á að greiðast aptur af landinu, eins og nefndin fer fram á, það er að segja að fullu og öllu, og svo fljótt sem unnt er eptir stjórnarlögum landsins.

Sveinn Skúlason: Eg vil nú eptir megni styðja þetta mál; þó þykir mèr niðurlagatriði nefndarinnar miður heppilegt. Mèr sýnist betur fara, að niðurlagsatriðinu sè skipt í fleiri. 1. niðurlagsatriðið ætti þá að fara fram á það, að lagaskóli sá yrði stofnaður, sem heitið er — en ekki heitinn eða dauður vona eg — 2. niðurlagsatriðið ætti að fara fram á, að fè það, er til hans þyrfti, væri fyrst um sinn greitt úr ríkissjóðnum. Að öðru leyti hefi eg ekki mikið að athuga við niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg held að þingmenn sè allir á sama máli um það, að nauðsyn sè á lagaskólanum. En fyrst verðum vèr að biðja um skólann og síðan um kostnaðinn, sem til hans þarf. Mèr þykir það nú að hjá nefndinni, að áætlun vantar um, hve mikill muni verða kostnaðurinn til skólans. Þess vegna vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu. Þingið getur þó ekki beðið um einhvern kostnað út í loptið, heldur verður það að vera eitthvað tiltekið.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Eg verð að halda, að spursmálið um fè til lagaskólans sè ekki eins lítilsvert, eins og hinn heiðraði þingmaður Árnessýslu álítur, og þó hèr sè að eins um lán að ræða, þá yrði það samt sem áður gjöld fyrir ríkissjóðinn í bráð. Hèr er eigi heldur nein uppástunga um upphæð fjárins, eður um það, á hvern hátt það skuli endurgoldið; þetta á állt að vera komið undir samkomulagi, en það er engan veginn sagt, að þingið og stjórnin komi sèr svo saman um þetta, að ríkissjóðurinn svo greiðlega geti fengið fjártillagið til skólans endurgoldið. Meðan fjárhagsmálefnið er óútkljáð, verð eg að álíta vafasamt, að stjórnin finni ástæðu til að veita fè þetta, með því það, að minnsta kosti fyrst í stað, yrði til verulegrar byrði fyrir ríkissjóðinn. Með tilliti til þess, að það sè nauðsynlegt að setja hèr nú á stofn lagaskóla, þá kann þetta að vísu að vera almennt álit manna, en eg

held þó ekki, að menn geti með sönnu sagt, að nein bráð nauðsyn beri til þess nú sem stendur, meðan ekki vantar menn í hin verzlegu embættin. Eg ímynda mèr og, að það sè margt annað, sem bráðari nauðsyn er á að fá framgengt.

Jón Guðmundsson: Eg skal nú eigi tala neitt um, hvort að nauðsyn sè á þessum lagaskóla, því að hún er viðurkennd af stjórninni sjálfri, og vèr höfum fullkomlega hálft loforð af hennar hendi um hann. Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga í því, að niðurlagsatriði nefndarinnar sè eigi svo greinilegt eða ákveðið sem það ætti að vera, og vil eg því ganga inn á, að niðurlagsatriðinu sè skipt í þá stefnu sem sami háttvirti þingmaður ráðgjörði með breytingaratkvæðum sínum. En aptur vildi eg sèrstaklega taka fram um kostnaðinn, því að það fè, sem stjórnin hefir ráðgjört, að mundi fást veitt, er mjög lítið. Eg ætlast þá til, að 1. grein niðurlagsatriðanna hljóði upp á stofnun skólans, og 2. grein fari fram á það, að þegar sè stofnað forstöðumanns embætti við þenna skóla með 1500—2000 rd. launum, og skyldi sá forstöðumaður hafa aðalumsjón og stjórn skólans á hendi, líkt og forstöðumaður prestaskólans, en auk þessa gæti hann fengið tímakennara sèr til aðstoðar.

Sveinn Skúlason: Svo vænt sem mèr þótti nú um, að hinn hátttvirti varaforseti var mèr samdóma um breytingar mínar, þá get eg ekki verið honum samdóma um þetta forstöðumannsembætti við lagaskólann. Eg held, að vèr höfum hèr dæmið fyrir oss um læknakennsluna. að opt er mjór mikils vísir, og eg held, að þessi læknakennsla, sem vèr höfum hèr, sýni það einmitt, að það þarf eigi að stofna dýr embætti til þess, að kennslan geti komið að notum. Eg verð að líka ímynda mèr, að það verði næstum eins holl og góð kennsla, sem menn geta fengið hjá landlæknirnum og eins hjá yfirdómurunum eins og þótt reglulegir og dýrir skólar væri stofnaðir.

Benedikt Sveinsson: Eg skal geta þess viðvíkjandi niðurlagsatriði nefndarinnar, að hún varð nú að vera á því, eins og hinn háttvirti varaforseti tók fram, og eg lýsti yfir áðan, að lagaskólanum væri þegar heitið, það er enn fremur tekið fram í nefndarálitinu og bænarskránni til alþingis, að stjórnarráð kirkju- og kennslumálanna hefði búið til föst undirstöðu-atriði fyrir skólann hvernig honum skyldi fyrirkomið, hvað kenna skyldi, hver rèttindi þeir fengju er á skólann gengju, og hvað mikið fè skyldi leggja til kennslunnar o. s. frv. Nefndin gekk nú út frá því, að það væri

eigi vert að gjöra breytingu á öllu þessu fyrirkomulagi, sem stjórnin sjálf hefði stungið upp á, en hún áleit nóg að geta þessa í álitsskjalinu til konungs, að þingið hefði gengið gengið út frá þessu án þess það væri tekið upp í niðurlagsatriðin sjálf. Að því er fé snertir, þá get eg enn ekki betur séð, en að allt bendi til þess, að það hljóti að fást, svo framarlega sem Ísendingar eiga eigi að bíða heilar aldir enn bæði eptir lagakennslu hèr á landi og öðru. Það er enn fremur ekki eitt heldur allt, sem sannar það og sýnir, að ef Íslendingar annars vilja nokkuð, þá er þeim full alvara að óska, að lagaskóli komizt hèr á, það er að segja, að innlend stofnun komist hèr á, þar sem fengizt getur innlend lagamenntun; og þetta hlýtur að komast á svo framarlega sem Íslendingar eiga að geta þrifizt og eigi ganga enn lengra aptur á bak en komið er. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það nú fram í mótsetning við þetta, að nú væri eigi þörf á lagaskólanum, af því að eigi vantaði embættismenn. Eg ætla mèr nú eigi að svara þessu nú nè hrekja það með öllum þeim ástæðum, sem eg gæti tilfært. Eg get þess að eins, að eg fæ eigi séð, að Íslendingar eigi að bíða eptir lagaskólanum þangað til menn vantar í embætti landsins, því hvað lengi mundu þeir þá að verða að bíða eptir því, að þau sæti yrði skipuð, sem auð yrðu. Eg get eigi séð, að slíkar og þvílíkar hugsanir verði á nokkurn veg lagðar til grundvallar fyrir mótbárum á móti skynsamlegum óskum og helgum rèttindum landsmanna um ómissandi stofnanir handa hinum komandi kynkvíslum. Eg vildi óska þess, að skólinn gæti staðið í mörg ár, einmitt *áður en* menn þurfa að halda á mönnum úr honum í embætti. Það er viðurkennt um allan heim, að nauðsynlegt sè, að fleiri læri, en þeir einir, er verða embættismenn; því þó það væri ofhermt um embættismanna-efnin, að margir sèu kallaðir en fáir útvaldir, þá er það sannmæli, að *allir* eru eigi útvaldir sem kallaðir eru, enda er og mörg sú staða hèr á landi önnur en embættisstaðan, sem útheimtir lögfróða menn. Eg vil í þessu tilliti að eins benda til þeirrar þýðingar, sem bændastèttin hefir hèr á landi, og þar sem bændur vorir enn fremur hafa sýnt sig svo ljúfa á að leggja mikið fè í sölurnar til þess að afla sonum sínum menntunar, jafnvel erlendis, þá er það sannarlega eðlilegt, já, sannarlega beinlínis rèttlátt, að þeir geti fengið menntun handa sonum sínum fyrir minni kostnað í landinu sjálfu, og þurfi ekki að kaupa hana fyrir meiri kostnað erlendis. Eg tek það því fram sterklega, að hèr ræðir

eigi að eins cður verulega um, að það fáist svo og svo margir lærðir menn 1, 2, 3, 4 eins og embættin eru, eins og þegar talið er á fingrum sèr, heldur vakir fyrir þjóðinni, að sú andlega nauðsyn hennar verði uppfyllt, að ungir menn geti lært bæði íslenzk lög og íslenzka rèttarsögu hèr á landi, og að þeir menn, sem sanna með prófi, að þeir hafi næga þekkingu í lögum vorum og lagasetningum yfir höfuð öðlist rètt til embætta landsins. En hvað embættismanna skortinn að öðru leyti snertir, þá er sannarlega ekki langt á að minnast, að hèr hefir verið lögfræðingaskortur, þó það sè eigi sem stendur. Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta mál að þessu sinni. En ef uppástungumenn vilja gjöra þau breytingaratkvæði, er þeir hafa farið fram á, þá hefi eg ekki svo mikið á móti þeim, en verð þó að óska, að þau eigi komi í bága við það álit nefndarinnar, sem án efa er rètt, að víkja sem minnst frá því, sem stjórnin hefir stungið upp á í þessu máli, og eg vona líka, að þingið haldi sèr fast við þann grundvöll. Samkvæmt þessu áleit nefndin og að ráðlegast væri að biðja eigi um meira fè en stjórnin hefir stungið upp á, og gjöra eigi þá grýlu voðalegri, en nauðsyn krefur, sem hingað til hefir hamlað framgangi þessa máls; fari það svo, sem konungsfulltrúi gat til, að þingið mundi, ef til vill, eigi verða ásátt við stjórnina um það fè, sem það hefir heitið að greiða, eða rèttara sagt, óskað að greitt yrði af landinu, og ekki nemur meiru en nokkrum hundruð dölum, þá held eg að verði einhver dráttur á að greiða úr þeirri flækju, sem stjórnin ætlast nú til að þingið greiði úr viðvíkjandi fjárhagsmálefnum Íslands.

Jón Bjarnason: Það má nú virðast svo sem blindur dæmi um lit, þar sem eg fer að tala í þessu máli, en eg get þó ekki stillt mig um að segja nokkur orð. Eg verð nú að segja, að eg held, að allri alþýðu sè mjög annt um, að innlend lagamenntun komist hèr á og innlendir lagamenn. Það er nú ákveðið með lögum, að allur rèttargangur fari hèr fram á íslenzku. Það hefir opt sèst bæði af ræðum og ritum, að danskir embættismenn þeir, er hèr hafa verið settir, hafa ekki skilið til hlítar íslenzku, og því síður talað, og það mun ekki dæmalaust, að menn hafi komizt í hár saman út úr misskilningi á málinu. Það er skammt á að minnast, að eg heyrði hèr í landsyfirrèttinum annan assessorinn, er settur var, mæla einungis á dönsku, hann er líka einn af þeim dönsku embættismönnum, er Danir hafa sent okkur. Eg held því

að oss vanti hèr innlenda lögfræðingakennslu. Að öðru leyti ímynda eg mèr, að allir vilji styðja þetta mál eptir megni, og að hver sá, sem hefir hreinan kærleika til Íslands, og kostar upp á son eður náunga sinn til lögfræðslu, vilji heldur, að þessi vísindi fáist kennd hèr í landinu, því sjálfu til heiðurs og sóma, eins og þjóðinni til vegs og framfara, heldur en, að þenna dýrgrip allra siðaðra manna þurfi að sækja suður til Danmerkur.

Jón Pètursson: Einn af hinum heiðruðu þingmönnum hefir farið fram á að gjöra í niðurlagsatriðunum uppástungu um, að beðið væri um, að lagaskólinn kæmist á; eg held samt, að þingið eigi ekki nú að beiðast þessa, því konungur hefir þegar lofað því, og væri sú bæn þess vegna óþörf, þar hún að eins gengi út á að fá konungs heitið ítrekað; konungur hefir fullkomlega heitið, að lagaskólinn skuli á komast, hve nær sem fè þar til fáist, þess vegna þurfum vèr ekki að biðia þess nú. Að engan nýjan konunglegan úrskurð þurfi fyrir þessu, geta menn og sèð á brèfi kirkju- og kennslumálastjórnarinnar; það gjörir ekki ráð fyrir neinum konunglegum úrskurði framar nauðsynlegum til að stofna skólann, og þess vegna áleit kirkju- og kennslumálastjórnin sig fullkomlega bæra um að gjöra, samkvæmt auglýsingunni til alþingis 1863, uppástungur um tilhögunina á skólanum. Það hefir ekkert verið skólanum til hindrunar nema fjárskortur; hann væri þegar kominn á, ef fèð hefði ekki vantað. Það sannar ekkert og var annað mál, þó þingið beiddi þess á fyrri þingum, að skólinn kæmist á, því það var nauðsynlegt þá að biðja þessa meðan heitið ekki var fengið. Mèr finnst ekki þurfa að tala um, hvort lagaskólinn sè nauðsynlegur, eður ekki, fyrst konungur hefir heitið honum, nema ef það á að leiða til þess, að menn skuli biðja um, að loforðið sè tekið aptur og það vona eg þó að þingið ekki gjöri.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Af því mèr skildist á orðum hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns, að hann áliti, að eiginlega væri búið að stofna lagaskóla, og þyrfti því ekki um það að biðja, þá skal eg leyfa mèr að benda á, að í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1863 stendur að eins, að það sè *ósk* konungsins að láta að bæn alþingis um að stofna lagaskóla, ef fè geti fengizt til hans, svo að með þessum konungsúrskurði er engan veginn búið að stofna skólann.

Jón Pètursson: Það var ekki mín meining, að búið væri að stofna lagaskóla, heldur það, að ekki þyrfti nýjan konungsúrskurð

til þess að hann kæmist á, eins og einn hinna heiðruðu þingmanna gjörði ráð fyrir að þurfa mundi.

Framsögumaður: Eg hef fáu hèr við að bæta; að eins vil eg geta þess í tilliti til breytingaratkvæða þingmanns Norður-Þingeyinga og þingmannsins úr Vesturskaptafellssýslu, að eg þarf að átta mig betur á þeim; eptir því sem mèr skildist breytingaratkvæði þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu, held eg að eg muni geta sætt mig við það með nokkurri breytingu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi leggur minni þýðingn í orð konungsins en eg; því þegar konungur *óskar*, að skólinn komist á, ef að fè fáist, álít eg það beinlínis loforð, þegar sá skilmáli er uppfylltur; og hann er uppfylltur, þegar þingið bendir á fèð og lofar að endurgjalda það. Þingið biður reyndar um dálítið skyndilán, ef lán skyldi kalla, því eg held við eigum meira. Nú fær maður að heyra raddir, sem segja, þegar koma á upp einhverjum stofnunum hèr, þá sè allt ómögulegt fyrri en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, en þegar leggja á tolla á okkur, þá er ekkert til fyrirstöðu, þótt engin grein sè gjörð fyrir hvað við eigum. Það hefir verið dregið í efa, hvort lagaskólinn væri nauðsynlegur; eg held að bezta sönnunin fyrir því sè áhugi þjóðarinnar, þingins og jafnvel stjórnarinnar, það er nokkurs konar consensus gentium, sem enn er óhrakinn. Mèr þykir engin furða, þó landsmenn óski þessa, þótt menn sèu reyndar núna sem stendur í embættunum; það þó svo, að nokkrir þeirra eru Danir. Eg held að kennslan hèr verði eðlilegri, því þó eg ekki sè lagamaður, veit eg þó, að Íslendingar eiga lög, sem Danir þekkja lítið til; en vitanlegt er, að þau eru viðhöfð hèr, og er líklegt að sú kennsla sem útlendir veita í hèrlendum lögum sè ekki eðlileg. Öllu því fè, sem Íslendingar hafa þurft til að nema lögfræði, hefir verið eytt í öðru landi; en ef lagakennsla kæmist hèr á, nyti landið sjálft alls þessa fjár. Hèr er nú kominn læknaskóli, því læknisfræði er kennd hèr, latínuskóli, hann höfum vèr, og prestaskóli; vantar þá að eins lagaskóla. Eg álít ekki varlegt að skjóta bæn þessari á frest, þótt vèr kunnum að styggja ríkisdaginn með því að biðja um þetta mjög litla skyndilán. Eg vona því fastlega, að þingið gjörir góðan róm að nefndarálitinu.

Jón Guðmundsson: «Aut Cæsar, aut nihil» Eg vil annað hvort hafa *lagaskóla* eður ekki. Eg játa að vèr höfum fyrir oss «ósk» eða jafnvel loforð frá konungi. En það er auðsèð, eptir

því sem ráðgjafi kennslumálanna hefir síðar gjör ákveðið um þetta mál, að stjórnin hugsar sèr, að hèr skuli vera fólgin að eins lítil fjörleg kennsla; eg segi þetta ekki af því, að mèr þyki það lítið, það sem *gjört er ráð fyrir* að skuli kenna í lögum, það er sannarlega nóg, heldur vegna þess, að svo lítið fè skuli vera ætlað til svo yfirgripsmikillar kennslu; nefnilega einir 600 rd., og skil eg ekki, að fyrir það fè geti fengizt svo yfirgripsmikil kennsla, sem ráð er fyrir gjört, en svo er þetta, — hvað sem þessu ónóga fè líður, — aldrei nema svipul *lagakennsla* en *enginn lagaskóli*. Það hefir ávalt, bæði fyrr og síðar, verið beðið um *lagaskóla*. Bráðabyrgðarkennsla getur að vísu stundum komið að miklu gagni, en stundum getur hún líka verið verri en ekki neitt. Þegar búið er að stofna skóla með forstöðumanni, er áunnið það fast og skipulegt fyrirkomulag, sem gefur oss fulla tryggingu fyrir, að menntunin í þeirri vísindagrein, sem skólanum er ætlað að ábyrgjast kennslu í, verði föst, varanleg og samsvari þar að lútandi þörfum og kröfum. Menn mega ekki skýrskota til læknakennslunnar hèr, eins og henni er nú varið, þó hún hafi komið að beztu notum og að þetta sè þó enginn læknaskóli; en það er ekki víst, að vèr allt af höfum jafnhæfan landlækni til að kenna, eins og þann sem vèr nú höfum. Hann er eptir því sem eg þekki til og allir verða að játa svo einstaklega vel laginn til að kenna út frá sèr, að varla mun verða hlaupið að því að fá annan eins mann í þeirri grein; því sá embættismaður er ekki að eins mæta vel að sèr í vísindagrein sinni heldur mun hann og eins taka bæði í því að fylgja með öllum nýjustu og beztu uppgötvunum í læknisfræðinni, og í því að honum er það gefið að kenna út frá sèr bæði einstaklega ljóst og með lífi og sál sem menn segja. Eg vil því halda fast við aðalþankann og aðaluppástungurnar í þessu máli, eins og þær hafa komið fram fyrr og síðar, og biðja um *lagaskóla* og þess vegna líka forstöðumann við þenna skóla. Vil eg því áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þessa stefnu; viðvíkjandi því, skal eg reyna að koma mèr nákvæmar saman við hinn heiðraða þingmann Norður-Þingeyinga.

Benidikt Sveinsson: Eg er að vísu samdóma hinum heiðraða varaforseta í sjálfu sèr; en það ber á milli, að hvorki eg nè nefndin yfir höfuð treystist til að yfirgefa grundvöll þann, sem stjórnin hafði lagt, enda er þetta að minni hyggju sama sem að fella málið.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst menn verða að halda sèr til loforða þeirra, sem stjórnin hefir gefið; eg held menn ættu að íhuga, hvort ekki væri ráðlegra að taka til vissa upphæð, því mèr þykir líklegt að stjórnin mundi vilja vita hve mikið menn biðja um, og líklegt þyki mèr að hún láni það. Munur sá, sem gjörður er á skóla og kennslu, gjöri eg ei svo mikið úr; en það sem sagt var um kennslu mína var oflof af vinskap við mig (*Jón Guðmundsson:* Nei); en það verð eg að segja, að þar er við margt óþægilegt að eiga, og kemur það mest af efnaskortinum; eins er því varið, að mèr stendur á sama, hvort vèr fáum lagaskóla eða lagakennslu, því eg er viss um, að með tímanum verður úr því skóli; það sem mèr er um að gjöra er að fá einhverja byrjun. Sú mótbára, að ekki vanti menn núna í embættin, hefir ekki mikið við að styðjast; það er seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í, og seint að stofna lagaskóla þegar enginn kandídat er lengur til, því lagamenn geta dáið eins og hverjir aðrir; þá yrðu menn að grípa til hins gamla neyðarúrræðis að setja menn, sem í sinni stöðu geta verið mikið heiðarlegir og duglegir sem bændur, en þeir hafa ekkert numið í lögfræði, og geta því ekki þjónað embættinu sem skyldi. Eg vil fá einhverja byrjun. Stjórnin hefir tekið þessu máli svo vel, að eg efast ekki um, að hún fallist á uppástungur þingsins. Eg held þó að breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga gjöri nefndarálitið greinilegra, og ætla eg að hugsa um, hvort eg ekki muni geta fallizt á það.

Sveinn Skúlason: Eg gat öldungis ekki sannfærzt af hinni síðari ræðu hins háttvirta varaforseta. Að segjast vilja vera annaðhvort Cæsar, eða ekki neitt á ekki við fyrir oss Íslendinga, það er tómur belgingur, það er bezt fyrir oss að fara hóglega. Viðvíkjandi því er hann sagði um læknaskólann játa eg að þar er að vísu á einum manni byggt; en þó Hjaltalín deyji, lifir landlæknirinn, hann deyr ekki. Það er sjálfsagt, að munur getur verið á mönnum; en hèr hafa áður verið landlæknar, sem vel hafa kennt, sá sem nú er, kennir vel, og eins getur verið, að þeir, sem á eptir koma, gjöri það. Þetta sýnir, að ekki er allt undir því komið, að forstöðumaður sè settur, en hann getur vel verið nauðsynlegur við stóra skóla. Eptir minni hugsun er það nóg, ef að lagamenn vorir væru dálítið betri en þessir dönsku júristar, og það er eg viss um þeir geta orðið með því að læra hjá assessorunum í yfirrètti vorum; það er auðvitað, að þeir menn, sem nú sitja í yfirrèttinum eru líka

dauðlegir; en það koma líka menn eptir þá. Ef að skólinn stækkar geta menn fengið forstöðumann seinna. Eg fyrir mitt leyti verð að vera á því, gagnstætt því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, annaðhvort Cæsar eða ekkert, að betra sè að vera nokkuð, þó lítið sè, en ekki neitt.

Framsögumaður: Eg veit ekki, hvort eg hef skilið hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann rètt, að hann ætlaði að áskilja sèr breytingaratkvæði, ef hann ekki hallaðist að breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga (*Jón Hjaltalín*: Eg held eg sameini mig við þingmanninn). Hvað snertir hið stóra breytingaratkvæði varaforseta, þá ætla eg að geyma mèr að svara því. Eg verð að vera samþykkur þingmanni Norður-Þingeyinga í því, að betra sè að vera nokkuð en ekkert, því eg held, að hver verði að fljúga sem hann er fiðraður til.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls er undirbúningsumræðu þessari lokið. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit frá nefnd þeirri, sem sett var í málinu um *Brákarpoll*, og sömuleiðis frá nefndinni í *sveitastjórnarlagamálinu*. Á morgun munu svo margir þingmenn hafa forföll, að ekki verður fundarfært, skal eg því ákveða fund á fimmtudaginn kl. 12, og verður dagskrá slegið upp í kvöld eða í fyrra málið.

Síðan var lesið og samþykkt álitsskjal til konungs í málinu um *gufuskipsferðir kringum Ísland*.

Samanber síðari parti alþingistíðindanna bls. 326.

Fundi slitið.

---

20. fundur — 27. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um *rèttindi prentsmiðjunnar á Akureyri*. Verður konungsfulltrúa send afskript af því, og það síðan lagt á lestrarsalinn.

Þá kemur eptir dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálit í málinu um *konunglegt frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi*. Ef að framsögu-

maður hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður óskar að taka til máls, þá hefir hann hljóð.

Sbr. síðari part alþingistíð. bls. 329.

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Þetta mál var svo vandlega rætt á síðasta fundi, að eg álít óþarft fyrir mig, að ræða meira um það núna. Breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin við nefndarálitið voru og rædd á síðasta fundi, og eg vona, að þær ástæður hafi verið hraktar, sem komið var með fyrir þeim, svo eg held, að eg þurfi eigi að tala á móti þeim fyrr en nákvæmari ástæður verða bornar fram þeim til gildis. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölulið 2., þá sýnist mèr það nú í rauninni fara hinu sama fram og nefndin, og munurinn er ekki annar en sá, að þar er óbeinlínis beðið um, að leggja frumvarp um þetta efni fyrir þingið aptur, sem fái fyrst lagagildi, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á; það sjá nú allir, að það er ekkert form að biðja um, að einhver lög komi út, án þess að hafa lagagildi. Það sjá allir, að það er hrein og bein formleysa, að biðja um lagaboð, sem á að liggja svo og svo lengi eða jafnvel alla æfi sína án þess að hafa gildi, og þessir formgallar eru svo miklir, að uppástungan getur í rauninni alls eigi komizt að. Um hin breytingaratkvæðin hefi eg lítið að tala. Þessi breytingaratkvæði undir tölulið 5. og 9., held eg sè þannig löguð, að þau telji eigi þingmönnum hughvarf eða sè svo, að þeir geti gengið að þeim.

Konungsfulltrúi: Eptir þær undirtektir, sem mál þetta hefir fengið bæði hjá meiri hluta nefndarinnar, og hjá þeim þingmönnum, sem hafa tekið til orða undir umræðunum, álít eg það til lítils fyrir mig, að taka hèr aptur til orða. Eg skal þó leyfa mèr að tala fáein orð um nokkur af þeim breytingaratkvæðum, sem standa á atkvæðaskránni, og skal eg þá hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 1. snertir, sem algjörlega ræður frá frumvarpinu, leyfa mèr að ítreka það, sem eg í þessu tilliti tók fram við undirbúningsumræðuna, og biðja hið heiðraða þing vel að athuga, hvílíkur ábyrgðarhluti það er fyrir þingið að ráða frá, að frumvarpið verði að lögum; því það er í raun rèttri það sama, sem að stuðla til þess, að allt standi hjá oss í stað, því það ræður að líkindum, að stjórnin þegar hún sèr, að landið ekkert vill leggja í sölurnar til þess að bæta úr því, sem það vanhagar um, en er að biðja til alls slíks um fè úr ríkissjóðnum, muni fjárframlögur hennar eða ríkisþingsins til landsins þarfa verða þeim mun sparsamari, sem landið eða

fulltrúar þess eru ófúsari til að leggja nokkuð fram sjálfir, og þessu atriði virðist mèr anðsætt, að þingið eigi að gefa alvarlegan gaum, þegar það vill landinu vel, og lítur á þess sanna hag og sóma.

Breytingaratkvæðið undir tölulið 2. hefir að því leyti á sèr þýðlegri blæ, að það ekki ræður beinlínis frá því, að frumvarpið verði að lögum, en vill fresta því. Eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að þetta atkvæði hefði, að mínu áliti, þann verulega annmarka, að það freistaði til ósannsögli, og hjá slíkri freistingu væri æskilegt að komast, enda væri hún ekki í stjórnarfrumvarpinu. Að öðru leyti get eg ekki skilið, að uppástungu-atriðið *a* eigi við, þegar það er borið saman við litr. *d*, sem fer fram á það, að frumvarpið verði eigi að lögum, fyrri en fjárhagsmálið sè gengið um garð. Eg skil ekki betur en það sè að binda hendur á þinginu, sem ætlazt er til að fái með fjárhagsaðskilnaðinum atkvæðisrètt í fjárhagsmálum sínum, nú þegar að ákveða upphæð afgreiðslunnar af brennivíni, því hvað er líklegra, en að þingið, þegar svona væri komið, kynni að vilja hafa afgreiðsluna hærri eða öðruvísi? Eins og breytingaratkvæðið undir tölulið 2. nú liggur fyrir, verður niðurstaðan eptir því hin sama, sem eptir uppástungu nefndarinnar, og sama hugsunin vakir fyrir báðum uppástungunum, að þingið eigi ekki að samþykkja neins konar álögur á landið, meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur sè óaðskilinn; en að þessi skoðun á málinu sè síður en ekki í Íslands rèttskildu þarfir, þarf ekki skýringar við.

Um breytingaratkvæðið undir tölulið 5., sagði eg við undirbúningsumræðuna, að eg yrði að álíta það ónauðsynlegt, þar sem stjórnin hefði lýst því yfir í ástæðum sínum, að þær tekjur, sem fengjust með þessu móti, ættu að ganga til Íslands þarfa, út úr ríkissjóðnum, eins og t. a. m. skipagjöldin, en þar sem menn virðast að vera hræddir við orðin í 3. grein frumvarpsins, »borgunin rennur í ríkissjóðinn«, þá tekur þetta atkvæði af allan ótta í því tilliti, og ætti því þingið, ef það ekki vill aðhyllast frumvarpsins ákvörðun, að aðhyllast þetta breytingaratkvæði, sem að öðru leyti, eins og eg hefi leyft mèr að taka fram, fer í sömu stefnu og frumvarpið.

Bergur Thorberg: Það voru nú bæði af mèr og öðrum teknar fram við undirbúningsumræðuna í máli þessu, þær helztu ástæður sem mèr virðast vera móti nefndarálitinu, og nú hafa þær verið skýrt teknar fram af hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Eg verð

sem fyrri að álíta það mjög ísjárvert, að fella stjórnarfrumvarpið. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölulið 2., þá virðist mèr það, eptir því formi, sem á því er, alveg óhæfilegt. En að efninu til hefði það getað verið íhugunarmál, ef málið hefði komið til nefndarinnar aptur, og þá hefði ef til vill, mátt taka þetta atriði til greina; en nú var það eigi gjört. Uppástungumaður hefir ekki heldur álitið sèr skylt, að stinga upp á nýjum breytingum á frumvarpinu, í þá átt sem uppástunga hans fer fram á, heldur ræður hann til, að stjórnarfrumvarpið sè fellt, því sè vísað heim til stjórnarinnar aptur og hún beðin um að búa til nýtt, betra frumvarp, byggt á uppástungum hans. Þetta form þykir mèr nú mjög óaglegt og næstum óhafandi, og vona eg að þingið ekki fallist á það. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir 3. tölulið, þá virðist mèr það skaðlaust, svo það gjörir hvorki frá nè til. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir 4. tölulið, þar sem farið er fram á, að leyfisbrèfagjaldið sè hækkað úr 100 rd. til 1000 rd., þá er þessi hækkun svo mikil, að mèr sýnist ísjárvert að byrja með svo háu gjaldi fyrst um sinn; það er allt af hægt síðar að hækka það, ef mönnum sýnist svo; en eg verð að álíta, að betra sè að byrja lágt fyrst um sinn. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölulið 5., þá er það nú eptir minni skoðun eigi nauðsynlegt. En þeir þingmenn, sem þykir óvíst, að Ísland fái full not af þessu fè, fyrir þá sök, að það rennur í ríkissjóðinn, þeir hljóta að álíta það nauðsynlegt, en á hinn bóginn hlýtur það líka að vera þeim fullnægjandi. Eins og eg hefi vikið á, álít eg reyndar, að þeir hafi næga fullvissu og tryggingu í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, því þar stendur berlega, að þessi gjöld sèu ætluð til þarfa Íslands. Eg vona því, að ef þingmenn fallast ekki á stjórnarfrumvarpið óbreytt, þá muni þeir eigi finna neinar skynsamlegar ástæður á móti því með þessari breytingu, því þar í er öll formleg trygging, sem fengizt getur fyrir því, að fènu verði varið á þann hátt sem þeir óska.

Stefán Thordersen: Það sem gjörir, að eg get ekki fallizt á stjórnarfrumvarpið, er nú einmitt af ástæðunum fyrir því. Það lítur nefnilega svo út af þeim, að stjórnin vilji í rauninni hafa brennivínstoll, en álíti ómögulegt að koma honum á hèr, og að hún því grípi til þessa gjalds, sem nú er stungið upp á eins og einhvers konar neyðarúrræðis, af því að brennivínstollur vèrði ekki lagður á hèr, sökum tollstjórnarleysis. Þess vegna get eg nú ekki

annað en verið á móti stjórnarfrumvarpinu. En aptur virðist mèr niðurlagsatriði nefndarinnar einhvern veginn ofviða orðað og undirtektir hennar nokkuð gífurlegar, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hafa tekið fram, og slíkt hið sama er eg hræddur um, að stjórninni þyki. Eg vil því heldur halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölulið 2., af því mèr finnst það hógværlegar orðað, en þó því að eins, að megi klípa það í sundur, og breytingaratkvæðið verði þannig hljóðandi: «að alþing ráði hans hátign konunginum frá, að gjöra frumvarp þetta að lögum, en ráði aptur til þess, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir þingið». Undirstöðugreinir breytingaratkvæðis þessa, finnast mèr mèr óbrúkandi, en eg skal ekki fara að rífa þær niður, því uppástungumaður er sjálfur manna færastur til að forsvara þær ef hann vill. En þetta eiðs tilboð sýnist mèr samt alveg óhafandi, og er jafnvel mjög óheppilega orðað, enda er það auðsèð, að uppástungumaður er ekki búinn að ganga alveg frá því að orðfærinu til. Hinum breytingaratkvæðunum, sem standa á þessari atkvæðaskrá, held eg bezt að kasta í eina og sömu ruslakistuna (*Forseti*: Er ekki nóg að gefa atkvæði á móti þeim?). Jú! það er einmitt mín meining, enda ætla eg ekki að minnast á þau öðruvísi, en að eins geta þess, að eg vil ekkert af þeim hafa. Eg tek það upp aptur, að mèr þykir það hálfskrítin ástæða af stjórninni, að eigi verði lagður hèr á almennur brennivínstollur sökum tollstjórnarleysis. En hún ætlar þó, að þessi lög, sem hèr ræðir um, verði framkvæmd. En sè ómögulegt að koma hèr á brennivínstölli sökum *tollstjórnar*leysis, þá held eg, að þessum fyrirliggjandi lögum verði heldur ekki framgengt sökum *lögreglustjórnar*leysis. Eg verð þess vegna líklega með nefndinni, ef töluliður 2. verður ekki klipinn í sundur; en eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi megi gjöra það.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sögðu, að ísjárvert væri fyrir þingið, að hafna stjórnarfrumvarpinu. En eg get nú eigi sèð, að það sè ísjárvert fyrir þingið, að segja með hreinskilni og hógværð, hvað það vill, og mèr finnst það skylda þingsins að segja ósk sína hreint og beint, og get ekki sèð neina ókurteisi í því. Eg get nú ekki sèð, að breytingaratkvæðið undir 2. tölulið sè neitt þýðlegar orðað en uppástunga nefndarinnar, heldur verð eg að vera samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni í því, að það sè

einmitt óþýðlegar orðað. Því það er sama, sem það fer fram á, og sagt væri: Eg vil reyndar fallast á frumvarpið með nokkrum breytingum, en það er svo óliðlega frá því gengið, að eg get eigi bætt það, eins og það er, og þú verður því að setjast niður aptur og gjöra betur. Eg get eigi séð, að stjórnin verði ófúsari á að heyra bænir vorar, þó vèr segjum hreint og beint, að vèr getum ekki lagt þenna toll á undir þessu formi, heldur en áður, og þetta getur því ekki verið ástæða fyrir stjórnina, að synja oss um fjárveitingar þær, sem vèr þurfum. En ef hún vill gjöra það, þá liggur beint við, að hún útkljái fjárhagsaðskilnaðinn, og segi svo: «Þetta fáið þið, og sjáið svo sjálfir fyrir yður». Eg get nú enn eigi séð, að alþingi hafi rètt til að gefa atkvæði í þessu máli, þar eð það eigi hefir fullt atkvæði í því, og því síður getur það ráðið ríkisþingi Dana til að leggja álögur á oss. Eg held því, að þessar ræður mót nefndinni hafi ekki sannfært þingmenn — að minnsta kosti hafa þær ekki sannfært mig. — Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölulið 5., þá get eg ekki séð, að sú breyting sè nóg, úr því annars farið er að breyta, því það vantar þá miklu fleiri ákvarðanir. Það er ekkert tiltekið, hvert fèð á að ganga eða til hvers það á að ganga. En ef breytingaratkvæðið á vera svona, eins og það er hèr, þá er það hið sama og að segja, að fjárhagsaðskilnaðurinn eigi að vera genginn á undan, og þá kemur allt í sama stað niður og hjá nefndinni. Eg sè því eigi ástæðu til, að fallast fremur á breytingaratkvæðin en niðurlagsatriði nefndarinnar, því að þau miða öll að hinu sama, og þótt breytingaratkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns kunni að vera mildar orðuð, þá er þó sama niðurstaðan. Að því er snertir það, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók fram, að sú hækkun, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður stingur upp á, það er 1000 rd., sè of mikil, þá vil eg annaðhvort, að svo mikill tollur sè lagður á brennivín, að nokkuð muni um það, eða enginn ella. Það var nú tekið skýrt fram við undirbúningsumræðuna, að smákaupmenn neyddust eigi að eins til að hætta brennivínssölunni, heldur yrðu þeir og að hætta allri verzlun, ef þeir neyðast til að hætta að selja brennivín; og þetta held eg hver maður verði að játa, sem nokkuð þekkir hèr til; þá sè eg nú eigi, hvers vegna þeir fáu kaupmenn, sem eptir eru, geta eigi borgað 1000 rd. á ári, og er þó sá tollur á brennivíni engan veginn mikill. Eg get nú eigi fallizt á þá uppástungu þingmanns Borgfirðinga, að tollurinn

skuli í mesta lagi vera 4 sk. á hverjum potti. Eg vil nú snúa þessu við og hækka það og segja, að af hverjum potti skuli goldnir *í minnsta lagi* 8 sk. Og þó leyfisbrèfagjaldið sè 1000 rd., þá nær það þó eigi þeirri upphæð, og ef tollurinn væri 8 sk. af pottinum, og þó tollstjórn væri sett, þá mundi afgangurinn samt verða meiri.

Pètur Pètursson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði um breytingaratkvæði mitt undir 5. tölulið, með því hann vissi eigi, hvernig ætti að verja þessu fè, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg held, að þetta sè sprottið af misskilningi. Því þegar það er tekið fram í lagaboðinu, að fè þetta skuli ganga í Íslands þarfir, þá verður það haft sèr, eins og t. a. m. þeir 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. Þegar því alþingi biður um fjárveitingar til einhverra stofnana, t. a. m. til lagaskóla, gufuskipsferða eða vegabóta, þá er það sjálfsagt, að stjórnin tekur til þessa fjár. Að öðru leyti skal eg ekki mæla meira með mínu breytingaratkvæði, því að eg þykist sjá fyrir forlög stjórnarfrumvarpsins, og þó eg kynni að geta frestað dauðdaga þess um nokkrar mínútur, þá þykir mèr það eigi tilvinnandi, því að »forlögunum fresta má, en fyrir þau komast eigi«.

Arnljótur Ólafsson: Eg get nú ekki neitað því, að mèr þótti breytingaratkvæði mitt verða fyrir hörðum dómi hjá hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni. Eg kalla það harðan dóm af svo sanngjörnum og rèttsýnum manni, að kalla það *ófært* að forminu til. En eg held, að dómur þessi hafi komið af miklum misskilningi. Því þegar við gáum að stjórnarfrumvarpinu, þá er aðalefni eður tilgangur þess sá að leggja toll á brennivín og brennivínsveitingar. Ef nú breytingaratkvæði mitt væri alveg á móti þessum tilgangi frumvarpsins og vildi eigi hafa lagðan nokkurn toll á brennivín, þá kynni dómur hins 4. konungkjörna að vera rèttur. En það er þvert á móti, eg vil í breytingaratkvæði mínu, að fè sè goldið af brennivíni eður af áfengum drykkjum, en eg *vil* það eigi að eins heldur *gjöri* eg það, en aptur á móti vill stjórnin leggja toll á áfenga drykki, en gjörir það *ekki*. Það er nú aðalgallinn á stjórnarfrumvarpinu, að þetta 100 rd. gjald er lagt á kaupmanninn eður á *alla* verzlunina, og er því engin sönnun fyrir því, að neitt gjald jafnvel eigi $^1/_4$ sk. komi niður á brennivínið. Því hvað er það annað, að kaupmaður geldur 100 rd. fyrir að selja brennivín, en að hver sem vill verzla með það geldur 100 rd. af verzlun sinni,

og þarf eigi, og meira að segja *getur eigi* lagt gjaldið á brennivínið; og svo þegar betur er að gáð, þá er eg sannfærður um, að ekkert af þessu gjaldi kemur á brennivínið, því að stórkaupmenn þurfa eigi að selja brennivín sitt dýrara fyrir þetta 100 rd. gjald, og smákaupmenn verða því annaðhvort að hætta brennivínssölu með öllu eða þeir verða að selja það eins ódýrt og stóru kaupmennirnir. Mitt breytingaratkvæði miðar nú að því að færa frumvarpið að tilgangi sínum, að gjald fáist af brennivíni. Þetta sker, sem frumvarpið hefir strandað á, vildi eg forðast og hefi forðast; en svo er nú til annað sker, sem eg vildi eins og líka gjört er í stjórnarfrumvarpinu, sneiða hjá, en það er að þurfa að hafa tollsstjórn, því að eg er henni alveg mótfallinn. En hjá tollstjórn má nú eins komast eptir breytingaratkvæði mínu eins og eptir frumvarpinu. Þótt mèr sè annars sama hvort breytingaratkvæði mitt fellur eða ekki, þá finnst mèr þó óefað, að það er að minnsta kosti hógværara en niðurlagsatriði nefndarinnar, því að niðurlagsatriðið verður ekki skilið öðruvísi en svo, að nefndin ráði alveg frá að leggja toll á áfenga drykki; hún fellir frumvarpið alveg, en greinir ekki frá, hvort það sè af því, að nefndin vill eigi, að nokkur tollur sè lagður á brennivín, eða af því, að tollur sè eigi lagður á brennivín eptir því sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu. En mitt breytingaratkvæði fer fram á, að tollurinn sè eigi lagður á eptir frumvarpinu, en það bendir aptur til þess, að tollur skuli lagður á, og hvernig hann skuli lagður á. Eg get nú heldur eigi sèð, að þingið sè óhæverskt þótt það stingi upp á breytingum við stjórnarfrumvarpið. Það ætti þá að vera óhæverskt að búa til frumvarp að nýju, en þingið hefir þó gjört það, og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður getur sèð á alþingistilskipuninni, að þingið hefir rètt til að gjöra uppástungur, eður koma með frumvörp.

Eptir þessar almennu athugasemdir skal eg víkja mèr að breytingaruppástungum mínum. Það hefir nú verið haft á móti staflið *a*, að eigi væri nema í mesta lagi 4 sk. tollur lagður á pottinn og framsögumaður vildi hafa að minnsta kosti 8 sk. af hverjum potti. Eg hefi nú reyndar ekkert á móti þessum 8 sk. toll í sjálfu sèr, en það sem mèr gekk til að tiltaka að eins 4 sk., var það, að eg vildi, að byrjað væri með lágum tolli fyrst, svo vèr gætum hækkað hann á síðan eptir þörfum; og þótt nú eigi sè nema 4 sk. lagðir á pottinn, þá er það meira en 20,000 rd. og er það þó nokkuð til að byrja með. Eg vildi nú byrja með lágt gjald fyrst, sökum

þess, að því lengur sem landstjórnin lifir, því meira fè þarf hún, því þarfirnar vaxa jafnan með tímanum, og þá má hækka tollinn ef hann er lágur með fyrsta; því eg vil eigi gjöra tollinn svo háan í fyrstunni, að vèr fáum þær tekjur, er vèr eigi þurfum að verja og sköpum oss því nauðsynjar handa tekjunum, en þá verður ekkert fè til, er hinar verulegu þarfir koma. Aðrar fleiri ástæður ætla eg eigi að koma með, þótt eg hafi þær til. En hins vegar er eg sannfærður um, að eigi má leggja meiri skatt á fasteign og lausafè en kominn er. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði það á móti eiðstilboðinu, að það mundi freista manna til að sverja rangan eið; eg játa nú, það *getur* orðið, en *þarf eigi* að verða. En þegar meira en 10,000 menn, sem tíund eiga að greiða, eru leiddir í þessa freistni, þá sè eg ekkert á móti því, að leiða líka 100 kaupmenn í sömu freistingu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði og það á móti eiðstilboðinu, sem reyndarer hið sama, að það mundi spilla siðferði manna, og hann er þá, ef til vill, á því, sem áður hefir verið tekið hèr fram, að tollstjórn væri betri í því tilliti. En eg verð nú að álíta það alveg gagnstætt. Eg álít að það geti engum manni spillt að segja við hann: Eg bið þig sem góðan dreng (paa dit Æresord) að þú segir mèr satt og rètt frá, hversu mikið þú selur af brennivíni. Í stuttu máli, eg verð að álíta það miklu minna spillandi, að lögin byggi á því, að maður sè góður drengur, heldur en að senda svo og svo marga menn út á skip til hans, skoða þar hvern hlut og hafa gát á öllu þegar skipað er upp, og loka og forsigla allt á kvöldin. Eg get eigi betur sèð en að þetta sè að gruna menn fyrir fram um svik og fals. Eg skal nú fúslega játa, að stafliðurinn »c« er lakast orðaður. En hugsunin í honum var sú, að ef lögreglustjórinn hefir að eins lítinn grun á manninum, þá getur hann látið hann sverja. En ef grunurinn er meiri en svo, að lögreglustjórinn vilji gefa eið, þá rannsakar lögreglustjórinn málið og skapar manninum toll o. s. frv. Eður rèttara sagt eptir staflið »c« hefir lögreglustjórinn valið milli eiðs og þess, að manninum sè skipaður tollur, þegar grunur liggur á honum, og þá fer svo, að sè grunurinn lítill, þá er maðurinn látinn sverja, en sè grunurinn meiri, þá er málið rannsakað. Nú hefir lögreglustjórinn grun um, að einhver hafi fengið eður selt meira brennivín, en hann hefir sagt til, þá hefir lögreglustjórinn eigi annað í höndunum en tollseðilinn og farmskrána (Connossementet) og af því að hann hefir rètt til að rannsaka málið, þá getur hann sagt

við hinn grunaða: Viltu færa þig undan með eiði; eða hitt: Eg skoða vöruskrá þína (Facturaen), búð þína og verzlunarbækur. Þarna er valið í milli, og er það nauðsynlegt, ef tollseðill er annaðhvort eigi til, eður að eins yfir nokkurn hluta af drykkjuvörunum, því að farmskráin er opt svo löguð, að þar er hvorki getið um mál nè vog, en það stendur aptur í vöruskránni. En ef grunurinn er mikill, þá velur lögreglustjórinn sjálfsagt rannsóknina, og treysti lögreglustjórinn sèr til að *sanna*, að kaupmaður hafi dregið undan, þá er auðsætt, að eiðinn má eigi viðhafa. Þetta síðasta tilfelli hefi eg eigi tekið fram, því eg áleit það svo sjálfsagt og einfalt, að þá *skal* lögreglustjórinn rannsaka málið. Sá sem undan hefir dregið, á nú að greiða tvöfaldan toll af hina undandregna, það er að skilja, *auk* hins upprunalega tolls, svo tollurinn verður í rauninni þrefaldur, eins og nú eru lög til eptir opnu brèfi 1. sept. 1786 í tíundarmálum.

Eg trúi, að hinn háttvirti, eða rèttara sagt, heiðraði framsögumaður hafi haft mikið á móti staflið »d«. Eg veit nú sannarlega eigi hvers vegna. Hann veit þó líklega, að það getur staðið í lögum, að þau skuli gilda þá eður þá síðar. Eg held því að mótmæli hans sè sprottin af misskilningi. Þingmaðurinn getur og sèð, að eg ætlaðist til, að löggildingu þessa frumvarps skyldi frestað, enn eigi hitt, að lagaboðið skyldi koma út og hafa eigi lagagildi, eins og mèr skildist hann segja. Eða að minnsta kosti hefir mèr verið sagt, að hann talaði eitthvað þessu líkt, að vísu hefi eg ekki heyrt það, og tel eg það ekki með skaða mínum.

Það kynni nú að vera hlutdrægni af mèr, ef eg færi að rífa niður hin breytingaratkvæðin, og skal eg því eigi fara út í þá sálma. En þó, að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölul. 5., þá hefði eg spurt hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann, ef hann hefði eigi verið búinn að tala, hvort fèð ætti eigi að renna í nokkurn sjóð, eða hvar það ætti að vera, áður en það væri brúkað. Eg held það eigi nú eins og aðrar tekjur landsins að renna inn í ríkissjóðinn eður jarðabókarsjóðinn, sem er nú hið sama og inn í ríkissjóðinn, og þá er breytingaratkvæðið að því leyti óþarft.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að eigi mundi þurfa að leiða getur um forlög frumvarpsins, og eg held það líka. En eg vil samt að því leyti, sem eg kem til að styðja að þessum forlögum, gefa ástæðu fyrir, hvers vegna eg muni gefa atkvæði móti frumvarpinu. En eg leiði þær ekki af

því, hvort þessi gjaldstofn, sem frumvarpið vísar á, er rèttlátur og liggur vel við eður ekki; ekki leiði eg þær heldur af því fyrirkomulagi, sem frumvarpið hugsar sèr á gjaldheimtunni og greiðslunni, nè heldur af því, hvort þessi álaga er lèttbær eða óbærileg, en allrasízt leiði eg þær út af hinum óumræðilegu breytingaratkvæðum þingmanns Borgfirðinga. Það getur nú víst enginn neitað því, að þetta mál er mjög skylt lestagjaldsmálinu eptir því formi, þeim búningi og þeirri stefnu, sem bæði frumvörpin eru hèr komin fram í frá stjórninni, og að þess vegna hinn sami grundvöllur er fyrir þeim báðum, eða að þau standi og falli hvort með öðru. Eg lýsti því yfir við undirbúningsumræðuna í lestagjaldsmálinu, á hvaða skoðun eg vildi byggja það að ráða frá, að það frumvarpið yrði gjört að lögum; og eg byggi hèr í þessu máli enn á hinni sömu skoðun, og það er þeirri, að hèr er að ræða um *nýja skatta og nýjar álögur á landsmenn,* hvað sem öðru líður. Þetta hafa líka þeir allir viðurkennt, sem hafa stutt frumvarpið. Þess vegna hafa líka bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi og aðrir sagt, að álagan væri lèttbær og munaði litlu hvern einstakan mann, og þess vegna mundu Íslendingar eigi færast undan henni. Það getur verið, að það hafi verið of hart kveðið að orði af mèr um daginn, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þá svaraði mèr, að kalla lagabrot, þessa aðferð, sem stjórnin hefir valið hèr til að gjöra frumvörp þessi að lögum. En eg verð samt að segja, að eg sè eigi betur en að það sè «forfatningsstridigt», því að það er þó og verður alveg á móti alþingislögunum, að stjórnin leggi atkvæði alþingis undir ríkisþingið. Þetta, sem hèr liggur nú fyrir, er frumvarp til «*laga*», og ef þingið gengi að þessu frumvarpi, með eður án breytinga, þá yrði það ekki til úrskurðar konungs, heldur undir atkvæði ríkisdagsins. Og þótt nú þingmaður Borgfirðinga segi, að konungurinn megi «leita ráða» hjá hverjum sem hann vilji um málin, þá hefir hann hvergi áskilið sèr rètt til og má því ekki leggja atkvæði alþingis undir atkvæði annara þinga. Ef nú þetta frumvarp er samþykkt hèr, þá gengur það til ríkisdagsins, og tekur hann það annhvort óbreytt eða með breytingum, en þá er konungur bundinn við þessar breytingar ríkisdagsins; hann getur reyndar neytt síns «*veto*» og lögleitt eigi frumvarpið, En er nú þetta frumvarp, sem þannig gengur frá ríkisþinginu fyrir konung, verður það skoðað sem frumvarp frá alþingi? Nei, engan veginn, heldur frumvarp frá ríkisdeginum, því það er frumvarp til *laga*,

sem hèr liggur fyrir. Eg held því, að allir verði að líta svo á, að það sè frumvarp frá ríkisdeginum. En af þessu leiðir þá beinlínis, að ef þetta frumvarp væri tekið hèr til greina, þá væri alþingi þar með gjört að álitsskrifstofu undir ríkisdaginn. En má eg spyrja, hvar í alþingislögunum hefir stjórnin heimild til að gjöra þetta. Það er reyndar satt, að vèr getum gefið eptir þenna rètt vorn, sem alþingistilskipunin heimilar oss skýlaust, að atkvæði alþingis liggi einungis beinlínis undir einveldisatkvæði konungsins; en er það gjörandi fyrir oss? Eptir alþingistilskipuninni hefir stjórnin engan rètt til þessarar aðferðar, að leggja atkvæði alþingis undir hvort heldur ríkisdaginn eður annað þing, því í niðurlagsmálsgrein alþingistilskipunarinnar sjálfrar (79. gr. 5. atr.) segir svo:

> »Ef Oss, til að ná Voru landsföðurlega augnamiði með þessari tilskipun, síðar kann að virðast, að einhverrar breytingar á henni viðþurfi, viljum Vèr þó fyrst útvega alþingisins álit, áður en Vèr í því tilliti gjörum nokkra endilega ályktun«.

En hve nær er nú útveguð ályktun um það, að atkvæði alþingis skyldi heyra undir álit og atkvæði ríkisdagsins? Og meðan það er eigi gjört, þá hefir stjórnin enga heimild til að leggja atkvæði vort undir ríkisdaginn í skattamálum sjálfra vor. Vèr höfum líka dæmin upp á, að stjórnin hefir ekki leyft sèr þetta við önnur standaþing. Eg held, að allir þekki helzt til of vel ágreining þann, er hefir verið milli þings Holseta og Danastjórnar um svo mörg undanfarin ár; það er annað mál, að það stríð er nú á enda. En þó að standaþing Holsetamanna væri að eins ráðgefandi þing, eins og alþing er, og þó að Danastjórn og Holseta greindi allt af á æ meir og minna, þá kom Danastjörn samt aldrei til hugar að reyna að jafna þann ágreining eða slíta þrætuna með því að leyfa sèr að leggja atkvæði Holsetaþingsins undir úrslit og atkvæði ríkisdagsins. Eg held líka, að jafnvel allri norðurálfunni hefði gefið á að líta, hefði stjórnin þannig misboðið skýlausum rètti Holseta. Mèr finnst nú þessi hlið málsins næsta alvarleg og næsta ískyggileg, ekki sízt þegar gáð er að, í hvaða sambandi þetta mál stendur við önnur mál, sem nú eru hèr fyrir á þinginu af hendi stjórnarinnar. Það er nú lagt fyrir þingið frumvarp til fjárhagsaðskilnaðar; þar með á að fylgja það, að alþingi verði veitt — ef eigi fullt atkvæði, — þá samt talsvert rýmra atkvæði í öllum fjárhagsmálum þessa lands. Um þetta mál eigum vèr nú að segja álit vort. En í sömu andránni og stjórnin leggur þetta frumvarp fyrir þingið, þá fer hún

því fram með þessum 2 frumvörpum, — eg fæ eigi betur séð — að skerða í mesta máta það hið litla atkvæði, er vèr nú höfum í fjármálum vorum. Þetta atriði þykir mèr nú svo alvarlegt og þessi aðferð svo undarleg, að eg get eigi kallað annað en að það sè í mesta máta að misbjóða rètti þingsins. Þess vegna er eg nú eigi í neinum vafa um, að þingið eigi að ráða konunginum frá að gjöra frumvarp þetta að lögum. Eg lít eigi til frágangs og stefnu frumvarpsins, en eg lít að eins til þess, að stjórnin getur ekki ætlazt til, að alþingi gefi álit eða atkvæði sitt í þeim málum, er eingöngu áhræra nýjar álögur með því beina skilyrði, að það atkvæði þingsins skuli liggja undir ríkisdaginn á eptir.

Jón Hjaltalín: Eg verð dálítið að verja mig og breytingaratkvæði mín. Eg hefi að eins bætt einu »0« við, og þykir mönnum það gífurlegt, það gæti að vísu orðið gífurlegt, ef menn bættu einu »0» til, því þá yrði það stórkostlegt, en eg held, að þetta sè grýla ein, sem ekki þarf að hræðast.

Eg sè á frumvarpinu, að allir áfengir drykkir eru eigi taldir, því öl er ekki nefnt, og er þó drukkið töluvert af því nú orðið. Eptir frumvarpi stjórnarinnar flytjast hingað árlega 581,932 pottar áfengra drykkja, eg held í rauninni, að það sè meira, og víst mundu það verða 600,000 pottar, ef ölið væri meðtekið; legði maður nú 1 skilding á hvern pott, fengi maður yfir 6000 rd., og legði maður 4 skildinga á pottinn, fengi maður 25,000 rd., og 4 skildingar eru þó engar öfgar, að minnsta kosti getur engum, sem vill hamla ofdrykkjunni, þótt það of mikið. Önnur mótbára, sem fram hefir komið, er að þetta verði til að eyðileggja hina smærri borgara; svona fer einnig ef frumvarpi stjórnarinnar er fylgt; það hlýtur að verða órèttvíst móti smákaupmönnum, því eptir því skal sá kaupmaður sem selur 20 tunnur á ári, gjalda jafnt og hinn, sem selur 200 tunnur; það liggur í augum uppi, að þetta gjörir stórkaupmanninum ekkert til, hann getur selt brennivínið við sama verði og áður, en það getur smákaupmaðurinn ekki, úr því svona er, stendr á sama, hvort álögurnar eru stórar eða litlar. Það þykir mèr skrítið er menn segja, að tollstjórn sè hèr ómöguleg, eg held ef það er satt, að þá sè öll innlend stjórn ómöguleg; eg hef talað við marga menn, sem sagt hafa, að hvergi í norðurálfunni væri hægra að koma tollstjórn á en hèr; það liggur líka í augum uppi, þar sem sigling er hèr einungis fáa mánuði um sumartímann, og nætur þá bjartar sem dagar, enda eru hèr ekki svo góðar hafnir,

að menn girnist að hleypa að landi hvar sem vera skal; eg vildi einungis taka þetta fram, af því að mjög óheppilegt er, að þessi meining innrætist mönnum. Það álít eg satt, sem sagt hefur verið, að ekki megum vèr leggja skatta á fasteign og lausafè fremur en nú er. Eg vona, að þingmenn sjái, að ef fallizt verður á frumvarpið, er ekkert á móti að hækka 100 rd. gjaldið til 1000 rd., því með því vona eg að tvennt vinnist, bæði að hamla ofdrykkjunni, og að meira fè fáist, svo eitthvað verði með því gjört, það er þó munur á, hvort menn fá 6000 rd. eða 25,000 rd., eg vil öldungis ekki efast um, að stjórnin verji fè því sem þannig fæst í Íslands þarfir. Breytingaratkvæðið undir 3. tölulið gjörði eg vegna þess, að mèr virtist að þingið ætlaði yfir höfuð að taka dræmt undir frumvarpið. Hið síðasta breytingaratkvæði mitt, við 7. grein álít eg nauðsynlegt, því frumvarpið er ógreinilega orðað, menn búa ekki til romm, konjakk, nè vín úr brennivíni. Stjórnin hefir sjálfsagt meint alla áfenga drykki. Eg er nú hræddur um, að breytingaratkvæði mín eigi ekki langt líf fyrir höndum, en ekki er enn þá nein sú ástæða fram komin, er sanni að þau sèu óhafndi.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að gjöra eina athugasemd við það sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga sagði; hann sagði, að nefndin vildi ekki leggja toll á brennivínið *Arnljótur Ólafsson:* Nei), en hún hefir einmitt tekið fram, að brennivínið væri hinn tiltækilegasti gjaldstofn; þetta er annaðhvort athugaleysi eða misskilningur af þingmanninum, en nefndin rèði einungis frá að gjöra það nú sem stæði. Viðvíkjandi liðnum d, þá verð eg að halda því fast fram, að það sè formleysi, því það kalla eg formlaust, að leggja fyrir þingið frumvarp til laga, sem svo skal liggja um ótiltekinn tíma áður en það fær lagagildi, og og ef til vill aldrei kemur út sem lög.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða varaforseta, að stjórnarfrumvarpið væri «forfatningsstridigt» og kæmi í bága við alþingistilskipunina, leyfa mèr að lýsa því yfir, að þessi skoðun hins heiðraða varaforseta er að mínu áliti algjörlega röng, því eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, er það í alla staði «correct» meðferð, sem stjórnin hefir haft á þessu máli, eins og hún er samhljóða þeirri, sem átt hefir sèr stað í líkum málum að undanförnu; eða hverja meðferð gat stjórnin aðra haft en þá að leggja málið undir álit þingsins, áður en hún rèði því til lykta, eptir því, sem nú hagar til, að tekjur og útgjöld Íslands liggja

undir ríkisþingið. Annað mál er það, hvort hinum heiðraða varaforseta þykir þetta fyrirkomulag eðlilegt eða æskilegt, en það kemur ekki málinu við, eins og það nú liggur fyrir.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði ekki að tala núna neitt í þessu máli, því að eg lèt meiningu mína í ljósi um daginn, að sumu leyti í líka stefnu og sá heiðraði framsögumaður. En af því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi mótmælti því, að ræða varaforseta væri byggð á rèttum rökum, þá tek eg orð hans gegn varaforseta ekki öðruvísi en svo, að hann eptir stöðu sinni geti ekki fallizt á það, sem er á móti skoðun stjórnarinnar, eða hann heldur að sè svo; en konungsfulltrúinn færði engar ástæður fyrir máli sínu; mèr finnst því að þingið geti svarað honum á sama hátt, fyrst að hann ekki kom með neinar ástæður fyrir máli sínu, og því mótmæli eg áminnztu áliti konungsfulltrúa, af ástæðum í ræðu varaforseta, en sjálfur þarf eg ekki að færa ástæður framar, fyrst konungsfulltrúi gjörði það ekki. Eg stend ekki núna upp í eins alvarlegum tilgangi og um daginn, þegar eg talaði í þessu máli, heldur vil eg skoða breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns 4 rètt að gamni mínu. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hèlt um daginu, að eg hefði orðið sèr of nærgöngull, þegar eg minntist á þetta breytingaratkvæði við undirbúningsumræðuna; eg skal nú ekki taka hart á þessu yngsta barni hans á atkvæðaskránni; því eg er hræddur um, að það verði ekki langlíft. Mín meining var um daginn, að ef aðrir áfengir drykkir en brennivín væru undanskildir tollinum, þá væri auðsèð af hverju það kæmi og til hvers það drægi með tíma. Það væri reyndar kann ske sanngjarnt, að embættismenn og ríkismenn í kaupstöðunum, gætu drukkið hin dýrari vín tollaust, svo þeir gætu lifað í því samboðið stöðu sinni; en hvað yrði afleiðingin af þessu? Ætli bændurnir og enda fátæklingarnir uppi í sveitunum, færu ekki bráðum að feta í spor hinna og kaupa hina dýrari drykki, þegar þeir væru tolllausir, mundi þetta hafa betri siðferðislegar og hagfræðislegar afleiðingar? Eg segi þetta í því skyni, að eg þykist viss um, að þegar vèr höfum sjálfir fengið vald til að leggja skatta á landið, muni fyrst af öllu verða ráðizt á brennivínið og aðra áfenga drykki. Eg held það sè misskilningur, að nefndin hafi nokkuð á móti, að tollur sè lagður á brennivínið, ef tími væri til þess af öðrum ástæðum, eins og nefndarálitið tekur ljóslega fram, en hún vill vara menn við að komast inn á villigötur. Öðru máli er að gegna um breytingaratkvæði

þingmanns Borgfirðinga; það gæti eg heldur fallizt á; ef menn vildu nú þegar leggja tollinn á; því eins og hann sjálfur sagði, er það byggt á því, sem lengi hefir verið framkvæmt hèr í landi, hvað tíundarframtalið snertir, og gæti það verið mönnum til bendingar síðar, ef til þess kæmi, að þessi tollur yrði lagður á. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um frumvarpið nè breytingaratkvæðið; það mun liggja í salti um hríð, og geta þá seinni þingmenn, þegar þar að kemur, tekið úr því það sem þeim þykir nýtilegt.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls er ályktarumræðu þessari lokið. Viðvíkjandi áskorun þingmannsins úr Vestmannaeyjum til mín, um að kljúfa breytingaratkvæðið undir 2. tölulið, þá mun hann sjálfur sjá, að það mundi ekki verða til neins, þó það væri gjört; það væri óþarft, því stjórninni er ætíð innanhandar að leggja fram nýtt frumvarp þegar hún vill; en það gæti þar að auki valdið misskilningi, því stjórnin gæti þá skilið þingið svo, að það óskaði að frumvarp yrði aptur lagt fyrir næsta þing, án tillits til þess, hvort fjárhagsmálið væri komið lengra á veg en nú er, eða ekki; en eptir því sem mèr hefir skilizt er það ekki ósk þingmanna, að það yrði gjört fyrr en fjárhagsskilnaðurinn væri á kominn, eða í fyrsta lagi jafnframt honum. Fyrir þessa sök mun eg leita atkvæða um uppástunguna, sem stendur undir 2. tölulið, alla í einu, nema fyrstu orðin, sem eru samhljóða því, sem þegar er samþykkt við 1. tölulið.

Var þá gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, og fèllu þau þannig:

1. Uppástunga nefndarinnar, samþ. með 18 atkv. gegn 5.
2. Breytingaratkvæði Arnljóts Ólafssonar, fellt með 15 atkv. gegn 6.

Við þessa atkvæðagreiðslu voru allir hinir töluliðirnir á atkvæðaskránni fallnir.

Forseti: Þar næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til laga um *breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. apríl 1854* um *sigling og verzlun* á Íslandi. Eg veit ekki hvort framsögnmaður, hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, vill gjöra nokkrar athugasemdir um málið.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 330.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg hefi litlar athugasemdir að gjöra við breytingaratkvæðið við meiri hlutann, og eins við minni hlutann, og ætla ekki að tala um það fyrr en uppástungumennirnir hafa mælt breytingaratkvæðunum og uppástungu minni

hlutans það sem þeir ætla þeim megi til stuðnings verða. Á-stæðum þeim, sem þeir komu fram með við undirbúningsumræðuna, var þá nægilega svarað bæði af mèr og öðrum, og mega þeir koma með aðrar nýjar, ef eg á að geta fallizt á uppástungurnar. Viðvíkj-andi breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið, þá veit eg ekki, hvort það er meining uppástungumannsins, að frumvarpið sè svo gott og gallalaust, að það, þegar fjárhagsskilnaðurinn er á kominn, megi öðlast lagagildi; sè svo get eg ómögulega fallizt á það; eg hef tekið það skýrt fram, að frumvarpið hefði þá galla, að eg gæti ekki aðhyllzt það; 4 rd. eru bæði langt of hátt lestagjald, og kemur mjög ójafnt niður; þetta er enn óhrakið. En það er ekki eingöngu þetta, sem eg hef nú móti frumvarpinu, heldur líka og einkum það, að ekki alþingi heldur ríkisdagurinn leggur lestagjald þetta á; mèr skilst ei annað en að vèr höfum rètt til að krefjast þess, að áliti alþingis sè eigi fleygt undir ríkisdaginn, því það finnst mèr á móti alþingistilskipuninni. Hafi nú þetta, segi eg, verið meining þing-manns Borgfirðinga, þá vakir að nokkru leyti líkt fyrir honum og nefndinni; hann vill fresta frumvarpinu, af því hann finnur á því galla, sem gjöra það óhafandi, og ekki hefir hann talið neina þá kosti við það, er gjörði það viðunandi, hvers vegna á þá að slá því á frest að beiðast þess, að það nái ekki lagagildi? Hvað minni hlutann snertir, þá fældi það meiri hluta nefndarinnar, að konungsfulltrúi ekki gat gefið tryggingu fyrir því, að fè því, er við þetta ynnist, yrði varið til Íslands þarfa og til stuðnings nýrra stofnana, án þess að nokkurt tillit yrði tekið til þess tillags, er Danir þykj-ast árlega skjóta til okkar á meðan að ekki er útgjört um, hvernig á fjárhagnum stendur.

Bergur Thorberg: Það hefir komið fram bæði í þessu máli og í öðru máli, sem þingið hefir haft til umræðu og verið gjört mikið úr, að mál þessi mundu lögð fyrir ríkisdaginn eptir að þau koma frá alþingi. Þetta er öldungis eðlilegt, eptir því fyrirkomu-lagi, sem nú á sèr stað, og eptir ásigkomulagi þessa máls. Mál þetta snertir bæði Dani og Íslendinga; leiðarbrèf fyrir Íslandsför eru ekki keypt eingöngu hèr, heldur og í Kaupmannahöfn, og er því eðlilegt, að ríkisdagurinn einnig hafi málið til meðferðar. Önn-ur ástæða er líka til þessa, og nær hún til allra skattalaga; hún er sú, að allar tekjur af Íslandi eru uppfærðar í fjárhagslögum Dana, og þegar fjárhagslögin, og þess vegna einnig sá kafli þeirra er Ísland snertir, eru rædd á ríkisdegi Dana, flýtur þar af, að breyt-

ing á lögum þeim, er innihalda ákvarðanir um tekjurnar, einnig verður að ræðast á ríkisdeginum. Þar sem menn heimta ábyrgð fyrir, að fènu verði varið í Íslands þarfir, þá hafa menn tryggingu fyrir því í ástæðunum fyrir frumvarpinu; en þeir sem heimta meira geta fallizt á vara-uppástungu minni hlutans; ef hún er tekin upp í lagaboðið hafa menn fulla formlega trygging fyrir, að fènu verði varið til Íslands þarfa. Fellur þá sú mótbára gegn frumvarpinu, sem menn þannig hafa fram komið með, því sú sem hèr er um rætt er nægileg í alla staði.

Arnljótur Ólafsson: Af því að hinn heiðraði framsögumaður að nokkru leyti skoraði á mig, skal eg með fáum orðum skýra meininguna í breytingaratkvæði mínu undir 2. tölulið. Það er nokkurs konar vara-uppástunga við frumvarpið og við minni hluta nefndarinnar, þannig að ef þingið fellst á frumvarpið breytt eða óbreytt, þá nær breytingaratkvæði mitt þýðing sinni, sem er sú, að frumvarpið ekki nái lagagildi fyrr en fjárhagsskilnaðurinn er kominn á. Fallist menn á meiri hluta nefndarinnar þá er mitt breytingaratkvæði fallið, því meiri hlutinn fer fram á, að frumvarpið nái aldrei lagagildi, en breytingaratkvæði mitt skýtur því á frest um vissan tíma. Eg vona að skýring þessi muni nægja. Hinn heiðraði framsögumaður, og fleiri, hafa fært það sem ástæðu gegn frumvarpinu, að hallað væri atkvæðisrètti alþingis í þessu máli; eg er öldungis á móti þessari skoðun; en af því eg virði tilgang þeirra er svo hafa talað, skal eg ekki vera harðorður, þótt eg geti ekki virt ástæður þeirra. Eg vil því að eins benda til þess, að ef setning þeirra væri rètt, þá gætum vèr ekki beðið um einn einasta skilding úr ríkissjóði til Íslands þarfa, því að sú bæn hlýtur að koma undir ríkisdaginn, og vèr gjörðum oss þá að álitsstofu undir ríkisdeginum, eins og hinn háttvirti varaforseti komst að orði. Í stuttu máli, mèr finnst konungur ekki misbjóði alþingi, þó hann beri málið undir ríkisdaginn á eptir, eins og hann hefir borið mál undir dýralækningaráðið, þegar hann uppfyllir það að leita álits alþingis, Annað mál er, ef fara ætti eptir konungalögunum; þau skuldbinda konung til að vera einvaldan, og er þá spursmál, hvort hann hefir leyfi til að koma hèr á landi fram sem constitutionel konungur í Danmörku. En alþingistilskipuninni og tilskipun 28. maí 1831 er sannarlega fullnægt með því að málið er borið undir álit alþingis.

Framsögumaður: Eg skyldi ekki hafa á móti, að málið kæmi undir ríkisdaginn, ef konungur ekki væri bundinn við að fara eptir

tillögum hans hvað þetta snertir; við dýralækningaráðið er hann, hvað þetta snertir, ekki bundinn, það vita allir, og var því óþarfi að nefna slíkt hèr. Eg hef opt sagt, að eg hefði það móti skatti þessum, að hann væri óeðlilegur, ofhár og ósanngjarn. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður styður minni hlutann, en getur hann ábyrgzt mèr, að stjórnin taki þessa uppástunguna svo til greina, að hún komi inn í löggjöfina, hvað sem ríkisdagurinn segir? Eg get ekki annað en verið í vafa um að hann geti það þótt hann vildi.

Pètur Pètursson: Eg vil geta þess um vara-uppástungu mína, að í henni liggur nóg ábyrgð, ef hún er upptekin. Menn mega ekki láta það blekkja sig þó ábyrgð sè heimtuð, hún liggur í málinu sjálfu. Eg skal annars ekki mæla meira fram með uppástungunni en gjört er. Eg skil ekki, hvernig vèr eigum að fara að biðja um fè til nýrra stofnana og fyrirtækja, ef vèr höfnum því, sem nú er lagt fyrir; því þá færi svo, að þingið eyddi tíma sínum til þess að ræða um mál sem ekkert kemur út af. Stjórnin hefir lýst því yfir og mundi segja, að vèr gætum ekki vænzt eptir fè nema því að eins að vèr viljum eitthvað tilleggja.

Framsögumaður: Nú kemur fram sem optar hin vanalega grýla, að ef vèr viljum ekkert tilleggja, getum vèr heldur ekki vænzt að fá neitt. Eg er nú ekki sèrlega hræddur við þetta. Fyrir mitt leyti vil eg þá heldur standa í stað en leggja nokkur böndá frjálsu verzlunina að svo stöddu, því fullyrða má, að hún hafi afstýrt, eða afleiðingar hennar, hallæri, sem eðlilega hefði orðið við harðærin að undanförnu. Eg verð, hvað mig snertir, að segja í þessu tilliti, að eg vil þá heldur, að mèr sè neitað um einhverja aðra bæn en að það sè óbeinlínis tekið frá mèr sem eg hefi og sem haldið hefir sannarlega mörgum við lífið. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að ef þingið hafnaði frumvarpinu óbreyttu, en tæki það með sinni vara uppástungu, þá hefðu menn næga trygging, hvað þetta snertir. En eg held nú, að ríkisdagurinn geti þrátt fyrir vorar tillögur tekið það úr frumvarpinu sem honum sýnist; já, hann getur tekið frumvarpið en fellt vara-uppástungunaúr og þá væri nú dáfallega komið máli þessu.

Halldór Jónsson: Eg ætla einungis að láta í ljósi, að eins og eg gaf atkvæði mitt móti frumvarpi því, er fyrr var rætt, eins verð eg í þessu máli að vera minni hluta nefndarinnar samdóma, því að bæði þessi mál standa í svo nánu sambandi við fjárhagsmálið; þegar menn segja, að stjórnin muni neita okkur um fè, segja

menn um leið, að þegar sè búið að dæma í máli, sem enn er óafgjört, nefnilega fjárhagsmálinu. Eg vil bíða og sjá, hvort vèr eigum nokkurt fè eða ekki.

Benedikt Sveinsson: Eg var búinn að ásetja mèr að tala ekkert orð, hvorki um þetta mál nè heldur hitt, sem nú var greitt atkvæði um. Eg þóttist í fyrstu vita, að sumir mundu mæla fram með þessu frumvarpi eins og hinu, og aptur sumir á móti svo að eg gæti fengið að sjá þá sömu sannfæringu hjá öðrum sem eg sjálfur hafði og hefi enn, án þess eg þyrfti að lýsa skoðun minni fyrir öðrum. En nú kom ýmislegt fram, einkum í næsta máli á undan, er þetta mál er svo náskylt, sem neyðir mig til að tala fáein orð. Hinn heiðraði varaforseti tók það sterklega fram, að hann yrði að vera á móti frumvarpinu um toll á áfengum drykkjum vegna þess að hinn fyrirhugaði lagatilbúningur væri á móti eður ekki samkvæmur stjórnarlögum Íslands, og þetta sama sjónarmið kemur nú og fram í þessu máli. Það fer nokkuð líkt fyrir mèr og hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga, að eg er ekki samdóma varaforseta, en heldur ekki alveg á móti honum; þess vegna finnst mèr það vera bein skylda mín, að eg láti skoðun mína í ljósi. Það er þá að vísu sannfæring mín, að frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir og er fyrirhugað að verða að lögum, ekki sè samkvæmt stjórnarlögum Íslands, skoðuðum út af fyrir sig, en eg byggi það ekki í aðalatriðinu á alþingistilskipuninni heldur á konungalögunum 14. nóvember 1865. Hans hátign konungur vor er eptir minni föstu skoðun og sannfæringu — eg skammast mín ekkert fyrir, heldur álít það einmitt helga skylda mína að lýsa þessu yfir á þessum stað við þetta tækifæri — einvaldur á Íslandi. Einveldi hans er ótakmarkað að öllu hèr á landi, nema hvað alþingistilskipunin gefur Íslendingum ráðgefandi atkvæði í málum landsins. Þess vegna er sèrhver ráðstöfun, er lýtur að takmörkun á veldi hans yfir Íslandi, beinlínis á móti konungalögunum og undir eins óbeinlínis á móti alþingistilskipuninni, og þess vegna móti stjórnarlögum landsins; en þetta frumvarp gefur ríkisdeginum atkvæðisrètt í fjármáli Íslands gagnvart konunginum og alþingi; því eptir því verður ekki samþykki konungsins og tillögur alþingis einhlítt til að leggja tollinn á Ísland, nè heldur til að verja tollinum til hinna fyrirhuguðu þarfa landsins. Það er sjálfsagt, að Íslendingar eru nú fámennir og lítil þjóð, og í sumra augum máske lítils verð, en tign og veldi konungs vors yfir oss, þó lítil þjóð sèum, er svo mikils verð, helg og háleit

í mínum augum, að eg verð að láta það afdráttarlaust í ljósi, að stjórnarlögin í Danmörku ekki snerta rètt hans eður vald yfir þessu landi í minnsta máta. Þetta er nú ein aðalástæðan fyrir því, að eg get ekki verið með frumvarpinu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn 4. konungkjörni þingmaður tóku það fram til meðmælis frumvarpinu, að stjórnin gæti ekki annað en borið mál þetta undir ríkisdaginn, þar eð tekjur Íslands væri uppfærðar í fjárhagslögum Dana, en þetta er í raun rèttri önnur aðalástæða gegn frumvarpinu, því þetta sýnir einmitt, að þetta tollsmálefni verður nýr liður í því ásigkomulagi, sem factisk á sèr stað og bindur málefni vor við ríkisdaginn, gagnstætt stjórnarlögum vorum; og það er merkilegt að menn skuli nú vilja reira þann hnút fastara, sem þeir eptir nokkra daga ætla að leysa einmitt eptir uppástungu stjórnarinnar sjálfrar. Það er merkilegur vafningur yfir höfuð að blanda saman hreinni skynsemi og því sem kringumstæðurnar óeðlilega hafa fært með sèr, og það er merkilegt, að ætlazt skuli vera til, að alþingi fari nú að herða á þessum böndum. Meining mín er, að þetta ásigkomulag á fjárhagsmálum vorum sè einmitt sterk hvöt og ástæða til þess einmitt *ekki* að ganga að frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir. Annað mál hefði það verið, hefði tollmálefni þessu verið þannig tilhagað, að það ekki hefði komið undir ríkisdaginn og legið fyrir utan þetta ásigkomulag sem nú á að breyta. Í þriðja lagi finnst mèr það nú sýnt og sannað, að tollinum sè óhentuglega fyrirkomið. En um leið og eg lýsi því yfir, að eg gefi atkvæði mitt móti frumvarpinu, vil eg gjöra þá athugasemd, að í fjárhagsmálinu mun eg gefa atkvæði samkvæmt þessu, og þessa reglu vona eg, að aðrir þingmenn láti sèr vera hugfasta.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari umræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

1. Meiri hluti nefndarinnar, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 3.
2., 3., 4., 5., 6., og 7. töluliður þannig fallnir.
8. Pètur Pètursson, vara-uppástunga, felld með 17. atkvæðum móti 5.
9. og 10. töluliður fallnir.

Forseti: þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið viðvíkjandi bænarskrá um *breyting á reglugjörð 29. ágúst 1862*

fyrir Akureyri. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, og mun hann taka til máls, ef honum þurfa þykir.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 331.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því að máli þessu var svo vel tekið við undirbúningsumræðuna, ætla eg nú ekki að fjölyrða um það að sinni, enda sýnist mèr ekki ástæða til þess, fyrr en eg heyri, hvernig menn andæfa móti því.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar eð eg var einn í nefndinni, get eg ekki sleppt því alveg að tala nokkur orð fyrir hönd minni hlutans. Það er auðvitað, að það er ekki til neins fyrir mig að tala móti meiri hlutanum, ef þingmönnum ekki skilst, að gjaldþegnar hafa fyllsta rètt til að sjá fyrir fram, til hvers bæjarstjórnin ætli að verja því fè, sem á þá skal lagt, en af því leiðir, að áætlunin hlýtur að vera gjörð, áður en fjárhagsárið byrjar. Eg vona og, að þingmenn sjái, að sú mótbára bæjarstjórnarinnar er þýðingarlaus, þar sem hún ekki kveðst geta vitað, hverjir komi inn í bæinn og hverjir flytji burt, því að gjaldendur hafa þó 3 vikna frest til að bera sig upp undan gjaldinu, ef þeir vilja, enda stendur í tilskipuninni, að áætlunin eigi að liggja til sýnis í þrjár vikur. Þess vegna liggur beint fyrir, að sú mótbára bæjarstjórnarinnar fellur um sig sjálfa. Ef nú niðurjöfnunin á að fara fram seint í septembermánuði, þá getur ekki orðið ákveðinn gjaldheimtudagur fyrr en undir nýár, því gjaldfrest verður þó að gefa nokkurn; það væri ósanngjarnt að gefa hann engan. Það er satt, að það getur gengið þannig til í hreppunum, þótt eg ætli, að margir sèu þeir hreppstjórar, er gjöri áætlun fyrirfram um útgjöld hreppa sinna. En þó það nú gengi svo til í sumum hreppum, að engi áætlun væri gjörð, þá er það engin ástæða fyrir bæjarstjórnina, að fara eins að; og ef bæjarstjórnin vill framkvæma nokkuð, getur hún ekki skyldað menn í júní til að gjöra það, upp í það, að borgunina fái þeir fyrst um nýár. Eg verð og að biðja þingið að gæta vel að, hvernig hið opna brèf sem kæmi út, liti út eptir uppástungu minni hlutans, eins og þær liggja fyrir, það mundi hljóða þannig: Vèr Kristján hinn níundi Danmerkur konungur o. s. frv. gjörum kunnugt: o. s. frv. 1. gr. í stað orðanna í reglugjörð 29. ágúst 1862 19. grein «fyrir lok hvers marzmánaðar» skal hèr eptir standa: «hina fyrstu virku daga eptir 6. júní» og svo frv. Þetta opna brèf yrði svona eða það stæði: í stað «orðanna» ... skal lesast», o. s. frv. svo að það yrði að telja þessi orð prentvillur í reglugjörðinni.

Eg veit ekki, hvort þingmenn geta álitið það samboðið sèr, að láta slíkt frá sèr koma, en eptir atkvæðaskránni getur opið brèf ekki orðið öðruvísi. Ellegar, ef menn vilja færa allt til betri vegar, þá verður það svo hljóðandi, að konungur afmái þessa tilskipun og búi til aðra; en eg sè ekki, að meiri hlutinn hafi beðið um það. Annars vona eg, að þingið gæti að sèr, og athugi, hvort, það í sannleika sè því samboðið að fallast á uppástungu meiri hlutans.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum heiðraða minni hluta fáeinum orðum, og þá fyrst því fyrsta, sem hann sagði, sem virtist benda til þess, að eptir uppástungu meiri hlutans yrði engin áætlun gjörð, og gætu því gjaldendur eigi sèð fyrirfram til hvers gjöldum þeirra ætti að verja. Eg skil nú ekki, hvernig minni hlutinn fer að fá þetta út; því það er sagt, að áætlunin skuli gjörð hina fyrstu virku daga eptir 6. júní, og niðurjöfnunin fyrir lok september, áætlunin er þannig til frá 10. júní til septembermánaðar loka, það álít eg nægan tíma fyrir gjaldendur til að grugga út í gjaldið. Þar sem hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður vildi sýna fram á, að opið brèf yrði samkvæmt atkvæðaskránni skrítið, þá vil eg í fyrsta lagi benda honum á, að hèr er ekki um opið brèf að ræða, heldur um reglugjörð fyrir Akureyrarbæ, enda sè eg ekki betur en að vèr megum treysta stjórn konungs vors, til þess, að hún geti búið lagaboð svo til, að breyting á 19. og 20. grein í reglugjörð 29. ágúst 1862 fyrir Akureyri, geti orðið að lögum. Þess utan álít eg, að þingið ætti ekki að fyrirskrifa konungi, hvernig hann vill *orða* lagaboðið. Ef vèr færum að gjöra það nú, þá væri það sannarlega nýmæli. Vèr megum eflaust búast við, að lagaboðið verði í góðu lagi frá konungi, og að sett verði í innganginn, að þingið hafi beiðzt og hans hátign fallizt á þessar breytingar. Menn mega eigi gleyma því, að þetta er atkvæðaskrá, sem má til að orðast, eins og hún hèr er orðuð, en í lagaboði yrði öðruvísi orðum hagað. Um leið og eg nú sný mèr að málinu sjálfu, skal eg fyrst geta þess, að minni hlutinn hefir rètt í því, að áætlunin ætti að fram fara áður en fjárhagsárið byrjar; og svo er því varið í Reykjavík. En það er þýðingarlaust, hvort áætlunin fram fer degi fyrr eða síðar, að eins hún sè nógu snemmbær. En hitt legg eg alla áherzlu á, hve nær *niðurjöfnunin* skuli framfara, og það er óheppilegt í Akureyrarreglugjörðinni, að niðurjöfnunin skuli eiga að fram að fara svo löngu áður

en fjárhagsárið byrjar. Þetta er og öðruvísi í reglugjörðinni fyrir Reykjavík (*Halldór Kr. Friðriksson:* Það er galli). Eigi hefir bæjarstjórninni hèr sýnzt svo. Því hvernig hefir verið bætt úr þessum galla, er hinn 6. konungkjörni kallar svo? Þannig, að niðurjöfnunartíminn hefir verið færður lengra áfram, en alls ekki til baka. Þess vegna er það merkilegt, að menn skuli ekki vilja lofa Akureyrarbúum að hafa það fyrir lög, sem eins og hlýtur að vera veldur lögbrotum hèr, eða því að menn víki lögunum við í hendi sèr, því í stað þess, að niðurjöfnunin fari fram hèr í janúarmánuði, fer hún fram í febrúar og marzmánuði, og hefir jafnvel langan tíma farið fram í maímánuði. En hvers vegna? Af því að bæjarstjórnin kannaðist við, að hún vissi eigi ástæður manns fyrr en þá, því að bæjarstjórnin vissi eigi fiski-afla manna fyrr en eptir lok vetrarvertíðar. Hinn heiðraði minni hluti þarf ekki að hrista höfuðið, því þetta er satt, og niðurjöfnunin fór fram í maí, jafnvel þá, þegar hann var í bæjarstjórninni. Aðalspurningin er því: Á ekki að jafna niður á þeim tíma, þá er menn vita bezt ástæður manna? Eg gjöri ráð fyrir, að svarað verði «já». Þá spyr eg næst: *Hve nær* vita menn bezt ástæður gjaldenda? Í septembermánuði. Bæði sveitamenn, sjómenn og kaupmenn vita bezt ástæður sínar á haustin, því þá er heyskapurinn og aflinn og verzlun hèr á landi úti. Kaupmaðurinn veit að sönnu ekki þá, hve vel vörurnar verði borgaðar erlendis, en hann veit þó, hvað hann hefir gefið fyrir íslenzku vörurnar, og hvernig hann hefir selt útlendu vörurnar, og í einu orði hve mikla verzlun hann hefir gjört. Eg verð og að öðru leyti að álíta, að gjaldendur eigi hægast með að greiða gjaldið, þegar þeir hafa aflað þess fjár, sem þeir geta aflað árið út, en það er á haustin. Svo eru ýmisleg smáatriði, sem eg vildi fara um fáeinum orðum, t. d. það, að gjaldinu verður eptir reglugjörðinni að jafna niður fyrir fardaga. En þá er nú aðgætandi, að sumir fara burt úr bænum, sumir koma inn í hann, sumir flosna upp í fardögum, en allt þetta verður ekki fyrir sèð. En kunnugt er, að það er krossmessa á vori og fardagar, sem gjöra mesta breyting á flutningum manna, og í einu orði á högum manna og á slíkt að taka til greina í þessu máli. Þar sem enn fremur hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður sagði, að eigi yrði goldið fyrr en um árslok, þá er það alveg rangt, því að slíkt væri móti löggjöfinni, því í breytingaratkvæði mínu er sagt, að öllum gjöldum skyldi lokið fyrir lok nóvembermánaðar. Eptir þessari

breytingu er mönnum gefinn nægur gjaldfrestur, þar gjaldið þarf ekki að vera greitt fyrr en innan nóvembermánaðarloka.

Sveinn Skúlason: Við undirbúningsumræðu þessa máls tók eg það fram, er mèr fannst mæla móti áliti meira hlutans; eg þarf því eigi að taka það upp aptur hèr, því mèr fiunst hinn háttvirti framsögumaður ekki hafa tilfært neinar nýjar ástæður, en skal einungis bæta því við, að mèr finnast það vera hrein vandræði fyrir þingið að fara nú að grauta í nýrri löggjöf, þar sem ekkert liggur annað fyrir um málið en að bæjarstjórnin einungis hefir tekið þetta upp hjá sjálfri sèr, og hlaupið á hundavaði bæði fram hjá gjaldþegnunum og hlutaðeigandi amtmanni, sem hefir hin seinustu úrslit um þessi mál í svo mörgum efnum. Látum Akureyrarbúa fyrst reyna til að fá þessu breytt með tilstyrk amtmanns hjá stjórninni, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á í máli þessu; fáist það eigi, þá er nógur tími til að koma með málið fyrir næsta þing betur undirbúið en það nú er.

Stefán Jónsson: Eg get ekki kallað það að hlaupa á hundavaði, eins og þingmaður Norðurþingeyinga sagði, þó bæjarstjórnin ekki fengi amtmann sinn til að skrifa undir bænarskrána, því það hefði ekki verið tilhlýðilegt; heldur ekki var það samkvæmt góðu »formi«, að amtmaður hefði sent meðmæli sín með henni til þingsins. Menn verða að gá að því, að bæjarfógetinn var settur amtmaður, og var því kunnugur málinu á báða bóga, og þó bæjarbúar ekki hafi skrifað undir bænarskrána, þá kemur það til af því, að þetta mál snertir mest bæjarstjórnina. Eg álít því, að þessar og aðrar eins grýlur ekki þurfi að hræða þingið frá að gefa atkvæði með meiri hlutanum.

Jón Pálmason: Eg ætla mèr ekki að tala um aðalefni málsins og get þess vegna verið fáorðari, en skal einungis leyfa mèr að taka eitt dæmi, sem ekki að mínu áliti verður afgjört eptir reglugjörðinni fyrir Akureyri. Eg set svo, að maður flytji sig til Akureyrar í fardögum 1865, eptir að áætlunin hefir farið fram í marzmánuði og niðurjöfnunin í maímánuði, nú fer hann vorið 1866 á vinnuhjúaskildaga, sem vinnumaður eitthvað í burtu, máske til Reykjavíkur alfarinn. Hvernig á nú bæjarstjörnin að ná í hann til að krefja inn gjaldið eptir reglugjörðinni? Eg held það væri betra að laga reglugjörðina, svo að hún gripi yfir það tilfelli, er eg nefndi, og þess vegna er eg meðmæltur breytingunni.

Eiríkur Kúld: Eg er eindregið á sama máli og hinn hátt-

virti þingmaður Norður-Þingeyinga, og skal einungis bæta því við, út af því sem þingmaður Eyfirðinga sagði, að bænarskráin ber það með sèr, að hvorki Akureyrarbúar nè amtmaður hafi verið spurður um málið; þetta finnst mèr það sama eða líkast því, að bæjarfulltrúarnir á Akureyri «erkleri sig fallit» eða ófæra um að búa til áætlunina að minnsta kosti fyrr en í ótíma. Eg kynni því mjög svo illa við, ef þingið nú færi að breyta þessari nýju reglugjörð, ekki sízt þar sem það þó fyrir fáum dögum samþykkti í reglugjörðinni fyrir Ísafjörð einmitt hið gagnstæða því, sem hèr ætti að biðja um að breyta. Eg verð að segja, að þetta væri afkáralegt mjög og óverðugt þinginu í alla staði.

Framsögumaður: Þingmaður Barðstrendinga fèllst þó ekki alveg á það, sem þingmaðurinn fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sagði, því hann heimtar ekki, að menn hefðu att að ráðgast við amtmann um málið; eg ímynda mèr því, enn sem fyrr, að þessar mótbárur geti ekki rýrt álit meiri hlutans, því fyrir það fyrsta viðkoma þessar breytingar mest bæjarstjórninni sjálfri, en hvað Akureyrarbúa snertir, þá þurfti eigi að spyrja þá í þessu máli, því hèr er rèttur þeirra aukinn, sem liggur í því, að niðurjöfnunin er flutt til septembermánaðar í staðinn fyrir að hún nú fer fram i maí, og þetta er beinlínis hagur fyrir þá, með því að gjalddagurinn er gjörður síðari og settur á þeim tíma, er þeim er hægast að borga. Í annan stað fær almenningur hèr fullkomna vissu fyrir því, að niðurjöfnunin fari betur og enn samvizkusamlegar fram, því hún er gjörð á þeim tíma þegar menn þekkja bezt ástæður og efni manna. Það er því auðvitað, að þegar verið er að tala um að auka rètt Akureyrarbúa, þá þarf ekki atkvæði þeirra; enda er víst að þeir eru svo skynsamir, að þeir muni ei hafna rèttindum sínum. Annað mál væri það, ef ætti að svipta þá einhverjum rèttindum, því þá hefðu þingmenn ástæðu til að heimta að atkvæða þeirra hefði verið leitað. Auk alls þessa heyrði eg á mörgum Akureyrarbúum, þó eg hafi það ekki skriflegt hjá mèr, að þeir óskuðu þessarar breytingar, og það verð eg að álíta eins gilda ósk Akureyrarbúa, eins og að bæn sú skuli vera gild frá almenningi í Barðastrandarsýslu, sem einungis er undirskrifuð af forsetanum á Kollabúðum.

Pètur Guðjónsson: Eg ætla að svara þingmanninum úr Húnavatnssýslu fáum orðum upp á dæmið sem hann tók. Hann hèlt að ómögulegt væri að ná í bæjargjaldið hjá þeim, sem flytti sig í

fardögum 1865 til Akureyrar og aptur í fardögum 1866 burt þaðan. Þessa mótbárur álít eg lítið styrkja meiri hluta nefndarinnar, því það er auðvitað, að ef sá maður, sem eg talaði um, flytur án þess að hafa greitt gjaldið, sem á hann var jafnað í maí 1866, þá er það eingöngu slóðaskap gjaldkerans að kenna. Gjaldið er nefnilega að mínu áliti fallið til greiðslu, þegar búið er að leggja það á eða jafna því niðnr á gjaldendur.

Jón Bjarnason: Það fór illa, að mótmæli þau, sem hèr hafa komið fram gegn meiri hlutanum, eigi voru tekin fram við inngangsumræðuna. Eg get ekki annað en álitið það ósanngjarnt, að leggja gjaldið á fyrr en árið er komið, og menn máske ei vita, hvort hluturinn eða gjaldstofninn er til eður eigi; þetta er ekki síður óhentugt í kaupstöðum en til sveita. Eg mæli með því, að færa álagningartímann fram yfir fardaga. Sá 6. konungkjörni þingmaður sagði, að ekki væri hægt að gjöra eða framkvæma neitt fyrr en gjaldið fengist; þetta á sèr þó ekki stað í sveitahreppunum, þar eru þó, t. a. m. unnin tóugreni að vorinu og margar aðrar nauðsynjar framkvæmdar fyrir fram, þó ekki fáist endurgjaldið fyrr en að haustinu, að niður er jafnað álögunum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Meiri hluti nefndarinnar, felldur með 12 atkvæðum gegn 9.
2. töluliður þar við fallinn.
3. töluliður felldur með 11 atkvæðum gegn 8.
4. töluliður þar við fallinn.

Forseti: Samkvæmt þessari atkvæðagreiðsu álít eg 5. tölulið einnig fallinn, þar ekki getur orðið spurning um, að senda konungi bænarskrá um málið að svo föllnu, og uppástunga minna hlutans þarf ekki að koma til atkvæða, þar eð hann hefir fengið ósk sína uppfyllta.

Dagskránni er þá lokið og mun eg ákveða fund til morguns kl. 12.

Fundi slitið.

21. fundur — 28. júlí.

Allir á fundi nema varaforseti, er hafði tilkynnt forseta forföll sín. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Vèr tökum þá til dagskrár, og kemur fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit í *sveitastjórnarmálinu*. Þingmaður Vestmanna-eyja er framsögumaður, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar og skýra frá málinu svo sem þurfa þykir.

Framsögumaður (*Stefán Thordersen*): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 332.

Að svo stöddu hefi eg engu við nefndarálitið að bæta.

Stefán Eiríksson: Þegar bænarskráin um sveitastjórn var hèr lesin upp á þingi, skildi eg hana svo, sem einungis væri meining hennar sú, að fá umbót á sveitarstjórninni sem nú væri, sem sè nefndarstjórn, en mèr finnst nefndin hafa tekið allt aðra stefnu; hún fer nefnilega fram á að breyta reglugjörðinni af 8. janúar 1834, og opnu brèfi af 6. júlí 1848. Þetta er nú allt önnur stefna en áður hefir verið á þessu máli frá þinginu; að vísu talar nefndin um upphaflega í nefndarálitinu, að stjórnin flýti fyrir sveitarstjórnarmálinu, en svo á eptir talar hún eingöngu um að fá breyting á fátækrareglugjörðinni, en það virðist að mínu áliti hefði átt að vera fyrir utan verkahring nefndarinnar, því þó nú að þingið fari að biðja breytingar á fátækrareglugjörðinni, þá líkast verða ekki mörg ár þangað til nógar raddir koma um nýjar breytingar, því sú reglugjörð, sem nú gildir um fátækramál, er í alla staði ljós og skiljanleg, og af því, eins og eg hefi sagt, að mèr virðist nefndin hafa tekið allt aðra stefnu en við átti, hefði eg helzt viljað, að málinu væri nú beint til hennar aptur til nýrrar umgjörðar.

Framsögumaður: Eg þarf ekki annað en biðja hinn heiðraða þingmann frá Austurskaptafellssýslu um að lesa niðurlagsatriði nefndarinnar, og spyrja hann, hvort það sè ekki meining hans, að fátækrastjórnin sè partur af sveitastjórninni. Það hefir aldrei verið tilgangur þessarar nefndar að biðja um, að fátækrareglugjörðinni frá 8. jan. 1834 yrði breytt, heldur ræður hún þinginu til að biðja stjórnina um, að leggja frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi yfir höfuð fyrir þingið.

Stefán Eiríksson: Eins og eg hefi tekið fram, hefir nefndin

lagt alla áherzluna á það að fá umbreyting á fátækrareglugjörðinni, sem mèr alls ekki finnst liggja hèr fyrir, svo það er alls engin misskilningur fyrir mèr í þessu máli, því nefndin biður einmitt um nýja reglugjörð.

Pètur Guðjónsson: Nefndin hefir engan veginn beðið um breyting á fátækrareglugjörðinni frá 1834, heldur hefir hún að eins tekið hana sem dæmi upp á, hver nauðsyn sè á nýjum sveitastjórnarlögum yfir höfuð og það má ætlast til, að þingmaðurinn hafi lesið nefndarálitið eða að minnsta kosti heyrt, að niðurlagsatriði þess gengur út á, að beðið verði um ný sveitastjórnarlög, en ekki um neina breytingu á reglugjörðinni. Að öðru leyti skal eg með tilliti til hennar geta þess, að hinn mikli fjöldi amtsúrskurða, sem á hverju ári fellur um sveitfesti þurfamanna, sýnir ljóslega, að hún ekki er svo ljós og greinileg, sem vera þyrfti; mèr þykir því kynlegt, að heyra hreppstjóra, sem einmitt eru þeir menn, er optast eru í efa um þýðingu reglugjörðarinnar, og gefa tilefnið til þeirra mörgu amtsúrskurða, er eg gat um, hrósa henni; þingmaðurinn má ei gleyma því, að nefndin gat ekki farið lengra en bænarskráin gefur tilefni til, sem sè, að biðja um frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga. Hefði nefndin komið fram með uppástungur til nýrra sveitastjórnarlaga, þá hefði hún gengið út yfir sitt ætlunarverk og jafnvel gripið fram fyrir höndurnar bæði á stjórninni og máske einnig á þinginu síðar meir.

Stefán Eiríksson: Það hefir þó aldrei verið farið fram á það fyrri, að fá þessa breytingu, sem nú er farið fram á, hvorki á þinginu 1853 nè heldur á þinginu 1855, heldur hitt að fá upp sveitastjórnarnefndir, sýslunefndir og amtsráð, svo eg get þó ekki sèð, að það sè rètt hjá nefndinni að minnast ekki með einasta einu orði á þau undirstöðu-atriði, sem áður hefir verið um beðið, og eg sè ekki annað liggja í þessum niðurlagsatriðum nefndarinnar, en biðja stjórnina um fátækrareglugjörð; stjórnin sjálf hefir þó kallað frumvarpið, sem hún sendi þinginu 1855, tilskipun til laga um sveitastjórn á Íslandi, en ekki reglugjörð; að öðru leyti er mèr ekki kappsmál að fá breyting á þessum nefndargjörðum, úr því þingið gjörir sig ánægt með þær. Hvað það áhrærir, sem þingmaður Gullbringusýslu sagði um amtsúrskurðina, þá get eg nú ekki tekið það til mín. Það hefir víst enginn þurft að ruglast á þess háttar fyrirspurnum frá Bjarnaneshreppi.

Jón Hjaltalín: Eg skil ei, hvernig menn líta á þetta; sumir

eru að tala um fátækrareglugjörðina frá 8. jan. 1834 og hrósa henni fyrir það, hvað ljós hún sè, en aðrir eru að tala um sveitastjórn. Þessar lofræður um fátækrareglugjörðina ímynda eg mèr ekki á góðum rökum byggðar, því eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði, þarf maður ekki annað en líta á þenna fjölda af amtsúrskurðum, sem berlega sýna, að hún ekki er svo ljós, sem sumir halda. Mèr finnst, að nefndarálitið yfir höfuð sè ljóst og vel samið, og skýri vel frá ástandi sveitastjórnarinnar; sama er að segja um niðurlagsatriðin, þau eru bæði skýr og ljós. Ef þingmanninum úr Austurskaptafellssýslu er svo mikið um fátækrareglugjörðina að gjöra, þá gæti honum víst tekizt að koma þessu góða úr henni inn í málið. Að öðru leyti ætla eg ekki að tala meira um málið, en lýsi því yfir, að eg er öldungis á sama máli og nefndin.

Stefán Jónsson: Mèr dettur ekki í hug að finna neitt að nefndarálitinu, því eg álít það gott í alla staði. Hvað reglugjörðina frá 8. jan. 1834 snertir, þá verður því ekki neitað, að annmarkar eru á henni, og að því leyti þykir mèr einu gilda, þó að menn vikju orðum að henni hèr á þingi, og eg kom með bænarskrá til þingsins um breytingu á einu atriði hennar, en það á ekki við að tala meir um það. En það er einungis eitt eða tvö orð í niðurlagsatriðinu, sem eg vildi minnast á; það eru orðin: «sem fyrst«. Eg hefði næstum kunnað betur við að setja í stað þeirra: »þegar kringumstæðurnar leyfðu«. Eg ætla ekki að færa ástæður fyrir þessari breytingu, því eg vona, að nefndin muni geta í vonirnar hverjar þær muni vera.

Konungsfulltrúi: Eins og mál það, sem hèr ræðir um, liggur fyrir þinginu, er einungis umtalsefnið, hvort þingið finni ástæðu til þess að biðja stjórnina um ný sveitastjórnarlög eða ekki. Nefndin hefir nú komizt til þeirrar niðurstöðu, að þingið ætti að beiðast þessa, og þar eð stjórnin eptir því, sem á undan er gengið í málinu, að eins hefir skotið því á frest, virðist mega ganga að því vísu, að hún muni taka vel undir þessa bæn alþingis, ef það bæri hana fram. Að nefndin einkum hefir haldið sèr til þeirrar greinar af sveitastjórninni, sem snertir fátækramálefni, virðist mèr ekki standa á neinu verulegu, því í niðurlagsatriðinu kemst hún til þeirrar niðurstöðu, að þingið eigi að biðja stjórnina um ný sveitastjórnarlög.

Eins og málið liggur fyrir virðist því, þar sem þingið sýnist

hèr í samhuga nefndinni, ekki þurfa að verða langar umræður um þetta mál.

Pètur Guðjónsson: Eg ætla að svara hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga fáum orðum. Í nefndarálitinu stendur reyndar «sem fyrst», en ekki «sem *allra* fyrst». Að öðru leyti skal eg ekkert hafa á móti því, að þessu verði breytt, og er miklu fremur ásáttur með að gefa atkvæði mitt fyrir slíku breytingaratkvæði.

Stefán Jónsson: Eg áskildi mèr ekki rètt til breytingaratkvæðis í þessa átt, en stakk upp á þessari breyting, ef skè kynni, að nefndin vildi gjöra þá breytingu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um, *að stofnaður verði verzlunarstaður í Borgarnesi við Brákarpoll.* Þingmaður Mýramanna er framsögumaður málsins.

Framsögumaður (*Hjálmur Pètursson*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 334.

Eg hefi ekki mörgu hèr við að bæta, en bíð þess, ef einhver kann að gjöra athugasemdir við nefndarálitið; en eg vona, að þær hvorki verði margar nè miklar, því nefndarálitið styðst við bænarskrána, sem er samin af þeim kunnugustu mönnum og eptir beztu vitund.

Eiríkur Kúld: Fyrst enginn enn stendur upp til að taka til máls, þá skal eg leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir við nefndarálitið. Eg hefi ávallt hugsað mèr, að þegar einhver góð breyting eða uppástunga, sem er til gagns, kemur fram, að vera henni meðmæltur. En á hinn bóginn, þegar hinu gagnstæða er að skipta, þá álít eg það skyldu mína, að fallast ekki á slíkt og mæla á móti. Þetta síðara kemur fram við þetta nefndarálit, því það hefir ekki góðan málsveg við að styðjast. Eg álít bænarskrá þá, sem liggur til grundvallar fyrir þessu máli, bæði óþarfa, ósanngjarna, gjörræðisfulla og í flestu tilliti skaðlega. Nefndin telur Brákarpolli það fyrst til gildis, að höfn þessi, ef höfn skal kalla, hafi í sumar verið vel sótt. Þetta kalla eg enga sönnun, því þegar búið væri að löggilda hann núna, getur vel verið, eptir því sem slíkar bænir frá Mýrasýslu hingað til hafa komið á þing, að Mýramenn strax að vori komandi beiddu um að löggilda Seleyri, sem liggur sunn-

anvert fjarðarins á móti Brákarpolli, og svona gengi það koll af kolli, að allt af væri þeir að týna til hverja smávíkina á fætur annari. Það er bæjarleið milli Lambhússunds og Krossvíkur, og einu sinni beiddu menn um Krossvík með sama kappi hèr á alþingi, og nú er beðið um Brákarpoll. Nefndin segir enn fremur, að Straumfjörður sè ver lagaður til verzlunar en Brákarpollur, en án þess að vilja verja Straumfjörð, vil eg geta þess, að eg hefi heyrt kunnuga menn segja, að þar í öllu tilliti væri minni hættur fyrir skip að leggja að. Þessa sízt dettur mèr í hug, að vilja verja Lambhússund, því það stendur þingmanni Borgfirðinga nær; en nú sè eg, að hann hefir skrifað undir það nefndarálit, sem hefir það fyrir mark og mið að eyðileggja þenna verzlunarstað, sem svo nýlega, með fram fyrir fylgi hans og meðmæli!?! er löggiltur. Eg tek það upp aptur, eg vil engan veginn verja Straumfjörð, — því helzt vildi eg, að allar þessar smávíkur, sem löggiltar eru, væru aptur afmáðar — en það játa eg, að þar er bæði betri innsigling og betri skipalega, en á Brákarpolli; þetta verður hver maður heilvita að sjá; og enda dalbúarnir í Mýrasýslu, sem sent hafa hingað bænarskrána um Brákarpollinn, ættu þó að minnsta kosti að sjá þann mismun, sem er milli skipalegu á Straumfirði og Brákarpolli, nema ef þeir álíta, að Straumfjörður sè sama og Þormóðssker!!!. Það vill að öðru leyti vel til, að einn góður kunningi minn hèr í bænum, sem miklu er kunnugri Brákarpolli, en hinn háttvirti framsögumaður, og ef til vill kunnugri en allir þeir menn, sem hèr sitja nú á þingi, hefir gefið mèr kort og upplýsingar yfir Brákarpoll. Eg skal fúslega ljá nefndinni kortið og upplýsingarnar, ef það gæti orðið til þess, að leiða hana aptur á sannleikans veg. Nefndin segir, að 1855 hafi verið beðið um Brákarpoll, en þá þótti það óhæfilegt, af því menn þá vildu hafa Krossvík og Straumfjörð löggilt, og þá vildi þingið fá fyrst skýrslu um, að skipalega væri á Brákarpolli góð, og heimti þar um skoðunargjörð, að innsigling og höfn væri mæld upp af þar til hæfilegum mönnum. Nú leyfi eg mèr að spyrja framsögumann, hvers vegna hann eigi hafi komið með þessar upplýsingar og útmælingu á höfninni. Nei, það gjörir hann ekki og ekki beiðendurnir, það er nú skiljanlegt, af því hèr er prèdikaður villulærdómur, og beðið um það sem yfir höfuð meir skaðar en bætir. Nefndin segir og, að flutningar frá kaupmönnum í Reykjavík upp til Brákarpolls, sèu stopulir og hvikulir, en hvaða ástæða er þetta? Af hverju kemur það? Af hverju

öðru en því, að kaupmenn svo nauðugir vilja hætta þangað skipum sínum. Nefndin getur og um, að landferð til Reykjavíkur sè löng og ófær. En hvað þessari ástæðu viðvíkur, vil eg leyfa mèr að benda framsögumanni á fleiri kaupstaði en Brákarpoll og Reykjavík, eða veit hann ekki, að til er Straumfjörður, Búðir og Stykkishólmur? Beiðendur má ske tali um, að landvegirnir sèu slæmir; en gjöri þeir svo vel, og kasti þeir þá steini úr götu frá sèr. Einnig var talað um hestaskort í nefndarálitinu, en þessi sönnun er lík hinum fyrri, því nú er sá siður orðinn almennur, að kaupmenn víða hvar borga orðið leigu fyrir hvern af hestum skiptavina sinna, er þeir flytja íslenzkar vörur á til kaupstaðarins. Nefndin talar og um, að sjóvegsferðir ofan af Akranesi til Reykjavíkur valdi manntjóni, og telur til dæmi, nefnilega 13 manns á skipi 1863 og 1864 11 manns. — Þetta var um vetur, og sannar því ekkert, eða gjörir nauðsynlegt, að löggilda Brákarpoll einungis þess vegna. Eða vita Mýramenn ekki, að það er annað að ferðast á sumrum en á vetrum? Ef framsögumaður gæti sannað mèr, að engin ferð verði framar sjóveg, svo að engin farist í sjó milli Reykjavíkur og Mýra eða Brákarpolls, eptir að Brákarpollur er löggiltur, þá hefir hann fyrst sannað nokkuð. En nú kemur versti loptkastalinn, þegar nefndin vill löggilda kauptún, og þá sjálfsagt byggja verzlunarhús á «Brákarpolli»; framsögumaður og nefndin tekur þannig sjóinn fyrir land; hèr hefði átt að nefnast Brákarnes í staðinn fyrir Brákarpoll; Brákarpollur er ekki þurrt land, að minnsta kosti var þar fyrir Brákarnesi nógu djúpt forðum fyrir gömlu Brák til að drepa sig í; ekki var þar heldur sjólaust þegar Böðvar Egilsson drukknaði þar á firðinum, og held eg því, að þar sè heldur vott hússtæði!!!. En ef nú nefndin skilur hèr með »Brákarpolli« Brákarnes, þá vildi eg þessu næst mega leyfa mèr að spyrja framsögumann, hvernig kauptún verður byggt á þeirri lóð, sem menn eigi eru ráðandi yfir. Brákarnes er nefnilega kirkju-eign; hèr vantar því bæði að fá leyfi hlutaðeigandi prests og einkum þeirra, er yfir honum eiga að ráða, t. a. m., stiptsyfirvaldanna; þessa aðferð kalla eg bæði loptkastala og gjörræði. Hèr er um opinbera eign að gjöra, og því er þessi aðferð leyfislaus og óheimil. Eg veit mikið vel, að mèr verður svarað, að presturinn á Borg fær borgun fyrir þetta. En hvað segir það? Enda þótt hinn núverandi prestur fengi nokkra dali, hvernig er þá eptirkomendum hans borgið? Framsögumaður veit mikið vel, að beztu búfjárhagarnir og bezta

beitarlandið, t. a. m. í Borgarnesi, verður svo að segja að engu. En þetta ætla menn sèr að gjöra, án þess að spyrja hlutaðeigendur að. Eg gæti nefnt framsögumanni mörg betri kaupstaðarstæði, og ef eg er hræddur um, að þetta mál muni fá framgang hèr á þingi, hefði eg má ske í huga að gjöra viðauka-atkvæði við uppástungu nefndarinnar, og biðja um, að svo sem 10 kauptún ný í Barðastrandarsýslu yrðu löggilt; þar er þó töluvert erviðara að sækja kauptún, en hèr er um að ræða. Hinir gömlu Írar rötuðu þar innan um fjörðinn, og ættu menn á þessum tíma að geta sama og þeir, hvað þetta snertir, enda er þar víðast betri innsigling og skipalega en á Brákarpolli. En þetta gjöri eg ekki af því, að auk alls þess er eg hefi tekið fram, bætist það við, að reynzlan hefir sýnt og sannað, að þessir smákaupstaðir eru mjög svo skaðlegir bæði fyrir landsmenn og kaupmenn og verzlunina yfir höfuð; þeir sundra en sameina ekki verzlunarkröptunum; það er sem sè reynt og sannað, að þar sem verzlunin er «concentrerud», þar er kraptur inn mestur á báðar vogir. Eg vil einungis í þessu tilliti vitna til þingmannsins frá Strandasýslu. Eins og hann vissi, var Hrútafjörður góð sveit, en síðan kaupstaður kom á Borðeyri, svo hefir sveitinni síðan farið mjög svo hnignandi; skoði menn velmegunina þar nú, og skoði menn hana áður en Borðeyri var löggilt. Eg þykist og viss um, að ef Brákarpollur yrði löggiltur, þá mundi þar í nærsveitunum leti og önnur ómennska alast upp í fólki, eins og hætt er við þar í kring, sem mikið er af þessum smákauptúnum. Eg gæti vorkennt kannske Mýramönnum, þó þeir væri að biðja um að fá verzlunarstað á Brákarpoll, og enda hverja vík þar í kring, ef svo væri, að þeir vildi gjöra vinnumönnum sínum hægra fyrir, að fá sèr á pelann og drekka sig drukkna, eða ef þeir ekki fengju vinnumenn eða vinnukonur þar í sveitunum til að vistast hjá sèr nema með þeim skildaga, — því heyrzt hafa að því einhver dæmi, — að þeim væri leyft að fara 2 eða 3 daga út á skip meðan stendur hæst á verzlun, en auðvitað er, að slíkt færi af, þegar kauptún reglulegt væri þar reist. Að lyktum skal eg geta þess, að ef óregla kæmi upp á þessum stað, sem vel gæti að borið í kaupstað, þá liggur hann langt þaðan, sem sýslumaður býr, sem álítast verður mjög óhentugt, enda er ekki líklegt að enda hreppstjóri búi þar, því þar er prestssetur, og er sjaldan, að hreppstjóri sè búsettur á prestssetri. Eg hefi að svo stöddu ekki fleira að segja, en skal einungis með leyfi forseta lesa upp fyrir þingmönn-

um lýsingu þá af Brákarpolli, er eg hefi fengið. Hún hljóðar þannig:

«Innsiglingin inn í Borgarfjörð er miklu hættulegri en á Straumfjörð; bæði eru þar fleiri sker að óttast, og fjölda af sandrifjum, sem sum koma upp, en sum aldrei; líka er þar mjög harður straumur, og ekki hægt að slaga («krydse») þar inn, nema með aðfalli, og ekki út, nema með útfalli, og verst er, að straumurinn streymir ekki beint út fjörðinn eða inn, heldur allt af meira með vesturlandinu, og verða svo eins og tveir straumar við hverja ey og hvert sker, sem er mjög illt að varast. Úr því kemur inn fyrir Borgareyjar fremri er mjög grunnt, og ekki almennilega siglandi þar skipi inn, nema rètt um stórstraumsflóð, því um fjöru er ekki ugglaust, að sigla þar inn skipi, sem ristir 8 fóta. Sá rètti Brákarpollur er á milli Borgarness og Borgareyjar innri, en verður nú ekki notaður fyrir því, hvað hann er grunnur; líka má komast þar út í eyjuna þurrum fótum að austanverðu um fjöru, og þar að auki er þar fjarska straumur. Rètt fram undan eyjunni liggja skipin, og er ekki nógu djúpt, nema að liggja heldur austan til út undan henni, og þá eru skipin í harðasta straumnum, og liggja þar fyrir fjarskalegum veðrum af landsuðri ofan af Hafnarfjalli, því þá er mjög misvinda og byljótt, en straumurinn heldur skipinu næstum flötu fyrir vindi. Sunnanvindar og útsynningur ganga þar að með fullum krapti, og sjókrapturinn að því skapi, því ekkert liggur svo nærri, sem geti með rèttu dregið úr brimsjóum, en verst er, að straumurinn fylgir aldrei vindi nema á landnorðan og útsunnan, en norðanvindur er þar hagstæðastur, því þá er enginn sjókraptur.

Þeir, sem vilja halda því áfram, að fá verzlunarstað á Brákarpolli, segja það sè helzt af því, að gjöra sveitarmönnum hægra fyrir með ferðir; en hèr munar ekki nema litlu, það er vegalengdin frá Brákarpolli til Straumfjarðar, sem er annexíuvegur prestsins frá Borg til Álptaness, og fer hann það á hverjum morgni, og heim að kveldi, og hjá Borg er hinn slæmi vegur úti yfir Borgarhrepp, því frá Borg til Álptaness er góður vegur með sjó fram, og engin á á veginum, sem slæm er, nema Langá, og má allt af fara yfir hana á ferju hjá Ánabrekku eða Langárfossi, en vegurinn frá Álptanesi til Straumfjarðar, er bæði stuttur og góður.

Enn fremur getur í ofviðrum verið óflytjandi úr skipi og í, í 4 og 5 daga; pollur þessi er af útlendum mönnum kallaður

«Rakkerpoll», og er af öllum mjög illa ræmdur. Þeir sem eiga skip, og senda þau þangað, munu senda að eins þau skip, sem þeir helzt vilja missa.

Reykjavík, 28. júlí 1865.

Sveinn Skúlason: Það gjörir mèr illt, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga var að slíta sèr út á að halda þessa langloku til að reyna að eyðileggja mál, sem hingað til hefir verið mjög vinsælt hèr á þingi, og sem stjórnin, eins og alkunnugt er, hefir hlynnt að og verið svo mjög frjálslynd að verða við bænum þingsins. Þó ræða hans væri löng, sannfærði hún mig eigi að heldur, og svo mun hafa gengið fleirum en mèr. Hvað skýrslu hans og kunningja hans viðvíkur, þá ímynda eg mèr, að þessi sannleikspostuli sè ekki áreiðanlegri en öll nefndin og framsögumaður, sem er þar gagnkunnugur; eg held og að það væri auðvelt að koma fram með skýrslu, er færi í gagnstæðu átt, allt eins sennilega og þessa. Þingmaðurinn tók ýms atriði fram, í sum var lítið varið, en sum alls ekkert. Hann sagði, að engin hætta væri búin Mýramönnum með sjóvegsferðunum þaðan og hingað, því þeir þyrfti ekki að fara neitt að vetrinum; en þetta er eigi rètt, því meðan kauptúnið vantar þar upp frá, geta þeir ekki annað en farið sjóleið hingað — því landvegurinn er langur og strangur — og það bæði sumar og vetur, því á sumrin geta þeir ekki byrgt sig nógsamlega fyrir allt árið. Hættan vofir því enn þá yfir mönnum, er þeir þurfa haust og vor að fara sjóleiðis til að verja þeim vörum, er þeir hafa ekki að sumrinu og fá nauðsynjar sínar í staðinn. Hann gjörði og mikið úr því, að kaupstaðurinn yrði eigi byggður úti á höfninni; en hver maður sem hefði viljað skilja nokkurn veginn góðfúslega mun sjá, að nefndin heldur ekki hefir meint það. Hann kallaði það gjörræði að kaupa eða leigja land af presti eða öðrum, sem með eiga. Þetta fæ eg ei sèð. Eða veit þingmaðurinn ekki, að Ísafjarðarkaupstaður upprunalega stóð á prestsins lóð, og svo getur víðar verið. Að lyktum gat hann þess, að það, að Brákarpollur yrði löggiltur, væri til tjóns bæði fyrir landsmenn og kaupmenn; þetta er skrítin ástæða. Það liggur þó í augum uppi, að landsmenn ekki geta haft baga af því, að kaupstaðarleið þeirra styttist um margar dagleiðir um bezta bjargræðistímann. Sama er um kaupmennina að segja; þeir fá máske helmingi fleiri skiptavini, ef þeir senda

skip á slíka útkaupstaði, en þeir gætu annars fengið, því þá tæki menn ef til vill aðrar styttri leiðir og færu t. a. m. vestur á Stykkishólmi eða Búðir, svo það drægi frá Reykjavík og hljóta þeir að vinna á því.

Eiríkur Kúld: Eg ætla ekki að elta þingmann Norður-Þingeyinga í allar þær gönur, sem hann hljóp, enda hrakti hann ekki neitt af því sem eg sagði. Hann sagði, að kaupstaðurinn á Ísafirði stæði á prestsins lóð; þetta er víst ekki rètt, og þó aldrei nema svo hefði verið, þá er þó auðvitað, að kjör prestsins í þessu tilliti engan veginn hafa batnað, heldur miklu fremur versnað; það er auðskilið, að lóðarmissir er skaði fyrir prestinn, einkum þar sem svo á stendur eins og í Borgarlandi.

Björn Pèturssson: Eg játa það, að eg hefi verið linur háseti á Brákarpolli; eg var fyrst lengi í efa um, hvort eg ætti að vera með eða móti samnefndarmönnum mínum, en loks komst eg, eptir nákvæma yfirvegun, að þeirri niðurstöðu að mæla heldur með en móti löggildingu Brákarpolls. Þessi sannfæring mín hefir ekkert raskast við hina löngu ræðu, er þingmaður Barðstrendinga hèlt móti Brákarpollli. Eg er sannfærður um, að Brákarpollur í öllu tilliti liggur betur við verzlun Mýramanna og Borgfirðinga en bæði Straumfjörður og Lambhússund, sem nú eru löggiltir verzlunarstaðir, enda játaði og sjálfur þingmaður Barðstrendinga þetta. Hann þarf ekki að hrista höfuðið yfir því, eg hefi skrifað það eptir honum. Brákarpollur hefir það og til síns ágætis, að hann hefir sögulega þýðingu. Eg er sem sè viss um, að það, að Skallagrímur gamli bjó á Borg, og Brák drukknaði í pollinum, fremur bætir fyrir staðnum en spillir, fremur dregur fólk að en fælir það frá. Þessi sögulega frægð staðarins er því mikils virði. Eg veit það vel, að 3 kauptún ekki geta staðizt svo nærri hvert öðru, en eg er líka sannfærður um, að þingið í fyrstunni hefði átt að biðja um löggildingu Brákarpolls en hvorki Straumfjarðar nè Lamhússunds, sem eg held að aldrei hefðu átt að löggildast. Þó nú svo sè komið, þá væri það sannarlega undarlegt, ef að þingið, eptir að hafa fengið löggilta verri staði, nefnilega Lamhússund og Straumfjörð, ekki vildi styðja að löggildingu Brákarpolls, þar sem það er ljóst, að hann er langbezt tilfallinn af þessum 3. Mèr finnst þetta væri að bæta gráu ofan á svart, ellegar eins konar tilraun til að fegra eina yfirsjón með annari verri. Þingmaður Barðstrendinga las upp langa rollu og bauðst til að ljá nefndinni kort. Þetta breytir víst

ekkert skoðun nefndarinnar, því hún er ekki eins ókunnug staðnum og hann heldur. Eg verð að segja fyrir mig, að eg gat hvorki fundið blóð nè merg í þessari lýsingu, enda hafa gagnkunnugir menn hèr í bænum lýst staðnum allt öðru vísi við mig. Þó einhverjir útlendir gárungar hafi kallað pollinn «Rakkerpoll» þá sannar það minna en ekki neitt. Á hverju sumri hefir aðsókn þangað verið mikil, þó pollurinn sè ekki löggiltur. Þangað hafa stöðugt komið 4—6 skip, og seinast í sumar lágu þar 6 eða 7 skip, og eitt af þeim verzlaði þar í 6 vikur; þetta allt er sönnun bæði fyrir því, að leiðin inn á Brákarpoll sè vel fær, og að pollurinn liggur ágætlega við verzlun; þar á móti hefir ekkert skip í sumar komið til Lambússunds, og eg veit það með fullkominni vissu, að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga álítur Brákarpoll í öllu tilliti hagkvæmari til að vera verzlunarstað en Lambússund; annars hefði hann ekki mælt með löggildingu hans, því það liggur í augum uppi, að Brákarpollur ef hann verður löggiltur, hlýtur að eyðileggja kaupstaðarbygginguna við Lambússund, sem hann barðist svo hart fyrir í hitt eð fyrra. Þessi óhlutdrægni hans er bæði virðingar- og þakkarverð.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Suðurmúlasýslu ætlaði að elta mig í marga króka, en eg vil nú ekki hlaupa langt á undan honum, svo að hann eigi því hægra með að ná mèr. Hann vildi nú sanna nauðsynina á að löggilda verzlunarstað við Brákarpoll með því, að aðsókn hefði þangað verið gjörð mikil, og að mörg skip hefðu verið send þangað. Eg vil nú ekki bera á móti því, að svo hafi verið, en þangað verða víst ekki sendar nema lèlegar skútur, er kaupmönnum stendur á líka, hvort óskemmdar aptur koma, eða ekki nema um miðsumar. Það er ekki til þess takandi, þó skip geti legið þar á höfn um sumartímann; en eg bið þingmanninn að gæta að því, að þegar búið er að löggilda þar kaupstað, þá er ætlazt til, að skip geti komið þangað og legið þar optar; það er þá ekki nóg, að þau gætu einungis legið þar í júní og júlí, heldur ætti þau að geta komið í marz og apríl að vorinu, og ef svo stæði á, legið þar á höfn í oktober og máske jafnvel nóvember; því þegar ræða er um að löggilda verzlunarstað, verður hann, þó að vera aðgengilegur fyrir skip mestan hluta ársins. Þingmaður Suðurmúlasýslu sagði að nokkru leyti satt, þar sem hann gat um, að eg hefði sagt, að eg máske mundi fallast á að löggilda verzlunarstað á Brákarpolli, ef Straumfjörður og Lambússund ekki væru

löggiltir kaupstaðir. En eg sagði reyndar svo, að ef ekki fengist, að allir þessir kaupstaðir væru afteknir, þá mundi eg geta sætt mig helzt við Brákarpoll einu, eptir þeirri gömlu reglu, að af tvennu illu ber að taka hið minna, nefnilega: 1 smákaupstað í stað þriggja.

Pètur Guðjónsson: Það er eitt verulegt atriði í þessu máli, sem ekki hefir verið tekið greinilega fram, og það er það atriði, hvort hèr sè veruleg nauðsyn á kaupstað. En það er augljóst, að engin slík nauðsyn er hèr fyrir hendi, því Mýramenn fá allar nauðsynjar sínar aðfluttar, svo þeir þurfa ekki að kalla má, út af heimilum sínum að fara. Ef Mýramenn finna nauðsyn á því að fá letingja, yðjuleysingja og drykkjurúta, svo gnægð verði af þeim í hèraðinu, þá er öðru máli að gegna. En það getur ekki verið ósk þeirra, nè tilgangur bænarskrárinnar, og því er nauðsynin engin, en málið að óþörfu sótt með kappi af þeirra hálfu. Í nefndarálitinu er tekið fram meðal annars, hvílíku mannfjöni það geti valdið, að neyðast til að fara sjóleið hingað til Reykjavíkur, en eg vil geta þess, að það er siður Mýramanna, þó undarlegur sè, að fara aldrei á stað heiman fyrr en komið er hvínandi norðanrok, og síðan mega þeir liggja hèr í Reykjavík vikum, já hálfum mánuðum saman. Eg get því ekki dulizt við það, að eg fyrir mitt leyti get ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, sem nefndarálitið fer fram á.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir nú svo mikið verið talað í þessu máli, að það mundi vera óþarfi fyrir mig, að leggja þar orð í. En þó vil eg geta þess, að mèr virðist það sannarlega undarlegt, ef þingið færi að biðja um löggilding á þeim stað, sem eigandi getur á eptir synjað um að láta af hendi; því hèr vantar bæði samþykki hlutaðeigandi prests og stiptsyfirvaldanna. Það er að minu áliti ófært að fara fram á slíkt, meðan ekki er víst, hvort samþykki hlutaðeigenda getur fengizt eða ekki. Eg vil því leyfa mèr að skora á hinn háttvirta 1. konungkjörna þingmann, og sömuleiðis á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að skýra frá, hvort nokkurt brèf er komið til stiptsyfirvaldanna um þetta mál. En sè ekkert til þeirra komið, þá sè eg ekki, að þingið geti með góðri samvizku mælt með þessari bæn Mýramanna nú. Þar sem það stendur í nefndarálitinu, að flutningarnir hafi eigi fullnægt þörfum Mýramanna, þá skil eg nú ekki, hvernig það getur verið satt, nema ef svo er, að staðurinn sè ekki aðgengilegur, því að væri hann það, þá mundu kaupmenn senda nógar vörur. Það er ekki nóg

að flytja útlendar vörur upp á hverja vík og vog til landsmanna, nema vörur sèu til fyrir að borga með. Það eru ekki heldur allir Borgfirðingar svo áfram um að fá verzlunarstað löggiltan á Brákarpolli, því að nokkrir þeirra hafa sagt við mig, og það seinast í sumar: «Við viljum ekki nýta verzlunarstað við Brákarpoll«, og get eg nafngreint þá, sem þetta sögðu, ef vill. Það er því auðsèð á öllu, að hèr er ímyndaðan hagnað um að ræða en ekki verulegan; og þó einhver setjist að við Brákarpoll, þá verður sama afleiðingin þar eins og annarstaðar, að kaupstaðurinn verður til þess, að margir leggjast í leti, svall og ómennsku. Þessir smákaupstaðir draga merginn úr sveitunum, og eyðir fjáraflanum, og kaupmenn freistast og neyðast til að selja þar dýrara en í hinum stærri kaupstöðum, þar sem verzlunarafl er nokkuð töluvert; því að þótt menn þykist fá betra verð á vörunum, þá er það ekki svo í raun og veru; enda munu kaupmenn svo skynsamir, að þeir sjái sinn hag, og jafni það upp á öðrum vörum, sem þeir selja eins ódýrt. Það getur satt verið, að sama verð sè á aðalvörunum, en kaupmenn munu gá að sèr, að vinna það upp á smávörunni og selja hana dýrara. Þar að auki þekkja allir vetrarverzlunina, hversu holl hún er fyrir landið. Það er einnig alkunnugt, hvernig vegirnir eru um Mýrarnar, og er merkilegt, að hinn háttvirti framsögumaður, sem ætti að þekkja þar til betur en aðrir nefndarmenn, skuli segja veginn góðan á Brákarpoll. Slíkt er að misbjóða þinginu, og getur ekki haft neinn fót fyrir sèr. Þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að það væri svo mikið hagræði fyrir Mýramenn að fá verzlunarstað löggiltan við Brákarpoll, vegna þess, að þeir gætu þá fengið allar þungavörur aðfluttar, en þeir þurfa engan löggiltan verzlunarstað að fá til þess; kaupmenn mega flytja nú sem stendur allar þungavörur, hvort sem landsmenn beiðast, svo að hèr er í því efni um ekkert hagræði að tala (*Sveinn Skúlason*: En það gjöra þeir ekki á vetrum.), þess þarf ekki, landsmenn geta byrgt sig til vetrarins á sumrin. Sami þingmaður tók fram, að sjóleiðin hingað til Reykjavíkur væri hættuleg. En er ekki víðar hættuleg sjóleið en hèr? Líti menn t. d. á, hvernig því er varið á Hornströndum; þar er hættuleg sjóleið, og miklu hættulegri en hèr og lengri, út á reginhafi, þar geta menn ekki komið í kaupstað, nema einu sinni á ári. Eins er talsvert hættulegri sjór á Breiðafirði en hèr, og það svo, að sjóleiðin þar getur ekki komið í neinn samjöfnuð við sjóleiðina hèrna. Þar eru sker,

grynningar og opinn sjór. Þar eð það nú ekki er lengra, en það er af Mýrunum hingað suður, þá munu kaupmenn ekki telja á sig, að flytja og sækja vörurnar. Það er og undarlegt, að menn skuli móti betri vitund vilja biðja um sundrung á verzluninni, sem allir verða að játa, að er máttarstólpi landsins; hún er ekki svo mikil hèr, að henni verði tvískipt; þess vegna get eg ekki mælt með smákauptúnunum.

Framsögumaður: Eg ætla nú ekki að gefa mig út í að svara öllum þeim ósköpum, sem dunið hafa úr þeim tveim þingmönnum, þingmanni Barðstrendinga og hinum 6. konungkjörna þingmanni. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga byrjaði langloku sína með því að segja, að bænarskráin væri óþörf, ósanngjörn, gjörræðisfull og skaðleg, en eg held, að með fullt eins miklum sanni megi segja um hans ræðu, að hún hafi lýst bæði ókunnugleika, illgirni og ósannindum (*Forseti* hringir: Eg verð að biðja þingmanninn að brúka ekki þess háttar orðatiltæki, sem eru óþörf og eiga ekki við). Eg ætla það hafi ekki verið ofharður dómur. Annars þarf eg ekki og vil ekki svara honum orði til orðs, því eg man ekki helminginn af því sem hann sagði, en það man eg, að hann byggði ekki á neinum verulegum ástæðum. Hann áleit, að bezt væri, að hafa engan kaupstað á svæðinu frá Reykjavík til Stykkishólms. En það er þó ósanngjarnt að vilja neyða Mýramenn til að fara þangað. Sami þingmaður sagði, að menn gætu fengið hesta til ferðarinnar hjá nágrönnum sínum að láni. En það er aðgætandi, að nágrannarnir þurfa líka að fara í kaupstað; allir þurfa þess, og geta því ekki misst hesta sína. Það er því lèttvæg ástæða. Þingmaðurinn nefndi enn fremur kort, sem hann hefði fengið, en eg ætla það muni ekki vera mikið betra, en landkort þau sem til eru, og þó hann hafi snikt einhverstaðar þetta kort út (*Forseti* hringir: Eg verð að biðja þingmanninn að gæta orða sinna.), þá tek eg það fyrir mitt leyti ekki gilt, því eg er sannfærður um, að það upplýsir þetta mál ekki betur, en það kort, sem áður var til; skjal það er þingmaðurinn las upp, sannar ekki hið minnsta, því hann las ekkert mannsnafn neðan við, svo eg veit ekki hvort hann hefir búið það til sjálfur, eða hver það hefir gjört, en hitt er víst, að það lýsir hlutdrægni, og segir ekki rètt frá höfn eða innsiglingu; eg hefi því fyllstu ástæðu til að vefenga bæði kort hans og þessa lýsingu, og álíta það mjög grunsamt. Sami þingmaður hefir talað enn fremur um, að allt muni stranda á leyfi hlutaðeigandi prests,

en eg hygg, að ekki muni örðugt að fá það, þar hann hefir sjálfur skrifað undir bænarskrána, og lýsir það vilja þess prests, sem nú á hlut að máli; eg get því ekki óttast þessa mótbáru, enda er hún spáný og hefir aldrei orðið að baga samkynia málefnum að undanförnu; þá var það eitt merkilegt atriði í ræðu hans, að hann sagði að í niðurlagsatriði nefndarinnar; væri beðið um að kauptúnið væri reist út á sjónum; þessu þarf eg ekki að svara öðru en því, að ef hann vill lesa rètt niðurlagsatriðið, þá svarar hann sèr sjálfur, og fellur þá þessi «loptkastali» hans á sjálfan hann. Þingmaðurinn hefir þannig ekki framfært neina ástæðu sem dugir; nefndarálitið hefir enn ekki verið hrakið með rökum, og það eitt hefir sýnt sig, að þeir sem móti hafa mælt, eru ekki eins kunnugir málinu, eins og þeir, er samið hafa bænarskrána og nefndarálitið. Menn hafa og sagt, að skip gætu eigi komið á Brákarpoll, nema einungis á sumrin. Þó þar ekki kæmu skip nema einungis á sumrin, hafa Mýramenn gott af því eigi að síður. Eg veit það, að um vetrartímann er ekki gott innsiglingar á Borgarfirði vegna ísa, þegar frosthörkur eru, en ef kauptún væri reist við Brákarpoll, þá þyrfti vetrarferðanna ekki við, ef þar væru vörubyrgðir fyrir. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður tók dæmi af Ísafirði, en eg ætla, að Mýramenn sèu ekki skyldir að hafa hættulega sjóleið fyrir því, þótt Ísfirðingar hafi hana. Þeir mundu víst vilja missa af þeirri hættu, ef þeir gætu. Það er því engin ástæða. Þingmaður Gullbringusýslu gat um, að Mýramenn biðu jafnan eptir norðanroki, en það svarar sèr sjálft, að það nær engri átt, að þeir allir undantekningarlaust eigi þann vitnisburð skilinn, og víst er sá vitnisburður harður um þá menn, sem drukknuðu af skipum þeim, sem tilnefnd eru í nefndarálitinu, að þeir hafi með ásettu ráði eða af kæruleysi stofnað lífi og gózi í helju, þó þau færust bæði í norðanveðri. Eg hefi nú góða von um, að hinir aðrir þingmenn meðhöndli þetta mál fremur með stilling en kappi, og reyni að leita sannleikans, þó ræður þessara manna hafi lotið að því gagnstæða, og sýnt að þeir þekkja ekki eða vilja ekki þekkja neinar kringumstæður eða ástand málsins.

Björn Pètursson: Eg vildi svara hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga fáeinum orðum, með tilliti til þess sem hann sagði, að þau skip, sem kaupmenn sendu á Brákarpoll, væru svo lèleg, að kaupmönnum stæði á sama, hvort þau kæmust af eða ekki. Mèr þykir líklegt, að þingmaðurinn hafi sagt þetta að gamni sínu,

því það væri skrítið, ef þangað væru árlega send svo mörg skip, svo að segja í þeim tilgangi, að þau færust. Því get eg ekki trúað, að það geti satt verið. Hinn sami þingmaður sagði, að þangað væri ekki fært með skip, nema í júní og júlí. Það getur nú verið að svo sè, eg ber það ekki til baka. En ef það er satt, þá leiðir þar af, að þar verður aldrei byggður verzlunarstaður, og tel eg það þá ekki með skaða mínum. Það var ekki tilgangur nefndarinnar, að skylda menn til, að byggja verzlunarstað við Brákarpoll heldur leyfa mönnum það, ef þeir vilja, að setja sig þar niður. Vilji enginn nota leyfið, þá gagnar það að vísu ekkert, en það skaðar heldur engan. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði, að engin væri nauðsyn á löggilding verzlunarstaðar við Brákarpoll, þar eð svo miklar vörur væru fluttar þangað hvort sem er. Þetta getur nú verið. En af hverju er flutt þangað? Af því, að verzlunarmenn ekki binda sig fast við lögin; það er ekki einungis þunga- eða nauðsynjavara, sem flutt er á Brákarpoll og seld þar; og eg þori að fullyrða, að fæstir verzlunarmenn munu nokkurstaðar hafa haldið sig strangt við flutningaleyfið, þegar þeir á annað borð hafa viljað nota það, heldur verzlað um leið með alls konar vörur í óleyfi laganna. Það er því mín skoðun, að hvort sem kaupstaður yrði settur við Brákarpoll eður ei, þá ætti samt að leyfa kaupmönnum, að selja þar alls konar vörur, svo þeir ekki leiðist í freistni að brjóta lögin, og nærri neyðist til þess.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af áskorun hins heiðraða þingmanns úr Barðastrandarsýslu um að skýra frá, hvort presturinn á Borg hefði skrifað stiptsyfirvöldunum nokkuð út af stofnun kaupstaðar við Brákarpoll, sem liggur í Borgarlandi, leyfa mèr að geta þess, að presturinn hefir ekki skrifað stiptsyfirvöldunum neitt um það mál. Að öðru leyti skal eg, hvað málið sjálft snertir, leyfa mèr að taka fram, að eg get ekki álitið, að stjórnin muni finna næga ástæðu til að löggilda kauptún við Brákarpoll, eptir að hún er nýbúin að löggilda kauptún á Straumfirði og við Lamhhússund. Það er satt, að stjórnin hefir tekið mjög vel undir bænir þingsins um að löggilda ný kauptún hèr á landi, þar sem henni þóttu vera fyrir hendi yfirgnæfandi ástæður, en það verð eg að álíta hún finni ekki, að eigi sèr stað í þessu máli, enda verður það ekki varið, að þessi mörgu kauptún sundra verzlunarkröptunum og dreifa vörumagninu, svo þær verða alstaðar og hvergi, og enginn kaupstaður

getur komizt upp nema að nafninu, og því er slík ný kauptúnastofnun með ráði gjörandi.

Með þeim frjálsu vöruflutningum, sem nú eiga sèr stað, og með þeirri miklu aðsókn eða aðflutningum á 4—6 skipum, sem nú koma árlega á Brákarpoll, virðist öllum verulegum þörfum hlutaðeigenda yfir höfuð fullnægt, og að vísu betur með þessu móti, en með föstu kauptúni. Að því leyti, sem það er komið fram undir umræðunum, að eitt skip hafi legið í sumar í 6 vikur á Brákarpolli og *verzlað* þar, þá verð eg að svo stöddu að efast um, að slíkt hafi getað við gengizt, án þess að hlutaðeigandi sýslumaður hefði veitt því eptirtekt, og haldið uppi laganna fyrirmælum í því efni.

Stefán Jónsson: Eg ætla nú ekki að fjölyrða um þetta mál, með því eg er lítt kunnugur þar vestra. Það er einungis ein ástæða hjá hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, sem eg vildi beiðast ítarlegri skýringar á, nefnilega, hvernig hann hugsar sèr þeim skipum varið, sem einu gildir þó farist. Þar að auki er það aðgætandi, að það er fólk og varningur á skipinu, sem er á hættu að tapast og tortýnast, ef skipið ferst. Það er að minnsta kosti engin vissa fyrir, að skipshöfnin haldi lífi, ef skipið ferst. Þetta kalla eg nú lýsa ástæðuskorti, að koma með slíkar ástæður. Ef eg væri viss um, að Mýramenn hefðu nóg skip, vörur og fólk, sem þá gilti einu um, þá væri eg máske nokkuð á öðru máli.

Pètur Guðjónsson: Það er tekið fram í nefndarálitinu, og hinn heiðraði framsögumaður hefir þar hjá sagt, að höfnin á Brákarpolli væri góð; þar við er athugandi, að skipin liggja ekki á Brákarpolli sjálfum, því til þess er hann of grunnur, heldur liggja þau á firðinum fyrir utan pollinn. Eg hefi opt talað við skipstjóra, sem á Brákarpolli hafa legið, og þeir hafa allir látið í ljósi, að þeir fari þangað með hálfum hug, liggi þar með hálfum hug, og leggi út þaðan með hálfum hug. Eg kannast við, að þar sè leirbotn, en hann er grýttur, svo þegar skip liggja þar að hálffullum sjó, geta þau hæglega slingrað, ef stormur er, rekizt á steina, og fengið á sig göt. Það getur verið, að grjótið sè ekki mikið, en það er engan veginn frítt fyrir því, og geta skip ekki miðað sig svo vel niður, að þeim sè að álíta óhætt. Seinast í morgun talaði eg við einn, sem þangað hafði komið með skip, og hann óskaði, að hann kæmi þar aldrei optar. Hann hafði nefnilega í sumar komizt þar í krappan dans bæði við út og innsigling. Hinn heiðr-

aði framsögumaður skýrskotaði til kortsins, og það mundi sýna, hvað góð höfn væri á Brákarpolli, en hann talaði um landkort, og það er ekki þess háttar kort, sem vèr græðum hèr mikið á, heldur sjókortið, og þætti mèr fróðlegt að fá að sjá það kort seinna hjá þingmanni Barðstrendinga, sem hann sagðist hafa. En af landkorti fást í þessu máli engar upplýsingar. Framsögumaður sagði, að Mýramenn mundu hafa gagn af verzluninni á Brákarpolli, ef kaupmenn gætu verið þar að vetrinum. En eg get ekki verið honum samdóma í því, nema ef það er gagnlegt, að landsfólkið geti orðið af með haustullarhnoðrann sinn og tólgarmolann á veturna, fyrir það verð sem kaupmanni þóknast fyrir að gefa. En væri það ekki hyggilegra fyrir landsmenn, að geyma þenna haustullarhnoðra og tólgarmola til sumarsins, þegar keppni er komin í verzlunina? Vèr vitum allir, hvað vetrarverzlunin er óholl, og eyðileggjandi fyrir sveitarmenn, þegar kaupstaðir komast svona upp þar sem sumarverzlunin þá verður svo gott sem engin, en gengur öll upp í vetrarverzlunina. Þar sem eg gat um, að Mýramenn væru vanir að sæta óveðrum og norðanroki á ferðum þeirra til Reykjavíkur, þá hefir hinn heiðraði framsögumaður misskilið mig; því eg sagði, að þeir færu ekki heiman að frá sèr, fyrr en komið væri hvínandi norðanrok, og það ætla eg mætti sanna með vitnisburði manna í Reykjavík.

Helgi G. Thordersen: Það var eigi annað, sem eg vildi segja, en að eg eptir áskorun þeirri, sem til mín var gjörð, ítreka það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að frá prestinum á Borg er ekki komið eitt einasta orð viðvíkjandi kaupstaðarstofnun á Brákarpolli. En að öðru leyti verð eg að vera alveg á móti þessari bænarskrá, því að eg er svo hræddur um, að úr því einn pollurinn er orðinn löggiltur, þá fari menn að leita að öðrum pollum kringum landið, sem eg óttast geti orðið æði margir, ef vel er leitað, svo eg kvíði fyrir því pollamáli hèr á þingi. Eg er nú samdóma þeim þingmönnum, sem hafa haldið því fram, að fremur ætti að halda saman verzluninni en dreifa henni svo sem fyrir hvers manns dyr eða hvers manns bæjarpolla. Eg er hræddur um, að þetta gæti endað með óteljandi pollum, og að lyktum á einhverjum Rakkerpolli, að eg brúki orð, sem hèr hefir heyrzt í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Eg vildi að eins gefa hinum háttvirta þingmanni Eyfirðinga upplýsingu um það, er hann skildi eigi, að

kaupmenn gæti sent þau skip, er þá gilti einu þó þeir missti eða vildi missa. Það er mikill munur á því, hvort það er ónýtt skip, sem er hátt assurerað, ellegar það er gott skip, sem kostar meira, en ábyrgðargjaldið er. Hann sagði nú, að mönnunum mundi vera hin sama hætta búin og skipunum, en eg ætla, að það geti eigi verið, þar eð skipin liggja á þurru um fjöru, en vel getur skeð að það hafi verið um flóð, þá er Brák gamla drukknaði þar!!!. Eg held nú, að hinn háttvirti þingmaður Suðurmúlasýslu hafi misskilið mig dálítið, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að höfnin væri ótæk (*Björn Þórðarson*: Það sagði eg ekki). Það er nú reyndar satt, að eg sagði, að hún væri ótæk nema um hásumar. Það hefir nú kunnugur maður sagt mèr, að hann vildi ekki fara þangað með skip, því nær hvað sem á lægi úr því ágústmánuður væri kominn. Þingmaðurinn kallaði það gott og vonlegt, að ei yrði reist kauptún á Brákarnesi, ef eigi fengist þar húsastæði, ef eg hefi skilið orð hans rètt. En því er þá nefndin að biðja um þetta, sem er einungis til að við halda þessari góðu vetrarverzlun, Það var nú margt, sem framsögumaður ætlaði að hrekja í ræðu minni, en eg gat eigi sèð, að hann hrekti eitt einasta atriði. Hann getur nú eigi sèð nein not af því að halda saman verzluninni. Hann vildi nú enn fremur vita, hvort eg vildi, að enginn kaupstaður væri frá Reykjavík og til Búða. Já, eg vildi helzt óska, að svo væri. Eg ann Reykjavík þess vel, þótt hún blómgist og þess vegna vil eg ekki eins og hann vera að krukka af henni nokkuð og flytja upp í Brákarpoll. Enn fremur rengdi hann nú kort það, er eg gat um, og vildi eingöngu halda sèr við landkort Íslands, og eg vorkenni honum það, því að hann býr upp í dölum og þess vegna hefir hann víst eigi munað eptir að landkort er annað en sjókort. En eg skal nú, ef hann vill, kenna honum mun á sjókorti og landkorti, því að svo vill vel til, að alþingi á hèr sjókort og strandalýsingar Íslands, sem eg skal sjá um að komist á lestrarsalinn. Hann komst nú loks að þeirri játningu trúarinnar, að það sè eigi gott að komast inn á Brákarpoll á vetrum, því að þá getur ís hamlað þar eins og annarsstaðar; en það eru líka þar til grynningar og sker og þau eru eins á sumrinu og vori og hausti, sem á vetri. Mig furðar nú eigi, þótt hinum háttvirta framsögumanni sè annt um þetta mál, og það sýnist eins og það sè lífsspursmál fyrir Mýramenn, því eg gæti trúað, þó hann segði, að

Mýramenn, fyrst þeir að óþörfu biðja um Brákarpoll, helzt vildu fá verzlunarstað við hverjar búrdyr í sýslunni.

Jón Bjarnason: Það hefir nú verið talað svo mikið um þenna Brákarpoll, og sumt hefir verið talað með svo miklu kappi, að eg er hræddur um, að menn hafi eigi allt af leitað sannleikans, En það er eitt atriði, sem eg vildi benda á, og það er þetta hvað kemur til þess, að kaupmenn sækja eptir þessari forboðnu verzlun á Brákarpolli, en fara eigi á þá staði, Straumfjörð og Lambhússund sem leyfilegt er að verzla á. Af hverju ætli að þetta sè? Ætli það sè af því, að forboðna eplið smakkar svo vel? En ætli það sè ekki af því, að sá staður er bezt fallinn til verzlunar? Eg álít það nú reyndar óheppilegt, að menn skuli hafa beðið áður um þessa 2 verzlunarstaði, Straumfjörð og Lambhússund, en eg held það komi af því, að frjálsa verzlunin er enn eigi orðin gömul og hún er eins og í barndómi sínum enn þá, og hún er að leitast fyrir, hvar verzlunarstaðirnir sè beztir. Það verður eigi hjá því komizt, að kaupstaður verði settur einhversstaðar í Mýrasýslu, og mèr þykir líklegt, að Brákarpollur sè hentugastur til þess að setja þar verzlunarstað, því að þangað mun aðsóknin vera mest. Það hefir verið sagt, að menn kæmi inn á Brákarpoll með hálfum huga, væri þar með hálfum huga og sigldu þaðan út aptur með hálfum huga. En hvers vegna eru þá kaupmenn að fara þangað og eigi í hina löggiltu kaupstaði, sem þar eru beggja megin við. En ætli það væri nú óráðlegt að hleypa hèr að jafnrètti, og láta ráðast hver kaupstaðurinn verður heilladrjúgastur eptir reynslunni. Eg vil þess vegna gjöra alla staðina jafna að rèttindum og láta ráðast hver ber hæsta hlutinn.

Forseti: Eg skal skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna hvort mál þetta sè nú eigi fullrætt að sinni.

Björn Pètursson: Eg vildi áskilja mèr vara-atkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar. En eg vildi fyrst leyfa mèr að leiðrètta þann misskilning, er orðið hafði á orðum mínum hjá hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga. Eg sagði að eins á þá leið, að ef eigi væri fært að sigla á Brákarpoll, nema í júní og júlímánuðum, þá mundi þar ekki verða byggt, og það gilti mig einu. Það er svo sem auðvitað, að eigi verður byggt þar, ef þar er eigi byggilegt. Leyfið gjörir því hvorki til nè frá, því enginn getur fyrir það skyldað menn til að byggja þar. Þær helztu mótbárur, sem komið hafa á móti nefndarálitinu eru þær, að það vanti heimild hlut-

aðeigandi prests fyrir því að reisa þarna kauptún. Það er satt, að hana vantar; en presturinn hefir þó skrifað nafn sitt undir bænarskrána, og það áleit nefndin vera nægja sönnun fyrir því, að hann er því ekki mótfallinn, hvað sem kann að vera um stiptsyfirvöldin. Það hefir líka verið sagt, að kaupstaður þar mundi verða til þess að auka armóð, slark og drykkjuskap, og sundra verzlunarkröptunum (*Forseti*: Getur ekki þingmaðurinn komið með breytingaratkvæðið?). Jú, eg er nú kominn fast að því. Það er nú einmitt þetta allt, sem vara-atkvæði mitt á að sneiða hjá, og það er á þá leið, að öllum fastakaupmönnum verði leyft, að verzla á Brákarpolli um sumartímann.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi að eins leyfa mèr að tala fácin orð, af því að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skýrskotaði til mín um ástandið í kringum Borðeyri, sem honum þótti hafa versnað síðan verzlun kom á Borðeyri. Eg er nú reyndar þar ekki svo vel kunnugur, svo eg veit ekki, hvort þeir eru svo efnalitlir, eða ef svo er, hvort það sè af því, að verzlun er komin á Borðeyri, eða af harðindum þeim sem núna hafa gengið um nokkur undanfarin ár, þar sem annarstaðar. En hitt veit eg, að þaðan hafa eigi komið aðrar eins bænarskrár og komið hafa úr Snæfellsnessýslu um styrk til að bjarga úr harðæri. En það getur verið, að verzlunarstaðurinn á Borðeyri dragi nokkuð frá Stykkishólmi; en mèr finnst hinn háttvirti þingmaður vilja draga allt til Stykkishólms, bæði úr Mýrasýslu, Dalasýslu og Hrútafirði, máske til að betra kjör þeirra, er búa nærri Stykkishólmi. En úr því eg stóð upp, vildi eg hreifa einni ástæðu, sem færð hefir verið móti Brákarpolli, og það er, að vegur frá Alptanesi til Straumfjarðar sè bæði stuttur og góður. En eg ímynda mèr, að ef svona lítill munur væri á veginum eins og sagt er, þá mundi kaupmenn heldur fara á Straumfjörð en Brákarpoll, og eins bændur úr Mýrasýslu, sem færu til verzlunar þeirra; mèr virðist nauðsynlegt að vita hið sanna um þetta atriði.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið. En þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *lagaskólamálið;* framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, og ef hann hefir nokkrar athugasemdir eða skýringar að gjöra við málið, þá hefir hann hljóð.

Framsögumaður (*Eiríkur Kúld*): Það er nú eigi neitt, sem eg finn athugavert við breytingaratkvæðin, og hefir nefndin sam-

þykkt breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga, því að þau skýra að eins meiningu nefndarinnar, og fara eindregið í sömu stefnu og nefndin. En breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta, gat nefndin engan veginn aðhyllzt, því að það fer í gagnstæða átt, bæði við það sem nefndin fer, stjórnin hefir farið og öll undanfarandi þing hafa farið. Bæði stjórnin og þingið hefir hugsað sèr, að taka heldur nokkuð en ekki neitt. En hvort sem þetta breytingaratkvæði er af annarlegri rót runnið, eða sprottið frá sjálfum hinum háttvirta varaforseta, þá sýnist það að vera málinu eingöngu til fyrirstöðu, og leggja einhvern tálma í veg fyrir það. Eg vona því, að þingmenn fallist ekki á þetta breytingaratkvæði, sökum þess það eigi hefir heldur neinar gildar ástæður við að styðjast.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki talað neitt fyrri i þessu máli, og skal ekki heldur lengja þingræðurnar mikið. Eg hefi ætíð verið þeirrar meiningar, að við ættum að fá okkar menntastofnanir allar inn í landið; og þó nú þetta sem hèr er farið fram á, sè ekki í orðsins rèttu merkingu skóli, þá höfum við dæmið fyrir augunum með læknakennsluna, sem nú er undir yfirumsjón landlæknisins; það er auðvitað, að bæði landlæknirinn sem nú er, og þeir sem takast á hendur þessa lagakennslu eru dauðlegir, en svo koma aðrir í þeirra stað, og þó nú að kennsla þessi kunni að álitast lítilfjörleg, þá er hún þó fengin í landinu sjálfu, og það álít eg mikinn kost; og sú lagakennsla sem hèr fæst, með því fyrirkomulagi sem hèr er farið fram á, getur víst orðið eins góð og sumra þeirra, sem hafa sótt hana til Danmerkur, og því ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæði þingmannsins frá Norður-Þingeyjarsýslu.

Forseti: Þessari ályktarumræðu er þá lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn hafa prentaða fyrir sèr.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 338.

Um tölulið 1. breytingaratkvæði Sveins Skúlasonar var viðhaft nafnakall, og sögðu

þessir:	þessir:
«já:»	«Nei:»
Eiríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Pètur Guðjónsson.
Ásgeir Einarsson.	Pètur Pètursson.

«já:»

Benedikt Sveinsson.
Björn Pètursson.
Halldór Jónsson.
Helgi G. Thordersen.
Jón Bjarnason.
Jón Pálmason.
Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson.
Ólafur Sigurðsson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.

Var breytingaratkvæðið þannig samþykkt með 19 atkv. gegn 3.

Breytingaratkvæði Jóns Guðmundssonar var fellt með 20 atkvæðum.

Uppástungu nefndarinnar fallin samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti: Þá kemur þar næst til undirbúningsumræðu málið *um rèttindi prentsmiðjunnar* á Akureyri. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga; mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið svo sem honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Stefán Jónsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið og hljóðar það þannig.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 339.

Eg álít, að eg þurfi nú eigi að tala neitt fyrir þessu máli; því að eg held, að hver þingmaður geti sannfærzt af nefndarálitinu, og eg vona, að þingmenn finni það svo sanngjarnt, sem það fer fram á, að þeir mæli eigi á móti því, og sèr í lagi hefi eg það traust til hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann muni styrkja þetta mál, og ætla eg svo ekki að tala fleira að þessu sinni.

Konungsfulltrúi: Eg vildi eg gæti uppfyllt þær vonir hins heiðraða framsögumanns, sem hann lýsti yfir, en get þó ekki lofað því, þar sem mèr finnst margt í því upplesna nefndaráliti, sem hvorki sè rètt, nè rètt tekið fram. Eg skal þá fyrst taka það fram, sem segir í nefndarálitinu, að prentsmiðjan hèrna ekki hefði getað

staðið í skilum við almenning með bókaprentun, ef prentsmiðjan á Akureyri hefði ekki verið annars vegar. Þessu verð eg algjörlega að neita, og þó það sè satt, að frá prentsmiðjunni fyrir norðan hafi komið út ýmsir smápèsar, sem, ef þessi prentsmiðja ekki hefði verið til, naumast mundu hafa komið á prent, þá held eg á hinn bóginn megi fullyrða, að margt af ritum þessum hefði mátt missa sig.

Að ýmsar bækur hafa verið prentaðar utanlands á seinni árum, er ekki komið af því, að prentsmiðjan hèrna hefði ekki getað tekið þær til prentunar, ef þess hefði verið óskað, eður af því, að hún hafi vísað frá sèr, heldur af allt öðrum ástæðum, og ekki er það heldur satt, að flestar hinar alþýðlegustu bækur hafi verið prentaðar utanlands, og er hægt að færa sönnur fyrir þessu atriði.

Að bókmenntalíf vort, eins og segir í nefndarálitinu, muni fá nýjan vöxt og viðgang, þegar fjárhagur Íslangs sè orðinn aðskilinn frá Danmerkur, og stjórnarbót sú, sem verið er að biðja um, er komin í kring, er spádómur, sem ekki verður byggt neitt á, en þó svo yrði, þá er eg sannfærður um, að prentsmiðjan hèrna mundi geta fullnægt öllum sanngjörnum þörfum og kröfum.

Viðvíkjandi einkarèttindum prentsmiðjunnar hèrna, sem allt af er verið að klifast á, þá er hèr auðsjáanlega blandað málum, það er að segja, forlagsrèttindi prentsmiðjunnar eru kölluð einkarèttindi (privilegia); en það er þó hverjum manni auðskilið, að forlagsrèttindi eru allt annað en einkarèttindi. Þessi forlagsrèttindi eru privat eðlis, og ein grein af eignarèttindum, og hafa sömu helgi og önnur eignarèttindi, og hið opinbera hefir ekki vald til þess að taka þessi forlagsrèttindi frá prentsmiðjunni hèrna, heldur þvert á móti skyldu til að vernda þau, eins og önnur eignarèttindi manna yfirhöfuð. Um þessi forlagsrettindi prentsmiðjunnar getur því ekki verið neitt spursmál, og þannig ekki um forlagsrèttinn til barnalærdómsbókarinnar eða sálmabókarinnar; því prentsmiðjan hefir lögmætan forlagsrètt til þessara bóka. Hvað þær bækur, sem prentsmiðjan hefir einkaleyfi til að gefa út, því næst snertir, þá eru þessar bækur mjög fáar, þær helztu eru Hallgrímskver og passíusálmarnir, og þó prentsmiðjan nyrðra mætti prenta þessar bækur græddi hún lítið eða ekkert á þeim, en því síður á lærdóms eða sálmabókinni, og því allrasízt á handbók presta, sem ekki seljast af nema 4—5 exemplör árlega því sálmabókin og barnalærdóms-

bókin eru seldar með svo litlu og lágu verði, að prentsmiðjan nyrðra getur ekki prentað þær fyrir það verð. Bækur þessar yrðu því, eins og eg tók fram við inngangsumræðuna, dýrari en þær nú eru, ef prentsmiðjan hèrna væri ekki ein um þær, og ef til vildi gæti og af skiptingunni leitt skort á þessum bókum.

Að prentsmiðjan hèrna eigi að þakka prentsmiðjunni á Akureyri framfarir sínar, er næstum því hlæilegt að heyra fyrir þá, sem þekkja til. Framfarir og viðgangur prentsmiðjunnar hèrna er því að þakka, að henni er veitt góð forstaða, og að hún með þessu móti hefir fengið talsverð efni, en prentsmiðjuna fyrir norðan skortir að því er virðist hvorttveggja. Hún þarfnast forstöðumanns, sem fær sè um að rita fyrir hana, eða sem að minnstakosti geti lagt út nytsamar og útgengilegar bækur handa henni, og þar næst vantar hana fè. Með góðri forstöðu mætti þessi stofnun geta blómgazt, en hún nær ekki vexti nè viðgangi við það, þó hún fengi jafnt prentsmiðjunni hèrna forlagsrètt að þeim bókum, sem landsprentsmiðjan hefir einkaleyfi fyrir, það er í augum uppi. Eg skal svo ekki orðlengja meir, en eg er búinn, um þetta nefndarálit, en einungis skal eg leiða athuga að niðurlagsatriði nefndarálitsins, er fer fram á jafnrètti yfirhöfuð fyrir báðar prentsmiðjurnar. Þær hafa þetta jafnrètti í raun rèttri, því aukarèttindi prentsmiðjunnar hèrna eru ekki teljandi, en um forlagsrèttindi hennar getur ekki verið neitt spursmál. Mèr virðist þannig, þegar á allt er lítið, að þingið enga bænarskrá eigi að senda í þessu máli, en láta það falla niður. Það liggur til grundvallar fyrir því hin sama sundrung kraptanna, sem kom fram í öðru máli hèr í salnum í dag

Pètur Guðjónsson: Eg hefi litlu við það að bæta, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. En eg vildi að eins leyfa mèr að gjöra athugasemdir við það atriði í nefndarálitinu, að það segir, að prentsmiðjan hèr hefði eigi staðið í skilum hefði Akureyrar prentsmiðjan eigi verið. Eg verð hèr um að lýsa því yfir, að það hefir aldrei verið skortur á skilum af hendi prentsmiðjunnar hèrna, og hún hefir tekið við öllu til prentunar, sem henni hefir boðizt undir eins og þess hefir verið óskað. Hún var að vísu í barndómi sínum 1843, þegar alþingistíðindin voru fyrst prentuð hèr; þá var hún nýkomin frá Viðey og vita allir í hvaða óstandi hún var þá. En auk þess sem prentsmiðjan hèr útvegaði sèr þá ný áhöld, þá útvegaði hún og prentara frá Kaupmannahöfn, af því

að hún hafði þá ekki næga vinnukrapta til þess að hún gæti staðið í skilum við alþing. Síðan hefir hún prentað alþingistíðindin annaðhvort ár með sínum eigin kröptum, og svo mun hún eins gjöra framvegis. En það er ekki nóg með þetta, hún hefði getað afkastað miklu meiru, hefði meiri aðsókn verið að henni, því að forstaða hennar hefir ávallt haft ráð til að auka vinnukraptinn, þegar á hefir legið. Það er víst alveg ástæðulaust að halda, að það sè Akureyrarprentsmiðjunni að þakka, að prentsmiðjunni hèr hefir farið fram. Og það, sem komið hefir út frá Akureyrarprentsmiðju, er víst ekki nein sèrleg fyrirmynd upp á góðar framfarir, því að prentið sumt, sem frá henni hefir komið, er eg hefði nærri því sagt — forsmán. En endurbæturnar á prentsmiðjunni hèrna voru komnar á löngu áður en Akureyrarprentsmiðja varð til, nefnilega 1845, og síðan hefir þeim verið haldið trúlega áfram. Það hefir enn verið sagt, að margt hafi nytsamt verið prentað fyrir norðan og erlendis, af því landsprentsmiðjan hafi ekki getað aðdugað þörfum landsmanna í því efni. Þetta er að því leyti satt, að það hefir átt sèr stað. En það er ekki af því, að prentsmiðjan hèrna hafi eigi getað komið því af, heldur af því, að þvílík prívat fyrirtæki eru ekki bundin við landsprentsmiðjuna. Viðvíkjandi því, að margt gagnlegt hafi komið frá Akureyrarprentsmiðju, þá vil eg að eins nefna eitt, og það eru Felsenborgarsögurnar, og ef þær eru nytsamar, þá vildi eg helzt að eg sæi þessa prentsmiðju 3 álnir undir jörðinni. Það hefir enn fremur verið sagt, að rèttindi Akureyrarprentsmiðju væri skert með forlagsrèttindum landsprentsmiðjunnar, en það hefir ljóslega verið tekið fram af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, hver munur sè á einkarètti og forlagsrètti og að þessu tvennu má ekki blanda saman. Forlagsrètturinn er veruleg eign, sem ekki verður tekin frá neinum án stakasta ranglætis. Eg vil tilfæra eitt dæmi. Hvaða sanngirni væri í því, ef eg ætti gæðing, sem eg hefði kostað miklu upp á og haft til stöðugrar brúkunar, og einhver segði: «Fáðu mèr nú gæðing þinn, þú hefir brúkað hann nógu lengi, nú vil eg komast að til að brúka hann?» Mèr þykir það því órèttlátara að taka rèttindi þau, sem hèr eru umtalsefni, af landsprentsmiðjunni, þar sem enginn skortur er á þeim bókum, sem hún hefir forlagsrètt að, og hún selur þær svo ódýrt, að Akureyrarprentsmiðja mun aldrei geta selt þær eins. Eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en að eins bæta við þeirri athugasemd, að mèr virðist það ekki sanngjarnt, ef menn vilja eyðileggja þessa stofnun, sem að líkind-

um mun sýna æ meiri og meiri framfarir eptir því sem lengri tímar líða og hún eflist að kröptum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst nú þetta nefndarálit vera gjört út úr vandræðum og af litlum efnum. Nefndarmenn hafa auðsýnilega verið í vandræðum, og hafa svo sett þetta til þess að segja eitthvað. En hvað er nú þetta jafnrètti, sem hèr er verið að tala um. Það er það, að bæði prentsmiðjan hèr og fyrir norðan getur prentað hverja þá bók, sem hún kemst yfir og getur fengið forlagsrètt að. Þenna rètt hefir nú Akureyrarprentsmiðja og það styrkist að minni skoðun ennfremur af kanselíbrèfi 17. sept. 1794, viðvíkjandi Hrappseyjarprentsmiðju; þar er henni leyft að prenta hverja þá bók, er hún geti yfir komizt og jafnvel þær bækur, sem hin prentsmiðjan hafði rèttindi til að prenta, ef hún stæði eigi í skilum eða hefði eigi nóg af bókinni. En eg get eigi betur sèð, en að prentsmiðjan hèr hafi staðið í skilum með þessar 4 bækur, sem hún hefir prentrètt til, sálmabókina, barnalærdómsbókina, Hallgrímskver og Passíusálmana, en handbókina tel eg ekki, því af henni selst ekki nema svo sem 3—4 exemplör á ári og forstöðumenn prentsmiðjunnar hèr hafa víst ekkert móti því, að Akureyrarprentsmiðjan fái að prenta hana. Þeir, sem láta prenta bækur, mega allt eins fara til Akureyrarprentsmiðju, ef þeim þykir það eins hægt og haganlegt, og hèr. En ef hún hefir keypt forlagsrètt að einhverri bók, þá vil eg spyrja, hvort nokkrum mundi detta í hug að biðja um, að Reykjavíkurprentsmiðja mætti gefa hana út jafnframt henni. Það væri mjög ósanngjarnt, því það væri að svipta hana eignarètti sínum. Nefndarálitið finnst mèr nú samkvæmt sjálfu sèr, þar sem það biður um þessi rèttindi til handa prentsmiðjunni á Akureyri, af því að hún annars ekki geti staðizt, en þó segir í nefndarálitinu, að áhugi manna á bókmenntum muni fara svo vaxandi, að 2 prentsmiðjur muni varla komast yfir að prenta allt, hvað þá heldur ein. Ef nú að nóg er að gjöra, hvers vegna hefir þá Akureyrarprentsmiðja eigi nóg að gjöra? og til hvers er þá verið að biðja um þetta. Að prentsmiðjan hèr hafi ekki staðið í skilum, það er, að hún hafi eigi getað prentað allt, sem henni hefir boðizt, þá veit eg aldrei til, að hún hafi vísað frá sèr nokkurri bók, er hún átti kost á að prenta, eg er þó nokkuð kunnugur, og eg vona að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, sem líka er þessu efni kunnugur, játi hið sama. Hún hefir allt af haft nóg af sínum forlagsbókum, og hefir aldrei hafnað prentun á

bókum, en eg veit til, að hún hefir opt getað tekið á móti meiru að gjöra en hún hefir haft. Það liggur nú líka beint við, ef prentsmiðjan eigi gæti tekið á móti meiru, að menn færi þá til Akureyrarprentsmiðju, og hvers vegna gjöra menn það ekki?. Þeir sem prenta utanlands gjöra það af því, að þeim þykir það meira hagræði en að láta prenta það hvort heldur í Reykjavík eða á Akureyri. Eg get því ekki sèð, að það þýði neitt, þótt konungi væri rituð bænarskrá í þessu máli.

Framsögumaður: Þeir 3 menn, sem talað hafa, hafa nú allir komið með nokkrar mótbárur á móti þessu máli, og sá er síðast talaði sagði, að prentsmiðjan hèr hefði aldrei neitað prentun á bókum. Það er þó víst, að margar guðsorðabækur hafi verið prentaðar í Kaupmannahöfn. Mèr þykir nú líklegt, að prentsmiðjan hèr með öllum sínum kröptum hefði getað fengið sumar af þeim og ef til vill allar til prentunar, ef hún hefði getað gjört það með eins góðum kjörum og prentsmiðjur ytra, t. a. m. allt Pèturspostillu, hugvekjur og bænir. Þetta eru nú þær bækur, er mest tíðkast til húslestra nú. Þar sem hún, prentsmiðjan hèrna, hefir eigi prentað þessar bækur, held eg það sè satt sem stendur í nefndarálitinu, að prentsmiðjan hèrna komi ekki af öllu, sem hún þarf, eða að minsta kosti getur fengið að prenta. Eg efast eigi um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi skilið, hvað nefndarálitið meinti með jafnrètti, þó honum þætti það ógreinilega orðað, og það er það, að Akureyrarprentsmiðja biður um að hafa jafnrètti til að prenta þær bækur, er prentsmiðjan hèr hefir forlagsrètt að, nefnilega messusaungsbókina og lærdómsbókina og Hallgrímssálma, og eg veit eigi hvað margar fleiri, en það væri gott að vita, hverjar þær eru. Nefndarálitið kannast við að prentsmiðjan hèr hafi staðið vel í skilum á hinum síðustu árum, en það er eigi svo langt síðan það lag komst á hana og ekki er svo langt síðan að það ætlaði að standa tæpt að minnsta kosti með eitt kver. Þingmaður Gullbringusýslu vildi nú fræða mig á þeim endurbótum, er prentsmiðjan hèr hefði fengið 1845. Eg var hèr þá líka, og vissi mikið vel, hvernig það gekk til, svo eg þurfti eigi þeirrar fræðslu. Það hefir nú verið sagt, að Akureyrarprentsmiðju mundi muna það litlu, þótt hún fengi jafnrètti til að prenta þessar bækur; það getur nú verið. En mèr þykir þá undarlegt, sem sagt hefir verið, að prentsmiðjan hèr mundi eyðileggjast, ef hún missti þessi rèttindi. En eg verð að halda, ef lítill hagur er í þessum rèttindum, þá

muni hana litlu, þótt hún missi þau hálf; það er eitthvað undarlegt í því, að Akureyrarprentsmiðju muni engu, að fá hálfan rètt til að prenta þessar bækur, en Reykjavíkur prentsmiðja á næstum að falla til grunna ef hún missti þessi rèttindi. Það hefir enn fremur verið sagt, að sálmabókin og barnalærdómsbókin væri seldar með svo vægu verði, að prentsmiðjurnar gæti eigi, ef þær prentuðu þessar bækur báðar, selt þær með eins vægu verði; þetta kann nú að vera. En ef stjórnendur prentsmiðjunnar — um þær sjálfar tala eg ekki, því að þær eru eins og hver annar dauður hlutur — gjörðu bræðralag sín á milli og prentuðu sína bókina hver, þá mundi mega selja þær með sama verði og þær nú eru. En eg neita því ekki, að það væri óhagkvæmt, ef þær prentuðu báðar sömu bókina. — Því hefir nú verið mótmælt, að nytsamleg rit hafi komið út á Akureyri, og var eitt tilnefnt það er sízt skyldi. En þar hefir verið prentað fleira t. a. m. Jóns lagabók, og margt annað sem eins hefði mátt nefna. Þar hefir líka verið prentað blað, og þótt það ef til vill þyki ekki eins mikilvægt og þau blöð, sem hèr hafa komið út, þá mundi þó Norðlendingum þykja eptirsjón í að missa það. Eg skal aptur minnast á það, sem sagt var, að ef prentsmiðjan hèr gæti ekki tekið við öllu, sem henni byðist, þá lægi beint við að fara til Akureyrar, þá er þetta ekki rètt, því að það er mikill munur á að flytja bækur milli Reykjavíkur og Akureyrar, eða flytja þær frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, og þaðan aptur til Reykjavíkur og til allra annara kaupstaða á landinu. Það er þess vegna eðlilegt, að menn fari heldur hèðan til Hafnar en Akureyrar til að láta prenta bækur, sem prentsmiðjan hèr ekki getur tekið við, og það þó prentsmiðjan á Akureyri væri í eins góðu lagi og hún er hèr, sem eg vil nú ekki segja, að hún sè. En það er ekki svo langt síðan, að prentsmiðjan hèr er komin í þetta góða ástand, sem hún nú er í, og það mætti sýna eldri bækur frá prentsmiðjunni hèrna, sem eigi er betur frágengið, en bókum þeim sem prentaðar hafa verið á Akureyri. En þetta góða ástand prentsmiðjunnar hèrna er mest að þakka alþingi. Eg vona því, að menn verði ekki alveg mótfallnir nefndinni, því að prentunarrètturinn á mörgum bókum prentsmiðjunnar hèrna er þó fenginn frá Norðurlandi, og það er ekki víst, að það hafi verið betur ráðið, að flytja prentsmiðjuna hingað suður, eins og þá stóð á.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af orðum hins heiðraða framsögumanns, að eg hefði misskilið niðurlagsatriðið í nefnd-

arálitinu, að taka fram, að eg verð að ætla, að eg hafi skilið það rètt. Báðar prentsmiðjurnar hafa nefnilega jafnrètti það, sem um er beðið, að undanteknum þeim fáu bókum, sem prentsmiðjan hèrna hefir einkaleyfi fyrir að prenta, og sem hefir, eins og eg hefi tekið fram, mjög lítið að þýða. Báðar prentsmiðjurnar hafa einnig óskertan sinn forlagsrètt, en það er allt annað en jafnrètti að taka frá prentsmiðjunni hèrna hennar forlagsrèttindi, og gefa þau prentsmiðjunni nyrðra, en þar sem þetta er víst ekki meiningin, þá hafa báðar prentsmiðjurnar jafnrètti í öllu verulegu.

Eiríkur Kúld: Af því hinn heiðraði framsögumaður er vinur minn, þykir mèr illt, ef hann skyldi álíta mig ósanngjarnan, af því að eg stend upp núna, ekki til þess strax að fallast á uppástungu nefndarinnar, heldur til þess að vera samræmingur við hann, og setja fyrir hann eina spurningu, eins og hann gjörði mèr áðan. Hann sagðist ekki vita, hverjar þær bækur væri, er prentsmiðjan í Reykjavík hefði einkaleyfi til að prenta. Þá vil eg spyrja hann: Hvernig vill hann ráða alþingi til að biðja um það, sem hann sjálfur ekki getur sagt þinginu hvað er? Hann gjörir kann ske svo vel að leysa úr þessari spurningu. Það var á honum að heyra, að ef prentsmiðjan á Akureyri ekki fengi jafnrètti þetta, mundi hún líða undir lok (*Stefán Jónsson*: Nei). Mèr sýnist nú alls ekki ráðlegt að draga afl úr báðum. Hann hèlt, að nóg væri að gjöra fyrir 2 prentsmiðjur; en því prentar þá ekki prentsmiðjan á Akureyri nóg til þess að geta staðizt? Það kemur víst af því, að hana vantar mann, er geti skrifað fyrir hana, eða lagt út góðar bækur; svo munu og áhöld hennar, þó þau hafi verið góð í fyrstu, vera farin að fyrnast. Hinn heiðraði framsögumaður viðurkenndi, að prentsmiðjan hèr væri nú í góðu standi; þetta sýnir að henni er að fara fram, en prentsmiðjunnni á Akureyri aptur. Ef að lakari útgáfa kæmi frá prentsmiðjunni á Akureyri, vegna apturfarar þeirrar sem hún er í, af bókum þeim, sem nauðsynlegar eru, t. a. m. sálmabókinni, þá ímynda eg mèr, að framsögumaður ekki vildi veita henni jafnrètti. Ef að bækurnar eru jafndýrar frá báðum prentsmiðjunum vil eg heldur kaupa betri útgáfuna en hina lakari; þó nú prentsmiðjan á Akureyri fengi þetta svo kallaða jafnrètti, yrði það henni alls ekki til stuðnings, þegar bækur þessar eru seldar með svo vægu verði, að enginn hagnaður er að gefa þær út. Eg er því í miklum vafa um, hvort eg muni geta gefið uppástungu

nefndarinnar atkvæði mitt, og verð það að minnsta kosti þangað til hinn heiðraði framsögumaður hefir svarað spurningu minni.

Pètur Guðjónsson: Mèr heyrðist á orðum hins heiðraða framsögumanns, að hann hefði skilið orð mín, og þeirra sem mót nefndinni hafa talað, þannig, að prentsmiðjan í Reykjavík mundi eyðileggjast, ef hún missti forlagsrèttindi sín; þetta var ekki meiningin, og engin ástæða til að draga þetta út úr orðum vorum; en hitt mátti út úr þeim draga, að órèttvíst væri að svipta prentsmiðjunni í Reykjavík eigindómsrètti sínum. Framsögumaður sagði, að fyrir nokkrum árum hefði verið hörgull á einu kveri; eg skildi vel hvaða kver hann meinti; og held eg það hafi verið upplýst við landsyfirrèttinn, að ekki var svo; skýrsla byskups um konfirmeraða á þá seinast liðnum 5 árum, sýndi það ljóslega, að þá voru til fleiri hundruð exemplör af kverinu út um landið og einn prestur fyrir norðan gaf skriflega vottun sína undir rekstri málsins um það, að hann hefði mörg exemplör af kverinu, sem hann ekki hefði getað selt; og hefir framsögumaður þess vegna langt síður en ekki sannað sögu sína þessu viðvíkjandi. Annars verð eg í fyllsta máta að viðurkenna, hve stillilega og höglega hinn heiðraði framsögumaður hefir talað í máli þessu.

Sveinn Skúlason: Eg held að hinn heiðraði framsögumaður hafi sannað, að prentsmiðjan í Reykjavík ekki hafi staðið í skilum á fyrri tímum, þó hún gjöri það núna. Og til dæmis þar um er prentun lærdómsbókarinnar fyrir norðan, því af henni seldist þó stórt upplag á fjórum árum. Prentsmiðjan á Akureyri hefir þrátt fyrir það bætt prentsmiðjuna í Reykjavík að því leyti, að hún hefi kennt henni að fara að sjá að sèr, og ekki að brúka rèttindi sín eingöngu til þess að flá þjóðina, eins og hún hafði áður gjört, því síðan barnalærdómsbókin kom út á Akureyri hefir hún lækkað verðið á bókum þeim, sem hún hefir einkarètt til að prenta. Það hefir verið sagt, til þess að rýra álit prentsmiðjunni fyrir norðan, að áhöld hennar væru slæm, og bækur þær, sem hún hefði prentað ónýtar; ef að hinn sami herra, þingmaður Gullbringusýslu, hefði viljað telja upp riddarasögurnar og rímnaflokkana, sem prentaðir hafa verið í Reykjavíkur prentsmiðjunni og bera það saman við Felsenborgarsögurnar, þá held eg það hefði orðið maki móti maka, svo óþarft sè að bregða henni um það. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi gjöra lítið úr von nefndarinnar um vöxt og viðgang á andlegu fjöri eptirleiðis, og kallaði það spádóm; það er ekki

spádómur, því það er ómögulegt annað en svo fari; og þar af leiðir, að það sem hann sagði er langtum meiri spádómur, að prentsmiðjan hèr ávallt geti staðið í skilum; því svo mikið getur borizt að einni prentsmiðju, að hún geti ekki yfir það komizt; hann þarf ekki annað en að líta til útlanda og þá má sjá, að ein prentsmiðja er ekki nóg fyrir heilt land, sem náð hefir andlegum þroska. Konungsfulltrúi vildi segja, að jafnrètti væri á milli prentsmiðjanna. Mèr var ekki fullkomlega ljós munur sá, sem hann gjörði á privat rètti og privilegio; hann sagði, að prentsmiðjan hèr hefði privilegium til að prenta Hallgrímskver, en privat rèttindi eða forlagsrètt til að prenta sálmabókina og lærdómskverið, ef eg hefi skilið hann rètt. En þetta bjargar ekki jafnrèttinu. Bækur sem prentaðar eru á opinberan kostnað, og víst er, að mikið muni seljast af, gefa prentsmiðju þeirri, sem einkarètt hefir að prenta þær, mikinn rètt fram yfir aðrar prentsmiðjur. Forlagsrèttur getur þetta ekki heitið, því varla mun prentsmiðjan hèr hafa fengið bækur þessar þannig, að handritin hafi verið keypt fyrir peninga heldur úr höndum yfirvaldanna. Hólabyskupsdæmi hafði fyrrum yfiráð yfir prentun flestra guðsorðabóka, og ætti því prentsmiðjan fyrir norðan að hafa jafnrètti til að prenta þær bækur. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hægt væri fyrir prentsmiðjuna á Akureyri að gefa út nýjar bækur, eða láta leggja út bækur; þetta er satt, ef að hún stæði jafnt að vígi með gömlu bækurnar. Eg vil biðja þingmenn að muna eptir því, sem Tómas heitinn Sæmundsson svo fallega sagði. Það eru einmitt gömlu bækurnar sem fljúga út, og þær eiga að koma fótunum undir nýju bækurnar. Það er engin furða, þótt prentsmiðjan í Reykjavík hafi tekið framförum síðan 1845, því hún hefir auk einkarèttindanna ýms hagræði; hún hefir djúpan vasa, hún getur fengið allt það fè er hún vill og þarf fyrir fram hjá stjórninni, á móti seinna endurgjaldi af efnum sínum, og er því, ef hún vill kosta til einhvers, strax kominn á koppinn. Öðru máli er að gegna um privatstofnun. Dæmi það, sem þingmaður Gullbringusýslu færði til í ræðu sinni sannar einmitt mál nefndarinnar; því ef einhver hefði lengi haft gagn og gaman og spreitt sig á gæðing, sem annar maður átti jafn mikið með, þá hefði þessi maður fulla kröfu til að hafa sama gagn og gaman af gæðingnum og hinn hafði haft; landsprentsmiðjan og suðurland hafa nú svo lengi riðið þessum gæðing, að þau gætu afstaðið hann nokkra stund. Hinn 6. konungkjörni þingmaður

hrópaði hátt: Hvað er jafnrètti? En hvað er sannleikur? Er ekki jafnmikill sannleiki í gömlum rèttindum? Vèr leitumst við að halda gömlum rèttindum gagnvart stjórninni og Danmörku, sem líka er alveg rètt gjört. En á þingið þá ekki að þola, að ein innlend stofnun sæki rètt sinn í hendur annari? En þá skellum vèr við því skolla-eyrunum. Þingmaður Barðstrendinga spurði, því prentsmiðjan á Akureyri prentaði ekki nóg. Það kemur af því, að hún hefir ekki nóg að prenta og prentsmiðjan hèrna hefði heldur ekki nóg, ef hún ekki hefði privilegium og alþingi. Mismunurinn liggur í því að geta prentað bækur, sem undir eins ganga út og borgun kemur strax fyrir. En það er satt, það er ætíð hægt að láta prenta og fara svo á rassinn eins og eg.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga bar upp fyrir mig spurningu; en eg þóttist ekki fá svo gott svar hjá honum áðan, að eg finni mèr skylt að svara. Eg þekkti þó nokkuð af því, sem eg bað um, bæði lærdómsbókina og sálmabókina og Hallgrímskver og sálma og mun mest í þær varið; hinar kæri eg mig minna um, þær eru ekki svo mikið keppikefli, enda mun landsprentsmiðjunni ekki jafnannt um að halda í þær.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg hefi ekki margt um þetta mál að segja, því eg hafði enga bænarskrá þessa efnis meðferðis; en það er mèr kunnugt, að í mínu kjördæmi og í öllu norðurlandi er mönnum þetta hið mesta áhugamál; það er og eðlilegt, því það er víst, að enn þá vakir sorg og gremja í brjóstum margra norðlendinga yfir því, að prentsmiðjan var flæmd úr norðurlandi og hingað suður, og þess vegna var prentsmiðjan á Akureyri stofnuð með frjálsum samskotum í norðuramtinu. Þegar menn voru að koma henni á fót vonuðu menn, að hún mundi verða aðnjótandi einkarèttinda þeirra sem hin forna Hólaprentsmiðja hafði, að minnsta kosti, að því leyti sem norðurland átti tilkall til þeirra, því enginn mun geta neitað því, að norður og austumdæmið eigi fullt tilkall til þeirra, að því leyti sem tala rennur til, eins og þess $^1/_4$ parts af ágóða landsprentsmiðjunnar, sem norðurlandi var heitinn, þegar prentsmiðjan var flutt hingað suður. Þetta mun hafa vakað fyrir mönnum, þegar prentsmiðjan var stofnuð. Að minnsta kosti lýsti það sèr í ræðum og ritum manna á þeirri tíð, að þetta mundi svo fara með tímanum, og að prentsmiðjan á Akureyri mundi með tímanum verða einhvers góðs aðnjótandi af rèttindum hinnar fornu Hólaprentsmiðju. Þá kom nú það atvik fyrir

í þessu máli, að barnalærdómsbókin var gefin út á Akureyri, og var það ætlun manna á þeirri tíð, að það væri gjört með fullum rètti. En það mál fór nú svo sem kunnugt er orðið, að prentsmiðjunni var frádæmdur rètturinn til barnalærdómsbókarinnar, og dæmd í stóra fjársekt að auki. Það sem þingmaður Gullbringusýslu sagði, að enginn skortur hefði verið á þeirri tíð í Norðurlandi á barnalærdómsbókinni, og tilfærði, sem dæmi, skýrslu frá einum presti, sannar ekki neitt, því þó nokkur lærdómskver væri til ofurs hjá einum presti var Norðurland ekki að hólpnara. Úrslitin á barnalærdómsbókarmálinu hafa vakið megna óánægju meðal almennings í Norðurlandi, því þar með er ekki einungis vonin um einkarèttindin alveg horfin heldur hefir prentsmiðjan einnig fengið í þessu máli það kjaptshögg af einkarèttindunum eða rèttara sagt vegna einkarèttindanna, nefnilega fjársektirnar (*Pètur Guðjónsson:* Skaðabætur), sem hún má lengi bera eptir hallt höfuðið. Eg get því ekki betur sèð en að bænarskrárnar og nefndarlitið sè á góðum rökum byggt; það er byggt á almennum áhuga og almennri ósk manna í Norðurlandi, og má ekki kasta þungum steini á nefndina, þó hún hafi tekið fullt tillit til þessa. Mèr finnst líka, að þeir sem mælt hafa móti nefndarálitinu hafi nokkuð skrítna skoðun á málinu; það er eins og þeir skoði landsprentsmiðjuna sem óskabarn eða dóttur Reykjavíkur, en hún er og á að vera dóttir alls landsins; vèr Norðlendingar eigum eins mikið í henni og eins mikla tiltölu til hennar eins og hverjir aðrir landsmenn. Væri þá ekki bróðurlegt að skipta jafnrèttinu milli prentsmiðjunnar fyrir norðan og þeirrar hèr eins og nefndin fer fram á? Stundum gjöra menn svo lítið úr einkarèttindum og telja norðlenzku prentsmiðjunni ekkert lið í þeim, en aptur í öðru orðinu, á að vera kippt fótunum undan landsprentsmiðjunni með einkaleyfunum. Þingmaður Gullbringusýslu sagði — eg þori að herma það upp á hann, því eg skrifaði það hjá mèr — að ef menn tækju einkarèttindin frá prentsmiðjunni hèr yrði það til þess að eyðileggja hana; þetta sýnist vera heldur mikil ósamkvæmni. Aðalspursmálið í þessu máli er það, hvort 2 prentsmiðjur sèu nauðsynlegar eða ekki. Sè ekki svo er þýðingarlaust að vera að takmarka rèttindi annarar, en ef þær eru báðar nauðsynlegar, eiga báðar að vera sömu rèttinda aðnjótandi, ef þau eru gagnleg, sem sannað er. Eg þarf ekki að svara þingmanni Gullbringusýslu viðvíkjandi bókum þeim, er prentaðar hafa verið á Akureyri því margt mætti telja sem hèr hefir verið prentað syðra fyrir

utan riddarasögur og rímur, sem ekki er hóti betra en Felsenborgarsögurnar.

Jón Bjarnason: Það hefir komið hèr í ljós að menn vilja telja prentsmiðjunum til vanvirðu, hvort þær hafa prentað fánýtar bækur til dæmis Felsenborgarsögur og rímur. Eg hefi heyrt sagt, að í annarihvorri hafi verið prentað galdrakver, lengra ætla eg ekki að fara niður á bóginn; þetta er svo fánýtt, að það er ekki umtalsvert, þegar verið er að tala um rèttindi eða jafnrèttindi prentsmiðjunnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að prentsmiðjan hèr ætti hægt með að standast, því að hún gæti fengið lán hjá stjórninni þegar hún vildi; eg veit ekki til, að hún nokkru sinni hafi fengið lán hjá stjórninni; hún ávísar stundum peningum í Kaupmannahöfn en borgar þá jafnframt inn í jarðarbókarsjóðinn hèr. Dæmið hans um gæðinginn var óheppilega orðað hjá þingmanninum. Ef einhver á gæðing, þá hefir ekki annar maður rètt til að nota hann; annað mál væri, ef báðir ættu hann, en því sleppti þingmaðurinn úr (*Sveinn Skúlason*: Nei). Samanburðurinn á gömlu rèttindunum var og óheppilegur vegna þess, að prentsmiðjan á Akureyri hefir aldrei haft neinn rètt til bókanna, því prentsmiðjurnar hafa ekkki upprunalega haft sömu rèttindi. Mèr finnst það ekki bróðurlega skipt, ef 2 bræður eiga að erfa, og annar þeirra fær einhverja jörð alla í sinn hlut, að svo skuli að nokkrum tíma liðnum taka hana undan honum handa hinum. Þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að prentsmiðjan á Akeyri væri þjóðeign, það hefi eg aldrei fyrr heyrt; eg ætlaði að hún mundi stofnuð á hlutabrèfum (Actier); það kann að vera misskilningur af mèr (*Jón Sigurðsson:* ójá). Það sem sagt hefir verið um þörfina á skiptingu rèttindanna er tómur misskilningur, því að ef áhuginn og fjörið verður eins mikið og ráð er fyrir gjört, fær prentsmiðjan á Akureyri nóg að gjöra. Eg sè enga þörf á 2 prentsmiðjum, og flest það sem komið hefir út á Akureyri mætti missa sig. Eg neita því ekki, að hèr hafi líka komið út ónýtar bækur, en þær eru gefnar út af einstökum mönnum, og prentsmiðjan neitar ekki einstökum mönnum að prenta; hún spyr ekki að hvort bókin sè þarfleg, heldur hvort hún fái borgunina.

Forseti: Eg skal nú skjóta því til þingmanna, hvort mál þetta sè nú ekki fullrætt til undirbúnings.

Sveinn Skúlason: Til þess að ljóst verði, hvað meint er með

jafnrètti vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að prentsmiðjan á Akureyri fái fullan rètt til að prenta, sálmabókina, Hallgrímskver, biflíuna, nýja testamentið, passíusálma o. s. frv., og orða það svo að allur vafi sè af tekinn.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá þingmanni Norður-Þingeyinga um 1000 ára hátíð 1874, og 2 bænarskrár úr Vesturskaptafellssýslu, aðra viðvíkjandi landbúnaðarlögum en hina um nýja skoðun á klausturjörðum, einkum Flögujörðum. Eg verð að vara þingmenn við, að úr því dagurinn á morgun er liðinn, eru engin nefndarálit til að ræða, verð eg því að biðja um, að eg mætti fá álitsskjöl nefndanna sem fyrst, því annars verður nú þegar ekkert að gjöra. Fundur verður á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

22. fundur — 29. júlí.

Allir á fundi. Forseti gat þess, að konungsfulltrúi mætti eigi á þessum fundi, en hefði sett í sinn stað hinn 4. konungkjörna þingmann. Enn fremur gat hann þess, að varaþingmaður Reykvíkinga væri mættur á þingi í dag.

Arnljótur Ólafsson: Eg veit eigi hvort að leyfilegt er að tala nú þegar um þingseturètt varaþingmanns Reykjavíkinga.

Forseti: Ef þingmaðurinn hefir nokkra uppástungu að gjöra í þessa stefnu og um þau atriði sem alþingistilskipunin tiltekur, þá er sjálfsagt að má ræða hana nú, og eg óska þess helzt, að svo verði gjört, en aptur á móti get eg ekki leyft umræðu um málið nema komið verði fram með beinar uppástungur.

Arnljótur Ólafsson: Af því að eg áskildi mèr þann dag er skýrt var frá því, að konungsfulltrúi hefði kvatt mann þenna til þingsetu, rètt til þess, samkvæmt 47. gr. alþingistilskipunarinnar, að hefja mótmæli móti þessari varaþingmannskosningu, þá skal eg nú stuttlega taka fram þær ástæður, er eg hefi fyrir þessum mótmælum mínum. Vefenging mína styð eg nú fyrst á því, að þingið hefir rengt kosning aðalþingmannsins úr Reykjavík og gjört hana ógilda

annaðhvort af því, að kosningin hafi eigi verið lögleg eður að sá, sem kosinn var, hafi eptir þann tíma, að kosningin fór fram, misst kjörgengi sitt. En eptir því sem umræðurnar þá fèllu, var það álit þingsins, að aðalþingmaðurinn hefði aldrei verið löglega kosinn. Nú liggur það mjög nærri, að varaþingmanns kosning við ólöglega aðalþingmanns kosningu hljóti einnig að vera ólögleg. Og hèr finnst mèr það sjálfsagt, úr því að aðalþingmanninum var hrundið fyrir þá sök, að kjörstjórnin hafði átt að vanrækja skyldu sína, að. varaþingmaðurinn getur eigi verið löglega kosinn, þegar aðalþingmaðurinn hefir verið ólöglega kosinn; enda liggur það í orðinu sjálfu, því að varaþingmaður getur ekki átt sèr stað við engan aðalþingmann, þetta er og samkvæmt 6. gr. alþingistilskipunarinnar, því að þar er svo sagt, að varaþingmaðurinn skuli kallast til þings þegar aðalþingmaðurinn hindrast frá að koma. Þetta er með öðrum orðum, að varaþingmaðurinn á að mæta í forföllum þingmannsins. En það geta eigi heitið forföll, þegar þingmaðurinn er alls eigi til, því að það er *þingmannsleysi*, og það er ekki meiningin, að varaþingmaðurinn skuli mæta, þegar svo stendur á, heldur á hann að mæta, þegar hindranir koma fyrir þingmanninn; en það get eg ekki kallað hindranir, að vera dauður eða eigi lengur til sem þingmaður; sá þingmaður hindrast eigi sem eigi er til, því að tilvera þingmannsins er þá farin. Fyrir því sting eg upp á, að þingið álíti kosning varaþingmanns Reykjavíkur ógilda.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki betur sèð en að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hafi misskilið alþingistilskipunina; því þar stendur í § 56. «Þegar einhver alþingismanna, af fyrr greindum eður öðrum orsökum, hverfur frá, á vor umboðsmaður, að því leyti sem mögulegt verður, að sjá um það, að hlutaðeigandi varaþingmaður til kallist: «Þær orsakir, sem hèr er til vitnað, eru teknar fram í 55. gr. og þar er einmitt rætt um það tilfelli, að alþingi dæmi ógilda kosning aðalþingmannsins. Þegar nú atkvæðagreiðslan um löggildi alþingismannsins hefir fallið svo, að hann verður að hverfa frá, þá á beinlínis eptir ákvörðuninni í 56. gr. að innkalla varaþingmanninn. Þetta átti sèr hèr stað; þingið ógilti kosning þingmannsins, og til þess hafði það fullan atkvæðisrètt, og var þá varaþingmaðurinn innkallaður. Þar eð nú enn fremur engin mótmæli eru komin fram á móti sjálfum varaþingmanninum eður kosning hans, get eg ekki rèttara sèð, en að hann með fullum rètti eigi sæti á þessu þingi.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa því, að hann hefir ekki sannað með þessari ræðu, að eg hafi eigi skilið rètt alþingistilskipunina. Eg hefi eigi mælt í móti því, að varaþingmaðurinn sè kallaður til þings samkvæmt 56. gr. alþingistilskipunarinnar, heldur hefi eg einungis haft á móti *þingsetu* hans hèr eptir 6. gr., og þingið hefir rètt til að skera úr því eptir 47. gr., eins og það dæmdi um kosningu aðalþingmannsins. Þar sem mótmæli hafa komið fram gegn uppástungu minni, þá vil eg skora á forseta að láta nú ganga til atkvæða um hana. En ástæðan fyrir henni liggur einmitt í kosningu þingmannsins sjálfs, að varaþingmaðurinn getur eigi löglega mætt, þegar aðalþingmaðurinn er ólöglega kosinn og var því aldrei löglegur þingmaður.

Konungsfulltrúi: Fyrst að boðið er í 56. gr. að innkalla varaþingmanninn, þegar svo er ástatt, að kosning aðalþingmansins hefir verið ógilt, þá er vitaskuld, að það getur eigi verið meiningin, að kosning varaþingmannsins verði ógild fyrir þá sök, að kosning aðalþingmannsins ónýtist; því þá væri ákvörðun þessi tilgangslaus og röng.

Eiríkur Kúld: Eg vil svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga því, að þingseturèttur varaþingmansins á ekki skylt við rètt þess aðalþingmanns, hvers kjörgengi þingið áleit hrekjandi. Og það lá engan veginn í atkvæði þingsins, er það ógilti kosningu aðalþingmansins, að kosning varaþingmannsins væri þar fyrir ógild. Ef varaþingmaðurinn ætti ekki þingseturètt, þá yrði það að vera annaðhvort af því, að hann væri ekki sjálfur kjörgengur eða þá af því, að kjörfundurinn hefði í einhverju verið ólögmætur. Hann sagði nú ennfremur, að varaþingmaðurinn hefði eigi getað verið varaþingmaður, þar eð enginn aðalþingmaður hefði verið til; en það getur ekki átt hèr við, því að aðalþingmaðurinn var þingmaður, frá kjörfundardegi allt þangað til að þingið úrskurðaði, að hann væri það ekki. En úr því hann hindraðist, þá átti að kalla varaþingmanninn og það var strax gjört. Eg veit nú ekki, hvað þingmaður Borgfirðinga kallar forföll, ef það er ekki þau forföll, er þingmaður Reykjavíkinga fèkk. Varaþingmaðurinn var nú líka kallaður til þings, en gat eigi mætt fyrr en nú sökum lasleika. Þingmaður Borgfirðinga veit víst líka dæmi upp á þetta bæði úr Húnavatnssýslu og Barðastrandasýslu, að þær hafa verið aðalþingmannslausar, og þó áleit þingið ekki varaþingmanns kosninguna ógilda og þess vegna

urðu ei þau kjördæmi þingmannslaus. Það hefir og fyrr meir gengið til kanselíis, hvort hafa mætti þessa aðferð og rèði það til þess. Að öðru leyti held eg, að hvorki hafi kjörfundurinn í Reykjavík verið ólögmætur og heldur eigi get eg haldið, að neinn geti sannað, að varaþingmaðurinn sè ekki kjörgengur. Eg sè því eigi, að þessi uppástunga hafi við neina ástæðu að styðjast, og eg vildi skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi mætti þegar ganga til atkvæða án frekari umræðu.

Forseti: Eg vildi eigi varna þingmönnum frá, að ræða málið frá báðum hliðum.

Jón Hjaltalín: Eg bið þingmenn að afsaka mig frá að gefa atkvæði, þar eð varaþingmaðurinn er mèr svo venzlaður.

Jón Bjarnason: Það er aðgæzluvert hèr við, að eptir síðari kosningarlögunum stendur varaþingmannskosningin ein sèr, og laus við aðalþingmannskosninguna, og þannig er hún miklu síður bundin við aðalþingmannskosninguna eptir þessum kosningarlögum, en hún var eptir hinum fyrri.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að leiðrètta það, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga misskildi orð mín. Eg sagði, að varaþingmaður gæti ekki verið varaþingmaður *einskis* þingmanns, og ef aðalþingmaðurinn er ólöglega kosinn, þá var hann aldrei *löglegur* þingmaður, og þá getur enginn *löglegur* varaþingmaður verið við hann, einkum þegar það ólöglega er kjörstjórninni að kenna. Eg sagði að þau tilfelli hlyti að geta komið fyrir, að þegar þingmannskosningin væri ógild, þá væri varaþingmannskosningin það einnig, en eg sagði aldrei að hún æfinlega hlyti að vera það.

Benedikt Sveinsson: Eg skal geta þess, að eg mun greiða atkvæði í þessu máli samkvæmt því, sem stjórnin hefir skorið úr í samkynja máli, rètt nýlega viðvíkjandi hinum konungkjörnu þingmönnum, því um þá og hina þjóðkjörnu gilda hinar sömu reglur.

Forseti: Þá skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um uppástungu þingmanns Borgfirðinga, sem er sú, að þingið álykti kosningu varaþingmanns Reykvíkinga ógilda. Það hefir verið beðið um nafnakall, og skal eg biðja þá þingmenn, er vilja fallast á uppástunguna, eða ógilda kosningu þingmannsins, að segja «já», og þá sem eru uppástungunni mótfallnir og vilja halda kosningunni, að segja »nei«. Sögðu þá

þessir:	þessir:
«já»:	«Nei»:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Benedikt Sveinsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Ásgeir Einarsson.
Helgi G. Thordersen.	Halldór Jónsson.
Pètur Guðjónsson.	Hjálmur Pètursson.
Stefán Thordersen.	Jón Bjarnason.
Sveinn Skúlason.	Jón Guðmundssou.
	Jón Pálmason.
	Jón Sigurðsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Pètursson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Níelsson.

(Hinn 3., 4. og 5. konungkjörni þingmaður og þingmaður Reykvíkinga gáfu ekki atkvæði). Var uppástungan þannig felld með 15 atkvæðum gegn 7, og kosning varaþingmannsins úr Reykjavík gild metin.

Þá var lesin upp gjörðabók frá síðasta fundi.

Pètur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að geta þess viðvíkjandi bókuninni, að eg var úti, þegar atkvæðagreiðsla byrjaði í lagaskólamálinu, svo eg vissi eigi, hvað langt var komið á atkvæðaskránni, en mèr var sagt fyrir utan dyrnar, að töluliður 1. á atkvæðaskránni væri búinn, og þess vegna sagði eg nei, og hèlt, að verið væri að leita atkvæða um aðra uppástungu, sem stendur seinna á atkvæðaskránni, en eg ætlaði að samþykkja 1. tölulið, því að mèr fannst breytingaratkvæði þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu hóglega orðað. Eg vildi að eins geta þessa, svo að sæist af þingtíðindunum, að eg hefði ekki verið á móti málinu.

Forseti: Eg skal einungis skýra frá, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður nefndi við mig eptir að atkvæðagreiðslan var búin, hvort hann mætti ekki breyta atkvæði sínu, svo það yrði talið með þeim, sem voru með lagaskólanum eptir uppástungu þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu og nefndarinnar (tölul. nr. 1.), en eg áleit, að það gæti eigi leyfzt sökum reglunnar. En þessarar skýringar hans verður getið í gjörðabókinni.

Síðan var gjörðabókin undirskrifuð.

Forseti: Þá kemur til umræðu uppástunga þingmanns Norður-Þingeyinga *um hátíðahald 1874 í minningu þess, að Island hefir þá byggt verið í 1000 ár.* Uppástungumaður mun lesa upp uppástunguna og skýra málið fyrir þingmönnum, svo sem honum þykir þurfa.

Sveinn Skúlason: Uppástungan er þá svo hljóðandi:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 342.

Eg ætla nú eigi að svo stöddu, að tala meira um uppástungu þessa, en eg vona, að sú tilfinning sem vakti fyrir mèr, vaki líka fyrir öllum þeim, sem er annt um blómgun þjóðarinnar, og þessi skoðun vona eg að einkum sè rík hjá fulltrúum hennar, því þeir eru eða eiga að vera blómi þjóðarinnar. Eg vona þess vegna, að þingið gefi þessu máli hinn fyllsta gaum, þó að skoðanir manna kunni að vera ýmislegar um það, hvernig eigi að koma þessu fyrir.

Forseti: Eg veit eigi hvort uppástungumaður ætlast til, að nefnd sè sett í málið.

Ásgeir Einarsson: Mèr finnst það athugavert, að stiptamtmaðurinn er eigi kominn, og eg veit ekki, hvort vèr getum gjört honum að skyldu, að gangast fyrir þessu, eða hvort hann álítur sig skyldan til að taka það að sèr.

Forseti: Þetta getur eigi verið nein ástæða á móti málinu, því að stiptamtmaður yrði að líkindum kominn, þegar nefndin hefði lokið við nefndarálitið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg mun nú engan veginn verða mótfallinn þessari uppástungu. En eg vildi að eins leyfa mèr að benda til þess, hvort þetta mál væri þingmál. Mèr sýnist heldur að þingmenn ætti að koma sèr saman um þetta utanþings, því að það heyrir ekki beinlínis til þeirra mála, er alþingi getur tekið til meðferðar. En samt sem áður skal eg ekki vera því mótfallinn, að nefnd sè sett í það, ef þingið álítur að svo megi vera.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki neitað því, að eg verð að álíta það miklu þýðingarmeira, ef þingið tekur þetta mál fyrir sem þing, heldur en ef þingmenn fara eitthvað að pukra um það utanþings. Það er líka margt, sem verið hefir fyrir hèr á þingi, sem síður hefir snert almenning en þetta mál, því það er svo almennt, að það snertir virðingu allrar þjóðarinnar, og get eg því eigi sèð, að þingið megi ekki taka þetta mál fyrir af þeirri ástæðu. En

mèr finnst það nú allt annað, þó þingmenn fari eitthvað að gjöra í því privat, Eg álít nú að þriggja manna nefnd sè nóg.

Ásgeir Einarsson: Eg álít nú, að ef þingið álítur, að það geti gjört meira við þetta mál, en gjört verður utanþings, þá verði það líka að gjöra meira, en gefa atkvæði fyrir nefndarkosningu. Mèr virðist að þingið verði að gjöra meira við svona einföld mál, en að kasta þeim, ef það hefir gefið atkvæði fyrir, að nefnd skyldi kosin í þau.

Björn Pètursson: Eg verð að vera á sama máli og hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður, að þetta mál sè eigi þess eðlis, að það heyri undir alþingis aðgjörðir. Það er nú líkt mál til umtals hèr á landi, og það er húsbyggingin á Þingvöllum. Það hefir aldrei verið leitað til þingsins með þetta mál, og varðar það þó líka allt landið. Mèr finnst nú standa alveg eins á þessu máli. Eg vildi spyrja hinn háttvirta uppástungumann, hvort hann eigi vildi sameina sig við Þingvallahúsnefndina, því eg held að ekki komi fyrir neitt, að taka það til meðferðar hèr á þingi.

Sveinn Skúlason: Mig furðar á því, að þingmaður Suður-Múlasýslu skuli eigi geta sèð mun á því, að halda hátíð í minningu þess, að landið hefir verið byggt í 1000 ár, og að byggja einhvern kumbalda á Þingvöllum, til skýlis fyrir menn, sem halda þar fundi endrum og sinnum.

Björn Pètursson: Það er heil þjóð, sem á að byggja húsið á Þingvöllum, og það er líka heil þjóð, sem á að halda minningarhátíðina, svo eg sè eigi verulegan mun á því.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls er þessari umræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kosin í málið eður eigi.

Voru þá greidd atkvæði og uppástungan felld frá nefnd, með 14 atkvæðum gegn 7.

Forseti: Þá kemur þar næst til umræðu, bænarskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu, sem biður um *löggjöf til endurbóta landbúnaðinum*. Eg gjöri ráð fyrir, að þessi bænarskrá verði samkvæm undangengnum ályktunum alþingis, afhent landbúnaðarnefndinni.

Eptir ósk nokkurra þingmanna las forseti upp niðurlagsatriði bænarskrárinnar, sem er þannig hljóðandi:

Að alþing sendi konunginum bænarskrá um, «að hans hátign mætti mildilegast þóknast, með löggjöf að hvetja búendur á Íslandi til jarðabóta, annaðhvort með því, að heita þeim verðlaunum,

eður á hvern þann hátt, sem tiltækilegastur virðist, og þá um leið ákveða réttindi leiguliða með tilliti til jarðabóta».

Síðan var bænarskráin afhent formanni landbúnaðarnefndarinnar, þingmanni Suður-Þingeyinga.

Forseti: Þar næst kemur til umræðu önnur bænarskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu *um nýja skoðunargjörð á klaustrajörðum og Flögujörðum.* Flutningsmaður hennar er hinn háttvirti varaforseti, og mun hann skýra málið fyrir þinginu svo sem honum þykir þurfa.

Jón Guðmundsson: Af því að blekið er dauft á bænarskránni verð eg að biðja hinn háttvirta sessunaut minn að lesa hana upp.

Björn Pèturssón: Bænarskráin hljóðar svona:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 344.

Jón Guðmundsson: Um leið og eg mæli nokkur orð til skýringar bænarskránni skal eg geta þess, að eg ætla eigi að fara fram á, að nefnd verði sett í þetta mál, heldur ætla eg einungis að biðja þingið að beina þessari bænarskrá með atkvæðum sínum yfirvaldaveginn í gegnum forseta. Bænarskráin upplýsir nú sjálf, hvernig á máli þessu stendur, einkum á hinum síðustu 30 árum, eptir að skoðunargjörð Skúla landfógeta frá 1769 var grafin upp úr duptinu í rentukammerinu nálægt 1830 og neðan á hana fannst skrifað, að hún væri: approberet af det norske Kammer. 11. apríl 1772. Það má nú nákvæmar lesa í inngánginum til konungsúrskurðarins frá 5. apríl 1777, sem prentaður er í hinu íslenzka lagasafni, hvernig stendur á þessari skoðunargjörð, hvaða tilefni og tildrög að láu fyrst til hennar, og hversu hún stefndi að því að breyta skuldsetningum á Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs- og Flögujörðum, og hækka hana langt yfir það sem forngilda hafði nokkuru sinni verið á jörðum þessum. Í inngangi hins sama konungsúrskurðar má einnig lesa hverri óvild og almennri umkvörtun um að skoðunargjörðir frá 1769 þegar kom af stað í byrjuninni. Tildrög skoðunargjörðarinnar voru þau, er eg nú skal greina í fáum orðum. Á árunum 1750—1760, voru gjörðar jarðaskrár yfir allt land með skuldsetningu hverrar jarðar til undirbúnings jarðabókinni, er síðan hefir verið kennd við árið 1760. En einmitt á þessu sama árabili, og þegar komið var að því að undirbúa þetta jarðamat í Vesturskaptafellssýslu, varð að hætta við það, þegar Katla gaus 1755, því gos þetta eyðilagði svo margar jarðir einkanlega um Álptaver

og í Skaptártungu og utan til í Meðallandi, og skemmdi aðrar meira eða minna, varð því engi áreiðanleg skuldsetning sett á þær jarðir þau hin næstu árin á eptir. En 14 eða 15 árum síðar, fèkk Skúli fógeti áskorun frá stjórninni til að endurskoða klaustra- og konungsjarðirnar þar eystra og færa upp á þeim skuldsetninguna. Þessi voru nú tildrögin til skoðunargjörðarinnar 1769 og síðan til þeirrar staðfestingar eður «approbationar hins norska kammers frá 1772. En í þessari skoðunargjörð fór skuldsetning jarðanna langt fram úr hinni hæstu forngildu, er menn þekktu til í elztu jarðabókum, og var hún því ástæðuminni og þungbærari, sem jarðirnar voru engan veginn búnar að ná sèr aptur eptir Kötlugosið, þegar skoðunargjörðin fór fram. En undir eins og farið var að beita þessari skoðunargjörð, og nýr forpaktari var settur, er hafði boðið nokkru hærra lènsgjald heldur en áður var, í þeim notum, að hann gæti heimtað jarða-afgjöldin samkvæmt þessari skoðunargjörð, þá rituðu klaustralandsetarnir almenna klögun yfir henni, bæði til yfirvaldanna og til konungs. Þar af leiddi nú konungsúrskurðinn 5. apríl 1774, er skipaði nýja skoðunargjörð yfir jarðirnar, og fram fór hún árið eptir 1775 — að mig minnir — Björn lögmaður Markússon, var kvaddur til að standa fyrir henni, en Skúli fógeti var einnig sjálfur við staddur eptir skipun konungs. Hèr skipti nú tvennum ósköpunum, eins og menn segja. Þessi skoðunargjörð frá 1775, fór nú svo langt niður úr almennri forngildu, og jafnvel sanngirni, eins og skoðunargjörðin 1769 hafði farið þar yfir; og þess vegna lýsti stjórnarráðið því yfir, að það gæti ekki borið hana undir konung til staðfestingar. Allt um það þótti skoðunargjörðin 1769 óhafandi, gekk þess vegna út nýr konungsúrskurður 1777, er skipaði nýja skoðunargjörð og 2 nýja skoðmenn. Nú átti að sigla fyrir þau skerin, er skoðunargjörðin 1775 þótti helzt hafa strandað á, en þau höfðu verið þessi, að eigi þóttu nógu margir óvilhallir skoðunarmenn fáanlegir, er væri færir til þess, en konungsúrskurðurinn 5. apríl 1774 hafði ákveðið, að þeir skyldi vera 6; og þess vegna var afráðið, að taka að eins 2 utanhèraðsmenn utan úr Rangárvallasýslu, til þess að skoða og meta jarðirnar á ný; en Magnús lögmaður Ólafsson, og Jón sýslumaður Jónsson, voru kvaddir af konungi til þess að stjórna þessari nýju skoðunargjörð, og fór hún fram á árunum 1777—79; hún fór mjög milli vega við hinar tvær, að skuldsetningunni til. Eptir henni átti afgjaldið að verða talsvert hærra, heldur en eptir skoðunargjörð

Björns lögmanns, en aptur varð það talsvert lægra heldur en skoðunargjörðin frá 1769 ákvað. Skoðunargjörðin 1777—79, ber það með sèr, að hún er mjög nákvæm og vel vönduð í alla staði, því að þar er eigi að eins jörðunum sjálfum lýst og hlunnindum þeirra, heldur eru einnig víða tilfærð landamerki og fleira þess konar. En nú var enn efi á tollkammerinu, hvort útvega skyldi staðfestingu á þessari skoðunargjörð, en þá kom nú annað í veginn og það var Skaptáreldurinn eða jarðeldurinn 1783. Þetta eldgos gjörði nú stórkostlegar umrótanir og breytingar í Skaptafellssýslu, eigi að eins á jörðunum, heldur og á öllum efnahag manna þar, eins og víðar um land, og við þetta kom nú stans á allt þetta skoðunargjörðamál, og lagðist það svona í dá þangað til 1787. Þá er svo að sjá, sem stiptamtmaður Levetzow hafi spurt stjórnina um, hvort fylgja ætti hinni gömlu skoðunargjörð frá 1769. Sem svar upp á þetta kom nú rentukammerbrèf 6. júní s. ár, og fer það þessum orðum um skoðunargjörðina:

«Jarðabók sú, sem er hèr við kammerið frá 1769 yfir Þykkva-«bæjar og Kirkjubæjar klaustrajarðir og Flögujarðir, er að sönnu «með brèfi kammersins frá 11. apríl 1772 sögð löggild að vera «með því hinu sama brèfi, en af tilraunum þeim og skipunum, sem «orðið hafa síðan 1775, til þess að hafa fram nýjar skoðunar-«gjörðir á jarðagózi þessu, mun herra kammerherranum (Levetzow) «verða ljóst, að hún, með tilliti til skuldsetningar þessa jarðagóz, «getur ekki gilt sem löggilt skjal».

Þarna hefir nú stjórnin lýst því yfir, að skoðunargjörðin frá 1769, væri *ekki* gildandi. Síðan var hún nú eigi nefnd á nafn fyrr en rannsóknarskrifstofan í rentukammerinu, fann hana á árunum 1830—33, og vann hún þá rentukammerið til að skipa umboðsmönnunum að fylgja henni stranglega, þar eð hún væri samþykkt af norska kammerinu 1772, og voru umboðsmönnum þá sendar mikið fallegar afskriptir af þessari skoðunargjörð. Síðan var henni nú fylgt að nokkru leyti, af sumum umboðsmönnum með tregðu, en sumum fúslega. En síðan að rentukammerið fór að fylgja þessari skoðunargjörð, þá hefir að vísu fengizt sú linun, að helmingur landskuldarinnar mátti gjaldast með 8 sk. alin; en til þess að vinna þetta upp, þá var krafizt, að hinn helmingur landskuldarinnar, skyldi að eins greiddur í ullu, smjöri og tólg, eður með meðalverði þessara beztu landaura í peningum, en með því gjaldlagi varð linunin eigi svo mikil, því landskuldargjaldið allt til

samans varð lítið lèttbærara, en þó hún hefði öll verið greidd eptir meðalverði verðlagsskráar. Mèr finnst því þetta gjald, sem nú er fylgt á konungsjörðunum í Vestur-Skaptafellssýslu, eigi vera af sèrlega rèttlátri undirrót sprottið; eg verð að álíta, að Skaptfellingar hafi allt of lengi legið þegjandi undir þessu öfuga fyrirkomulagi, og að stjórnin hafi ekki gætt þess sem skyldi, að gildi skoðunargjörðarinnar, þó að hún ætti að heita staðfest, er apturkallað af rentukammerinu sjálfu með brèfinu 26. júní 1786, og að til þess hafi líka verið hin fyllsta ástæða, bæði sakir þess, að tvær yngri skoðunargjörðir, er fram fóru eptir konungsboði, ónýttu hana, og einkum sökum þess, að jarðirnar urðu fyrir miklum skemmdum og afföllum í jarðeldinum 1783. Eg vona nú, að ef þetta mál verður lagt fyrir stiptamtmann og stjórnina, þá muni það komast til fullrar rèttingar. Eg skal þá ekki orðlengja þetta framar, en bið hina háttvirtu þingmenn að fyrirgefa, hvað eg hefi reynt á þolinmæði þeirra, og óska sem fyrri, að málinu verði vísað forsetaveginn til háyfirvaldanna.

Pètur Guðjónsson: Eg skal leyfa mèr að minnast með fáeinum orðum á skoðunargjörðina frá 1769, og verð eg þá að segja, að henni hefir alls ekki verið fylgt, nema að eins á 1 eða 2 jörðum, ef til vill, og eg man rètt; af öllum öðrum jörðum er afgjaldið miklu lægra en hún tiltekur. Þetta hefi eg sèð á brèfum umboðsmanna, er þeir hafa innstillt menn til að fá byggingar á jörðunum, og hafa þeir þá jafnan tiltekið afgjaldið miklu lægra en tiltekið er í skoðunargjörðinni, og eins og þeir álíta sanngjarnt, Það hefir ávallt verið svo, að það sem þeir hafa lagt til um leigumála jarðanna, hefir verið látið standa, og aldrei hækkað fram yfir það, sem umboðsmaður hefir stungið upp á, heldur hefir það enda stundum jafnvel verið lækkað. Eg sè því eigi, að til neins sè, að biðja um annað mat á þessum jörðum, því að hið löggilda jarðamat hlýtur að vera ófrávíkjanleg regla, eins um þessar og aðrar jarðir; og þar sem dýrleiki þessara jarða, þar að auki eigi hefir áhrif á jarðagjöldin af þeim, þá get eg ekki sèð, að nýtt mat á þeim leiði til neins fyrir hlutaðeigendur, eða eigi jafnvel að eiga sèr stað.

Forseti: Umræðu þessari er þá lokið, og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort vísa skuli bænarskránni til yfirvaldanna samkvæmt uppástungu flutningsmannsins.

Var því næst gengið til atkvæða og samþykkt með 20 atkvæðum gegn 2, að bænarskránni skyldi vísað til yfirvaldanna.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um *sveitastjórnarlög.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 347.

Framsögumaður (Stefán Thordersen): Eins og atkvæðaskráin sýnir hafa engin breytingaratkvæði verið gjörð við nefndarálitið, og skal eg því ekki gefa tilefni til umræðu með því að fara um mál þetta fleirum orðum.

Forseti: Fyrst að enginn tekur framar til máls er ályktarumræðu þessari lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um uppástungu nefndarinnar.

Var þá gengið til atkvæða, og var uppástunga nefndarinnar samþykkt með 19 atkvæðum.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um *löggildingu kauptúns við Brákarpoll.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Mýramanna. Eg veit ekki hvort hann vill taka ítarlega til máls.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 347.

Framsögumaður (Hjálmur Pétursson): Eg hefi ekki nýjum upplýsingum að bæta við nefndarálitið; það var ekki hrakið við umræðurnar í gær, en eg ætla að svara einstöku atriðum, sem eg þá lèt ósvarað. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að vinnufólk í Mýrasýslu gjörði það að vistaskilmálum, að mega vera svo og svo marga daga á kaupskipunum á Brákarpolli; af því þetta snertir siðferðislegt framferði og heimilisreglur manna í kjördæmi mínu vil eg ekki leiða hjá mèr að svara því (Forseti: Þetta kemur ekki málinu við); hafi það komið málinu, við í gær, þá gjörir það einnig í dag, og þess vegna leyfi eg mèr að mótmæla slíku sem öldungis ósönnu. Önnur ástæða þingmanns Barðstrendinga var sú, að kaupmenn sendu ekki á Brákarpoll önnur skip en þau, sem þeim væri sama, hvort færust eða ekki; eg get þó sagt honum, að kaupmenn hafa sent þangað ný skip, og nú í sumar sendi einn kaupmaður þangað 4 ára gamalt skip, sem hann keypti í vor fyrir 8000 rd.; skyldi honum hafa staðið á sama þó það færi með öllu, mönnum og gózi, sem á því var? Og þá um leið ekki kært sig um þó hann sviki assúransinn, eða þá hefði allan skaðan sjálfur, þetta finnst mèr nóg sönnun móti þingmanninum. Það hefir verið sagt

að sýslumaður væri svo fjærri, að hann gæti ekki haft lögreglustjórn þar; en þaðan, sem hann býr núna, getur hann farið til og frá á dag. Borgarhreppur er í miðri sýslunni, svo hvar svo sem sýslumaður sæti, þá getur ekki hentugri verzlunarstaður fengizt í þessu tilliti; einnig gat sami þingmaður þess, að hreppstjóri væri heldur ekki við hendina, af því hann mundi ekki búa á prestssetrinu. Eg vil nú segja honum, að þótt hreppstjórinn í Borgarhrepp búi aldrei á prestssetrinu, þá mun hann eins fyrir því gæta skyldu sinnar sem lögregluþjónn. Nefndarálitið hefir einnig verið vefengt hvað vegina snertir; eg ætla ekki að lýsa því nákvæmar en þar er gjört; það á hvorki við eða er nauðsynlegt, og læt eg mèr nægja að vísu til nefndarálitsins og bænarskrárinnar í þessu efni. Viðvíkjandi veginum milli Brákarpolls og Straumfjarðar, þá er hann reyndar ekki brattur, en helmingur hans er litt fær; ekki er hann heldur langur í samanburði við það sem langt er, en svo slæmur er vegurinn til Straumfjarðar, að eg álít þangað lítt sækjandi. Um þetta geta menn fengið upplýsingar jafnvel hèr í Reykjavík, annars skil eg ekki, að meiri eða ljósari sannanir þurfi, um þetta efni, en það, að enginn maður úr fremri hluta Mýrasýslu, hefir hingað til verzlað á Straumfirði, og er þetta tekið fram í nefndarálitinu.

Af því að í gær var lesin upp einhver vitnisburðarmynd um höfn og innsigling á Brákarpoll, og þó það væri nafnlaust — að minnsta kosti var ekki nafnið lesið — og ekki mjög merkilegt, þá samt orsakaði það, að eg hefi fengið vottorð frá kunnugum manni, sem hefir verið þar í sumar, og ætla eg að leyfa mèr að lesa það upp fyrst að hitt vottorðið var lesið upp í gær. Það hljóðar svo:

Eptir beiðni herra alþingismanns Hjálms Pèturssonar frá Norðtúngu um að gefa upplýsingar fyrir höfninni á Brákarpolli, þá hefi eg spurt mig fyrir hjá herra Capt. H. Fischer, sem lá þar á höfninni frá 27. f. m. til 14. þ. m. yfirstandandi sumar, og hefir Capt. Fischer gefið álit sitt þannig, að höfnina væri ekki að fráfælast fyrir skip, hvorki til að losa eður hlaða, og að sjókortið yfir Faxabugtina sýndi það og svo ljóslegast jafnframt því að innsiglingin ekki væri hættuleg. Reykjavík 29. júlí 1865.

J. Stephensen.

Þetta er að vísu stutt lýsing, en hún er byggð á framburði

skipstjóra og því ekki ómerkileg; eg vil skjóta því undir þingið, hvort kunnugum mönnum sè ekki eins vel trúandi og ókunnugum, og hvort Mýramenn muni ekki sjálfir eins vel finna hvar skórinn kreppir eins og þeir menn sem þar hafa aldrei verið og þekkja þar ekki vitund til neins, eins og ræðurnar ljósast sýna. Að endingu skal eg geta þess, að viðlíka sniðnum ræðum eins og hèr heyrðust í gær ætla eg ekki að svara miklu. Þó þær komi fram í dag.

Konungsfulltrúi: Eg hefi litlu að bæta við þær umræður, er fram fóru í gær um þetta mál bæði með því og móti. Að eins finn eg ástæðu til að gjöra þá athugasemd út af vara-uppástungunni, sem hèr stendur á atkvæðaskránni, og sem einn af nefndarmönnum hefir gjört, að mèr virtist það koma fram í umræðunum þá, einkum af hálfu uppástungumannsins, hins heiðraða þingmanns Suðurmúlasýslu, að menn gjörðu minna úr verzlunarleyfi því, sem gefið er með opnu brèfi 19. maí 1854, en það í raun og veru er. Mèr virtist skoðun hans vera sú, að fasta kaupmenn hefðu ei eptir þessu opna brèfi leyfi til annars en að afhenda þungavörur, nefnilega kornvörur, salt, steinkol o. s. frv., sem áður hefðu verið pantaðar hjá þeim; þessu er eigi þannig varið, en þeir hafa leyfi til að selja á ólöggiltum stöðum þessar þungavörur og kaupa íslenzka vöru, og þar að auki til að afhenda alls konar aðrar vörur, ef þær hafa verið prentaðar hjá þeim áður. Þessi vara-uppástunga rýmkar því eigi mikið leyfi það, sem gefið er með þessu opna brèfi, og eg verð að efast um, að stjórnin finni ástæðu til að fara að gefa út lagaboð vegna svo lítilfjörlegrar breytingar frá hinum gildandi reglum. En það getur verið, að hafi hinir nefndarmennirnir skilið opna brèfið frá 19. maí 1854 á sama hátt og hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu þá hafi þeir einmitt fyrir þá sök álitið nauðsynlegra að fá Brákarpoll löggiltan, en ef þeir hefðu skilið verzlunarleyfið eins og það á að skiljast.

Eiríkur Kúld: Eg skal nú ekki vera langorður. Það var auðheyrt á framsögumanni, að hann annaðhvort ekki hafði heyrt ræðu mína í gær eða öldungis misskilið hana; eg vil því vísa honum til þingbókarinnar. Vottorð það, sem eg las upp í gær, er undirskrifað; það liggur til sýnis á lestrarsalnum; eg hef líka annað vottorð, það er prentuð strandalýsing, reyndar er hún á dönsku, en það gjörir ekki til. Eg samfagna nú sannarlega framsögumanni, ef að hann getur fengið kauptún á engri lóð; því á engri lóð verð-

ur það á Brákarpolli eða Brákarnesi, þegar hvorki presturinn nè yfirmenn hans, sem umráð hafa yfir lóðinni, hafa gefið samþykki sitt, og er bænin þá ekki á neinu byggð, nema ef menn vilja fylgja danska orðtækinu: «jo galere, jo bedre». Hvað innsiglinguna snertir, þá þykir framsögumanni hún sjálfsagt góð, en á korti því sem á lestrasalnum liggur er það auðsèð, að ekkert skip muni hætta sèr þar inn, þegar nóttina fer að dimma, nema ef að væru kyntir svo sem 6 vitar hvoru megin Brákarpolls. Borgarfjarðarsýsla hefir ef til vill nógan skóg til þess, en Mýrasýsla hefir hann ekki sízt nálægt Brákarpolli, og illa er farið með skóga hèr, þó væri það hin mesta vanbrúkun að höggva þá til slíks fyrirtækis. Því sem framsögumaður sagði um veginn milli Brákarpolls og Straumfjarðar verð eg að mótmæla, því eg er þar líka nokkuð kunnugur.

Jón Guðmundsson: Vegna þess að eg kann að greiða atkvæði í þessu máli á annan hátt en eg hefi gjört í samkynja málum, eður þegar rætt hefir verið um löggildingu nýrra kauptúna, verð eg að láta uppi ástæður fyrir atkvæði mínu. Eg er enn sömu meiningar og áður, að þessir smákaupstaðir geti vart orðið öðruvísi en beiðendunum til falls eins og fordjörfunar; og þetta segi eg enn. Í annan stað sýnist mèr það hreinn óþarfi, eins og hèr stendur á, þar sem flutningum á allri þungavöru verður svo hæglega komið við, og flutningaleyfið er þar að auki orðið svo rýmkað, að öllum góðum og árvökrum bændum er innanhandar að færa sèr það í nyt, og hafa margfalt meiri not þessleiðis aðflutninga frá hinum stærri kaupstöðum, heldur en smákauptún með 1 eða mest 2 mangurum á staðnum; eg kalla það eintóm brek að láta sèr þetta ekki lynda, þar sem flutningum verður svo hæglega haldið uppi eins og upp á Borgarfjörð, og ekki er lengra til kaupstaðar en ofan af Mýrum eða úr Borgarfirði til Reykjavíkur; en þessi skoðun hefir hvorki fengið áheyrn hjá þingmönnum eða stjórninni; hún hefir á seinni árum verið svo makalaust örlát með að veita smákauptúnin, hvar sem nefnt er, að furðu gegnir; eg veit ekki til að beðið hafi verið um löggilding á nokkurri vík, án þess að stjórnin óðara hafi fallizt á það, jafnvel þó gildar mótbárur hafi komið frá nokkrum þingmönnum í móti því; og þar sem bæði stjórnin og þingið og fjöldi annara landsmanna, eru nú svona á þessu máli, gagnstætt minni skoðun og fáeinna manna fleiri, þá er ekki til neins að vera að berjast á móti því. Eg ætla þess vegna nú að greiða atkvæði *með* Brákarpolli; en þetta gjöri eg af líkum

ástæðum og hvötum, eins og Valgarður hinn grái byggði á ráðin við Mörð son sinn, er hann kom út til Íslands í síðasta sinni, og heyrði, að Hvítanesgoðorð var stofnað, og sá, að búðartóptir þeirra feðga á Þingskálaþingi voru niður brotnar, en Mörður kvaðst ekki hafa getað að gjört, þá sagði Valgarður: Eg skal leggja ráð til, «en þat er attú rægir þá saman, og drepi þeir svo hver annan». Brákarpollur stendur hèr miklu betur að vígi en Lambhússund, og enda líka heldur en Straumfjörður. Þetta er vafalaust; aðsóknin að Brákarpolli um hin næstliðnu ár og einkum í fyrra og í sumar, hefir verið margfalt meira en að Straumfirði, að eg ekki tali um Lambhússund, þar sem ekkert skip hefir komið í sumar, að sagt er. Þetta sýnir betur en allt annað, að kaupmenn og skipherrar álíta, að ekkert sè að hvorki höfninni nè inn- og útsiglingunni á Brákarpolli. Ef nú hann gæti náð löggildingu, og svo orðið til þess að drepa báða hina staðina í fæðingunni, þá þætti mèr góðu fyrir goldið. Eg gef þess vegna af fyllstu ástæðu atkvæði mitt fyrir því, að Brákarpollur verði sem allra fyrst löggiltur.

Halldór Kr. Friðriksson: Það eru nú fram komin 2 vottorð um pollinn, og þingmaður Barðstrendinga gat um, hvernig honum væri lýst í strandalýsingunni, og verð eg að meta mest það vottorð, því að það er vottorð þeirra manna sem hafa mælt hann (*Jón Guðmundsson:* Hvað er langt síðan?). Það var um 1780, og mun hann ekki hafa batnað síðan; eg skal leyfa mèr að lesa upp það sem þar stendur: «Innar í firðinum, fyrir innan Borgareyjar, er reyndar gott skipalægi fyrir smáskip, að því er skjólið snertir, en hèr er vatnsdýpið að eins 11—12 fet, og hèr er einnig mjög órólegt lægi sökum hins mikla straums, sem aðfall og útfall veldur. Að slaga inn Borgarfjörð er alls eigi ráðlegt, með því skerjótt er á báða bóga». Þetta er lýsing þeirra manna, sem eru langtum kunnugri en, eg vil ekki tala um dalbúa, heldur báðir þeir, sem vottorðin hafa skrifað. Má eg spyrja: Er þá ekki vottorð það, sem fram kom í gær meira virði en hitt, er því ber saman við þessa lýsingu? Eg væri til með að gefa atkvæði mitt eins og hinn heiðraði varaforseti, ef eg vildi fara svo að; eg er sannfærður um að þar geta ekki þrifizt 3 verzlunarstaðir; það þrífst ekki svo mikið sem einn. Einn Mýramanna sagði við mig í gær, að hann vildi óska, að þar kæmi aldrei neinn kaupstaður. Eg veit ekki betur en að einn af kaupmönnum hèr ætli að fara að byggja á Straumfirði og kæmist þingið þá í mótsögn við sjálft sig, ef það stuðlaði til

að það fyrirfærist; um aðalatriðið í þessu verzlunarmáli ætla eg ekki að tala, því það mun ekki vera til neins að reyna að samfæra hinn heiðraða framsögumann.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til þess, að hinn háttvirti varaforseti sagði, að stjórnin væri því mjög hlynnt að löggilda smákaupstaði hèr á landi, þá verð eg að mæla á móti því, að þessi skoðun hans sè rètt.

Stjórnin hefir einmitt lýst því yfir, að hún væri því mótfallin að tvístra verzluninni og koma henni á sundrung með of mikilli fjölgun smákaupstaða, og skal eg í þessu tilliti sèrstaklega skýrskota til málsins um löggilding Skeljavíkur. Stjórnin hefir í þessum málum einungis látið að bænum þingsins, sem stundum hafa verið endurnýjaðar optar en einu sinni og þeim verið fylgt fast fram. Eg held þess vegna, að þingið geti ekki byggt vonir sínar í þessu máli á því, að stjórnin sè svo gefin fyrir að koma á mörgum slíkum smákaupstöðum.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að vera hinum hæstvirta konungsfulltrúa samdóma í því, að lengi hafi stundum dregizt, að fá löggilta verzlunarstaði, og vil eg taka til dæmis með löggildingu Sauðárkróks; og ekki geta menn sagt, að fljótt hafi gengið nema með Lambhússund, og hefir bænarskrá Mýramanna að minni ætlun flýtt fyrir því máli. Það sem hvetur mig til að gefa atkvæði með máli þessu er einmitt hvernig það hefir verið fært móti framsögumanni, því ef ræðurnar hefðu verið byggðar á rèttum rökum hefði annar blær verið á þeim. Þegar málið kom fyrst inn, þótti mèr tvísýnt hvort það mundi komast í nefnd; þó varð það, og þingið tók það til rannsóknar; mèr finnst þá þingið gjöra lítið úr sèr, ef það kastar því nú, því þá hefir það eytt tíma til þess að gjöra gys að sjálfu sèr, því málið var svo einfalt, að þingið gat þegar sèð í byrjuninni, hvort það vildi vera með eða mót málinu, eg ætla því að gefa atkvæði mitt eptir nefndaruppástungunni. Hvað því viðvíkur, að kaupmenn sendi þangað helzt gömul skip, sem þá gildi einu hvað um er, þá mega þingmenn fara varlega í, að láta þau orð berast til «assurancen», því til hennar geta þau hæglega komizt, og gæti það orðið ískyggilegt, ef sá orðasveimur bærist, að íslenzkir kaupmenn sendu skip sín á hættulegar hafnir, í þeim tilgangi að láta þau forlísa; menn geta mælt á móti málinu án þess konar ósvífni (*Forseti:* Þetta orð á ekki við); eg veit ekki hvað ósvífni er, ef ekki þetta, og fleira sem talað var í gær í þessu máli, bæði

um vinnukonurnar í Mýrasýslu og svo fleira, sem á undan er búið að svara, og get ekki valið annað orð í íslenzkunni. Hinn heiðraði framsögumaður hefir og sannað hið gagnstæða, með því að nýtt skip hafi verið sent þangað seinast í sumar; það vita menn líka, að skip geta legið á 12 feta djúpi, eins og sjókortið sýnir að er á Brákarpolli. Hvað innsiglinguna snertir, þá sannar reynslan bezt, að hún er eigi svo slæm sem sumir vilja segja, því varla mundu kapteinar vera að gamni sínu að hætta sèr þar inn, þegar þeir mega fara á Straumfjörð og Lambhússund, því þangað mundu menn einnig sækja til þeirra. Eg er því samþykkur, að 3. kaupstaðinn þurfi ekki; en eg vil hafa skynsamlegar ástæður fyrir því, en ekki meiðandi. Það hefir verið sagt, að byggingarleyfi muni ekki fást; jæja, komi það aldrei; það er nóg að vörur séu fluttar til þeirra, og verzlað í lagaleyfi, svo ekki þurfi Mýramenn að liggja lengi í Reykjavík í kaupstaðarferðum, eða fara í roki, eins og þingmaður Gullbringusýslu sagði. Hvað það snertir að sigla inn á Brákarpoll í náttmyrkri á haustum, þá gjöra menn það ekki heldur á Stykkishólmi; eg er þar svo kunnugur, (*Eiríkur Kúld:* Jú!) og svo er um fleiri hafnir, eg hef talað um það við hafnsögumann, og mun enginn hèr í salnum vera betri í því en hann var. Eg ætla ekki að tala fleira, en verð af þessum ástæðum að vera með málinu, og gefa því atkvæði mitt.

Björn Pèturssón: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði mikið um vara-uppástungu mína, og misskilning minn á opnu brèfi 19. maí 1854; hann sagði, að vara-uppástungan rýmkaði lítið um leyfi það, sem þar væri gefið; eg held þó að hún gjöri það mikið. Hann sagði, að þingmaður Suður-Múlasýslu hefði í gær misskilið þetta opna brèf, en þingmaðurinn skildi það mikið vel, að minnsta kosti í dag. Hann veit til að kaupmenn mega selja við, korn, salt og hamp; en þetta söluleyfi er þýðingarlítið, af því þeir vilja ekki viuna til að senda, nema þeir megi selja fleira. Þegar eg sagði, að kaupmenn mættu ekki verzla á þeim stöðum, sem ekki væru löggiltir, var það meining mín, að þeir mættu ekki verzla með kramvöru eður þá vöru, sem þeir hafa mestan hagnaðinn á, þó þeir, ef til vill, leyfi sèr að gjöra það; enda mundu þeir ekki senda neinstaðar, ef þeir bindu sig við þunga vöru eina, svo þetta verzlunarleyfi væri í rauninni sama og ekkert leyfi. Það var rætt svo mikið um Brákarpoll í gær, bæði af mèr öðrum, að það er óþarft að tala mikið um hann í dag, en ekki lízt mèr vel á blikuna

eptir því, sem umræðurnar hafa fallið (*Ásgeir Einarsson:* Jú). Ekki ef margir gefa atkvæði sitt af Valgarðar ástæðum varaforseta, Eg vil að Mýramenn hafi þó eitthvað upp úr þessu, og til þess miðar vara-uppástunga mín; ef henni verður framgengt, geta þeir á Brákarpolli fengið til kaups í lagaleysi allt sem þeir þurfa og vilja. Á kaupstaðarbyggingu hafa þeir þá enga þörf heldur einmitt óhag, því kaupstaðirnir hafa optast eins og kunnugt er, eymd, drykkjuskap og ýmislegt illt í för með sèr. Verzlunarleysið á Brákarpolli af skipum með alls konar vöru hlýtur að verða til góðs, því það sparar kostnaðarsamar langferðir, en hefir ekkert illt í för með sèr. Þó þingið komist nú að þeirri niðurstöðu, að biðja um löggiltan verzlunarstað við Brákarpoll, þá efast eg um, að stjórnin veiti því áheyrn. Ef hún ekki fellst á vara-uppástungu mína, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt, þá fellst hún því síður á uppástungu nefndarinnar, og það því fremur sem það er nokkurn veginn upplýst, að kaupstaðarstæðið sè ekki gott. Eg veit að þingmenn muna eptir því, að þegar farið var fram á þetta sama leyfi fyrir Lambhússund 1861, þá hafði stjórnin ekki annað móti því, en að hún fyndi ekki næga ástæðu til, að veita þetta leyfi þar, líklega af því, að Lambhússund er svo nálægt Reykjavík. Samt hefir stjórnin nú löggilt verzlunarstað á Lambhússundi, og þess vegna er einmitt ástæða til að halda, að hún muni, að minnsta kosti ekki fyrirmuna verzlun af skipum á Brákarpolli, því hún er landsmönnum að verulegu gagni, en spillir ekki neitt fyrir föstu kaupmönnunum.

Stefán Eiriksson: Eg hefi nú ekki talað fyrr í þessu máli, eg ætla heldur ekki að tala langt í þetta sinn, ræðurnar voru í gær því miður of langar, af þeim sem mót mæltu, og þær gátu ekki sannfært mig að vera á móti Brákarpolli, og því ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir kaupstaðarrèttindum Brákarpolls. Það kom nú fram í ræðum manna í gær í þessu máli, að þessir smákaupstaðir væru ekki til annars enn venja menn á drykkjuskap og leti; það er nú ekki smákaupstaður hèrna, og hygg eg þó að menn slóri hèr ekki síður í búðum en í smákaupstöðunum, að minnsta kosti hefi eg opt sèð, þann litla tíma sem eg er hèr, að menn ganga daginn út í búðirnar að fá sèr á staupinu, svo það er engin ástæða móti smákaupstöðunum að þar sè meiri óregla en á þeim stærri. Þegar eg nú skoða þessa beiðni Mýramanna út frá hagræði því, sem við Skaptafellingar höfum af Papós, þá er það ómetanleg-

ur hagur að þurfa ekki að fara langa vegi til verzlunar, því til þess háttar ferða þurfa menn fjölda hesta og margra daga verk; hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga gat þess áðan, að engin lóð mundi fást; eg held nú að því þurfi ekki að kvíða, eða að það verði málinu til fyrirstöðu, að presturinn eða stiptsyfirvöldin láti ekki af hendi einhvern malarstubb til að byggja á hús, því það er auðsjáanlegur hagur fyrir prestinn og prestakallið yfir höfuð að geta fengið fyrir tóman grjótmel svo og svo mikið lóðargjald og þar að auki hagatoll fyrir hesta; þá var það ein mótbáran í gær, að þessi ósk Mýramanna væri þýðingarlaus þegar þeir fengju flutta til sín alla þunga vöru á sumrin; þeir neyðast þó til að fara fyrir því hingað suður á haustin með fè og annan varning; en að reka fè langan veg til kaupstaðar, er mjög ervitt, því kindur rýrna fljótt í verði við það reka þær langa vegi. Eg hefi þá fært ástæður fram fyrir atkvæði mínu í þessu máli, og greiði atkvæði mitt þar eptir.

Framsögumaður: Eg vil geta þess viðvíkjandi lóðinni, að það er spón-nýtt að vera að tala um hana fyrir fram; það hefir aldrei komið fyrir, að hún ei hafi fengist. Það er auðsætt, að hagnaður er að leigja ónýtt land, eins og þingmaður Austurskaptafellssýslu tók skýrt fram og svo stendur einmitt á hèr. Þingmaður Barðstrendinga talaði um að kynda þyrfti vita þegar dimmt væri; það held eg nú líka að væri gott; en hann sagði að Mýrasýslu vantaði skóg til þess, eg undrast stórlega yfir ókunnugleika þingmannsins, að hann skuli ekki vita af skógi í Borgarhrepp; það sýnir að hann hefir aldrei komið í hreppinn og er það merkilegt já sannarlega eptirtektavert, að sá maður sem hefir gefið sig svo langt inn í þetta mál eins og ræður hans sýna, skuli nú að endingu vitna það sjálfur, að hann hafi aldrei sèð það pláz eða þann stað sem hann hefir mest umtalað. Á lestri hins 6. konungkjörna þingmanns fræddist eg ekkert, því eg var búinn að lesa það áður; þó nú þessi stranda- og hafnalýsing frá 1788, sem hann var að þylja úr, hafi nú á þeim tímum þótt góð, þá er það þó eptirtektavert, að hún lýsir engri höfn vel, en mörgum af hinum löggiltu, langtum lakar en Brákarpolli, þetta sèr þingmaðurinn ef hann ber það saman, annars álít eg þessara tíma reynslu eins gilda. Og get eg sagt honum að 60 lesta skip hefir legið á Brákarpolli í 6 vikur í sumar; fleiri sannanir á góðum rökum byggðar væri mèr hægt að útvega.

Arnljótur Ólafsson: Ýmsar raddir hafa heyrzt hèr í salnum með Brákarpolli, í þeim tilgangi að eyðileggja Lamhússund, og hlýt eg því að álíta mèr skylt að mótmæla skoðun þessari, svo að hún komist ekki fram í bænarskrá til konungs. Eg hef í sjálfu sèr ekkert á móti því að slík orð heyrist, því eg er sömu trúar og Þorgeir Skorageir, að menn verða ekki vegnir með orðum einum, og þá ekki heldur Lamhússund. Hinum virðulega varaforseta er annars vorkunn þó honum sè ekki vel við Lamhússund, því að tillögur bæjarstjórnarinnar í því máli höfðu ekki svo mikinn framgang í hitt eð fyrra. En þó ekkert skip kæmi á Lamhússund í sumar, sannar það ekki neitt gegn Lamhússundum heldur er það eðlileg afleiðing af fiskileysinu. Eg gef atkvæði mitt með Brákarpolli af því að eg vil unna öðrum jafnrèttis við mig. Fyrst að Borgfirðingar hafa fengið Lamhússund sem eins konar heiðursgjöf af stjórninni ættu Mýramenn einnig að fá aðra eins heiðursgjöf; það er varasamt fyrir þingið að bægja stjórninni frá að gefa slíkar gjafir sem hún ávinnur sèr hylli þjóðarinnar með.

Sveinn Skúlason: Eg ætla einungis að leyfa mèr að bera eina spurningu upp fyrir hinn háttvirta forseta: Eiga bæði þau vottorð er lesin hafa verið upp, af hinum 6. konungkjörna og framsögumanni og svo líka kapítulinn, sem varaforseti las úr Njálu, og útlegging hins 6. konungkjörna þingmanns, sem gjörð var svona fljóthendis, að koma í þingtíðindin; eptir 72. grein finnst mèr það ætti ekki að vera.

Forseti: Eg get ekki sèð neitt á móti, að lesnar sèu upp skýrslur, sem gjöra málið ljósara, frá báðum hliðum, og eg finn ekkert því til fyrirstöðu í alþingistilskipuninni; eg vildi ekki banna framsögumanni að lesa upp slíka skýrslu til staðfestingar sínu máli og ekki heldur mótmælendum hans, enda hèlt eg að Brákarpollur mundi þola það. Það er sjálfsagt, að skýrslur þessar koma í tíðindin, og eg get ekki heldur fundið, að þær gjöri þar neitt sèrlegt órými.

Jón Hjaltalín: Eg er ekki vanur að fella bænarskrár, þegar eg veit að þær lýsa vilja margra og leiða til góðs. Eg hef nú heyrt á ræður manna um stund, og eru þær orðnar of langar. Þó að kaupstaður fengist á Brákarpolli held eg að hann yrði einungis til þess að eyðileggja hina verzlunarstaðina og sjálfan sig með. Innsiglingin er svo slæm, að líklega vogar enginn sèr þar inn, og því síður byggir þar nokkur að öllum líkindum. Eg man ekki

betur en að kaupmenn ætluðu þegar að byggja á hinum stöðunum, það er ekki orðið enn, og af kaupstöðum á pappírnum höfum við lítið gagn. Það er meining allra verzlunarmanna, að smákaupstaðirnir séu mönnum til ógæfu og niðurdreps, og hefi eg því heykst á að fjölga þeim. Það er auðvitað, að þegar kaupmaður selur á 1 mánuði það sem hann annars selur á 12 mánuðum, muni kaupendur mega borga kostnaðinn. Kaupstaðir þessir komast þess vegna opt í þrot, og það svo, að menn hafa mátt senda að norðan og hingað til þess að fá sér í kaffibolla; hvaða gagn er að slíkum kaupstöðum. Vèr verðum líka að gæta að æru vorri, svo vèr gefum ekki kaupmönnum tilefni til að gjöra gys að okkur er vèr sèum að biðja um hvern kaupstaðinn á fætur öðrum á pappírnum. Ef að kaupstaður kemur á Straumfjörð og Lambhússund held eg að menn séu byrgir, eg mælti með þeim báðum, af því að það var til að lètta flutning og verzlun, en hinn 3. held eg sè óþarfur og geti að eins gefið tilefni til þess að þeir komist aldrei nema á pappírinn og væri það þá þeim í óhag er hafa beiðzt hinna kaupstaðanna.

Jón Bjarnason: Það er nú, eins og allir vita, 2 löggiltir verzlunarstaðir í þessari vík frá Snæfellsjökli hingað suður að Seltjarnanesi, og nú vantar einungis herzlumuninn til að fá þann þriðja, nefnilega Brákarpoll, en með því sá staður virðist óneitanlega bezt fallinn til kauptúns, og það er þetta atriði, sem kemur mèr til að gefa atkvæði mitt með löggilding verzlunarstaðar við Brákarpoll, að eg vil láta tímann og reynzluna skera úr, hver staðurinn er bezt fallinn til kauptúns af þessum þremur, Straumfirði, Lambhússundi og Brákarpolli, þó eg að öðru leyti sè á þeirri skoðun, að ekki ætti að vera nema einn kaupstaður á þessu svæði. Mèr heyrist það og koma fram í ræðum þeirra þingmanna, sem mæla móti löggilding verzlunarstaðar við Brákarpoll, að það mundi verða til að eyðileggja hina kaupstaðina, að löggilda þar kauptún, en þar af verð eg að álykta, að Brákarpollur sè hentugasti staðurinn; og verði ekki leyft að byggja þar verzlunarhús, þá halda áfram þau einlægu lagabrot, sem um er kvartað, og kaupmenn munu ekki afláta að selja þar bæði opinberlega og í pukri það, sem þeir ekki mega selja; þar af munu leiða máladeilur, sem helzt ætti að sneiða hjá, og koma í veg fyrir. Því það er bezt, að svo miklu leyti sem í þingsins valdi stendur, að búa svo um, að verzlunarlögin verði ekki fótum troðin. Þess vegna mun eg fyrir mitt leyti

gefa atkvæði mitt með löggilding Brákarpolls, því þó mèr í raun-inni sè illa við smákaupstaðina, ætla eg að þeir muni ekki fækka þótt vèr höfnum Brákarpolli, fyrst að leyft er, að þar megi selja alla þungavöru.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktar-umræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæða-skránni. Það er beðið um nafnakall um uppástungu nefndar-innar.

Var síðan við haft nafnakall um uppástungu nefndarinnar, og fèll það þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benedikt Sveinsson.	Halldór Jónsson.
Björn Pètursson.	Helgi G. Thordersen.
Hjálmur Pètursson.	Jón Hjaltalín.
Jón Bjarnason.	Jón Pètursson.
Jón Guðmundsson.	Magnús Jónsson.
Jón Pálmason.	Pètur Guðjónsson.
Jón Sigurðsson.	Pètur Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Stefán Thordersen.
Sighvatur Árnason.	Sveinn Níelsson.
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Var því nefndarálitið samþykkt með 14 atkvæðum gegn 11.

Forseti: Þar næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið viðvíkjandi bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu o. fl., um aukning *rèttinda prentsmiðjunnar á Akureyri.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga, og ef honum sýnist að taka til máls hefir hann hljóð.

Framsögumaður (Stefán Jónsson): Þar eð mál þetta var svo vel rætt við undirbúningsumræðuna í gær, þá er nú ekki þörf fyrir mig að vera langorður, með því líka að þingmenn munu orðnir málinu vel kunnugir, en þó menn óttist fyrir, að stjórnin muni ekki gefa samþykki sitt, þá má það ekki aptra mönnum frá, að gefa málinu sitt atkvæði. Eg ætla sem sagt, ekki að tala lengra að sinni, fyrr en eg heyri tillögur manna.

Ólafur Sigurðsson: Af því að eg hafði meðferðis til alþingis

eina bænarskrá þessu máli viðvíkjandi, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð. Því var nú hreift við undirbúningsumræðuna í gær af þeim sem vildu mótmæla nefndarálitinu, að prentsmiðjan hèr væri í svo ágætu standi, og hrósuðu svo mjög sèrlegum dugnaði og vandvirkni forstöðumannsins, eins og er nú aldeilis rètt, því það viðurkenna víst allir, að það hafi verið hið mesta happ fyrir prentsmiðjuna hèrna, þegar hún fekk slíkan mann fyrir stjórnara. En það má nú segja um hann eins og Einar Þveræingur sagði um Noregskonung: «að hann mun ekki verða eldri en gamall, og þá mun fara hèr eptir sem hèr til, þá er skipti verður, að þeir eru sumir góðir en sumir illir». Sá forstöðumaður sem nú er, getur fallið frá, og annar komið í hans stað, sem ekki stendur jafnvel í stöðu sinni. Nú skyldi það óhapp vilja til, að hèr kæmi illur forstöðumaður, ætli hann gæti þá ekki selt þessar forlagsbækur að minnsta kosti svo dýrt, sem hann þorir? Og kannske brúkað óboðlegan pappír. Þetta var það, sem mínum kjösendum gekk til að senda bænarskrá þessu máli viðvíkjandi til þingsins, því þeir vildu taka þetta vopn frá honum í tíma, og áður en hann gæti skaðað með því þjóðina.

Halldór Jónsson: Eg get vel ímyndað mèr, að rèttindi þau, sem farið er fram á handa prentsmiðju Norður- og Austuramtsins, veiti eigi innbúum Norður- og Austuramtsins, neinn sèrlegan hagnað, því þegar samgöngurnar fara að aukast, þá er ekki ólíklegt, að bækur komist út um landið, eins vel frá Reykjavík sem Akureyri. Eins ímynda eg mèr, að bækur þær sem koma frá Reykjavík, verði ódýrari og máske betur vandaðar, en þær sem koma frá Akureyri. En á hinn bóginn verður ekki neitað, að beiðnin er byggð á sanngirnis grundvelli. Norðlendingar hafa tregað, að prentsmiðjan var flutt frá Hólum til Reykjavíkur, og þar sem eg ímynda mèr, að Reykjavíkurprentsmiðjan geti staðizt þrátt fyrir það, þó Akureyrarprentsmiðjan fái jafnrètti með henni, þá get eg ekki annað en gefið atkvæði mitt með því; því hafi prentsmiðjan á Akureyri engan hagnað af þeim umbeðnu rèttindum, eða geti ekki selt bækurnar með jafn ódýru verði og prentsmiðjan hèr, þá er landsprentsmiðjunni enginn skaði búinn af því að mínu áliti.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til ótta þess, sem hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga lèt í ljósi fyrir því, að ef ósanngjarn maður veitti forstöðu prentsmiðjunni hèr í Reykjavík, mundi hann selja mjög háu verði bækur þær, sem hèr er um rætt, skal eg benda

þingmanninum á að þetta er ekki svo hættulegt, sem hann heldur, því faktor prentsmiðjunnar er ekki einráður í þessu efni, því yfirstjórn prentsmiðjunnar hefir hèr úrskurðaratkvæði. Að öðru leyti get eg skýrskotað til þess, sem konungsfulltrúi tók fram í gær við undirbúningsumræðu þessa máls. Sú skoðun hefir enn í dag komið fram, að það sè á sanngirni byggt, að prentsmiðjan á Akureyri fái rètt til að gefa út bækur þær, sem nákvæmar eru tilteknar í viðaukaatkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga, en þessu verð eg að neita; því hèr er beðið um, að tekin sèu rèttindi frá landsprentsmiðjunni, sem hún ómótmælanlega hefir, og sem eru peningavirði fyrir hana, og að þessi rèttindi verði veitt hinni, eða með öðrum orðum, að landsprentsmiðjan verði skylduð til að gefa Akureyrar prentsmiðjunni gjöf, en þetta er engin sanngirni. Það er þvert á móti ósanngjarnt að ætlast til, að prentsmiðjan hèr í Reykjavík styrki aðra samkynja stofnun til að concurrera við sig. Mèr sýnist menn einmitt eiga að láta sèr umhugað um að hlynna sem mest að landsprentsmiðjunni, sem er eign landsins, svo að hún geti blómgast sem mest, og staðið í sem beztum skilum, en skerða ekki rèttindi hennar. Það er líka lítil von um, að bæn þessi yrði tekin til greina, þar sem hún hefir við svo litla sanngirni og ástæðu að styðjast.

Framsögumaður: Af því, að mèr virtist í gær, af ræðum sumra þingmanna, sem þeir álitu Akureyrarprentsmiðjuna sem eign einstakra manna, þá verð eg að segja, að hún er ekki eign einstakra manna, heldur er hún eign Norður- og Austurumdæmisins, þótt það sè satt, að hún sè stofnuð af samskotum einstakra manna. En hún er ekki eign þeirra lengur, heldur Norður- og Austuramtsins. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri að taka rèttindin frá landsprentsmiðjunni, að veita prentsmiðjunni á Akureyri jafnrètti við hana. Eg neita því ekki, en eg vil segja hitt, að landsprentsmiðjan með öllum sínum rèttindum er flutt hingað úr Norðurlandi, og þar á byggist sú sanngirniskrafa, sem prentsmiðjan á Akureyri gjörir, að hún megi, þótt hún seinna sè fædd, ganga til arfs eptir prentsmiðjuna á Hólum, og fá að hálfu leyti þau rèttindi, sem landsprentsmiðjan hefir. Eg vona nú, að þar eð máli þessu var vísað til nefndar, þá muni því ekki verða fleygt af handahófi; heldur muni menn gefa því sitt atkvæði.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að prentsmiðjan á Akureyri væri opinber eign, verð

eg algjörlega að mótmæla því. Hvort sem hún er stofnuð af samskotum eða ekki, er hún engin opinber eign. Því ef hún væri það, þá yrði hún að standa undir einhverri opinberri umsjón, en það er ekki. Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefir aldrei tekið við henni, og hefir aldrei haft nè hefir nokkurt atkvæði um stjórn hennar. Af þessu leiðir, að prentsmiðjan á Akureyri er engin landsprentsmiðja; þeir menn sem skutu saman fè til hennar, verða fyrst að gefa landinu hana (*Framsögumaður*: Þeir eru vísir til þess). Það er ekki orðið enn, og því var það rètt, sem eg sagði í gær, að prentsmiðjan væri eign einstakra manna. Því, sem þingmaður Skagfirðinga tók fram, hefir nú hinn hæstvirti konungsfulltrúi svarað. Það er skrítið að skýrskota til þess, að forstöðumenn landsprentsmiðjunnar hèr, kunni að verða ósanngjarnir, til dæmis í því, að leggja verð á bækur. En eg vil minna þingmanninn á það, að það er ekki forstöðumaðurinn, sem leggur verð á bækur; auk þess held eg, að forstöðumennirnir gæti orðið eins ósanngjarnir á Akureyri, þar sem engin yfirumsjón er yfir prentsmiðjunni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skil ekki, hvernig hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður getur skoðað prentsmiðjuna á Akureyri sem einstakra manna eign, nema ef svo er, að hann álítur allt Norður- og Austurumdæmið sem einn einstakan mann. Það þarf ekki að vera skilyrði fyrir því, að hún sè opinber eign, að hún standi undir amtmanni, því eg ætla, að til sèu þær eignir opinberar, sem eigi heyra undir amtmanns umsjón. Mèr finnst þingmaðurinn leggja nokkuð stranga þýðing í þetta orð «opinber eign». Hann skilur nefnilega ekki, að almennings eign er opinber eign í orðsins þrengri merkingu. Og því getur hann ekki neitað, að Akureyrarprentsmiðjan er í orðsins fyllsta skilningi almennings eign og því stóð hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður á röngu máli í gær, er hann sagði, að Akureyrarprentsmiðjan væri stofnuð af hlutabrèfum einstakra manna; hún er ekki stofnuð af hlutabrèfum, heldur af frjálsum samskotum eða gjöfum alls almennings í Norðuramtinu. Ef það er ekki nema amtmannsumsjónin sem á vantar, til að setja þenna opinbera stimpil á Akureyrarprentsmiðjuna, þá er auðráðin bót á því, því ekkert getur verið á móti því, að setja prentsmiðjuna undir amtmanns umsjón, ef hún yrði rètthærri fyrir það, en hún nú er. Að því er snertir ástæðu þingmanns Skagfirðinga, þá fannst mèr hún alveg rètt, en hann dró ekki þá á-

lyktun af henni, sem beinast lá við, sem er sú, að ef ágæti prentsmiðjunnar hèr, er að öllu leyti hinum núverandi förstöðumanni hennar að þakka, þá er hagur hennar á sandi byggður; forstöðumaðurinn er eins og allir vita dauðlegur, og þegar hans missir við getur komið verri forstöðumaður í hans stað. Það varðar minnstu, með tilliti til prentsmiðjunnar, hvort forstöðumaðurinn ræður verði á forlagsbókum hennar eður ekki, en það varðar meiru, að það getur að borið, að sá forstöðumaður komi eptir þenna, sem dregur prentsmiðjuna aptur niður í það lægingarstand, sem hún var í áður. Og færi svo, sýnist mèr landsmenn illa farnir, ef Akureyrar prentsmiðjan yrði liðin undir lok. Hvað sanngirniskröfur Akureyrar prentsmiðju snertir, skal eg ekki margt um tala; það hefir verið skýrt fram tekið af framsögumanni, og fleiri þingmönnum, að það er eiginlega sanngirnis og rèttlætiskrafan, sem norðlendingar hafa fyrir sig að bera í þessu máli, og á henni einni hefir nefndin byggt uppástungur sínar.

Pètur Guðjónsson: Ef eg hefi tekið rètt eptir hinum heiðraða framsögumanni, þá sagði hann, að forlagsrètturinn hefði tilheyrt Hólaprentsmiðjunni, en það er ekki alveg rètt. Það er ekki tilfellið með t. d. sálmabókina og barnalærdómsbókina. Þessar bækur hafa aldrei verið prentaðar í norðurlandi, og eru yngri en Hólaprentsmiðjan. Þar sem menn segja, að krafan sè byggð á sanngirni, þá get eg ómögulega fallizt á það; því ef það er viðurkennt, að forlagsrètturinn tilheyri prentsmiðjunni í Reykjavík, þá virðist mèr ekki betur, en krafan sè ósanngjörn og órèttlát. Menn hafa og blandað saman almennings eign og opinberri eign, sem ekki er það sama. Því ef prentsmiðjan á Akureyri væri opinber eign, þá yrði hún að standa undir umsjón stjórnarinnar í gegnum embættismenn hennar, svo hún hefði áhrif á hana. En þar það er ekki, þá er auðvitað að hún er ekki opinber eign, heldur eins og eins konar almenningur eða afrèttur, sem allir geta rekið fje sitt í sem vilja.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst, þegar um er að ræða einkarèttindi prentsmiðjunnar í Reykjavík, að þá hljóti tvennt að koma til skoðunar, fyrst rèttindi þau, sem hún hefir náð síðan Hólaprentsmiðjan var niður lögð, og í öðru lagi rèttindi þau, sem hún öðlaðist við það, að Hólaprentsmiðjan var niður lögð. En það er prentrètturinn til messusöngsbókarinnar, handbókar presta, og síðan til barnalærdómsbókarinnar, sem Reykjavíkurprentsmiðjan hefir

fengið síðan. Það er kunnugt, að þessum tveimur prentsmiðjum var slengt saman um aldamótin. Eg finn nú ekki ástæðu til að fara því fram, að prentsmiðian á Akureyri fái prentunarrètt til þeirra bóka, sem prentsmiðjan í Reykjavík hefir fengið eptir það, að Hólaprentsmiðjan var niður lögð. Ef menn vildu krefjast þess, þá gengju þeir lengra en nefndin hefir ætlazt til, því hún hefir ekki viljað svipta prentsmiðjuna í Reykjavík útgáfurèttinum til þeirra bóka, sem hún hefir keypt prentrètt til eður fengið á vanalegan hátt. Eg vil því aðgreina breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga á þann hátt, að það orðist svo: »Það er að skilja passíusálmana og Hallgrímskver«, því það er ekki sanngjarnt að nokkur önnur prentsmiðja fái þau rèttindi, sem prentsmiðjan í Reykjavík hefir á löglegan hátt öðlast, eins og að hinu leytinu öll sanngirni mælir með því, að prentsmiðjan í norðurlandi fái jafnrètti til að út gefa þær bækur, sem Hólaprentsmiðjan hafði prentrètt til. Þegar Hólaprentsmiðjunni var slengt saman við prentsmiðjuna í Reykjavík, var áskilið, að hún skyldi gefa $^1/_4$ af ágóða sínum til Hólabyskupsdæmis. En þetta hefir aldrei verið efnt, og mun aldrei efnt verða, og þó hefir prentsmiðjunni hèr eða stjórn hennar ekki verið um það að kenna. Það hefir ekki verið efnt með því, þó 2 exemplör af bókum, sem hèr eru prentaðar, hafi verið gefnar til bókasafnsins á Akureyri. En aptur getur prentsmiðjan í Reykjavík gjört Akureyrarprentsmiðjunni þá tilslökun, að gefa henni jafnrètti til prentunar allra þeirra bóka, sem Hólaprensmiðjan hafði rètt til, og mun þá helzt vera slægur í passíusálmunum og Hallgrímskveri. Eg álít annars vafasamt, hvort prentsmiðjan í Reykjavík hafi einkarètt til að gefa út þessar bækur frá Hólaprentsmiðjunni. Eg vil taka Þorlákskver til dæmis. Það var gefið út í Kaupmannahöfn, án þess að prentsmiðjan í Reykjavík hefði opinberlega nokkuð móti því. Eg veit og um messusöngsbókina, að engin mátti út gefa svo mikið sem part af henni, og þó hefir bókmenntafèlagið gjört það. Eg vona, að stjórn prentsmiðjunnar í Reykjavík verði eigi móti því, að prentsmiðjan fyrir norðan fái jafnrètti til prentunar þeirra bóka, sem Hólaprentsmiðjan hafði rètt til, og þess vegna vil eg kljúfa breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga, ef hinn háttvirti forseti og þingið ekki hefir móti því.

Pètur Pètursson: Eg skil ei uppástungu nefndarinnar, og treysti mèr því ekki til að gefa atkæði með niðurlagsatriðinu, því

þó eg sleppi þeim andlegum bókum, sem taldar eru upp undir 2. tölulið, þá getur þó hin mesta ósanngirni komi hèr fram, þegar prentsmiðjan hèr í Reykjavík hefir keypt forlagsrètt af einstökum mönnum fyrir dýra dóma. Eptir niðurlagsatriðinu finnst mèr Akureyrarprentsmiðjan einnig heimta rètt til að gefa þess konar bækur út; en þetta væri mjög svo ósanngjarnt.

Framsögumaður: Þó niðurlagsatriðin máske eigi sèu eins glögglega orðuð eins og vera ætti, þá getur þó meining þeirra ómögulega verið sú, að Akureyrarprentsmiðjan gjöri tilkall til að gefa þær bækur út, sem prentsmiðjan hèr í Reykjavík hefir keypt forlagsrèttinn að fyrir dýra dóma af einstökum mönnum. Hinum háttvirti 2. konungkjörna þingmanni er þess vegna óhætt að gefa atkvæði sitt með nefndinni.

Sveinn Skúlason: Eg ætla ekki að tala um viðauka-atkvæði mitt, því það sem hinn 2. konungkjörni þingmaður sagði um það, sýndi að það var til að skýra niðurlagsatriði nefndarinnar, og tekur því af allan vafa. Að öðru leyti ímynda eg mèr, að þessar bækur, sem prentsmiðjan hèrna hefir keypt dýrum dómum, sèu ekki margar; það var leiðinlegt að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður ekki nefndi neina af þeim. Eg þekki enga. Konungsfulltrúi talaði um þá miklu ósanngirni, sem lægi í kröfu Akureyrarprentsmiðjunnar, og sagði það vera hið sama, og að hún beiddi prentsmiðjuna hèr í Reykjavík um að gefa sèr gjöf eða peninga; en þetta finnst mèr ekki bera saman við það, sem konungsfulltrúi sagði hèr á þingi í gær, því þá sagði hann, að ekkert gagn væri að þessu þó að það fengist; það var og vakið máls á því, bæði af konungsfulltrúa og þingmanninum fyrir Gullbringusýslu, að prentsmiðjan fyrir norðan væri eigi opinber eign; þetta er satt, hún er ekki landsprentsmiðja heldur amtsprentsmiðja; en eg álít að þingið allt eins eigi að hlynna að stofnun heils amts, þegar hún er sett á fót af sönnum og sameiginlegum áhuga landsmanna eins og þó það væri opinber eign. Mig furðar á, að konungsfulltrúi skyldi eigi geta þess, að prentsmiðjan fyrir norðan er í leyfisbrèfi konungs til að stofna hana kölluð »prentsmiðja Norður-og Austur amtsins«. Þó eg reyndar ekki alveg sè á móti því, að viðauka-atkvæði mínu sè skipt á þá leið, sem þingmaður Borgfirðinga benti til, þá væri þó ef til vill betra að vinna það litla sem hann tekur til en ekki neitt. En eg vildi þó heldur, að því yrði ekki skipt, því það, sem eg vil, er jafnrètti í fyllsta skilningi. Akureyrar-

prentsmiðjan er nefnilega sem norðlenzk prentsmiðja réttur og eðlilegur erfingi hinnar fornu Hólaprentsmiðju, og á því að réttu hlutfalli tilkall til að prenta allar þær bækur, sem áður voru prentaðar í hinni fornu prentsmiðju Hólabyskupsdæmis Þó nú stiptsyfirvöldin og stjórnin hafi gjört þessa breyting, að flytja Hólaprentsmiðjuna suður hingað til Reykjavíkur, þá getur hin sama stjórn gjört þessa breyting aptur, og komið prentsmiðjunni í hið gamla horf, það er að skilja, að hin norðlenzka prentsmiðja fái fullt jafnrétti við landsprentsmiðjuna hér í Reykjavík.

Konungsfulltrúi: Eg verð að neita því, að það sem eg hefi sagt í dag, sé í ósamkvæmni við það, sem konungsfulltrúi sagði í gær. Það hefir eigi verið sagt, að þessi réttindi væru eigi nokkurs virði fyrir prentsmiðjuna hér í Reykjavík, og hinu hefir eigi heldur verið neitað, að það yrði nokkur hagur fyrir prentsmiðjuna á Akureyri, að fá hlutdeild í þessum réttindum, en eg efast um, að það yrði eins mikill hagur fyrir hana, og þeir menn halda, sem fylgja þessu fastast fram.

Sighvatur Árnason: Því hefir verið hreift, að niðurlagsatriði nefndarinnar væri ekki vel orðað, og er eg líka á því máli. Og þar að auki finnst mér einnig, að jafnréttið ekki sé vel útlistað, því ef ekkert er áskilið um það, með því að nafngreina þær bækur, sem hver prentsmiðja skal hafa prentrétt til, af þeim bókum, sem hér um ræðir, en sé það eigi gjört, þá liggur það næst, að þessar bækur yrðu prentaðar upp og ofan á báðum stöðunum, og þá álít eg það einungis til óhagnaðar og skaða fyrir prentsmiðjuna á Akureyri, þar sem hana brestur æði mikið á bæði með fé og forstöðuáhöld og annað, til þess að geta staðið jafnhliða Reykjavíkurprentsmiðjunni. En hvað að öðru leyti viðvíkur þessum prestsmiðjum, þá er töluverður munur á þeim, þar sem önnur þeirra er alls landsins eign, en hin einstakra manna eign eða einungis Norður- og Austuramtsins. Mér sýnist því Akureyrarprentsmiðjan hljóti að hvíla á því, bæði með fé og forstöðu, án þess að draga nokkuð frá landsprentsmiðjunni, sem einungis yrði henni til óhagnaðar; eg játa fúslega, að stofnunin er í sjálfu sér ágæt, og verð þess að styðja hana, af einum og öðrum, á annan hátt en þann sem hér um ræðir.

Framsögumaður: Eg ímynda mér, að Reykjavíkur prentsmiðjan mundi þola þenna óhagnað, því mest hefir verið gjört fyrir hana síðan alþingi komst á, og af alþingi hefir hún haft mikinn á-

vinning, en það fè borgar allt landið eins og líka rètt er; en ef það er enginn hagur fyrir Akureyrarprentsmiðjuna að fá þessi rèttindi, þá er það heldur enginn skaði fyrir landsprentsmiðjuna að missa þau, eins og eg hef áður sagt. Það lítur annars út eins og að það eigi að fella prentsmiðjuna fyrir norðan, að hún ekki stendur undir stjórn hins opinbera, eða með öðrum orðum, af því hún er fátæklingur eða einstæðingur, þá sè ei vert að hjálpa henni; en þetta er engin fögur hugsun.

Eiríkur Kúld: Þingmaður Eyfirðinga hèlt, að landsprentprentsmiðjan ætti þeim mun hægara með að bera þenna rèttindamissi, sem hún hefði alþingi og alþingistíðindunum svo mikið að þakka, er þó viðkæmi öllu landinu, að því leyti sem landið kostaði alþing; en eg vildi út af þessu spyrja hann, hvort þessar umræður um Akureyrarprentsmiðjuna ekki muni kosta landið nokkuð líka? Hvað dæminu, sem hann tók af fátæklingunum, viðvíkur, þá vil eg hjálpa þeim ef eg get, en vel að merkja með rèttu, en ekki með því að taka ranglega rèttinn frá hinum ríkari og gefa hann þeim sem ekki á rètt á að fá hann.

Björn Pètursson: Af því eg hafði bænarskrá meðferðis þessu máli viðvíkjandi og hefi ekki tekið til máls um það fyrri vona eg hinn háttvirti forseti að þessu sinni leyfi mèr að tala fáein orð. Eg skal vera stuttorður og einungis geta þess, að eg vil styðja uppástungu þingmanns Borgfirðinga um að viðauka-atkvæðinu verði skipt eins og hann stakk upp á. Það er orðið ljóst af umræðunum, að prentstmiðjan hèr hefir rètt til að gefa út vissar bækur, t. a. m. messusöngsbókina og barnalærdómsbókina án þess að hafa einkarètt (privelegium) til þess. Eg vil ekki taka af landsprentsmiðjunni þau rèttindi sem hún á; það eru einungis einkarèttindi hennar, sem eg vil afmá, og held að þingið eigi með.

Forseti: Eg skal geta þess, að það yrði ekki heppilega orðað, þó að viðauka-atkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga yrði klofið í sundur, því þá yrði svo til orðs tekið, að prentsmiðjan fyrir norðan skyldi eiga jafnrètti til að gefa út allar þær bækur o. s. frv. Það er að skilja þær tvær, passíusálma og Hallgrímskver. Mèr finnst því ástæðulaust að skipta viðauka-atkvæðinu.

Ásgeir Einarsson: Mèr datt í hug, það, sem Halli sagði við Harald konung: »Svona fer þegar ekki vill veiðast«. Norðlendingar hafa misst prentsmiðju sína hingað suður, og við höfum misst ýmislegt til Dana. Konungsfulltrúi sagði í gær, að Akureyr-

arprentsmiðjan gæti hèr eigi neins með lögum krafizt, og þó er það víst, að forgangsrèttur til að prenta ýmsar bækur hefir runnið inn til prentsmiðunnar hèrna, sem Hólaprentsmiðjunni bar, og þar af er víst komið það loforð, að hagnaður eða ágóði prentsmiðjunnar hèrna, skuli ganga til Norðurlands aptur; en af því samningur þessi hefir ekki verið svo vandaður sem þurfti, hefir farið líkt á milli prentsmiðjanna, eins og Íslendinga og Dana í fjárhags viðskiptunum, og finn eg því sanngirnisástæðu til að gefa atkvæði með nefndarálitinu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Nefndin:
   Fellt með 12 atkvæðum gegn 10.
2. töluliður þar við fallinn.

Forseti: Dagskránni er þá lokið; eg skal geta þess, að til mín er komið nefndarálit í málinu um *hin dönsku lagaboð*. Eg ítreka við hina háttvirtu þingmenn, að þeir kappkosti sem mest, að nefndarálit geti komið fram, svo málin komist til umræðu.

Fundi slitið.

---

23. fundur — 31. júlí.

Allir á fundi.

Forseti: Áður en þingbókin er lesin upp, og tekið er til dagskrár, skal eg geta þess, að þessi dagur er hinn síðasti lögboðni þingdagur. En nú stendur svo á, að ekki er meira en hèr um bil þriðjungur málanna ræddur. Nú er ekki fullkomlega ljóst fyrir mèr, hve nær nefndirnar geti verið búnar með ætlunarverk sín, en eptir því sem eg ímynda mèr að málunum líði, þá held eg það gæti verið nægilegt, að þingtíminn væri lengdur til hins 15 næstkomandi mánaðar. Eg vil því skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann eigi treystir sèr til, fyrst um sinn að lengja þingtímann til þriðjudagsins hins 15. ágústmánaðar, að þeim degi meðtöldum.

Konungsfulltrúi: Eptir þeim kringumstæðum, sem af hinum háttvirta forseta þingsins nú voru teknar fram, verður ekki hjá því komizt að lengja þingtímann, og þótt eg ekki hafi frá stjórninni fengið neitt umboð til þess, verð eg að leyfa mèr að lengja hann til 15. í þessum mánuði.

Forseti: Eg skal enn fremur geta þess, að eg hefi fengið brèf frá hinum háttvirta konungsfulltrúa, viðvíkjandi einu atriði í læknamálinu, og skal eg lesa það fyrir þingmönnum, það er svo hljóðandi:

Samanber síðari part alðingistíðindanna bls. 534.

Þetta brèf verður afhent formanni nefndarinnar í læknamálinu, hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni.

Konungsfulltrúi: Eg hefi við haft þessa aðferð, sem þá, er mèr þótti bezt eiga við. Eg ætlast til að nefndin í læknamálinu taki það atriði, sem hèr ræðir um, til yfirvegunar, og skýri frá skoðun sinni á því í nefndarálitinu, og svo fær þingið þá tilefni til að íhuga þetta málsatriði.

Jón Hjaltalín: Eg vona að nefndin fái leyfi til að halda þessu skjali.

Forseti: Skjalið er afhent formanni nefndarinnar í því skyni, að nefndin haldi því ásamt öðrum málsins skjölum, og hafi tillit til þess í álitsskjáli sínu um málið.

Að lyktum skal eg geta þess, að eptir fund á laugardaginn var, fekk eg nefndarálit í málinu um, *að Reykjavík verði tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða*, og hefi eg því sett það á dagskrá í dag, eins og eg þá gjörði ráð fyrir.

Eptir það var þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Vèr tökum þá til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit um *löggilding danskra lagaboða* frá 1863 og 1864. Framsögumaður er hinn 5. konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 348.

Eg skal geta þess, að það hefir gleymzt að breyta «Resol. 1. maí 1862» í «tilskipun 12. júlí 1862». Í auglýsingu dómsmálastjórnarinnar er þetta sem sè kallað resolution 1. maí 1862, en í lagasafninu danska, er sagt að það sè prentvilla og hitt sè

hið rètta. En þetta má leiðrètta þegar bænarskráin til konungs verður skrifuð.

Konungsfulltrúi: Eg hefi ekkert verulegt að athuga við þetta nefndarálit, nè þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komizt að. Einungis skal eg leyfa mèr að taka fram, að mèr hefði þótt eiga betur við, að nefndin hefði «henstillet» eða skotið því til álita stjórnarinnar, hvort ákvarðanir þær, sem nefndin hefir stungið upp á, ættu að gjörast gildandi hèr á landi, og ef til vildi fleiri sams konar ákvarðanir.

Framsögumaður: Eg get ekki sèð, að frá þingsins hálfu geti þetta komið öðruvísi fram, en í bænarskrár formi, nema ef þingið heldur vildi aðhyllast forsetaveginn, sem eg álít þó miður rètt, því það er auðsèð, að dómsmálastjórinn ekki á með að breyta hèr á landi verðlagsskrá lyfsölumanna, þar hann ekkert vald hefir til þess.

Konungsfulltrúi: Það er ekki svo að skilja, að eg haldi því fast fram, að niðurlag álitsskjalsins verði orðað, eins og eg tók fram, það er á þingsins valdi.

Jón Hjaltalín: Eg kann betur við að bænarskrá verði send konungi um þetta, því ef það verður «henstillet» til ráðgjafans, þá mun hann svara, að hann geti ekkert við málið gjört, því hann þekki ekkert til landsins. Eg álít og þetta bæði sè apothekurum okkar og landsmönnum í vil, því hèr eptir þarf meira af sumum lyfjunum en hingað til, einkum til fjárbaðana úr valziskum legi, sem vonandi er komist á um allt land. Lyfin eru talsvert billegri hjá materialistum, einkum ef þau eru tekin í stórskömtum, en hèr eru engir slíkir menn. Eg álít því bænarskráar formið hentugra, því ef stjórninni væri falið málið, þá mundi hún aptur senda það til þingsins, til þess að fá álit þess.

Benedikt Sveinsson: Eg skal vekja athygli manna að því, að eg efast um, að hlutaðeigandi ráðgjafi muni þykjast hafa heimild til þess, sem konungsfulltrúi benti til. Að öðru leyti áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá átt, að í staðinn fyrir «1. maí» verði sett «12. júlí», ef það annars þarf með til að gjöra þessa breytingu, sem eg held að ekki sè, því þessi breyting er sjálfsögð.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um bænarskrá um, að *Reykjavík verði tekin í brunabótafèlag*

hinna dönsku kaupstaða. Hinn 6. konungkjörni þingmaður er framsögumaður í málinu.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 349.

Eg hefi fáu við nefndarálitið að bæta, því þótt nefndin hafi skipt sèr í meiri og minni hluta, er hún þó öll einhuga á því, að þetta sè velferðarmál Reykjavíkur. Hèr er einungis spurning um þá leið, er fara á með málið, og í þessu efni get eg ekki verið samdóma hinum háttvirta minni hluta, því eg álít það miklu beinni veg fyrir málið, að þingið sendi konungi bænarskrá um það, en að bæjarstjórnin hèr sendi það fyrir milligöngu stiptamtmanns til lögstjórnarráðherrans. Allir verða að játa, að atkvæði þingsins hljóti að mega sèr meira en amtmannsins, þótt eg meti mikils hinn háttvirta stiptamtmann, sem nú er, og viti, að tillögur hans vegi mikið, og hafi enga ástæðu til að geta til hins komanda stiptamtmanns nema alls hins bezta. Um hitt atriðið er meiri hlutinn samdóma minni hlutanum, nefnilega, að æskilegt væri, að hèr gæti komizt á innlent brunabótafèlag. En hèr eru svo margir og miklir örðugleikar á, að það er ekki hugsandi, að það gæti komizt á, fyrr en eptir mjög svo langan tíma, og þar að auki hlyti það að verða Reykjavíkurbúum miklu dýrara, en ef þeir kæmust inn í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða. Annað mál væri það, ef vèr með tímanum gætum stofnað sjóð hèr, til þess einhvern tíma að losast við danska brunabótafèlagið. En að stofna sjóð án þess fyrst að vera kominn inn í hið danska brunabótafèlag, það álít eg óhæfu, því gjaldið til hans yrði staðarbúum miklu dýrara og í alla staði þungbærara; það mundi og fæla marga frá, að taka þátt í stofnun sjóðsins, að bærinn um allan þann tíma hlyti að vera ábyrgðarlaus, þangað til sjóðurinn hefði fengið næg efni. Viðvíkjandi skýrslum þeim, sem nefndin á ríkisþinginu heimtaði, þá get eg eigi öðruvísi álitið, en að þetta sè eintóm viðbára. Það hefði verið miklu betra, að hún hefði sagt hreint og beint nei. Það var hægðarleikur fyrir hlutaðeigandi ráðgjafa að útvega allar þær skýrslur, sem við þurftu, í hinni íslenzku stjórnardeild. Árið 1857 í brèfi bæjarstjórnarinnar 13. nóvember, var nákvæmlega skýrt frá því, hve mörg hús hèr væru úr steini, hve mörg með helluþaki, hve mörg úr timbri, hve mörg með cementi á hliðum eða göflum, og hve mörg með zinkplötum, hve mörg einloptuð og hve

mörg tvíloptuð o. s. frv. Einnig var þá stungið upp á því, að öllum húsum, sem þess þætti þurfa, skyldi breytt eptir nákvæmari ákvörðunum löggæzluráðherrans, áður 15 ár væru liðin. Með þessari nákvæmu lýsingu fylgdi kort yfir bæinn eptir yfirkennara Björn Gunnlögsen, með lit á hverju húsi eptir því, úr hverju efni það væri gjört. Allar þessar upplýsingar voru meir en nógar fyrir nefndina á ríkisþinginu. Eg álít því öldungis nauðsynlegt, að bænarskrá sè send konungi um málið, til þess að Reykjavíkurbúar fái eitthvert svar.

Konungsfulltrúi: Við inngangsumræðuna í þessu máli tók eg fram, að það mætti álítast lítil von um, að það hefði nokkurn verulegan árangur að svo komnu, þó þingið færi nú að senda stjórninni bænarskrá um það, að frumvarpið, sem lagt var fyrir þingið 1863, um að Reykjavík yrði tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, fengi með þeim smábreytingum, sem þingið gjörði á tèðu frumvarpi, lagagildi, og það af þeirri ástæðu, að stjórnin gæti ekki boðið fèlaginu að taka Reykjavík að sèr, því fèlagið væri að álíta prívatfèlag.

Að Reykjavík komist inn undir þetta fèlag verður því að vera komið undir samkomulagi milli stjórnarinnar og brunabótafèlagsins; en eptir að málið er komið fyrir ríkisdaginn, hvar málið hefir ætíð átt örðugt uppdráttar, er hætt við undirtektir verði líkt og hingað til.

Eg hneigist því fremur að álíti minna hlutans, sem eg álít að fari í rèttari stefnu, því það er ekki svo að skilja, að eg vilji ráða frá, að málinu sè hreift, en eg hefi einungis ráðið til, að því sè ekki hreift, eins og meiri hlutum í nefndinni fer fram á. Vanti að eins upplýsingar í málinu, geta þær fengizt með þeim hætti, sem minni hlutinn ætlast til, en eg leyfi mèr að taka það upp aptur, að eg verð að álíta, að það standi eiginlega ekki á vantandi upplýsingum, heldur á allt öðru, því hafi nokkurt mál verið upplýst, þá verð eg að álíta að þetta mál sè það eptir allt, sem á undan er gengið í þau hèr um bil 20 ár, sem málið hefir verið á ferðinni.

Jón Hjaldalín: Eg get naumast af sannfæringu verið því meðmæltur, að bænarskrá sè send konungi í þessu máli, og held eg, að eg halli mèr heldur að áliti minni hlutans. Það sjá þó allir, að það eru mikil leiðindi aptur og aptur að vera að eiga í þessu þjarki við stjórnina, þegar menn á hinn bóginn mega næst-

um vera vissir um, að ekkert kemur út af því. Menn verða og að gá að því, að danska brunabótafèlagið er ekki það einasta, því vèr höfum mörg brunabótafèlög, sem eru 120 mílum nær okkur; eg skil því ekki í, að það sè neinn ógjörningur að menn haldi sèr til þessara fèlaga. Jafnvel framsögumaður hefir játað það, að málið væri fullkomlega upplýst fyrir stjórninni og ríkisþinginu, en því eru menn þá að eiga í þessu sífellda þjarki um málið, þegar menn sjá að því miðar ekkert áfram, hvað vel sem menn upplýsa það? Eg veit ekki til hvers menn eru að nudda þetta við ríkisþingið, þegar menn sjá glöggt, að hvorki það nè brunabótafèlagið vill hafa neitt með okkur að sýsla. Bezt væri án efa, að við stofnuðum brunabótasjóð hjá sjálfum oss, ef föng væru á, og það stendur þess utan hverjum húseiganda opið fyrir að «assurera» hús sín í öðrum löndum. Þó við nú förum að senda bænarskrá, þá er það ólíklegt, að næsta ríkisþing hafi breytt meiningu sinni síðan í fyrra.

Jón Guðmundsson: Vèr höfum heyrt bæði af ræðu hins háttvírta konungsfulltrúa og hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, að það er uppástungu minni hluta nefndarinnar, sem þeim geðjast betur að, og vilja þeir því leggja til, að hún sigri. En hvað er það sem minni hlutinn vill, og hvað er það sem gjörir uppástungu hans svo miklu aðgengilegri heldur en meiri hlutans? Minni hlutinn vill ítreka bænina eins og meiri hlutinn, en á annan veg; hann vill fara yfirvaldsveginn. En hvað hefir þá yfirvaldsvegurinn til þess, að hann sè aðgengilegri heldur en vanalegur þingvegur er til að rita bænarskrá til konungs? Stendur stiptamtið í þessu tilliti nokkuð hærra en eður betur að heldur en alþing? Eg held ekki; eða treystir stiptamtið sèr til að rita betur eða kröptugar eða hógværara um málið heldur en þingið? Eg fyrir mitt leyti treysti þinginu vel til þess að fara full hógværum og þó skörulegum orðum um þetta mál. Að öðru leyti verða menn einkanlega hafa hugfast að það er stjórnin sjálf, sem hefir frá upphafi gjört þetta mál að þingmáli. *Hún* lagði frumvarpið fyrir þingið 1863, og einmitt þess vegna er hún siðferðislega skuldbundin til að fylgja málinu fram og leiða það til lykta samkvæmt þeim uppástungum, sem bæði hún og alþingi höfðu komið sèr saman um. Þá var það líka sagt, að ríkisþingið mundi taka stiptamtinu betur en þinginu. Þetta skil eg ekki. Eða eiga menn það þá víst, að málið aptur muni koma fyrir ríkisþingið. Eg held alls ekki. Konungsfulltrúi

sagði og, eða tók það fram, að brunabótafèlagið væri «privat»; þetta er öldungis satt, og þess vegna bætti hann og við, að stjórnin ætti engin ráð yfir því, en ef þessu er svona varið, hvað á þá ríkisdagurinn með málið? Þetta var og stjórninni ljóst 1863. Casse ráðgjafi lagði þá ekki frumvarp til laga fyrir alþing, heldur var það frumvarp til *tilskipunar*. Eg ætla hvorki þeim ráðgjafa nè öðrum, að hann mundi hafa búið þvílíkt frumvarp til, ef hann hefði ekki haft fulla vissu fyrir því, að hann mætti bjóða þessi kjör af hendi brunabótafèlagsins og að það þyrfti ekki og ætti ekki að ganga fyrir ríkisdaginn. En 1864 urðu ráðgjafaskipti; Casse veik sæti fyrir Heltzen. Hinn nýi ráðgjafi (Heltzen) áleit það reyndar ekki ófrávíkanlegt að leggja málið fyrir ríkisþingið, en gjörir það samt sem áður. En hvað skeður? Málið kemur til umræðu á þinginu, og Heltzen mætir þar með 2 hendur tómar og þykist ekki geta gefið neinar þær upplýsingar, sem nefndinni í ríkisþinginu þótti vanta; ráðgjafi þessi var líka þá í öngum sínum og átti ervitt með ríkisdaginn í sínum málum sjálfs. Síðan fór Heltzen úr völdum, og nýr ráðgjafi, Bræstrup, er nú kominn í hans stað. Getur nú hinn háttvirti konungsfulltrúi sagt þinginu með vissu, hvort herra Bræstrup heldur muni hallast að áliti Heltzens heldur en Casses; eg held að hinn háttvirti konungsfulltrúi geti ekkert vitað eður sagt oss neitt víst um þetta. Það eina get eg ímyndað mèr, að herra Bræstrup muni verða betur útbúinn að upplýsingum til heldur en Heltzen þóttizt vera. Þetta verða menn fyrst að hafa skýrt fyrir sèr, áður en það verði af ráðið, hvort hentugra muni vera fyrir málið að fara yfirvaldsveginn en alþingisveginn.

Konungsfulltrúi: Það lá engan veginn í þeim orðum, sem eg áðan talaði, nokkurt vantraust til alþingis, nje heldur það, að málinu mundi betur vegna, ef það færi þann veg, sem minni hlutinn vill fara. Álíti því þingið, að það megi betur fara að aðhyllast skoðun meiri hlutans, þá hefi eg ekkert á móti því.

Eiríkur Kúld: Eg stend upp einungis til þess að reyna að bera sáttarorð á milli manna í þessu máli. Mèr finnst hinn háttvirti varaforseti finna að við minna hlutann, að hann vildi fara með málið ekki þingveginn heldur yfirvaldaveginn fyrir milligöngu stiptamtmanns, enda þótt hann játaði, að minni hlutinn að öðru leyti færi í líka stefnu og meiri hluti nefndarinnar. Eg hefi því hugsað mèr, að benda þinginu á hinn 3. veg, sem fara má, sem sè forsetaveginn ef mönnum þætti hann tiltækilegur. Eg ímynda mèr, að sú leið gæti orðið málinu

allt eins til stuðnings, eins og þó þingið sendi bænarskrá núna aptur, því eg veit ekki nema einmitt það gæti orðið til að draga úr málinu, og að minnsta kosti er sá vegur ekki greiðari en forsetavegurinn. Eg skal að lyktum geta þess, að hefðu Reykjavíkur húseigendur fylgt uppástungum þeim, sem lesa má í tíðindunum frá Hróarskeldu fyrir rúmum 20 árum síðan, þá væru menn nú komnir næsta langt á leið með brunabótasjóð hèr og þyrftu ekki að vera að leitast við að fá brunabætur þar sem eg er hræddur um að ervitt veiti að fá þær á þenna hátt.

Framsögumaður: Eg get ekki sèð, að forsetavegurinn sè affarabetri fyrir málið, en bænarskráarvegurinn. því hann er mjög svo líkur því, sem minni hlutinn stingur upp á eða jafnvel verri. Þó eg ekki efist um, að bæði hinn núverandi og hinn komandi stiptamtmaður muni mega sín mikils hjá stjórninni, þá ímynda eg mèr samt, að þingið muni mega sín eins mikið ef ekki meira. Ef nú þingið að þessu sinni eigi vildi skipta sèr af þessu máli, þá liti svo út, sem áhuginn á málinu væri orðinn minni. Það dugar ekki að segja, »hefði brunabótasjóður verið stofnaður hèr í tíma», menn verða að halda sèr að því, sem er. Það var sagt, að hver sem vildi, gæti látið «assurera» hús sín í öðrum brunabótafèlögum í útlöndum, en þetta er ekki nóg, menn fá ekki einn danskan 2 skilding lánaðan upp á hús sín, þótt ábyrgð sè fyrir þeim fengin á þenna hátt; þar mundu og verða margir vafningar á. Bezt er að komast inn í það brunabótafèlag, sem menn hafa fullkomna vissu um hversu á stendur.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki vera laugorður. Þegar eg skoða hina konunglegu auglýsingu til þingsins í ár, þá get eg ekki verið úrkula vonar um, að bænarskrá til konungs muni hafa góðan árangur; því í auglýsingunni stendur, að málinu hafi ekki getað orðið framgengt «nú sem stendur», og það gæti því ef til vill orðið meiri árangur fyrir málið, ef bænin væri ítrekuð. Þegar eg sömuleiðis skoða þetta mál frá Reykjavíkur sjónarmiði, þá álít eg það mjög svo æskilegt, að Reykjavík yrði tekin upp í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, bæði af því að þetta fèlag er óhultara en önnur útlend fèlög, og skaðabæturnar vissari hjá því en þeim, að minnsta kosti yrði það erviðara að þurfa, ef svo bæri undir, að eiga í málarekstri utanríkis. Eg ann og Danmörku svo mikils góðs, að eg heldur vil, að þetta fè renni þangað inn, en til annara landa. Í «politisku» tilliti álít eg og þetta mjög hentugt,

því það gæti verið traust politiskt band milli Íslands og Danmerkur, ef Reykjavík yrði tekin upp í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki vera langorður um þetta mál, en þó vil eg tala fáein orð. Þetta mál hefir nú átt sín nokkuð lengi að bíða; það var talað um það 1838 og 1840 eða jafnvel optar, og það strandaði þá, og það verður víst langt að bíða eptir úrslitum þess, ef það á enn að vara eins langan tíma, og það er búið, enda hef eg litla von um, að það gangi öðruvísi. Eg get ekki neitað því, að mèr þótti hinn háttvirti varaforseti tala skrítilega, er hann vildi skylda stjórnina beinlínis til að ráða málinu til lykta. En eg held það megi segja um hana í þessu tilliti: Ultra posse nemo obligatur, eða hún gjörir ekki það sem hún getur ekki. Það hefir verið tekið fram, að brunabótafèlagið væri að nokkru leyti privatfèlag, og þó það sè máske ekki alveg rètt skoðun, þá er þó hèr við fleiri en stjórnina eina um að tefla. Mèr er raunar ekki svo kunnugt um þetta mál í sjálfu sèr, en það veit eg, að ríkisdagurinn hefir ekki viljað sinna því. Það hefir verið talað um að exministerinn Heltzen, hafi ekki getað gefið þær upplýsingar sem þyrfti, en máske það væri á líkan hátt fyrir þeim núverandi ráðgjafa, þó allir viti, að hann sè bæði rèttvís og duglegur maður. En þótt hann gæti það, og þótt hann hafi þann bezta vilja, þá vitum vèr allir, að það er ómögulegt fyrir hann að snúa ríkisþinginu. Framsögumaður tók fram, að upplýsingar hefðu verið nógar og ljósar fyrir hendi, og því er undarlegt, að Heltzen ekki skyldi bera þær fram á ríkisdeginum. Það er því mín skoðun, að ekki vinnist annað með að ítreka þetta mál nú, en að mæða stjórnina. Eg styrktist og í þessari skoðun af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, sem sjálfur er húseigandi hèr í bænum og málinu velviljaður, og hann mundi ekki ráða til skemmri veganna, ef hann hèldi lengri veginn verða málinu affarasælli. Því hefir verið hreift, að hin útlendu brunabótafèlög eigi væru eins viss og hið danska, en eg efast nú um það, ekki skil eg heldur, hvaða politiskt band það er við Dani, þó vèr göngum í brunabótafèlag hjá þeim. Það eru fleiri stórborgir í Danmörku, sem standa í sambandi við útlend brunabótafèlög, t. d. í Belgíu, og þegar Hamborg brann, held eg England hafi mest fundið til þess. Það er ætíð óþægilegt í lífinu, að biðja þann, sem er ófús að bænheyra, og tvöfalt óþægilegt, ef vèr um leið sköðum sjálfa oss, með því að vera að bíða og bíða, í stað þess að taka

upp annað ráð, því svo lengi vèr bíðum, höfum vèr hús vor á-byrgðarlaus eptir sem áður. Eg get því ekki fellt mig við uppástungu meiri hlutans; ef það gæti gengið, þá væri gott upp á lán, að vera í dönsku brunabótafèlagi, en þegar það nú ekki hefir gengið í 25 ár, hvað lengi á þá að bíða eptir því? Það er lítilfjörlegt fyrir þingið, að lengja það nú um önnur 25 árin til. Það er sagt, að neitunin sè bara nú sem stendur, en eg vil spyrja: hvað lengi varir þetta «nú sem stendur». Eg fyrir mitt leyti er hneigður til að hallast að uppástungu minni hlutans, að alþing sendi enga bænarskrá um þetta mál. Það er óverðugt að vera að nudda á stjórninni um það, sem hún getur ekki með bezta vilja, og hefir ekki getað í 25 ár.

Björn Pèturssson: Eptir því sem þetta mál nú er orðið upplýst, við hinar snjöllu og miklu umræður, fæ eg ekki betur skilið en að bæjarstjórnin í Reykjavík og brunabótafèlagið í Danmörku, sèu hèr rèttir málspartar, eður þeir sem hèr eigi hlut að máli. Þess vegna er mèr næst skapi að hallast að þeim vegi, sem þingmaður Barðstrendinga vildi vísa máli þessu, en gangi það ekki, þá fellst eg fyrir mitt leyti á uppástungu minni hlutans. En vegna þess að málið er sèrstaklegs eðlis, og snertir eingöngu Reykjavík, þá þykir mèr eðlilegt, að þingið fari eptir almennum vilja Reykjavíkurbúa. Þess vegna vil eg skora á hinn háttvirta þingmann Reykjavikur, að hann gefi þær upplýsingar hèr að lútandi, sem hann getur.

Magnús Jónsson: Í tilefni af því, að hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu skoraði á mig, að skýra frá vilja Reykjavíkurbúa í þessu tilliti, skal eg geta þess, að hann er mèr ókunnugur. Eg hefi ekki talað við neinn þeirra um það, og eg ekki fyrri en núna fyrir fáum dögum vissi, að málinu yrði hreift á þessu þingi, nè haft færi á því sökum kringumstæðna minna. En þó skal eg geta þess, að í gær talaði eg við einn kaupmann hèr í bænum, um þetta mál, hvort eigi mundi hagkvæmast, að vèr stofnuðum sjálfir brunabótasjóð hjá oss, og var hann því ekki fjarlægur. Það er ætíð «hollt heima hvað», en að hinu leytinu er ófært, að málið bíði lengur. Ef vèr leggjum oss undir danskt eða útlenzkt brunabótafèlag, þá er einnig hætt við að hinir sömu niðjar vorir muni álasa oss fyrir, að vèr engan brunabótasjóð höfum stofnað sjálfir á fósturjörð vorri.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki svara hinu marga, sem

sagt hefir verið, en einungis geta þess, að mèr þótti skrítileg spurning þingmanns Suður-Múlasýslu, þar sem eg um daginn, er málið var tekið til inngangsumræðu, las upp brèflega áskorun bæjarstjórnarinnar til mín, um að bera þetta mál fram, eða að minnsta kosti gat um hana. Það er fallega sagt, sem hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkur tók fram, að niðjar vorir mundu lítt þakka oss þótt vèr kæmumst í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, heldur segja að vèr hefðum átt að stofna brunabótasjóð sjálfir, og það mundu þeir þakka oss. Eg þakka þeim það nú lítið, þótt þeir þökkuðu oss, að vèr hefðum lagt fè í sölurnar fyrir þá; en hitt geta þeir eigi með rèttu vanþakkað oss; því að þeir eiga enga heimtingu á, að vèr skulum beinlínis leggja fè í sölurnar fyrir þá.

Sveinn Skúlason: Eg stend upp til að styðja uppástungu þingmanns Reykjavíkur, sem bezt mun vita, hvað Reykjavík hagar, því eg álít rèttast, að þegar stjórnin bilar, þá eigi Reykjavík að hjálpa sèr sjálf; það er yfirhöfuð ekki ráðlegt, að skjóta sèr undir vængi Dana, nema þegar annars er ekki kostur. Hèr hefir nú ekkert hús brunnið í 100 ár, og á 100 árum geta bæjarbúar safnað góðum sjóði. Eg held því, ef þingið aðhyllist skoðun hins háttvirta þingmanns Reykjavíkur, þá sè Reykjavík fullborgið í því efni, því hann má vita það bezt hvað bænum hagar því hann er svo vanur því að stofna sjóði. Eg get því ekki ráðið til að ítreka bæn þessa að nýju við stjórnina, heldur verð eg að fallast á uppástungu minni hlutans, en vil benda Reykjavíkurbúum á uppástungu þingmanns Reykjavíkur.

Ásgeir Einarsson: Raunar bjóst eg ekki við, að aðrir þingmenn, en þeir sem eiga heima í Reykjavík, mundi taka til máls, enda ætlaði eg ekki að gjöra það, en þegar eg sè, að þetta ríki Reykvíkinga verður í sjálfu sèr sundurþykkt, með því sumir vilja senda bænarskrá til konungs, sumir vísa málinu forsetaveginn, en sumir vilja fella það, þá álít eg mèr skylt, að gjöra grein fyrir, að hverri skoðuninni eg hallist. Eg vil gjöra mèr skiljanlegt, hvort betra sè að málið gangi forsetaveginn, eður þingveginn til konungsfulltrúa. Ef þingið vill skipta sèr nokkuð af málinu, þá er ekki árennilegra að láta það ganga til stiptamtmanns, sem er málinu ókunnugur, þegar hann kemur hingað, því það er hinn tilvonandi stiptamtmaður vor». Í annan stað álít eg ekki vert að fara með málið til stjórnarinnar, nema ef menn ætlast til, að ríkisdagurinn leggi smiðshöggið á það, þó verður það ónauðsynlegt, ef Reykja-

víkurbúar ætla sjálfir að stofna brunabótasjóð. Það er ein hlið málsins, sem þinginu kemur sèrstaklega við, og hún er sú, hvort það geti tekið þá aðferð til þakka að láta hafa sig fyrir spaugara. Málið kemur ekki Reykjavík einni við, heldur landinu öllu og þinginu sèr í lagi, og því vildi eg, að Reykjavík og landið starfaði í einum anda, og að Reykjavíkurbúar komi sèr saman áður en málið verður útkljáð á alþingi, þeir ættu að vera í því tilliti eins og einn maður. Hinn háttvirti þingmaður sagði, að stjórnin væri ekki skyld að gjöra það, sem hún ekki getur. En eg vil segja: Stjórnin hefir lofað að koma málinu í kring, með því að leggja frumvarp fyrir þingið, og það var frá hennar hálfu ekkert neyðarloforð, það var ekki eins og hún væri kúguð í stríði til að lofa því, því vèr lifum þó ekki á dögum Brennusar. Eg vona að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gæti þó rèttar þingsins, og vilji ekki láta misbjóða því. Eg sè mèr ekki til neins að koma fram með breytingaratkvæði, en vona, að menn komi sèr saman; það er bæði hagkæmast og sómasamlegast og hlutaðeigendum gagnlegast. Eg vil ekki bríxla Reykjavíkurbúum þó þeir ekki hafi stofnað brunabótasjóð síðan 1840. Eg veit, að þeir hafa lagt sig í bleyti að undirbúa málið sem bezt, en allt af verið dregnir á tálar, en aldrei hreinlega fengið afsvar, og því vil eg með engu móti álasa þeim. En hvort menn nú fást til eptir dúk og disk, að fara að stofna brunabótasjóð, það er annað mál, þó eg játi, að það getur varað lengi, unz ábyrgð fæst á húsum hèr í Reykjavík, og óvíst að allir gangi í þetta fèlag.

Jón Guðmundsson: Það er skrítinn snúningur, og eptirtektaverður, sem ræða hins háttvirta þingmanns Reykjavíkur hefir undið á þetta mál. Eg trúi því, að þingmaðurinn sè ókunnugur málinu, en hann er ekki svo ókunnugur, að hann ekki geti vitað, og megi vita, að þó það sè fögur hugsun og falleg ósk, að menn fari nú að skjóta saman til brunabótasjóðs, þá kemst hún vart lengra en á pappírinn nú heldur en fyrri, en henni getur alls ekki orðið framgengt nú sem stendur, og verður víst aldrei framgengt; og þar eð þingmaður Norður-Þingeyinga tók í sama strenginn, vil eg sýna með ástæðum, að þetta er ekki annað en loptkastali. Ef menn nú hugsa sèr að stofna hèr brunabótasjóð, þá yrði það að vera gjört með fríviljugum samskotum, því þó þingið tæki þá stefnu að biðja um nauðungarlög, þá mundi sú löggjöf eiga ervitt uppdráttar, enda ekki verða tekin með þökkum. Nú sem stendur

þykist eg mega fullyrða, að hinum fríviljugu samskotum mundi ekki reiða af betur en svo, að þeir ekki vildi leggja neitt til þeirra, sem gæti, en aptur að þeir gæti ekki, sem vildi, sízt að nokkrum mun; og þá er ekkert útlit og engin ábyrgð fyrir, að nokkur verulegur sjóður kæmist á stofn. Eg álít óhætt að skipta húseigendum hèr í 3 flokka; sumir eiga óveðdregin hús sín að mestu eður öllu, og það eru að sönnu nokkuð margir, aðrir eru svo staddir, að hús þeirra eru að meiri eða minni hluta veðsett, og til þess að lánardrottnar þeirra hefðu fulltryggt veð fyrir lánsfè sínu, hafa húseigendur þessir orðið að útvega brunabótaábyrgð á Englandi eða á Þýzkalandi, og hafa þeir mátt sæta þeim afarkosti, að gjalda 5—7 mörk, af hverjum 100 rd. Er nú nokkur vegur til eða útlit, að þeir menn fari þar að auki að leggja á sig enn hærra gjald árlega til samskotasjóðs þess, er hèr ræðir um, er ekki getur komið þeim að notum fyrr en eptir 40—50 ár; niðjar þeirra kynnu að hafa gagn af því, ef bezt gengi, en ekki sjálfir þeir. Þessir menn mundu því ekki ganga að því, að bæta á sig nýju gjaldi; þeim mundi þykja nóg að borga nú 5—7 mörk af hverjum 100 rd. af verði hússins, þó að ekki væri meira. Þriðji flokkurinn eru hinir fátæku, sem eiga smáhús að nafninu, eru ekki bundnir eiginlegum veðskuldum en ótal smærri skuldum og hafa í raun rèttri ekkert að missa, og hafa þó ekkert aflögum í brunabótasjóðinn. Það er enn fremur óráðin gáta, hvernig menn hugsa sèr, að stjórna slíkum samskota sjóð og að fá honum fulltrygga ábyrgð; og þó stjórn væri eða þeir menn fengist í hana, sem þætti óhult að eiga undir bæði fè og góða og fulltrygga stjórn, þá er engi ábyrgð fyrir, að því yrði framhaldið síðar; en þetta er sízt nein hvöt, til að skjóta fè, sem nokkru nymdi, saman í brunabótasjóð, sem ætti að vera til frambúðar. Eg get sagt frá því, að eg hefi talað við marga húseigendur um, hvort þeir mundu vilja leggja í brunabótasjóð, og hafa þeir allir sagt þvert nei við því. Og samt ætla menn hèr í salnum, að Reykvíkingar sjálfir mundu þjóta til, og stofna brunabótasjóð, þann er gæti komið að nokkru liði? Þetta mál hefir komið fyrr til umræðu meðal Reykvíkinga, fyrir 18—20 árum síðan, og var þá eins og nú, að menn játuðu, að uppástungan væri fagurlega hugsuð, enda studdu hana þá öruggir menn og merkir menn af alefli; allt yfirborð bæjarmanna hafnaði henni, og enginn hefir lagt einskilding í sjóðinn enn í dag, þó að bæjarstjórnin skærist þá eindregið í málið með hinum, og vildi gangast fyrir stofnun sjóðsins, en

það dugði ekki. Það er því engin útsjón, að til þess verði nema máske fáeinir menn í mesta lagi, og hvaða sjóður er það sem fengist með því móti? Það er því hreinn og beinn loptkastali, að ímynda sèr, að brunabótasjóður verði stofnaður af Reykjavíkurbúum. Þeirri stofnun er líka nú margfallt fleira og meira til fyrirstöðu, heldur en var í hið fyrra skipti. Menn vita líka, að engi slík eigna ábyrgð hefir komizt á upp til sveita, hvorki fyrir fjármissi, húsbruna eða heybruna, og þó væri sveitamönnum engi meiri vorkunn að koma á stofn slíkum ábyrgðarsjóðum en Reykjavíkurbúum fyrir húseignum sínum, heldur þvert í móti miklu minni, eins og allir mega sjá. Menn kosta svo margfallt meiru til húseigna sinna hèr í Reykjavík, heldur en til jarðarhúsa og hinna munanna er eg nefndi, upp til sveita, að menn ætti ekki að hafa vílað svo lengi fyrir sèr, að stofna þessleiðis sjóði til sveita, ef það ætti að vera eins auðgefið fyrir Reykvíkinga eins og nú er látið. Það er ætíð hægt, að vísa frá sèr og segja: «vermið yður og mettið; þið getið gjört þetta sjálfir». Það er annars undarlegt, að menn skuli segjast vera í vafa um, hvort það sè vilji Reykjavíkurbúa eður ekki, að komast í brunabótafèlag, þar sem þó af hálfu bæjarbúa hefir verið skorað á þingið um það. Bæjarstjórnin er reyndar ekki öll Reykjavík, en hún skoraði þó í nafni bæjarbúa á hinn 6. konungkjörna þingmann, að fylgja málinu fram á þingi, og þetta byggði hún á því, að hún þekkti og vissi, að þetta var eindreginn vilji, og föst skoðun flestra húseigenda í bænum, svo eg held þá, að þingið þurfi ekki að vera í neinum vafa að því leyti.

Jón Hjaltalín: Eg vona að enginn taki orð mín svo, að eg sè málinu mótfallinn í sjálfu sèr, en eg sè ekki gagnlegt að fylgja því fram við stjórnina framar á þann hátt sem nefndin stingur upp á, því hún hefir sannarlega gjört það, sem hún hefir getað, með því að leggja málið fyrir ríkisdaginn, og er því ástæðulaust að halla á hana. Hún gat ekki vitað fyrir fram, hvort málið ekki mundi komast í kring. Það hafa verið skiptar meiningar á ríkisdeginum. En ef stjórnin ekki hefir getað komið málinu áleiðis, þá getur konungur ekki greitt úr því. Það er skrítið að ímynda sèr, að »constitutione« konungur geti það án ríkisdagsins samþykkis (*Jón Guðmundsson*: Hlær). Það er ekkert hlátursefni. Það væri bezt fyrir þingið að fallast á uppástungu minni hlutans, og bæta við þeirri ósk, að þingið skori á stiptamtmann að biðja stjórnina

að flýta málinu í sömu stefnu og 1863, og held eg að bæjarstjórninni og öllum, sem vilja, sè innanhandar, að styðja þá beiðni. Eg hefði ekki á móti, að konungi væri send bænarskrá um málið, ef stjórnin gæti komið því nokkuð betur áfram. En ef menn vilja fylgja því svo fast fram, er víst ekkert á móti, að þingið reyni það á þann hátt, er eg nú gat um, sem sè með að vísa málinu forsetaveginn. Það sem þingmaður Reykjavíkur tók fram, að æskilegt væri, ef hèr yrði stofnaður brunabótasjóður, þá játa eg það satt að vera; en varaforseti hafði líka rett þar sem hann sagði, að fallvalt væri að treysta því, að slíkur sjóður gæti hèr á komizt margra hluta vegna. Eg játa það, Bæirnn yrði fyrst að hafa betri slökkvitól, ef nokkur útsjón ætti að vera til þess, að það gæti orðið. Eg tek það upp, að eg er öldungis ekki á móti, að málið fái framgang ef mögulegt er, en að hinu leytinu sýnist mèr það miður samboðið þinginu að vera að síbiðja stjórnina um það, sem hún ekki getur í tè látið. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg ætla að gjöra vara-uppástungu við þetta nefndarálit.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst ósk þingmanns Reykvíkinga eigi vera fremur í munninum eða á pappírnum, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði hún væri, heldur en áskorun sú, sem kom frá húseigendum hèr í Reykjavík 1863, því þó að hún gengi í gegnum, þá er málið þó fallið hjá stjórninni (*Framsögumaður:* Nei!) Vèr vitum þó af hinni konunglegu auglýsingu, að málið fèkk ekki framgang á þingi Dana, og er það því fallið sem stendur. En sè sundrungin svo mikil meðal húseigenda hèr í bænum, eins og sagt er hún sè í öðru ríki, sem eg ekki vil nefna, þá er eg hinum háttvirta varaforseta samdóma í því, að þessi uppástunga dygði eigi, og þá væri bezt að leita í vasa stjórnarinnar og dönsku kaupstaðanna. En þessari sundrung vil eg eigi trúa; eg álít nú að þess konar sundrung eigi sèr engan veginn stað, og gæti eigi átt, hann ef menn vissi, að einkis væri að vænta hjá stjórninni, sem nú heldur ekki er; og þá held eg að Reykvíkingar yrði fúsir á að leggja á sig nokkra byrði til þess að geta komið á fót ábyrgð hjá sjálfum sèr. Þetta þunga brunabótagjald 7 mark af 100 dölum, ætti líka einmitt að vera hvöt fyrir Reykjavíkurbúa til að gefa til þess 24 sk. af 100 dölum að koma upp innlendum ábyrgðarsjóði (*Framsögumaður:* Í ofanálag); jæja þó það væri í ofanálag. Að menn sè svo fátækir eins og varaforseti sagði, að þeir geti eigi greitt þetta gjald, það get eg nú eigi skilið, því að það er

svo lítið, og eg held að sjóðurinn geti allt eins komizt á stofn fyrir því. Dæmi það er hinn háttvirti varaforseti tók fram, að Reykvikingar fengi veð í jörðum í sveit fyrir húsum sínum, finnst mèr svo fjarstætt, eins og ef bændur vildu fá veð hjá Reykjavíkurbúum í húsum þeirra fyrir jörðum sínum; þetta held eg að engum geti dottið í hug nema hinum háttvirta varaforseta. Eg verð því að halda því fram, að uppástunga þingmanns Reykvíkinga sè til vara við minni hlutann. Og eg vona, að varaþingmaður Reykvíkinga gjöri breytingaratkvæði í þá stefnu, að hèr kæmist á brunabótasjóður í bænum; líka gæti hann gengizt fyrir því privat, ef það gæti ekki álitizt þingmál þegar því væri svo hagað.

Ásgeir Einarsson: Þegar hinn háttvirti varaforseti skipaði húseigendum hèr niður í flokka, þá datt mèr í hug, að hèr væri líka opinberar byggingar og eg veit ekki betur en að hús það er vèr stöndum nú í sè opinber eign, eg vildi nú fá að vita, í hvaða flokki þessi hús ættu að vera. Eg vil nú líka vita, hvort stjórninni kæmi það eigi við, hvernig með þessi hús væri farið. Þetta langaði mig nú til að heyra áður en gengið væri til atkvæða. Eg vona nú, að eg sè ekki þekktur að því, að vilja hindra eða spilla því, þó menn vilja stofna þarflegan fèlagsskap; en eins og hèr stendur á, virðist mèr næsta mikil tvísýni á, hvort Reykjavíkur innbúar geti stofnað fèlag þetta með eins góðum kjörum og brunabótafèlagið í Danmörku getur gefið þeim sèr þó að skaðlausu. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að bezt væri að biðja stiptamtmann að flýta málinu (*Jón Hjaltalin*: Eg sagði, að þingið ætti að biðja stiptamtmann um í gegnum konungsfulltrúa að færa málið í þá stefnu, sem Reykjavíkurbúar helzt óskuðu). Eg hefi þá skilið hann rètt. En mig minnir, að embættismenn hèrna, er þeir fengu launaviðbótina færi fyrst til stiptamtmanns og fengi engan árangur en síðan færu þeir til þingsins og fengu áheyrn. Eg veit nú eigi, hvort hinn nýi stiptamtmaður er nú framar fær um að koma þessu máli betur fram en þeir sem hafa verið á undan honum, (því eg þekki hann ekki) eða hvort þinginu hefir farið svo aptur, að það geti eigi eins vitað hvað hagar í máli þessu. Því að þingið biður að eins annaðhvort um já eða nei.

Konungsfulltrúi: Út af orðum hins heiðraða þingmanns Strandasýslu skal eg svara því, að ef Reykjavíkurbúar ráðast í, að stofna sjálfir brunabótasjóð handa sèr, mundi stjórnin, hvað þær opinberu byggingar hèr í bænum snertir, sjálfsagt taka þátt í því,

og get eg í þessu tilliti vísað til þess, sem á undan er gengið í þessu máli.

Framsögumaður: Eg efast eigi um, að stjórnin mundi og taka þátt í, ef stofnaður yrði almennur brunabótasjóður, að því er snertir hin opinberu hús. En það eru miklir örðugleikar á þessu, og það eru engin líkindi til, að þessi sjóður komist á. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga misskildi það, er þingmaður Reykvíkinga sagði, því að þingið getur ekkert gjört við þá uppástungu, hún kemur því alls ekki við. Þingmaður Reykvíkinga óskaði að eins að Reykjavíkurbúar stofnuðu sjálfir brunabótasjóð, en hann gjörði enga uppástungu um það. Það er nú satt sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að þessi bið væri leiðinleg, en það er nú einmitt hún, sem vèr viljum komast hèr hjá. Vèr viljum fá vissu annahvort af eða á (*Jón Hjaltalín:* Vèr höfum fengið hana). Þingmaðurinn hlýtur að segja þetta af því, að hann þekkir ekki málið, og eg vildi, að hann læsi það betur ofan í kjölinn. Hèr getur ekki verið talað um, að neyða hina dönsku kaupstaði til að taka oss í brunabótafèlag sitt, það hefir heldur engum dottið í hug. En þar sem stjórnin lagði frumvarp um þetta fyrir þingið 1863, þá er auðvitað, að hún hefir gjört það eptir samkomulagi við brunabótafèlagið danska. En að upplýsingar vantaði, er eigi nema tómur misskilningur og þýðingarlaus mótbára. Eg er nú samdóma þeim þingmönnum, sem sagt hafa, að dómsmálaráðherra sá, er nú er, sè bæði góður maður og rèttsýnn; þess vegna vil eg nú, að þingið noti færið, því að eg þykist sannfærður um, að hann mundi verða málinu velviljaður og beina því til hinnar beztu endalyktar. Málið fèll á ríkisdeginum helzt af því, hvernig Heltzen tók í það. Hann sagði ekki annað en það: »Eg get engar upplýsingar gefið;« en hann leitaði engra upplýsinga; en hefði hann leitað þeirra, hefði hann getað fengið þær, og það getur enginn sagt, að það hefði ekki verið til neins. Eg vil nú ekki tala um að vísa þessu máli forsetaveginn; mèr þykir sú uppástunga svo undarleg, og þá kann eg betur við minni hlutann að fleygja málinu alveg. En eg sè eigi að forsetavegurinn sè fljótari, en hinn vanalegi þingvegur, því að málið fer frá þinginu til konungs og stjórnin skrifar svo stiptamtmanni, og hann aptur bæjarstjórninni, eins yrði nú að vera, þótt forsetavegurinn væri farinn; stiptamtmaður verður að skrifa löggæzluráðherranum, og spyrja, hverra skýringa hann óski. En ef bæjarstjórnin gæti fyrir-

fram vitað, hverjar upplýsingar hún ætti að gefa, þá skal eg játa það, að fljótast væri, að hún skrifaði fyrst stjórninni, en hún veit eigi hverjar þær eru. Það er nú skrítið að álíta atkvæði þingsins megi sín minna en atkvæði bæjarstjórnarinnar í þessu máli. Það er nú líka undarlegt, þar sem þetta mál heyrði undir þingið 1863, þá skuli það nú segja, að sèr komi það ekkert við. Það átti þá eigi heldur undir þingið þá, ef það á það ei nú. Þetta mál er reglulegt löggjafarmál, og heyrir því beinlínis undir þingið og á alls eigi við að það gangi forsetaveginn. Það væri allt annað, ef þetta mál væri að nokkru umboðslegs eðlis. Að öðru leyti get eg eigi annað sèð, en að álit meiri hlutans eigi við gild rök að styðjast.

Jón Guðmundsson: Eg ætlaði einungis að svara einu atriði í ræðu hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga. Hann óð nú reyk, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að bændur skyldi ljá jarðir sínar að veði fyrir húsunum; því eg sagði skýrt, að það hefði komið til tals, hvort jarðeigendur vildi taka við brunabótasjóði vorum og setja svo jarðir sínar í veð fyrir eður sem »hypothek«. Að öðru leyti stóð eg nú ekki upp til annars en til þess, að þakka hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga í nafni Reykvíkinga bæði þeirra sem sitja hèr á þingi, og þeirra, sem hafa verið á tilheyranda bekkjunum í dag og heyrt til hans, fyrir allar þessar ráðdeildar- og forsjálnisræður og fyrirlestra, er hann kom fram með, til þess að leiða þá á rèttan veg í þeim efnum.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti framsögumaður sagði nú, að eg mundi eigi þekkja þetta mál, en eg er eigi viss um, að hann þekki það nokkuð betur. Eða veit hann, hverjar upplýsingar nefndina á ríkisdeginum vantaði? Hann hefir sjálfur sagt, að hann vissi það ekki. Veit hann hvers vegna nefndin hefir ráðið frá málinu. Og ef einungis hefir staðið á upplýsingunum, og þær voru til á skrifstofu hinnar íslenzku stjórnardeildar, þá er þó ekki svo langur vegur þangað. Mèr sýndist nú framsögumaður einmitt eyðileggja það, sem hann vildi byggja upp; hann segir, að ríkisþingið vanti upplýsingar, og vill að þessar upplýsingar komi frá þinginu. En er ekki miklu hægra fyrir stjórnina og brunabótafèlagið að leita upplýsinga hjá stipamtmanninum um málið heldur en hjá þinginu, þar eð það getur ekki gefið upplýsingar nema annaðhvort ár svo nærfellt tvö ár líða á milli; þar að auki getur þingið eigi gefið aðrar upplýsingar en bæjarstjórnin og Reykjavíkurbúar sjálfir geta

gefið stjórninni. Þetta held eg að hljóti nú mikið að spilla fyrir málinu. En aptur á móti, ef stiptamtmaður væri beðinn að styðja málið, þá ætti hann miklu hægra, því að hann gæti sent upplýsingar eptir 2—3 mánuði já meira að segja hann getur heimtað af Reykjavíkurbúum upplýsingar og sent þær með hverri póstskipsferð. Þess vegna held eg, að framsögumaður einmitt spilli því hèr, sem hann vill bæta. En eg vona, að hann sjái, þegar hann hugsar sig um, að eg tala þetta af velvilja við Reykjavíkurbúa. En eg held, að stjórnin geti lítið meira gjört við málið, þótt það komi frá þinginu, heldur en ef það kæmi frá stiptamtmanni, svo eg sè eigi annað, en að málinu sè töf í því, að bænarskrá sè send um það til konungs, og eg verð að álíta, að því sè betur komið með mínu viðauka-atkvæði.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að lesa upp niðurlagsatriði nefndarálitsins, svo að eg þurfi ekki að heyra optar slíkar ræður og þessa hina síðustu; það hljóðar svona:

Sbr síðari part alþingistíðindanna bls. 352.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að giöra þinginu grein fyrir þeirri skoðun minni, sem liggur til grundvallar fyrir ágreiningi mínum við meiri hluta nefndarinnar, en það er einmitt minn skilningur á sambandinu milli «Assurancen» og Reykjavíkur kaupstaðar eg álít það nefnilega öldungis hið sama og sambandið á milli prívatmanns og «Assurancen;» þegar einhver prívat-maður kemur og vill fá «assurerað» fær hann fyrst að vita þau skilyrði, sem »Assurancen heimtaði fyrir ábyrgð sinni á eign hans, og þegar hann hefir gefið «Assurancen» allar þær upplýsingar, sem hún heimtar, og fullnægt þeim skilyrðum sem hún setur, þá verður strax tekið við honum til ábyrgðar. Af því að einmitt þetta sama á sèr stað í þessu máli, þá er það stjórninni, sem því líkri, öldungis óviðkomandi; hún getur ekkert gjört í því sem leitt geti til þess, er hèr er óskað. Eptir minni meiningu hefði málið aldrei átt fyrir alþing að koma, og það á ekki að skipta sèr af því, fyrst stjórnin getur ekkert við það gjört; eða á kann ske konungur að skipa stjórninni að dengja Reykjavík inn í brunabótafèlagið, eða á hann að dengja henni þangað sjálfur? Hvorki konungur nè stjórn getur skipað prívat-stofnun, sem «Assurance» hinna dönsku kaupstaða er, að ábyrgjast neinum eign hans. Hið eina rètta er, eptir mínu áliti, að byrjað sè á málinu á ný í bæjarstjórninni, og það látið ganga gegnum stiptamtmann til stjórnarinnar, og sè hún milli-

göngumaður við brunabótafèlagið; og ætti þá ekki að fara því fram, að málið yrði lagt fyrir ríkisþingið, heldur, ef til vill, einmitt vara við því. Eg held að sèrhvert breytingaratkvæði við uppástungu mína sè óþarft, því það er úttalað í ágreiningsatkvæðinu að stjórnin sem þvílík geti ekkert við málið gjört, og þess vegna eru breytingar við niðurlagsatriði þess tilganglausar eptir minni skoðun. Að vísa málinu á hinn svo kallaða forsetaveg álít eg heldur ekki rètt, af því eg verð að halda að það eins lítið hefði átt nokkurn tíma að koma til afskipta þingsins, eins og fyrir ríkisþingið Dana.

Stefán Jónsson: Hefði mál þetta verið milli Akureyrar og Reykjavíkur hefði mig ekki furðað, þó umræðurnar yrðu svona langar, en nu þykir mèr lengd þeirra um svo lítið efni furðu gegna, og einkum af því, að það eru að mestu leyti Reykjavíkurmenn enn ágreinir. Mèr virðist hèr vera talað um 3 vegi, eða þó heldur 2, nefnilega hvort vísa skuli máli þessu forsetaveg, þingveg eða alls engan veg. Eg skal ekki neita því, að mèr þykir forsetavegurinn allra bezti vegur, en ekki vil eg samt taka hann fram yfir þingveginn. Það hefir verið sagt, að mál þetta gæti ekki heyrt undir þingið; eg skil ekki hvernig á því stendur, því það kom hèr fyrir þegar á fyrsta þinginu, og stjórnin hefir lagt fyrir þingið 2,863 frumvarp um það; og ef það var þá þingmál er það líka þingmál í dag. Eg gef þá atkvæði með meiri hluta nefndarinnar, því stjórnin getur sagt og á að segja hreint og beint annaðhvort já eða nei; menn hætta þá að vona til stjórnarinnar og þurfa ekki að vera að þrátta um þetta mál þing eptir þing. Eg hefi sagt í öðru máli, að eg leggði svo mikla þýðingu í bæjarstjórnina, að eg get ekki álitið það merkilegra sem hún segir, og það vil eg láta á sannast í þessu máli.

Forseti: Eg vil nú skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort mál þetta muni nú ekki vera fullnægt til undirbúnings. (Margir: Jú).

Jón Guðmundsson: Eptir ósk nokkurra Reykjavíkurbúa sem hafa verið hèr á tilheyrenda bekknum í dag, vil eg leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta hvort ekki megi fresta ályktarunræðunni í þessu máli einn dag.

Forseti: Eptir kringumstæðum sè eg ekkert á móti, að svo megi vera.

Jón Hjaltalín: Eg álít að þinginu sè óviðkomandi að skrifa

nú konungi bænarskrá um þetta mál og bezt sè að vísa því forsetaveginn.

Sveinn Skúlason: Eg vil minna hinn háttvirta varaforseta á, að eg misskildi öldungis ekki það sem hann sagði um hypothek; eg tók það sem hann sagði fram með hans eigin orðum, einungis nefndi eg ekki orðið »hypothek«; hann sagði að sjóður yrði ómögulega stofnaður nema með nauðungarlögum, en eg held að þau gætu líka átt hèr við. En því hefir hann svo litla trú á frjálsum samtökum manna á meðal hèr í Reykjavík? Ráðdeildina, sem hann var að þakka mèr fyrir, má hann þakka varaþingmanni Reykjavíkur, því eg tók einungis fram, og lagði áherzlu á það sem hann sagði; en eg held, að sú ráðdeild hins háttvirta varaforseta, sè engu betri, en mín eigin að skjóta oss inn undir Dani í þessu máli, sem sèrstaklega snertir Reykjavík, úr því hann ekki vill það í öðrum málum öllum, og það vona eg þó að hann vilji ekki í fjárhagsmálinu.

Forseti: Þá er nú undirbúningsumræðu þessari lokið. Eg skal geta þess, eptir því sem þegar er bent á í umræðum þingsins, þá verða hèr í formlegu tilliti að minnsta kosti þrír vegir fyrir hendi, sem ganga mætti, og þingið kemur til að velja um. Hinn fyrsti er eptir uppástungu meiri hluta nefndarinnar að senda konungi bænarskrá; hinn annar þar á móti er sjálfsagt sá, eptir uppástungu minni hlutans, að senda enga bænarskrá, eða með öðrum orðum, að vísa málinu frá þingi og allsendis til bæjarstjórnarinnar úrræða. En þar hjá hefir verið bent á tvo vegu, þó annar þeirra hafi ekki verið tekinn greinilega fram, sem er annar sá, að gefa forseta umboð til að beina málinu fyrir milligöngu konungsfulltrúans til viðkomandi stjórnarráðs, en annar hinn, að vísa málinu gegnum forseta til stiptamtmanns, svo það geti þá gengið frá honum til stjórnarinnar. Um þessa vegi verða þingmenn að velja, og áskilja sèr breytingaratkvæði í þá stefnu, sem hver vill helzt fylgja fram.

Benedikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort ekki sè leyfilegt að gjöra breytingaratkvæði, þó menn ekki gjöri grein fyrir þeim núna, eptir allar þessar löngu umræður, ef þau eru í sömu stefnu og hann nú tók fram?

Forseti: Eg sè ekkert á móti því, þegar efnið í breytingaratkvæðinu eða uppástungunni liggur innan þeirra takmarka, sem umræðurnar hafa dregið; en bezt væri, ef hinn háttvirti þingmaður gæti sagt nú þegar nokkuð gjör um stefnu þeirra og innihald.

Benedikt Sveinsson: Mín meining er að styðja þetta mál, og datt mèr í hug að reyna með breytingaratkvæði mínu, að girða fyrir það, sem eg held að málinu sè til hindrunar; það sem mèr þykir á vanta, er, að eg held að málið sè ekki á rèttum ferli, eg held að Reykjavík eigi gegnum bæjarstjórnina jafnhliða að snúa sèr að brunabótafèlaginu í Kaupmannahöfn, því það eitt álít eg þann rètta hlutaðeiganda.

Forseti: Tilgangi þeim, sem hinn háttvirti þingmaður fer fram í þess konar uppástungu sem hann nefndi, yrði fullnægt með því, að beint væri málinu til dómsmálaráðgjafans, svo sem eg benti á áðan, því hann er, að eg hygg, forstöðumaður brunabótasjóðs hinna dönsku kaupstaða, mun því málið vera komið til rèttra hlutaðeigenda, þegar það er komið til dómsmálastjórnarinnar.

Eiríkur Kúld: Ef að hinn háttvirti þingmaður Árnesinga ekki áskilur sèr breytingaratkvæði, eða eg ekki get komið mèr saman við hann, ætla eg að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í nokkuð líka stefnu og hinn háttvirti forseti áðan tók fram.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið. Eptir dagskránni kemur þar næst *fyrirspurn þingmanns Suður-Múlasýslu* til hins háttvirta konungsfulltrúa, viðvíkjandi *kristfjárjörðum*, Þingmaðurinn mun sjálfur bera hana fram, og skýra frá henni svo sem honum þykir þörf.

Björn Pètursson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa fyrirspurnina:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 353.

Björn Pètursson: Eg hefi engu hèr við að bæta, og ekkert að skýra fremur, en vona að hinn hæstvirti konungsfulltrúi með sinni vanalegu ljúfmennsku gefi upplýsingar þær, sem óskað er eptir.

Konungsfulltrúi: Út af áskorun hins heiðraða þingmanns Suður-Múlasýslu skal eg leyfa mèr að skýra frá, að byskupinn, sem málið var á sínum tíma sent til aðgjörða frá stjórninni, hefir skrifazt á um það við alla hlutaðeigendur, og hefir sumstaðar staðið lengi á svörum, og þau hafa frá sumum komið þannig úr garði búin, að aptur hefir þurft að leita ítarlegri upplýsinga, sem enn þá eru ókomnar frá sumum. Málið er þannig í fullri hreifingu og verður sem allra fyrst úr þessu sent stjórninni, en að svo lengi hafi staðið á málinu, þarf engan að furða, sem þekkir, hvað mál þetta er margbrotið og við hvað marga um það er að eiga.

Björn Pètursson: Eg stend einungis upp til þess að votta

hinum hæstvirta konungsfulltrúa þakklæti mitt fyrir þessa skýrslu. Flestir kjósenda minna hèldu að málið væri komið til stjórnarinnar, fyrir löngu og hefði strandað þar; báðu þeir mig þess vegna að gjöra þessa fyrirspurn til hins hæstvirta konungsfulltrúa, og jafnvel að ánýja málið, ef þurfa þætti, en nú getur almenningur sèð hvar málið er niðurkomið.

Helgi G. Thordersen: Það er reyndar ekki þörf fyrir mig að standa upp, því eg hef engu að bæta við það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði. Aðalskýrslurnar í málinu eru nú komnar til mín; hin síðasta fyrir skemmstu; sumar þeirra hafa verið svo úr garði gjörðar, að eg hef orðið að leita nýrra upplýsinga, því annars hefði stjórnin líklega sent þær aptur, og hefði þá orðið meiri dráttur á málinu en líklega verður með þessu móti, því eg vona að eg geti gengið svo frá málinu að það verði ekki sent heim aptur Eg tek til dæmis að sumum skýrslunum frá próföstunum og sýslumönnum hefir ekki borið saman; það er auðvitað, að stjórnin hefði tekið eptir því og sent þær aptur. Sumar upplýsingarnar eru komnar, en sumar ekki. Eg hef ekki getað sent málið fyrri af því svona stendur á, því eg vil senda það svo úr garði gjört, ef eg get, að það þurfi ekki að sendast mèr aptur.

Forseti: Umræðurnar um fyrirspurn þessa eru þar með á enda. Dagskráin er einnig þar með tæmd, og af því að einungis eitt mál gæti komið til umræðu á morgun, þykir mèr það of lítið til að halda til fundar, með því líka eg gjöri ráð fyrir, að nefndirnar noti því betur allan daginn á morgun til þess að ljúka við álitsskjölin og búa málin undir til umræðu; skal eg því ekki ákveða fund fyrr, en á miðvikudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

---

24. fundur — 3. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu mál-

ið *um dönsk lagaboð* frá 1863—64. Framsögumaður, hinn háttvirti fimmti konungkjörni þingmaður, óskar, ef til vill, að taka til máls.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 354.

Framsögumaður (*Jón Pètursson*): Eg hefi eigi neitt frekar að taka fram um þetta mál. Það er búið að leiðrètta þá villu á atkvæðaskránni, sem var í nefndarálitinu.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er þessari umræðu lokið. Framsögumaður gat þess við undirbúningsumræðuna, að villa sú sem stæði í nefndarálitinu, og tekin væri eptir frumritinu, væri leiðrètt eptir hinu danska lagasafni, og er þessi leiðrètting þess eðlis, að eigi þarf að greiða atkvæði um hana. Þingmenn hafa fyrir sèr prentaða atkvæðaskrá og ber eg upp til atkvæða uppástungu nefndarinnar með þessari leiðrètting, án þess að leita atkvæða um leiðrèttinguna sèr í lagi.

Síðan var gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni og var uppástunga nefndarinnar undir tölulið 1. með breytingunni undir tölulið 2. samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur þar næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um að Reykjavík verði tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða.* Eg skal geta þess, að eg hefi fengið ávarp til þingsins frá 53 húseigendum hèr í Reykjavik[1].

Eg veit ekki hvort framsögumaður, hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður, vill taka til orða.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 355.

Framsögumaður (*H. Kr. Friðriksson*): Eg hefi nú litlu við það að bæta, sem sagt var á síðasta fundi bæði af mèr og öðrum til meðmælingar þessu máli. Þessar vara-uppástungur frá hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga og hinum 3. konungkjörna þingmanni get ekki fallizt á; eg vona líka, að þingið greiði fyrir máli þessu, sem það bezt getur og á þann hátt, sem allir vita, að kröptugastur er, og það er með því að senda bænarskrá til konungs, og eg vona, að þingið fallist enn fremur á þetta þar sem það er eindreginn vilji flestra húseigenda hèr í bænum. Skal eg svo ekki orðlengja um málið fleira að þessu sinni.

Magnús Jónsson: Framsögumaður sagði nú, að það væri eindreginn vilji allra bæjarbúa, að málinu væri beint í þá stefnu, sem meiri hlutinn fer fram á, en eg verð nú stórlega að efast um, að

1) Þetta ávarp stendur í viðbæti við þenna part alþingistíðindanna.

svo sè, því að eptir það, að ávarpið til þingsins var samið og undirskrifað af bæjarbúum, talaði eg við einn merkan bæjarbúa hèr, sem eigi hefir hvað minnstar húseignir í bænum og fengið hefir ábyrgð fyrir húsum sínum erlendis, og sagði hann, að hann vildi helzt, að brunabótasjóður kæmist hèr á innanlands. Enn fremur átti eg tal við annan húseiganda, og sagði hann, að hann hefði skrifað nafn sitt undir ávarpið, af því að margir hefði verið búnir að skrifa undir það á undan. Af þessu má nú sjá, að allir hafa eigi verið svo fastir á því, sem meiri hlutinn fer fram á. Eg lái það nú eigi kaupmönnum hèr, þótt þeir vilji komast í þetta danska brunabótafèlag, því að margir af þeim eru hèr ekki nema nokkurs konar sumarfuglar og sumir koma hèr ekki nema einstöku sinnum á æfi sinni og bera því að vonum meiri umhyggju fyrir föðurlandi sínu. Það hefir verið talað um það, að ervitt mundi fyrir Reykjavík að stofna brunabótasjóð sèrstaklega fyrir sig, en eg hefði nú hugsað mèr, að þessi brunabótasjóður ætti eigi að eins að vera fyrir Reykjavík, heldur fyrir alla kaupstaði á landinu. Það hefir verið talað um það bæði í ræðum og ritum, að vèr bændur gætum misst eður dregið við okkur nokkuð af því, er miður er nauðsynleg, til þess að geta komið einhverju þarflegu til vegar því skyldi þá ekki Reykjavíkurbúar geta gjört það líka? Að einu leytinu finnst mèr það nú skrítið, að menn skuli vera að biðja um fjárhagsaðskilnað, en aptur skuli menn hins vegar vera að biðja um, já grátbæna um að innlíma sig í fjárhagsmál við Danmörku. En eg er hræddur um, að menn viti eigi vel, hvað af því kann að leiða að binda sig við útlend fèlög. Svo skal eg eigi fara fleiri orðum um málið, en bið þingið að eins að afsaka mig frá að greiða atkvæði í máli þessu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkinga efaðist nú um, að álit menn hlutans væri vilji allra húseigenda í Reykjavík, en eg sagði eigi heldur «allra» heldur «flestra». Og það held eg sjálfsagt fyllilega af ávarpi því, sem kom til þingsins, að svo er. Það getur verið, að einhver kunni að hafa hugsað sig um, eptir að hann skrifaði nafn sitt undir. En að því er snertir það, er hann sagði, að Reykjavík þyrfti eigi að stofna brunabótasjóð að eins fyrir sig heldur gæti sá sjóður náð til allra verzlunarstaða landsins, og það mætti verða honum til styrktar, þá held eg að bæði hann og aðrir verði að sjá, að það gjörir eigi örðugleikana miklu sökum þess að því meira sem ábyrgjast þarf,

því stærri þarf sjóðurinn að vera. Mèr þykir það nú skrítið, að menn skuli ætla að þetta mál eigi skylt við fjárhagsaðskilnaðinn og eg verð að biðja menn að blanda því ekki saman, því að brunabótasjóður hinna dönsku kaupstaða er allt annað en ríkissjóðurinn og á ekkert skylt við hann. Það er eins og menn mættu hvergi fá veð fyrir eignum sínum, ef ekki væri sjóður hèr, og því síður þá í öðrum löndum en Danmörku. Þetta er nú eintómur misskilningur, því að í þessu efni erum vèr eins lausir við ríkissjóð Dana þótt vèr sèum í fèlagi við hina dönsku kaupstaði.

Eiríkur Kúld: Eg skal nú eigi tala margt fyrir vara-uppástungu minni, eg gerði hana einungis til þess, að menn gætu gripið til hennar, ef meiri hluti nefndarinnar ei fengi atkvæði þingsins; en ef sem eg nú held, meiri hlutinn kemst að, þá kemur vara-uppástungan eigi til atkvæða. En eg hèlt og held enn, að sá vegur, er eg stakk upp á í henni, væri í sjálfu sèr eins viss og sá sem meiri hluti nefndarinnar fór fram á, því þessi bæu verður hvort sem er til að Reykjavíkurbúar fá annaðhvort já eða nei. En ef þeir nú fá nei, þá vona eg, að þeir fari sjálfir að stofna brunabótasjóð. Það gæti líka verið, að þeir fengi styrk hjá stjórninni til þess einkum þar sem hún að sögn hefir boðið talsvert fè til þess áður, þótt Reykvíkingar hafi þá hafnað því af einhverjum ástæðum og gæti eg ímyndað mèr að þeir nú tækju því boði betur ef þessi bæn þeirra ei fær áheyrn.

Jón Hjaltalín: Eg talaði svo mikið í þessu máli seinast, að eg get verið stuttorður núna. En mèr virðast nú þær mótbárur, sem eg kom með á móti niðurlagsatriði meiri hlutans, vera enn eigi hraktar svo sem eg vildi óska, til þess að eg með fullri sannfæringu geti fallizt á það. Mèr þykir nú hið sama að þessu niðurlagsatriði og mèr þótti við undirbúningsumræðuna. En hèr er komið nýtt atriði fram í málinu og það er ósk fjölda heiðvirðra bæjarbúa. Þessa ósk verð eg að meta mikils, og mèr finnst þingið verði að taka allt tillit til hennar, þótt sá vegur kunni eigi að vera sem happasælastur, sem hún stingur upp á, og eg hefi enn eigi getað sannfærzt um, að þessi vegur væri hinn bezti, þó að framsögumaður hafi varið það með miklu kappi, eins og honum er lagið. En mèr sýnist þessi vegur fremur hættuvegur, því að eg er hræddur um, að margar stjórnir, þótt frjálslyndar væri, mundi hneykslast á sumum þeim orðum og orðatiltækjum, sem eru í niðurlagsatriði meiri hlutans, þar sem stjórnin hefir leitt ljós rök að því, að hún

gæti eigi komið málinu fram. Að konunginum mætti *póknast* að koma þessu fram innan þess og þess dags, það sjá nú allir, sem nokkuð þekkja til málsins, að eigi á vel við, og fyrir því skora eg á hinn hæstvirta konungsfulltrúa að skýra frá, hvort honum sýnist ekki ráðlegt að hafa niðurlagsatriðið öðruvísi orðað, og þótt þetta orð «þóknast» láti vel í eyrum, þá er það stundum en eigi allt af, að vèr höfum það í svo hæversklegri merkingu. En þegar þetta á að vera fullgjört 1. apríl 1866, þá finnst mèr það vera nær því skipun og það kann eg alls eigi við, eg vildi heldur, að það væri orðað þannig: «Svo fljótt sem auðið væri.» En þó eg sè nú ósáttur við niðurlagsatriðið, þá er eg svo sáttur við málið, að eg verð að segja, þegar beiðendurnir fá vilja sinn, þá er gjört, sem þeim líkar, og vèr getum þá ekki brugðið oss um, að vèr höfum staðið öðrum í vegi, og af þessari ástæðu mun eg gefa atkvæði fyrir meiri hlutanum. En falli hann, þá syrgi eg hann eigi mjög, og eg ætla að hugga sorg mína með vara-uppástungu minni. Eg ætla nú eigi að fara að berjast við hinn háttvirta vara-forseta, nè minn æruverða gamla vin, en eg vona, að eg sè búinn að færa ljós rök að því, að hèr fer sem mælt er, að margur dansar, þó hann dansi nauðugur. En eg virði svo mikils Reykjavíkurbúa, að eg vil láta undan með mína meiningu, ef það er þeim til gagns.

Forseti: Þessari ályktarumræðu er þá lokið, og skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir hafa fyrir sèr prentaða.

Síðan voru atkvæði greidd, og fèllu þau þannig:

1. tölul. samþykktur með 20 atkvæðum.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu var bæði uppástunga minni hlutans fallin, og sömuleiðis vara-uppástungurnar undir tölul. 2. og 3.

Forseti: Þá kemur til umræðu uppástunga þingmanns Snæfellinga og nokkurra annara þingmanna *um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.* Flutningsmaður hennar er hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga, og mun hann lesa upp uppástunguna og skýra málið fyrir þingmönnum svo sem honum þykir þurfa.

Sveinn Nielsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp uppástunguna og hljóðar hún þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 355.

Eg ætla nú eigi að sinni að mæla mikið með þessari uppá-

stungu, því eg vona, að þingmenn skilji, hvað hún fer fram á, og eg þykist hafa skilið svo ræður sumra þingmanna, að eg get nú gjört mèr beztu vonir um, að þingið muni veita þessari uppástungu allt það fulltingi, er það getur og setji nefnd til að íhuga uppástunguna.

Konungsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr að skjóta því undir álit hins heiðraða þings, hvort uppástunga sú, sem hèr liggur fyrir, geti eptir ákvörðuninni í alþingistilskipunarinnar 63. grein komizt að á þessu þingi, þar sem öldungis samkynja uppástunga, er borin var upp fyrir fáum dögum, var felld af þinginu.

Forseti: Þar sem þetta kemur mèr við sem forseta, þá skal eg geta þess, að eg hugsaði líka um þá grein alþingistilskipunarinnar, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi nefndi. En mèr hefir skilizt hún svo, að mèr væri ekki skylt, sem forseta, að vísa uppástungum frá, nema þær væri hinar sömu og áður hefði fallið á þingi; það er að vísu satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að mjög líkar uppástungur þessari hafa verið bornar hèr upp sem breytingaratkvæði við konungleg frumvörp og verið felldar þar; en þessar uppástungur hafa þó ekki verið hinar sömu, og þær hafa ekki heldur verið bornar upp sèrstaklega, heldur einungis sem atriði í öðrum málum. Mönnum er það kunnugt, að á þingum annarstaðar eru borin upp breytingaratkvæði og uppástungur dag eptir dag hinar sömu og tekur enginn til. Eg verð því að álíta þetta almennt þinglegt leyfi, og eg verð að skilja svo 63. gr. alþingistilskipunarinnar, að þetta leyfi skerðist sem allra minnst, og einungis beint eptir lagastafnum. Mín ályktun er sú, að bera megi upp slíkar uppástungur, ef þær eru eigi orðrètt hinar sömu og áður hafa verið bornar upp og fallið á þingi.

Konungsfulltrúi: Með þeim orðum, sem eg áðan talaði, var einúngis meiningin að leiða athuga þingsins að ákvörðuninni í 63. gr. alþingistilskipunarinnar, en það er á þingsins valdi, hvort það vill heimfæra hana til þess máls, sem hèr liggur fyrir, eða ekki.

Jón Guðmundsson: Eg er nú að vísu samdóma hinum háttvirta forseta í því, að rètt hafi verið að taka uppástunguna á dagskrá. En mèr finnst það liggja í 63. gr. alþingistilskipunarinnar, að fyrst eigi hèr að koma til atkvæða, hvort uppástungan komist hèr að á þinginu. En að öðru leyti finnst mèr hún í engu verulegu frábrugðin uppástungu þeirri, sem felld var hèr um daginn, og þess vegna vil eg óska, að atkvæði sè þegar greidd um, hvort uppá-

stungan eigi að komast að, til umræðu um sjálft uppástungu-efnið.

Forseti: Mèr þykir þess engin þörf, að leita atkvæða um þetta efni, því eg álít mig sem forseta hafa rètt til að ákveða um það, en það er á þingsins á valdi, að hvað miklu leyti það vill hafa tillit til, að líkar uppástungur hafa komið fram áður, og fallið.

Sveinn Níelsson: Í tilliti til þess sem sagt var, að þetta mál væri áður fellt, þá get eg nú eigi annað en verið á móti því. Ef það er sagt í tilliti til frumvarpsins um brennivínsverzlun, sem nýlega hefir hèr verið rætt, þá vona eg mönnum skiljist, að hèr er stungið upp á öðru, og hèr er því á flot farið sem ryður hinum lakasta ásteytingarsteini í burtu, því að þar var talað um leyfi og leyfisbrèf til að selja brennivín, og fer það því í allt aðra stefnu en þessi uppástunga bæði að efni og formi. Ef það er sagt með tilliti til breytingaratkvæðis þess, er fór í nokkuð líka stefnu og fellt var, þá er það heldur ekki alveg eins og þessi uppástunga, og ef einhver vildi gjöra sèr það ómak að bera uppástunguna og breytingaratkvæðið saman, þá mundi sjást, að þau væru eigi að öllu eins. Eg verð því að álíta, að þingið hafi öldungis frjálsar hendur, eins og hinn háttvirti forseti tók fram, til að greiða atkvæði um málið og styðja það, geti það áunnið sèr hylli þess.

Eiríkur Kúld: Eg get nú eigi verið hinum háttvirta uppástungumanni samdóma, því að eg get ekki munað betur, en að þingið beiddi um, að enginn tollur yrði lagður á landið, hvert það nú heitir brennivínstollur eða annað. Eg skil því ekki hvers vegna menn nú ættu að biðja um það, sem afbeðið var fyrir fáum dögum, og virðist mèr því uppástungan alveg á móti 63. gr. alþingistilskipunarinnar. Að öðru leyti finnst mèr mál þetta borið upp á mjög óhentugum tíma, því að nú er liðið svo á þingtímann, og mörg mál eru óbúin enn, og held eg því að betra væri að greiða fyrir nefndunum en tefja fyrir þeim með svona ómerkilegu máli. Mèr eru nú sem stendur öll tollmál mjög ókær og leið, það er að segja, að þingið skipti sèr nokkuð af þeim, meðan vèr höfum eigi fengið fjárforráð vor og fjárhagurinn er að skilinn. Þó að nú þessi tollur sè að nafninu á brennivíni, þá hvílir hann í rauninni á landinu; en mèr er sama hvað hann heitir, ef hann lendir á landinu, hvort heldur er beinlínis eða óbeinlínis. Af þessum ástæðum verð eg nú að álíta það óhappalegt, að fara að vekja upp

aptur þenna uppvakning, og vildi eg því sem fyrst óska, að hann yrði kveðinn niður með atkvæðagreiðslunni.

Benidikt Sveinsson: Það gleður mig nú, að eg þarf ekki að fara neinum orðum um formhlið þessarar uppástungu, því að hinn háttvirti forseti er búinn að skera úr því máli. Eg verð því að segja það eina viðvíkjandi því, sem þingmaður Barðstrendinga sagði, að ráðleggingar hans eru alveg óþarfar, nema harðara megi um þær að orði kveða. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti mönnum og að eins til í ræðu sinni að athuga 63. gr. alþingistilskipunarinnar, og eg verð að segja, að eg hafði íhugað hana vandlega, áður en eg skrifaði undir þessa uppástungu, og get eg ekkert séð því til fyrirstöðu, að hún samkvæmt greininni verði tekin til meðferðar á þinginu. Að því er snertir aðalefni þessa máls, þá skal eg að eins leyfa mèr að benda á þau fáu orð, sem eg talaði við ályktunarumræðuna um frumvörp þau, sem stóðu í sambandi við þessa uppástungu, og þeir sem muna þau eður hafa látið sèr þau skiljast, munu ekki furða sig á því, þótt eg sè með því, að nefnd verði sett í þessu máli. Það er auðsèð, að svo framarlega sem ástæður þingsins og skoðanir, sem byggðar eru á viðvarandi og óumflýjanlegum þörfum landsins eiga að gilda degi lengur, þá er það vissulega samkvæmt aðferð þess viðvíkjandi hinum konunglegu frumvörpum um lestagjald og toll af áfengum drykkjum, að taka þetta mál að minnsta kosti í nefnd, hvað svo sem hún eður þingið á síðan gjörir við málið. Af þessum ástæðum vil eg fastlega mæla með því, að nefnd verði sett í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga áleit að ráðlegging mín væri óþörf; eg gjöri mig ánægðan með það, því ef svo er vona eg að engum þyki þörf á nefnd í málinu.

Jón Hjaltalín: Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið á móti uppástungu þessari; mèr sýnist auðsèð á henni, að hún er sprottin af því, að menn eru orðnir leiðir á þessu þjarki. Eg held að mætti setja þessi orð framan á hús þetta er samkomur vorar eru í: Morgen morgen, nur nicht heute«. Það er merkilegt að binda sig svo fast við form, að menn ekki geti hreift sig. Eg vil vona, að málið komist í nefnd, því hún mun sjá hvað bezt er að gjöra; komist það ekki í nefnd þá er það fallið. Það hefir verið sagt, að þetta mundi ekki takast, en eg held að það sè sprottið af þeirri meiningu og huggunarlitlu

sannfæringu að menn geti ekkert. Menn geta þó altjend verið að biðja stjórnina um peninga, og sagzt enga hafa, en þó eru allt af nógir peningar til þess að drekka sig fullan og veltast eins og svín, þó ekki þyki skildingur til þegar eitthvað nytsamt þarf að gjöra. Hvað á að verða úr framförum vorum með þessu athæfi? Væri það samboðið þinginu að reyna ekki neitt til að hindra fyllirí það sem nú er orðið svo algengt? Það er sjálfsagt, að það má ekkert gjöra á móti lögum og þingsköpum, en eitthvert ráð finnst mèr þingið þó ætti að reyna til að finna móti þessari ógæfu, er nú sýnist ætla að eyðileggja fjölda landsmanna og sem opt hefir komið miklu illu til leiðar.

Ásgeir Einarsson: Eg álít að ef þingið setur nefnd í málið, skuldbindi það sig til að gjöra meira við málið, en ætli það ekki að gjöra það, á það ekki að setja nefnd; menn hafa nýlega rætt um mál, sem gekk í líka stefnu, og tala eg þetta einungis til þess uppástungumennirnir geti sannfært þingmenn áður en gengið er til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja. Ef þingið gæti fengið þá ábyrgð, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki gat gefið um daginn, nefnilega að tollinum yrði varið eingöngu í Íslands þarfir, það er að skilja, til sèrstaklegra fyrirtækja í landinu sjálfu, og tollur sá er lagður væri á brennivín væri undir stjórn yfirvalda á Íslandi og alþingis, þá yrði þetta að notum. Þetta held eg að þingmenn ættu fyrst að athuga áður en þeir gefa atkvæði fyrir nefnd; málið er svo einfalt, og hefir nýlega verið meðhöndlað af þinginu, svo það getur nú þegar haft um það ljósa hugmynd. Það er margra hugsun, að ekki skuli nýja tolla áleggja fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn sè kominn á. Það hefir verið sagt, að þá mætti leggja toll á toll ofan þangað til reikningshallinn væri jafnaður; mundu þá Danir segja við okkur: Farðu nú, nú þarftu ekki lengur vorrar hjálpar við, og mundu álíta sig lausa við allar skyldur við oss, jafnvel þó vèr, eins og um daginn var að orði komizt, stæðum uppi í tómri skyrtunni. Eg vil biðja þingmenn að glöggva sig á, hvort ekki muni betra að fresta málinu, ef ekki fæst nægileg trygging í þá átt sem eg nefndi áðan.

Arnljótur Ólafsson: Það er sannarlega leiðinlegt, að halda vörn uppi fyrir máli, sem maður fyrir fram veit að fellt muni verða. Eg lèt það álit mitt í ljósi, þá er brennivíns og skipagjaldsmálið var rætt, að það væri nauðsynlegt að vèr eigi fleygðum konunglegum fruinvörpum öldungis þegjandi, með því að það væri einungis til

þess að firta stjórnina og firra oss öllum meðölum til þess að koma einhverju því fram, sem gagnlegt væri en fè þyrfti til. Mèr virðist nú hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu vera hræddur um, að tollur yrði þegar lagður á, ef þingið fellst á uppástungu þessa; en því er ekki þannig varið; uppástungan fer einungis fram á, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir alþing og getur þá þingið farið með það eptir því sem því sýnist. Ef allir væru samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að engan toll skuli á leggja, og sama sè hvort tollur er lagður á brennivín, og þar með einnig hindraður drykkjuskapur, eða skattur er lagður á lausafè eður með öðrum orðum, að það sè jafn-gagnlegt, haganlegt og rètt að leggja nýja skatta á arðfè (det *productive* Capital), sem að leggja toll á munaðar- og óhófsvarning, þá er ekki vert að tala framar við hann um nokkurt skattamál. En svo eg víki nú að sambandi þessa máls við fjárhagsaðskilnaðinn, sem er höfuðatriðið, þá er það föst ætlun mín, að fjárhagurinn verði annaðhvort aðskilinn bráðum, sem eg vona helzt að verði, eður þá að aðskilnaðinum verði frestað um óákveðinn og langan tíma; en hvort sem nú lengra eður skemmra líður þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, þá þurfum vèr endilega, hvort sem heldur verður, á fè að halda. Verði nú fjárhagurinn aðskilinn um tvo eður þrjú ár, þá vil eg spyrja hvort það sè rètt politik að standa þá uppi öldungis tómhentir, með tillagið eintómt? En ef nú fjárhagurinn aptur á móti *ekki* kemst á, eigum vèr þá ávallt að biðja og biðja um fè úr ríkissjóði, sem vèr aldrei fáum; eigum vèr, segi eg, einungis að sitja, skeggræða, bollaleggja, heimta, slá í borðið og slá um oss? Allir vita, að ekkert verður gjört til verulegra framfara landsins án peninga, en peninga fáum vèr ekki án þess að leggja á oss álögur nokkrar. Hinn eini vegur er því, hvort sem fjárhagurinn verður aðskilinn fljótt eður eigi skjótt, að biðja stjórnina að leggja fyrir frumvarp um toll, en vèr eigum jafnframt að binda svo um hnútana, að tollurinn komi landinu að sönnu gagni. Eg er fullviss um, að nóg ráð eru til þess, og eg hefi áður bent á þau ráð, að tollurinn þurfi ekki að dragast út úr landinu, hvort svo sem fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á eða ekki; því ef hann kemst á, rennur tollurinn í landssjóð, og komist fjárhagsaðskilnaðurinn ekki á verður þingið, ef það vill lifa, að beiðast að fá nokkurt (partiel) fjárforræði, eður þannig að þingið geti lagt á *nýja* tolla og varið því fè með samþykki konungs í landsins þarfir; en konungur ræður með ríkisdeginum yfir þeim tekjum og

gjöldum landsins *sem nú eru,* eins eptir sem áður. Með þessari aðferð heldur maður málinu í horfinu að hinu rètti takmarki, og hvort sem fjárhagsaðskilnaðurinn fæst eða ekki, er frumvarp til nýrra toll-laga nauðsynlegt, og geta menn, þá er frumvarp þetta er lagt fram, hagað sèr eptir kringumstæðum með þess löggildingu.

Eiríkur Kúld: Eg verð að leiðrètta hinn heiðraða þingmann Borgfirðinga, því hann hefir misskilið orð mín, eða ekki heyrt þau rètt þar sem hann sagði, að eg vildi aldrei leggja á nokkurn toll; það hefi eg aldrei sagt, en eg vil engar tollálögur á meðan vèr ekki höfum sjálfsforræði, og fjárhagsmálið er komið í kring; þá vitum vèr hvað vèr höfum, og hvað vèr þurfum við að bæta með tollálögum. Hann hèlt að þetta mundi hamla ofdrykkju; eg get nú ekki verið honum samdóma í því, eg held að drykkjumenn muni ekki horfa í að gefa nokkrum skildingum meira fyrir pottinn; þeir munu heldur segja spyrjum ekki að hvað brennivínið kostar, þökkum guði að það fæst, eða hvað hefir kaffidrykkjan minnkað síðan kaffi hækkaði í verði? Nei þess konar bönd verða að koma innan að frá manni sjálfum en ekki utan að með tollálögum. Þingmanninum þótti ósæmilegt að kasta konunglegu frumvarpi; en má eg spyrja í hverju er það kurteisara að senda frumvarpið aptur og segja að það sè svo úr garði gert, að maður ekki geti brúkað það? Því þetta er sú aðferð, er uppástungan ber með sèr.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort mál þetta muni ekki vera orðið full-ljóst, eða hvort það þurfi að eyða tímanum með löngum umræðum um þetta mál. Spurningin er að eins, hvort nefnd skuli setja, og málið er kunnugt síðan um daginn; eg held að mál þetta eptir 63. grein alþingis tilskipunarinnar hefði eigi átt að koma til umtals hèr, þótt forseti hafi skorið öðruvísi úr, því þingið er beinlínis búið að biðja um, að enginn tollur verði lagður á brennivínið.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að leiðrètta misskilning hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga; eg sagði ekki, að hann vildi *aldrei* toll hafa skilmálalaust, en hitt sagði eg, að hann vildi ekki tollinn, og það voru hans orð, fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn væri á kominn. En komist nú aðskilnaðurinn *aldrei* á, þá vill þingmaðurinn *aldrei* toll. Sá er því munurinn milli mín og hans, að eg sagði fyrir mitt leyti, að hvort sem fjárhagsaðskilnaðurinn kæmist á eða ekki þá þyrftum vèr jafnt að fá fè og fjárhagsráð. Nú vill þingmaðurinn að vísu fá fjárhagsráð, en hann vill eigi fá fè til

að ráða yfir; en til hvers er að fá ráðin tóm, ef vèr ekkert fè höfum? Biðjum um fè og fjárhagsráð í einu, því það sem er í sjálfu sèr svo óaðskiljanlegt »má maðurinn eigi sundur skilja».

Benidikt Sveinsson: Eptir því sem umræðurnar falla um þetta mál á víð og dreif, er það örðugt að vísu að halda sèr innan þeirra takmarka, sem inngangsumræðu hlýða; en mèr þykir þó ekki tillhlýðilegt að fara langt út í aðalstefnu þess, einkum þar eð hinn háttvirti forseti er búinn að lýsa því yfir, að málið geti rèttilega í nefnd komizt. Mèr skildist svo á hinum heiðraða þingmanni Strandasýslu, að hann hèldi, að eg vildi einungis láta setja nefnd í málið, og síðan ekki meira við það gjöra; þetta er kynlegur misskilningur; mín meining var auðsjáanlega, að á því stigi, sem málið nú er á, eigi alls eigi við að ræða um annað en það, hvort málið skuli koma í nefnd, Þingmenn segjast engan toll vilja leggja á landið fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, vegna þess, að Danir muni þá verða þess rífari á fjártillagi við oss; eg held að Danastjórn viti þó mjög vel, og ef til vill, betur en vèr, að það er margt hèr á landi sem toll má á leggja; og þingmenn munu ekki geta dulið hana þess; að minnsta kosti liggur sú hugsun fjarri mèr. Eg held að Danir verði einmitt fúsari á að leggja oss fè, ef þeir sjá, að vèr höfum áhuga á að leggja á oss byrðar, til þess að fá því framgengt, sem vèr allt af erum að biðja um þing eptir þing. Eg held þinginu megi vera það fullljóst af hinni konunglegu auglýsingu og árangri mála vorra yfir höfuð, að stjórnin ekki sèr sèr fært að leggja meira fè til en hún álítur ítrasta nauðsyn til vera, hvað svo sem líður áliti voru og þrábænum, og virðist mèr því uppástungumennirnir fara mun nær vilja og skoðun stjórnarinnar, en þeir þingmenn, sem nú vilja eyða þessu máli, að eg ekki talí um, hvað þeir einmitt líta laust á brýna nauðsyn og þarfir Íslendínga. Að þingið hafi komizt til þeirrar niðurstöðu út af hinum konunglegu frumvörpum, sem hinn 6. konungkjörni sagði, að engin tollur skyldi á lagður, á undan fjárhagsaðskilnaðinum, verð eg öldungís að neita; eg vil skjóta því til þingsins, hvort nokkur stafur muni finnast í gjörðum þess, til sönnunar slíku, sem nær engri átt, og *getur* ekki einu sinni átt sèr stað; nei þingið rèði frá þeim tollum einum, sem frumvörpin snertu, og það að eins undir þeim skilyrðum, sem frumvörpin fóru fram á, enda ræðir hèr og að eins um toll á áfengum drykkjum, svo að lestagjaldsfrumvarpið kemur ekkert málinu við, svo að mót-

bára hins 6. konungkjörna er í alla staði fráleit. Ástæða hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga viðvíkjandi kurteisinni, er nú ofursvipuð þessu, og fellur um sjálfa sig. Eg held að kurteisin í þessu sambandi, sè meira undir því komin, að leggja eitthvað sjálfir í sölurnar, um leið og menn heimta rètt sinn hjá Dönum, eður heimta af þeim að uppfylla nauðsyn, heldur en hinu að heimta allt af öðrum en gjöra ekkert sjálfur. Að neita því að leggja toll á áfenga drykki o. s. frv. á óhagkvæman hátt, og gagnstætt því stjórnarfyrirkomulagi, sem vèr óskum eptir og oss nauðsynjar um, er að vísu rètt, en að vilja ekki tollinn, þegar hann er undan skildur þessum annmörkum er alveg rangt. Menn eiga að koma fram í þessu máli sem öðru með fullri djörfung og hughraustu hjarta bæði gagnvart Dönum og Íslendíngum sjálfum, svo hvorntveggja leggi sitt til; með því einu móti geta Danir og Íslendingar skilizt og fundizt, sem frændum sæmir, og með því einu móti efla þeir sameiginlegt gagn Danmerkur og Íslands.

Forseti: Inngangsumræðu þessari er þá lokið, og skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig, að uppástungan var felld frá nefnd með 13 atkvæðum gegn 6.

Síðan voru lesin upp og samþykkt eptirfylgjandi álitsskjöl og bænarskrá til konungs:

1. Um konunglegt frumvarp til laga um brennnivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 357.
2. Um konunglegt frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögunum frá 15 apríl 1854 (um lestagjald).
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 361.
3. Bænarskrá í málinu um stofnun á skóla handa lögfræðingum.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 363.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið nefndarálit í málinu um skógarrækt og trjáplöntun, en þar eð fleiri mál væri ekki fyrir hendi til umræðu, yrði ekki fundur næsta dag. Skoraði hann á þingmenn að senda sèr sem fyrst nefndarálit í málum þeim, sem órædd væri, til þess þingið gæti haldið fram störfum sínum viðstöðulaust.

Fundi slitið.

---

25. fundur — 5. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eptir fund í fyrra dag fèkk eg *nefndarálit* í málinu um konunglegt frumvarp til *tilskipunar um laun handa hreppstjórum* á Íslandi, og því hefi eg látið það koma á dagskrá í dag. Nú hefi eg fengið tvö *nefndarálit um póstmálin,* og mun afskript af þeim verða send hinum hæstvirta konungsfulltrúa, svo þau síðan geti komið til umræðu, eg vona á mánudaginn.

Þá tökum vèr til dagskrár í dag, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málið viðvíkjandi *uppástungu um skógarrækt og trjáplöntun á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður fyrir Vestmannaeyjar, og mun hann skýra málið sem honum þykir við þurfa.

Jón Hjaltalín: Eg verð að biðja mèr hljóðs, áður en hinn háttvirti framsögumaður tekur til máls, til að skýra hinu heiðraða þingi frá, að eg er sóttur til sjúklinga, og get því ekki komið á fund framar í dag. Eg vona að hinn háttvirti framsögumaður sè málinu svo kunnugur, að hann geti nógsamlega mælt með því; en ef einhverra þeirra upplýsinga kynni við að þurfa, sem eg gæti gefið, þá gætu þær komið fram við ályktarumræðu þessa máls. Eg vona annars að þingið yfir höfuð taki málinu vel, og að hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir verji það eptir megni.

Framsögumaður (Stefán Thordersen): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 365.

Eg ætla að svo stöddu ekki að bæta neinu hèr við, því eg ímynda mèr, að uppástungan sè öllum þingmönnum kunn, og hún inniheldur langtum ítarlegri upplýsingar, en eg get gefið. Nefndin hefir nú misst sinn bezta mann í dag, þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sökum embættisanna neyddist til að ganga af fundi, og vona eg því, að þingið sýni nefndinni vægð og fari vel með mál þetta.

Eiríkur Kúld: Eg stend nú ekki upp til að finna að nefndarálitinu, því um það má segja, það er »stutt og gott«. En eina upplýsingu vildi eg fá hjá hinum háttvirta framsögumanni, sem eg

finn ekki í niðurlagsatriðum nefndarinnar. Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að uppástungan hefði nægar og góðar upplýsingar að geyma, til að skýra málið til hlítar fyrir þingmönnum; en eg hef nú ekki gagn af því, því að eg er nú farinn að gleyma henni. En sú upplýsing, sem eg nú bið hinn háttvirta framsögumann um, er viðvíkjandi því, hvaðan nefndin hugsar sèr kostnaðinn tekinn handa forstmanninum? Viðvíkjandi 1. grein niðurlagsatriðanna skal eg þar næst geta þess, að mèr finnst þar óheppilega orðum fyrir komið, því aldrei getur það hafa verið meining nefndarinnar, að hans hátign konungurinn ætti sjálfur að útbýta reglum um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga meðal almennings, því svo geta orðin hæglega skilizt, eptir því sem þau liggja, eg gæti slíkt valdið hraparlegum misskilningi; þess vegna vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að fyrir framan orðið »útbýta« verði bætt inn í »láta«, eða þá aðra orðabreytingu á 1. niðurlagsatriðinu í þá átt. Að því er snertir 2. niðurlagsatriðið, þá skal eg geta þess, að eg kann ekki við að einskorða forstmanninn við józku heiðarnar eður Vesturhafið. Því sá maður, sem þar er kunnugur skógarrækt, er að mínu áliti ekki færari um að kenna skógarrækt hèr, en hver annar. Þá væri betra, að maður væri fenginn úr Noregi með því þar hagar víða líkt til og hèr, en alls ekki á Jótlandi. Þá er enn eitt atriði, sem eg vildi drepa á, og það er, að orðið »forstmaður« er ekki íslenzkt orð, og fæstir af landsmönnum munu skilja það; ef »st« er fellt burt, þá verður úr því »formaður«!!!, og kynni það þá að valda misskilningi. Ætli að mætti ekki búa til nýtt orð á íslenzku yfir forstmann, og kalla hann skógfræðing eða eitthvað þess konar, eins og t. d. orðið búfróður er myndað. Það er þó nýtt orð, og þótti gott og gilt hèr á þinginu um daginn. Annars er það ekki fleira, sem eg hef að athuga við niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg er málinu yfir höfuð meðmæltur, og vil einungis mælast til þess af hinum háttvirta framsögumanni, að hann upplýsi fyrir mèr, hvaðan nefndin hugsar sèr kostnaðinn tekinn handa forstmanninum.

Jón Pálmason: Það máske þyki nú óþarft fyrir mig að taka til máls, með því hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga varð fyrri til að biðja um orðið en eg og tók það fram, er eg ætlaði að vekja máls á, því það var einmitt áhrærandi kostnaðinn, sem eg vildi leita upplýsingar af hinum heiðraða framsögumanni. En

hann gjörði það, svo eg þarf þess ekki. En hvað málið í aðalefni sínu áhrærir, þá ímyndaði eg mèr, að annað lægi nær fyrir oss Íslendinga, en þetta, nefnilega það að beina áhuga vorum meir að jarðabótunum hjá oss, slètta þúfur og skera fram ofvotar mýrar til að auka grasræktina og annað þess háttar, því það væri landinu til sannarlegs gagns; en meðan almenningur er ekki kominn lengra í þeim efnum en nú er, sem hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, á hve veiku framfarastígi það er, þá verð eg að efast um, að skógarræktin og trjáplöntun komi hèr að verulegum notum, þó eg ekki beinlinis vilji setja mig upp á móti því, að einhver tilraun yrði gjörð hèr á landi í þeim efnum.

Framsögumaður: Að því er kostnaðinn snertir, sem hinir háttvirtu þingmenn tveir, er síðast töluðu, vildu fá upplýsingar um, skal eg geta þess, að það var að sönnu nefndinni ekki ljóst, hverja uppástungu skyldi gjöra í því tilliti, og þess vegna gjörði hún enga. En má eg spyrja: Hafa menn ætíð gjört vissa uppástungu um það atriði, þegar stjórnin hefir verið beðin um eitthvað þessu líkt. Nefndin áleit þetta mál mikið nauðsynja mál, og ef stjórnin álítur eins, þá ímyndaði nefndin sèr, að stjórnin mundi sjálf sjá það, hvaðan kostnaðinn skyldi taka. Vilji hún ekki sjálf kosta forstmanninn, þá liggur það í augum uppi, að kostnaðurinn hlýtur að lenda á landinu, og þá mætti hugsa sèr, að hann yrði hagkvæmast tekinn af því fè, sem lagt er til óvissra útgjalda landsins. En það er óvíst, að ráð þurfi fyrir því að gjöra, með því stjórnin optsinnis hefir sent hingað menn í ýmsum erindum landinu til góða, til dæmis Steenstrup, Skytte og nú seinast Dr. Krabbe. Hvaðan hafa nú peningar verið teknir handa þessum mönnum. Hún hefir goldið þeim sjálf. Gætu menn nú ekki hugsað sèr, að hún einnig sæi um laun handa forstmanni, eins og þessum mönnum, eða tæki þau úr sama sjóði. Eg vil svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga út af breytingaratkvæði því, er hinn áskildi sèr viðvíkjandi því, sem stendur í niðurlagsatriðunum, að forstmaðurinn ætti að hafa fengizt við trjáplöntun á józku heiðunum eður með fram Vesturhafinu. Eg skal geta þess, að nefndin hefir ekki, eins og þingmaðurinn sagði, einskorðað forstmanninn við józku heiðarnar því það stendur í niðurlagsatriðinu, að hans hátign konunginum mætti þóknast að senda forstmann, *einkum þann,* er fengizt hefði við trjáplöntun á józku heiðunum. Þetta er engin einskorðun. Hvað orðið forstmann snertir, að það sè ekki góð íslenzka, þá

gef eg það vel eptir; vèr nefndarmenn erum engir góðir málfræðingar, og geti hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hjálpað nefndinni um hagkvæmt íslenzkt orð yfir «forstmann», mun hún taka því með þökkum.

Eiríkur Kúld: Mèr þykir illa farið, að hinn háttvirti framsögumaður eigi tiltók nákvæmar, hvaðan nefndin hugsaði sèr kostnaðinn tekinn handa forstmanninum. Hann hèlt, að sá kostnaður mundi verða borgaður af sama sjóði, og þeim Steenstrup og Krabbe var borgað, og fleirum sem hann nefndi. En það er aðgætandi, að alþingi bað aldrei um þá menn hingað senda, og á ferð þeirra stóð nokkuð öðruvísi, en forstmannsins, sem hèr er verið að tala um. Öðru máli er að gegna, ef stjórnin hefði tekið upp hjá sjálfri sèr að senda forstmann. Heldur en að hafa með öllu óákveðið, hvaðan kostnað þenna skuli taka, er betra að stinga upp á, að hann verði tekinn af fè því, sem á að ganga til Íslands óvissu útgjalda, ef það þá hrykki til. Viðvíkjandi kunnugleik forstmannsins til józku heiðanna með fram Vesturhafinu mun eg gjöra breytingaratkvæði í þá átt, að sú ákvörðun falli burt.

Sveinn Skúlason: Mig minnir ekki betur, en að spurningin um kostnaðinn kæmi fram við inngangsumræðu þessa máls, og að þá kæmi sama skoðun fram sem nú í nefndarálitinu, nefnilega sú, að stjórnin mundi sjálf sjá fyrir kostnaðinum. Þetta hefir og ætíð átt sèr stað, þegar líkt hefir staðið á, og eins mun það verða framvegis, hvort sem alþingi stingur upp á einhverju málefni líks eðlis, eða stjórnin tekur það upp hjá sjálfri sèr. Eg sè þar engan mun á. Ef stjórnin álítur nauðsyn bera til, að fullnægja þessari bæn þingsins, þá mun hún eins standast kostnaðinn, eins og þó hún hefði tekið það upp hjá sjálfri sèr að senda manninn. Sum af þeim breytingaratkvæðum, er menn hafa tekið sèr, finnast mèr nú óþörf, t. a. m. það, að fyrir framan »útbýta« verði bætt »láta«. Þar eð þetta orð stendur á undan í greininni, ekki langt frá, þykir mèr óþarfi að taka það upp aptur, því eins og það stendur, álít eg það gefa góða og rètta meiningu. Um hitt vil eg sameina mig við hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga, að íslenzkt orð sè fundið yfir »forstmann«, en það orð sè einungis sett í svigum ef þurfa þykir. Það er ekki gott að innleiða mikið af útlendum orðum, sem almenningur alls ekki skilur, eða hlýtur að misskilja. Mèr sýnist það óheppilega orðað í 2. gr. niðurlagsatriðanna, þar sem beðið er um kunnugan mann á józku heiðunum eða með fram

Vesturhafinu, og fellst eg á uppástungu þingmanns Barðstrendinga, að þau orð annaðhvort falli burt, eða að kunnugleiki þessa skógfróða manns sè bundinn við Norveg, eða þá Skotland, því þar hagar á báðum stöðunum svo til, að það líkist meir ásigkomulagi lands vors en Jótland, að minnsta kosti þegar nefndin hugsar sèr, að þessi skógfræðingur skoði og gefi reglur um trjáplöntun fyrir norðan og austan, því þar hagar sannarlega öllu öðruvísi en á józku heiðunum.

Framsögumaður: Eg vil svara hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga því, að nefndin hefir ekki einskorðað forstmanninn við Jótland, heldur óskað, að hann einkum væri þar kunnugur, enda ímynda eg mèr, þótt eg sè ekki kunnugur víða um land, að sumstaðar sè landi ekki ólíkt farið og á józku heiðunum, og það veit eg, að víða í Rangárvallasýslu á það sèr stað, og þar á landinu, sem líkt er landslag og í Rangárvallasýslu þènar eins vel józkur forstmaður, eins og norskur eða skozkur.

Björn Pèturssón: Eg skal ekki vera langorður um þetta mál, með því hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Norður-Þingeyinga hafa sinn upp á hvern mátann tekið fram það, sem eg ætlaði að segja. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hefir svarað þingmanni Barðstrendinga út af breytingaratkvæði því sem hann áskildi sèr, viðvikjandi orðinu «láta», sem hann vill bæta inn í 1. gr. niðurlagsatriðanna, og er eg alveg samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga í því, að sú viðbót sè óþörf, og gjöri orðinu ofaukið. Eg vil bæta því við það, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði viðvíkjandi því, að «forstmaðurinn» ætti einkum að þekkja til trjáplöntunar á józku heiðunum og með fram Vesturhafinu, að nefndin tók þá menn til með fram af því, að hún ímyndaði sèr, að stjórnin mundi síður hafa ráð yfir norskum eða skozkum »forstmönnum«, en józkum, en ekki af hinu, að hún eigi vissi, að »forstmenn« á Skotlandi eður Norvegi, einkum norðan til væri hèr fullt eins hentugur og jafnvel hentugri, þó að hèr á landi sèu margir staðir, sem mjög líkjast józku heiðunum.

Eiríkur Kúld: Menn hafa mikið þráttað um þetta litla orð mitt «láta», sem eg vil bæta inn í á undan »útbýta«. Mèr finnst það skýra meininguna, því það vita allir, að nefndin hefir ekki hugsað sèr, að konungur ætti sjálfur að útbýta neinu meðal almennings, það væri axarskapt. Þess vegna tók eg þetta orð til að skýra, og skal eg minnast frekar á það við ályktarumræðuna.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur þá þar næst sömuleiðis til undirbúningsumræðu *nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, og mun hann lesa nefndarálitið upp og skýra málið, sem honum þykir við þurfa.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið, sem hljóðar þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 366.

Hvað uppástungu meiri hlutans í nefndinni áhrærir, ætla eg ekki að tala neitt að sinni, en viðvíkjandi minni hlutanum vil eg geta þess, að þar sem hann bendir til sveitarstjórnarmálsins, þá ímynda eg mèr, að ekki lètti á hreppstjórunum sem lögregluþjónum, þó sveitastjórnin breytist eða kæmist í hagfelldara horf. Þess vegna er ástæða til að halda því fram, að þeir fái laun sem lögreglu- og rèttarþjónar, en ei fyrir þau störf, sem heyra fátækum til. Eg fer nú ekki fleirum orðum um það að sinni, en þess skal eg geta, að mèr finnast orð minni hlutans í ástæðum hans miður góðgjörn enn skyldi í tilliti til þingsins.

Konungsfulltrúi: Í tilefni af því nú upplesna nefndaráliti skal eg leyfa mèr eptirfylgjandi athugasemdir.

Það kemur öllum saman um það, að það sè bæði æskilegt og sanngjarnt, að hreppstjórum verði útveguð laun fyrir starfa sinn, því bæði hafa þeir mikið að annast, og svo er starfi þeirra mjög umvarðandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfèlög. Eins verður því heldur ekki neitað, að hlutaðeigandi hreppsbændur standa næstir til að launa hreppstjórunum. Þessi skoðun liggur og til grundvallar fyrir stjórnarfrumvarpsins ákvörðunum, og þó það kunni að vera, að það sè ef til vill ekki viðkunnanlegt fyrir hreppstjórann gagnvart hreppsbændum að taka laun sín úr þeirra vasa, eða að jafna launum til sjálfra sín niður á sveitarbúa, þá er hitt þó víst, að þessi launamáti á sèr stað í fleirum tilfellum, og svo held eg að þetta yrði að eins fyrst í stað, þangað til það eðlilega í þessu fyrirkomulagi er komið inn í rèttarmeðvitund almennings, og á því getur varla lengi staðið. Frá þessu sjónarmiði virðist því ekki þurfa að vera neitt áhorfsmál að aðhyllast stjórnarfrumvarpið eins og það liggur fyrir, því sá vegur, sem stjórnin hefir hèr gengið, er vissulega úr því sem ráða er, og úr því hreppstjórar eiga að

fá laun fyrir starfa sinn, sá tiltækilegasti, og eg vona því, að þingið aðhyllist frumvarpið, þó eg að öðru leyti viðurkenni, að það sèu engan veginn lèttvægar mótbárur, sem minni hlutinn hefir tekið fram fyrir þeirri skoðun sinni á málinu, að hreppstjórum geti ekki orðið goldin laun úr sveitarsjóðunum; en verði sú skoðun ofan á, þá er málið fellt; því það er til einskis að biðja um, að laun hreppstjóra greiðist úr ríkissjóði, og er það með skýrum orðum tekið fram í frumvarpinu, að það sè ekki til þess að hugsa, að þessu geti orðið framkvæmt, og það kemur því fyrir ekki að fara þessa á leit, og það er hið sama sem að kasta frumvarpinu.

Minni hlutinn er þessu einnig samdóma, og, að því er virðist, einnig í því, að ekki skuli borga hreppstjórum úr sveitasjóðunum og því hefir minni hlutinn ráðið til að fresta málinu, þangað til sveitarstjórnarmálinu í heild sinni yrði komið fyrir. Eg verð frá mínu sjónarmiði, ef þingið, mót von, ekki skyldi fallast á stjórnarfrumvarpið, að hallast að þessari niðurstöðu á málinu, því það er ekki líklegt, að það standi á löngum tíma, áður en sveitastjórnarmálið geti komizt í kring, og þá kemst að öllum líkindum breyting á stöðu hreppstjóranna, og yfir höfuð mun ætlazt til, að meðlimir sveitastjórnarinnar vinni launalaust, og yrði sú niðurstaðan, þá virðist á þessu millibili að allt gæti staðið við svo búið, sèr í lagi fyrst nefndin vill, að hreppstjórar fái engin laun sem fátækrastjórar, sem þó er mestur hluti af störfum þeirra, því störf þeirra sem pólitíþjóna, eru mjög lítil í samanburði við störf þeirra í fátækramálum, sem eru aðalatriðið, eins og allir vita.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að uppástunga meiri hlutans miðaði til að fella málið, en aptur gæti hann betur fellt sig við minni hlutann, þá skal eg geta þess, að mèr virðist það fremur að fella málið, ef því væri frestað þangað til sveitarstjórnarmálið er á enda kljáð, því maður veit ekki hve nær það kemst í kring. Og eg vil bæta því við, að eg efast um, þótt nú sveitastjórnarmálið kæmist í kring, að það muni verka mikið á hag hreppstjóranna sem lögregluþjóna. Hvað millibil það snertir, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði um, þá sè eg ekki heldur, að það þurfi að vera málinu til fyrirstöðu í tilliti til hreppstjóra, sem lögregluþjóna. Hreppstjórarnir hafa nógu lengi beðið eptir breyting og umbót á hag sínum, og ættu ekki að þurfa að bíða lengi enn, heldur fá hana sem allra fyrst. Það hefir nefndin tekið fram, að hún ætlast ekki til launa handa hrepp-

stjórnum fyrir sveitarstjórnarmálefni, og því væntir meiri hlutinn þess, að stjórnin láti tilleiðast fyrst um sinn, að veita laun úr ríkissjóði fyrir lögreglustörf þeirra. Þegar yfirvegaður er sá gjaldstofn, sem frumvarpið talar um, þá er auðsætt eins og nefndin hefir tekið fram, að gjaldgreiðslunnar á þann hátt verður sízt að vænta í þeim hreppum, sem hreppstjórinn hefir mest fyrir stjórninni, og þarað auki yfir höfuð óhagfellt að hækka útsvar hreppsbúa, þar sem það víða er svo hátt nú, að ekki er ábætandi, og þar að auki óáran í landi. Hvað nú þar næst snertir jafnaðarsjóðina, þá hefir nefndin leitazt við að sýna, hve óeðlilegt sè að auka gjöld þeirra aptur og aptur, sem hvíla einungis á þeim eina gjaldstofni, nefnilega lausafènu. Eg hefi lítillega svarað hinum hæstvirta konungsfulltrúa, þar sem hann talaði um millibil. Eg sè eigi, að neitt millibil eigi sèr stað í því tilliti; þegar einungis er farið fram á borgun til hreppstjóra sem lögregluþjóna, og má að því leyti álíta þá sem embættismenn, þá raskast ekki staða þeirra í því efni, þótt ný sveitastjórn kæmist á.

Konungsfulltrúi: Eg skal í tilefni af orðum hins heiðraða framsögumanns taka fram, að þar sem hann sagðist ekki hafa skilið, hvað legið hefði í orðinu «millibil», sem eg hefði brúkað, þá meinti eg með því þann tíma eða tímabil, sem liði þangað til sveitastjórnarmálið yrði komið í kring, og eg tók fram um leið, að ef það þá yrði niðurstaðan, að meðlimir sveitastjórnarinnar ættu engin laun að fá, þá stæði það á minna, hvort hreppstjórar fengi laun *á meðan* eða ekki. Að öðru leyti skal eg taka fram, að það er öldungis ekki nýtt, að launa hreppstjórum úr sveitarsjóði, því þetta átti sèr stað eptir konungsúrskurði frá 1808 og til þess árið 1819, og fann engin að því yfir höfuð að tala; því einstakar raddir geta ekki til greina komið. Almenn umkvörtun eða óánægja yfir því, að hreppstjórar ekki borguðu til sveitar, átti sèr vissulega ekki stað. Það er meir en satt, sem framsögumaður tók fram, að margar sveitir eru svo fátækar, að þær, eins og nú stendur, geta engum útgjöldum á sig bætt, og jafnaðarsjóðir annarra eru skuldum hlaðnir, en hèr er heldur ekki um mikil útgjöld að gjöra, og það er að vona, að í ári batni, og verður því ekki miðað við nútíðina. Að laun hreppstjóra að því leyti þau yrðu borguð þeim úr sveitarsjóðnum, mundi opt baka hreppstjórunum eptirtölur sveitarmanna get eg vel skilið, eptir þeim hugsunarhætti, sem hèr er hjá almenningi, og því er miður, að eg er

hræddur um, að þetta kunni að fæla margan góðan hreppstjóra frá að taka laun sín með þessu móti, einkum í fyrstunni; en þingið ætti þó ekki að leggja neina verulega áherzlu á þetta atriði, af því eg held það megi fullyrða, að þetta yrði einungis í fyrstunni, og þar að auki er þessi mótbára ekki þess eðlis; að henni sè gaumur gefandi.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð að lýsa því yfir, að er ekki ánægður með nefndarálitið, þar sem frumvarpinu er fleygt, án þess að neitt úr því sè notað, og ekkert það sett í staðinn, sem notandi sè. Allir játa þó, að bæta þurfi kjör hreppstjóranna og það hið allrabráðasta. Það er satt, það er hin mesta nauðsyn á því að bæta kjör hreppstjóranna, og eg veit til þess fyrir norðan, að þar eru orðin mestu vandræði að fá nýtan hreppstjóra, síðan sveitarþyngslin jukust svo mjög, sem nú er orðið. Þetta viðurkennir og nefndin fyllilega og fúslega, en hvernig fer hún svo að bæta úr þessum vandræðum? Meiri hlutinn hefir ekki önnur ráð en að segja við hreppstjórana «Setjist og vermið yður og mettizt af ríkissjóðnum». Hefir ekki þetta áður verið reynt, að knýja á ríkissjóðinn, um laun handa hreppstjórum, og hvað hefir komið út af því? Eg álít, að nefndin hefði heldur átt hreinlega og einhuga að vísa málinu frá og fella frumvarpið, en að vísa hreppstjórunum til launa úr ríkissjóði. Menn reyndu sig til hlítar á því á seinasta þingi, og af hinni konunglegu auglýsingu geta menn sèð hver árángur hefir orðið af því. Nefndin segir, að það sè gagnstætt eldri og yngri lögum og viðtekinni réttarvenju hèr á landi, að borga hreppstjórunum úr fátækrasjóði. Eg álít nú ekki alls kostar rètt, að við hafa nafnið »fátækrasjóð«, og álít eg betur við eiga, að við hafa orðið »sveitarsjóð«, því þaðan eru greidd fleiri gjöld en þau, sem eingöngu tilheyra fátækum, og yrði það oflangt allt upp að telja, til hvers fè sveitarsjóðanna er varið. Eg sè nú ekki, að það sè rètt, sem nefndin segir, að það sè gagnstætt lögum og rèttarvenju hèr á landi að launa hreppstjórum úr sveitarsjóði; eg þekki ekkert gagustætt þessu í hinum eldri lögum, þvert á móti ætla eg, að það hafi fullt meðmæli hinna eldri laga. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að það hafi verið lög, að hreppstjórar væru fríir við sveitarútsvar, og eg veit til, að einstakir hreppstjórar, hafa verið þessa rèttar aðnjótandi allt undir þessa tíma, og hefir almenningur unað því vel, það eg til veit. Þar að auki er sú rèttarvenja nú að ryðja sèr til rúms, að launa hrepp-

stjórum úr fátækrasjóði, á þann hátt, sem sumir þingmenn hafa álitið svo tiltækilegan og heiðarlegan, að hreppsbúar hafa sumstaðar fríviljuglega gjört það. En það er sá annmarki eða galli á því fyrirkomulagi, að það fer ekki altènd eptir verðugleikum manna, heldur eptir kringumstæðunum, og ýmsum fleiri atvikum, sem of langt yrði upp að telja, og held eg það sè ekki alls kostar tiltækilegt, að halda mikið upp á þvílíka reglu. Eg vildi einungis taka þetta til dæmis upp á það, að það er ekki gagnstætt rèttarvenju hèr í landi að launa hreppstjórum úr sveitarsjóði. Það er satt, sem framsögumaður tók fram, að það getur verið óþægilegt og óárennilegt fyrir hreppstjóra í hinum fátækari hreppum, að þurfa að ganga eptir launum sínum af hreppsbúum, en mèr finnst að sú mótbára hverfi, ef launin yrði greidd beinlínis úr sveitarsjóði, og talin meðal auka-útgjaldanna; og eg get ekki sèð, að þeim sveitarsjóði, sem hefir máske 400—500 rd. tekjur og útgjöld á ári, þurfi að ríða það að fullu, þó úr honum sèu greiddir 20—40 rd. á ári í þessu skyni. Eg vík nú aptur að niðurlagsatriðum nefndarinnar, og fellst eg betur á uppástungu minni hlutans, ef minni hlutinn vildi hafa hana sem vara-uppástungu við ákvarðanir frumvarpsins, það er að skilja ef frumvarpið fellur, þá aðhyllist eg uppástungu minni hlutans sem vara-uppástungu. Meira hef eg ekki að segja að sinni, en mun máske síðar gjöra breytingaratkvæði við nefndarálitið.

Arnljótur Ólafsson: Það gladdi minni hlutann, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi heldur hallaðist að skoðun hans, ef frumvarpið yrði fellt. Það var talað um í nefndinni og nefndin kom sèr saman um það, að annaðhvort ætti að taka frumvarpið óbreytt, eða þá fara í þá stefnu, sem nefndin nú hefir gjört, það er hèr um bil að fella það. Hjá mèr rèði sú skoðun, að hreppstjórum ætti eigi að launa sem fátæka stjórn, með því það er á móti eldri lögum. Í grágás stendur, að sóknarmenn, en það eru nú hreppstjórar, eigi að borga til fátækra. Þessi siður helzt við um presta enn þá; þeir geta ekki heimtað borgun af fátækum fyrir aukaverk, skírn, ferming, eða greptrun. Þegar nú mínir heiðruðu meðnefndarmenn, hreppstjórarnir, voru á þeirri skoðun, að ekki ætti að launa hreppstjórum fyrir umsjón fátækramálefna, þá eru felldir $^2/_3$ af launum þeim, sem frumvarpið stingur upp á, en þá er eptir $^1/_3$ launanna, er þeim á að greiða úr jafnaðarsjóði, og þessi þriðjungur er laun handa hreppstjórunum sem lögregluþjónum. Nefndin var á

þeirri skoðun, að þeir ættu að fá laun sem lögregluþjónar, en ekki, að þau laun væri tekin úr jafnaðarsjóðunum, því jafnaðarsjóðirnir eru nú, einkum í Vesturamtinu, hlaðnir skuldum, og gjöld til jafnaðarsjóðanna eru bæði orðin þung og liggja alveg á lausafénu, sem er mjög óhentugt. Þegar nú nefndin var komin svo langt, að hún áleit, að hreppstjórar ættu engi laun að fá sem fátækrastjórar, heldur einungis sem lögregluþjónar, og þegar hún var komin að þeirri niðurstöðu, að eigi ætti að gjalda þeim úr jafnaðarsjóðum amtanna, klaufst nefndin í tvennt, í meiri hluta, sem æfinlega hefir nóg fé úr ríkissjóði og í minni hluta, sem eigi þykist hafa þessa auðsuppsprettu. Hugsun minni hlutans er nú sú, að úr því vèr engan sjóð höfum til að grípa til, þá eigi málið að bíða, þar til sveitarstjórnarmálið í heild sinni er komið í kring, með því að þetta mál er liður af því. Eg get hugsað mèr, að lögregluþjónusta hreppstjóranna verði aðskilin frá sveitarstjórninni. Eg er nú reyndar engi spámaður í því efni, en þó eins góður og hinn heiðraði framsögumaður. Eg álít, að sveitarstjórnarmálið eigi sín nú ekki lengi að bíða, og að hreppstjórarnir geti beðið dálítið enn eins og hingað til. Að endingu bið eg hinn háttvirta framsögumann að gefa skýringu um, í hverju ástæður minni hlutans sè «miður góðgjarnar», eins og hann komst að orði, og eins bið eg þingmann Húnvetninga skýringar á neðanmálsgrein þeirri, er hann hefir sett neðan við álit minni hlutans.

Björn Pètursson: Þó að nefndin hafi skipt sèr í meiri og minni hluta, hefir henni þó komið saman um eitt verulegt atriði nefnilega að frumvarpið sè óhafandi, það eru einungis niðurlagsatriði, sem nefndina hefir greint á um, eður það sem setja skuli í staðinn fyrir frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar bendir mönnum á að leita hælis hjá ríkissjóðnum, en minni hlutinn aptur á mót hvetur menn til að fresta málinu þangað til sveitarstjórnarmálið er komið í kring. Eg fyrir mitt leyti er á sama máli og eg var í hitt eð fyrra, þegar eg spáði því, að hreppstjórar mundu engin laun fá úr ríkissjóði, þó þess væri farið á leit; þetta er nú komið fram, og nú er enn minni ástæða til að halda, að launin fáist þaðan, þegar stjórnin í hinni konunglegu auglýsingu hefir látið í ljósi, að vèr í þessu tilliti, ekki gætum vænzt eptir neinu fé úr ríkissjóði. Eg álít því, að minni hlutinn hafi rèttara fyrir sèr, því hann heldur enn þá þessu spursmáli opnu, án þess beinlínis að fella það, en aðferð meiri hlutans, að vísa mönnum á ríkissjóðinn,

er sama sem að fella málið alveg. Stjórnin segir, að hreppstjórarnir eigi helzt laun skilið af sveitarsjóðunum fyrir fátækra stjórnarstörf þeirra, en nefndin þar á móti segir, að þeir eigi einkum laun skilið sem lögregluþjónar, í þessu atriði greinir nefndina líka á við stjórnina. Stjórnin hefir að því leyti rètt fyrir sèr, að hreppstjórar fá þó dálitla þóknun, sem lögreglustjórar, en enga fyrir störf sín í sveitarþarfir, sem teljandi sè. En þá aðferð, sem stjórnin stingur upp á til að launa hreppstjórum fyrir þessi störf, nefnilega af sveitarsjóði, álít eg óhafandi, því eg ímynda mèr það verði ofan á, að hreppstjórarnir fái minnst laun fyrir það, sem þeir hafa mest fyrir nefnilega fátækrastjórninni í þeim hreppum, sem fátækastir eru, og í því tilliti hefir nefndin rètt. Í nefndarálitinu sá eg neðan við álit minni hlutans dálítið »peð«, sem mèr lízt mikið vel á, þó það ekki sjáist hèr á þessu prentaða blaði. Meining »peðsins« er að fella nokkur orðatiltæki burt úr ástæðum minni hlutans fyrir áliti sínu. Eg er öldungis á sama máli í þessu tilliti, því eg álít þessi orðatiltæki óviðurkvæmleg, sem minni hlutinn tekur til. Eg skýt því til hins háttvirta forseta, hvort það muni vera sæmilegt, að gefa þinginu þess konar ákúrur. Eg fyrir mitt leyti mótmæli þeim, því þingið hefir aldrei sagt, að það ekki vildi auka tekjur landsins, þó það ekki hafi viljað að þessu sinni auka þær á þann hátt, sem upp á hefir verið stungið. Það stendur einnig í ástæðum minni hlutans, að alþingi hafi nú samþykkt að rita konungi bænarskrá um sveitastjórnalög, »*þar sem*« að síðasta alþingi hafi fellt bænarskrá sama efnis. Orðið »þar sem« í þess konar sambandi þýðir venjulega sama og: »af því að«, með því að, eða eitthvað þess háttar. Eg verð og að mótmæla því, að þingið hafi *nú* samþykkt að senda konungi bænarskrá um sveitastjórnarmálið, vegna þess að þingið 1863 hafi eigi viljað gefa málinu gaum. Það er vissulega jafn ástæðulaus áburður og hitt, jafnvel þó »peðið« ekki hafi tekið það fram (*Forseti:* Eg vildi óska, að þingmaðurinn breytti þessu orði »peð«, því það skilst ekki). Eg skal þá gjöra grein fyrir því. Af því að ágreiningur þingmanns Húnvetninga við minni hlutann var svo lítill, ekki nema rúmar 2 línur, hugkvæmdist mèr, að líkja honum, ekki þingmanninum, við »peð«, nefnilega í samanburði við ágreining minni hluta nefndarinnar, eður hrókinn sem á baki stóð.

Jón Pálmason: Eg þarf eigi að standa upp til þess, að halda vörn uppi fyrir ástæðum minni hlutans, því þingmaður Borgfirðinga, sem nú er í minni hluta ásamt mèr hefir gjört það svo ræki-

lega, að eg hefi þar litlu við að bæta. Mèr mun líka liggja eins nærri að verða við áskorun hins sama þingmanns, að gefa upplýsingu um það, hvers vegna eg vildi eigi skrifa undir álit minni hlutans óbreytt. En það gjörðu þessi orð, sem standa í ástæðum minni hlutans: »að þingið eigi vildi auka tekjur landsins«, o. s. frv., því þetta er ekki rètt hermt, þó hvorki lestagjaldsmálið nè brennivínstollsmálið kæmist í gegn hèr á þingi, þá kom það til af því, að þar var gjört ráð fyrir, að þessar tekjur beinlínis færu inn í ríkissjóðinn. Sama er að segja um breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga og uppástungu þingmanns Snæfellinga, sem felld var um daginn, að á þeim voru svo margir verulegir gallar, eins og þá var tekið fram af fleiri þingmönnum, að þingið gat ómögulega aðhyllzt þau, eins og þau lágu fyrir, með því engin vissa var fyrir, — hefði þingið aðhyllzt umrædda tolla — að þeir ekki hefði orðið teknir inn í ríkisreikningana. Þingið hefir þess vegna ekki verið því mótfallið að auka tekjur landsins heldur ríkissjóðsins. En hvað viðvíkur því, að þingmaður Suður-Múlasýslu kallaði þenna litla ágreining minn »peð«, þá furða eg mig ekki mikið á því, sökum þess, að bæði er maðurinn stór og að líkindum stórhjartaður; hann hefði máske gjört ágreininginn stærri, þó meiningin hefði verið hin sama, en mig gleður það, að hann hefir samt gefið honum auga og varð til að halda svörum uppi fyrir hann, allt svo lítill ágreiningurinn var.

Bergur Thorberg: Það hefir lengi verið viðurkennt, hve nauðsynlegt það væri, að hreppstjórar fengju laun; þessi skoðun hefir og komið fram í umræðunum hèr í dag, og eg fyrir mitt leyti er á þeirra máli, sem tala svona. En á hinn bóginn get eg ekki annað en álitið það miður heppilegt, að nefndin eigi hefir fundið ráðlegt að reyna að útvega hreppstjórunum laun á þann hátt, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á. Að því leyti, sem meiri hlutinn ræður til að biðja um fè úr ríkissjóðnum í þessu tilliti, þá er það bersýnilegt, að það er sama og að fella málið, rètt á eptir að stjórnin er búin að neita þessu. Það virðist og eðlilegra í sjálfu sèr, eins og þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram, að hreppstjórar ekki hafi laun sín úr ríkissjóði, heldur sèu launaðir af því sveitarfèlagi, sem þeir vinna fyrir; því allt það sem þeir vinna sem fátækrastjórar, og það eru aðalstörf þeirra, er í sveitarinnar þarfir. Þingmaður Borgfirðinga gat þess, að eptir eldri lögum hefðu hreppstjórar eigi fengið laun; þetta er satt. En þessu var

breytt 1808, og af hverju? Vissulega af því, að menn hafa fundið að þörf var á breytingu. Það er eigi óvíða, að menn af fúsum og frjálsum vilja hafa tekið sig saman um að launa hreppstjórum af sveitarsjóðum, og hefir farið vel. En eg get ekki séð, að það sè óþægilegt fyrir hreppstjórana að fá laun sín af sveitarsjóði fyrir því, þó svo sè fyrir skipað með lögum, því þá er borgun sú, sem þeir fá, engin gjöf, heldur laun fyrir starfa þeirra; þegar lögin heimila hreppstjórum að taka laun sín á þenna hátt, þá verður þeim það einmitt miklu þægilegra heldur en að þiggja þau af sveitarbændum án þess þeir hafi neinn lagarètt til þeirra. Eg áliti rèttast, að öll þessi laun til hreppstjóra væru borguð úr sveitarsjóðunum, en skal þó ekki hafa neitt á móti því, að jafnaðarsjóðirnir hlaupi dálítið undir bagga með sveitarsjóðunum vegna þess hversu fátækir sveitarsjóðirnir eru. Menn hafa og sagt, að hreppstjórarnir sem «pólití» þjónar eða lögregluþjónar ættu eigi laun skilið af sveitarsjóðunum, heldur ættu þeir að fá laun sín fyrir þessi störf úr ríkissjóðnum; en menn verða að gá að því, að lögregluþjónustan er einmitt í sveitarinnar þarfir; það er og svo annarstaðar, t. a. m. í Kaupmannahöfn, að lögregluþjónunum er launað af bæjar- eða sveitarsjóðnum en kemur ekkert ríkissjóðnum við. Tillögur minni hluta nefndarinnar ganga út á að fresta málinu, unz sveitarstjórnarmálið er komið í kring; það gæti verið, að þetta undir vissum kringumstæðum væri rètt, en úr því í frumvarpinu stendur, að þetta einungis eigi að vera fyrst um sinn, þá finnst mèr ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að menn fallist á hið konunglega frumvarp. Það er og líklegt, að þó aldrei nema hreppsnefndir yrðu fyrirskipaðar í nýjum sveitastjórnalögum, mundu hreppstjórar samt hafa mikið að starfa í sveitarinnar þarfir; en ef mönnum sýndist þeir ættu að hafa minni laun, þá mætti breyta lögunum, enda eiga og launareglugjörðir þær, sem frumvarpið ræðir um, að eins að gilda 6 ára tíma. Eitt atriði er hèr og, sem er mikilsvert, og sem mönnum ber að líta á, en það er, að það er ekki einungis sanngirnis ástæða, sem talar fyrir því, að hreppstjórar fái laun, heldur játa og allir þeir, er bezt þekkja til, að það, að veita þeim laun, sè eitthvert hið öflugasta meðal til að halda þeim við sveitarstjórnina, en mörg hreppstjóraskipti hvað eptir annað eru til mikils skaða fyrir sveitirnar. Menn verða yfir höfuð að líta á það, að sá vegur til að útvega hreppstjórum laun, sem frumvarpið stingur upp á, er sá einasti, sem menn sjá sèr fært

að velja; ættu menn því annaðhvort að fallast á frumvarpið óbreytt eða með þeim breytingum, sem menn færðu ástæðu fyrir, en sem þó væru byggðar á sama grundvelli og frumvarpið sjálft. Að öðru leyti felli eg mig betur við minni hlutann, því hann vill ekki fella málið nema um stundar sakir, en þetta ræður meiri hlutinn þinginu óbeinlínis til með því að vísa á ríkissjóðinn, sem menn geta sèð fyrir, að ekki dugi að leita til, eins og mönnum einnig er kunnug skoðun stjórnarinnar um þetta efni.

Framsögumaður: Eg ætla fyrst að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa fáum orðum; það lýsti sèr í ræðu hans, að hann í rauninni ekki væri að sumu leyti mótfallinn meiri hluta nefndarinnar. Hann gat þess, að lítill hluti af störfum hreppstjóranna væru »politi« eða lögreglustörf. En þegar menn gá nákvæmar að, þá er þetta ekki svo lítið, og skal eg tiltaka þau skriflegu störf; þeir þurfa t. a. m. að semja búnaðartöflur í tvennu lagi, tíundarskýrslu, lögmannstolls, jarðaafgjaldaskýrslu, verðlagsskrá, vegabótaskýrslu, dauðralista, tíundarlista til presta og kirkjuhaldara o. fl. Þetta þurfa þeir að gjöra sem rèttarþjónar auk margra annara starfa sinna út í frá, sem þeir hafa mikið ómak fyrir. Þessi hin skriflegu störf hreppstjóranna jafnast við skýrslur presta, sem þykja þó sumum þeirra nokkuð þungbærar. Þingmaður Suðurþingeyinga sagði, að það væri ekki gagnstætt landslögum, að hreppstjórar væru launaðir af hreppunum eða sveitarsjóði; það er þó sannarlega, því það hefir aldrei í lögum verið hvorki fyrr nè síðar utan fá ár, nefnilega frá 1808 til 1819. Í annan stað sagði hann, að þetta mundi ei ríða hreppsbúum að fullu; en viðvíkjandi þessu, vil eg segja, að þá sè seint að gáð, ef menn ekki fyrr gá að högum hreppsbúa sinna eða landsmanna en svo er komið, að þessi eða þessi tollurinn ríður þeim að fullu. Ef þingið fellst á frumvarpið, álít eg það sama og að fella málið, því það er tilgangslaust, af því þar sem hreppstjórarnir hafa mest fyrir í þeim fátæku hrepunum, yrði minnstra eða engra launa að vænta fyrir starfa þeirra og vil eg benda til þessa líka. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að rèttast mundi vera, að hreppstjórar fengju laun sín úr sveitarsjóðunum, þá get eg af fyrr töldum ástæðum eigi verið á því máli, þar eg álít það þýðingarlaust og sama sem að segja, að þeir skuli engi laun hafa.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að taka það upp aptur, að það, sem kom minni hluta nefndarinnar til að ráða frá að fallast á

stjórnarfrumvarpið, var sú skoðun, að hreppstjórar ekki ættu að fá laun sem fátækrastjórar. Þegar 4 heiðarlegir hreppstjórar koma fram með þá ákvörðun, að lètta 4000 rd. álögu af sveitarsjóðunum, með því að ráða frá að fallast á stjórnarfrumvarpið, þá finnst mèr ísjárvert fyrir þingið að samþykkja frumvarpið, svona þvert ofan í 4 hreppstjóra eður leggja 4000 rd. gjald á hreppana gegn atkvæði þeirra, og að þessu leyti gat eg því fylgt meiri hluta nefndarinnar; á hinn bóginn eru allir á því, að hreppstjórar eigi laun skilið sem lögregluþjónar. Þingmaður Dalasýslu áleit nægilegt að þeir fengju þriðjung þeirra launa, sem upp á er stungið, en þó eigi úr jafnaðarsjóðunum; eg var og á þessari skoðun án þess eg framfylgði henni. Eg fyrir mitt leyti álít það miklu eðlilegra, að þessu máli sè frestað unz sveitarstjórnarmálið er komið í kring, því þá geta menn verið búnir að hugsa sig um, hvort hreppstjórar skuli hafa laun sem fátækrastjórar eða einungis sem lögregluþjónar. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að 1808 hefði hreppstjórar verið undan þegnir að gjalda útsvar til fátækra, þá er þetta öldungis rètt og satt; en það stóð bara í 11 ár eða til 1819 og sýnir það, að breytingin 1808 var eigi álitin heppileg. Það er mikill munur á því, hvort hrepparnir góðviljuglega launa hreppstjórum sínum, eður eru skyldugir til þess að lögum; gjöri þeir það góðviljuglega, þá er það hrein og bein heiðursgjöf fyrir hreppstjórann, að taka á móti þess konar launum, eins og eg líka á hinn bóginn er sannfærður um, að margir hreppar heldur muni ákjósa, að láta góðviljuglega ríflega laun af hendi til góðs hreppstjóra, en að missa hann. En sè hrepparnir skyldir að lögum til að launa hreppstjórum sínum, þá verða þeir *neyddir* til að launa eins vondum sem góðum; og þar á er mikill munur bæði fyrir hreppstjóra og hreppana. Þessu næst ætla eg að snúa mèr að þeim persónulegu árásum, er á mig hafa gjörðar verið. Þingmaður Suður-Múlasýslu kallaði það ósæmileg orð hjá minni hlutanum, þegar hann segir í ástæðunum fyrir áliti sínu, að þingið hefði verið því *alveg* mótfallið að auka tekjur landsins. Þó hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hafi svarað þessu, ætla eg samt að taka það upp aptur. Sannindi þessara orða minni hlutans liggja í því, að þingið veit, að það fyrir skömmu síðan hefir fellt tvö frumvörp, nefnilega um lestagjaldið og brennivínstollinn um ótiltekinn tíma og með þeim öll breytingaratkvæðin, og eins uppástunguna síðast; og á meðan þingið fer svo að, vill

það ekki auka tekjur landsins. Sömuleiðis ætla eg að segja þingmanni Húnavatnssýslu það, að ef hann getur lesið og munað, þá er hægt fyrir hann að vita, að ein af uppástungum mínum var, að þetta frumvarp eigi næði lagagildi fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn væri kominn á. Mèr finnst, að þingmenn eigi að kannast við það, sem þeir hafa gjört; þingið hefir skotið því fram í ókominn tíma að auka tekjur landsins; þeir sem hafa ráðið til þess, verða að vera þeir drengir að kannast við það, og taka svo við afleiðingunum. Að öðru leyti furða eg mig á þingmanni Húnvetninga. Fyrst fèllst hann á uppástungu mína, en þótti hún síðan heldur hörð, svo eg þess vegna hliðraði dálítið til; þá var hann harðánægður og fèllst á uppástunguna með áorðnum breytingum eins og hún nú er. En hvað sè eg nú? Þetta »það«, sem þingmaður Suðurmúlasýslu kallar svo; með þessu »það« er hann að bera sig upp fyrir þinginu. Þetta lýsir einhverju hviklyndi, og ef það ætti heima hjá þingmanninum, þá mundi eg segja, að hann væri hvorki hrár nè soðinn. Þó að þingmaður Suðurmúlasýslu ekki skilji orðið »þar sem« og þar af fljótandi heldur ekki íslenzku, þá er það ekki mèr að kenna, annars gat eg ekki búizt við, að hann yrði »þeðrífur« á svo litlu og auðskildu orði.

Jón Pálmason: Viðvíkjandi því, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir persónulega beint nokkrum orðum að mèr, sem eg get eigi kannast við eða álitið mig eiga skilið, það er að segja, að eg hafi fallizt á uppkast það, er hann fyrir okkur í sameiningu sem minni hluta var búinn að gjöra, þá verð eg að svara því, að eg fèllst aldrei á það, og mótmæli því hreint, að eg hafi nokkurn tíma gjört það, en eg sagði, að eg skyldi hugsa mig um, hvort eg gæti skrifað undir það svona orðað, því mèr líkuðu ekki þau umræddu orðatiltæki, enda komst eg fljótt að þeirri niðurstöðu, að eg gæti ekki ágreiningslaust undirskrifað þau, en þegar eg kom til hans, og hafði hugsað mig um, og sagðist eigi geta skrifað undir ágreiningsatkvæði hans eins og það væri orðað, var hann nú reyndar í fyrstu tregur til að breyta því, en lagaði það þó nokkuð, og spurði þá, hvort eg gæti eigi skrifað undir, en eg sagði að mèr líkaði það enn eigi (*Arnljótur Ólafsson:* Það er ósatt) Nei! Eg verð að segja söguna, eins og hún er, og hefir gengið millum okkar, fyrst hann hvert sem var byrjaði á að gjöra þinginu grein fyrir því, þó sögunum beri ekki saman. En eg ætla með fám orðum að svara hinum háttvirta 4. konungkjörni þingmanni, þar sem hann

áleit bezt fara, að hreppstjórarnir fengi laun sín af sveitarsjóðunum, eður með öðrum orðum, af því fèlagi, sem þeir þjónuðu, en eg álít að eigi þurfi að sækja það til konungs eða stjórnarinnar, því að bændur geta tekið það upp hjá sjálfum sèr að launa þeim hreppstjórum, sem þeir vilja hafa án þess að spyrja stjórnina að hvert þeir megi það, sem mundi verða miklu vinsælla meðal almennings, heldur en lög kæmi út, sem skylduði hreppsbúa til að greiða laun af fátækrasjóði, hvert sem hreppstjórinn stæði vel í stöðu sinni eða ekki; þetta er líka í nokkrum sveitum á komið sem eg þekki til, að hreppsmenn hafa góðfúslega launað hreppstjórum sínum þegar þeir hafa ætlað að segja af sèr, og sú aðferðin held eg eigi bezt við.

Forseti: Viðvíkjandi ágreiningi þeim, sem er milli þingmanns Borgfirðinga og þingmanns Húnvetninga þá sýnist mèr nú, að megi vera útrætt um hann.

Arnljótur Ólafsson: Eg mótmæli alveg skýrslu þingmanns Húnvetninga.

Jón Pálmason: Eg mótmæli einnig orðatiltækjum þingmanns Borgfirðinga sem ránghermdum, og eg álít það eigi sæmandi að gjöra mèr slíkar gersakir og þinginu yfirhöfuð.

Sveinn Níelsson: Eg neyðist til að standa upp vegna þess, að í kjördæmi mínu er svo ástatt, að eg held, að því verði ómögulega komið við, sem stungið er upp á í frumvarpi stjórnarinnar, en það getur nú verið, að sumir áliti þetta raunatölur. En eg verð að segja, að svo er ástatt í flestum hreppum í Snæfellsnessýslu, að þeim er ómögulegt að bæta nokkru ofan á þau útgjöld, sem þeir hafa nú, þar sem þeir eiga nú meira en fullt í fangi með að standast þau útgjöld, sem þeim allra nauðsynlegast liggur á, og það er að standa straum af fátæklingum sínum; og eg hlýt að bæta því við, að sumir hreppar geta það jafnvel eigi, svo þeir verða að fá annarstaðar frá styrk til að fullnægja þessum þörfum. Og þó að eg viti, að jafnvel hvergi sè eins örðugt að vera hreppstjóri og sumstaðar í Snæfellsnessýslu, og jafnvel hvergi eins ervitt að fá nokkurn til að vera hreppstjóri, þá skil eg eigi, að nokkur sá, sem hefir hæfilegleika til að taka að sèr hreppstjórn í fátækri sveit, muni geta fengið af sèr að þiggja eitt fiskvirði í launa skyni af fátæklingum, sem ekki eru sjálfum sèr bjargandi. Mèr er nú frá upphafi kunnugt, hvernig menn tóku konungsúrskurði þeim, er gjörði hreppstjóra fría við sveitarútsvar, og gekk það aldrei án meiri

eða minni möglunar að því er eg vissi til. Það kann að vera, að sveitarmenn hafi borið það möglunarlítið, ef hreppstjórinn var fátækur maður, en ef hann var efnamaður, þá olli það víðast, ef ekki alstaðar, mikillar möglunar, og það liggur öllum í augum opið, að það er bæði óhollt fyrir samvinnu hreppstjóra og sveitarbænda og ónotalegt fyrir sjálfan hreppstjórann, að þessi óánægja eigi sèr stað. Sumir hreppar hafi nú að vísu tekið það til ráðs að bjóða hreppstjórum sínum laun frá sjálfum sèr, en þetta hafa þá verið þeir einir hreppar, sem hafa verið efnugir, og þetta hefir þó verið álitið sem vingjöf eða heiðursgjöf, en eigi sem tillag, og þetta hefir enginn hreppstjóri haft á móti að þiggja. En aptur á móti verð eg að álíta það eitthvert mesta og leiðasta neyðarúrræði að þiggja fè af þeim fátæklingum, sem jafnvel eigi geta greitt það sveitarútsvar, sem jafnað er niður á þá. Þar sem gjört er ráð fyrir, að hreppstjórar fái þriðjung launa sinna úr jafnaðarsjóðunum, þá verð eg að álíta það næstum eins ógjörlegt. Því að eg veit að í Vesturamtinu að minnsta kosti eru jafnaðarsjóðsgjöldin svo mikil, að dæmalaust má þykja. Að öðru leyti er þess enginn fúsari en eg að óska þess af alhuga, að kjör hreppstjóranna sèu bætt, ef nokkur vegur fyndist til þess. En eptir því sem nú stendur á, verð eg að álíta, að ekki sè til annars að hugsa, en að mál þetta liggi enn í sömu skorðum og það hefir lengi legið, og menn neyðist því til að bíða enn nokkuð, og fyrir því verð eg að hallast að minni hlutanum.

Jón Bjarnason: Hinn háttvirti þingmaður, sem nú settist niður, hefir tekið margt fram af því, sem eg ætlaði að segja. Það er samkvæmt minni sannfæringu, að það eigi mjög illa við að launa hreppstjórunum af sveitarsjóðunum. Það var einkum þingmaður Suður-Þingeyinga, sem áleit það rètt, að hreppstjórar fengi laun af sveitarsjóðunum, en eg verð að vera því alveg mótfallinn. Með þessu móti, sem frumvarpið fer fram á, er líka tekið fyrir það, að sveitarmenn sýni hreppstjórum sínum virðingu og sæmd með frjálslyndum samskotum. Það er og kunnugt, að þegar hreppstjórar hafa verið í 3 ár, og mönnum hefir fallið vel við þá, þá hafa margir lagt sig fram um það að sýna honum alla velvild og lètta undir með honum, Þetta álít eg miða til meiri framfara og vera betra fyrir hreppstjórann og sveitarfèlagið yfir höfuð, en þó hann fái nokkur laun, sem þvinguð eru út af mönnum með lagaboði. Eg þekki líka suma hreppstjóra, og gæti jafnvel tilgreint 2, sem hafa

engin laun haft, og er þó annar búinn að þjóna sem hreppstjóri yfir 30 ár, hinn yfir 20. Báðum ferst vel hreppstjórnin, annar er í Dalasýslu, og hefi eg heyrt hann segja, að hann ekki vildi fá laun af sveitarsjóði, heldur vera launalaus, ef þau gætu hvergi annarstaðar komið frá. Það hefir verið sagt, að meiri hlutinn eyðilegði málið, með því að benda á, að þetta fé greiðist úr ríkissjóðnum, en eg get ekki álitið það rangt, því að þá er málinu þó haldið vakandi, þá er beðið um launin þaðan, sem þau eiga að koma, það er úr ríkissjóði, meðan svona stendur, og enginn annar er til; hvað er ósanngjarnara en launa hreppstjórum, sem embættismönnum, af þeim sjóði, sem leggur fé til höfuðs melrökkum, heldur lífi í félausum gamalmennum, og uppelur munaðarlaus börn, og þannig er það rétt, sem meiri hlutinn segir, að hreppstjórarnir eigi að fá þessi laun, sem lögreglulþjónar, fyrst enginn annar gjaldstofn eður opinber sjóður er til, er þetta fé verði greitt úr. Það er því miður eitthvert ólag hér á að mér finnst, ýmislegt óviðfelldið milli æðri og lægri, það er milli stjórnarinnar og þingsins, því að svo lítur út, sem hver bandi á móti öðrum. Það voru hér til umræðu á þinginu um daginn stjórnarfrumvörp bæði um lestagjald og brennivínsverzlun, og var þingið þeim báðum mótfallið, einkum af því, að fé þetta ætti allt að ganga í ríkissjóðinn, og engi trygging var fyrir, að það beinlínis kæmi Íslandi til nota. Þetta kom nú í bága við álit þingsins. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að eg hefði kallað þriðjung þessara launa, sem tiltekin eru í frumvarpinu ónóg laun handa hreppstjórunum; eg kannast við, að eg sagði það, en eg sagði þó eigi, að það ætti að takast af jafnaðarsjóðunum, því að lausafjártíundin er sá eini gjaldstofn, sem hann fær tekjur sínar af. Og verð eg að álíta það hin herfilegustu óréttindi að leggja þetta gjald á jafnaðarsjóðina, því þar sem lausafjártíund er mikil, launaði hreppurinn eptir þessu eigi að eins sínum hreppstjóra, heldur og hreppstjóra í öðrum hreppi, þar sem lausafjártíund er lítil. Eg verð að halda því fast fram, að það sé aldrei heppilegt að leggja þetta gjald á bændur sem auka-útsvar, og hreppstjórinn er þá með því að nokkru leyti eins og áður er sagt orðinn einn af niðursetningum hreppsins, og eg held, að allir hreppstjórar, sem hafa kærleiksfullt hugarfar, kunni illa við að taka þetta gjald af fátækum sveitarmönnum. Því að ef maður gengist að eins fyrir launununum, þá eru menn búnir að missa sjónar á því augnamiði, er menn eiga að hafa, þeg-

ar menn takast þvílíkt starf á hendur, og það er með góðvild og kærleika að vinna fèlaginu það gagn, er menn geta; þess vegna verð eg að vera þessu alveg mótfallinn.

Ásgeir Einarsson: Mig skal nú ekki furða, þótt þingið strandi á þessu frumvarpi, þar sem bæði stjórnin, amtmennirnir og nefndin hefir strandað á því. Mèr datt nú eigi í hug, að menn mundu komast í hafvillur milli meiri og minni hlutans; eg vil spyrja, hvort að eigi er sama að vísa þessu máli til sveitarstjórnarmálsins og að segja stjórninni að taka við frumvarpinu aptur. Ætli það mundi þá ekki stranda á sama skerinu og áður, að engin yfirstjórn væri á Íslandi, sem tæki við síðasta úrsliti sveitarstjórnarmálanna. Eg efast nú um, að stjórnin eður þingið hafi breytt skoðun sinni í þessu tilliti, síðan sveitarstjórnarmálið var meðhöndlað, og þá lendir allt við sama. Stjórnarskipunin kemst eigi á, fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, og þá verður að stofnast landssjóður, og þá kæmi nú líklega á yfirstjórn hèr, sem tæki við sveitarstjórnarmálunum og væri yfir þeim. Þá sýnist mèr hugmynd meiri hlutans koma rètt fram, að halda áfram stefnu þeirri, sem þingið tók 1863. Þó stjórnin fèllist ekki á það í þetta sinn, þá er það alvenja, en hugmyndin gat haldizt áfram, ef fjárhagsaðskilnaðurinn verður bráðum. Þá álít eg rètt að taka laun til hreppstjóra úr landsjóði, sem kemur í stað ríkissjóðsins; mèr þótti tvísýnt 1863, að þau um beðnu laun hreppstjóra fengjust úr ríkissjóði, en mèr þótti nefndarálitið svo fallega samið, að eg vildi, að það væri til í tíðindunum. Það er nú búið að tala um, hvað greiður og auðhlaupinn vegur muni vera í sveitarsjóðina, og ef þessu máli yrði vísað til að bíða eptir sveitarstjórnarmálinu. En nú skyldum vèr þurfa að bíða eptir fjárhagsmálinu, ekkert verður gjört fyrr en það kemst í kring, svo þá mundi líklega þessu máli dveljast, svo það er ekki ein bára stök með það. En þar sem nú þessu máli er lnýtt við sveitarstjórnarmálið, þá á það þó ekkert skylt við það eptir uppástungu meiri hlutans, því það er alveg lögreglumál. Og þingmaður Borgfirðinga sagðist nú vona, að sveitarstjórnarmál og lögreglustjórnarmál yrði aðskilin, þegar stjórnarbótin kæmist á. En ef þingið vill láta þetta mál fæðast á apturfótunum, þá má það það minna vegna; en eg get eigi sèð, að það geti verið til að eyðileggja málið, að benda á, að þetta fè sè greitt úr ríkissjóðnum fyrst um sinn, því aðalhugmyndin er, að fè þetta takist úr almennum sjóði landsins, þegar það hefir öðlazt hann við fjárhagsaðskilnaðinn. Það var

eitt atriði í ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, sem eg vildi minnast á, og það var það, að hann sagði, að rètt væri, að hreppstjórarnir fengi laun hjá þeim, er þeir þjónuðu. En eg vil spyrja, hverjum þjóna hreppstjórarnir í fátækra málum? Er það hinum ríka eða fátæklingunum? Eru það ekki einmitt fátæklingarnir sem þeir þjóna og eiga að hjálpa og sjá um. En hvernig er nú hugsanlegt, að þeir taki gjöld af fátæklingunum, sem ekki eru sjalfum sèr bjargandi. En ef þeir gjöra hinum ríku mest gagn, þá er það sanngjarnt, að þeir fái laun sín af þeim en ekki af fátækrasjóði. Eg hefir opt sagt það, að eg fyrir mitt leyti mundi ekki kvarta yfir, þó enginn hreppstjóri væri í fátækra málum; eg mundi reyna að komast af fyrir því, fyrir mig sjálfan. Hann sagði nú líka, að menn í Danmörku, sem svara til hreppstjóra hèr, hefði laun sín af sveitarsjóðunum, en eg vildi nú eigi fá svo lítinn anga af dönskum lögum innleiddan hèr hjá oss en kasta því litla sem eptir er af íslenzkum. Eg get naumast kallað konungsúrskurðinn frá 1808 lög, sem lifði með harmkvælum að eins til 1819, og muna víst margir, hvað vinsæll hann var. En mèr er það í barnsminni, að kerling ein, sem var við bú, kallaði hreppstjórann sveitarniðursetu, því að þar sem hann væri laus við sveitarútsvarið, ætti hann að rèttu lagi að halda einn sveitarómaga svo jöfnuður væri milli hans og annara. Það fór nú að líkindum, að þessi úrskurður dó óeðlilega eins og hann fæddist. Mèr sýnist því, að eigi sè vert að reka þenna fleyg í lögin aptur til að gjöra glundroða í hinum góðu gömlu íslenzku lögum. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði nú, að niðurlagsatriði meiri hlutans væri ógreinilegt, en eg vissi eigi hvort hann meinti, að það væri beinlínis til að fella málið. En ef þingmenn skilja ekki niðurlagsatriðið, þá áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá stefnu. Hann sagði ennfremur, að þingmenn hefði verið mótfallnir þeim frumvörpum stjórnarinnar, er miðuðu til að auka tekjur landsins, en það hefir verið skýrt tekið fram áður, að menn álitu það væri ekki til að auka tekjur landsins heldur tekjur ríkissjóðsins.

Stefán Jónsson: Það er að mèr virðist aðalbreytingin hjá meiri hlutanum frá frumvarpi stjórnarinnar í þessu máli, að meiri hlutinn stingur upp á, að gjald það sè greitt úr ríkissjóðnum, sem frumvarpið fer fram á, að sè goldið bæði úr sveitarsjóðunum og jafnaðarsjóðunum. Mèr þætti nú eiga betur við, að þessi breyting kæmi inn í frumvarpið, á þeim stöðum sem bezt á við. Eg vildi

vekja máls á því, hvort nefndin fyndi eigi ástæðu til að láta þessa breytingu koma fram sem breytingu við frumvarpið, því að eg álít það eiga betur við heldur en að frumvarpinu sè kastað alveg, og svo stungið upp á þessu sèr í lagi. Þar sem stendur frá 1. degi janúarmánaðar, ætti betur við í 1. gr. frumvarpsins að segja í fardögum eða 6. júní, því að hreppstjórar fara frá og taka við embættinu í fardögum, því að það er eigi nema í bæjum eða einkum í Reykjavík, að reikningsárið byrji með nýári. Það hefir verið margt talað um þá gömlu reglu, sem hefði átt sèr stað eptir konungsúrskurðinum 1808. Og það komu fram 2 skoðanir um hann. Það var að einu leytinu talað um, hvað hann hefði verið skammlífur. Hins vegar tók þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu það fram, að honum hefði verið fylgt allt að þessu. Báðir hafa nú í raun-inni rètt fyrir sèr, því að þeir, sem voru hreppstjórar, þegar konungsúrskurðurinn fèll úr gildi, hèldu þeim rèttindum, er hann veitti sína tíð. Það eru því nýlega þannig fallnir sumir hreppstjórar úr sögunni, sem verið höfðu hreppstjórar í 30 til 40 ár, og hafa þeir notið þessara rèttinda alla sína hreppstjórnar-tíð. Eg verð að samsinna þeim þingmönnum, sem hafa álitið það ísjárvert að taka laun handa hreppstjórum af fátækra fè. Eg held það verði geðfelldara hreppsbúum að launa hreppstjórum af eigin hvöt, ef þeim er annt um að halda einhverjum manni við hreppstjórn, heldur en ef þeir eru knúðir til þess með lagaboði, og þarf ekki að taka fram ástæður fyrir því. Það hefir líka verið talað um, að þingmenn hefði eigi viljað auka tekjur landsins; en þar er nokkur misskilningur á. Þeir sem gáfu atkvæði sitt á móti stjórnarfrumvarpinu hafa gjört það af þeirri ástæðu, að allt fèð átti að renna inn í ríkissjóðinn; og einnig á móti breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga og uppástungu hins háttvirta þingmanns Snæfellinga, af því að þar var eigi tiltekið, til hvers fèð ætti að ganga nema einungis í landssjóð. Eg veit ekki, hvað þingið hefði gjört, hefði verið stungið upp á því, að fèð skyldi ganga til að launa hreppstjórum eða til vegabóta, eða eitthvað hefði verið sèrstaklega fast ákveðið um, til hvers það skyldi brúka, en það var einungis sagt, að það ætti að renna í sjóð til einhverra Íslands þarfa; en hver gat verið viss um, nema að þessu fe yrði þá varið á annan veg, en menn nú vildu óska, hver getur ætlazt til, að menn leggi á sig skatta til þess sem þeir ekki vissu hvað er, eða til hvers á að brúka?

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Ræður flestra þingmanna hafa nú hallazt að minna hlutanum; eg er líka á því, að hèr eigi við málsháttúrinn, að «af tvennu illu skuli taka hið minna»; en eg held, að málinu sè ekki að borgnara fyrir það, því það bætir ekki úr hinni bráðu nauðsyn, sem allir játa að sè á að bæta kjör hreppstjóra, að skjóta málinu á frest, til þess sveitarstjórnarmálið er komið í kring. Eg get ekki gjört mèr svo miklar vonir um, að sveitastjórnarmálið komist svo fljótt í kring; að minni hyggju eru litlar líkur til þess, en bráð þörf er á að bæta kjör hreppstjóranna sem fyrst; eg álít bæði formlegra og viðkunnanlegra að fallast á uppástungu minni hlutans, því hún fer þó einungis fram á að fresta málinu, en ekki að fella það algjörlega. Menn hafa sagt, að óálitlegt væri, að leggja laun þessi á sveitarsjóðina, þar sem sveitarþyngslin væru svo mikil; en er það nú víst, að menn vinni sveitarsjóðunum meiri hag með því að fleygja málinu frá sèr? Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að það væri hrósvert af þinginu, að ráða frá, að þessir 4000 rd. yrði lagðir á sveitarsjóðina, en eg veit þó ekki nema þingið vinni landinu og sveitunum meira ógagn en gagn með þessu, því eptir mínu áliti verður það ekki tölum talið, sem góður hreppstjóri getur til gagns unnið sveit sinni, og þykir mèr þá ekki mikill munur gjörður á óduglegum og duglegum hreppstjóra, ef hann ekki er 20—40 rd. virði. Eg held, að líku sè saman að jafna, góðum hreppstjóra og góðum búmanni. Duglegur, árvakur og fyrirhyggjusamur hreppstjóri, er eptir minni ætlun jafn gagnlegur og ómissandi sveit sinni, eins og duglegur, árvakur og fyrirhyggjusamur búmaður er búi sínu, og munu hinir heiðruðu nefndarmenn fara nærri um það hver munur er á því gagni, sem nýtur og ónýtur búmaður vinnur búi sínu. Menn hafa sagt, að heiðarlegt væri fyrir báða hlutaðeigendur, að hreppsbúar borguðu hreppstjóra fríviljugir; það játa eg satt vera; en hvaða vissu hafa menn fyrir, að þetta verði almennt; eg veit dæmi til að sumum duglegum hreppstjórum hefir aldrei verið boðin borgun fyrir störf sín, en að aptur á öðrum stöðum hafa menn tekið sig saman um, að gjalda miður duglegum hreppstjórum eptir 3 ára þjónustu í hrepps þarfir; er þetta einatt undir ýmsum atvikum komið, og fer í rauninni ekki altènd eptir verðleikum hreppstjóranna eða sanngjörnum ástæðum. Eg get ekki skilið, að það sè ósæmilegt fyrir hreppstjóra að þiggja laun fyrir störf sín í fátækra þarfir, því það á þó hèr heima, sem

annarstaðar, að verður er verkamaðurinn launanna. Hinn heiðraði framsögumaður taldi upp ýms skriptastörf, er hreppstjórum bæri að leysa af hendi sem lögregluþjónum; eg veit nú ekki með vissu, hvort skriptir þessar heyra undir störf þeirra sem lögregluþjóna, eða sem fátækrastjóra, en hitt veit eg, að þær eru minnstur hluti af störfum þeirra; umsjónin með fátækum og þeirra málefnum er aðalstarfinn sem hreppstjórinn hefir á hendi, og hinn langörðugasti, skriptirnar getur hann leyst af hendi á heimili sínu; en hversu margar ferðir þarf ekki duglegur og árvakur hreppstjóri að fara í fátækra þarfir. Fyrir það, sem hreppstjórar vinna beinlínis í þarfir hins opinbera, fá þeir líka dálitla þóknun; þó hún sè orðin allt of lág, og það er undarlegt, að nefndin skuli ekki hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að bæta kjör hreppstjóra, með því að stinga upp á hækkun á aukatekjum þeirra. Aukatekjur hreppstjóra eru eins og kunnugt er ákveðnar í aukatekjureglugjörðinni frá 1830; og þó borgun sú, sem þar er ákveðin væri nóg, þegar aukatekjureglugjörðin kom út, er hún of lítil nú; þetta er mönnum svo kunnugt, að eg þarf ekki að tilfæra dæmi því til sönnunar. Eg hefði fellt mig vel við, ef nefndin hefði stungið upp á bót á þessu. Mèr hefir dottið í hug að áskilja mèr breytingaratkvæði við frumvarpið; eg er á máli þeirra, sem ekki vilja að einn þriðji hluti af launum hreppstjóra sè goldinn úr jafnaðarsjóðunum, því þeir standa svo illa að vígi nú sem stendur; eg vil eins og í frumvarpinu stendur, að launin borgist *fyrst um sinn* alveg úr sveitarsjóðunum, en til að lètta á þeim vil eg lækka þau svo að þau verði 20—40 rd., og ætla eg að bæta því inn í 1. gr. frumvarpsins, verður þá 3. gr. frumvarpsins óþörf. Hvað 4. gr. snertir, þá felli eg mig vel við, að amtmenn megi veita hreppstjórum þóknun úr jafnaðarsjóðunum, þegar þeir hafa staðið vel í stöðu sinni; en þá vil eg, að sú þóknun sè ríflegri, en til er tekið í frumvarpinu, og eins hvað tímann snertir er þeir eiga að hafa þjónað, að hann sè styttri en þar er ákveðið, t. a. m. 10 ár í staðin fyrir 15 ár, og áskil eg mèr rètt til breytingaratkvæða í þessa stefnu, er eg mun orða nákvæmar seinna.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg lít svo á þetta mál, að störfum hreppstjóranna sè tvískipt; fyrir störf sín í fátækra þarfir á hann að minni hyggju ekki að hafa neina borgun, hvorki úr sveitarsjóð nè úr öðrum sjóð, hann á að gjöra það endurgjaldslaust; það er víðast venja, og á svo að vera, að menn verða að vinna í

þarfir sveitarfèlags síns, og hafa ýms störf á hendi, um tiltekinn tíma borgunarlaust, og Íslendingar eiga að venjast á það. Sem lögregluþjónar finnst mèr þeir eiga borgun skilið. Eg sè ekki, hvers vegna mönnum þykir þá úrskurðurinn 1808 eiga svo illa við. Eptir honum eru þeir auk þinggjalda lausir við fátækragjaldið; eptirgjöfin á því gjaldi er ekki beinlínis laun, heldur svo sem þóknun. Störf þau er hinn heiðraði framsögumaður taldi upp, að lægju á hreppstjórunum sem lögregluþjónum, virtust mèr ekki svo mikil, að fyrir þau bæri þeim jafnhá laun, sem þeim eptir frumvarpinu var ætlað fyrir öll sín störf, eða að þeir hefðu eigi nóg laun þar sem er skattur, lögmannstollur og konungstíund, og svo vildi eg gjarnan bæta við, að þeir skyldu lausir við allt gjald til jafnaðarsjóðanna. Stjórnin hefir í frumvarpinu ætlað þeim, sem lögregluþjónum $^1/_3$ af laununum, eg vil nú láta það vera helming þeirra, og kæmi þá til að standa í 1. grein 10—30 rd. Það er sjálfsagt, að jafnaðarsjóðirnir eiga við ýmsa örðugleika að búa, en þó held eg þetta sè þeim ekki ókleyft um stundarsakir, og engin frágangssök, ef mönnum er mjög annt um að fá hreppstjórunum nokkur laun. Eg verð að vera þeim mönnum samdóma sem álíta að það sè sama sem að fella málið, að vísa á ríkissjóðinn. Það geta reyndar verið ýmsar skoðanir á, hvort menn eigi nú sem stendur að biðja um meira úr honum, en brýna nauðsyn ber til. Það er þá ekki til annara sjóða að flýja en jafnaðarsjóðanna, og þó þeim veiti það örðugt, skil eg þó eigi, að þeim verði það hreint drep, að borga laun þessi fyrst um sinn, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði við 3. grein í þessa stefnu, og sömuleiðis við 4. grein, að lækka tölurnar 10—30 rd. niður í 5—15 rd.

Benidikt Sveinsson: 1863 kom, eins og þingmenn muna, til alþingis bænarskrá um laun handa sveitarstjórum; lýsti eg því þá yfir, að eg væri því öldungis mótfallinn, að bænarskrá yrði send frá þinginu um þetta efni, vegna þess að eg áleit að það málefni væri einn liður í þeirri innlendu stjórn á Íslandi, sem eg ímyndaði mèr að stjórnarbótinni yfirhöfuð yrði samfara, og það bæði hvað fèð til að launa hreppstjórunum snertir og eins starfa þann, er þeim skyldi á herðar lagður. Það er nú komið fram óbeinlínis, að spá mín var með öllu rètt. Að vísu hefir stjórnin lagt frumvarp fyrir þingið, sem fer því fram að leggja hreppstjórum laun úr sveitarsjóði og jafnaðarjsóðunum, þar sem þingið óskaði, að þeim væri launað úr ríkissjóði, og þetta tafl eða skák, að eg brúki hugsun

þingmannsins úr Suður-Múlasýslu milli stjórnarinnar og Íslendinga, þykir mèr næsta kynlegt. Eitt úrræðið er nú reyndar enn framkomið, sem að vísu er nokkuð »negativt», og það er, að hreppstjórarnir verði að bíða um sinn, meðan þingið eða af því þingið ekki vilji eða geti ráðið til að leggja tolla á landið. Að eg nú víki að þessu þrennu, þá þykir mèr ískyggilegt og óhafandi að vísa nú optar á ríkissjóðinn, þegar stjórnin einmitt hefir lagt frumvarp fyrir um, að fè þetta skuli taka af sveitar- og jafnaðarsjóðunum; þetta get eg ekki kallað annað en þrákelkni. Frumvarp þetta er sprottið af tillögum alþingis, og þó þingið færi þenna veg 1863 læt eg vera, en nú virðist mèr hann óhafandi. Eg sè ekki betur en að stjórnin leggi mesta áherzluna á starfa hreppstjóranna í fátækramálefnum, en skoði þá engan veginn sem lögreglustjóra. Eg held því, að þó að nefndin byggi á þessari lögregluþjónustu hreppstjóranna, muni stjórnin þó ekki víkja frá sinni skoðun, og áynni þingið þá ekki annað en að leggja toll á landið með sínum löngu ræðum, að því leyti sem þær auka alþingistollinn. Eg verð að vera fastlega móti þessari stefnu málsins, ekki af því, að eg ekki unni hreppstjórunum vel launanna, heldur af því, að eg held málið fái ekki áheyrn. Að leggja launin á sveitarsjóðina er sama og að leggja toll á fátæka, og eg held í rauninni það sama og að taka þau af hreppstjórunum sjálfum, því sízt er fjárvon af fátæklingum, og duglegur og góður hreppstjóri gengur ekki hart að fátækum sveitungum sínum. Að leggja þetta á jafnaðarsjóðina held eg ekki heldur sè ráðlegt, því það hefir komið fram bæði á þinginu og í blöðunum, að mönnum þykir nóg á þá lagt, og að stjórnin á þeim sè ekki í því horfi, að gjöld þeirra séu aukandi. Eg held, að amtmennirnir eigi í fullri vök að verjast með að jafna niður gjöldum þeim sem nú liggja fyrir, og ná inn fè til þess án þess það olli óánægju meðal almennings, eg held menn megi muna, hvernig þetta hefir gengið, þó ekki væri nema seinustu 10 árin. Hið 3. úrræði eða réttara sagt ekki úrræði, sem eg þá líklega sjálfur hallast að, er að sætta hreppstjórana við að bíða betri tíma þangað til þingið vill fara að auka tekjur landsins. Menn hafa sagt hèr, að það hafi annaðhvort öldungis ekki verið tekið fram, eða þá ekki nógu skilmerkilega, að tollar þeir, sem um hefir verið rætt, ekki skyldi renna annað en í ríkissjóð. Eg vil í þessu tilliti einungis benda mönnum á gjörðabók þingsins. Á þingræðunum, á breytingaratkvæðum þingmanns Borgfirðinga og á viðauka-atkvæði hins

2. konungkjörna, mun sjást ljóslega, að það vakti ljóslega fyrir þeim að forðast vandkvæði þau, er þingið fann á tollafrumvörpunum, og þeir vildu svo yrði tilhagað, að fènn yrði varið til þeirra stofnana, er allir þreyja eptir; og hafi þetta ekki verið nógu sterklega fram tekið þar, þá var það sannarlega gjört í uppástungu þingmanns Snæfellinga, þar var það beinlínis tekið fram, að tollurinn skyldi renna í sèrstakan sjóð, og honum varið eptir tillögum alþingis. Mig furðaði á, að þingmaður Eyfirðinga, sem er vanur að taka svo vel eptir ræðum manna og gjörir sèr svo mikið far um að skilja málin sem bezt, skuli ekki hafa tekið eptir þessu. Eg segi ekki meira en að þingið hefir sýnt óvilja sinn í máli þessu; eg skal að vísu eigi álasa því fyrir það, en þingið verður að taka afleiðingunum, að fè skortir bæði til að launa hreppstjórum og til annara þarfa. Eg sagði 1863 að mál þetta væri ótímabær burður, og það er það, því það fær ekki framgang fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn og stjórnarbótin er komin í kring. Hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að á sama stæði úr hvaða sjóði þetta væri tekið, en þá verða allir sjóðirnir að vera komnir í það stjórnarsamband, að á sama standi úr hverjum sè tekið. Niðurstaðan verður því eins eptir hans skoðun sú, að meiri hluti og minni hluti nefndarinnar, og frumvarpið sýna, að þingið ekki á að skipta sèr af máli þessu fyrr en fjárhagsaðskilnaður er fenginn. Hin hlið málsins, nefnilega starfi og ætlunarverk hreppstjóranna grípur aptur auðsjáanlega inn í stjórnarbótina sjálfa, sem hnýtt er aptan í fjárhagsmálið. Eg sè ekki betur en að hver sem lítur á þetta mál verði að játa, að hreppstjórarnir gætu verið hin mesta stytta, og það ekki einungis sem fátækrastjórar heldur einnig sem aðstoðarmenn sýslumanna, hvað lögreglustjórn snertir, því þó öðrum sè það kunnugra en mèr, ætla eg samt, að margur dugandi sýslumaður verði feginn að nota hreppstjóra til þess, sem hann að rèttu lagi ætti sjálfur að gjöra, og hèr ætla eg að liggi bending um, hvernig hreppstjórum ætti að launa.

Taki maður þetta mál frá rótum, sem vera ber, liggur hèr fyrst fyrir að ákveða þeirra rètta starfa, og svo sanngjörn og samsvarandi laun, og hvorttveggja þetta grípur inn í stjórnarbótina. Eg ætla þess vegna að áskilja mèr breytingaratkvæði við minni hlutann í þá stefnu, að málinu sè frestað þangað til hin fyrirhugaða stjórnarbót sè á komin. Eg vona hið háttvirta þing ekki hafi

skilð mig svo, að eg vildi spilla fyrir málinu eða gefa því ákúrur frekar en sannfæring mín útheimti.

Forseti: Nú hafa sjö þingmenn beðið sèr hljóðs, en þar eða nærfellt allir þessir sömu hafa talað áður, skal eg skjóta því til hins háttvirta þings, hvort málið muni nú ekki vera svo fullrætt, (flestir jú) að eg þurfi einungis að skora á þá, sem ætla að taka sèr breytingaratkvæði að skýra frá þeim.

Björn Pètursson: Eg hefi í hyggju að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis; en fyrst verð eg að leiðrètta misskilning hjá þingmanni Borgfirðinga. Eg skaut því einungis til forseta, hvort orðatiltækin í ástæðum hans ekki væri ósæmileg; eg þykist vita, að þau hafi ekki verið sett í neinu hefndarskyni, en mèr þykir þau að minnsta kosti *óþörf sletta* (*Forseti:* Það er óþarfi að tala meir um þetta mál; hver sem les þingtíðindin og umræður málanna getur sèð þá átyllu, sem hefir gefið tilefni til orðanna og leiðrètt misskilning þann, sem í þeim liggur. Eg vil biðja þingmanninn að koma þegar með breytingaratkvæði sitt). Breytingaratkvæði mitt er við 1. grein frumvarpsins og skal eg orða það seinna, þegar eg fæ frið til þess, ef eg ekki fell frá því aptur.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil einungis gjöra lítið formspursmál út af breytingaratkvæði þingmanns Eyfirðinga; mèr virðist fljóta af því, að málinu sè vísað aptur til nefndarinnar; hann vildi skjóta þessum «6000 rd. úr ríkissjóði» meira hlutans á sína staði í frumvarpinu, svo það gæti haldizt, en við það breytist frumvarpið mjög svo og sumt hlýtur að falla burt, svo að gjöra þyrfti frumvarpið um aptur.

Jón Bjarnason: Það var spurt um, hversu margar ferðir hreppstjórar færu á ári í sveitar þarfir, það taldi eg aldrei, og hefi eg þó verið launalaus hreppstjóri í 17 ár, en aldrei talið ferðir mínar, en var altènd vel ánægður, þegar eg kom einhverju góðu fram (*Forseti:* þetta er ekkert breytingaratkvæði).

Stefán Jónsson: Eg áskildi mèr ekki breytingaratkvæði, heldur skaut því til nefndarinnar, hvort hún ekki fyndi ástæðu til að taka þessa breytingu.

Jón Guðmundsson: Eg áskil mèr breytingaratkvæði við fyrstu grein, í þá stefnu, að hreppstjórar skuli vera skyldir til að þjóna launalaust hin fyrstu 3 árin, sem þeir hafa hreppstjórn á hendi, hèr eptir eins og hingað til. Að öðru leyti er eg að öllu samdóma þingmanni Suðurþingeyinga.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið, Eg veit ekki hvort mál þetta getur komið til ályktarumræðu á mánudaginn, því það lítur út fyrir að verða flóknara en menn líklega bjuggust við, en eg vil biðja þingmenn að láta mig fá breytingaratkvæðin sem fyrst, svo þeir geti þess fljótar fengið atkvæðaskrána.

Þar næst voru lesnar og samþykktar tvær bænarskrár til konungs:

1. Í málinu um löggilding verzlunarstaðar við Brákarpoll.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 371.
2. Í málinu um nýtt frumvarp til sveitastjórnarlaga.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 375.

Fundi slitið.

---

26. fundur — 8. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 1. konungkjörni þingmaður og varaforseti, sem höfðu tilkynnt forseta forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið er til dagskrár, skal eg geta þess, að eg hefi ekkert nefndarálit fengið, síðan seinasti fundur var haldinn. Það eru nú 10 mál að öllu leyti órædd í dag, en hið 11. og 12. verða nú hálfrædd eptir þenna fund. Sökum þessa er það nú ómögulegt, að þingið geti orðið búið hinn 15. ágúst, sem áformað var, en eg sè ekki til neins að tala um meiri lenging tímans, meðan ekki verður nákvæmar ætlazt á, hversu mikinn viðauka muni þurfa. En til þess að geta ætlazt á um þetta, þá sè eg engan annan kost en að öll nefndarálit verði nauðsynlega að vera búin fyrir lok þessarar viku, og vona eg þá, að eigi þurfi svo mjög mikla lengingu á þingtímanum. Eg vona því, að þingmenn gjöri sitt hið ýtrasta til, að öll nefndarálit verði tilbúin innan þessara vikuloka, svo framarlega sem þeir ætlast til, að þeim málum, sem þeir hafa til meðferðar, verði lokið á þessu þingi, og eg vona að þeir finni það allir skyldu sína að leysa málin sem fyrst og bezt af hendi, svo að ónauðsynleg lenging þingtímans þurfi eigi að vekja óánægju hjá þeim, sem dæma og eiga að dæma um störf þingsins.

Sveinn Skúlason: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort hann vildi eigi skora á formenn nefndanna til að skýra

frá hvað málunum liði. Þetta hafa forsetar gjört hèr á undanförnum þingum.

Forseti: Eg ætla að það sè eigi til neins nú, því að formönnum nefndanna mun eins annt um, að málin komist af, eins og öðrum nefndarmönnum.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *viðvíkjandi uppástungu um skógarrækt og trjáplöntun á Íslandi*. Framsögumaður, hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyja hefir hljóð, ef honum sýnist að gjöra einhverjar skýringar við málið.

Samanber síðari part alþingistíðinda, bls. 376.

Framsögumaður (Stefán Thordersen): Eg skal nú eigi vera langorður um þetta mál, því að við undirbúningsumræðuna voru því flestir meðmæltir. Og sá eini, sem nokkuð talaði á móti nefndarálitinu, var þó málinu í rauninni meðmæltur, því að breytingaratkvæði hans er að eins lítil orðabreyting. Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að nefndin hefði eigi verið vel út búin að málfræðislegum kröptum, og má því nærri geta, að nefndin tekur með þökkum þeirri hjálp, er hann hefir rètt henni annar eins orðsnillingur og málfræðingur og hann, hinn háttvirti þingmaður þeirra Barðstrendinganna og fellst nefndin því á breytingaratkvæði hans.

Eiríkur Kúld: Af því hinum háttvirta framsögumanni fórust svo orð, sem eg hefði verið sá eini, sem hefði mælt móti málinu við undirbúningsumræðuna, þá verð eg að standa upp til að leiðrètta hann, því eg hef allt af verið hlynntur málinu og mælti einmitt með því, við undirbúningsumræðuna; en fyrir breytingaratkvæðum mínum skal eg ekki tala neitt, því að það er ekki nema orðabreyting málinu til skýringar og uppástungu nefndarinnar, enda hefir nefndin aðhyllzt breytingaratkvæðið.

Konungsfulltrúi: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þau breytingaratkvæði, sem hèr liggja fyrir undir tölulið 1. og 2., því þau eru yfir höfuð samkvæm nefndarinnar uppástungum, eða fara í sömu stefnu, og framsögumaður hefir einnig lýst þessu yfir.

Að öðru leyti skal eg taka fram, að stjórnin hefir áður, og mig minnir optar en einu sinni, látið prenta og útbýta leiðarvísir um meðferð á birkiskógum hèr á landi, svo menn þarfnast reyndar ekki slíks leiðarvísis, ef menn vildu að öðru leyti fylgja honum. Yfir höfuð hefir stjórnin sýnt, að henni er annt um viðhald og góða meðferð á birkiskógum okkar, og því getum vèr verið vissir um,

að hún gefi þessu máli allan þann gaum, sem henni er unnt að gefa, og málið er og í sjálfu sèr þess vert, því það er mjög mikils varðandi fyrir landið.

Jón Hjaltalín: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið til láns bók um skógarrækt eptir kammerherra Riegels sem fengizt hefir við skógaryrkju og trjáplöntun á Jótlandi og fram með Vesturhafinu. Þar er það tekið fram, að skógarplöntun gangi langtum fljótara eptir þeirri aðferð, er hann hefir og nú er víðar höfð, heldur en eptir þeirri aðferð, sem áður hefir tíðkast. Reynsla hans sýnir það nú og, að skógar þurfa hvorki mikinn hita nè feita jörð til að geta dafnað, eins og menn hafa áður haldið. Eg hefi því þá sannfæringu, að engar skynsamlegar ástæður geti verið á móti því, að skógarplöntun heppnist hèr vel.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir hafa prentaða fyrir sèr.

Síðan voru atkvæði greidd og fèllu þau þannig.

A 1. tölul. samþykktur með 23 samhljóða atkvæðum.

2. tölul. samþykktur í einu hljóði.

Að rita konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu var samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálitið í málinu um »konunglegt *frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstembættimönnum*. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra málið svo sem þurfa þykir.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndarálitið hljóðar svona:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 376.

Eg hefi nú ekki annað að sinni að segja um þetta mál, en benda til hins mikla munar, sem á er meiri og minni hlutanum að því er snertir stjórn póstmála hèr á landi. Meiri hlutinn hefir að eins tekið tillit til póstmálanna hèr á landi en gengið fram hjá póstferðunum milli Íslands og Danmerkur, og það sem kom honum til þess var sú ákvörðun í 1. gr., að öll póstmál hèr skyldi heyra undir aðalpóststjórnina. Þetta virtist nú meiri hlutanum beinlínis stjórnleg apturför frá því sem nú. Því að póstmálið er nú hið eina mál, ef til vill, sem enn eigi liggur að yfirstjórninni til undir síðasta úrskurð stjórnarinnar í Danmörku. Meiri

hlutanum þótti nú ísjárvert að svipta oss Íslendinga yfirstjórn í þessu eina máli. En svo framarlega sem stjórnin fellst á, að fjárhagsaðskilnaðurinn komist á, og hèr komist á yfirstjórn í landinu sjálfu, þá áleit meiri hlutinn, að það gæti ekki verið samfara því að draga stjórnina út úr landinu. Þessi mótsögn hjá stjórninni kemur nú að vísu fram í 4 stjórnarfrumvörpum, er komið hafa til þingsins að þessu sinni. Í fjárhagsmálinu fer stjórnin því fram eður bendir til þess, að fjárhagurinn verði aðskilinn, og sem nauðsynleg afleiðing þar af, að stjórn landsmála verði meiri í landinu en áður. Eins komst hún svo að orði í stæðunum við frumvarpið um hækkun lestagjaldsins, að lestagjaldið eigi að ganga til landsins þarfa, *þegar* fjárhagurinn sè aðskilinn. En aptur á móti dregur stjórnin úr þessu í ástæðunum við brennivínsmálið sáluga, er hún segir, «ef hinn fyrirhugaði fjárhagsaðskilnaður kemst á». Hèr dregur þá stjórnin aptur úr þeirri vissu, er lýsir sèr í hinum tveimur frumvörpunum, um að fjárhagsaðskilnaðurinn komist á. En aptur er nú enn lengra farið í þessu frumvarpi, sem hèr er um að ræða, því að þar er farið fram á að draga stjórn íslenzkra mála út úr landinu. Á þessu geta nú þingmenn sèð, að þeir eigi hèr um tvennt að velja, annaðhvort að komast enn meir inn undir Kaupmannahafnar stjórnina eða þá að halda því sem nú er, og treysta því, að sterkari landstjórn komist hèr á en nú er. Eg vil nú fyrir hverju mun, að vèr reynum að halda í hemilinn á því sjálfsforræði, sem vèr höfum og í engu minnka það nè rýra. Þessu næst verð eg að benda til þess, sem minni hlutinn segir, að það geti verið málinu til fyrirstöðu, ef 1. gr. frumvarpsins sè felld; já, ef það er meining stjórnarinnar, að vèr fáum enga bót ráðna á póstgöngunum í landinu sjálfu, nema vèr seljum alla stjórn þeirra mála í hendur aðalpóststjórninni í Danmörku, þá renna á mig tvær grímur að þiggja þá póstmálabót, sem svo er dýrkeypt. En eg segi fyrir mig, eg þykist eigi geta verið þekktur fyrir að halda, að það sè tilgangur stjórnarinnar að ráða enga bót á póstgöngum hèr hjá oss, nema með því skilyrði, að vèr seljum alla yfirstjórnina, og jafnvel yfirstjórn allra smásmuglegra atriða í póstgöngunum, í hendur aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki annað en lýst því yfir, að mèr þykir það hafa tekizt mjög óhappalega til, að nefndin hefir í þessu máli gengið í 2 sveitir, og eg verð einnig að taka það fram, að eg get með engu móti fellt mig við þær ástæður, sem meiri hluti

nefndarinnar hefir tekið fram fyrir skoðun sinni á málinu, hvort heldur þessar ástæður eru skoðaðar út af fyrir sig, eða litið er á þann blæ, sem á þeim er, og sem eg ekki þarf ítarlegar að lýsa; einungis skal eg benda á þá ástæðu meiri hlutans, að stjórnarfrumvarpsins uppástunga, ef henni yrði framkvæmt, yrði að leiða af sèr stjórnlega (politisk) apturför. Eg verð þvert á móti, og það vona eg, að þingið líka játi, að álíta, að það fyrirkomulag, sem gjört er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu, sè veruleg framför. Og hvað það atriði snertir, sem meiri hlutinn hefir svo mikið á móti, að skrifstofufulltrúinn, sem ætlað er að skuli hafa umsjón með póstferðunum milli Danmerkur og Íslands, skuli vera í aðalpóststjórninni, virðist það vera í augum uppi, að það eigi betur við, að þessi embættismaður, sem á að hafa á hendi eina grein póstmálsins, sè skipaður undir sjálfri aðalpóststjórninni, hvar meðferð og seinustu úrslit allra póstmála eiga heima, heldur en á öðrum stað, t. a. m. í íslenzku stjórnardeildinni. Minni hlutinn hefir að sönnu álitið það réttara, að sá skrifstofufulltrúi, sem um er rætt í frumvarpsins 1. grein, sè skipaður í hinni íslenzku stjórnardeild, heldur en í aðalpóstjórninni, en hann hefir þó ekki lagt neina áherzlu á þetta atriði, sem heldur ekki virðist ástæða til, því það virðist auðsætt, að það fyrirkomulag, sem stjórnarfrumvarpið hugsar sèr, sè hið hagfelldasta, og kemur ekki í nokkurn bága við þann tilvonandi fjárhagsaðskilnað og stjórnarbót. Eg vona því og óska, að þingið aðhyllist frumvarpið í heild sinni, eins og það liggur fyrir.

Bergur Thorberg: Eg get nú að miklu leyti skýrskotað til ástæðanna fyrir minni hlutanum, um það, hvers vegna hann eigi gat verið meiri hlutanum samdóma, en aðalágreiningur þeirra er í því fólginn, að minni hlutinn getur eigi sèð þá annmarka, er meiri hlutinn þykist sjá, þótt póstmálefni Íslands heyri undir aðalpóststjórnina í Danmörku. Eptir því, sem hinum háttvirta framsögumanni fórust orð, þá virðist svo sem hann eigi hafi lagt rètta þýðingu í fyrirkomulagið á hinum íslenzku póstmálefnum, því að hann sagði, að þau mál væri þau einu, sem væri að fullu ráðið til lykta hèr á landi og sem eigi heyrðu undir úrskurði stjórnarinnar, en þau heyra eins og önnur mál undir síðasta úrskurð dómsmálastjórnarinnar, svo að með þessu er ekkert tekið burtu af því sem vèr höfum. Eg verð að neita því, að rètt sè, að í þessu frumvarpi liggi nokkur mótsögn við frumvarpið um fjárhagsaðskilnaðinn, því það er tekið fram í ástæðunum fyrir þessu

frumvarpi, að þetta fyrirkomulag verði, ef til vill, ekki nema til bráðabyrgða, og að nákvæmar muni verða ákveðið um það síðar, það er að segja, þegar stjórnarbreytingin komist á. Hann sagði líka, að þessi mótsetning kæmi fram í öðrum frumvörpum, en auk þess að þetta er rangt álitið, kemur það ekki málinu við, og eg verð að álíta það rangt að setja það í samband við þau. Það er nú 1. grein frumvarpsins, sem hefir valdið mestum ágreiningi; en eg verð að geta þess, að þingið er ekki spurt um, hvort ráðlegt sè eður ekki að setja skrifstofufulltrúa til að hafa á hendi afgreiðslu póstmálanna, og þetta fyrirkomulag er ekki borið undir álit þingsins hèr liggur að eins fyrir spursmálið um laun handa þessum manni. Meiri hlutinn ræður nú frá, að þessi póstmálastjóri verði settur, af því hann vill ekki, að póstmál vor komist undir aðalpóststjórnina í Danmörku og einkum undir yfirstjórn þessa skrifstofufulltrúa. En það er eigi rètt að ætla, að skrifstofufulltrúi þessi eigi að hafa yfirstjórn póstmálanna á hendi, heldur á hann að eins að hafa afgreiðslu þeirra. Meiri hlutinn hefir nú gjört of mikið úr því, að stjórn póstmálanna grípi of mikið inn í verkahring hinnar tilkomandi landstjórnar. En þessi mál, að minnsta kosti hinn umboðslegi hluti þeirra, eru sèrstaklegs eðlis og snerta eigi mjög hin almennu stjórnarmálefni. Sú hlið póstmála, sem eru löggjafarmál, heyra sjálfsagt undir alþing, eins framvegis eins og hingað til, og það er að eins yfirumsjónin með framkvæmd þeirra, sem yrði lögð undir aðalpóststjórninna. Þegar þetta frumvarp er skoðað út af fyrir sig, þykir mönnum það ef til vill eigi svo mikils umvarðandi, en menn verða að gæta þess, að það er að eins einn liður úr póstmálinu í heild sinni. Mestur hluti póstsmálefnisins heyrir undir reglugjörðarákvarðanir, en þessi liður er nauðsynlegur og verður að komast fram. Þingið á þess vegna á hættu að spilla fyrir málinu í heild sinni, ef það fellir þenna lið þess. Þar sem nú meiri hlutinn álítur, að laun póststjórans í Reykjavík sè of há, þá skil eg ekki, að þau laun megi vera minni eptir því sem störf hans eru yfirgripsmikil og áríðandi eptir því sem ástæður frumvarpsins bera með sèr. Eg skal þá eigi fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni, en að eins benda mönnum aptur á, að það má eigi skoða þetta mál nema sem einn lið í póstmálaheildinni, og það er þessi liður, sem er áríðandi til þess stjórnin geti komið málinu áfram, og að þarfirnar sèu brýnar í þessu máli er víst enginn sem efast um. Þess vegna virðist mèr það mikill

ábyrgðarhluti fyrir þingið að gjöra nokkuð það, er geti verið þessu máli til fyrirstöðu eður tálmað því, að stjórnin geti komið því sem greiðlegast fram.

Framsögumaður: Eg verð að halda mèr til þess, sem eg áður sagði, hversu mikla áherzlu og þýðingu sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður svo leggur í þessa póstmálaheild, sem hann talaði um, og eg get engan veginn sèð, að póstmálefnin sè öll svo fast samloðandi, að eigi megi skipta þeim í póstgöngur hèr á landi og póstferðir milli Íslands og Danmerkur. Nefnd sú er sett var 1859 til að íhuga póstmálefnin og í voru 3 amtmenn, bæjarfógetinn og einn alþingismaður, rèðist þó í að skipta póstmálunum í þessa tvo hluti. Hún lèt póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur halda sèr eins og þær voru þá og eru enn, og fèkkst að eins við póstgöngurnar í landinu sjálfu. Eg get nú eigi sèð annað, en að þessi skipting og þessi aðferð sè rètt. En vilji stjórnin eigi með öðru móti bæta úr póstgöngunum hèr á landi, nema að settur sè fulltrúi í Kaupmannahöfn og öll póstmál var heyri undir aðalpóststjórnina í Danmörku, já þá verð eg að segja, að mèr þykir það of dýrkeypt endurbót. Látum oss nú aðgæta, hve mikil þessi endurbót er, sem fæst eptir reglugjörðar frumvarpinu. Endurbótin er í raun og veru eigi annað en að fjölga skal 8 eður 9 póstgöngum. Það eiga að vera 7 póstferðir milli Stykkishólms og Reykjavíkur og 7 milli Akureyrar og Reykjavíkur og eins milli Akureyrar og Eskifjarðar, og eins hèr fyrir sunnan. En hèr sunnanlands eru nú 6 póstferðir, svo hèr er bætt við 1; en fyrir norðan eru 4—5 póstferðir á ári, svo þar er bætt við 2 og 3, jafn margar póstgöngur eru á Vesturlandi, svo þar er líka bætt við 2 til 3. Því það tel eg litla, svo litla sem enga bót, þótt póstferð komist á hèðan og til Keflavíkur eður úr þinginu í Húnavatnssýslu og út á Skagaströnd o. s. frv. En eg álít nú reyndar þessa fjölgun póstferðanna yfir höfuð talsverða endurbót, en þó eigi svo mikils verða, að tilvinnandi sè að setja fyrir það eigi að eins póststjóra í Reykjavík með 1000 rd. launum, að meðaltali með skrifstofugjaldinu, heldur og einhvern kóna, herra vildi eg hafa sagt, í Kaupmannahöfn með öðru 1000 rda. Það þarf því 2 embættismenn með 1000 rd. hvorn til þess að fullnægja þessari endurbót, og það þykir mèr æði mikið. Hingað til hefir nú ekkert verið borgað fyrir afgreiðslu pósta, og það verð eg nú að segja, að sè of lítið. En þegar aukið er við að eins 8 eður 9 póstferð-

um, þykir mèr dýrt, að það skuli kosta þá tvo menn með 2000 rd. launum. En þó er þessi dýrleiki hið minnsta, því það kostar að eins peninga; en hitt er svo langtum dýrara, ef vèr þurfum þar á ofan að leggja sjálfsforræði vort í sölurnar. Það má nú eigi búa hèr til brèfasafnsstað, nema póststjórnin í Danmörku skeri úr því. Amtmennirnir og póststjórinn mega reyndar stinga upp á breytingum og láta þær komast fyrst á, en þó verður það á endanum að ganga til póststjórnarinnar dönsku. Allt verður að ganga hèr til Danmerkur, eins og er með rollurnar á konungsjörðunum. Ef vèr fáum stjórnarbót, þá vona eg að vèr treystum og hljótum að treysta landstjórninni til að stjórna landsins málum; en hljótum vèr þá eigi að treysta einum 1000 rd. póstmeistara til að stjórna póstmálefnum hèr á landi? Að því er 1. gr. lagafrumvarpsins snertir, þá finn eg reyndar eigi, hvað alþing á að gjöra með að taka hana til meðferðar, því að þar er að eins sagt, að konungur ætli að skipa þenna skrifstofufulltrúa. En eg veit ekki, hvort alþingi er bært um að segja álit sitt um það, því að þingið á eigi með að banna konungi að setja embættismann, heldur er það að eins bært um að segja álit sitt um það, hvort þetta fyrirhugaða fyrirkomulag á yfirstjórn póstmálefnanna sè haganlegt eður eigi. En eg verð að vera enn á hinu sama og áður, að eg álít ekki þenna skrifstofufulltrúa í Kaupmannahöfn svo ómissandi og óslítandi lið í þessum póstmálum, að eg beri ekki það traust til konungs vors, að hann vilji koma póstmálinu hèr á landi í æskilegt horf, þótt skrifstofufulltrúinn sè ei settur. Án þess að fara út í mál það, er síðar kemur fyrir, þá skal eg, að eins benda á 4. og 5. gr. í því frumvarpi, og vèr verðum að taka þær, hversu óvinsælar sem þær kynnu að vera, ef vèr tökum 1. gr. lagafrumvarpsins, því þá er að ræða um póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur.

Ásgeir Einarsson: Eg vonaði nú, að þetta mál yrði svo greinilega útlistað, af nefndinni og framsögumanni, að þingmenn þyrfti eigi að verða í villunni, hvernig þeir ætti að greiða atkvæði í því. Eg veit nú ekki hvaða mál landsmönnum hèr er tilfinnanlegra en einmitt póstgöngumálið, bæði í landinu sjálfu og eins milli Íslands og Danmerkur. Það verður nú fyrst ljóst, hvað menn meina, og það er, hvort menn vilji þessa endurbót nú þegar ellegar bíða eptir stjórnarbótinni. Meiri hlutinn bindur nú þessa endurbót á póstgöngunum við stjórnarbótina, en ef það á að bíða eptir henni, þá vildi eg helzt, að engar póstgöngur væri, ef þær væri ekki skárri

en núna; en eg vil ekki taka fram ýmsa galla þeirra, að svo stöddu, eða ýms atvik sem til mætti færa þessu til sönnunar. Þar sem framsögumaður sagði, að þetta væri til að koma oss enn meir inn undir Danmörku, þá vil eg biðja hann að skoða 6. gr. í fjárhagsfrumvarpinu, og sèr hann þá hvert þetta er rètt skoðun. En eg skoða gufuskipsferðirnar milli Íslands og Danmerkur sem einn lið í póstmálunum hèr, og sem eigi verði slitið frá þeim. En eg held, að stjórnin bannaði oss eigi að gjöra sjálfir út um póstmál vor og haga þeim eins og vèr vildum, ef vèr gætum borið þann kostnað nú þegar sem af þeim leiddi, en slíks er varla að vænta meðan fjárhagsmál vort er óútkljáð. En að því er snertir frumvarp það, sem hèr liggur fyrir, þá skoða eg það svo sem það eigi að eins að verða bráðabyrgðarlög, en skuldbindi oss eigi til að vera bundna við póststjórnina í Danmörku um aldur og æfi, sem framsögumanni þykir svo óttalegt. Hann tök nú einnig fram, að það væri það eina gagn, sem þetta frumvarp gjörði, að 9 póstferðum væri bætt við það sem nú er. En mèr er eigi eins mikið um að gjöra, að póstgöngurnar sè margar, eins og *hvernig* þær ganga; og hve haganlegar þær eru; undir því er mest komið. En hvernig ganga nú þessar póstferðir, hvernig ganga gufuskipsferðirnar? um þetta er sjón sögu ríkari. Meiri hlutinn vill nú eigi, að neinn póststjóri sè í Kaupmannahöfn af Íslands hálfu, en minni hlutinn vill, að hann sè í íslenzku stjórnardeildinni, líklega af því, að það fjarlægi síður þá hugmynd, að póstmálið sè undir stjórn dönsku póststjórnarinnar ótengt við póststjórnina á Íslandi. En eptir því sem stjórnardeildinni íslenzku hefir farizt hingað til með póstmál og afgreiðslu þeirra, þá held eg að vèr getum ekki treyst henni betur en vel, nema hún sè aukin manni, sem hefði vald til að gjöra það, er honum þætti betur fara. En meðan eigi eru að skilin stjórnarmál vor og Danmerkur, þá get eg fellt mig við, að þessi maður sè í íslensku stjórnardeildinni, þó með því móti, að sèrstakur maður sjái um þau. Af því að eg stóð upp á annað borð, þá datt mèr í hug út af ræðu framsögumanns þessi gamli málsháttur: Margs verða hjúin vís, þegar hjónin deila? Nú heyrðist það, að tollurinn af brennivíninu væri ætlaður til Íslands þarfa. En það eru svona góðu sjómennirnir, þeir kunna að haga seglum eptir vindi. Að öðru leyti þykir mèr það skrítið, að menn skuli skoða málin svona sitt á hvern veginn eptir því sem þeir þurfa. Eg tala þetta ekki í því skyni, að eg sè í öllu mótfallinn nefndinni; en eg sè

eigi annað en það sè til að fella málið, ef menn nota eigi í bráð það sem frumvarpið fer fram á.

Eiríkur Kúld: Eg varð nú líka í nokkrum vafa eptir ræðu hins heiðraða framsögumanns, hvernig eg ætti að gefa atkvæði í málinu en eg skil eigi, að eg geti fengið þá sannfæringu af henni, að eg nokkurn tíma geti fallizt á meiri hlutann. Framsögumaður sagði nú, að með því fyrirkomulagi, sem stjórnarfrumvarpið stingi upp á væri engin veruleg bót ráðin á póstmálum vorum, og hann taldi það til, að einungis nokkrum fáum póstgöngum væri bætt við og gjörði lítið úr þeim, og sagði, að þær væri eigi svo mikilsverðar eins og kostnaður væri mikill, er af þeim leiddi. En eg vil hèr eigi spyrja að, hvað það kostar, þegar um svo verulegar endurbætur er að ræða. Það er eigi fyrst nú, sem menn sjá, að þessara endurbóta þarf sannarlega við, það er löngu fundið af þjóðinni og viðurkennt af stjórninni, og má sjá það á þessum frumvörpum hennar. Hinn háttvirti framsögumaður getur eigi sýnt með öllum reikningi sínum, þótt hann kunni að vera reikningsfróður maður, sem eg alls ekki efa, hve mikils verð þessi endurbót er (*Sveinn Skúlason*: Getur þingmaðurinn gjört það sjálfur). Nei, eg álít hana meira virði en svo, að eg geti gjört það eða ætli mèr að sýna það með óvissum reikningstölum. Þótt eg yfir höfuð ætli að fallast á meiningu minni hlutans, þá ætla eg samt, ef sú breyting kemst ekki að, sem hann stingur upp á, að áskilja mèr breytingaratkvæði, sem eg síðar skal orða, um það, að ef þingið aðhyllist frumvarpsins 1. gr., svo að póstmál vor eigi að heyra undir aðalpóststjórnina í Danmörku, að það verði að eins svo fyrst um sinn. Af því að framsögumaður fór að vekja upp aptur brennivínsmálið og lestagjaldsmálið, sem eg þó reyndar átti ekki von á, og hann kallaði það apturför, ef vèr á þann hátt sem hèr ræðir um værum í sambandi við Danmörku í póstmálum, fyrst þingið ekki tók fegins hendi við frumvörpunum í brennivíns og lestagjaldinu, þá verð eg að segja honum það, að eg álít meiri apturför í því, að vilja vera í sambandi við Danmörku einungis þá, þegar vèr eigum að leggja fè til með nýjum og óeðlilegum tollálögum. En þegar talað er um að koma einhverju góðu á og nytsömu, og vèr eigum þar að vera í sambandi við Dani, þá er eins og komið sè við hjartataugar hins heiðvirða framsögumanns. Eg get ei annað en sagt honum þetta, úr því hann núna fór aptur að minnast á brennivínsmálið og lestagjaldið, þar eð þessi sami háttvirti þing-

maður áður hafði bæði brèflega og munnlega átalið þingið fyrir atkvæðagreiðslu sína í þeim málum.

Forseti: Eg vildi óska, að hinir háttvirtu þingmenn vildi hætta hèðan af að hefja umræður um þessi mál, lestagjaldsmálið eður brennivínsmálið, því að það gæti orðið óendanlegt, ef menn færi að endurnýja aptur og aptur umræður um mál, sem eru fyrir löngu útkljáð.

Bergur Thorberg: Eg verð að álíta, að hinn háttvirti framsögumaður gjöri of lítið úr þessum 9 póstferðum sem við er bætt, því að þetta er mikil endurbót; hèr er eigi heldur að eins fyrirhugað að fjölga póstferðunum, heldur eru gjörðar nýjar póstleiðir til afskekktra staða. Og það er mjög veruleg umbót, að eigi að eins þeir staðir, sem liggja á aðalpóstleiðinni, skuli hafa gagn af póstferðunum, heldur skuli allir staðir eður allt landið hafa sama gagn af þeim eptir því sem fremst má verða. Framsögumaður gjörði nú mikið úr þeim kostnaði, er leiddi af þessum 2 póststjórum. En að því er snertir skrifstofufulltrúa þann, er yrði í Kaupmannahöfn, þá er nú eigi sèrleg ástæða til að kvarta yfir kostnaðinum við hann, því að það fè býðst stjórnin til að útvega úr ríkissjóðnum, og verður það eigi talið Íslandi til útgjalda. Minni hlutinn stakk nú upp á því, að þessi skrifstofufulltrúi væri í íslensku stjórnardeildinni, þó að úrslit póstmálanna heyrði undir aðalpóststjórnina. Eg var nú reyndar á öðru máli í nefndinni, því að eg vildi helzt, að hann væri í aðalpóststjórninni, en þó vildi eg eigi gjöra ágreining úr því, ef mönnum þætti það árennilegra, að hann væri þar, af því önnur Íslands mál væri afgreidd þar. En þessi uppástunga þarf heldur ekki að spilla fyrir málinu, því ef stjórninni þykja erfiðleikar á að taka hana til greina, sem eg er hræddur um, þá er hnýtt við hana þeirri vara-uppástungu, að frumvarpið haldizt óbreytt. Með tilliti til breytingaratkvæðis hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, þá er það samkvæmt ástæðum stjórnarfrumvarpsins, því að þar er tekið fram, að þetta skuli að eins vera til bráðabyrgða og bent á, að síðar skuli nákvæmar ákveðið, hvernig fara skuli með þau mál. Að því er snertir 2. grein í hinu frumvarpinu, sem framsögumaður minntist á, þá verð eg að álíta það eðlilegar ákvarðanir um borgun fyrir flutninga á brèfum milli landa.

Framsögumaður: Eg skal að eins leyfa mèr að spyrja, hvaða nauðsyn er á þessum skrifstofufulltrúa? Eða hver nauðsyn er á

því, að öll póstmál vor heyri undir aðalpóststjórnina í Danmörku? Er það sú nauðsyn, að vèr höfum eigi vit á að ráða póstmálum vorum? Nei. Er það þá sú nauðsyn, að vèr megum ekki hafa þetta sjálfsforræði? Eður vill stjórnin eigi unna oss þess, að vèr megum ráða, hvernig vèr högum póstmálefnum vorum innanlands? Eg held hver þingmaður verði að kveða nei við öll þessu. En hver er þá nauðsynin? Engin. Það er merkilegt, að þingmenn skuli eigi gjöra sèr grein fyrir, hvað það þýðir, að hafa sjálfsforræði í þessum efnum. Eg skyldi nú ekkert af því, sem þingmaður Strandasýslu fór með, nema hann var að bregða mèr um eitthvað og skrökva upp á mig (*Forseti*: Þessi orð eru öldungis ótilhlýðileg!). Þingtíðindin bera það með sèr, að það var alveg ósatt, sem hann var að bregða mèr um. En eg skal eigi fara lengra út í það.

Eg get nú eigi sèð og tek eg það upp aptur, að nokkur nauðsyn sè á þessum skrifstofufulltrúa í Danmörku. Eg hefi eigi gjört lítið úr þeirri endurbót, er á að verða á póstferðunum hèr á landi, þótt eg tæki fram, að þær væri alls 9, en eg tók það fram, að ef vèr ættum að vinna það til að leggja oss undir aðalpóststjórnina í Danmörku, þá þætti mèr endurbótin eigi kaupandi. Það er eigi rètt að segja, að skrifstofufulltrúinn í Kaupmannahöfn kosti Ísland ekkert, því að í fjárhagsfrumvarpinu er tekið fram, að hin íslenzka stjórn í Danmörku skuli eigi kosta Ísland neitt hin fyrstu 12 ár, og því gefið í skyn, að landið eigi að kosta hana að meira eður minna eður að öllu leyti eptir þessi 12 ár. En eg verð að segja, að þótt skrifstofufulltrúinn ætti aldrei að kosta landið neitt, þá vil eg þó eigi ráða til þess, að Danir fjatli um þau mál, er ráða ætti til lykta í landinu sjalfu. Annað mál er það, þegar miklar póstgöngur eru komnar milli Íslands og Danmerkur, þá gætum vèr haft mann þar og Danir hèr, þá gætum við talað um, hvernig því skyldi haga. En ef þingmenn vilja fylgja gömlu orðtæki, sem orðið er alræmt og dependera af Dönum í þessu máli sem öðru, þá verða menn því að ráða.

Pjetur Guðjónsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg álít, að vèr í engan máta komum meira undir stjórn Dana en verið hefir, þó að póstmálefni vor komi undir aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn. Hinn háttvirti framsögumaður veit þó víst mikið vel, að árlega er saminn reikningur yfir útgjöld og tekjur og að reikningur þessi er sendur til Kaupmannahafnar, til endurskoðunar

og úrskurðar, sem þó ekki fer fram í hinni íslenzku stjórnardeild, heldur í skrifstofu, sem henni er öldungis óviðkomandi; eg skil því ekki, hvernig vèr ættum með þessu að komast undir stjórn Dana fremur en verið hefir. Hinn háttvirti framsögumaður spurði, hvort Danir mundu efast um, að vèr hefðum vit á að laga mál þetta í hendi vorri. Þó stjórnin hefði nú þvílíka meiningu, veit eg ekki nema hún hefði alveg rètt fyrir sèr. Í Danmörku hefir ekki alls fyrir löngu verið gjörð veruleg breyting sú á fyrirkomulagi póstanna, og hafa þau umskipti á orðið, að enda þótt burðareyririnn væri talsvert lækkaður, hefir þó sú raun á orðið, að tekjur póstsjóðsins hafa aukizt að miklum mun. Berum vèr nú aptur saman, hvernig á stendur hjá oss, þá fara útgjöld póstsjóðsins ár frá ári vaxandi, en burðareyrinn eða tekjur hans standa í stað, ef þær minnka ekki; þar af sèst, hvaða vit og tæki vèr höfum á að laga þetta af sjálfum oss til. Mèr finnst það því rètt og hentugt, að póststjórnin taki málið sèr í hönd og kenni oss, hvernig með það skuli fara. Mèr skildist, að hinn háttvirti framsögumaður gjöra lítið úr þeim umbótum er oss standa nú til boða í frumvarpinu, en eg verð að álíta, að fyrirkomulag það, sem stjórnin hefir hugsað sèr, miði til veralegra umbóta; bæði er ætlazt til, að að póstarnir skuli koma margfallt víðar við, en að undanförnu hefir verið, og svo eru og póstgöngurnar miklu reglubundnari eptir reglugjörð þeirri, sem þinginu hefir verið lèð, en áður, og má því gjöra ráð fyrir, að tekjurnar aukist svo smátt og smátt, að póstgöngur vorar einhvern tíma með tímanum muni geta borið sig sjálfar. Eg álít ekki rètt það sem framsögumaður sagði, að þingið ætti ekki að biðja um það fyrirkomulag, sem í stjórnlegu tilliti væri verra en það sem á undan væri farið, því það sjá þó allir, að hèr er um það að ræða, sem betra er og hentugra, en það sem verið hefir, og eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sjái, að þetta framboðna nýja póstfyrirkomulag leiðir á betra veg, og að þeir því fallist á það; er eg því fremur sannfærður um þetta, sem þingið sjálft fyrir skömmu síðan hefir beðið stjórnina endurbóta á póstmálefnum vorum, og fór þá einmitt fram á, að hún (stjórnin) legði það undir aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn. Ef að menn nú breyta skoðun sinni eptir því sem meiri hlutinn fer fram á, sýnist mèr það bera vitni um, að þingið muni ekki glöggt eptir fyrri tillögum sínum. Hinn heiðraði framsögumaður lagði áherzlu á það, að málið skiptist í tvennt nefnilega póstferðir milli Íslands og Dan-

merkur og póstferðir í landinu sjálfu, og er það rètt í sjálfu sèr, en þar með er ekki sagt nè sýnt, að póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur snerti oss minna en hinar í landinu sjálfu. Mèr sýnist þvert á móti sá partur þess, er snertir póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur allt eins mikilvægur og áríðandi fyrir oss eins og póstgöngur í landinu sjálfu, því öllum er kunnugt, hve opt menn þurfa að senda bæði brèf, sendingar og ýmislegt, sem peningavirði er, millum Íslands og Danmerkur, og menn vita einnig, hvernig þetta hefir á stundum farið, af því ekkert eptirlit hefir verið af hálfu hins opinbera með slíkum sendingum. Af því nú að frumvarpið snertir líka þessa hlið málsins er það í öllu tilliti eðlilegast, að æðsta stjórn málefnisins verði lögð undir aðalpóststjórnina, og það verður ekki komizt hjá því að málefnið heyri undir hana að miklu leyti; eg get bent á tilfelli, sem sýna, að menn hafa beðið 40—50 rd. skaða, við að missa algjörlega muni, sem að sendir hafa verið með áreiðanlegum skipaferðum og það jafnvel með sjálfu póstgufuskipinu, en eg er viss um, að þess konar hefði aldrei fyrir komið, ef gufuskipsafgreiðslan hefði legið undir aðalpóststjórnina. Eg vil biðja hina heiðruðu þingmenn vel að gæta sín, þegar til atkvæða kemur í þessu máli, því það er eitt af hinum allra mikilvægustu málefnum landsins.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að svara hinum heiðraða framsögumanni nokkru, en víkja mèr einungis að aðalhlið málsins, nefnilega hvað snertir úrskurð í innlendum póstmálefnum. Það er í eðli sínu, að það getur verið opt mjög óhagkvæmt og á í sjálfu sèr ekki við, að úrslit allra þess konar mála sè í höndum aðalpóststjórnarinnar í Kaupmannahöfn, sem er í 300 mílna fjarlægð; eg held að ekki þurfi að fella málið fyrir þessa skuld; heldur megi ráða bót á því; með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið, í þá átt, að ekki þurfi öll íslenzk póstmálefni að leggja undir úrskurð aðalpóststjórnarinnar í Kaupmannahöfn, og get eg orðað það betur síðar; eg vil benda hinum heiðraða framsögumanni og meiri hluta nefndarinnar á þetta, hann gæti ef til vill fallizt á það. Hvað orð þau snertir, er framsögumaður vèk að mèr, þá hefir hann misskilið mig, eða eg veit ekki hvað hann meinar, (*Forseti:* Það er útrætt um þetta); eg benti að eins á málið yfirhöfuð, og skil ekki, hvernig nokkur maður með góðri samvizku getur tekið þau til sín.

Bergur Thorberg: Uppástunga hins heiðraða varaþingmanns

Strandasýslu um breytingaratkvæði við 1. grein, í þá átt, að ýms mál, er fljótan úrskurð þyrfti, ættu ekki að leggja undir úrskurð aðalpóststjórnarinnar í Kaupmannahöfn, gæti að vísu í sjálfu sèr verið hagfelld, en eg sè ekki, að slík breyting geti vel komið hèr við, því frumvarp þetta snertir að eins laun póstembættismanna, en hefir ekki það ætlunarverk að ákveða starfa þeirra eður meðferð póstmálanna. Þó álít eg ekki breytingu þessa nauðsynlega, því nákvæmari ákvarðanir um verkahring póstfulltrúans og póstmeistarans eiga heima í erindisbrèfum þeirra og í reglugjörðum, og verða þá lagaðar eptir því sem hagfelldast þykir,

Jón Pètursson: Eg verð að gjöra grein fyrir, hvers vegna eg ekki get fallizt á 1. grein frumvarpsins; allir vita, að póstmálið er eitt af málum þeim, sem heyrir undir hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn; eg man, að þegar hin íslenzka stjórnardeild var stofnuð, þótti öllum það hinn mesti vinningur fyrir Ísland, að öll mál skyldu þangað koma áður þau gengi til stjórnarráðanna, því í henni sæti kunnugri menn, og einnig væri það hentugra, að málin söfnuðust þar á einn stað, heldur en þau dreifðust víðsvegar, því þar við mundi nást meiri samstemma í stjórn landsins. Frumvarpið fer nú þar á móti fram á að taka öll póstmálefni undan íslenzku stjórnardeildinni, og skuli þau ganga beinlínis til aðalpóststjórnarinnar; eg veit ekki því menn heldur vilja fara svo með póstmálefni, en t. a. m. kennslumálefni; þau eru þó þeim mun almennari, að hver menntaður maður ber skynbragð á þau, og þarf því síður sèrlega þekkingu til landsins, til að skera úr þeim, svo vel fari; en til hins útheimtist kunnugleiki á landinu sjálfu; mèr sýnist því ekki meiri ástæða til að taka þessi málefni undan stjórnardeildinni heldur en kennslumálefnin undan cultusministeriinu. Afleiðingin af þessu getur orðið sú, að stjórnardeildin íslenzka smátt og smátt eyðileggist, þótt það engan veginn sè tilgangur frumvarpsins. Mèr er þar að auki ekki aðalpóststjórnin svo vel kunnug, að eg álíti póstmálefni vor betur komin hjá henni en hinni íslenzku stjórnardeild, því í póststjórninni eru menn, sem ekkert þekkja hèr til, en í stjórnardeildinni eru kunnugir menn; eg veit ekki hvort aðrir þingmenn kunna að vera póststjórninni betur kunnugir. Ef menn þá gefa 1. grein beinlínis atkvæði sitt, kynni það að líta svo út, sem það væri vottur um eitthvert vantraust á stjórnardeildinni, og menn álíti, að aðalpóststjórnin sè hæfari til að fjatla um póstmálefni vor en hin íslenzka stjórnardeild. Eg held að póstmálefni vor

sèu vel niður komin í hinni íslenzku stjórnardeild, eins og hingað til, og treysti eg henni til ásamt duglegum amtmönnum, að koma þeim í það horf, sem vèr köllum þolanlegt; vèr megum ekki vænta, að póstgöngur vorar komist allt í einu í bezta form. Eg get ekki fellt mig við þá uppástungu minni hlutans, að fullmektugan skuli setja í íslenzku stjórnardeildina til að ráða póstmálefnum Íslands, enda taldi hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður marga annmarka á því; eg skil sem sè ekki, hvernig menn hugsa sèr fullmektugan í stjórnardeildinni, sem standi undir póststjórninni; eg held að hann yrði sjálfsagt að standa undir forstöðumanni stjórnardeildarinnar, því hann gæti þó ekki staðið undir póstmálastjórninni, og verða þá póstmálefnin beinlínis undir stjórnardeildinni eins og þau hafa verið, og veit eg þá ekki, hvort nokkuð er unnið við að fá þenna fullmegtugan. Loksins hefir þingið aldrei verið spurt að, hvernig fyrirkomulagið á aðalstjórn íslenzkra mála ætti í Danmörku að vera; eg held, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók fram, að stjórnin geti ráðið því, án þess að spyrja þingið, þingið getur heldur ekki haft neina meining um, hvernig haga skuli síðustu úrslitum málanna í Danmörku. Það var ekki aðspurt, þegar stjórnardeildin íslenzka var stofnuð, ekki þegar hún var sett undir innanríkisstjórnina, og ekki þegar hún var flutt þaðan undir dómsmálastjórnina. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að þingið væri spurt um þetta atriði, er stæði í frumvarpsins 1. grein, sökum launanna. En ef laun þessa fulltrúa eða fullmektugs ekki eiga að berast af Íslandi, því er þá verið að spyrja þingið um þau. Eg skal að lyktum geta þess, að 1. grein frumvarpsins er ekki beinlínis lög fyrir Ísland, en það er 2. 3. og 4. grein; þingið getur að mínu áliti ekki haft fulla meiningu um, hvernig yfirstjórninni í Danmörku skuli vera hagað. Af þessum ástæðum, sem eg nú hefi nefnt, get eg ekki fallizt á frumvarpsins 1. grein.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar eg lít á póstmálið yfir höfuð, finnst mèr í því vera 2. aðalatriði. Hið fyrra er það, hvort vèr sannlega þurfum umbóta á póstgöngum í landinu, og hvort málið sè svo áríðandi, að vèr eigum að leggja nokkuð í sölurnar til þess að fá breytingu á því. Eg get ekki verið samdóma hinum heiðraða framsögumanni í því, að fjölgun póstferðanna, eins og ætlazt er til að þær verði, sè svo lítils verð, að vèr ekki eigum neitt til þess að vinna; hann veit það allt eins vel og eg, að póstgöngur og milliflutningar alstaðar eru taldir eitt hvert hið mest áríðandi

atriði til framfara hvers lands sem er og er því ekki spurning um, að þingið á að gjöra allt sem í þess valdi stendur, til að bæta póstgöngurnar, því máli þessu er næsta mjög ábótavant hèr á landi. Hið annað atriði er, hvort að vèr við 1. gr. frumvarpsins verðum svo líkir við Dani, að það seinki fyrir stjórnarbótinni, og vèr jafnvel enga stjórnarbót getum fengið. Það er búið að taka það fram, að þessi grein málefna vorra heyrir undir úrskurð stjórnarinnar eins og aðrar, og verðum vèr því ekki meir bundnir við þetta; það er hreinn misskilningur að halda það. Ef menn fylgja hinum heiðraða framsögumanni, væri það til þess að hripsa til sín eina grein stjórnar lands þessa, sem vèr nú eigi ráðum í framar en í öðrum málum; en eg get ekki sèð, að þetta mál verði þannig rifið út úr samanhengi sínu; eg held, að það verði að fylgja stjórnarbótinni í heild sinni. Eg get ekki sèð, að póstmeistarinn í Kaupmannahöfn, hvort sem hann er í aðalpóstmálastjórninni eða stjórnardeildinni íslensku geti verið til fyrirstöðu, því stjórnin hefir sjálf sagt, að þetta skuli einungis vera fyrst um sinn (*Arnljótur Ólafsson:* Hvað lengi) þangað til stjórnin kemst á (*Arnljótur Ólafsson*: Takk.) Ef vèr fylgjum skoðun framsögumanns, að þetta tálmi stjórnarbótinni, þá vil eg spyrja hann, hvort vèr gjörum nokkuð stig til að fá hana með því að fella 1. gr. frumvarpsins; það er búið að taka það fram, að stjórnin getur sett fulltrúann hvort sem er. En ef vèr sleppum 1. gr. á stundum allt að liggja laust, eins og stjórnin þó ekki geti sett hann, allir sjá að þetta er hvað á móti öðru. Því þó vèr fáum stjórnarbót verðum vèr þó allt af í sèrstaklegu sambandi við Danmörku í þessu efni, því póstskipsferðirnar millum Íslands og Danmerkur verða að standa í sambandi við póstgöngurnar á Íslandi; það er því ekki til neins að hripsa til sín stjórn á því, er snertir hinar innlendu póstgöngur, en fleygja hinu. Ef Íslendingar ekki vildu skipta sèr af póstskipsferðum, gæti svo farið, að Danir kærðu sig heldur ekki um að skipta sèr af þeim. Mèr finnst mál þetta svo lagað, að þingmenn verði að játa, að það sè mjög áríðandi, og þá eigum vèr ekki að hanga í smáatriðum, sem geta skemmt fyrir oss og ónýtt málið með öllu.

Konungsfulltrúi: Hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem áðan talaði, sagði, að það lýsti vantrausti til íslenzku stjórnardeildarinnar, að hinn umræddi skrifstofufulltrúi ekki fengi að eiga þar heima, en þessu verð eg að mótmæla. Það liggur beinlínis í hlut-

arins eðli, að þessi maður er haganlegast settur í aðalpóststjórninni, og hinn heiðraði þingmaður sýndi líka fram á það í ræðu sinni, að þetta er rètt skoðun, því hann tók fram annmarkana, sem á því væru, að hann væri skipaður undir íslenzku stjórnardeildinni.

Jón Hjaltalín: Þó eg áður hafi verið í póstnefnd með hinum háttvirta framsögumanni, þá get eg samt ekki að þessu sinni alveg verið á sama máli og hann. Því verður ekki neitað, að póstgöngurnar hjá oss eru mjög svo óreglulegar; það er víst óhætt að fullyrða, að brèf sökum þess opt og tíðum glatast. En verra er það þó, að þetta skuli eiga sèr stað á gufuskipinu sem fer póstferðir milli Íslands og Danmerkur. Eg get með vitnum sannað, að brèf til mín og annara hafa þar verið rifin upp, og það í nærveru þess manns, er sendur var að sögn af stjórninni. Þetta hefi eg klagað bæði fyrir íslenzku stjórnardeildinni og utanríkis ráðaneytinu, en hefi ekki verið virtur svars. Úr því eg hefi hreift þessu máli, þá mun eg ekki hætta við það að svo stöddu. Það er annars hart, þegar maður kemur brèfum sínum með reglulegri póstskipsferð, að þau þá ekki skuli vera friðhelg. Það er heldur ekki gott merki, þegar föt týnast, eins og þingmaður Gullbringusýslu gat um, sem send eru með póstskipinu. Þetta allt er dæmi upp á, að póstgöngurnar hjá oss þurfa endurbóta við. Þegar eg var í Höfn 1852 þá var því hreift af háttstandandi íslenzkum embættismanni við aðalpóststjórnina, að hún tæki að sèr, að koma hinu íslenzka póstmálefni í betra horf. Síðan hefi eg ekkert heyrt um þetta mál fyrr en nú. Eg er sannfærður um, að póststjórnin í Danmörku er hin bezta, því hún er skipuð hinum ágætustu mönnum; það sýna og hinar miklu tekjur, sem eru af þessari stjórn; eg er því sannfærður um, að oss væri það til mikils góðs, að komast í samband við hina dönsku aðalpóststjórn. Annað væri, ef þetta yrði til þess að hamla stjórnarbótarmálinu, en eg ímynda mèr bæði og vona, að þessi tvö mál aldrei komi í hár saman. Eg lýsi því þess vegna yfir að eg halla mèr að minni hluta nefndarinnar, og vona að þingið fallist á álit hans í málinu.

Bergur Thorberg: Það gleður mig, að vísu, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hallast að áliti minni hluta nefndarinnar í máli þessu. En eg skal leyfa mèr að benda á, að það kemur ekki þessu máli við, þó rifið hafi verið upp brèf til hans, sem einhver einstakur maður kann að hafa haft meðferðis; af slíkum brèfum

hefir póststjórnin enga ábyrgð, en þetta hefir aldrei átt sèr stað og ekki getað átt sèr stað með þau brèf, sem send eru á stjórnarinnar vegum, því enginn á gufuskipinu hefir aðgang að þeim og þau eru í lokuðum umbúðum. Viðvíkjandi því, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður gat þess, að aðalpóststjórnin ekki væri eins kunnug þessum málum, eins og hin íslenzka stjórnardeild, skal eg geta þess, að þetta er að vísu satt, en á þessu verður ráðin bót með því, að hèr er einmitt verið að ræða um að skipa mann í aðalstjórnina, sem kann íslenzku og þekkir ástandið hèr á landi, svo að í þessu tilliti getur enginn ókunnugleiki orðið til baga, heldur má miklu fremur ætla, að þessi embættismaður yrði vel fær í þeirri grein, er póstmálefnin snertir, með því hann gæti lagt allan huga á þau mál. Að þessi breyting frá því sem nú er lýsi vantrausti á íslenzku stjórnardeildinni, nær engri átt, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram; það sem hèr er um að gjöra, er að aðalpóststjórnin hlýtur í þessu máli að hafa meiri reynslu og meiri krapta en íslenzka stjórnardeildin, sem á svo mörgum öðrum málum að sinna. Hinum 5. konungkjörna þingmanni þótti og óeðlilegt, að þingið væri spurt um fyrirkomulag Þessa máls, með því það snerti yfirstjórn landsins í Danmörku, og slík mál væru eigi vön að koma undir álit alþingis, en það er einmitt ekki um fyrirkomulag málsins sem þingið er spurt, og þess þarf stjórnin eigi heldur við, um það getur hún fyrirskipað upp á sitt eindæmi, en hjer er verið að ræða um laun handa nýjum embættismanni, og um þetta atriði er þinginu gefinn kostur á að segja álit sitt. Þetta frumvarp verður einnig lagt fyrir ríkisþingið, og því er nauðsynlegt, að þessi 1. grein frumvarpsins sè í því, þó hún snerti eigi embætti hèr á landi. Ef nú þingið eigi fellst á 1. greinina í frumvarpinu, þá er hætt við, að það mundi gjöra stjórninni ýmsa örðugleika, því þá gæti verið, að ríkisþingið yrði tregt á að veita það fè, sem alþingi hefði ráðið frá að til yrði lagt. Eg álít þess vegna, að það sè mjög varúðarvert fyrir þingið að fella 1. grein frumvarpsins, því það gæti haft óþægilegar afleiðingar. Að endingu skal eg geta þess, að eg er samdóma hinum 5. konungkjörna þingmanni í því, að það eru vankvæði á því að skipa mannin í hina íslenzku stjórnardeild, þegar málið að öðru leyti heyrir undir aðalpóststjórnina.

Stefán Eiríksson: Þó eg nú standi upp, þá ætla eg ekki að tala neitt um það sèrstaklega í máli þessu, en af því hinn 5.

konungkjörni þingmaður sagði í ræðu sinni áðan, að þingmenn mundu ekki hafa svo ljósa hugmynd um þetta mál, að þeir í því gætu greitt atkvæði, þá finn eg mèr skylt að láta þingmanninn vita, að eg, þegar til atkvæðanna kemur, ætla nú að fallast á minni hlutann. Mèr finnst nú, að hèr komi fram að eins tvær skoðanir í nefndarálitum þessum; meiri hlutinn byggir skoðun sína á því, að stjórnin með þessu fyrirkomulagi bindi enn fastari þann stjórnarhnút, sem við viljum fá leystan, með því að láta aðalstjórn póstmálanna vera undir hinni dönsku póststjórn í Kaupmannahöfn. En minni hlutinn skoðar nú mál þetta á þann veg, að yfirstjórn póstmálanna einungis heyri undir hina dönsku póststjórn þangað til stjórnarbótarmálið sè útkljáð, og eptir ástæðunum í frumvarpinu, er ekki að sjá, að stjórnin ætli að halda þessu fyrirkomulagi nema fyrst um sinn, og mèr finnst líka eins og minni hlutinn hefir tekið fram, að mál þetta hljóti að koma til greina jafnframt stjórnarbótarmálinu og þá fyrst ætti að leysa þann hnút, sem stjórnin nú fram býður; en verði málið nú við tekið á þingi eptir áliti meiri hlutans, þá getur málið dregizt í mjög langan tíma enn, og eptir þeim áhuga, sem þingið hefir haft í þessu máli áður, samkvæmt þörfum og óskum landsmanna, þá álít eg, að við ættum þó ekki að kasta þessu tilboði stjórnarinnar. Eg fyrir mitt leyti get ekki álitið, að stjórnarbótin sè svo nærri, að við nú ættum þess vegna að kasta þessu máli á frest, við höfum svo lengi þráð eptir umbættu fyrirkomulagi á póstgöngunum, að við ættum að gera allt hvað við getum til þess, að þær kæmust í betra horf.

Jón Hjaltalín: Eg stend einungis upp til þess að fyrirbyggja, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður misskilji mig. Það voru engan veginn mín orð, að kenna stjórninni um, að ýms brèf hefðu verið rifin upp. Eg mæli með fram fram með frumvarpinu til þess að fyrirbyggja, að slíkt optar geti að borið, af því eg er sannfærður um, að póstmálastjórnin lætur eigi slíkt viðgangast þar sem hún a um að ráða. Að öðru leyti hefði eg búizt við, að íslenzka stjórnardeildin mundi hafa látið rannsaka það mál, sem eg áðan gat um, og þó það ekki hafi verið gjört, skal eg samt ekki kasta á hana þungum steini fyrir það. Eg vona að þingið lái mönnum ekki, þó menn grípi til allra þeirra meðala, sem menn ímynda sèr, að muni bæta úr póstgöngunum hjá oss. Jafnvel þó eg sjái, að þetta hljóti að hafa töluverðan kostnað í för með sèr, bæði fyrir hvern einstakan mann og landið yfir höfuð, þá kýs eg

miklu heldur þessi útgjöld, en það, að hin gamla óregla í póstmálefnum vorum viðhaldist.

Framsögumaður: Mèr þykir æði mikill misskilningur vera kominn fram hjá sumum þingmönnum á ágreiningnum milli meiri og minna hlutans í þessu máli. Sumir halda, að meiri hlutinn vilji alveg fella málið, af því hann vill fella 1. grein lagafrumvarpsins, sumir hafa brugðið mèr um, að eg gjörði lítið úr þeim endurbótum, sem á mundu komast, þegar málið væri komið í kring. En þetta allt er eintómur misskilningur, því 2. gr. tiltekur hver stjórn á málum eigi að vera hèr innanlands. Munurinn, sem er á meiri og minni hlutanum, er því þessi, að meiri hlutinn vill ekki hafa neinn póstembættismann í Höfn heldur einungis hèr á landi. Það er aðgætandi, að í þessu frumvarpi er ekkert talað um fyrirkomulagið á póststjórninni nema í ástæðunum, en hver sem þekkir frumvarpið til reglugjörðarinnar, hann skilur greinina í þessu frumvarpi. Í 1. grein reglugjörðarinnar stendur, að þessi fulltrúi eigi að vera í aðalpóststjórninni í Höfn, til þess að dæma um innlend póstmál hèr og í næstu greinum reglugjörðarinnar er skýrt frá því, að aðalpóststjórnin í Kaupmannahöfn eigi að hafa á hendi alla yfirstjórn yfir póstmálefnum vorum. Annað mál væri, ef hèr hefði einungis verið að ræða um póstgöngur milli Íslands og Danmerkur Hinn 6. konungkjörni þingmaður fór svo langt í misskilningnum, að hann sagði, að meiri hlutinn vildi hripsa málið úr höndum Dana. Veit hann þá ekki svo mikið, að bæði stiptamtmaður og fógeti hèr í Reykjavík, hafa alla póstafgreiðsluna á hendi og aðra stjórn póstgangnanna? Reikningarnir eru reyndar sendir til Danmerkur til að endurskoðast þar. En sama er að segja um prentsmiðjuna; stjórn hennar er hèr í landinu, þótt reikningar hennar sè endurskoðaðir í Danmörku. Eg tek það upp aptur, að þó 1. grein frumvarpsins sè felld, þá er það ekkert til óhagnaðar fyrir póstgöngurnar hèr á landi, heldur þvert á móti til hagnaðar fyrir þær. Mismunurinn er einungis þessi, að eptir meiri hlutanum hefir póstmeistarinn í Reykjavík á hendi alla umsjón með hinum íslenzku póstmálefnum, en eptir minni hlutanum er það aðalpóststjórnin í Höfn, sem hefir þessa umsjón á hendi, enda þótt hún þekki lítið til. Enn fremur vill minni hlutinn hafa tvo launaða póstembættismenn, en meiri hlutinn einungis einn launaðan póstembættismann hèr í Reykjavík; sömuleiðis vill minni hlutinn, að aðalpóststjórnin í Höfn hafi á hendi alla stjórn póstmálefna hèr á landi;

þar á móti vill meiri hlutinn að öll stjórn á póstmálefnum vorum sè innlend. Eg get nú ekki betur sèð, en að það sè hrein mótsögn við hina fyrirhuguðu stjórnarbót, að vilja kasta allri stjórn póstmálefna yfir á aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn.

Ásgeir Einarsson: Hinn 4. konungkjörni þingmaður gat þess, að breytingaratkvæði yrði ei komið við, og getur það vel verið; viðvíkjandi skjalinu, sem talað var um, að konungsfulltrúi hefði lèð nefndinni, skal eg geta þess, að eg hefi ekki sèð það. Mín meining er, að engin sú breyting sè lögð í frumvarpið, sem hindri það, að póstmálinu reiði vel af. Þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður gat þess, að þetta mundi verða til þess að eyðileggja íslenzku stjórnardeildina, þá getur nú það verið svo; en eg vil geta þess, að þó einn embættismaður sè duglegur í einni stöðu, þá er ekki víst hann sè það í annari. Póstmálin eru einmitt þess eðlis, að þau þurfa snarprar afgreiðslu við, og er því hentugt að sá, sem stendur fyrir þess konar málum, sè starfsamur og ötull maður. Meiri hlutinn verður að sýna, að þessi maður sè óþarfur, en þetta hefir hann ekki gjört. Framsögumaður hefir rètt að mæla, er hann segir, að það sè ófært að demba öllu yfir til Danmerkur; það sem eg gjöri mest úr, er að fá fljóta og rètta framkvæmd í þessum málum; eg vil heldur duglegan danskan embættismann, en óný̆tan íslenzkan, ef ekki er annars kostur; það sem hèr ríður á er fljót og regluleg framkvæmd í þessum málum, þess vegna er það rètt samliking að líkja póstgöngunum saman við æðarslögin í líkama mannsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg misskildi engan veginn orð framsögumanns; því að hann verður sannlega að gjöra greinarmun á póststjórn og póstafgreiðslu; því að það er sitt hvað; því að þótt póstafgreiðslan sè hèr á landi, þá er þó yfirstjórnin í Kaupmannahöfn. Eg veit ei til, að amtmenn hèr geti t. a. m. fjölgað póstferðunum upp á sitt eindæmi. Yfirstjórnin er, sem sagt, hjá ráðgjafanum í Höfn.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki tala neitt um 1. grein, því eg get ekki bætt neinu við ástæður minni hlutans í því efni. Eg vildi einungis gjöra breytingaratkvæði við launa-upphæðina. Stjórnin ætlast til, að Íslendingur sem þekki vel til málanna, verði settur í embættið. Mèr finnst það of lítið, að hann byrji með 800 rd. Eg ímynda mèr, að hann máske ekki verði ungur, þegar hann kemur í embættið, og þar að auki ef til vill kvæntur, og verði það Ís-

iendingur, hefir hann líklega lítið annað að styðjast við. Eg sting því upp á, að hann verði látinn byrja með 1000 rd. sem aukist um 100 rd. 5. hvert ár unz launin eru orðin 1200 rd.

Jón Pèturssson: Þingmaður Strandasýslu hefir misskilið mig; eg talaði aldrei, að það væri vanvirða fyrir þingið, að stjórnin spyrði það um, hvernig yfirstjórnin í Danmörku á póstmálefnum Íslands skyldi vera. Eg skal og einnig geta þess, með tilliti til þess, sem 2 þingmenn hafa sagt, að eg aldrei hefi sagt, að í sjálfu frumvarpinu lægi vantraust á íslenzku stjórnardeildinni; en eg áleit, að þingið eigi gæti vel gefið atkvæði sitt fyrir því, að póstsmálefni Íslands væru tekin frá henni, ef það treysti stjórnardeildinni, eður með öðrum orðum, ef það ekki vantreysti henni, til að koma þeim í þolanlegt horf.

Ásgeir Einarsson: Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefir misskilið mig; eg hermdi aldrei upp á hann þau orð, að hann hefði sagt það væri vanvirða fyrir þingið, heldur sagði eg það, væri ekki vanvirða fyrir þingið.

Sveinn Skúlason: Af því að eg er einn í meiri hlutanum, verð eg að tala fáein orð, og geta þess fyrst, að mèr finnst stefna hans öldungis eðlileg og samkvæm því, hvernig málin nú standa milli vor og Dana. Þingið ætti ekki að stuðla að því, að binda nein bönd, sem ómögulegt yrði ef til vill aptur að leysa. Það er spádómur, sem kom fram, einkum hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að það sè sjálfsögð framför, eða að póstgöngurnar komist í betra horf fyrir það, þótt þær verði lagðar undir aðalpóststjórn í Kaupmannahöfn samkvæmt frumvarpinu. En hitt er enginn spádómur, heldur vissa, að það er stjórnleg apturför, því hèr er talað um að leggja þau mál, sem hingað til legið hafa undir íslenzka embættismenn, undir Dani. Það er því gagnstætt því, sem hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður tók fram, að þetta væri að hripsa frá Dönum; því þetta er einmitt að hripsa frá íslenzkum embættismönnum; og kasta undir alveg danska embættisstjórn (*Halldór Kr. Friðriksson:* Nei) þingmaðurinn getur ekki sagt nei við því. Það sem helzt ætti að mæla með frumvarpinu og áliti minna hlutans, er það, að póststjórnin í Danmörku hefði svo nákvæman kunnugleika til póstmála yfirhöfuð, að þetta yrði að verða til framfara; en eg get ekki skilið, að sú póststjórn geti haft svo nákvæman og sèrstaklegan kunnugleika hèr á landi, sem nauðsynlegt er; og þótt íslenzkur maður, er vel þekkti til póstmála hèr,

væri í henni, þá mundi hann ekki geta upplýst hana svo, að hún yrði færari en íslenzkir embættismenn í landinu sjálfu, til að haga sem bezt hverju smámáli, sem fyrir kæmi. Það er eins og frumvarpið og minni hlutinn sameiginlega stefni að því að koma öllum málum út yfir pollinn, svo að það er engan veginn ófyrirsynju sagt af meiri hlutanum, að það er og aðgætandi, hvílíkt samband sè milli þessa máls og fjárhagsmálsins og stjórnarbótar og jafnvel tollmálanna, er felld voru um daginn. Það er stjórnarlegt samband milli þessara mála allra, og er mikið undir því komið, að þingið sè sjálfu sèr samkvæmt, og hafi sömu stefnu í öllum málunum. Ábyrgðarhluti sá, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður talaði um, er ekki svo mikill, sem hann sagði, þótt 1. grein frumvarpsins sè felld, og ímynda eg mèr ekki, að það verði málinu til neinnar tálmunar; því fyrst og fremst er engin ástæða til að halda, að stjórnin eigi haldi málinu sjálfu fram jafnkappsamlega fyrir því, þótt þessi grein sè felld, eða að hún eigi vilji flýta fyrir þeirri nauðsynlegustu hlið málsins, sem er að fá póststjórn og auknar póstgöngur í landinu sjálfu, eins fyrir það. Þar næst sýnir þingið með því samkvæmi við sjálft sig, án þess að nokkur tálmun sè lögð fyrir aðalmálið sjálft. Því getur þó enginn neitað, að með því að aðhyllast frumvarpið og álit minni hlutans, látum vèr beinlínis úr hendi oss umráð þeirra mála, sem vèr höfum áður haft; því það eru full umráð, sem hinir íslenzku amtmenn, og hin íslenzka stjórnardeild hefir haft yfir þeim málum. Það dregur ekki úr þeim umráðum, þótt reikningarnir sèu, eins og þingmaður Gullbringusýslu sagði, endurskoðaðir í Kaupmannahöfn, enda hefir hinn háttvirti framsögumaður svarað því að mig minnir.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þar næst kemur sömuleiðis til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um frumvarp til *opins brèfs fyrir Ísland,* er skipar fyrir um *ýmislegt, er snertir póstgöngur.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, sem mun lesa nefndarálitið, og skýra málið eptir því sem þörf er á.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 379.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir þá einnig í þessu máli gengið í 2 sveitir, þar sem meiri hluti nefndarinnar hefir ráð-

ið frá, að frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur, verði gjört að lögum, og get eg ekki dulizt þess, að ástæður þær, er hèr hafa ráðið, eru að mínu áliti hvorki sannfærandi nè eiga við. *Meiri hlutinn* hefir *tekið fram,* að ákvarðanir frumvarpsins sèu æði *margbrotnar,* og að *skipaferðir hafna á milli sèu hèr* svo fáar, og að pósthús verði ekki höfð á nærri öllum verzlunarstöðum; en þó þessar ákvarðanir, eins ognú stendur kunni að hafa litla þýðingu, þá getur þetta breyzt, þegar frá líður, og það eru líkindi til, að svo verði, og því eru ákvarðanir þessar ekki óþarfar, og allra sízt þurfa þær að aptra frá því að *aðhyllast* frumvarpið, eins og líka minni hlutinn hefir ljóslega tekið fram. Að það yrði *fjarskalega óvinsælt*, að póststjórnin eptir 4. grein fái einkarètt til að senda öll skrifuð skjöl frá Íslandi til annara landa, og að afbrigði frá því skuli valda sektum, get eg ekki skilið, að sè á ástæðum byggt, með því líka þetta einkaleyfi nær að eins til brèfa og skjala, en ekki til böggla eða annara slíkra sendinga, og að öðru leyti liggur það í hlutarins eðli, að slík ákvörðun er alveg rètt, auk þess að hún er það líka í tekjulegu tilliti, og að öðru leyti er hún nauðsynleg afleiðing af því nýja fyrirkomulagi, sem ekki getur komizt á, nema því að eins, að ýms bönd, sem menn ekki vissu hingað til af að segja, eigi sèr stað. Yfir höfuð er frumvarp þetta um nýtt og fullkomnara fyrirkomulag á póstgöngum hèr á landi svo umvarðandi, og hefir lengi verið álitið nauðsynlegt, að eg vona, að þingið fyllilega viðurkenni, að ekki sè bandandi hendinni á móti svo mikilvægri rèttarbót, heldur að henni eigi að taka fegins hendi, og að þingið eigi að styðja hana með sínum góðu tillögum og undirlekt, og þar sem minni hlutinn hefir tekið þessa stefnu í málinu, og að því er mèr virðist fært ljósar ástæður fyrir því, að þingið eigi að aðhyllast frumvarpið með þeim fáu og engan veginn verulegu breytingum, sem hann hefir stungið upp á, vona eg að þingið aðhyllist frumvarpið, annaðhvort eins og það liggur fyrir í heild sinni, eða þá með breytingum þeim, sem minni hlutinn hefir stungið upp á; því ef frumvarpinu yrði hafnað, yrði eg að telja það mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla nú ekki að tala margt, fremur í þessu máli en hinu síðasta, og ekki leggja þungan dóm á nefndina fyrir meðferð hennar á málinu. En eitt ætla eg að taka fram, og það er, að mèr þykir nefndin hafa tekið of

lítið tillit til bænarskránna, er komu til þingsins og nefndinni voru faldar, málið áhrærandi eða málinu mjög náskyldar. Það sèst að vísu af álitsskjali nefndarinnar, að hún kannast þó við að hafa veitt móttöku þessum bænarskrám, en hitt skyldu menn ætla, að hún hefði ekki lesið þær yfir, enda ímynda eg mèr, að þær sèu þingmönnum yfir höfuð lítt kunnar. Eg vil nú nefna eitt atriði, sem stendur í annari bænarskránni áhrærandi samning þann, sem gildir um gufuskipsferðirnar milli Íslands og Danmerkur. Þar er kvartað um, að hann sè óhagfelldur, og eg er á sama máli, því eg skoða póstskipsferðirnar svo, að þær eigi að vera landinu í hag, en ekki Dönum eingöngu, eða hinni dönsku stjórn; því þótt kostnaðurinn af þeim eigi sè til færður meðal útgjalda Íslands, er þó svo að ráða af fjárhagsfrumvarpinu, að stjórnin álíti þenna kostnað sama eðlis og kostnaðinn til hinnar íslenzsku stjórnardeildar, og að hann þannig komi niður á landinu, eða verði færður því til reiknings þegar fram líða stundir. Mèr skilst því ekki betur, en að málið komi þinginu beinlínis við, og að það eigi að gefa því sèrlegan gaum, hvernig gufuskipsferðunum milli Íslands og Danmerkur er hagað. Eg sagði áður, að samningurinn væri mjög óhagfelldur, og það get eg sannað. Skipið kemur eins og allir vita seint á vorin, og eg get fullyrt það fyrir norðan land og öll þau hèruðin, sem fjærst liggja Reykjavík, að á sama má standa með allar ferðirnar, nema einungis þá fyrstu; á henni ríður mönnum mest, þá þurfa flestir að koma brèfum sínum og fleiru með því. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður benti á, hvað illa hefir gengið með brèfasendingar með póstskipinu, og skal eg ekki fjölyrða um það. Þegar póstskipið kemur svo seint á vorin, eins og ráð er fyrir gjört í áætluninni við póstskipssamninginn 13. febr. 1863; eptir þessu fyrirkomulagi verður ekkert gagn að því að skrifa á haustin með póstskipinu, því svör upp á haustbrèfin geta ekki komið til norðurlands fyrr en með miðsumarskipum og liggur það í augum uppi, hvern óhagnað af slíku getur leitt fyrir landsbúa yfir höfuð. Eg fann mèr skylt að hreifa þessu máli sem nefndin hafði svo óforsvaranlega stungið undir stól, ef einhver þingmanna vildi gjöra þar að lútandi uppástungu. En ella mun eg sjálfur áskilja mèr viðauka-atkvæði við frumvarpið í þá stefnu.

Konungsfulltrúi: Það sem hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyjarsýslu talaði um viðvíkjandi samningnum milli stjórnarinnar og útgjörðarmanna gufuskipsins, kemur reyndar ekki þessu máli

við, en sýnir þó ef til vill að öðru leyti, að það er æskilegt, að betra skipulag, en nú er yfir höfuð á póstgöngunum, komist á, og til þess miðar stjórnarfrumvarpið. Gufuskipsferðirnar milli Danmerkur og Íslands eru svo verulegt atriði í málinu, að það hlýtur að koma undir yfirvegun og takast með, þegar hið nýja fyrirkomulag kemst á. Hinn sami heiðraði þingmaður minntist einnig á, að póstskipið hefði seinustu árin komið miklu seinna að vorinu, en eptir samningnum hefði átt að vera; þetta er satt, en það var að kenna kringumstæðum, sem útgjörðarmenn skipsins ekki voru sjálfráðir um, stríðinu í fyrra, og ísalögum næstliðið vor, og sjá allir, að það væri ósanngjarnt að kenna hlutaðeigandi skipstjórum um þetta, sem þeir ekki gátu með neinu móti að gjört.

Hinn sami þingmaður tók það líka fram, að nefndin hefði í áliti sínu ekki haft neina hliðsjón af eða tillit til þeirra bænarskráa, sem hann hefði haft meðferðis og fengnar hefðu verið nefndinni, en þar til liggja víst þær orsakir, að nefndin hefir ekki getað samrýmt þær við stjórnarfrumvarpið, og því verður nefndinni ekki kennt um þetta atriði.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr virðist sök nefndarinnar meiri, eptir því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, því hafi nefndin ekki getað komið þessu atriði við í sjálfu álitsskjali sínu, þá átti hún að taka það sèrstaklega til greina, og úr því nefndinni voru á hendur faldar þessar bænarskrár, átti hún samkvæmt skyldu sinni annaðhvort að lýsa því yfir, að þær væru óhafandi, eða taka þær til greina, en ekki stinga þeim þegjandi undir stól. Eg skal og geta þess, að það var ekki meining mín, að fá mèr til orða, þótt póstskipið kæmi seint í vor, því til þess voru víst sèrstaklegar orsakir, en eg lagði alla áherzluna á hitt, að eptir samningnum kemur skipið of seint á vorin. Að það kom seint í vor, var eðlilegum tálmunum að kenna, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram. Eg tek það upp aptur, að eptir samningnum er skipinu ætlað að fara of seint frá Kaupmannahöfn, þar sem það á ekki að fara fyrr en 20. marz af stað. Það getur vel verið, að það komi í tækan tíma fyrir Reykjavíkurbúa og verði þeim að fullu gagni, en það gagnar ekki hinum fjærliggjandi hèruðum landsins; áður voru landsmenn yfir höfuð miklu ánægðari, þegar póstskipið var seglskip, því þá kom það fyrr á vorin, eptir því sem mèr hefir verið frá skýrt.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fullyrða það, hvort eg hafi

getið rètt til um nefndina, hvers vegna hún ekki hafi tekið þær umræddu bænarskrár til greina, en mèr þótti sú af mèr tilgreinda ástæða sennileg. Það er kunnugt, og það veit líka hinn heiðraði þingmaður af reyndinni, að nefndunum í málunum opt eru fengnar bænarskrár, sem að vísu eru samkynja, en ómögulegt að finna handa þeim einn og sama nefnara, og þetta held eg hafi átt sèr hèr stað. Það sem hinn heiðraði þingmaður sagði um það, að gufuskipið færi of seint frá Kaupmannahöfn fyrstu vorferðina, sem eptir samningnum nú er 20. marz, er á rökum byggt, því á þeirri ferð ríður mjög mikið, einkum fyrir þá, sem búa í fjarlægð við Reykjavík, en þessi ákvörðun er þá heldur ekki nema fyrir stundarsakir, og stendur því til umbóta.

Framsögumaður: Eg kann hinum hæstvirta konungsfulltrúa þakkir fyrir, að hann bar hönd fyrir höfuð nefndarinnar, að því er bænarskrárnar snertir, og það kom af sömu ástæðum, sem hann tók fram, að nefndin ekki tók bænarskrárnar til greina, með því að þær lágu fyrir utan málið, enda var nefndinni ekki skylt að taka bænarskrárnar til greina fremur en hún gat, og til þess eru nefndir ekki skyldar yfir höfuð. Þingið rèði því sjálft, hvort það vildi fela nefndinni bænarskrárnar eða þá sá þeim niður í einhverjum grasgarði sínum.

Eg verð nú að víkja nokkrum orðum að málinu sjálfu. Fyrsti kafli frumvarpsins (1—3 gr.) hljóðar um brèfasendingar og blaða einkum með skipum hèr hafna á milli. Meiri hlutinn áleit, að þessar ferðir væru mjög fáar, og ekki neinar, nema sem lausakaupmenn færu, og að helzta og lengsta ferðin væri hèðan á Ísafjörð. Eg man ei neinar slíkar ferðir hafna á milli fyrir norðan, því eg tel ekki milliferðirnar frá Hólanesi á Borðeyri eða frá Hofsós á Sauðárkrók. Minni hlutinn játar nú, að þessar milliferðir sèu litlar, en heldur þeim þó vegna þess, að landið ella mundi missa af fè handa póststofnuninni. Þetta virðist nú vera hvað móti öðru, því ef milliferðirnar eru litlar, þá verður lítið sent með þeim, og þar af leiðandi lítill burðareyrir. En gái menn nú að frumvarpi því, er samþykkt var hèr á þingi 1861, þá komast menn að raun um, að í því frumvarpi, sem bráðum mun verða að lögum, er enginn skyldaður til að senda brèf sín og sendingar með pósti, heldur mega menn senda þau með hverjum sem vill; og þar eð sú ákvörðun er til, þá geta allir sent með hverjum, sem þeir vilja, þó þetta lagaboð komi út. Menn geta sent með póstinum á skip-

unum, en menn geta líka sent með þeim utanpósts. Eg er viss um, að ef einhver á kunningja á skipinu, þá kýs hann heldur að senda brèf sitt með honum gefins, en að koma því á póstinn á skipinu fyrir kaup. Annar kafli frumvarpsins er 4—6 grein; það er auðvitað, að meiri hlutinn gat ekki fallist á hann, af því að hann vildi ekki ákveða um póstferðir milli Íslands og Danmerkur. Þar sem meiri hlutinn segir, að slík ákvörðun, sem gjörð er í þessum kafla frumvarpsins, mundi verða óvinsæl hèr á landi, þá verð eg að vera fastur á því, að svo muni verða. Menn vita að landsmenn geta nú og hafa jafnan getað sent brèf með póstskipinu og öðrum skipum til Danmerkur fyrir ekki neitt; en nú verða þeir eptir þessum ákvörðunum skyldir að borga undir þau, og þetta er sá dilkur, sem 1. gr. dregur eptir sèr, og meiri hlutinn nefndi. Nú verða álögur lagðar á hvern þann, sem nota vill póst milli landa. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og minni hlutinn eru á þeirri skoðun, að einkarèttindin sèu ekki þungbær, þar þau snerti brèf en ekki böggla; þá skal eg geta þess, að það er eins í Danmörku; einungis er hèr í frumvarpinu gjörð undantekning með peninga og seðla, og þarf ekki svo mjög að þakka það. Þriðji kafli frumvarpsins, eður 7. grein hljóðar um skyldur landsbúa að hjálpa póstunum. Það er nú að vísu góð grein í sjálfu sèr, en hún er eigi hèr þörf, og því ekki nauðsynlegt að gjöra hana að lögum, með því póstar hafa ekki enn haft ástæðu til að kvarta í því efni. Þetta frumvarp stendur og fellur með 1. grein launafrumvarpsins, er aðalskoðunarmunurinn reis af milli meiri og minni hluta nefndarinnar.

Bergur Thorberg: Eg vil geta þess, að sú skoðun er ekki rètt hjá þingmanni Suðurþingeyinga, að búið sè að gjöra að fastri reglu, að láta póstskipið fara svo seint á stað, eður að það sè orðin regla, að ferðirnar byrji ekki fyrri en 20. marzm. í staðinn fyrir 1. marz. Það eru hindranir, sem hafa valdið því, að skipið 2 síðustu árin hefir komizt svo seint á stað, og þessar hindranir hafa verið áður nefndar. Þegar nú þessar hindranir hafa komið fyrir, þá hefir áætluninni um gufuskipsferðirnar, sem hefir verið búið að gjöra áður, verið þannig hagað, að hún stæði heima við sjálfar ferðirnar. Þetta hlýtur að vera mönnum hèr á landi kunnugt; það væri til lítils þó ákveðið væri í áætlun, að skipið ætti að fara 1. marz, þegar óviðráðanlegar hindranir, stríð og ísalög, hindra skipið frá að fara fyrri en seinast í marz eða fyrst í apríl. Með tilliti til skoðunar

minni hlutans, skýrskota eg til álitsskjals hans. Eg get ekki gjört eins lítið úr skipaferðum, eins og hinn háttvirti framsögumaður og meiri hlutinn hefir gjört, því hann hefir að minni ætlun gjört oflítið úr þeim. Það eru nokkrar ferðir hafna á milli hèr á landi, og margar ferðir milli Íslands og Danmerkur, og það er sannarlegur hægðarauki að geta snúið sèr til póstafgreiðslumanns með brèf sín, í stað þess að verða að fara til skipstjóra, og er þá og miklu meiri vissa fyrir, að brèfin komi til skila, þegar þannig er tilhagað. Sá kostnaður við brèfasendingar, sem einkarètturinn hefir í för með sèr, er ei mikill, og hann er þar að auki eðlilegur, og það er mitt álit, að vissa fyrir því, að brèfið komist til góðra skila, sè meira verð en það, sem borgað er undir brèfið. Undantekningin í 2. kafla 4. gr. gætir allrar nauðsynlegrar sanngirni. Minni hlutinn áleit, að milliferðirnar væru eigi sèrlega miklar, en þó áleit hann þær ekki einskisverðar, heldur að töluverð not mætti af þeim hafa, og má ske enn meiri síðar meir. Það kom minni hlutanum til að fella úr 3. gr., að honum þótt óþarfi að gjöra sèrstaklega ákvörðun um skip, sem höfð eru til stöðugra milliflutninga, með því slíkir flutningar enn ekki eiga sèr stað, enda er einskis í misst, þó 3. grein fari, því eptir að búið er að gjöra þá breytingu, sem vèr höfum stungið upp á við 1. grein, má heimfæra þá grein og 2. grein upp á þau skip sem um er rætt.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Síðan var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um, að Reykjavík yrði tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, og var það samþykkt af þinginu.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 383.

Forseti: Eg skal geta þess, að til þess nóg verði að gjöra næstkomandi daga, verð eg að fá nefndarálit í kvöld, og ábyrgist eg formönnum nefndanna, að nefndarálitin verði búin síðast í þessari viku. Eg skal skrifa þeim ítarlegar brèf um það.

Fundi slitið.

---

27. fundur — 9. ágúst.

Forseti skýrði þinginu frá, að konungsfulltrúi hefði tilkynnt,

að hann gæti ekki mætt á fundi í dag, og að hann hefði beðið hinn 4. konungkjörna þingmann að mæta sem konungsfulltrúa sín vegna. Sömuleiðis hafði hinn 1. konungkjörni þingmaður tilkynnt, að hann gæti ekki mætt á fundi í dag.

Síðan var gjörðabók frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Forseti: Þá tökum vèr til dagskrár í dag, og er þá fyrst *málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi,* sem kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Rangárvallasýslu, og ef honum sýnist að taka til máls, er honum það heimilt.

Samanber síðari part alþingistíðindanna, bls. 385.

Framsögumaður (*Sighvatur Árnason*): Þegar eg nú virði fyrir mèr atkvæðaskrá þessa, og þá fyrst breytingaratkvæðið undir 1. tölulið, er hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður hefir tekið sèr, þá skal eg geta þess, að sú ákvörðun hefir gilt hèr um skammt tímabil, nefnilega frá 1808 til 1819, að hreppstjórar væru lausir við fátækragjald. En það er nú bæði sá galli á þessari ákvörðun, að það gjaldfrelsi eða laun á þann hátt eru tekin af fátækra fè, og álít eg það með öllu óviðurkvæmilegt; og í öðru lagi er sá galli á henni, að hinir efnaðri hreppstjórar einir verða þá launaðir, en ekki hinir fátæku, og er það æði ósanngjarnt, og mikill ójöfnuður, því eg veit dæmi til, að hinir efna minni hreppstjórar hafa staðið eins vel í stöðu sinni og hinir auðugri, sem nærri má geta, því fátækt manna kemur ekki ætíð af ráðleysi eða dugnaðarleysi, heldur innan um af ýmsum öðrum kringumstæðum, t. a. m. fjölskyldu, jarðarkreppu o. fl., og þess vegna finnst mèr hart og óviðurkvæmilegt, að fátæki hreppstjórinn skuli lítil eða engin laun fá, þar sem hinn efnugi fær með þessu móti, ef til vill, ein 3 til 400 fiska eður meir í laun sín; því þar sem þungt útsvar er, eins og á þessum tíma á sèr víða stað, kemst það í þessa upphæð og þaðan af meira, og fyrir þessa galla var ákvörðun sú, sem hèr um ræðir, af numin með konungsúrskurði 14. apríl 1819. Mèr virðist því af þessum ástæðum eigi ráðlegt fyrir þingið, að aðhyllast þetta breytingaratkvæði undir 1. tölulið. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölulið 2., er stingur upp á þeirri breyting við upphaf 1. greinar frumvarpsins, að hreppstjórar sèu launalausir 3 fyrstu árin, þá hefi eg nú ekki mikið á móti því, þó mèr einnig þyki gallar á því, og þá einkum sá, að eins og nú stendur, eru flestir betri bændur búnir að gegna hreppstjórn og segja af sèr, og þá hlýtur

að reka að því, að þá verður því síður komizt hjá að taka hina efnaminni bændur til hreppstjóra, og sjá þá allir, að eigi er gott að láta þá vera alveg launalausa þau hin þrjú fyrstu árin. En viðvíkjandi hinu atriðinu í þessu breytingaratkvæði, er ákveður hreppstjórunum laun að þessum 3 árum liðnum, þá er þess að geta, að það fer í sömu stefnu og frumvarpið, nefnilega, að launin yrðu goldin óbeinlínis úr sveitarsjóði með því að auka fátækra-útsvarið. Nú er það aðgætandi, að sveitarsjóðir eru víða hvar ekki til, og verður þá ekki til þeirra þrifið, og það er einnig vel athugavert, að það fyrirkomulag, að laun hreppstjóra auki þannig fátækra-útsvar hreppanna, kemur auðsjáanlega meira eða minna í veg fyrir það, að sveitarsjóðir verði endurreistir eða auknir, þar sem þeir eru nokkrir til, og þá undir eins í bága við það, að nokkur neyðarforði sè til á harðæris- og neyðarárum til að bjarga fátækum og öðrum þurfamönnum frá hungri og harðrètti. Að þessu ætti þingið vel að gæta, því ætíð er nauðsynlegt, að eitthvað sè til, sem gripið verður til, komi vandræði upp á. Eg kynni þá miklu betur við, að hreppstjórarnir væru launaðir öðruvísi af sveitinni, t. a. m., að sèrskilinn tollur væri lagður á sveitabændur í því skyni, og innheimtur af sýslumönnum á manntalsþingum, ef menn á annað borð vildu láta sveitirnar launa hreppstjórunum. Annars vona eg, að þingið ekki fallist á 1. grein frumvarpsins, eður þetta breytingaratkvæði. Svo er nú að athuga breytingaratkvæðið undir tölulið 6 (til vara) og undir tölulið 9 og 10, sem eru öll við 4. grein frumvarpsins. Það er búið að sýna, hve óviðurkvæmilegt er, að dengja öllu svona takmarkalaust upp á jafnaðarsjóðina, eður á lausafè í landinu, og er það mjög ísjárvert, og skýrt tekið fram í nefndarálitinu, hversu það er óviðurkvæmilegt, enda skil eg ekki hugsun þeirra manna, sem ráða til að íþyngja jafnaðarsjóðunum svona aptur og aptur. Það er enn aðgætandi, að hvorki breytingaratkvæðin nè frumvarpið tekur fram eða gjörir ráð fyrir því, að hreppstjórar verði endurkosnir, sem sýnist þó að vera ómissanlegt, ef þeir ættu að taka laun sín beinlínis af hreppsbúum sjálfum, og sèr í lagi eptir þessu breytingaratkvæði, því laun hreppstjóra mundu eptir því innan skamms tíma koma til að verða talsvert há, og með því halda þeim lengur við stöðu þeirra, og sjá þá allir, að þegar hinir betri hreppstjórar eru gengnir frá, er menn vita mörg dæmi til nú á tímum, þá koma opt miður hæfir menn í þeirra stað, og fyrir það, að ekki er endurkosið, þá situr þessi launaði, en þó máske ónýti hreppstjóri, sex

og daus við sveitarstjórnina; þess vegna væri það galli að geta ekki endurkosið eptir ákveðið árabil. Þegar svona ber undir, að ekki er völ á góðum hreppstjóra-efnum, en hinir eru gengnir frá, og óhæfilegur hreppstjóri er tekinn til hreppstjórnar upp á svo og svo mikil laun af hreppnum, þá er með því komið í veg fyrir, að betra hreppstjóra-efni, sem annaðhvort flytur inn í sveitina, eða elzt upp í henni, verði tekið, með því sá óduglegi situr allt af við hreppstjórnina við laun sín, og í von um að þau vaxi, og honum verður ekki vikið frá, ef hann stórslysalítið gegnir embættinu. Annars finn eg meiri eður minni galla á öllum breytingaratkvæðunum, og vil ráða þinginu bæði frá þeim og frumvarpinu, og þar eð óáran er nú mikil í landi, er ekki fært að leggja ný útgjöld á menn, eins og stendur, og margar umkvartanir heyrast um það, úr mörgum hèruðum landsins, að örðugt veiti að kljúfa fram úr því að ná þeirri nauðsynlegu lífsbjörg, og undir eins er þá útlit til, að afleiðingarnar af því verði um hin næstkomandi ár, þá er því fremur ástæða til að styðja uppástungu meiri hluta nefndarinnar. Hvað álit minni hlutans snertir og uppástungu þingmanns Árnesinga, að láta málið bíða, þá er það ekki ráðlegt, með því sú bið er óákveðin, og ef til vill yrði lengur en til næsta þings. En að reyna að biðja stjórnina um laun handa hreppstjórunum úr ríkissjóði, eins og meiri hlutinn fer fram á, er það tiltækilegasta, því hún segir annaðhvort já eður nei í auglýsingunni til næsta þings, og þá er tími til fyrir þingið að leita annara úrræða, ef til væru og betur léti í ári, ef stjórnin synjaði þessari beiðni þingsins.

Konungsfulltrúi: Öllum ber saman um það, bæði nefndinni og þeim þingmönnum, sem hafa gjört breytingaratkvæði, að brýn nauðsyn bæri til að launa hreppstjórum, en það er einungis aðferðin til þess, sem menn greinir á um. Minni hlutinn hefir ráðið frá frumvarpinu fyrst um sinn, en meiri hlutinn hefir á annan hátt viljað breyta því. Eg verð nú að ráða þinginu til að fallast á frumvarp stjórnarinnar, sem hið bezta ráð til að bæta úr þessari nauðsyn, og þar sem þessu gjaldi er eptir frumvarpinu skipt niður á sveitarsjóðina og jafnaðarsjóðina, þá virðist í því gætt allrar þeirrar sanngirni sem hægt er, með því gjaldið á þann hátt ekki, verður mjög þungbært hvorugum sjóðnum. Ef nú svo fer, að þingið ekki fellst á stjórnarfrumvarpið óbreytt, og ekki vill samþykkja að launa skuli hreppstjórum sumpart af sveitarsjóðunum, sumpart af jafnaðarsjóðunum, þá vil eg helzt mæla með 1. breyt-

ingaratkvæðinu. Það er að sönnu satt, sem hinn háttvirti háttvirti framsögumaður tók fram, að laun hreppstjóranna eptir því koma ójafnt niður, með því hinir efnaðri hreppstjórar verða betur launaðir, er þeir fátæku. En þetta ræður því þó ekki eingöngu; því sveitarútsvarið fer einnig eptir hreppsþyngslunum, og eru því meiri sem þau eru meiri, en þetta leiðir aptur til sanngjarnar niðurstöðu; því störf hreppstjóranna eru vanalega meiri, þar sem hreppsþyngslin eru mikil, heldur en þar sem þau eru lítil.

Um hin breytingaratkvæðin skal eg ei fara mörgum orðum, og þó þau fari öll fram á að bæta kjör hreppstjóranna, virðist mèr þau ekki benda á eins greiðfæran veg og stjórnarfrumvarpsins, eins og eg hefi tekið fram, og þar næst tek eg 1. breytingaratkvæðið. Framsögumaður fann þann galla á frumvarpinu, að ekki væri gjört ráð fyrir endurkosningu hreppstjóranna; en nefndinni var heimilt að breyta frumvarpinu í þá stefnu, og mig furðar á, að hún hefir ekki fyrri komið fram með þessi mótmæli gegn frumvarpinu.

Magnús Jónsson: Eg verð að lýsa þeirri meiningu minni yfir, að rèttast sè, að hreppstjórar sèu launaðir úr ríkissjóði. Hreppstjórnin er einn hlekkur úr landstjórninni yfir höfuð, og stendur þannig í sambandi við hina æðstu stjórn í landinu, og af því hreppstjórnin er í mörgum greinum undirstaða landstjórnarinnar, þá ætti þessi hlekkur að vera sem traustastur. Hreppstjórarnir eru skipaðir af amtmönnum; þeim eru fyrirskipaðar reglur í lögum og af yfirvöldunum um það, hvað þeir eigi að gjöra, og því bera þeim einnig laun af því opinbera. Prestar standa í mörgu líkt að og hreppstjórar að sínu leyti, þeir erviða fyrir sóknirnar, og fá þó að nokkru leyti laun sín af opinberu fè og sumpart eptir vissum reglum, af ákveðnum tekjustofnum. Sýslumenn vinna fyrir sýslur sínar, og má þó segja sama um þá. Þessu er öllu varið, eins og segir í vísunni, sem jeg heyrði prest einn yrkja, og hljóðar þannig:

«Sýslustjóri, sálarstjóri, sveitarstjóri,
ef allir þessir eru á róli
almenningur held eg tóri»,

og er sjálfsagt, að þegar um almennt mál er að ræða, ber að launa þá menn, er því gegna, af almennu fè, og því kemur það ekki þessu máli við, að stjórnin ekki vilji launa hreppstjórum af ríkissjóði, einasta verður að líta á það, hvað rèttast og hagkvæmast sè. Að hreppstjórarnir vinni í hreppsins þarfir, er satt; en þær eru ákvarðaðar af æðri stjórn, og því er ekki einungis órètt,

heldur og skaðlegt, að launa hreppstjórunum eigi úr ríkissjóði. Hreppstjórinn vill ekki taka laun sín af fátækum sveitungum sínum, og eins getur hugsazt, að ef hann beinlínis yrði launaður af þeim, að hann þá yrði hlutdrægur þeim í því, er heyrir til hins opinbera, ef honum biði svo við að horfa. Eg tala ekki um neitt af breytingaratkvæðunnm, en halla mèr eindregið að meiri hlutanum.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram viðvíkjandi endurkosning hreppstjóranna, skal eg geta þess, að nefndin áleit frumvarpið líka óbrúkanlegt í öðru tilliti, og svo vèk eg því einkum að breytingaratkvæðunum, sem fram eru komin í málinu, af því laun hreppstjóra yrðu smámsaman eptir þeim miklu meiri, og áleit eg þeim mun stærri og meiri galla á þeim, að þau ekki tóku það fram, að hreppstjórar ættu að endurkjósast, til þess að ekki leiddi verra af, eins og eg hefi áður tekið fram.

Ólafur Sigurðsson: Þegar mál þetta var rætt til undirbúnings, þótti mèr ekki þörf á að lengja þingræðurnar, því þær voru orðnar ærið langar, einkum þegar eg þóttist sjá fram á, að fleiri en færri mundu ætla að hallast að áliti minni hlutans. Eg er ekki á þeirri skoðun, að hreppstjórunum beri að launa af fátækrasjóðunum, og sama er að segja um jafnaðarsjóðina, að þeir hafa of mikið að bera til þess, að því verði á þá bætt. Því hefir að vísu verið hreift, að ef hreppstjórarnir væri launaðir, mundi það verða hinn mesti hagur fyrir sveitirnar, með því þeir yrðu þá svo miklu stöðugri í embættinu, svo mjög sjaldan yrðu hreppstjóraskipti; en eg hygg, að það geti brugðizt til beggja vona. Sá sem ekki vill vera við hreppstjórn af þeirri tilfinningu að gagnast sveitarfèlagi sínu sem mest og bezt bæði í því og öðru, hann mun ekki verða stöðugur, þótt hann fái nokkra dali í laun. Um breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala, því eg hefi fastráðið að standa ekki upp fyrir neinu þeirra, þar þau fara öll í hina sömu stefnu að leggja meira og minna á þessa bágstöddu sjóði.

Halldór Jónsson: Það er langt síðan, að menn fundu nauðsyn á að bæta kjör hreppstjóranna, og það er satt, að brýna nauðsyn ber til þess, og því vil eg helzt fallast á stjórnarfrumvarpið óbreytt. Það er eðlilegt, að launin sèu ákveðin með hæfilegri upphæð, og tekin þaðan, sem haganlegast er. Þetta gjörir frumvarpið hvorttveggja. Eg get ekki annað en fallist á, að

hreppstjórarnir eigi að fá laun sem fátækrastjórar, þó það sè ekki samkvæmt elztu lögum og langri venju, því þar eð það er þeirra mesti starfi, hlýtur þeim að bera laun fyrir hann, og það af sveitarsjóðunum. Það er ekki til neins að biðja um launin úr ríkissjóði, því stjórnin hefir neitað því, enda er það, að taka launin úr ríkissjóði, í rauninni eitt og hið sama, og að taka þau af sveitarsjóðunum, af því að þau, eins og önnur embættismannalaun verða að hvíla á landinu; og tekur þá hver sveit hlutdeild sína þar í. Eg vildi því helzt fallast á frumvarpið óbreytt; en þar sem svo mörg breytingaratkvæði eru fram komin, get eg ekki gjört mèr mikla von um, að það fái meðhald í þinginu; þegar eg þá skoða breytingaratkvæðin, get eg ekki fellt mig við hið 1., helzt af þeirri ástæðu, er framsögumaður tók fram, að þá kæmu launin ójafnt niður, með því efnaður hreppstjóri fengi mikil laun að tiltölu við hinn fátæka, og það, ef til vill, fyrir miklu minni starfa; og gjaldfrelsið til jafnaðarsjóðanna nemur mjög svo litlu. Ef frumvarpið ekki yrði samþykkt óbreytt, sökum þess, að sveitarsjóðirnir og jafnaðarsjóðirnir þyki of fátækir til þess, að nýjum útgjöldum sè á bætt, eins og fram hefir verið tekið, þá hallast eg helzt að breytingaratkvæðinu undir tölul. 2, þó eg finni þann galla á því, að ákveðið er, að hreppstjórarnir skuli vera launalausir 3 fyrstu árin. Allir vita þó, að hreppstjórnin er eins vandasöm og erfið þau 3 árin, eins og endrarnær, og ber ekki síður að launa hreppstjórunum fyrir þann tíma. Annar galli á þessu breytingaratkvæði er sá, að seinni partur greinarinnar er látinn óbreyttur. Það mun þó vera meiningin í breytingaratkvæðinu, að breyta einnig þar 60 rd. í 40 rd., en þetta má víst álíta sem orðabreyting eina, þar sem það leiðir af fyrri hluta breytingaratkvæðisins. Í öðru lagi hefði mèr þótt betra, ef bætt hefði verið við, þar sem gjört er ráð fyrir, að hreppstjórinn haldi áfram að vera hreppstjóri lengur en 3 ár, »eptir ósk hreppsbúa«; því það getur vel svo á staðið, að sá, sem hefir gegnt hreppstjórn í 3 ár, sè til þess miður fallinn og vilji þó halda áfram vegna launanna; en hreppsbúar eigi kost á öðrum eins vel eður betur til þess föllnum. Þessu samkvæmt, nefnilega, ef þetta breytingaratkvæði verður samþykkt af þinginu, fellst eg einnig á breytingaratkvæðið, sem vill fella 3. gr.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki talað fyrri í þessu máli, og stend ekki heldur upp til að ná í hreppstjóra laun, þó eg hafi um lengri tíma gegnt hreppstjórarstörfum. Eg vil láta þingtíðindin

bera það með sèr, að eg þó ekki gangi þegjandi fram hjá þessum margbreyttu uppástungum; eg held nú, þó eitthvað af þessu rusli verði samþykkt, að hreppstjórarnir verði eins og áður að nokkru leyti launalausir, einkum ef þingið samþykkir þetta frumvarp eða breytingaratkvæðin, sem við það eru gjörð, þá er það nú víst, að ekki er sopið kálið þó í ausuna sè komið; það getur þó hver þingmaður skilið, að það er mjög ógeðfellt fyrir hreppstjórann að leggja sjálfur gjöld þessi á hreppsbúa, eptir þeim grundvelli sem frumvarpið fer fram á, og í sömu stefnu fer breytingaratkvæðið undir tölul. 2. á atkvæðaskránni; svo er nú líka athugandi við þessa tilhögun á gjaldgreiðslunni, að enginn sveitarhóndi veit, hvað hann greiðir sem laun til hreppstjórans, svo þar af leiðir, að hreppsbændur hafa ástæðu til að tortryggja hreppstjórann; nú eiga prestar, eins og þingmönnum er kunnugt að jafna niður útsvörum ásamt hreppstjórum; eg veit nú ekki hversu gott, að prestum þykir, að vera að þjakka í því að útvega þessi hreppstjóralaun, og af þessum ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, álít eg þessa launa-uppástungu frumvarpsins óhafandi, með því líka að það má ganga að því vísu, að laun þessi ekki fást inn nema með mjög miklu ómaki og máske málaþjarki, svo í stað þess, að launin eiga að vera til að tryggja hreppstjórann í stöðu sinni, kemur fram hið gagnstæða, að enginn heiðvirður hreppstjóri vill vera við hreppstjórn með þessu fyrirkomulagi á heimting launanna. Eg að vísu væri ekki fjærri, að ganga inn á breytingaratkvæðið undir tölul. 1., því það gefur þó hreppstjóranum laun eptir vissum grundvelli, enn á þessu breytingaratkvæði eru þeir gallar, eins og bæði framsögumðar hefir tekið fram og fleiri, að eptir því fær einungis efnaði hreppstjórinn laun, enn sá miður efnaði svo að segja ekkert. Varabreytingaratkvæði hins háttvirta sama þingmanns undir tölul. 3. og 6. eru að vísu með svo hóflegum tölum, að maður ekki getur álitið laun hreppstjóranna of rífleg, en á hina síðuna álít eg þessar uppástungur óhafandi, að því leyti sem þar til er ætlazt, að öll launin sèu greidd af jafnaðarsjóðunum, og mig furðar stórlega á mönnum, þegar þeir koma fram með þess konar uppástungur um feiknagjöld á jafnaðarsjóðina í sama augnabliki og bænarskrár streyma inn á þingið um að lètta gjöldum á jafnaðarsjóðunum. Þá er breytingaratkvæðið undir tölulið 9; það fer í sömu stefnu og hinir töluliðirnir, sem eg hefi minnzt á, og er að því leyti óhafandi.

Nú kem eg að uppástungu meiri hluta nefndarinnar undir

tölulið 14; henni hefði eg nú helzt gefið atkvæði mitt, enda þó eg sjái fram á, að ekki sè til neins að fara í ríkissjóðinn, því dómsmálastjórnin segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að hún verði að álíta það vafalaust, að engin laun fáist úr ríkissjóði, og við sama álit hafa stuðzt ræður sumra þingmanna; þingið hefir þó ekki kveinkað sín við að fara í ríkissjóðinn með laun embættismanna hèrna í Reykjavík, en í þessu tilfelli á að vera óhæfa að fara í ríkissjóðinn. Eg hefi þá látið meiningu mína í ljósi um mál þetta, og þegar til atkvæðanna kemur vona eg að sá hlutinn á þinginu sigri, sem hefir þá sanngirnistilfinningu, að ekki sè fært að íþyngja hreppunum með nýrri álögu.

Sveinn Níelsson: Eg stend ekki upp til að ítreka það, sem eg talaði í þessu máli við undirbúningsumræðuna, heldur vil eg einungis minnast á þá uppástungu, sem fer fram á það að taka laun handa hreppstjórum úr jafnaðarsjóðunum; það vita nú allir, að þessu gjaldi er jafnað á lausafè manna; þar af leiðir, að þá borga þeir, sem lausafèð eiga, fyrir hina sem ekki eiga það. Í mínu kjördæmi eru hvorirtveggja til. Þar er einn hreppur, sem ekki á lausafè svo teljandi sè í lifandi peningi, því þar er aðalatvinnuvegurinn sjávarafli, 3 eða jafnvel 4, sem eiga nokkuð tíundarfè í lifandi peningi, og 2 hreppar, og þó einkum annar þeirra, sem eru byrgir af tíundarfènaði. Hèr af er þá auðsèð, að væri hreppstjórum launað að meira eða minna leyti af jafnaðarsjóði, þá leggja þeir hrepparnir, sem mest tíunda, meira en eptir tiltölu til launanna handa hreppstjórunum, og virðist mèr sanngirni mæla á móti því. Eg verð líka að biðja þingið að athuga það vel, að gefa ekki atkvæði fyrir því, sem bæði er óvinsælt yfir höfuð hjá almenningi, og mjög svo óhollt fyrir samskipti hreppsbúa og hreppstjóra, og veldur sífelldum möglunum, og er þekkt að því að gjöra hreppstjórana óvinsæla í sveit sinni, og er þeim sjálfum þar að auki ógeðfellt, nefnilega, að þeir skuli þiggja laun sín af því fè, sem hreppsbúar leggja þurfamönnum sínum til framfæris. Það er búið að taka það hèr fram, að jafnaðarsjóðirnir hafi svo nóg að bera, og ekki sè á bætandi, og sízt svo stórkostlega sem farið er fram á í tölul. 6 á atkvæðaskránni. Eg tek því fram aptur, að eg hallast að minni hluta nefndarinnar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil nú fyrst snúa orðum mínum að hinni síðustu ræðu þingmanns Snæfellinga, sem tók í sama strenginn og fleiri þingmenn hafa gjört, að það væri sær-

andi tilfinning hreppstjóranna, að þiggja laun sín af fátækum sveitungum sínum. Eg vil nú ekki mótmæla því, að sumir hreppstjórar sèu svo veglyndir og tilfinningasamir, að þeim þyki sárt að taka við launum úr sveitarsjóði. En má eg spyrja: Þegar svo mikið er gjört úr veglyndi hreppstjóranna, sem er, mundu þeir þá ekki af hinu sama veglyndi vilja gefa laun sín eptir, ef ekki hreppnum eða hreppssjóðunum, þá máske þurftugustu mönnum í hreppnum, sem eflaust er eðlilegra og fegurra? Því ef veglyndi þeirra er svo mikið, að þeir ekki geta þegið laun sín af sveitarsjóði, getur maður með fyllsta rètti vænzt þess, að þeir muni verja þeim á þann hátt, sem hreppnum er hagfelldastur og veglyndi þeirra verðugastur. Eg held, að hinu háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu hafi misskilið breytingaratkvæðið undir tölulið 2; honum fannst það ekki koma vel heim við stjórnarfrumvarpsins 1. grein, að því leyti, að 20—60 rd. væri ekki úr felldir; þetta er þó ekki svo, eins og hann mun sjá við nákvæmari aðgætni; breytingaratkvæðið fellur saman við frumgreinina við orðin »eptir stærð hreppanna« o. s. frv. Sami þingmaður sagði, að ófært væri, að hreppstjórarnir væru launalausir 3 hin fyrstu árin, en vèr uppástungumenn vildum með því eins og »synda milli skers og báru«, með því oss þótti ekki tiltækilegt að upphefja þá skyldu hreppstjóra, sem nú hvílir á þeim að lögum að gegna hreppstjórn launalausir í 3 ár, og miðar þessi breyting auðsjáanlega til að lètta sem mest á sveitarsjóðunum. Annars höfum við uppástungumennirnir ekkert á móti því, að þeir sèu launaðir einnig um þann tíma, þegar efni væri fyrir höndum að launa þeim með, og þegar áðurgreind skylda væri af numin með lögum. Framsögumanni hefi eg ekki mörgu að svara; mèr fannst margvíslegur misskilningur lýsa sèr í fyrstu ræðu hans, þar sem hann var að berjast fyrir því, að hinir betri hreppstjórar væru búnir að ganga í gegnum hreinsunareld hreppstjórnarinnar, en nú væri ekki kostur á nema miður duglegum mönnum, og því væri það óviðkunnanlegt og óeðlilegt, að þeir sætu uppi með launin. En eg vil segja honum, að það mundi reka að hinu sama eptir uppástungu hans og meiri hlutans, þó þeir fengju laun sín úr ríkissjóði. Því eptir að búið væri að skipta þessum 6000 rd. milli allra hreppstjóra á landinu yrði laun hvers þeirra hèr um bil jafnhá, eins og eptir breytingaratkvæðinu undir tölul. 2., nefnilega hèr um bil 30 rd. að meðaltali. Mundi þá bera að sama brunni, og slóðarnir sitja við hreppstjórn eptir sem áður, eptir hans setningu.

Eg skal geta þess, að það sem okkur gekk til að lækka tölustærðirnar í 1. gr. frumvarpsins, var að lètta á sveitarsjóðunum. Svo vildum vèr og alveg undanskilja jafnaðarsjóðina frá að greiða þriðjunginn af launum hreppstjóranna (sbr. 3. gr.) til þess að íþyngja þeim heldur ekki um of. Breytingaratkvæði vor undir tölulið 8 og 9 byggðum vèr á því, að amtmenn hefðu að eins rètt til, að veita hreppstjórum launaviðbót þá, sem um er rætt í 4. gr. frumvarpsins úr amtajafnaðarsjóðunum, en að það væri alls eigi skylda þeirra. Menn verða að gæta þess, að á þessu er mjög mikill munur. Það er auðvitað og liggur í hlutarins eðli, að þegar amtmenn færi að ákveða launaviðbótina handa hreppstjórum, eptir þessum reglum, aðgæta þeir þetta tvennt, fyrst, hvort jafnaðarsjóðirnir sèu færir um, að launaviðbótin sè greidd úr þeim, og þá hvað há, eða hvað mikil upphæð, þar næst, hvort beiðendur sèu verðugir fjár þess, er um er beðið. Af því verður afleiðingin sú, að einungis hinir verðugustu hreppstjórar verða launabótarinnar aðnjótandi en hinir ekki, og kemur þá alveg heim það, sem sumir þingmenn hafa verið að berja fram, að einungis hinir verðugu hreppstjórar eigi að vera launaðir en aðrir ekki. Með tilliti til breytingaratkvæðisins undir tölulið 1, skal eg geta þess, að eg get ekki sèð, að það sè heppilegt. Það er satt, sem framsögumaður tók fram, að eptir því koma launin ójafnt niður, og fara ei eptir erfiðleikum þeim, sem hreppstjórastörfunum fylgja, með því útsvörin geta verið mest í smáu hreppunum, og þar er einatt minnst að gera. Eins er hitt og satt, sem framsögumaður sagði, að upphæð fátækraútsvarsins fer eptir efnahag manna í hreppunum, og þannig getur efnaði hreppstjórinn fengið hærri laun en hinn fátæki, sem yrði næsta óviðfelldið og óvinsælt meðal almennings.

Jón Bjarnason: Eg verð enn sem fyrr kröptuglega að ráða frá því, að hreppstjórunum sèu áskilin laun úr seitarsjóðunum; en að meiri hlutinn nefndi ríkissjóð, kom af því, að hann vissi ekki annan opinberan sjóð til sem gjörlegt væri að vísa á. Það ættu allir að vilja hlífa atvinnuvegi landsmanna, því skattálaga á atvinnuvegina sjálfa er mjög ísjárverð og jafnvel hættuleg. Skattar eður tekjur til þess, sem landið þarf til að geta haft nokkurt fè til launa handa embættismönnum og komið ýmsum endurbótum á stofn, ættu alveg að leggjast á það, sem atvinnuvegirnir fram leiða, og það virðist því leiða af sjálfu sèr, að úr því vèr eigi höfum sjóð

til að taka af launin, þá getum vèr ekki að svo stöddu fengið laun handa hreppstjórunum. Allir vita, hvernig sveitarsjóðunum er varið, það eru neyðarsjóðir, sama er að segja um jafnaðarsjóðsjóðina, þeir eru stofnaðir til að greiða úr ýmsum þörfum og vandræðum manna. Sveitarsjóðirnir eru til að halda lífi í örvasa og fèlausum gamalmennum, munaðarlausum börnum, til að útrýma villudýrum úr landinu og jafnaðarsjóðirnir, meðal annars til að hegnt verði sakamönnum eptir maklegleikum, og virðist mèr æði óviðkunnanlegt og með öllu fráleitt að vísa hreppstjórunum á bekk með þessum flokkum. Eg vil taka það fram, hversu mèr virðist 3. gr. frumvarpsins óbrúkanleg. Þar er sagt, að $^2/_3$ launanna eigi að taka á sama hátt og auka-útsvarið. Eg vil nú sýna með dæmi, hversu þetta getur verið óhæfilegt. Það er einn hreppur, í hverjum að eru tveir ríkismenn, sem auka-útsvar er lagt á, og annar er hreppstjóri, þannig kemur á annan að borga hinum máske 60 rd. í hreppstjóralaun. Þetta liggur beinlínis í 9. grein frumvarpsins, og sjá allir, hversu þetta er óhafandi. Eg hefi sagt, og þarf ei að taka það upp aptur, að það á illa við að taka af sveitarsjóðunum eður jafnaðarsjóðunum laun hreppstjóranna, og hefir framsögumaður glögglega sýnt, hversu það er ranglátt. Að meiri hlutinn ekki gjörði leiðrèttingaratkvæði, að eg taki svo til orða, við 2. tölulið kom af því, að hann áleit því ekki viðhjálpandi, þar sú grein væri óhafandi, og hinn óþarfasti hreppstjóri gæti eptir henni setið við hreppstjórn alla sína æfi. Eg greiði því atkvæði mitt hiklaust með meiri hlutanum, en bendi á ríkissjóðinn til að sýna nauðsyn vora á fjárhagsskilnaðinum við Dani.

Konungsfulltrúi: Það kemur enn í dag fram sem eindregin skoðun meiri hlutans að biðja um þessi laun úr ríkissjóði, en það er eins og tekið hefir verið fram, öldungis hið sama og að fella málið með öllu. Ef menn vilja útvega hreppstjórunum laun, þá verður að fara einhvern færan veg. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga tók fram, að gjaldið kæmi ójafnt niður á sveitunum, ef hreppstjórarnir yrðu þannig launaðir, þá á nú þetta, eins og hinn heiðraði hingmaður játaði, að eins við um þann þriðjung, sem á að takast af jafnaðarsjóðunum. Eg neita því ekki, að nokkur ójöfnuður eigi sèr hèr stað, en mjög erfitt er hjá slíku að komast, enda held eg það eigi sèr stað um flest gjöld að þau komi ekki öldungis jafnt niður. Hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu tók fram, að launin gætu einnig komið misjafnt niður, að

því leyti þau væru tekin eptir sömu reglu og auka-útsvarið, en eg ímynda mèr, að dæmi það, sem hann tók fram, eigi sèr mjög óvíða stað. Eg verð að ánýja, að sá eini tiltækilegi vegur sè að fallast á frumvarpið, eða þá uppástungur þær, sem eru byggðar á sama gruudvelli og það, nefnilega að launin verði tekin af sveitarsjóðunum og jafnaðarsjóðunum.

Eiríkur Kúld: Eg þarf nú ekki að vera langorður, til að mæla með breytingaratkvæðunum undir tölulið 2, 7 og 8, með því að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hefir tekið flest það fram, er sagt varð móti því, er framsögumaður hefir á móti þeim. Eg skal geta þess, að þau voru meðfram tekin af því, að vèr vildum fyrir hvern mun frelsa frumvarpið frá falli, og sáum ekki til þess nokkuð annað vænna ráð. Þess vegna kom mèr á óvart, þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèt í ljósi, að hann vildi eigi aðhyllast þessar breytingar, til þess þó að reyna til að halda í frumvarpið. Eg get ekki með nokkru móti fallizt á þá uppástungu að biðja um 6000 rd. úr ríkissjóði, því það mundi ekki vera til neins annars en fella málið, og væri það leiðinlegt. Stjórnin hefir sem sè sjálf yfir lýst því, að nærri því væri ekki komandi, og til hvers er þá að fara fram á það aptur núna; það er alveg sama og að stinga upp á, að hreppstjórarnir sèu launalausir eins og áður. Eg botnaði nú ekki til hlítar í ræðu hins heiðraða þingmanns Dalamanna sízt það, að mèr skildust svo orð hans, sem nefndin hefði vísað á ríkissjóðinn af því, að hún hefði ekki vitað af öðrum sjóði til. Þetta getur ekki verið satt, því nefndin hlýtur að hafa vitað af mörgum öðrum sjóðum, svo eg held, að þingmaðurinn hafi mistalað sig. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga sagði að frumvarpið væri óhafandi sökum þess, að hreppstjórunum væri áskilin laun af fátækrafè, og að það fremur gæti spillt trausti og velvild milli hreppstjóra og hreppsbúa, að þeir taki laun sín af hreppsbúum, en eg get ekki samsinnt því. Eg veit ekki betur, en að prestar og sóknarmenn eigi margt saman að sælda í þeim efnum, eins og þingmaðurinn sjálfur veit af eigin reynd, og þó að prestarnir eigi laun sín að sækja til sóknarmanna sinna, þá veit eg ekki til, að það spilli samvinnu prests og sóknarmanna, og skal eg skjóta því til reynslu hins háttvirta þingmanns Snæfellinga sjálfs, hvert þetta ei sè rètt. Ef hreppstjórinn er veglyndur, þegar fátækur á í hlut og að öðru leyti duglegur hreppstjóri, þá skil eg ekki, að það baki honum neina óvinsæld að þiggja laun sín af

hreppsbúum, því hann vinnur þeim. Framsögumanni þótti ótiltækilegt að taka launin af jafnaðarsjóðunum; það þótti okkur líka, og við vorum jafnvel sparari á þeim, en stjórnarfrumvarpið; það vildi launa hreppstjórunum strax fyrstu árin, en taka þriðjung launanna úr jafnaðarsjóðnum, en við vildum bíða með þenna styrk þaðan, til þess er 3 fyrstu hreppstjórnarárin væru liðin, að þeir þá gætu fengið hann í þokkabætur, svo lengi þeir gegndu hreppstjórn; þetta fannst okkur ekki eins óttalega þungbært fyrir jafnaðarsjóðina. Það er og athugandi, að það er sá kostur við, að taka launin úr jafnaðarsjóðunum, að þau greiðast þá fúslega, og hreppstjórinn þarf ekki að víla fyrir sèr að taka við þeim. Þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram, hvers vegna við hefðum stungið upp á, að hreppstjórarnir væru launalausir 3 fyrstu árin, og þarf eg ekki að fjölyrða um það.

Hjálmur Pètursson: Þó eg sè einn meðal þeirra, er óska þess, að hreppstjórum verði veitt laun fyrir starfa sinn, þá finnst mèr þó sá vegur, sem stjórnarfrumvarpið fer, vera svo leiðinlegur, að eg treysti mèr ekki til að fara hann; sá vegur liggur augsýnilega að því takmarki, að hreppstjórar missa vinsæld, og hefir það á ýmsan hátt, miður góð áhrif á samlíf og samvinnu hreppstjóra og hreppsbúa, þegar hann ætti sjálfur að taka laun sín beinlínis úr vasa bænda, ofan á öll önnur gjöld, sem þó eru orðin næsta þung í flestum hreppum; hreppstjórar mundu flestir kunna illa við þetta, og mjög margir þeirra verða launalausir eptir sem áður.

Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölulið 2., skal eg geta þess, að þar sem það stingur upp á, að hreppstjórar sèu launalausir fyrstu þrjú árin, þá finnst mèr, að af því gæti leitt, að allir hinir betri hreppstjórar segja undir eins af sèr hreppstjórn eptir þessi þrjú ár, til þess að þyngja ekki á sveitunum; nokkrir þingmenn hafa nefnt sveitarsjóði, það er nú fallegt nafn, en þetta nafn á sèr ekki stað í allmörgum sveitum, og er því þýðingarlaust að tala um, að hreppstjórar fái laun úr þeim. Þingmaður Suður-Þingeyinga gat um, að ef hreppstjórarnir væru veglyndir, þá gætu þeir gefið sveitinni eptir laun sín. Þetta er satt. En mèr finnst eitthvað óviðkunnanlegt við það að verða að búast við, að hinir veglyndustu menn lifi sízt eptir lögunum; eg get ekki óskað eptir þeim lögum, og ekki heldur eptir þeim launum, sem máske allir hinir betri hreppstjórar ekki gætu fengið af sèr að heimta. Eg verð því í öllu tilliti að halla mèr að meiri hluta nefnd-

arinnar, því eg verð að hafa nokkra von um að ósk hans uppfyllist, jafnvel þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi og fleiri sèu næsta vonardaufir um það. Minni hluti nefndarinnar felli eg mig síður við, því það er allt óvíst, hve nær sveitastjórnin hèr muni komast á; eigi hreppstjórarnir að bíða eptir því, þá er það hið sama og segja við þá, þið fáið engin laun; eg vona því að þingið felli sig við meiri hlutann í því trausti, að konungur bænheyri okkur ef við þreytumst ekki að biðja.

Jón Pálmason: Þegar eg lít yfir atkvæðaskrána, þá sè eg, að öll breytingaratkvæðin, sem á henni standa, eru sprottin af einlægum vilja til þess að útvega hreppstjórunum laun, sem allir hafa viðurkennt að þeir ættu skilið, þegar þeir standa vel í stöðu sinni En allt fyrir það get eg ekki gefið þeim atkvæði mitt, því þau koma öll að hinni sömu niðurstöðu og stjórnarfrumvarpið auk fleiri galla, sem á þeim eru, sem aðrir þingmenn hafa tekið fram, nefnilega að leggja þessa byrði bæði á sveitarsjóðina og jafnaðarsjóðina; en þetta álít eg mjög svo óeðlilegt, eins og eg og fleiri þingmenn fullkomlega hafa tekið fram við undirbúningsumræðu þessa máls, sem eg álít óþarft að taka fram aptur, því það er nægilega sýnt áður, hvað það mundi verða óvinsælt meðal almennings að leggja nokkur þúsund dala til launa handa hreppstjórum á jafnaðar- og sveitarsjóði, eins og þeir eru nú almennt viðurkenndir að vera í meiri og minni skuldum.

Halldór Kr. Friðriksson: Eptir þeim umræðum, sem hèr hafa fallið á þingi í dag, býst eg ekki við, að uppástunga mín fái langan aldur. Eg skal samt geta þess, að mèr finnst það undarlegt, að menn hèr eru að tala um, að launin komi ójafnt niður; þetta er hreinn og beinn misskilningur. Menn mega ekki skoða þetta sem laun, heldur sem notagjald fyrir hreppstjóra. Eg get heldur alls ekki litið svo á, að þeir eigi að hafa nein föst laun sem fátækrastjórar. Eg væri eigi ófús á að fallast á tölulið 2., ef mig þar ekki vantaði ákvörðun um, að þeir væru reglulega kosnir, svo að þeir verði eigi hreppstjórar af nýju þvert á móti ósk og vilja hreppsbænda. Það getur t. a. m. verið, að þó hreppstjórinn ekki gjöri mikil afglöp, þá sè hann þar fyrir ekki góður hreppstjóri, en hann haldi hreppstjórninni áfram, af því hann á von á launum. Eg get heldur ekki sèð, að það sè nein ástæða fyrir því að launa hreppstjórum, að þeir eru skipaðir af amtmönnum. Úr því laun handa hreppstjórum sem lögregluþjónum ekki fást

úr ríkissjóðnum, þá á það bezt við, að þetta gjald komi á jafnaðarsjóðina. Þingið var ekki hrætt við að ákveða laun úr jafnaðarsjóði suðuramtsins 1855 handa lögregluþjóni hèr í Reykjavík, þá gekk þingið viðstöðulaust inn á það, en nú er ekki við þetta komandi. Það gegnir furðu, að þegar á hverju þingi er verið að biðja um þetta, þá ekki að ráða úrslitum samkynja máls á sama veg og áður hefir verið gjört af þinginu; þetta lýsir ósamkvæmi sem þingið ekki getur gengizt við. Ef það er ógjörningur að launa hreppstjórunum, þá er það og bezt hent fyrir þingið að fallast á tölulið 1.

Framsögumaður: Út af því sem hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður gat um, að þingið 1855 hefði fallizt á, að lögregluþjóni hèr í Reykjavík yrði launað af jafnaðarsjóðnum, skal eg geta þess, að sú ákvörðun þingsins var að mínn áliti ekki betri en svo að kalla það að bæta gráu ofan á svart, ef þingið nú kemst að þeirri niðurstöðu að demba hreppstjóralaunum á jafnaðarsjóðina. Eg vona því, að þingið falli frá því, að launin verði tekin af jafnaðarsjóðunum, og eg held, að þeir einir leggi það til, sem ekkert tíundarbært lausafè eiga. Viðvíkjandi misskilningi þeim, sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga talaði um, og vèk að mèr, skal eg geta þess, að eg öldungis ekki hef misskilið tölulið 2., því eptir honum geta laun hreppstjóranna komizt upp í 100 rd. árlega, þar sem þau eptir uppástungu meiri hluta nefndarinnur verða að meðaltali nál. 35 rd. þóknun um árið; og þetta sjá þó allir, að er töluverður munur. Viðvíkjandi því, sem eg áðan sagði um sveitarsjóðina og aukning hreppsútsvarsins, þá hefir enn þá engin ástæða komið fram á móti því, að slíkar álögur eru beinlínis til að koma í veg fyrir neyðarforða, sem gæti orðið til að bjarga lífi hreppsbúa í hörðum árum.

Pètur Pètursson: Eg get ekki annað en furðað mig á þeim miklu umræðum, sem orðið hafa um stjórnarfrumvarpið, því mèr sýnist ekki betur, en að gjaldmáti sá, sem þar er farið fram, sè mjög haganlegur; sömuleiðis er og þessari byrði með sanngirni skipt á milli sveitarsjóðanna og jafnaðarsjóðanna; eg felli mig því í öllu tilliti vel við frumvarpið. Það er búið að tala svo vel fyrir frumvarpinu, að eg hef engu þar við að bæta. Einungis skal eg geta þess, að þingmaður Dalasýsln hefir að minni hyggju misskilið 3. grein frumvarpsins. Dæmi hans átti þar ekki heima; þar er ekki sagt, að þetta gjald eigi að takast af þeim mönnum einum, sem

gjalda auka-útsvar, heldur á það að takast eptir þeim reglum, sem farið er eptir við aukaútsvar, sem sè eptir efnum og ástandi. Það gengur því meir yfir mig, að menn skuli hafa á móti þessu frumvarpi, sem það er sprottið frá þeim manni, sem hlýtur að vera málinu nákunnugur og þekkja manna bezt ástand jafnaðarsjóða og efnahag manna í miklum hluta landsins, nefnilega amtmanninum í Norður- og austurumdæminu. Framsögumaður gat þess, að sveitarsjóðirnir væru neyðarforði, og því væri ófært að jafna þessu gjaldi á þá. En það er aðgætandi, að það er ekki meining frumvarpsins, að þessu sè jafnað á sveitarsjóðina, heldur að það árlega jafnist niður á hreppsbændur. Eg ímynda mèr þvert á móti, að þessi gjaldmáti styrki samvinnu hreppstjóra og hreppsbænda. Það er siðferðisleg hvöt fyrir hreppstjóra til þess að standa vel í stöðu sinni, þegar þeir fá laun af bændum, og eins er það á hinn bóginn siðferðisleg hvöt fyrir bændur til þess að hafa eptirlit með störfum hreppstjóranna. Þetta er því vel fallið á báðar síður; þetta siðferðislega band gjörir það og óþarft, að hreppstjórar endurkjósist. Eg játa það fúslega, að einstöku sveitir eru fátækar, en það er eins áraskipti að þessu, eins og öðru? Eg ímynda mèr, að deyfð þingmanna gegn frumvarpinu eingöngu eigi sína rót í þessu; en það er vonandi, að drottinn gefi, að þessum harðindum linni bráðlega. Eg er því alveg með frumvarpinu, því hèr er ekki um mikið fè að ræða; en vissi eg, að þingið ekki vildi aðhyllast frumvarpið, þá gæfi eg atkvæði mitt fyrir 1. og 2. tölulið.

Stefán Jónsson: »Sitt er að hverjum sonanna minna, og öllum nokkuð» sagði karlinn, eins er því varið með töluliðina á þessari atkvæðaskrá; eptir því sem eg lít á hana, því fleiri sem eg heyri tala með 1. tölulið, því meir verð eg á móti honum. Eg hefi reynsluna fyrir mèr í því tilliti, á meðan konungsúrskurðurinn frá 1808 hèr á landi gilti, þá kom þetta gjaldfrelsi mjög ójafnt niður. Eg man t. a. m. eptir einum hreppstjóra á þeirri tíð, sem var einhver hinn ríkasti maður þessa lands, og það var sá sem Jóns Sigurðssonar «legat» er við kennt og margir því kannast við. Eg vil næstum segja, að honum mundi hafa borið að svara hreppsútsvari á við 4 af hreppsbændum í þeim hrepp, sem hann var hreppstjóri í, og þessi maður var frí við allt hreppaútsvar. Þá var og annar hreppstjóri í öðrum hrepp, sem allt eins vel eða betur var fær um að vera hreppstjóri, einkum í bóklegu tilliti, og hann var kallinn ómegð og mjög fátækur, svo útsvar hans til fátækra

var annaðhvort sárlítið eða jafnvel alls ekkert; allir sjá hver ójöfnuður það er, að slíkt eigi sèr stað, og mèr finnst það ófært fyrir þingið að vilja veita þessum ójöfnuði aptur aðgang. Eg get því ómögulega fellt mig við þenna tölulið. Sama er að segja um breytingaratkvæðið undir tölulið 2 í sambandi við tölulið 9. Því ef þessir töluliðir fengi atkvæði hèr á þingi, nefnilega að leggja launabótargjaldið á jafnaðarsjóðina finnst mèr, að þeim mundi verða ofboðið, því þeir rísa naumlega uudir sínum núverandi gjöldum. Í norður- og austurumdæminu eru 66 hreppar, ef mig minnir rètt, og 2 hreppstjórar í sumum hreppum, ef maður nú tekur 40 rd. sem er meðaltal, af launabótarupphæðinni eptir breytingaratkvæðinu og taki $^2/_3$ af hreppstjóratölunni 44, að því slepptu, sem að tveir eru í sama hrepp, og reikni svo út, þá getur aukizt gjald á jafnaðarsjóðinn að 10 árum liðnum frá, 600 rd. til 2000 rd., og ef til vill þar yfir, en þetta væri svo fjarska mikil byrði, sem hann ekki gæti þolað, einkum ef haft er tillit til þeirra gjalda, sem hafa nú undanfarin 10 ár hvílt á jafnaðarsjóðnum, og ekki er útsèð um, hvort af honum lèttir að sinni. Menn verða og að gá að því, að hèr er gjaldið byggt á framtali manna á tíundarbæru lausafè, sem stundum þykir mistölu undirorpið, en þar af flýtur, að sá geldur mest, sem hreinskilnastur er, svo að menn svo að segja gjalda ráðvendni sinnar, en eptir því sem jafnaðarsjóðsgjaldið er meira, eptir því er meiri freisting til mistölunnar hjá þeim, sem svo eru lyndir. Það hefir enn fremur verið sagt, að laun lögregluþjóns hèr í Reykjavík væru borguð af jafnaðarsjóðinum; en þetta er engin ástæða, nema ef málsháttурinn: »svo skal böl bæta að bíða annað meira« á að koma fram. Það munu fáir vilja bæta meiru á klárinn af þeirri ástæðu, að það er þungt á honum áður. Eg játa það, að það er víst ekki mögulegt að finna þann gjaldstofn sem menn geta fengið laun af handa hreppstjórum á meðan svona stendur með fjárhaginn. Eg játa það og, að þessi uppástunga amtmannsins fyrir norðan til frumvarps stjórnarinnar er sannarlegt neyðarúrræði til þess að reyna að bjarga þessu máli við; þingmenn hafa sagt, að veglyndi hreppstjóranna mundi koma þeim til að gefa laun sín sveitunum eptir, en þeir eru þá lítið bættari fyrir það, þó þeir hafi ekki samvizku til að þiggja launin af sveitungum sínum, sem eru fátækir og nauðstaddir; þeir eru eins launalausir fyrir það. Þegar menn hafa viljað hafa einhvern sèrstakan mann fyrir hreppstjóra, þá hafa menn opt og tíðum borgað honum fríviljuglega, til þess hann hèldi hrepp-

stjórninni; þetta er miklu geðfelldara og ánægjulegra fyrir alla hlutaðeigendur heldur en þvingandi lagaboð. Ef ei væri mjög lengi að bíða þess, að stjórnarbótin og sveitarstjórnin kæmust á, þá vildi eg heldur að menn biðu þeirrar tíðar en nú að ráða til þess, að þau lög komi út, sem menn verða óánægðir með.

Jón Guðmundsson: Eg hef lengi setið og hlustað á ræður manna, án þess að eg hafi getað samrýmt þær. Eg fellst öldungis á það, sem þingmaður Eyfirðinga sagði um 1. tölulið. Mèr eru kunn dæmi í líka átt. Eg vissi til, að í einum hinum víðlendasta hreppi, sem hèr er til á landi, og þar til fjölbyggðum voru tveir hreppstjórar samtíða, eins og þar hafði jafnan verið að undanförnu, þó að þar sè nú ekki nema einn; annar þessara hreppstjóra komst sjaldan eður aldrei upp úr öreigatíund, og þó lenti meiri partur hreppstjórnarstarfanna á honum. Hinn hreppstjórinn, sem miuni störf lentu á og ekki var duglegri, hann var miklu ríkari; því eg ætla að hann tíundaði milli 20—30 hndr, árlega, og að útsvar hans væri 300—400 fiska á ári, víst sum árin. Eptir þessari 1. uppástungu á atkvæðaskránni hefði hann því fengið alla þessa útsvaralinun, en hinn að eins liðugt 4 mark. Það lýsir því eintómum þekkingarskorti hjá þeim mönnum, sem ætla að málinu verði bjargað við með 1. breytingaratkvæðinu. Að öðru leyti þykir mèr það merkilegt, þegar menn eru hèr að tala um veglyndi og brjóstgæði og samvizku hreppstjóranna og þar fram eptir götunum, og berja svo fyrir, að þeir geti ekki tekið við eða þegið þessi laun úr sveitarsjóði, því það væri sama eins og að taka bitann frá munni fátæklingunum; það er eins og þeir einblíni á það, að ekki sè til nè geti átt sèr stað annað sveitarútsvar heldur en fátækra-útsvarið eða fátækra fè, og að það sè eingöngu lagt á fátæka; en hitt vilja þeir ekki vita, sem þó allir vita, að sveitarútsvarið lendir æfinlega mest á þeim efnuðustu og kemur sízt eður alls ekki niður á þeim fátæku. Eins mundu hreppstjóralaunin koma þyngst niður á þá, sem bezt væru efnum búnir í sveitinni. En ef hreppstjórarnir væri svo veglyndir, að þeir vildi eigi þiggja laun sín af sveitungum sínum, nú þá, þeir um það; en þá ímynda eg mèr líka, að þeir og má ske mundu gefa eptir þessa 20—30 rd., þó að þeir fengi þá af ríkissjóðnum. Á hinn bóginn er þess ekki nægilega gætt, að jafnvel þó eg játi, að mikil þyngsli hvíli á hreppunum nú eptir þessa einstaklega löngu harðærisröð, þá er þetta þó næsta misjafnt yfir höfuð að tala, eptir því sem í ári lætur. Eg veit til þess, að í

sumum hreppum hefir einfalda tíundin eintóm ekki verið brúkuð upp í sveitarþarfir i einstöku góðárum, þegar nokkuð mörg góð ár hafa gengið á undan; en aptur stundum í hinum sömu hreppum hefir þurft að jafna niður í auka-útsvar 7—8000 fiskum, eptir felliár, og í harðærum. Þegar svo stæði á, þá væri máske hart að bæta ofan á slíkt þyngsla útsvar 30—40 rd., handa hreppstjórunum, en þetta jafnaðist upp hin árin, þegar svo miklu minna þyrfti til annara sveitarþarfa, því þá munaði það ekki miklu, og eg vil segja alls engu, að bæta þessu á sig. Menn mega heldur ekki skoða þetta gjald til hreppstjóranna sem útborinn eyrir, út úr sveitinni, því þessi útsvarsauki lendir í hreppnum sjálfum, kemst þar í veltu og verður þar varið í hreppsins þarfir. Þessi 20—30 rd. þóknun lendir ekki á einum heldur á mörgum, og í öllum meðalárum merkist hún varla, auk heldur að hún verði tilfinnanleg árlega fyrir neinn, það getur verið að þessi álaga þyki ekki aðgengileg greiðendunum nè vinsæl. En þá vil eg spyrja, hvaða nýrri álögu hefir nokkru sinni verið hreift eða beitt svo, að ei hafi í fyrstu verið möglað á móti henni, og hún þótt hin óbilgjarnasta? Eg vil þvert á móti segja, að síðan heimur hófst, hefir aldrei ný álaga verið á lögð án þess í fyrstu væri almennt andæft gegn henni. Yfir höfuð tek eg gjaldið úr sveitarsjóði langt fram yfir, að það sè lagt á jafnaðarsjóðina, því hèr er um allt annan gjaldstofn að ræða, og þar að auki eru jafnaðarsjóðirnir nú sem stendur svo ofhlaðnir, að þeir með naumindum rísa undir byrðinni. Og þess vegna er það, að þó að mèr sèu eignað með fram breytingaratkvæðin undir 8. og 9. tölulið, þá skal eg ekki vera neitt harður á að verja þau; það væri næst mínu skapi að fella 4. grein frumvarpsins alveg burt og öll breytingaratkvæðin sem við hana eru tengd.

Framsögumaður: Eg ætla með fáum orðum að víkja að ræðu hins háttvirta varaforseta; mèr skildist hann taka bæði mín orð og annara svo, þar sem talað hefir verið um þá «fátæku», að það væru hinir óefnaðri sveitarmenn, en það er engan veginn meiningin heldur einmitt þurfamennirnir sjálfir, sem á útsvörunum hvíla, nefnilega niðursetningar hreppanna. Þess vegna verð eg enn að vera á því, að ef þessi laun eru lögð á sveitarsjóðina eða í því skyni aukið sveitargjaldið, þá verður það reglulega tekið frá hinum fátæku og styrktarsjóði þeirra, þar sem því ófærara verður að leggja svo mikið gjald á hreppsbændur að nokkuð verði afgangs. Eg er engan veginn á móti því, að hreppstjórar fái laun — það er

ljóst af álíti meiri hlutans — ef menn gætu vísað á góða gjaldgrein, er þessi laun yrðu greidd af. En eg verð í þetta sinn að halda mèr við það að reyna að biðja stjórna fyrst um sinn að veita þetta fè úr ríkissjóðnum.

Arnljótur Ólafsson: Eg er hræddur um, að það sè synd að bera hèr í bakkafullan lækinn. En viðvíkjandi tölulið 2. og 9., þá vil eg leyfa mèr að benda til þess, að þótt svo í fyrstu kunni að sýnast, sem þeir sè betri en frumvarpið, þá kemur það fram, er töluliður 2. er borinn saman við tölulið 9, að álagan verður svo miklu þyngri eður rèttara sagt nálega helmingi þyngri en eptir stjórnarfrumvarpinu. Eg veit nú, að hinir heiðruðu uppástungumenn munu furða sig á þessu; en þegar athugað er, að í 2. tölulið er ákveðið, að hreppstjórar skuli hafa 20—40 rd. laun, en í 9. tölulið er stungið upp á, að hreppstjórar fái 20—60 rd. í launaviðbót, og er hún talsvert hærri en sú er stendur í 4. grein frumvarpsins. Þar að auki er í tölulið 8, stungið upp á, að þessi viðbót skuli veitast eptir 10 ár, en í frumvarpinu stendur, að hún skuli veitt eptir 15 ár. Það er nú auðvitað, að hverjum, sem vill vera hreppstjóri lengur en í 3 ár, er innanhandar að vera það í 10 ár, til þess að ná í þessa viðbót, með því að hún er ginnilegt agn, sem alllíklegt er, að margir muni gína yfir. En látum oss nú finna launahæðina í 2. og 9. tölulið; eptir 2. tölulið eru lægstu laun hreppstjóranna 20 rd. en hæstu 40 rd., en eptir 9. tölulið eru þau lægst 20 rd., en hæst 60 rd. Launin öll verða þá frá 40—100 rd., það er að meðaltali 70 rd.; hrepparnir eru 168, og verða því laun þessi öll 11,760 rd. Menn kunna nú að segja, að þetta gjöri ekki mikið til, því að öll launin sè ekki tekin úr sveitarsjóðunnm, heldur sè viðbótin tekin úr jafnaðarsjóðunum. Eg skal nú eigi fara út í það, hvort það sè rètt eður eigi að launa hreppstjórum úr jafnaðarsjóðunum, hitt hefi eg áður sýnt fram á, að jafnaðarsjóðirnir sè eins ófærir um að greiða þetta fè. En gáum nú að, hvaðan fá jafnaðarsjóðirnir fè sítt, nema úr hreppunum, af lausafènu. Hvernig sem því teningunum er velt, þá verður það allt af ofan á, að laun þessi verða 11,760 rd. gjald af hreppunum. (*Jón Guðmundsson og Stefán Thordersen*: Nei). Það er þá með því móti, að uppástungumenn geti ábyrgzt, að hreppstjórarnir lifi eigi svo lengi, að þeir geti náð í launaviðbótina. Annars get eg eigi skilið, hvernig þeir eigi skuli hljóta að fallast á þenna reikning, er setið hafa í fjárhagsnefndinni, og það eru þó tveir af þeim

þremenningum, þar sem þessari sömu reglu var fylgt, þá er nefndin var að finna meðallaunahæð embættismanna; þá gjörði hún ráð fyrir því, að embættismennirnir lifðu svo lengi, að þeir nái hinum hæstu launum, og þá sýnist mèr, að eins eigi að gjöra ráð fyrir með hreppstjórana. Það er þó víst einhver af hinum heiðruðu uppástungumönnum, sem þekkir þess konar reikning. Eg verð að segja fyrir mig, að eg vil þúsund sinnum heldur frumvarpið, eins og það er, heldur en þessi breytingaratkvæði, nema, ef til vill eitt af breytingaratkvæðum hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns undir tölul. 3. Eg skal nú eigi mæla neitt fram með minni hlutanum, en hitt finnst mèr, að þingið verði að taka til greina það, sem fram hefir komið frá þeim mönnum, er hljóta að vera kunnugastir þessu máli, og mèr sýnist, að þingmenn ætti ekki að leyfa sèr að troða upp á landsmenn þeim lögum, er leggja svo þungt gjald á sveitarsjóðina, sem eptir frumvarpinu eru 7000 rd. og eptir uppástungu hinna þriggja manna nær því 12000 rd. Mèr finnst íhugunarvert að vera að berja þetta fram ofan í reynslu þeirra manna, sem mest hafa fengizt við fátækrastjórn. Og hvernig sem vèr veltum þessu máli fyrir, þótt vèr og segjum að þetta gjald verði að eins greitt úr vasa hinna efnaðri manna, þá er það eigi svo, því það verða fleiri, en hinir efnuðu menn, sem koma til að borga þetta gjald. Vèr þurfum ekki að fara út fyrir Reykjavík til þess að finna, að margir, enda mjög fátækir menn, gjalda til sveitar, þeir gjalda þótt þeir nær því liggi við sveit, og hvílir þá það gjald, þótt það sè ekki eins mikið, enda miklu þyngra á þeim en hinum efnaðri. Mèr finnst yfir höfuð, að úr því menn eru í vandræðum með þetta mál, þá eigi menn að láta það bíða, þar til mál það, er þetta mál er partur af, sem er sveitamálið verður tekið fyrir í heild sinni, og verður þá líklega annaðhvort, að sveitarstjórnin verður svo löguð, að hreppstjórarnir hafa þá minna að gjöra, eður menn finna þá einhvern annan gjaldstofn til að borga þeim af. Eg gæti kannske nefnt til einn gjaldstofn, en »nomina sunt odiosa«, það er hunda skatturinn. Um hann er komin uppástunga frá stjórninni til amtmanna, að leggja skatt á hunda, svo það mál er á leiðinni. Það er nú reyndar ekki mín meining, að hreppstjórarnir fái þenna hundaskatt, en ef hann rennur í sveitarsjóðinn, sem eg hefi heyrt, að amtmaður muni ætla að stinga upp á, þá verður hann færari um að gjalda hreppstjórunum.

Eg tek þetta að eins fram sem dæmi þess, að með tímanum kunni að gefast betri ráð, því þá koma tímar og þá koma ráð.

Stefán Thordersen: Eg ætlaði að tala fáein orð, áður en til atkvæða væri gengið, af því að mèr hefir lengi verið það hugleikið, að hreppstjórar fengi einhver laun, því að síðan eg kom hèr til landsins aptur hefir mèr allt af sýnzt einhver hin mesta nauðsyn á því. En eg hefi nú eigi sèð af öllum þeim breytingaratkvæðum, sem hèr eru framkomin, nè af öllum þeim ræðum, sem haldnar hafa verið, nokkur önnur ráð til þess, að þetta gæti orðið, nema með því að taka stjórnarfrumvarpið eins og það er, eins og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður tók fram; og eg er honum alveg samdóma nema í því að fallast á 1. tölulið á atkvæðaskránni, sem hann ekki áleit alveg frágangsök, því að eg skil eigi, hvernig sá maður, sem vill fylgja stjórnarfrumvarpinu, getur hallað sèr að þessu breytingaratkvæði. Eg get nú eigi heldur fallizt á 2. tölulið, en af allt annarri ástæðu en hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, því að eg verð að leyfa mèr að vefengja reikning þann, sem hann kom með; hann sagði nefnilega, að meðaltals laun hreppstjóranna væri 70 rd. En hann gætir ekki að því, að eptir uppástungunni eiga hreppstjórarnir að vera launalausir 3 fyrstu árin. Þessu hefir hann gleymt. Og það er einmitt þetta atriði, sem hann hefir gleymt, sem gjörir það, að eg get ekki fallizt á tölulið 2. Því að eptir honum eiga hreppstjórar, sem þjónað hafa, ef til vill í 20 ár, enn að vera launalausir hèr eptir sem hingað til hin næstu 3 ár, eptir að þetta er orðið að lögum. Hin breytingaratkvæðin skal eg nú ekki tala um, nema mèr finnst breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns hafa orðið fyrir ofhörðum dómi, því að það er ef til vill það einasta, sem eg gæti hallað mèr að, og sem mèr finnst það eina, er þeir geti hallað sèr að, er fylgja vilja frumvarpinu, En ef stjórnarfrumvarpið fellur, þá er mèr næst geði að halla mèr að minni hlutanum, þótt reyndar kunni að eiga við hann latínski málsháttur inn:

Rusticus expectat dum
defluat amnis.
Bíður búandi
þar til burtu renni
úr farvegi fljót

En samt sem áður, er mèr þó næst geði að halla mèr að minni hlutanum, ef frumvarpið kemst eigi í gegn, því að með því er þó

málið ekki alveg fallið. Eg skal enn fremur geta þess, að þar sem margar raddir hafa heyrzt um það, að óþægilegt mundi vera fyrir hreppstjóra að taka laun sín af sveitarmönnum, þá vil eg halla mèr að tölulið 6., því að hreppstjórunum verður það þó ekki eins tilfinnanlegt að taka laun sín úr jafnaðarsjóðunum. En ef hreppstjórarnir eru svo göfuglyndir, að þeir vilji gefa þessi laun, þá held eg, að eigi þar við að »sælla er að gefa en þiggja«. Eg álít það og betra, að hreppstjórar sè í því ástandi gagnvart sveitarmönnum, að þeir geti sagt: Eg gef yður vinnu mína, en að hreppsbúar geti sagt við þá: Þú ert rèttur til að þrælka fyrir ekki neitt. Eg held því, að það verði þægilegra fyrir hreppstjórana að geta gefið launin eptir. Mèr er einungis um það að gjöra, að hreppstjórarnir fái laun, en bæði meiri hlutinn og minni hlutinn ganga út á það að eyðileggja þetta með því að eyðileggja frumvarpið, sem þó ákveður nokkur laun handa hreppstjórum, og því get eg hvorugum þeirra verið meðmæltur, heldur mun eg gefa atkvæði með frumvarpinu óbreyttu eður með litlum breytingum.

Benidikt Sveinsson: Eg gjörði fullljósa grein fyrir áliti mínu á þessu máli við undirbúningsumræðuna, enda er eg á sama máli enn, með því líka engin ný atriði hafa komið fram, er meiningu minni gætu breytt. Það hefir að eins lýst sèr enn betur, hvílíkt áhugamál það er fyrir þingið, að bæta kjör hreppstjóranna. Þar á móti virðast mèr þau nýju úrræði, sem fram eru komin til að koma þessum áhuga þingsins fram, sem sè þessi mörgu breytingaratkvæði, sem á atkvæðaskránni standa eigi bæta mikið frumvarpið. Og svo framarlega sem eg vissi, að þingið vildi fallast á stjórnarfrumvarpið, þá vildi eg heldur styðja það alveg óbreytt með atkvæði mínu; en breytingaratkvæðin sem hèr standa. Því þótt þau kunni sum að fara að nokkru leyti rèttari stefnu, þá held eg þó, að þau mundu eigi fá svo fljóta áheyrn hjá stjórninni, sem breytingamennirnir halda, svo margir gallar eru á þeim að minni hyggju. Eg verð annars viðvíkjandi minni hluta nefndarinnar og breytingaratkvæði mínu, að lýsa því yfir, að eg verð að álíta það sannarlega kynlegt af þingmönnum að vera í hverju máli að koma fram með efasemdir um það, að stjórnarbótin muni nokkurn tíma komast á, eða þá, að hún muni að minnsta kosti ekki komast á fyrr en seint og síðar meir. Eg hefi nú þá sannfæringu fyrir mitt leyti, að hún eigi ekki langt í land, ef þingið að eins leggur það til sem í þess valdi stendur, að henni verði flýtt. Eg verð þess vegna að

halla mèr að minni hlutanum, af því að þetta mál er verulegur liður úr stjórnarmálinu. Eg ætla samt eigi að greiða atkvæði móti frumvarpinu, svo enginn geti sagt, að eg vilji spilla fyrir máli hreppstjóranna.

Ásgeir Einarsson: Eg var nú að bíða eptir því, að eg hèlt, að einhver af þeim, sem töluðu, mundi halda uppi vörn fyrir meiri hluta nefndarinnar fyrir það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi og nokkrir þingmenn báru honum á brýn, að hann hefði ei stungið upp á því, að hreppstjórar væri endurkosnir. Eg sá það nú strax, að meiri hlutinn mundi geta stungið upp á þessu, ef hann hefði fallizt á frumvarpið; en þetta lá ekki fyrir nú, því að meiri hlutinn eða nefndin átti ekki að búa til sveitarstjórnarlög í þetta sinn. En eg vildi ekki láta þessu ósvarað, og vona eg, að engi misvirði við mig, þótt eg eigi tæki þetta fram við undirbúningsumræðu, því að eg vildi eigi heldur koma þessu viti eða rèttara sagt óviti fyrir þá, er gjörðu breytingaratkvæðin, og leiða þá þannig í þann læk, er þeir eigi slippi óslettlóttir úr. Mèr hefir nú ekki opt þótt vænna um, en að eg var eigi búinn að standa upp, áður en hinn háttvirti varaforseti var búinn að tala fyrir breytingaratkvæði sínu. Hann var nú æði harður þótti mèr á sveitarsjóðunum, og eg hugsaði, hvort hann ætlaði nú með sama krapti að ráðast á jafnaðarsjóðina, og mig furðaði á því, að hann hefði nokkurn tíma skrifað undir þetta breytingaratkvæði, því að eg vissi, hversu vel hann hefir áður talað máli jafnaðarsjóðanna. En hann er nú laus af hólmi frá mèr, að því er þetta snertir, fyrir það, hvað drengilega hann hefir fylgt þessu máli fyrri. Það kom nú raunar fram hjá varaforseta önnur skoðun um þetta sveitarsjóða mál, en hjá sumum öðrum þingmönnum, nefnilega, að þetta gjald hvíldi eigi svo mjög á fátækra sjóðunum eður á hinum fátækari, heldur lenti það mest á hinum styrkari eður hinum efnabetri. Það er nú eins og eg sagði um daginn, að þeir koma þá til að launa hreppstjórunum mest, sem minnst þurfa styrks þeirra við af fátækra sjóðnum. Það hefir nú verið talað um, að sumir hreppar hafi gefið hreppstjórum sínum heiðursgjöf eða launað þeim fríviljuglega af hreppnum. Nú er frumvarpið byggt á þessu fyrirkomulagi, og af því menn hafa verið svona veglyndir, þá eiga þeir nú með lögum að vera þrælbundnir við að gjalda þetta gjald, hvort þeir vilja eður ekki, eptir frumvarpinu, og nú mega þeir eigi lengur fríviljuglega sýna hreppstjórum sínum þessa virðingu. En þess vegna eiga líka

hreppstjórarnir aptur að vera svo veglyndir, að þeir geíi aptur þessi laun, sem menn eru skyldir að gjalda þeim. Eg skil nú eigi, að í þessum hugmyndum geti legið fallegur hugsunarþráður, er góður skynsemdarvefur geti orðið úr. Mèr skildist nú á hinum háttvirta þingmanni Barðastrandasýslu, sem hreppstjórar ætti að hafa það sem eptirlaun, sem stungið er upp á í 8. og 9. tölul., eptir að þeir eru hættir hreppstjórn, en kannske það sè misskilningur. En ef það er rètt skilið, þá nær reikningur þingmanns Borgfirðinga engri átt, því að hann er þá allt of lágur. Það var nú misskilningur þingmanns Barstrendinga á orðum þingmanns Dalasýslu, að hann hèldi, að engir sjóðir væri til nema ríkissjóðurinn, en hann tók fram, að það væri eigi aðrir sjóðir, sem þetta fè yrði tekið úr. En eg get ekki ímyndað mèr, að hann hafi viljað taka þetta fè úr presta-ekknasjóðnum, eða úr öðrum þess háttar sjóðum, þótt hann vissi að hann væri til. Þetta er því að eins hártogun og misskilningur og vildi eg leiðrètta það. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður vildi nú fallast á stjórnarfrumvarpið, og vildi reyna að rèttlæta það. En eg skal nú ekki svara því neinu. Að eins vil eg geta þess, að mèr er ekki ljóst, hvernig hann fèllst bæði á 1. og 2. tölul., því ef þeir yrði sameinaðir, þá yrði nú launin rífleg; en það er líklega, að hann ætlar að fallast á annan töluliðinn, ef hinn fellur (*Pètur Pètursson:* Það er líklega svo). En það er eitt atriði, sem eg vildi biðja menn að hugsa um, áður en til atkvæða er gengið. Þingið lýsti því yfir 1863, eins og menn muna, að það vildi eigi, að þessi gjöld væri lögð á sveitarsjóðina, því það væri á móti gömlum grundvallarlögum landsins. En þrátt ofan í þessar tillögur þingsins, sendir stjórnin málið amtmönnun,-um til álíta. Þetta sýnir nú það, hvað stjórnin metur mikið tillögur þingsins, og þetta skaut mèr nú þeim skelk í bringu, þegar uppástungan um brennivínstollinn var á ferðinni, sem þingmaður Árnesingar virtist benda til í ræðu sinni um daginn, þegar þetta mál var rætt til undirbúnings, því stjórnin þættist ef til vill hafa lokið skyldu sinni, þegar hún hefði lagt frumvarp fyrir þingið, og það gjört breytingar við það, þá þættist hún geta, strangt skilið, gjört það að lögum að því nauðugu líkt og í jarðamatskostnaðarmálinu. Mèr var nú ekkert kappsmál við minni hlutann, því að það mætti, ef til vill segja um meðferð hans á málinu, eins og presturinn sagði, sem átti margar kindur, en fóðraði þær ekki altènd vel, að það væri hægasti dauðdagi að deyja úr hor. Það var nú einmitt mín

hugmynd að biðja um fè úr ríkissjóðnum, meðan fjárhagurinn væri óaðskilinn, en síðan legðist þetta gjald á þann tilvonandi landssjóð, og hver veit nema það hefði tekizt, ef allir kraptar hefði verið eindregnir og amtmennirnir hefði líka lagt til, að það yrði greitt úr ríkissjóðnum. Svona var um launamál embættismannanna; meðan þeir voru ósamþykkir sín á milli, og sinn bað um hvað á fyrra þinginu, þá fèkkst ekkert, en þegar þingið með eindrægni aptur og aptur bað um hið sama, þá fèkkst jafnvel meira en um var beðið. Eins held eg, að hefði farið, hefði amtmennirnir mælt með málinu á sama hátt og þingið. Og eg vildi heldur, að þeir hefði hreint út sagt, að hreppstjórarnir ætti ekki að fá neitt, heldur en að benda á, að þeir skyldu fá laun svona þvert ofan í það sem þingið hafði fyrir fram afbeðið. Eg álít það nú meiri vanvirðu fyrir þingið að fara nú að ganga á móti atkvæði sínu, en að taka upp aptur bænir sínar í sömu stefnu og það hefir áður gjört, og eg get ekki kallað það þrákelkni, þegar það er gjört með þeim fyrirvara, að þetta fè skuli greiðast úr landssjóðnum undir eins og fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Hver veit nú nema að komi framboð til fjárhagsaðskilnaðar næsta þing, og þá er ekki langt að bíða. En eg hefi enga von um, að sveitastjórnamálið komist fyrr í kring en stjórnarbótin kemst á. Það vantar líka yfirstjórnina yfir sveitamálunum, eins og og hefi áður getið um, að varð fyrirstaðan í þessu máli áður, meðan landsstjórnina vantar. Eg álít nú, að Íslendingar sè ekki eins langt komnir í neinum málum og sveitastjórnarmálunum, og það er, ef til vill það eina góða, sem vèr höfum af fjárkláðanum. Eg skal ekki halda meiri hlutanum fram, en það mun hver verða að ráða sínu atkvæði, en eg hefi sagt mína meiningu.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Eg verð að geta þess, að varaþingmaður Strandasýslu hefir misskilið það, sem eg sagði viðvíkjandi endurkosningu hreppstjóranna. Framsögumaður tók fram, að það væri galli á frumvarpinu, að ekki væri þar neitt ákveðið um endurkosningu hreppstjóra, og sagði eg, að það hefði þá verið á valdi nefndarinnar, að bæta inn í ákvörðunum um það efni. Þau ámæli hans, er hann beindi að mèr um ranga stefnu, eru því ástæðulaus.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að svara því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði viðvíkjandi kosningu hreppstjóra, að hann hefir misskilið mig, því eg beindi orðum mínum, eins og eg

sagði áðan, helzt að breytingaratkvæðinu undir tölulið 2, en minna að frumvarpinu sjálfu.

Jón Hjaltalín: Þegar mál þetta hefir verið hèr fyrir áður, hef eg verið vanur að standa upp og mæla með því, og eins ætla eg enn að gjöra, því verður er verkamaðrinn launanna, og hreppstjórarnir eiga laun skilið, og það jafnvel meiri en stungið er upp á í frumvarpinu og breytingaratkvæðunum, og vildi eg stuðla til, að mál þetta fengi hin beztu úrslit. Það er víst mikið til í því, sem hinn heiðraði varaþingmaður Reykvíkinga sagði, að hreppstjórana mætti skoða sem embættismenn alls landsins, því þeir væru undirrót allrar stjórnar. Á þeim liggja margar og þungar skyldur. Það er víst áreiðanlegt, að þar sem sveitarstjórnin fer í ólagi, mun hin æðsta stjórn ekki alstaðar vera eptir óskum. Eg sè nú ekki, hvernig úr þessu á að ráða. Hèr er um tvennt að velja, annaðhvort að fallast á frumvarp stjórnarinnar eða á meiri hlutann, sem ræður til að biðja um, að hreppstjórum verði launað úr ríkissjóði. En hèr hafa komið fram margar raddir, er ráða frá að fara því á flot, og sjálfur hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að það mundi verða árangurslaust, og er eg af sömu meiningu, því að þingið hefir því miður verið mótdrægt frumvörpum stjórnarinnar, og eg er sannfærður um það, þegar stjórnin hefir fengið frumvarp þetta frá amtmönnunum eða að minnsta kosti einum þeirra; mèr ber ekki um að dæma, hvort rètt er að leggja frumvörp þingsins undir amtmennina, stjórnin ræður því, en opt verður hún að láta mikið vera undir þeim komið; eg held því, að lítið stoði að fallast á uppástungu meiri hlutans, einkum þar eg veit ekkert dæmi til, að sveitarstjórnum sè erlendis launað yfir höfuð að tala. Eigi að síður þyki mèr nú illa farið, að ekkert verður úr þessu ráðið, og bágt er það, eptir því sem á stendur hèr, að engin bót fæst á þessu. Eg verð að segja, að eg get ekki gjört eins mikið úr því og sumir, þó menn fyrst um sinn yrði að leggja laun þessi á sveitasjóðina, því þó nú sè hart í ári, er vonandi að það batni, og það ef til vill um það leyti, sem þetta næði lagagildi. Það er ekki eins og lög þessi eigi að gilda um aldur og æfi. Eg veit ekki hvort þingið nú og tvisvar áður, þegar rætt hefir verið um að stofna landssjóð, hefir farið rètt að; ef það hefði tekið betur undir það, hefðum vèr nú haft peninga; en það hefir þingið því miður ekki gjört. Það er bágt að vera kominn í völundarhús þar sem engin skýma er, það er bágt að horfa á nauðstaddan og geta ekki hjálpað; það er

þungt fyrir þingið að sitja svona ár eptir ár, án þess að komast að neinni niðurstöðu, með fram af því, að menn hafna svo mörgu nýtu. Eg sè nú ekki annan veg en að fallast á stjórnarfrumvarpið, því þingið vill þó víst ekki láta menn bíða og bíða og hafa þá fyrir narra. Mèr finnst heldur alls eigi allar þær mótbárur, sem gegn frumvarpinu hafa komið, vera á rökum byggðar. Eg á að heilsa hinum heiðraða varaþingmanni Strandasýslu frá sessunaut mínum, þingmanni Vestmanneyinga; okkur þótti hann ekki áðan vera vel samkvæmur sjálfum sèr, því þó hann sè góður og skynsamur maður, getur öllum yfirsèst; honum þótti að of mikið mundi verða lagt á hina efnaðri menn, en hann verður að gæta að því, að svo er með öll gjöld í öllum löndum. Eg vil spyrja hann: Er ekki duglegum mönnum gagn að duglegum hreppstjórum? Ætli þeir geti ekki lètt svo miklu á þeim, sem því gjaldi nemur? Eg get ekki gefið atkvæði mitt með neinu breytingaratkvæðinu, nema ef vera skyldi með því undir tölulið 2, og þó að eins, ef frumvarpið fellur; fari menn að tæta það sundur með breytingum, held eg ekki verði neitt úr neinu, og það er slæmt. Það kemur nú bráðum fyrir annað mál, sem er skylt þessu; þá getur þingið tekið sèr vara-atkvæði. Það hefir verið talað um hundaskatt, og er hann nauðsynlegur, ef það er satt, sem lærðir menn segja, að þeir olli mörgum meinsemdum, og Dr. Krabbe hefir rètt fyrir sèr. Og þá er að segja um öreigagiptingarnar, væri ekki mögulegt að láta þessa ungu menn, sem vilja gipta sig, gjalda svo sem 20 rd. til sveitarsjóðs? Eg segi þetta til þess menn skuli ekki ímynda sèr, að ómögulegt sè að útvega sveitarsjóðnum fè. Eg held það sè engin frágangssök fyrir þingið að fallast á frumvarpið, en skyldi það falla kann eg bezt við breytingaratkvæðið undir tölulið 2, og skal því ekki tala um hin.

Björn Pètursson: Eg skal ekki í þetta skipti mæða hinn háttvirta forseta eða þreyta þingið með mörgum orðum. Eg átti að skila þakklæti frá sessunaut mínum, hinum háttvivta varaforseta til varaþingmanns Strandasýslu, fyrir það hversu mannúðlega honum hefði farizt við hann áðan, varaþingmaðurinn áleit hann að vera syndugan, en ekki eins þersyndugan, eins og þá, er hefðu ginnt hann til að skrifa undir breytingaratkvæðið. Þetta gladdi mig fyrir hönd varaforseta, eins og það líka hryggði mig fyrir hönd hinna fèlaga hans, sem líka eru vinir mínir. Eg verð að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Af því eg álít rètt, að hreppstjórar fái laun

hefði eg fallizt á frumvarp stjórnarinnar, því eg álít það miklu sanngjarnara, heldur en öll þau breytingaratkvæði, sem fram eru komin, ef það ekki legði laun þessi á þá gjaldstofna, sem ekki mega við meiru, það fer sem sè fram á, að jafnaðar- og sveitasjóðirnir borgi launin; þessir gjaldstofnar, eru vissulega ofhlaðnir, því þeir bera nálega öll opinber gjöld og eg álít, að þingið ætti fremur að styðja að því, að af þeim væri lètt, ef hægt væri, heldur en einlægt að hlaða á þá meiru og meiru. Gæti þingið fundið nýjan gjaldstofn, mundi eg því meðmæltur. Harðæri og fjárkláði hafa svo yfirgengið, að nú eru engir sveitasjóðir til, nema efni hreppsmanna, en þau eru gjaldstofn en ekki sjóður. Jafnaðarsjóðirnir hafa líka verið skuldunum vafnir til þessa og eru í rauninni ekki til fremur en sveitasjóðirnir. Öðru máli væri að gegna, ef lagt hefði verið á nýja gjaldstofna, t. a. m. hús í kaupstöðum, einkum ef þau væri komin í brunabótafèlag, laun embættismanna, eða verzlunina. Það má geta nærri, að þegar eg ekki get fallizt á frumvarpið, muni eg því síður geta fallizt á breytingaratkvæði hinna þriggja manna, nè á breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns, þó það sè mun vægara en þeirra. Eg skyldi fúslega hafa fallizt á uppástungu meiri hlutans, ef eg áliti að til nokkurs væri að berja höfðinu við steininn, sem hèr er ríkissjóðurinn; eg verð því helzt að hallast að minni hlutanum, því þá er málið þó ei alveg fellt, og hugga mig við, að þá komi tímar og þá komi ráð, sem sè þegar sveitastjórnarmálið er komið í kring.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls er ályktarumræðu þessari lokið, vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Því næst var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig.

1. Breytingaratkvæði Halldórs Kr. Friðrikssonar fellt með 18 atatkv. gegn 2.
2. Breytingaratkvæði Eiríks Kúlds, Jóns Sigurðssonar og Jóns Guðmundssonar, fellt með 18 atkvæðum gegn 5.
3. Vara-uppástunga Halldórs Kr. Friðrikssonar, felld með 19 atkvæðum gegn 3.
4. Frumvarpsins 1. grein óbreytt, felld með 14 atkv. mót 9.

Var þá frumvarpið fallið, og sömuleiðis tölulíðirnir 6—7 og tölulíðirnir 10—13, 8. og 9. tölulíðir voru teknir aptur af uppástungumönnum.

5. 14. töluliður, felldur með 15 atkvæðum móti 6.
   Þar með var 15. töluliður fallinn.
6. 16. töluliður, felldur með 14 atkvæðum móti 7.
7. Uppástunga minni hluta nefndarinnar, samþykkt með 11 atkvæðum móti 9.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst uppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns um nokkur undirstöðu-atriði í læknamálinu, hann er sjálfur flutningsmaður, og mun lesa uppástunguna og skýra frá því, er honum þykir þörf á.

Jón Hjaltalín: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 387.

Eg skal ekki mæla frekara fram með uppástungu þessari; eg vona henni verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett var í læknamálið, sem bráðum mun koma frá nefndinni; eg vil einungis geta þess, að 1859 lèt stjórnin í ljósi, að hún vildi ekki skerða læknasjóðinn meira en um þá 600 rd. til læknakennslunnar, því hún hèlt, að sjóðurinn mundi geta aukizt svo, að af honum yrði nýjum læknum launað; stjórnin hefir að nokkru leyti gengið inn á að stofna ný lækna-embætti þegar lækna-efni væru til. Eg held að vèr stöndum betur að vígi með þetta mál en önnur, ef það kemur fyrir ríkisþingið, því öllum mönnum í Danmörku sárnar, hvað læknishjálparlausir Íslendingar eru; eg held að stjórnin muni taka vel undir þetta.

Forseti: Eg ímynda mèr, að allir þingmenn sèu samdóma í því, að uppástungunni skuli vísað til nefndarinnar í læknamálinu. Hafi enginn á móti því álít eg það samþykkt.

Þar næst voru lesnar upp 2 bænarskrár til konungs:

1. í málinu um dönsk lagaboð frá 1863—1864.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 526.
2. í málinu um skógarrækt og trjáplöntun.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 527.

Forseti kvaðst hafa fengið nefndarálit í málinu um Hólakirkju; sagðist hann mundi setja fund á morgun kl. 12, ef mögulegt væri.

Fundi slitið.

---

28. fundur — 10. ágúst.

Allir á fundi, nema varaforseti. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að það hafa enn eigi komið svo mörg nefndarálit, að þeim yrði skipt niður. En póstmálin voru eigi svo undirbúin, að þau yrði tekin fyrir í dag. Þess vegna hefi eg leyft mèr að setja þau mál á dagskrána, sem slegið var upp í gærkvöldi, er nefndarálit komu í gær, þótt þau eigi væri búin að liggja lögboðinn tíma á lestrasalnum. En eg gjörði þetta af þeirri ályktun, að þingmönnum væri svo um að gjöra, að fundi yrði eigi frestað í dag, og að mál þessi væri svo einföld og kunnug öllum þingmönnum. En það er sjálfsagt, að undir eins og einhver þingmanna ekki þykist undirbúinn að ræða þessi mál í dag, þá verður að fresta fundi þangað til á morgun.

Björn Pètursson: Eg verð að segja, að eg er alls ekki undirbúinn að ræða þessi mál nú. Mèr datt ekki annað í hug, en að þau mundu liggja lögskipaðan tíma á lestrasalnum, og fyrir því fór eg ekki upp eptir í gærkveldi að lesa þau, enda heyrði eg af þingmönnum, að Hólakirkjumálið hefði alls ekki komið á lestrarsalinn, svo að eg hefi aldrei átt kost á að sjá það nefndarálit. Eg verð líka að álíta það háskalegt að vera allt af að minnka þann tíma, sem alþingistilskipunin segir, að málin eigi að liggja á lestrarsalnum, sem eru að minnsta kosti 3 dagar. Það getur farið svo á endanum, ef til vill, að það verði álitið nóg að taka málin undir eins til umræðu og þau koma í hendur forseta á þingsalnum. Eg get eigi skilið, hvernig þingið getur ætlazt til, að þjóðin virði þau lög, er frá því koma, ef að þingið gengur á undan þjóðinni í því að fótum troða þau lög, er það á sjálft að hlýða.

Pètur Pètursson: Má ekki forseti skjóta því til atkvæða, hvort fundur skuli verða í dag eður eigi.

Forseti: Eg get ekki leitað atkvæða um það, því að eg sagði, að undir eins og einn þingmanna hefði á móti því að ræða málin nú, þá áliti eg ekki rètt að víkja frá þeirri reglu, sem lögin setja; eg hefi gjört það einungis þá, þegar málin hafa verið einföld og enginn hefir haft á móti því.

Jón Pètursson: Ætli þingmaðurinn vilji eigi falla frá þessum mótmælum.

Forseti: Eptir að þingmaðurinn hefir svo eindregið sagt, að hann væri ekki undirbúinn að ræða málin nú sem stendur, og heimtaði lengri frest, þá álít eg ekki rètt að reyna að fá hann til að falla frá mótmælum sínum. Verður því fundi slitið í dag og mun eg boða næsta fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

29. fundur — 11. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Mýramanna, sem hafði tilkynnt forseta, að hann gæti ekki komið á fund. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá tökum vèr til dagskrár, og verður þá fyrst fyrir til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um *konunglegt frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum*. Eg skal geta þess viðvíkjandi atkvæðaskránni, að eptir tilmælum minni hluta nefndarinnar, þá verður niðurlagsatriði minni hlutans borið fyrst upp til atkvæða orðrètt eins og það stendur í álitsskjali nefndarinnar, en síðan öll hin atriðin, eptir því sem þau standa á atkvæðaskránni, að svo miklu leyti sem til kemur að leita atkvæða um þau. Málið verður afhent framsögumanni, og mun hann taka til máls, ef honum þykir þess þörf að svo komnu.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 391.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg skal nú, áður en þingmenn taka til máls, leyfa mèr að fara fám orðum um þessi breytingaratkvæði, sem hèr eru á atkvæðaskránni. Að því er snertir breytingaratkvæði hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns undir tölulið 2. við 1. grein frumvarpsins um breytingu á launum skrifstofufulltrúans, þá verð eg að álíta, að þessi breyting sè ekki heppileg, því að þeirri reglu er fylgt í Danmörku, að allir skrifstofufulltrúar byrji með 800 rd. launum og þau hækki til 1000 rd. og verður þess vegna að gjöra undantekningu frá aðalreglunni, ef þessi skrifstofufulltrúi ætti að fá hærri laun. Þar næst skal eg snúa mèr að breytingaratkvæði meiri hlutans undir tölulið 5. Meiri hlutinn áleit það nú rètt, eins og hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu hefir líka tekið fram í sínu breytingaratkvæði, að taka ætti

upp í lögin ákvörðun um, að póstmál hèr á landi heyrði undir æðsta úrskurð póstmálastjórans hèr í Reykjavík. En þar af leiðir, að þau póstmál, sem eptir 1. grein frumvarpsins eiga að heyra undir skrifstofufulltrúa þann, er konungur skipar í Kaupmannahöfn, hljóta að takmarkast svo, að eptir því hefir hann eigi önnur póstmál með höndum en íslenzk póstmál í Danmörku. Þegar öll póstmál hèr eru lögð undir æðstu umsjón og úrskurð póstmeistarans í Reykjavík, þá er 1. grein frumvarpsins takmörkuð við póstmál þau, er liggja fyrir utan Ísland. Meiri hlutinn vildi nú helzt, að 1. grein frumvarpsins væri felld, en þegar hún er þannig takmörkuð, þá hefir meiri hlutinn ekkert á móti henni í sjálfu sèr, því að hún er orðin óskaðleg, þegar þessi skrifstofufulltrúi hefir að eins umráð yfir hinum íslenzku póstmálefnum í Kaupmannahöfn, og póstferðunum milli Íslands og Danmerkur. Það var aðalsetning meiri hlutans, eins og eg hefi tekið fram við undirbúningsumræðu þessa máls, að póstmál hèr á landi kæmist eigi undir aðalpóststjórnina í Danmörku; en fyrir þetta er nú girt með breytingaratkvæði þingmanns Strandasýslu. En þótt meiri hlutinn geti sagt, að 1. grein frumvarpsins sè orðin óskaðleg með þessum breytingaratkvæðum, þá verður hann þó að halda því fast fram, að hann eigi geti samþykkt 1. grein, þó eigi fyrir þá sök, að greinin sè skaðleg, heldur af hinu, að greinin heyrir eigi undir atkvæði alþingis. Það kemur alls ekki alþingi við, hvort konungur skipar embættismann í aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn yfir þau mál, er í raun rèttri að eins snerta Danmörku, og úr því 1. greinin er takmörkuð við mál, er eingöngu snerta Danmörku, þá álít eg, að hún sè alþingi óviðkomandi. Meiri hlutinn fer því nú eigi lengur fram á að fella skuli þessa grein, heldur að eins, að þingið eigi ekki að greiða atkvæði um hana. Þessu næst skal eg nú leyfa mèr að taka fram muninn á breytingaratkvæði meiri hlutans og breytingaratkvæði þingmanns Strandasýslu. Það sýnist nú í fyrsta áliti sem bæði sè einnar og sömu þýðingar, en það er þó eigi svo, ef betur er að gáð. Það er þá fyrst, að í breytingaratkvæði meiri hlutans stendur, að póstmeistarinn hafi *æðstu umsjón* og úrskurðarvald yfir öllum póstmálum í póstumdæmi landsins, en í breytingaratkvæði þingmannsins stendur, að hann hafi að eins æðsta úrskurð, en það hlýtur þó að vera meiningin, að póstmeistarinn einnig hafi hina æðstu umsjón póstmálanna hèr á landi, og það er enda tekið fram í reglugjörðarfrumvarpinu, að póstmeistarinn

hafi eptirlit með póstgöngunum hèr á landi. Í öðru lagi stendur í breytingaratkvæði þingmannsins undir 6. tölulið, að póstmeistarinn skuli hafa æðsta úrskurð um póstmálefni *á Íslandi,* en í breytingaratkvæði meiri hlutans undir 5. tölul. stendur í *póstumdæmi Íslands.* Það er nú nokkur munur á þessu tvennu, *á Íslandi* og *í póstumdæmi Íslands*, því að *póstumdæmi Íslands* nær eigi að eins til landsis sjálfs, heldur og til þess, hvernig brèf eru send burt af landinu, og eins til þess, hvernig tekið er við þeim brèfum, sem koma til landsins. Þess vegna verður meiri hlutinn, um leið og hann þakkar hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu fyrir breytingaratkvæði hans, að benda honum á, að hann verður þó að viðurkenna, að meiri hlutinn hafi byggt á rèttari skoðun en hann, því að ef breytingaratkvæði hans yrði samþykkt, þá heyrðu einungis þau póstmál undir póstmeistarann hèr, sem eru á landinu sjálfu, en eigi póstsendingar út úr landinu og vald yfir þeim póstsendingum, er koma til landsins. Þar næst er breytingaratkvæðið undir tölulið 7 við 3. grein frumvarpsins. Það lítur nú svo út sem breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Barðastrandarsýslu undir tölulið 9 muni vera sama efnis. En það er þó eigi alveg hið sama, sökum þess, að það er tengt við 4. grein frumvarpsins, en breytingaratkvæði meiri hlutans er tengt við 3. gr. frumvarpsins. Í 3. gr. er sagt, að í fjárhagslögunum skuli tilfært það fè, er þurfi til póstafgreiðslustarfa hèr á landi, o. s. frv.; en í 4. gr. er talað um, hve nær launaskipunin skuli á komast. Er þá auðsætt, að þar sem talað er í 3. gr. um póstafgreiðslustörf á Íslandi, þá er þar með talinn póstmeistarinn í Reykjavík, því að hann er ekkert annað eptir frumvarpinu, og reglugjörðarfrumvarpinu, en sá *helzti* póstafgreiðslumaður hèr á landi, svo að allur sá kostnaður, sem leiðir af póstafgreiðslunni og póstgöngum hèr, verður reiknaður Íslandi til útgjalda í fjárhagslögunum. Meiri hlutinn áleit nú rètt og enda sjálfsagt, að þessu yrði breytt, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kæmist á, og að Ísland tæki þá að sèr kostnaðinn af öllum póstmálefnum og stjórn þeirra hèr á landi; fyrir því stakk hann upp á, að inn í 3. grein bættust þessi orð: «þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur er aðskilinn», En ef þessi orð væri tengd við 4. grein frumvarpsins, eins og hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hefir gjört, þá verður meiningin sú, að *launaskipunin* en eigi *kostnaðurinn af póstmálefnum* hèr á landi, skuli standa óbreytt, þangað til að fjárhags og stjórnarbótarmál Íslands er til

lykta leitt, og það getur þó eigi verið meiningin. Ef nú 1. grein frumvarpsins verður samþykkt — en í henni er sagt, að laun skrifstofufulltrúans í aðalpóststjórniuni skuli greidd úr sjóði konungsríkisins — þá verður meiningin í breytingaratkvæði þingmannsins, í 9. tölulið sú, að launaskipun þessi, það er að segja, að laun, eigi póstmeistarans í Reykjavík, heldur laun skrifstofufulltrúans í Kaupmannahöfn skuli standa þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á. Nú getur það eigi verið meiningin, að stjórnarbót hèr hafi nokkur áhrif á laun skrifstofufulltrúa í Kaupmannahöfn, því að það er móti eðli hlutarins, að það komi nokkuð við sjálfsforræði voru, hvort konungur hafi þar skrifstofufulltrúa, er hafi með höndum póstmál, sem liggja fyrir utan póstumdæmi Íslands.

Konungsfulltrúi: Þetta mál var við undirbúningsumræðuna rætt svo ítarlega, að eg þarf ekki að vera margorður um breytingaratkvæði þau, sem hèr liggja fyrir á atkvæðaskránni. Það atriði, sem við undirbúningsumræðuna mest varð umtal um, nefnilega það, hvort hinn fyrirhugaði skrifstofufulltrúi væri rèttar settur í aðalpóststjórninni eður undir íslenzku stjórnardeildinni, var líka ítarlega rætt, og skal eg því ekki heldur orðlengja um þetta atriði. Við breytingaratkvæðin undir tölulið 5 og 6 skal eg leyfa mèr að athuga, að þau fara fram á svo verulega breytingu á því fyrirkomulagi, sem stjórnin hefir hugsað sèr á málinu, að eg verð að álíta, að ef þau fengi meðhald hins heiðraða þings, þá mundi það verða málinu til fyrirstöðu hjá stjórninni, og ef til vildi algjörlega fella það, því sú ákvörðun, að póststjórnin hèr skuli hafa æðstu umsjón og úrskurðavald yfir öllum póstmálum á Íslandi, kemur algjörlega í bága við stjórnarfrumvarpið, sem ætlast til, að þetta vald sè hjá aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn, þessi atkvæði breyta þannig grundvallarreglu frumvarpsins, og er það því að mínu áliti mesta áhorfsmál fyrir þingið að aðhyllast þessi breytingaratkvæði, ef þingið, sem eg er sannfærður um, að öðru leyti vill, að þessu máli geti orðið framkvæmt.

Um breytingaratkvæðið undir tölulið 2. þarf eg ekki að tala, því það hefir engin veruleg áhrif á málið, hvort launa-upphæð póststjórans hèrna eru 800 rd., eins og stjórnarfrumvarpið ætlast til, eða 1000 rd., eins og stungið er upp á í breytingaratkvæðinu.

Eg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, sem búið er að ræða svo ítarlega, en einungis leyfa mèr að biðja þingið um að gjalda varhuga við að aðhyllast þá stefnu í málinu, sem geti orðið

því til fyrirstöðu hjá stjórninni, að það geti leiðzt til æskilegra lykta; því þingið hlýtur að vera á einu máli um það, að mál þetta sè eitt af þeim málum, sem varðar mjög miklu fyrir þetta land, og það er og hefir því verið almenn ósk, að það gæti komizt í nýtt og betra horf, en verið hefir, og að því lýtur frumvarp stjórnarinnar.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að meining minni hlutans var, eins og hinn háttvirti forseti tók fram, að niðurlagsatriði hans í nefndarálitinu væri borið upp í einu lagi. Það var eigi meining minni hlutans, að stinga sèrstaklega upp á þessari breyting á grein frumvarpsins, heldur vildi hann, að þingið skyldi biðja um breytinguna að eins með því skilyrði, að hún ekki yrði málinu til fyrirstöðu. Eg skal eigi vera margorður um breytingaratkvæðin; eg get eigi fallizt á neitt þeirra. Sèrstaklega skal eg taka fram, að eg verð að vera mótfallinn breytingaratkvæðinu undir 5. tölul., sem fer fram á að auka vald póstmeistarans hèr, í þessum málum, svo að hann hafi æðsta úrskurðarvald í þeim. Eg álít nú þessa breytingu svo verulega, að mèr finnst hún ísjárverð, og eg er hræddur um, að hún geti orðið málinu til fyrirstöðu. Eg álít, að það sè hið sama og að ráða frá, að póstmál Íslands komist undir aðalpóststjórnina í Danmörku, og að þetta aptur sè sama sem að ráða frá málinu yfir höfuð, því það er að ráða frá, að það fyrirkomulag á póstmálefnum hèr á landi komist hèr á, sem stjórnin hefir fyrirhugað í því efni. Eg verð einnig að álíta þá uppástungu mjög óhagfellda, sem vill binda þetta mál við úrslit fjárhagsmálsins, því að sá tími er ókunnur, nær það mál verður komið í kring. Að öðru leyti mæli eg fram með frumvarpinu óbreyttu eður þá minni hlutanum, því uppástunga hans getur eigi orðið málinu til fyrirstöðu, ef hún er samþykkt í heild sinni. Mèr finnst, að menn eigi að vara sig á að leggja nokkuð það til í þessu máli, sem geti tálmað hinum fyrirhuguðu endurbótum á póstgöngunum, þar sem það er svo mjög áríðandi, að endurbætur þessar komist sem allra fyrst á.

Framsögumaður: Eg verð að geta um það, sem eg hljóp yfir, en það er, hvernig greiða skuli atkvæði um niðurlagsatriði minni hlutans. Eg get eigi sèð, að greitt verði atkvæði um það í einu lagi, heldur verði að greiða atkvæði um það í tvennu lagi, eins og hèr stendur á atkvæðaskránni, það er að segja, að biðja um að þessi skrifstofufulltrúi verði í íslenzku stjórnardeildinni, en ef

það fellur, þá að frumvarpið haldi sèr óbreytt. En ef niðurlagsatriði minni hlutans verður borið upp í einu, þá verður sú meiningin í atkvæði þingsins: Eg vil hafa skrifstofufulltrúann í íslenzku stjórnardeildinni; það er breyting, eður í aðalpóststjórninni, sem frumvarpið fer fram á, og er það engin breyting. Nú er ómögulegt að segja, eg vil breyta og eg vil ekki breyta. Vèr getum ekki sagt: Vèr viljum að fulltrúinn sè í stjórnardeildinni en ekki í póststjórninni, og um leið, vèr viljum að hann sè í póststjórninni en ekki í stjórnardeildinni. Eg hljóp áðan yfir þessa breytingu minni hlutans undir 1. staflið, því að eptir stefnu meiri hlutans kærir hann sig ekki um þessa breytingu, þótt hún annars kunni að vera í rètta stefnu og rètt hugsuð. Eg skal svo að eins geta þess, að meiri hlutinn er nær hinu konunglega frumvarpi en minni hlutinn, þótt meiri hlutinn segi, að 1. grein komi ekki þinginu við, því að konungur á með ríkisdeginum að skipa um það mál eins og hann vill.

Forseti: Út af því sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, þá skal eg geta þess, að eg skil atkvæðin á þann veg, að svo framarlega sem þingið aðhyllist uppástungu minni hlutans óbreytta, eins og hún verður borin upp í heild sinni, þá hefir þingið þar með tekið allt frumvarpið með einu atkvæði óbreytt, og eru þá fallin öll breytingaratkvæðin að öðru leyti. En þótt það taki frumvarpið í heild sinni, þá setur það þó um leið það breytingaratkvæði, að íslenska stjórnardeildin haldi póststjórninni, en þó svo, að þingið vill ekki láta það vera málinu til fyrirstöðu, þó stjórnin ekki vildi ganga að þessu, og vill þá, að frumvarpið verði að lögum ei að síður, ef það eigi getur fengið framgang á annan hátt.

Framsögumaður: Eg er nú samdóma hinum háttvirta forseta um þenna skilning á atkvæðagreiðslunni, þó eg álíti það næstum markleysu að vera að stinga upp á þeirri breytingu, sem þingið kærir sig eigi um hvort stjórnin tekur til greina eður eigi.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að gjöra þá athugasemd við niðurlagsatriði minni hlutans, að það var eigi meining hans, að niðurlagsatriðið væri borið undir þingið í 2 hlutum; það hefði verið það sama sem að gefa þinginu á vald að taka fyrri hluta niðurlagsatriðisins og kasta hinum síðari; en þetta var eigi, hvað mig snertir, vilji minni hlutans; þar á móti var hitt meiningin, að niðurlagsatriðið yrði borið upp í heild sinni til þess, að *stjórnin* gæti valið milli þeirra 2 uppástungna sem í því liggja. En þó uppá-

stunga minni hlutans sè borin upp í einu lagi, þá sè eg eigi, að þingið þar fyrir taki frumvarpið allt óbreytt, ef það aðhyllist hana. Uppástungan lýtur eingöngu til 1. greinar, en hún kann að vera miður heppilega orðuð, eins og hún er komin á atkvæðaskrána, þar sem stendur »frumvarpið« í stað »1. grein frumvarpsins«. Að öðru leyti álít eg, að þingið geti eigi skilið uppástunguna öðruvísi og hafi eigi rètt til að skilja hana öðruvísi en minni hlutinn hefir meint með henni.

Eiríkur Kúld: Eg verð nú að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu í því, að breytingaratkvæðin sè ekki öll fallin, þótt töluliður 1. sè samþykktur, að minnsta kosti ekki breytingaratkvæði mitt undir 9. tölulið. En eg skal nú eigi mæla neitt fram með því. Eg er nú að nokkru leyti samdóma honum um það, er hann sagði um breytingaratkvæði mitt undir 10. tölulið, en þó held eg, að sjálfsforræði vort verði að hafa áhrif á embættismann þenna, sem hèr ræðir um, því þó hann sè búsettur í Kaupmannahöfn er hann þó embættismaður fyrir Ísland, því það er hèr um póstmál Íslands að ræða. Að því er snertir tölulið 2., þá tók hinn háttvirti framsögumaður fram, að talsverðir gallar væri á honum, og eg verð nú að vera honum samdóma í því, ef það er rètt hermt, sem hann sagði um hina dönsku skrifstofufulltrúa. En þó verð eg að gefa því breytingaratkvæði atkvæði mitt, því að eg hygg, að það sè á svo góðum grundvelli byggt, þar sem það er frá hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni. Vèr vitum allir, að hann hefir jafnan verið hlynntur ríkissjóðnum, og nú á að launa þessum manni úr honum, en þó er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður nú óvorkunnlátari við ríkissjóðinn að launa þessum manni heldur en frumvarp stjórnarinnar og heldur en nefndin, sem alls ekki hefir stungið upp á þessum launum hærri. Eg er viss um, að þetta getur ekki verið ástæðulaust fyrir þessum háttvirta þingmanni; hann er kunnur að öðru en slíku. Hann áleit, ef eg man orð hans rètt við undirbúningsumræðuna, að laun þau, er tiltekin eru í frumvarpinu væri oflítil, ef maðurinn væri kvæntur. Það sè nú fjærri mèr að vilja hindra mann þenna frá að giptast, og vildi eg þá engan veginn, að hann kæmist undir þá »kategoríu«, sem fylgt er í máli, er bráðum kemur fyrir, það er að segja öreigagiptingamálinu. Eg mun því gefa þessum tölulið atkvæði mitt, og treysti eg því, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður verði fullkomlega samræmingur, ef líkt kynni að standa á í öðrum málum síðar!!!

Pètur Pètursson: Eg kannast við, að gallar kunni að vera á breytingaratkvæði mínu undir tölul. 2. En eg gaf þá ástæðu fyrir breytingaratkvæðinu við undirbúningsumræðuna, að í frumvarpinu er tekið fram, að sá sem yrði settur fyrir þessi mál mundi verða íslenzkur maður, eða einhver sem nákunnugur væri á Íslandi. Eg hèlt nú, að þar sem hann væri Íslendingur, þá mundi hann eigi svo nákunnugur í Danmörku, að hann mundi geta hjálpað sèr með öðrum atvinnuvegi, eins og innlendir menn gætu, og fyrir því áliti eg það hæfilegt, að hann fengi svo viðunanleg laun, að hann gæti verið kyrr í þessari stöðu, án þess að hrekjast úr henni; hann á heldur eigi kost á að komast til æðra valda í póstmálastjórninni en þeirrar stöðu, er hann hefir í fyrstu. En eg skal ekk vera fastur á breytingaratkvæði mínu, ef frumvarpið fær framgang. Eg get nú eigi fallizt á þá uppástungu minni hlutans, að skrifstofufulltrúi þessi sè í hinni íslenzku stjórnardeild, og mèr þykir miklu viðkunnanlegra, að hann sè í aðalpóststjórninni, því að hún er vanari öllum póstmálum. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölul. 5., að póstmeistarinn hèr hafi hið æðsta vald í póstmálefnum, þá virðist mèr frumvarpið alveg fallið, ef það er samþykkt. En ef menn vilja, að æðsta vald í póstmálefnum sè hèr á landi, þá sýnist mèr, að það ætti að heyra undir stiptamtmanninn eða landsstjórnina. En mèr þykir það ófært að fela einum manni ábyrgðarlausum svo mikil völd á hendur. Eg verð því að halda mèr til stjórnarfrumvarpsins; einungis skal eg geta þess, að eg mun líka halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölul. 9, að frumvarp þetta fái lagagildi 1866.

Jón Hjaltalín: Eg hefi nú hugsað um þetta mál síðan um daginn. Eg gat þess þá, að mèr væri kunnugt, að póststjórn sú, er nú væri í Danmörku væri einhver hin bezta og framkvæmdarsamasta. Einn af okkar duglegustu embættismönnum fór fram á það 1852 eða 3, að vèr kæmumst undir póststjórnina í Danmörku, og hún var ekki óviljug á það, þótt hún játaði, að henni væri það talsverður kostnaðarauki. Eg átti og um þær mundir tal við einn mann í póststjórninni í Danmörku, og kvaðst hann ekki hirða neitt um, þótt þetta fyrirkomulag kostaði póststjórnina nokkuð, ef það á annað borð gæti náð tilgangi sínum og orðið Íslandi til gagns. Síðan eru nú liðin 13 ár og hefir ekki verið á þetta minnt. Eg hefi nú haft þá sorglegu reynslu í þessu efni, að eg vildi, að eg hefði átt kost á að snúa mèr til póststjórnarinnar í

Danmörku, og vona eg, að hún hefði rètt hluta minn. Hinum háttvirta framsögumanni er að nokkru leyti kunnugt dæmi það, er eg tilfærði um daginn, að það var rifið upp brèf til mín að gufuskipsstjóranum áhorfandi (*Forseti*: Þingmaðurinn þarf ekki að koma með þessa sögu aptur núna, því að hann sagði frá henni fyrir skemmstu). Forseti verður að leyfa mèr að taka fram þetta dæmi skýrt og ljóst, því að eg get fyllilega sannað það, og það er ein af mínum ástæðum fyrir því, að eg vil gjarnan komast undir póststjórnina í Danmörku. Eg verð því að gefa atkvæði mitt með stjórnarfrumvarpinu, og það svo alvarlega, að ef breytingaratkvæðin komast að, þá ætla eg að nota mèr 61. grein alþingistilskipunarinnar. Eg skal nú eigi tala um neitt af breytingaratkvæðunum, nema eg mun halla mèr að tölulið 2., því að eg vil, að skrifstofufulltrúinn geti fengið sèr konu, og fyrir því vil eg, að hann fái 1000 rd. laun í stað 800 rd., og eg mun líka verða samkvæmur þessu í öreigagiptingunum. Eg ætla líka að standa upp fyrir 9. tölulið, því að eg veit ekki hvers vegna menn vilja vera að draga þetta mál lengur.

Stefán Thordersen: Eg gjöri nú ráð fyrir, að mönnum þyki, sem eg tali utan af þekju, því að eg get hvorki fallizt á meiri hlutann nè minni hlutann nè stjórnarfrumvarpið. Eg sè eigi hvers vegna menn eru að biðja um póstmeistara í því landi, þar sem engir vegir eru til, og þar sem þingið hefir nú nýlega hafnað að endurskoða vegabótalögin. Eg sè eigi, hvers vegna stjórnin stingur upp á þessu fyrirkomulagi hèr, þar sem hún veit, að engir vegir eru til, og þar sem hún hefir nýlega lýst því yfir í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis, að hún ekki sem stendur gæti veitt fè til reglulegra gufuskipsferða í kringum landið. Eg sè því eigi, að það sè annað en að kasta peningunum út í bláinn að vera að stofna þessi 2 póststjóra-embætti. Eg skal eigi tala neitt um breytingaratkvæðin, því að eg er því með öllu mótfallinn, að nokkur póstembættismaður sè settur að svo stöddu.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni nokkru, þar sem hann sagði, að ef þingið fèllist á breytingaratkvæði meira hlutans undir 5. tölul., þá væri frumvarpið fallið, það er með öðrum orðum, að ef þingið fèllist á þessa ákvörðun, sem þar er farið fram á, þá væri póstmálið alveg fallið. Eg skil nú eigi, hvernig sú skoðun getum komið fram frá öðrum eins manni. En sè skoðun þessi byggð á nokkurri þeirri

ástæðu, sem eigi liggur fyrir utan minn skilning, þá er hún byggð á því, að stjórnin hugsi eður segi: Megi eg ekki innlima póstmál Íslands undir póststjórnina í Danmörku, þá vil eg ekkert gjöra fyrir póstmál Íslendinga. Eg get nú eigi skilið, að þingmaðurinn hafi byggt skoðun sína á þessum grundvelli, því að það væri hið sama sem að hafa ósæmilegan grun til stjórnarinnar. Og hvað yrðum vèr þá að ætla um tilboð hennar í fjárhagsmálinu, og hvaða von ættum vèr þá að hafa í ávarpi til konungs um kjör vor á ókomnum tíma, ef hún vill ekkert gjöra fyrir oss í því máli sem oss varðar svo mikils nema vèr innlimum oss undir Danmörku? En því er betur, þetta er eigi svo, heldur er það ástæðulaus hugarburður, að stjórnin muni eigi vilja samþykkja frumvarpið með viðauka-atkvæði meiri hlutans. Þetta skal eg leitast við að sýna. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu hefir stjórnin einmitt gefið meiri hlutanum tilefni til viðauka-atkvæðisins, sem er 5. tölul., þar sem svo segir, *að umsjónin yfir póstferðunum millum Danmerkur og Íslands* sè lögð undir aðalpóststjórann, sem einnig *fyrst um sinn* ætti að taka að sèr yfirstjórnina yfir póstgöngunum á Íslandi sjálfu». Þetta skil eg nú svo, þegar það er borið saman við það, sem stendur í ástæðunum við 1. gr. frumvarpsins: «jafnvel þó *einungis* ætti að leggja undir aðalpóststjórnina umsjón yfir póstferðunum milli Íslands og Danmerkur, *en ekki einnig* yfirstjórn póstmálefnanna á Íslandi sjálfu, o. s. frv». Þetta hlýt eg nú að skilja svo, segi eg, að þessi orð bendi beinlínis á, að sú sè *aðalskoðun* stjórnarinnar, að einungis póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur eigi að rèttu lagi að leggja undir aðalpóststjórnina í Danmörku, en að það sè óreglulegt (abnormt), að hún hafi umsjón yfir póstmálefnum hèr á landi. Þar sem því stjórnin sjálf segir, að þetta skuli að eins vera fyrst um sinn, þá sýnist mèr hún gefa það fyllilega í skyn, að þetta sè að eins til bráðabyrgðar og, að hún hafi gripið til þessa óyndisúrræðis út úr einhverjum vandræðum, með því að hún játar, að það sè óeðlilegt og óreglulegt. Eg verð því að álíta, að meiri hlutinn hafi einmitt hitt aðalskoðun stjórnarinnar og frelsað hana frá þessari bráðabyrgðar eður vandræða skoðun sinni.

Eg verð nú að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni því upp á sögu hans. að þó hann greiddi atkvæði með frumvarpinu, þá gæti sú saga eins fyrir það endurtekizt aptur. Eg átti líka hlut að því máli, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni, en eg

skal aldrei ásaka póststjórann í íslenzku stjórnardeildinni fyrir það, því að brèfið var utantösku og gat hann því enga ábyrgð haft á því. Og þótt nú þingmaðurinn tæki frumvarpið alveg óbreytt, þá gæti hann samt ekki beðið um ábyrgð fyrir brèf utantösku, hið eina ráð fyrir hann væri að taka 4. og 5. grein í næsta frumvarpi (*Jón Hjaltalín:* Það ætla eg líka að gjöra).

Jón Guðmundsson: Eg ætla fyrst að snúa mèr að breytingaratkvæðunum undir tölulið 5 og 6. Eg get ekki betur sèð en að þeir hafi rètt fyrir sèr, er álíta, að frumvarpið falli, ef að menn fallast á þessi breytingaratkvæði, því þau eru ekki að eins gagnstæð frumvarpinu, heldur og öllu fyrirkomulagi í embættisstjórninni, sem nú á sèr stað á þeim málum vorum, sem verður að ráða til lykta hjá hinni æðstu stjórn í Danmörku. En eptir tèðum breytingaratkvæðum fengi póstmeistarinn æðra vald heldur en bæði amtmenn vorir og stiptsyfirvöld nú hafa; þeir standa þó undir æðra úrskurði stjórnarinnar í mörgum málum, en eptir breytingaratkvæðum þessum yrði póstmeistarinn einvaldur í þessum málum, og ætti ekki svo mikið sem að standa undir konungi. Þetta þykir mèr svo hæpið, að eg verð að álíta breytingaruppástungur þessar alveg óhafandi. Póstmálafyrirkomulag það, sem frumvarpið ráðgjörir, er ekki nema um stundar sakir eður fyrst um sinn, þangað til stjórnarbótin kemst á; þá er nógur tími til að hrinda þessu í eðlilegra horf; en á meðan allt fyrirkomulagið á stjórnarhögum vorum er óbreytt og í sama horfi eins og nú, og á meðan við verðum að eiga póstmál vor undir æðstu yfirumráðum póststjórnarinnar í Danmörku, eins og frumvarpið ráðgjörir, þá hlýtur allur gangurinn í stjórn þessara mála að verða allur hinn sami, að svo komnu máli, eins og í öðrum embættismálum vorum. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölulið 2, þá er það sjálfsagt, að embættið verður því aðgengilegra, því betri sem kostirnir eru. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður færði sem ástæðu fyrir því, að fulltrúinn ekki gæti forframast; eg skil ekki, hvernig því ætti að vera varið, að hann gæti ekki t. d. orðið skrifstofuforingi, eins og er svo algengt um þessleiðis menn. En bæri út af þessu, þá gæti hann fengið póstmeistaraembættið hèr í Reykjavík, þar við kæmist hann þó altènd til meiri vegs, því það embættið er þó miklu ábyrgðar og þýðingarmeira, þó að hinn háttvirti uppástungumaður hafi ekki fundið ástæðu til að rífka laun póstmeistarans fram yfir það, sem er í frumvarpinu. Mèr þykir það eptirtektavert, þar sem

um 2 embætti er talað, og annað hefir margbreyttari og vandasamari störf og meiri ábyrgð í för með sèr, að láta sèr þykja laun þessi nóg handa því, af því það er hèr á Íslandi, en ekki nóg handa hinu miklu vanda- og umfangsminna embætti, af því það er í Kaupmannahöfn. Þá hefir verið mikið talað um 1. grein og breytingaratkvæði minni hlutans, og er eg hvað það snertir samdóma hinum heiðraða framsögumanni. Eg get ekki gjört lítið úr breytingaratkvæðinu, því eg álít það vera hina beztu rèttarbót sem vèr höfum fengið, er Friðrik konungur hinn 7. stofnaði íslenzku stjórnardeildina; hann gjörði það sannarlega í landsföðurlegum tilgangi, og sú var tilætlun hans, að öll mál, er fyrir konung skal leggja, skyldi ganga gegnum hana, og hún vera milliliður milli stjórnarinnar þar og hèr, og var þetta sannarlega mikilvæg rèttarbót fyrir oss Íslendinga. Eg sè enga ástæðu til þess, að þingið færi nú að klípa utan af valdi því og verkahring, sem stjórnardeildinni er ætlað af konungi. Póstmálin í Danmörku heyra undir fjárhagsstjórnina; stjórnardeildin heyrir næst undir Justisministeriet eða lögstjórnina, en er einnig milliliður af Íslands hendi, bæði milli fjárstjórnarráðherrans, kennslu- og kirkjuráðherrans og annarar yfirstjórnar í Danmörku, því gegnum hana ganga öll mál til þeirra því skyldu þá ekki póstmálin mega líka ganga gegnum hana, eins og önnur mál, er liggja undir fjárhagsstjórnina. Eg vil einnig vekja athygli á því, að eptir frumvarpinu finnst mèr, að æðstu yfirvöld vor yrði fyrir einhverri óviðkunnanlegri niðurlægingu, ef fulltrúinn á að sitja í póststjórninni, og *hann* á að vera aðalmilliliðurinn milli æðstu yfirvaldanna hèr á landi; það er þó gjört ráð fyrir, að amtmenn muni bera ýms vandamál undir hann, og verða þeir þá undirlægjur hans. Þetta þykir mèr ekki viðkunnanlegt eða ákjósanlegt eða aðgengilegt fyrirkomulag; eg vil ekki leggja neitt það til, hvorki í þessu máli nè öðru, er skerði eða rýri tign æðstu embættismanna vorra, eða vald og verkahring stofunnar þeirrar, nefnilega íslenzku stjórnardeildarinnar, er konungur hefir gefið oss, með því að fara þenna óþarfa krók fram hjá stjórnardeild vorri, og eins og hún væri ekki til, eða að vèr vildum, að hún yrði ekki til framvegis. Eg vil biðja þingið vel að athuga, að þetta getur leitt illan dilk eptir sig; því ef þingið nú aðhyllist uppástunguna í 1. grein frumvarpsins, eins og hún er þar, hvar skal þá staðar nema? Og hver getur þá ábyrgzt það, nema að vèr þannig smátt og smátt fáum smáfulltrúa setta hèr og hvar í hinum ýmsu stjórn-

ardeildum og skrifstofudeildum í Kaupmannahöfn, í ýmsum öðrum málum vorum. Það er ekki mín meining að vilja draga aðalumsjón og yfirstjórn málsins, alveg undan póststjórninni, engan veginn þar er yfirstjórnin á réttum stað; en íslenzka stjórnardeildin á einnig þar að vera milliliður; annað mál er, ef að þingið vill afbiðja stjórnardeildina, eða stuðla til þess, að hún skerðist smátt og smátt og líði svo undir lok. Eg sè ekki, að breytingaratkvæðið undir tölulið 7 geti ekki komizt að, þó 1. grein verði samþykkt. Að minnsta kosti vona eg, að það verði tekið fram í álitsskjali til konungs.

Konungsfulltrúi: Eg hlýt, eins og eg líka tók fram áðan, að vera algjörlega samdóma þeim háttvirta 4. konungkjörna og varaforseta í því, að 5. breytingaratkvæðið, ef það kæmist að, mundi verða úrslitum málsins til verulegrar fyrirstöðu og að öllum líkindum fella það, og eru ljós rök leidd að þessu í ræðum þeirra nefndu þingmanna, og skýrskota eg því til þeirra, og vona eg, að þingið hafi af þeim getað sannfærzt um, að hèr er mikið í húfi. Viðvíkjandi því atriði, að skipa skrifstofufulltrúann undir íslenzku stjórnardeildinni, sem bæði meiri og minni hlutinn hefir stungið upp á, skal eg taka það fram, að minni hlutinn hefir lýst því yfir, að hann haldi þessari uppástungu ekki fast fram, og að hann vilji ekki, að það á nokkurn hátt verði málinu til fyrirstöðu, og getur því uppástunga minna hlutans þannig löguð ekki haft nein veruleg áhrif.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að tala nokkur orð, vegna þess að eg var einn í nefndinni og sèr i lagi af því, að eg er í meiri hlutanum, sem hefir fengið ákúrur úr ýmsum áttum fyrir tillögur sínar, og einkum fyrír tölulið 5 á atkvæðaskránni, er menn segja, að muni hindra framgang málsins. Eg ætla þá fyrst að bera saman aðalstefnu meiri hlutans og minni hlutans. Eptir ræðu hins háttvirta varaforseta kemur báðum saman um, að fyrirkomulagið á póstmálefnum vorum eigi ekki að ganga í öfuga stefnu við það stjórnarfyrirkomulag, sem er á öðrum málum vorum. Varaforseti tók þetta sterklega fram í ræðu sinni; eg vildi óska að það hefði lýst sèr jafnsterklega á atkvæðaskránni, með því að eg held, að allt þetta lendi annars við orðin ein, og detti um sjálft sig. Það veltur að eins á því, hvort stjórnin vilji heldur fallast á ræðu varaforseta eður á niðurlagsatriði minni hlutans, því minni hlutinn lætur að eins í ljósi ósk sína, að hann vilji heldur að fulltrúinn sè í íslenzku stjórnardeildinni, en það má lesa í millum línanna, að

minni hlutinn álíti, að það gjöri í rauninni ekkert til, þó stjórnin hafi það öðruvísi, eður sem henni bezt líkar. En *setjum* nú svo, að minni hlutinn vilji binda sig við hið núverandi almenna fyrirkomulag á stjórnarmálefnum vorum, og vilji ekki draga stjórn þessa sèrstaka máls inn í landið, af því að ekki eigi við að breyta um aðalstjórn á því fremur en öðrum málum vorum. *Setjum* svo segi eg, að minni hlutinn meini þetta, og vilji þannig styðja sig við þá gömlu setningu, að menn verði að byggja á því, sem verið hefir. En eg vil þá vekja athygli þingsins á því, að meiri hlutinn byggir einnig á því, sem verið hefir og er, og byggir á því sem verið hefir lengi, nefnilega hinni *fyrirhuguðu* stjórnarbót. Hefir ekki þingið frá því fyrsta verið að hugsa um þessa stjórnarbót og senda bænir sínar til konungs, og hefir ekki hin íslenzka þjóð lengi og mjög lengi þráð þessa stjórnarbót? Og hefir nú stjórnin ekki sjálf lýst því margsinnis yfir, að hún sjálf hafi einmitt lengi fyrirhugað þessa stjórnarbót? Hver getur þá sagt, að meiri hlutinn fari út fyrir það, sem á sèr stað. Þvert á móti, vil eg spyrja, gengur þingið ekki einmitt í öfuga stefnu við það, sem stjóru, þjóð og alþing hefir gjört og á að gjöra, ef það fer á móti meiri hlutanum? Mál þetta er liður og mjög verulegt atriði í stjórnarbótinni; yrði frumvarp til stjórnarbótar lagt fyrir þingið, hlyti þetta málefni að koma þar fram sem verulegur liður, þessu neitar víst enginn. Allt svo, ef Íslendingar eiga að fá stjórn yfir málum sínum yfir höfuð, þá ættu þeir sannarlega að fá það yfir þessu máli. Það hefir verið sagt, að vèr þekktum lítið til stjórnar í póstmálefnum, vèr værum ekki færir um að fjatla um þvílík málefni; þessi mótbára virðist mèr þó sannarlega eptirtektaverð; eg veit ekki til, að menn nokkursstaðar í nokkru landi sèu reyndir að viti og dugnaði í hlut, sem ekki hefir nokkurn tíma verið til, en hvenær hefir innlend póstmálastjórn átt sèr stað á þessu landi? Það hefir lengi verið *kvartað* yfir póstleysi og póststjórnar*leysi* hèr á landi en ekki stjórn, og hvernig eiga þá Íslendingar að hafa lært að stýra póstmálefnum, þegar þeir einmitt aldrei hafa fengið tækifæri til að stjórna póstmálefnum? Eg fyrir mitt leyti get ekki vantreyst Íslendingum svo, að þeir geti ekki stjórnað þessu máli, því það er svo localt eður innlent mál, sem mest má verða. Allt svo, *ef* Íslendingar eiga að *geta* stjórnað nokkru máli, þá *hljóta* þeir að geta stjórnað þessu máli. Útlendir menn, eigi síður Danir en aðrir, munu hafa rekið sig á, að Íslendingar hafa meira vit á

en erlendir menn, að fara sjálfir yfir fjöll og firnindi, ár og aðrar torfærur á Íslandi. Að svo mæltu, vil eg nú spyrja: Hvert er eðlilegra fyrir þingið að byggja á þeim grundvelli, sem það sjálft, þjóðin og stjórnin vill rífa niður, eða á þeim grundvelli, sem allir þessir máttarstólpar hafa þegar grundvallað? Menn hafa sagt, að undarlegt væri að smíða fyrst negluna í skip það sem byggja á; en er þá ekki undarlegt að smíða neglu í það skip, sem maður aldrei ætlar að byggja, og er það þá ekki fráleitast af öllu, að vilja smíða neglu í það skip, sem maður er einmitt að rífa? Eg tek það fram, að stjórnin hefir einmitt sjálf gefið þinginu fulla ástæðu til að vona og vera sannfært um stjórnarbót, eða grundvallarbreytingu á stjórn landsins yfir höfuð í þá átt, að hún færist inn í landið sjálft, og það bráðlega, að minnsta kosti hvað fjárhagsmálefni vor snertir. Stefna meiri hlutans miðar því að því, að flýta stjórnarbótinni og undirbúa hana, og getur þess vegna ekki verið stjórninni ógeðfelld; því hún fer að eins feti lengra og nær tilgangi stjórnarinnar en frumvarpið. Skoðum vilja og óskir þjóðar vorrar, og lítum á, hvort ekki er réttara fyrir þingið gagnvart henni, að biðja konung vorn, að þessu máli sé beint í það horf, sem þjóðin þráir og hefir lengi þráð? Skoðum loksins, hvort þingið sjálft ekki sé kvatt til þess og kallað, að halda þeirri stefnu fram í þessu máli, sem það frá öndverðu hefir haldið fram í málum Íslands yfir höfuð? Þannig get eg ekki betur séð, en að 5. töluliður fari meðalveginn í máli þessu. Eitt breytingaratkvæðið á atkvæðaskránni gengur í líka stefnu og það, og vil eg ekki lengja umræðurnar með því að styðja það. Breytingaratkvæðið undir tölulið 7, vona eg að þingið sjái, að sé með öllu nauðsynlegt eptir stefnu meiri hlutans, því það bendir á og sýnir berlega, að Ísland eigi sjálft að bera kostnaðinn af póstmálatilhöguninni á Íslandi, og þetta atriði vona eg að sýni, að meiri hlutinn heldur einmitt því fram, sem stjórnin hlýtur undir öllum kringumstæðum að álíta, bæði réttast, haganlegast og sanngjarnast.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af þeim orðum í ræðu hins háttvirta þingmanns Árnessýslu, að 5. breytingaratkvæðið, eins og hann sagði, ekki gengi út fyrir það fyrirkomulag, sem nú er, leyfa mér að athuga, að það gengur út fyrir það fyrirkomulag, sem stjórnin hugsar sér, og sem hér er einungis um að ræða, og liggur fyrir í stjórnarfrumvarpinu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mér finnst það ætli að fara

að verða nauðsynlegt, að menn gjöri grein fyrir atkvæði sínu í þessu máli, svo það ekki verði álitið á eptir, að maður hvorki hafi verið hrár nè soðinn, þegar til atkvæða kemur. Mál þetta er eitt af hinum mestu velferðar- og áhugamálum vorum; það sýna bænarskrár þær, sem komið hafa til þingsins bæði í sumar og fyrri um málið, og enginn þingmanna hefir mótmælt því; allir eru enn á eitt sáttir um það, að engar þær hindranir beri að leggja í veginn fyrir þetta mál, sem miði til þess að draga úr hinum góða áhuga, sem stjórnin hefir á því, að fá því framgengt. Eg veit, að meiri hluta nefndarinnar gengur ekki nema gott til með breytingar sínar við stjórnarfrumvarpið, eptir því sem hann lítur á málið frá sínu sjónarmiði, en þó er eg hræddur um, að meiri hlutinn, með breytingum sínum við frumvarpið, leggi þær tálmanir í veginn fyrir málið, sem mundu verða til að fella það algjörlega. Það er verið að hræða menn með því, að mál þetta standi í svo nánu sambandi við stjórnarbótarmálið, og það sè hin mesta ósamkvæmni (inconsequens) af minni hluta nefndarinnar, að slíta póstmálið úr þessu samhengi við stjórnarbótina; þetta held eg sè alveg ástæðulaust. Stjórnarbótin og póstmálið eru næsta óskyld mál og ólíks eðlis; og þessar mótbárur eru einar af þessum grýlum, sem sumir þingmenn ota að okkur, þegar um það er að gjöra, að hindra framgang vissra mála. Þessir menn vita hvar okkar viðkvæmasti staður er, nefnilega stjórnarbótin, og fjárhagsskilnaðurinn. En þó svo væri nú, sem meiri hluli nefndarinnar heldur svo fast fram, að það væri í sjálfu sèr rèttara, og eðlilegra, að setja póstmálið í samband við stjórnarbótarmálið, þá getur það þó ekki að minni meiningu verið neitt hættulegt að gjöra frumvarp þetta að lögum til bráðabyrgða, því þegar vèr fáum stjórnarbótina, getum vèr upphafið lög þessi, eða breytt þeim og bætt úr þeim annmörkum sem yrðu því til fyrirstöðu, að þau stæðu í fullri samhljóðun við stjórnarbótina. Þetta held eg hverjum og einum geti verið svo ljóst, að um það þarf ekki að fara fleirum orðum. Mèr þykir það nokkuð skrítin skoðun, sem aptur og aptur kemur fram í ræðum sumra þingmanna, að flest okkar áríðandi mál, skuli þurfa að bíða eptir stjórnarbótinni, rètt eins og von væri á henni á næsta hausti eða vori, svo var til að mynda með hreppstjóramálið, sveitastjórnarmálið o. fl., af okkar mest umvarðandi málum. Eg hefi að vísu góða von um, að stjórnarbótin muni fást, áður en á löngu líður, og eg vil ekkert draga úr hinni góðu von, sem þingmenn

gjöra sèr um það, en eg vil þó ekki láta öll okkar mest varðandi mál bíða hennar. Það er nokkur vorkunn, þó menn andæfi gegn þeim málum, sem miða til að leggja nýja tolla eður álögur á landið, eins og var með lestagjalds- og brennivínstollsfrumvörpin, og fyllti eg þá þann flokkinn, eins og þingmenn muna; en öðru máli er að gegna um þau mál, sem horfa til beinna umbóta og framfara, eins og er um póstmálið, og sem engar nýjar álögur fljóta af. Þetta er líka spáný kenning hèr á þingi, því mörg nýmæli hafa haft góðan byr á þinginu, og tek eg til dæmis búnaðarskólamálið og fleiri mál, sem hafa fengið góðan framgang; en nú er þetta viðkvæðið við hvert mál, að bezt sè það bíði eptir stjórnarbótinni, og með því er loku skotið fyrir það, að málin nái fram að ganga, hversu nauðsynleg sem þau annars eru, og tel eg það mjög svo óheppilega og skaðlega aðferð.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir meiri vandi að greiða atkvæði í þessu máli en mörgum öðrum; því hvorki vil eg spilla fljótri framkvæmd málsins nè villa menn í atkvæðum með meiningu minni. En mèr þykir von, þó sumir komist í efa, þegar vitrustu menn þingsins greinir á í sjálfri nefndinni. Eg skal játa, að eg bar breytingaratkvæði mitt upp í fljótræði; byggði eg það á því, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, og ætlaði með því að miðla málum og fara meðalveg, að spilla ekki aðalmálinu og ekki rètti landsmanna að taka sanngjarnan og nauðsynlegan þátt í póststjórninni. En eg verð að viðurkenna, að breytingaratkvæðið var ekki nógu ítarlega orðað, af því eg hvorki hafði tækifæri að bera mig saman við nefndina, eða nægan tíma til að útfæra það sem greinilegast; eg játa að breytingaratkvæði meiri hlutans er betur orðað, en hvorugt er lýtalaust, ef stjórnin fèllist á þau óbreytt. Eg vil þó vekja athygli manna á, hvort stjórnin mundi ekki geta lagað þetta í lagaboðinu, svo vald póstmeistarans *hèr* væri hagkvæmlega skipað, ef hún væri hlynnt málinu í raun og veru, sem eg held að sè og áliti það nauðsynlegt fyrir Ísland; eg vil taka þetta fram, ef að þingið kynni að fallast á annaðhvort breytingaratkvæðið, og þá verð eg að segja, að mèr þykir nefndarinnar betur orðað en mitt. Nú þykir mörgum svo mikið vera komið undir breytingum þessum, að þeir halda að málið standi eða falli með þeim, en eg get ekki gjört jafnmikið úr þeim; en ef stjórnin vill sýna óvilja, eins og í brunabótamálinu, þá játa eg, að þetta er nógur snagi til þess að hengja hattinn á. Eg hef ætíð viljað hlynna að máli þessu, og vil

þess vegna hliðra til bæði í orðum og atkvæðum til þess það fái sem beztan framgang. Eg held að breytingaratkvæðið undir 7. tölulið tæki burt allan ótta, ef fallizt væri á það. Sumum þykir það óeðlilegt, að póstmeistarinn hafi æðstu umsjón yfir póstmálefnum hèr í landi, og þykir það óviðurkvæmilegt, að hann hafi æðstu stjórn yfir amtmönnunum í þessari stjórnargrein; en þetta er ekki gagnstætt stjórnarreglum annarstaðar; eða er ekki einn minister settur fyrir hverja stjórnar grein? Þar sem einn hefir lögstjórn, annar fjárhagsstjórn, þriðji kirkju- og kennslustjórn, og eru þó póststjórnir sèrstaklegs eðlis, og þurfa sèrstakrar og fljótrar ráðstöfunar og framkvæmda. Það væri mun hægra, ef yfirstjórnin væri hjá þessum eina manni, heldur en, ef stjórn þessi ætti að ganga margra á milli og ræki svo hver ráðstöfunin sig á aðra í því er til framkvæmda horfir. Mèr finnast ekki breytingaratkvæðin 5. og 6. vera svo grýluleg, að málið verði ónýtt, að minnsta kosti er eg ekki búinn að fá skelk fyrir að gefa atkvæði fyrir þessum atkvæðum. Það hefir verið sagt af þingmanni Vestmanneyja. að stjórnin hafi neitað um gufuskipsferðir umhverfis landið í konunglegri auglýsingu (*Stefán Thordersen*: Nei). Svo skildist mèr; eg álít hún hafi ekki neitað, heldur hafi þær einmitt í huga. Viðvíkjandi breytingaratkvæði minni hlutans undir 1. tölulið, hvort póstmeistarinn skuli fyrst um sinn vera í stjórnardeildinni eða í póststjórninni, þá gjöri eg ekki svo mikið úr því, ef 7. töluliður er samþykktur. Það væri sjálfsagt þægilegra, að mál þetta, eins og önnur Íslands mál, heyrði undir stjórnardeildina, ef hún hefði gefizt eins vel og menn óskuðu. Mèr er einungis um það hugað að fá póstmálið í einhvern gang, því vèr erum sannarlega í vandræðum staddir í því efni.

Sveinn Skúlason: Eg stend upp nauðugur í þetta skipti, því eg verð að tala á móti vini mínum og sessunaut, þingmanni Suður-Þingeyinga. Ræða hans hefir aldrei verið jafnlítið sannfærandi fyrir mig og nú, því hann hrakti ekki eina einustu af þeim ástæðum, sem þingmaður Árnesinga og framsögumaður hafa fært fram fyrir meiri hluta nefndarinnar. Hann sagðist ei sjá neitt verulegt samband milli póstmálsins og stjórnarbótarmálsins, en meiri hlutinn hefir skarplega tekið það fram, að póstmálið einmitt væri einn liður í stjórnarbótarmálinu, og þetta hefir verið gjört svo skarpt, að enginn þarf lengur að vera í vafa um það. Það sem þingmaðurinn því fer fram á, er að flytja öll póstmál okkar undir danska stjórn, sem sè aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn í stað þess, eins og

verið hefir að undan förnu, að hafa hana undir stjórn íslenzkra embættismanna, sem eru málunum miklu kunnugri. Þetta kalla eg að taka af okkur ráðin, í stað þess að auka vald okkar, Þingmaðurinn sagði, að það væri þá ætíð hægt að kippa þessu í lag, þegar stjórnarbótin væri komin á; en eg held það sè hægra að segja þetta en sanna; hann hefir ekkert brèf fyrir því, að við þá sèum færir um að taka málið að okkur með þeim kostnaði sem þá yrði búið að gjöra. Hann sagði og, að það væri eðlilegt að afbiðja tolla, en þar á móti ættum við að gleipa við þessu. En þetta er ekki samkvæmt því, sem honum áður hafa farizt orð, því hann hefir aldrei áður latt þegar rætt hefir verið um útgjöld fyrir landið til þess að koma einhverju góðu til leiðar, en nú vill hann gleipa við þessu, af því það á að fara í vasa Dana eptir fènu. Enn fremur tók hann samlíkingu af búnaðarskólamálinu, og sagði að því ættu menn nú ekki að bíða með þetta mál, fyrst menn þá hefðu ráðið til að leggja kostnaðinn til þeirra á landið; en hèr er öðru máli að gegna; búnaðarskólamálið er alveg innlent mál; en þetta mál hefir bæði innlenda og útlenda hlið. Eitt atriði yildi eg enn minnast á, það er, að minni hlutinn og einkum þingmaður Gullbringusýslu, hefir gefið skýringu yfir niðurlagsatriðin, sem er allt öðruvísi en bæði forseti og þingmenn yfir höfuð geta skilið þau; en þetta getur ekki tekizt til greina, því það er auðvitað, að niðurlagsatriðin verða að skiljast eptir orðanna hljóðun. Það var þess vegna öldungis rètt útskýring, sem forseti gaf af niðurlagsatriði minni hlutans. Hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að þetta frumvarp, eins og hann hefir sagt um flest öll önnur frumvörp, sem hèr hafa komið fram á þingi í sumar, væri nátengt fjárhagsmálinu, og gat þess, að ef þingið eigi gengi inn á þetta frumvarp, mundi það verða til þess, að fjárhagsmálið eigi fengi happaleg afdrif. En þetta nána samband fæ eg ekki sèð; fjárhagsmálið og póstmálið er hvorugt bundið við annað, heldur eru þessi mál öldungis jafnhliða. Það var margt í ræðu varaforseta sem gladdi mig, og skal eg geta þess, að ef hann hefði allt af talað svona í nefndinni, þá mundi hún ef til vill ekki hafa klofnað. En þrátt fyrir hans fögru orð núna, þá er það auðsèð, að niðurlagsatriði minni hlutans er tómur hljómur, og mèr þykir það merkilegt, ef þingið nú vill ráða til þess, að leggja okkar æðsta stjórnarvald, íslenzku stjórnardeildina, undir danska póststjórn. Það er búið að hrekja það lof, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður

sagði um dönsku póststjórnina, svo eg þarf þess ekki; það er auðvitað, að eins og danska póststjórnin hefir lært af öðrum, sem sè Englendingum, eins getum við lært að fara með þetta mál, bæði af póststjórn Dana og annara þjóða. Ekki hafa Danir kastað póststjórn sinni undir Englendinga, þó þeir hafi lært af þeim; eins þurfum við heldur ekki að kasta póststjórn okkar undir Dani fyrir það, þó við lærum eitthvað af þeim í þessu efni.

Jón Pètursson: Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg helzt hefði óskað, að stjórn póstmálefna vorra væri undir hinni íslenzku stórnardeild, og þykir mèr því viðurhlutamikið fyrir þingið, ef það nú biður um breytingu á þessu. Það kann og sýnast í fljótu bragði, sem minni hlutinn væri og á því, að vilja ekki taka póstmálefni vor frá íslenzku stjórnardeildinni, þar sem hann stingur upp á, að fullmektugur sè settur í íslenzku stjórnardeildinni, sem hafi á hendi stjórn póstmálanna; en nú er það þó meining minna hlutans, að þessi fullmektugur heyri undir aðalpóststjórnina; en þar af leiddi þá, að hann gæti ekki komið til að standa undir forstöðumanni íslenzku stjórnardeildarinnar, nema því að eins, að sambandið yrði einhvern veginn á þá leið, að sjálf íslenzka stjórnardeildin komi til að standa undir aðalpóststjórninni, sem þó ekki getur verið minni hlutans meining. Frumvarpið er því miklu betra en þetta, að setja mann í íslenzku stjórnardeildina, sem eigi stendur undir forstöðumanni hennar, heldur undir aðalpóststjórninni, því það sjá allir að það er óhafandi.

Hvað nú snertir viðauka-atkvæði meiri hlutans undir tölulið 5, þá stendur í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpsins 1. grein: »jafn«vel þó *einungis* ætti að leggja undir aðalpóststjórnina umsjón «yfir póstferðum millum Íslands og Danmerkur, enn *ekki* einnig «yfirstjórn póstmálefnanna á Íslandi sjálfu, eins og þó nú er til«ætlazt, að gjört verði, að minnsta kosti *fyrst um sinn;* o. s. frv.». En af þessu er það nú auðsèð, að stjórnin álítur það með öllu óeðlilegt í sjálfu sèr að leggja yfirstjórn póstmálefna hèr á landi, hvort sem stjórnarbót kemst hèr á eður ekki, undir aðalpóststjórnina, en álítur það þar á móti eðlilegt, eins og meiri hlutinn, að umsjón yfir póstferðum millum Íslands og Danmerkur heyri undir aðalpóststjórnina í Danmörku. Þess vegna er uppástunga meiri hlutans undir tölulið 5. öldungis byggð á skoðun stjórnarinnar á málinu; það er þess vegna einmitt meiri hlutinn, sem hefir gengið inn á aðalskoðun stjórnarinnar; því meiri hlutinn álítur eins og

hún, að það sè sjálfsagt, að yfirstjórn þessara mála hèr á landi, eigi að vera í landinu sjálfu en ekki undir aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn; það er og auðvitað, að innlend stjórn í öðrum eins málum og þessum, hlýtur að þekkja miklu betur til málanna, en stjórn í framandi landi, sem hèr er ókunnug, og þetta er og viðurkennt í frumvarpinu, því þar er gjört ráð fyrir, að fullmektugur í aðalpóststjórninni verði að vera Íslendingur. En þó nú stjórnin hafi álitið þetta fyrirkomulag á yfirstjórn póstmálanna hèr á landi, sem sè að fela hana á hendur aðalpóststjórninni í Danmörku, óeðlilegt, þá hefir hún hugsað, að öðru yrði ekki viðkomið í bráðina en þetta fyrirkomulag ætti samt að vara sem skemmst yrði; mismunurinn á skoðun meiri hlutans og stjórnarinnar er því að eins sá, að stjórnin heldur, að því *nú þegar* verði ekki á komið, að láta yfirstjórnina í innlendum póstmálefnum vera hèr hèr á landi, þó það væri æskilegt og eðlilegt að svo mætti vera, og að hún sem fyrst ætti að geta orðið innlend; en meiri hlutinn heldur þar á móti, að nú þegar megi koma þessu á. Eg get nú þess vegna ekki skilið í því, að sumir þingmenn hafa sagt, að stjórnin mundi fella allt frumvarpið, ef þingið aðhylltist viðauka-atkvæðið undir tölulið 5.; eg held fullkomlega, að stjórnin fèllist með öllu á það, því það er með öllu samkvæmt vilja og skoðun hennar.

Framsögumaður: Áður en gengið er til atkvæða vil eg einungis benda mönnum á, að ef þingið fellst á niðurlagsatriði minni hlutans, þá eru undir eins öll breytingaratkvæðin á atkvæðaskránni fallin, nema máske 9. töluliður. Eg ætla ekki að tala meir um málið sjálft en búið er. Það hefir verið tekið fram bæði af mèr og nú seinast af hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að töluliður 5. einmitt hitti aðalskoðun stjórnarinnar; því hún ætlast einungis til, að það sè bráðabyrgðarástand, að póststjórnin í Danmörku taki að sèr póstmálefni Íslands. Eg vil að eins bæta því við, að fjárstjórninni datt eigi í hug í fyrstu, að póststjórnin í Kaupmannahöfn tæki að sèr hin íslenzku póstmálefni; þetta sèst enn fremur af ástæðunum við frumvarpið, þar sem svo segir: »þá hafði nú fjárstjórnin látið í ljósi, að hún vildi að minnsta kosti láta það koma til yfirvegunar, hvort eigi mundi *rèttast, að hin almenna danska póststjórn tæki að sèr umsjónina yfir póstferðunum milli Danmerkur og Íslands*». Fjárstjórninni datt því eigi í hug, að alpóststjórnin tæki að sèr yfirstjórn póstmálefnanna hèr á landi; heldur voru það þeir tveir menn, sem kvaddir voru síðan í nefnd

til að íhuga þetta mál, sem stungu upp á þessu, og svo fèllst stjórnin á þá uppástungu nefndarinnar. Þó konungsfulltrúi segði, að 5. töluliður raskaði frumvarpi stjórnarinnar, vona eg samt, að þingmenn sjái, að töluliðurinn er samkvæmur frumskoðun og aðalskoðun stjórnarinnar á málinu. Eg skal enn fremur benda mönnum á, að 1855 kom sú uppástunga frá nefndinni í póstmálinu, að póstmálefni Íslands kæmust undir aðalpóststjórnina, samanber alþingistíðindi sama ár bls. 712. Hvað gjörði nú þingið við þessa uppástungu? Það felldi hana fyrst með 8 atkvæðum gegn 6 og síðan með 9 gegn 8. Má eg nú spyrja, er það samkvæmni af þinginu, að samþykkja nú, það sem það felldi 1855. Þá var þó miklu meiri ástæða til að samþykkja uppástunguna en nú, því nú er stjórnarbótin 10 árum í tíma og jafnvel 100 árum í von nær okkur en þá. Fallist því þingið ekki á 5. tölulið, þá kemst það í helbera mótsögn við sjálft sig. Eg held mèr við það, sem eg hefi áður sagt, og við það sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga áðan sagði, að vèr eigum heldur að byggja á því ástandi sem er að verða, sem sè að stjórnin dragist inn í landið, heldur en á því ástandi sem er að fara. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið; þingið ræður úrslitum þess með atkvæðum sínum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskrá þeirri, er þingmenn hafa fyrir sèr.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 391.

Minni hluti nefndarinnar: að áðurgreint frumvarp til laga o. s. frv., (II, 397) . . . óbreytt að lögum, fellt með 15 atkvæðum gegn 10.

1. Minni hluti nefndarinnar. nafnakall, og

sögðu þessir «já»:	en þessir «nei»:
Eríkur Kúld.	Halldór Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Björn Pètursson.	Benedikt Sveinsson.
Jón Guðmundsson.	Bergur Thorberg.
Jón Sigurðsson.	Halldór Jónsson.
Stefán Eiríksson.	Helgi G. Thordersen.
Stefán Jónsson.	Jón Bjarnason.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Pálmason.

Við þenna tölulið var við haft

Jón Pètursson.
Magnús Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.
Pètur Guðjónsson.
Pètur Pètursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Thordersen.
Sveinn Níelsson.
Sveinn Skúlason.

Var þá fyrsti töluliður fallinn með 18 atkvæðum gegn 7.

2. Pètur Pètursson: breytingaratkvæði við 1. grein frumvarpsins, fellt með 20 atkvæðum gegn 4.
3. Fyrsta grein frumvarpsins óbreytt, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6.
4. Frumvarpsins 2. grein óbreytt, samþykkt með 24 atkvæðum.
5. Meiri hluti nefndarinnar. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall, og

sögðu þessir «já»:	en þessir «nei»:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benedikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Halldór Jónsson.
Jón Pálmason.	Helgi G. Thordersen.
Jón Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Magnús Jónsson.	Jón Hjaltalín.
Sighvatur Árnason.	Jón Sigurðsson.
Stefán Jónsson.	Ólafur Sigurðsson.
Stefán Thordersen.	Pètur Guðjónsson.
Sveinn Níelsson.	Pètur Pètursson.
Sveinn Skúlason.	Stefán Eiríksson.

Var þannig 5. töluliður fallinn með 12 atkvæðum gegn 12.

6. Ásgeir Einarsson: Viðauka-atkvæði við 2. grein, fellt með 12 atkvæðum gegn 11.
7. Meiri hluti nefndarinnar, samþykktur með 14 atkvæðum gegn 3.
8. Frumvarpsins 3. grein með áorðinni breytingu, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3.
9. Eiríkur Kúld: samþykkt með 15 atkvæðum.
10. töluliður fallinn.

11. Frumvarpsins 4. grein með áorðnum breytingum, samþykkt með 18 atkvæðum.
12. töluliður burt fallinn.
13. Frumvarpið allt í heild sinni, samþykkt með 19 atkvæðum.

Forseti: Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, *frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur.*

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 393.

Framsögumaðnr málsins er hinn sami, þingmaður Borgfirðinga, og veit eg ekki hvort hann vill taka til máls.

Konungsfulltrúi: Breytingar þær, sem hèr liggja fyrir á atkvæðaskránni, eru yfir höfuð ekki verulegar, og skal eg því ekki fjölyrða um þær. Eg skal einungis minnast með fám orðum á breytingrratkvæðið undir 9. tölulið, sem mèr virðist athugavert, að því leyti sem það, ef því yrði framkvæmt, yrði að hafa að öllum líkindum veruleg áhrif gagnvart hinu opinbera, því það virðist auðsætt, að ef föst ákvörðun um það, sem mest mætti taka fyrir far og einkum fyrir vöruflutninga með gufuskipinu (en skipaleiga er mikið breytileg, og eitt árið miklu hærri en annað) þá gæti það svo atvikazt, að útgjörðarmaður skipsins, sèr í lagi, ef taxtinn væri lágur, liði talsverðan halla af því, og þenna halla mundi hann vissulega heimta sèr endurgoldinn af því opinbera, og þetta gæti opt numið talsverðu. Eg tek til dæmis, að eins og nú er, er flutningskaupið fyrir vörur með póstskipinu 25% hærra seinustu póatferðina, en á sumrin, og er það til að bæta upp sumarferðirnar, þegar skipið kemur opt hingað með og flytur hèðan litlar vörur, og mundi það taka talsverðu, ef þessu yrði breytt. Viðvíkjandi niðurlagsatriðinu í þessu breytingaratkvæði, að skipið fari nú of seint eptir samningnum frá Kaupmannahöfn, fyrstu ferðina þann 20. marz, verð eg að vera honum algjörlega samdóma, en þetta verður nú líklega svo að standa, meðan sá nýi samningur við útgjörðarmann skipsins stendur, en þetta atriði kemur sjálfsagt til greina undir póstmálinu, því þessi tíma-ákvörðun getur, eins og hèr hagar til, ekki álitist hagfelld.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg þarf ekki að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa mörgu, því hann tók svo lempilega í málið, og tók svo vægilega á viðauka-atkvæði mínu undir tölulið 9. Eg skal að eins geta þess, að það sem knúði mig til að koma fram með þessar uppástungur, voru umkvartanir þær, er eg víða

hvar hafði heyrt, einkum um þetta tvennt, fyrst, að ekkert væri fast ákveðið um, hvað útgjörðamenn og skipstjóri mættu taka í borgun fyrir flutníngа með gufuskipinu, og þar næst hvað skipið færi seint á vorin frá Höfn. Þetta er ekki svo að skilja, að eg eða kjósendur mínir hafi fremur öðrum landsmönnum beðið skaða af þessu, en eg tek þetta fram, af því eg veit, að umkvartanirnar eru töluvert almennar, og mjög líklegt, að þær séu á góðum rökum byggðar. Það er og aðgætandi, að 1863 komu fram megnar umkvartanir hèr á þingi í þessa átt, og það frá þeim manni er vel þekkti til skipa-útgjörða, og var nákunnugur þessu máli. Það liggur og í hlutarins eðli, að það er mjög svo óþægilegt, að engin ákvörðun skuli gilda í þessu efni. Eg skal gefa konungsfulltrúa það eptir, að það er ísjárvert að takmarka samninginn um farkaupið of mikið, en á hinn bóginn er það engu að síður ófært, að engin takmörkun sè til í þessu efni, því þar með er útgjörðamönnum skipsins fengið vopn í hendur til einokunar gegn landsmönnum; úr því þessi kostnaður er borgaður úr ríkissjóði, þá mega menn heldur ekki láta þessa tilhögun liggja sèr í lèttu rúmi. Hvað staflið «b» snertir, þá vil eg leggja þinginu það á hjarta, hvort það ei muni vera rètt að æskja þess, að þingið fái að segja álit sitt um, hvernig verði tilhagað framvegis með gufuskipsferðirnar milli Íslands og Danmerkur. Konungsfulltrúi gat þess, að þetta mál yrði tekið til greina við póstmálið, af því það stæði í sambandi við það og væri því náskylt; en þessi orð hans stefna í allt aðra átt en nefndin fór fyrir skömmu síðan; því hún áleit þetta mál með öllu óskylt póstmálinu, eins og þingmenn mega muna. Eg tek það því fram aptur, að það væri æskilegt, ef þingið fengi vald til að segja álit sitt um, hvað haganlegast væri í þessu efni, og eg hefi það traust til þingsins, að það muni ekki kasta því tækifæri frá sèr sem nú býðst, til að bera fram álit sitt og umkvartanir um málið.

Jón Hjaltalín: Eg stend upp til að styðja skoðun og uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga. Það er öllum kunnugt í Reykjavík, hvílíkur ruglingur er á gufuskipsferðunum, og allir tala um það og kvarta undan því, bæði kaupmenn og borgarar, því með öllu fyrirkomulagi gufuskipsins, sýnist vera fremur haft tillit til útgjörðarmannsins, en til landsmanna hèr; um þetta tala allir hèr í bænum, og eg held það væri útgjörðarmanni skipsins vel tilgjört, að hann fái að vita almennings umkvartanir um þetta, því

og veit, að hann er svo ötull maður og góður drengur, að hann mundi taka tillit til þess. Það væri efalaust langhaganlegast, að gufuskipið legði á stað frá Kaupmannahöfn snemma í marzmánuði þegar ís er því eigi til fyrirstöðu, svo menn þyrfti ekki lengi að bíða á vorin, og það er víst ókunnugleika útgjörðarmannsins að kenna, að það fer svo seint á stað. Þingið ætti því að gefa uppástungu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga alvarlegan gaum, því til hvers er að vera að nudda um þetta ár eptir ár, en hafa þó ekki einurð á að segja opinberlega, hvað mönnum þykir ábótavant. Eins er með borgunina fyrir flutninga með gufuskipinu, menn segja almennt: »Það er ófært að »bestilla» nokkuð með þessu skipi, þeir geta tekið svo mikla borgun sem þeir vilja». Þess vegna er æskilegt, að stjórnin fái hönd í bagga með, og tiltaki hvað borgunin skyldi mest vera, því það á henni þó að vera innanhandar. Allir vita þó, að ferðir gufuskipsins eru í þarfir Íslands og Íslendinga. Það er annars undarlegt, að þessi kvörtun skuli koma frá Þingeyjarsýslu, en ekki héðan, þar sem menn daglega eru að mögla um annmarkana við fyrirkomulag gufuskipsins í þessu og ýmsu öðru tilliti; mér finnst menn eigi að kunna þingmanninum miklar þakkir fyrir það, að hann vakti máls á þessu, því mörgum Sunnlendingum býr sama í brjósti, helzt kaupmönnum, og hafa þeir margir látið í ljósi gremju yfir því. Menn í Englandi, sem hafa haft lyst til að fara hingað upp, hafa sagt: «Það er bágt að eiga við íslenzka póstskipið, það veit enginn, hve nær það fer eða kemur». Þetta er mikill skaði bæði fyrir útgjörðarmanninn og landið, að slík óregla á sér stað, og ætti þingið af fremsta megni að styðja að því, að hún yrði afnumin; eg trúi ekki öðru en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mundi styðja bænarskrá þingsins í þá stefnu, einkum þar hann veit almennar umkvartanir manna; og eg trúi ekki öðru, en að stjórnin mundi hafa í samningnum tillit til þess, ef þingið eindregið beiddist þess; þetta þarf ekki að koma fram sem klögun yfir útgjörðarmanni eða skipstjóra, því allir vita, að þeir eru duglegir menn, heldur ætti þetta að vera sem bendingar til stjórnarinnar, sem hún hefði tillit til og sem alþing hefði leyfi til að blanda sér í, þegar þörf krefði. Eg er því alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga, einungis vil eg ekki hafa, að þetta komi fram í klöguformi heldur sem bendingar til stjórnarinnar í álitsskjalinu.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram áðan, að ákvörðunin um

tímann, er skipið færi á vorin frá Kaupmannahöfn, yrði að líkindum að standa, meðan samningurinn, er seinast hefði verið gjörður við útgjörðarmannn gufuskipsins, stæði; en eg tók það líka fram, að eg yrði að vera á því máli, að skipið færi með þessu móti of seint á stað að vorinu, en á þessu mundi verða bráðum lagfæring. Hinn 3. konungkjörni þingmaður fór mörgum orðum út af óreglu þeirri, sem væri á gufuskipsferðunum, en mèr virtist, að hann færi of þungum orðum um hana, því sumarferðir skipsins hafa ætíð verið í reglu, og það, að skipið hefir 2 seinustu árin komið seint fyrstu ferðina, eða ekki fyrri en í apríl, er komið af kringumstæðum, sem útgjörðarmaður skipsins ekki gat við gjört, stríðinu í fyrra og ísalögum í vor sem leið. Yfir höfuð er svo mikið unnið við gufuskipsferðirnar, sem nú eru komnar á, að menn ættu ekki að kasta þungum steini á hlutaðeigandi, þó eitthvað bæri út af. Við uppástunguna undir 9. tölul. b, hefi eg það að athuga, að mèr virðist hún ekki praktisk, enda verð eg að ætla, að fyrirkomulaginu á gufuskipsferðunum muni sem verulegu atriði í póstmálinu verða skipað með þessu máli á hagfelldastan hátt fyrir Ísland.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi þessum viðauka-atkvæðum þingmanns Suður-Þingeyinga skal eg geta þess, að eg vil styðja þau, og mæla fram með, að þau komi fram í álitsskjali til konungs, og virðist mèr því fremur tilefni til þess, sem þessi sami útgjörðarmaðurinn gufuskips, kaupmaður Koch, sem enn er, bar hèr upp fyrir þinginu 1857, þegar málið var fyrst til meðferðar á þingi, uppástungu um, að skipið væri látið fara á stað eigi fyrr en síðast í marzmánnði, eður þegar kæmi fram í apríl og taldi mestu tvísýni á, að mögulegt yrði að láta póstskipið komast fyrr af stað frá Kaupmannahöfn en þetta. Þingið aftók það þá, og tók fram með skýrum rökum, eins og álitsskjal þingsins segir, og sýndi fram á, að með svo felldu fyrirkomulagi væri póstskipsferðunum komið í miklu verra horf en nokkru sinni áður, ef ekki væri því sèð borgið, að póstskipið legði á stað annaðhvort í febrúar seint, eður fyrstu dagana í marzmánuði. Þetta atkvæði þingsins tók líka stjórnin fyllilega til greina í hinum *fyrsta* samningi, og reiðararnir lètu póstskip þau árin fara aldrei seinna, af stað en 2 dag marzmánaðar, og útveguðu í eitt skipti *annað* skip til fararinnar, er þeirra var eigi til taks. En í *seinni* samningnum milli lögstjórnarinnar og reiðaranna er þessu atriði sleppt, og síðan hefir líka þessi hraparlega óregla komið á póstferðirnar. Þess vegna er

nú líka svo komið fyrir okkur í þessu, að vèr erum nú með þessu ólagi ver staddir með póstskipsferðirnar, er kosta 14000 rd. um árið, heldur en vèr vorum á meðan að eins var kostað 12—1600 rd. til þeirra ferða. Þá kom hingað þó póstskipið æfinlega seint á haustin, seinni árum einnig í janúar, og lagði æfinlega á stað hèðan til Kaupmannahafnar í marz, og gat þannig komið á rèttum tíma til útlanda með allar nauðsynja vetrarfregnir og skýrslur hèðan til stjórnarinnar, og kaupmenn fengið að vita, hvernig verzlunin stæði, og að hve miklu leyti þeir þyrfti að hraða aðflutningum o. s. frv. En nú er því láni ekki lengur að fagna, það var til dæmis, þegar Friðrik konungur sjöundi dó, þá frèttum við þegnar hans ekki lát hans og konungaskiptin í Danmörku fyrr en missiri eptir atburðinn, og það bar upp á sama dag, að fregnin um fráfall konungs kom hèr út í blöðunum og hinn mikli ósigur Dana við Dybböl; nefnilega 18 apríl 1864. Slíka tilhögun með slíkum tilkostnaði álít eg með öllu óhafandi. Það er að sönnu satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, að það er ekki hægt að breyta samningnum, en það er sorglegt, að slíkur samningur skuli hafa átt sèr stað; þvert í móti tillögum og atkvæði alþingis 1857, er stjórnin tók þá til greina, og þvert í móti hinum 1. samningi heunar við reiðarana. Nú getur útgjörðarmaðurinn hagað öllu eins og hann vill sjálfur eptir nýja samningnum, og jafnvel ver, en hann sjálfur í öndverðu stakk upp á. Eg styð því appástungu þessa af alefli og vil, að skýrskotað sè til þess, sem fyrst gjörðist af hendi stjórnarinnar og alþingis í þessu máli. Eg ætla ekki að tala um frumvarpið sjálft, en hvað sem líður hinni praktisku þýðingu þess, er eg að vísu get eigi gert mèr sèrlegar vonir um, þá álít eg það skilyrði frá stjórninni fyrir því, að málið í heild sinni fái þann gang, enda er eg hræddur um, að ef þingið hafnaði frumvarpinu, þá mundi það verða málinu sjálfu til fyrirstöðu, með því líka það hefir að sumu leyti verulega hagsmuni í för með sèr, ef því er haldið, og þó einhverju sè annaðhvort ofaukið eða á-bótavant, þá er hægt að laga það í hendi sèr með tímanum.

Jón Pètursson: Eg vil geta þess, að mèr sýnist viðauka-atkvæðið undir tölulið 9. *a*, vera beinlínis klögun yfir íslenzku stjórnardeildinni út af samningnum um gufuskipsferðirnar, en engin bænarskrá um lagaboð, og þykir mèr ekki sú klögun eiga vel við, einkum fyrst þingið hefir nú fengið fram þá breytingu, að koma póstmálum Íslands undir aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn, því

þingið mun ekki þurfa að efa, að hún komi á haganlegri ráðstöfun í því efni, enda sýnist mèr ekki til neins, þótt þingið fari að biðja um breyting á því (*Jón Hjaltalín*: Það er ekki talað um að biðja). Það væri þá nær, að vísa þessu atriði gegnum forseta til aðalpóststjórnarinnar, en þar hún þó enn ekki hefir fengið stjórn þessara málefna hèr á landi hlýtur þingið að fella uppástunguna. Áhrærandi staflið b. skal eg geta þess, að eptir honum ætti að koma frá konungi einhver skipun til aðalpóststjórnarinnar áður en hún undirskrifaði samninginn, um að leggja hann áður fram fyrir alþingið því til sýnis; en það væri hætt við, að þetta tæki að eins upp tíma, og eg veit ekki, hvort póststjórnin yrði nokkru vísari eptir en áður, því hún má þó eptir skoðun þingsins bezt vita, hvað hèr hentar, og þarf ekki að spyrja þingið eður menn hèr á landi að því. Mèr virðist því þessi töluliður 9. alveg óþarfur og tilgangslaus.

Bergur Thorberg: Mèr finnst nokkur misskilningur koma í ljós í ræðum sumra þingmanna um gufuskipsferðirnar, er þeir sýnast ímynda sèr, að í samningnum um ferðir þessar sè ákveðið, að gufuskipið skuli fara á stað seint í marz, og hinn hæstvirti konungsfullrúi hefir látið í ljósi, að þessu yrði ekki breytt fyrr en nýr samningur yrði gjörður. En þetta virðist mèr ekki vera rètt álitið. Í sjálfum samningnum um gufuskipsferðirnar, sem gjörður var millum dómsmálastjórnarinnar og útgjörðarmannanna árið 1863, er engin ákvörðun um, hvenær gufuskipið skuli byrja ferðir sínar árlega, og hve nær hver ferð á eptir skuli byrja; um þetta atriði er gjörð ákvörðun á ári hverju, og búin til ný áætlun um ferðirnar; sú áætlun sem gildir um ferðirnar núna, hún gildir ekki nema þetta árið, og fyrir næsta ár verður búin til ný áætlun, og það er því auðsætt, að ekki er rètt að álíta, að föst ákvörðun hafi verið gjörð um, að skipið fari seinna á stað en 1. marz frá Kaupmannahöfn. Hitt er annað mál, að hindranir hafa komið fyrir núna síðustu árin, svo að skipið eigi hefir komizt af stað fyrri en seint í marzm. og fyrst í apríl, svo sem ísalög í vetur og stríð í fyrra, og þótt nú væri beðið um, að skipið færi af stað 1. marz, þá verða menn þó sjálfsagt að hugsa sèr þá undantekningu, að skipið kynni að hindrast svo, að það með engu móti geti komizt á stað í tíma eins og nú hefir komið fyrir síðustu árin. Fyrri liðurinn í uppástungu hins heiðraða þingmanns Suðurþingeyinga fer fram á, að ákveðin sè viss borgun fyrir far og flutninga með gufuskip-

inu, er skipstjóri ekki megi yfirstíga. En auk ástæðu þeirrar, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi færði móti því, og sem mèr virtist vera gild, skal eg geta þess, að það væri ósanngjarnt við útgjörðarmenn gufuskipsins, með því «Fragt» er misjöfn, og dýrari eitt árið en annað, og borgunin fyrir flutninga hlýtur þannig að vera ýmisleg og getur ekki staðið í stað, með gufuskipinu fremur en með öðrum skipum, þar sem kostnaðurinn er svo misjafn. Það sem hinn hæstvirti varaforseti sagði viðvíkjandi dýrleika póstgufuskipsins, að það kostaði árlega 14,000 rd. er ekki rètt. Útgjörðarmennirnir fá að eins 10,000 rd., og hefir enginn skildingur af því enn verið færður Íslandi til útgjalda, svo að eg get ekki séð, að alþingi geti álitið, að sèr beri neitt atkvæði um þetta atriði. Að biðja um, að áætlun um gufuskipsferðirnar verði lögð fyrir þingið, er óþarft, því eg er viss um að það verðnr framvegis ákveðið, að skipið, þegar engar hindranir koma í veginn, fari á stað 1. marz, og er þá sjálfsagt, að hinar ferðirnar verði lagaðar eptir því. Það vinnst því lítið við uppástungu þingmanns Suðurþingeyinga, með því að það, sem beðið er um, fæst að mínu áliti, þó ekki sè um það beðið.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður upplýsti, að það væri ekki fast á kveðið, að skipið ekki skyldi fara fyrri frá Kaupmannahöfn að vorinu, en þann 20. marz, en að það gæti farið fyrri, en þegar svo er, þá tel eg víst, að stjórnin eða hin íslenzka stjórnardeild muni hlutast í, að skipið fari svo snemma sem unnt er frá Kaupmannahöfn að vorinu, eða þann 1. marz, þegar um þetta kæmu fram eindregnar óskir þingsins í þess álitsskjali í póstmálinu.

Eiríkur Kúld: Þótt eg finni það sama að atkvæðum hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga, sem að frumvarpinu sjálfu, að mèr þykir atkvæðin of langorð, mun eg samt gefa þeim atkvæði mitt, og eins frumvarpinu, sem mèr þykir samt hvorki vel orðað, nè nógu stuttort, það er nú t. a. m. 2. grein, hún er svo óttalega löng, ekki í stærra máli, að eg aldrei minnist þess, að hafi sèð jafnlanga stöng í lítilli grýtu. Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður rengdi orð hins heiðraða varaforseta um kostnað póstskipsins, og hèlt að kostnaður sá væri að eins 10,000 rd., verð eg að álíta, að hann sè 14,000, eins og varaforseti sagði, og vil eg biðja hinn háttvirta konungkjörna þingmann að muna eptir því, að póstskipið er laust undan öllu lesta-

gjaldi hèr, og mun hann þá sjá, að nærri mun láta, að kostnaðurinn verði alls 14,000 rd.

Sveinn Skúlason: Eg vil gjöra hèr við þá athugasemd, að eg er sannfærður um, að þingið nú einnig muni fallast á þetta frumvarp sem hitt, og getur það þá síðar gjört bæn um hið sama sem þingmaður Suður-Þingeyinga; en eg vona að þingið snúi sèr þá ekki til stjórnarinnar, heldur sendi auðmjúka bænarskrá til dönsku póststjórnarinnar um það mál. Eg vil og biðja minni hlutann að sjá til þess, að í álitsskjali til konungs verði mildað úr þeim orðum hans um þetta konunglega frumvarp, þar sem stendur: «óþarfur og tilgangslaus», um nokkuð af innihaldi frumvarpsins. Eg treysti hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni til að annast um, að nokkuð verði mildað úr þessu.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er nú þessari ályktarumræðu lokið; verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem hinir háttvirtu þingmenn hafa fyrir sèr.

1. Minni hluti nefndarinnar (Bergur Thorberg, Jón Guðmundsson, Pètur Guðjónsson). Samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1.
2. Sami: Samþykktur með 14 atkvæðum.
3. Frumvarpsins 1. grein, með áorðnum breytingum. Samþykkt með 16 atkvæðum.
4. Minni hluti nefndarinnar, samþykkt með 15 atkvæðum.
5. Frumvarpsins 2. grein, með breytingu. Samþykkt með 15 atkvæðum.
6. Frumvarpsins 3. grein. Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 3.
7. Frumvarpsins 4—8 grein. Samþykkt með 15 atkvæðum.
8. Frumvarpið allt í heild sinni með breytingum. Samþykkt með 15 atkvæðum; þar við er síðari hluti 8. töluliðs fallinn.
9. Jón Sigurðsson frá Gautlöndum. Samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6.

Forseti: Dagskrá er þá lokið í dag. Eg skal geta þess, að eg hefi ekki enn þá fengið neitt nefndarálit, en vona enn þá að einhver komi þangað til á morgun. Til undirbúningsumræðu verða tekin á næsta fundi, málin: *um Hólakirkju* og um *skyldur svaramanna,* og set eg fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

30. fundur — 12. ágúst.

Hinn þriðji konungkjörni þingmaður og þingmaður Suður-Þingeyinga, höfðu tilkynnt forseta forföll sín; sömuleiðis hafði varaforseti tilkynnt forseta, að hann eigi gæti mætt fyrri part fundarins.

Gjörðabók frá síðasta fundi var upp lesin og samþykkt.

Forseti: Hinn háttvirti varaforseti þingsins, sem ekki getur mætt framan af fundinum vegna sjúkdómsforfalla, en vill vera við staddur, þegar málið um Hólakirkju kemur til umræðu, hefir óskað, að þetta mál, sem er sett fyrst á dagskrána, mætti verða rætt síðar en hitt, sem stendur síðar á skránni. Ef enginn þingmanna mælir í móti, vil eg verða við þessari ósk varaforsetans, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málið *um skyldur svaramanna í hjúskaparmálum*. Framsöguna hefir tekið að sèr hinn háttvirti þingmaður Dalasýslu, og mun hann lesa nefndarálitið, og skýra málið, sem honum þykir við þurfa.

Framsögumaður (*Jón Bjarnason*): Eg vona að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður taki sjálfur við framsögunni, þegar kemur að ályktarumræðu þessa máls, og vildi eg spyrja hinn háttvirta forseta, hvort nokkuð væri móti því (*Forseti*: Nei.). Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 496.

Eg skal nú ekki að svo stöddu vera langorður um þetta mál, en að eins geta þess, að það eru tvær hliðar, sem það getur skoðazt frá; önnur er sú, hvort mönnum eigi virðist yfir höfuð þörf á, að óreglu þeirri sè með einhverju móti útrýmt, sem í þessu efni á sèr allt of mikinn stað í sveitunum, og einhverri lögun á það komið. En á hina hliðina, ef svo er, að mönnum eigi sýnist þess við þurfa, þá er því síður ástæða til að fjölyrða um málið; en ef mönnum aptur þætti endurbóta við þurfa í því efni, og að einhverju þyrfti að koma til leiðar, sem stefndi í þá átt, að mál þetta eigi þyrfti að koma fyrir á hverju þingi, þá ætti þingið vissulega að gefa málinu alvarlegan gaum. Verið getur, að menn nú ekki fallist á uppástungur nefndarinnar í öllum greinum, en þá er mönnum innan handar, að gjöra aðrar betri uppástungur, ef þeir annars vilja styðja málið, sem eg vona að allir vilji.

Konungsfulltrúi: Þetta mál hefir eins og kunnugt er, optar

en einu sinni áður verið borið upp á þessu þingi, en málið hefir allt af átt örðugt uppdráttar, og það er í eðli sínu, því það kemur algjörlega í bága við það, sem gildir yfir höfuð um giptingafrelsi manna eptir löggjöfinni, sem á seinni árum hefir rýmkað um þetta náttúrlega frelsi, meðan vèr Íslendingar förum í gagnstæða stefnu, og er það eptirtektavert dæmi upp á frjálslyndi vort.

Málið er í þetta sinni komið fram undir öðru formi en að undanförnu, því nú snýst það um svaramenn í hjúskaparmálum, en allt hið sama liggur þó á botninum, að tálma eins og mest má verða giptingum fátæklinga, því það er auðsætt, að það er sama sem blátt bann, að áskilja, að hlutaðeigandi hjóna-efni skuli útvega sèr svaramenn, er takist á hendur þær skyldur, sem 1. grein í nefndarálitinu ætlast til og gjörir þeim að skyldu, því sú ábyrgð sem svaramennirnir þannig ættu að taka að sèr, er svo vaxin, að enginn fæst til þess.

Það var því óþarfi fyrir nefndina að fara lengra en þetta, því þessi eina ákvörðun er einhlít til þess að ná tilganginum, að aptra fátækra giptingum, og með þessum aðaltilgangi fyrir augum get eg ekki skilið, hvað ákvarðanir þær, er standa undir 2. lið, eiga að þýða, því þær veita enga tryggingu fyrir því, að hlutaðeigendur ekki komist á sveit, og eru því þýðingarlausar, og í mótsögn við aðalhugsunina undir 1. tölulið.

Þá er tekið fram undir 4. tölulið, að þegar vafi sè á því, hvort hlutaðeigandi hjóna-efni hafi þá undir 3. tölulið áskildu giptingarkosti, skuli hreppstjóri gefa vottorð um, hvort hlutaðeigendur geti gipzt, nema með svaramanna ábyrgð eptir 1. grein; það ræður nú að líkindum, hvernig þetta vottorð hreppstjórans muni hljóða, það fellur ætíð út til ábyrgðar, því hreppstjórinn mun eptir vonum jafnan taka í harðari strenginn. Þá er undir 6. tölulið ákveðið, að hver sem finnur ástæðu til þess, geti kallað prestinn fyrir pólitírètt, og fengið hann sektaðan um 10—50 rd., og dæmdan í málskostnað, hafi hann gjört sig sekan í einkverju afbrigði þeirra ofangreindu ákvarðana; minna mátti nú reyndar gagn gjöra. Eg þarf ei að lýsa afleiðingum þeim, er verða að fljóta af þessari ákvörðun, en eg skal leyfa mèr að benda á þann ríg og ramdrátt, sem hèr af er auðsèn afleiðing; milli sóknarprestsins á þá einu hlið, og sóknarmanna á hina, því það má jafnan gjöra ráð fyrir því, að presturinn ætíð muni taka frjálslega í málið, en að bænd-

urnir, sem í hvers fátæklings hjónabandi eða giptingu sjá aukinn sveitarkostnað, muni fara í hina áttina. Yfir höfuð get eg ekki, hvernig sem eg lít á málið, annað en sèð á því yfirgnæfandi annmarka, og eg verð því að ráða því heiðraða þingi frá því að halda málinu lengra fram, af því eg hlýt eptir því undangengna að álíta, að það yrði árangurslaust, og skal eg í því tilliti leyfa mèr að taka það fram, að Kancelíið þegar árið 1835 hafnaði algjörlega uppástungu amtmannsins í norðuramtinu, sem fór í sömu stefnu og nefndarálitið, sem hèr liggur fyrir og vitnaði um leið til þess, að bæði byskupinn á Íslandi og stiptamtmaðurinn hefðu verið mótfallnir ítarlegri böndum á öreigagiptingum, en þeim, sem eru eptir ákvörðuninni í tilskipun 30. apr. 1824, § 10. Þannig leit þetta stjórnarráð þá á málið, og þannig leit löggæzluráðgjafinn á það 1859, og það eru því engar líkur til þess, að stjórnin sem nú er, mundi taka til greina uppástungu, er færi í þá átt, sem nefndarálitið fer, og það er því ekki til annars, en að eyða tímanum frá öðrum málum, að vera að ræða þetta mál.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa fáeinum orðum, og þá fyrst geta þess, að það gleður mig innilega, að amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefir verið á sama máli og nefndin er nú, og það sýnir, að ekki að eins þjóðin hefir þessa skoðun, heldur og embættismennirnir. Með tilliti til 1. greinar niðurlagsatriðanna, skal eg geta þess, að það var meining nefndarinnar, að örsjaldan mundi þurfa til þess að taka að brúka ábyrgðina, því skilyrði þau, sem tekin eru fram undir stafliðunum a, b og c, gjöra það, að ábyrgðin verður yfir höfuð sjaldgæf, og sá vegur, sem þar er stungið upp á, er langtum auðveldari en 3 ára ábyrgðin, þegar talað er um að styrkja manninn. En fái hann hvorki fullnægt tèðum skilyrðum, nè heldur svaramennskuna, þá verður að álíta, að eigi sè kominn tími til fyrir hann að gipta sig, því þá má ganga að því vísu, að eitthvað er það í fari hans, sem gjörir að ekki er heillavænlegt fyrir hann að kvongast. Að prestum sè nokkur hætta búin af þessu, get eg ekki skilið, því þeir munu fæstir, ef þeir eru skylduræknir á annað borð, verða frjálslyndari en lög leyfa, enda álít eg enga niðrun fyrir þá, þó þeim sè gjört að skyldu, að gæta góðrar reglu í því efni, einkum þar ekki er um aðrar skyldur að gjöra, en að fá skilríki, áður en lýsingar byrja. Eg sè þeim sannarlega enga hættu búna af því.

Stefán Thordersen: Eg á nú bágt að því leyti, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið fram það, sem eg ætlaði að segja. En þó ætla eg að snúa mèr með fám orðum að sjálfu málinu, eins og það liggur fyrir eptir nefndarálitinu. Þær eru þá nú komnar aptur fram á þingi þessar öreigagiptingar, sem svo opt áður hafa verið fyrir, en þær eru nú komnar undir öðru nafni en áður; nú heitir það: »Skyldur svaramanna í hjúskaparmálum«, og er þó allt sama tóbakið. Menn hafa orðið varir við, að öreigagiptingar sèu í tvennu tilliti skaðlegar fyrir landið; fyrst í því tilliti, að bóndinn við þær missir hjú sín, sem allur góður búskapur er undir kominn; þar næst í því tilliti, að þær skaða sveitarfèlagið, sökum þess, að margir öreigar sem giptast, flosna síðan upp og verða sveit sinni til byrði. Á þessu vilja menn nú ráða bót, og í þá stefnu hefir nefndin starfað, eins og hún bezt gat, eins og búast mátti við, þar bæði greindir og góðviljaðir menn eru í nefndinni. En hitt er annað mál, hvort nefndinni hefir tekizt sem bezt að bæta úr vandræðunum. Hún leggur mikla áherzlu á það atriði að banna mönnum að giptast; væri eg ógiptur, kynni eg að hafa orðið nefndinni samdóma; en nú þar eg er giptur, get eg ekki annað sagt, en «bene solis esse maritis», eður að kvonguðum mönnum einum vegni vel. Nefndin segir undir tölulið 1. á þessa leið: «Það skulu lög hèr eptir», o. s. frv. En má eg nú spyrja nefndina: Getur hún bannað mèr sem jarðeiganda, ef eg á einhvern kotskækil, og held hjú, sem eg einhverra orsaka vegna vil losast við, og um leið byggja kotið, getur þá nefndin bannað mèr segi eg, að byggja hjúum mínum þetta kot? Eg gjöri ráð fyrir, að nefndin segi «nei». Nú þegar eg hefi byggt hjúunum kotið, segja þau við mig; viltu gipta okkur? Þá hlýt eg eptir þessum lögum að segja nei, eg má það ekki, og þá neyðast þau til að lifa þarna í kotinu, að eg taki svo til orða, upp á pólsku, og verður þá allur ábatinn sá, að þau geta lausaleiksbörn í stað hjónabandsbarna, sem þá eins eptir sem áður hlaðast á sveitina. Af þessu má sjá, hvernig nefndin hefir gengið í skakka stefnu, hvað svaramennina snertir; og mun eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, sem eg álít eina rètta: 1, að banna jarðeigeudum að byggja hvert ólífvænlegt kot, sem þeim sýnist; og 2, að þröngva kostum sveitarómaga á þann hátt, að sveitarstjórnirnar fái meiri umráð yfir þeim, en verið hefir; og vona eg að hinn háttvirti

þingmaður Borgfirðinga tali í máli þessu, og að eg geti komið mèr saman við hann um að orða breytingaratkvæðið.

Eiríkur Kúld: Þegar eg nú stend upp í þessu máli, get eg, að menn muni eptir, hvernig mèr fórust orð við inngangsumræðu þessa máls, og að menn nú því eigi furði, þótt eg ekki geti fallizt á uppástungu nefndarinnar. Eg efast ekki um, að nefndin hafi gjört allt, sem í hennar valdi stóð, til að hjálpa við máli þessu; en það er aldrei gott að byggja, þar sem enginn grundvöllur er, og ekki gott að byggja vel á skaðlegum grundvelli, eins og hèr er. En þótt nú þeir þingmenn, sem talað hafa í þessu máli, ekki hafi vorkennt nefndinni, þá þykist eg mega fullyrða, að hún hefir ekki getað betur. Það er illt að verða að taka þau mál inn á þing til meðferðar, sem særa eina þá helgustu tilfinning, er hreifir sèr í brjóstum manna, og það er hjónaástin. Þessari tilfinningu er gjörsamlega vikið á burt eptir uppástungu-atriðum nefndarinnar, og rètt eins og sagt væri við þá sem unnast: »Þið megið elskast, en ekki giptast«. Ef þetta er ekki beinlínis á móti guðs og manna lögum, þá veit eg ekki, hvað er á móti þeim. En þótt eg nú tali þannig, má enginn taka orð mín svo, að eg vilji, að ekkert hapt sè lagt á óreglumenn og lausingja í því tilliti, en það eru ekki þeir, sem nefndin stingur upp á að leggja hapt á, heldur eru það fátækir menn, og er þó langt frá, að ætíð fari saman fátækt og óregla eður ósiðsemi, því fátækt kemur ekki nærri altjend af óreglu. En hitt er víst, að ef slík höpt væru lögð á hjónabandið, þá mundi það fremur verða siðferði manna til spillingar en bótar. Eg gæti fært mörg dæmi til þess, ef menn vildu, og það er auðvitað, ef slíkt hapt væri lagt á hjónabandið, þá mundu lausaleiksbörnin óðum fjölga, og slíkt verð eg að álíta mikla siðaspillingu. Hinn heiðraði framsögumaður taldi uppástungu nefndarinnar það til gildis, að sjaldan mundi þurfa á ábyrgðinni að halda. Eg veit nú ekki um það, en hitt veit eg, að ef sjaldan þarf á henni að halda, þá er ekki eins mikil nauðsyn á löggjöf um þetta efni nú, eins og nefndin segir. En það dugir ekki, eins og eg hefi sagt, að álasa nefndinni, hún hefir af fremsta megni viljað hjálpa málinu, og »ultra posse nemo obligatur« eður: enginn gjörir það, sem hann getur ekki. En eg verð að geta þess, að í fáum málum hafa verið gjörðar jafnmargar uppástungur, sem í þessu, svo að þær allar eigi sammerkt í því að vera með þeim göllum, að þær sè óbrúkandi. Eg vil nú snúa mèr sèrstaklega að uppástungunni undir

tölulið 1., sem höndlar um ábyrgðina, og taka til dæmis: Efnamaður gengur að eiga ekkju með 6 börnum; hún er ung, en fátæk, og eptir 3 ár er þeim orðið 3 barna auðið; nú deyr maðurinn á 3. árinu. Hvað er nú unnið við þetta annað en sveitin fær 9 börn í stað 6, og ber þannig allt að sama brunni, þó þessi uppástunga væri gjörð að lögum. Við 2. uppástunguatriði undir staflið »a» er athugavert, að þar er tekið til orða þannig: «aðra búhluti að þessu skapi. Eg vil nú spyrja: Hver á að tiltaka og meta þessa búshluti? Væri ekki betra að taka þetta atriði nokkru skýrara fram? Undir sama staflið er sagt, að maðurinn, ef hann búi í sveit, eigi að hafa jarðnæði til ábúðar í 3 ár, sem fóðri að minnsta kosti þrjú kúgildi og tvö hross; nú er mikill munur á, hvort þessi þrjú kúgildi eru 18 ær eður 3 kýr, það eru líka til jarðir sem fóðra mörg kúgildi en engin hross, og þó þannig manninum byðist jörð, sem fóðraði 10 kúgildi en eigi hross, þá má hann ekki giptast, af því 2 hross vantar í skilmálann. Viðvíkjandi staflið »b« skal eg geta þess út af orðatiltækinu »af sjó«, að eg kynni betur við, að sagt væri »við sjó», því meining nefndarinnar mun þó víst ekki vera sú, að mannaumminginn sè skyldaður til að eiga tvo þriðjunga af sjónum. Eins finnast mèr orðin: »í þeirri verstöðu» óbrúkandi; því maðurinn getur átt búð og tekið hlut í annari verstöðu en hann sjálfur rær í, en nú er honum fyrirmunað að kvongast, nema hann hafi búð sína og hluti tvo einmitt í sömu verstöðunni, sem hann sjálfur rær í. Mèr sýnist þessi grein með öllu óhafandi, því eigi maðurinn að geta fengið tvo hluti, hlýtur hann að halda vinnumann. eður þá hafa 2 báta, og er það undarlegt að binda giptingarfrelsi manna við tvo báta eða vinnumann. Að því er snertir staflið »c«, vil eg einnig breyta honum, því eg álít eigi rètt að skylda manninn til að »hafa atvinnuveg í eigunarhaldi», því eg veit ekki, hvernig hann á að fara að því. Við tölulið 3. í uppástungum nefndarinnar er það athugavert, að þó einn maður sè öllum þeim kostum búinn, sem nefndin ætlast til og áskilur undir staflið a. b. og c., þá getur hann dáið þegar minnst varir, og allt hyski hans þar með lent á sveitinni, og allt þannig komið í sama stað niður. Hvað 4. tölulið snertir, þá skil eg ekki, hvers vegna hreppstjórarnir ekki mega vera svaramenn, þó þeir gefi vottorðið, og vil eg biðja nefndina eður framsögumann að gjöra svo vel að skýra það atriði fyrir mèr, annars gef eg lítið fyrir vottorð, þegar alla ábyrgð vantar. Á 5. tölulið er auðsèð, að enginn nefndarmanna er

prestur, eður þekkir til, hvernig embættisbækur presta eru lagaðar. Eg held að nefndin hefði um leið átt að gjöra þá uppástungu, að Rescriptinu frá 11. Dec. 1812 yrði breytt, þar sem form er gefið fyrir hvernig prestar eigi að halda ministerialbókina. Rubriku vantar í ministeralbókina til þess að öllum þessum skilríkjum, sem nefndin stingur upp á, verði komið þar inn; það yrði þá að útvega ministerialbók eptir nýju sniði. En út af þessu vil eg spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort þá ekki væri ástæða til um leið að fá breyting á erfðalagaforordningunni; þar stendur, að ef kvennmaður á barn, ógipt, þá verði barnið arfgengt, ef faðirinn hafi beðið um lýsingar. Nú getur verið, að faðirinn hafi beðið um lýsingar, en ekki fengið prestinn til að lýsa, af því fyrirstaða hafi orðið á ábyrgð svaramannanna, eða ekki verið fáanlegt þetta þýðingarlausa vottorð hreppstjórans, svo óvíst var, hvort hann hefði nú einmitt þessa vegna getað fengið hjónabandið; þegar nú svona stendur á, vildi eg spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún eptir erfðalögunum álítur barnið arfgengt sem ektaborið barn eður ekki? Nú koma tvær greinar síðast, auðkenndar með töluliðnum 6 báðar, en það á víst að vera 7 á seinni staðnum. Viðvíkjandi tölulið 6 skýrskota eg til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, og hefi engu við það að bæta, en við tölulið 7 er það athugavert, að hèr sýnir nefndin næstum því eitthvert kaldlyndi við presta og prestaekkjur, í því að hún ann ekki presta-ekknasjóðnum sektanna fyrir afglöp prestanna, heldur fátækrasjóði sveitarinnar. Eg er ekki samdóma nefndinni í því, eins og eg yfirhöfuð ekki get fallizt á eða gefið atkvæði mitt neinni uppástungunni, nema hinn háttvirti framsögumaður geti sannað mèr betur gildi þeirra og ágæti, en nefndin hefir gjört í álitsskjali sínu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vona, að það geti sannast á mèr, í þessu máli, að »batnandi manni er bezt að lifa«, því að 1859 var eg þessu máli með öllu mótfallinn, en nú ætla eg að fylgja nefndinni og reyna til að styrkja hana. Þó er það einstaka atriði í niðurlagsatriðum nefndarinnar, sem eg hefði óskað lagfæringar á. Það hefir verið sagt um Grágás, að hún væri aðdáanlega samin lögbók, en þó er nefndin enn aðdáanlegri; því að hún er harðari og einbeittari í kröfum sínum. Í Grágás er mönnum þeim, er í hjúskap ganga, gjört að skyldu að eiga 1 hndr., en nefndin heimtar 2 hndr., þar stendur og, að það varði fjörbaugsgarð, nema konan sè eigi barnbær; þá þurfa þau eigi þessarar fjáreignar, en

nefndin hefir sleppt, þessari ákvörðun eins og sjálfsagt er öldungis rètt af henni, og vill engan láta giptast án þess hann eigi tvö málnytu kúgildi, hvort sem nokkur sveitarþyngsli geta af honum leitt eða eigi. Það eru nú að minni skoðun nokkrir gallar á uppástungum nefndarinnar, svo sem þeirri, að svaramenn ábyrgist, að engi sveitarþyngsli verði af manninum í þrjú ár. En það vantar, að svaramennirnir ábyrgist líka, að þeir deyi ekki sjálfir þessi þrjú ár, því hvernig eiga svaramennirnir að ábyrgjast sveitarþyngslin, ef þeir deyja á þessu 3 ára bili? Ábyrgðin verður þó ekki sótt niður í gröfina til þeirra. Eg verð því að álíta hagkvæmast, að bætt sè við uppástungu-atriðið þeirri skuldbinding, að þeir ekki deyi þessi þrjú árin. Viðvíkjandi 2. tölulið staflið «*a*» álít eg það vel hugað að hvort hjónanna eigi eitt málnytu kúgildi, en þó vil eg, ef þeim kynni að bætast krakki, að þriðja kúgildið væri til taks handa honum, svo sitt hafi hver; eins er með hrossin, að það sjálfsagt mælir mikið með að hafa þau tvö, þar hjónin eru tvö; en þó ætti þau að eiga það þriðja handa krakkanum svo allt kæmist þó til kirkju; sömuleiðis er það í öðru efni nauðsynlegt, að hrossin sèu þrjú, því sèu þau ekki nema tvö, þá eru vandræði fyrir dyrum, ef annað kann að helltast úr lestinni eða fær hrossasótt, því er hið þriðja nauðsynlegt til vara; það er ekki vert að smákáka við það. Að því er staflið «*c*» áhrærir, þá vil eg sleppa honum, því þó maðurinn sè duglegur, hvað stoðar það? Það sem maðurinn hefir þegar hann kvongast verður að vera eign hans, en eigi að láni; það dugir ekki að hafa hlutinn eða atvinnuveginn í eignarhaldi, og nefndin verður að heimta að næg efni sèu fyrir hendi. Eg vil ei bera við að lofa iðnaðarmönnum að giptast að öðrum kosti. Það sem seinast er talað um, eru sektirnar, og þar verð eg að lýsa því yfir, að það er sannarlega engin hefnd fyrir svo mikið mál, að hafa bundið þann hnút, sem engin mannleg hönd má leysa, þótt presturinn sè sektaður um eina 10 rd., því það má sektin vera minnst. Eg vil bæta einu núlli við, svo að sektin sè ákveðin ekki minni en 100—500 rd. Að öðru leyti gleðst eg mjög yfir nefndarálitinu, því það dugir ekki, að vèr sitjum hèr og sèum frjálslyndir; vèr eigum að herða á böndunum og eigi láta það sjást, að vèr sèum eins frjálslyndir, og þegar frelsið var hèr mest á landi. Að svo stöddu ætla eg nú ekki að tala fleira, en gef nefndinni þessar uppástungur mínar, ef hún kynni að vilja nota þær.

Framsögumaður: Eg ætla einungis að svara hinum tveimur þingmönnum, er síðast töluðu, án þess þó að elta þá í alla þá króka, sem þeir fóru, að það er auðsèð á andsvörum þeirra gegn nefndarálitinu, að þá hefir hryllt við að tala af alvöru um þarfir þjóðarinnar; þær eru þó alvarlegar í þessu efni, enda vita allir, að þeir eru ekki báðir svo kunnugir sveitabúskap sem óskandi væri. Hinn 6. konungkjörni þingmaður gjörði spaug að eignarhaldinu, en eg get sagt honum, að bæði eg og hann megum þakka guði fyrir þá blessun, að hafa lánstraust eður eignarhald. Mèr er nær að segja, að þessir 2 þingmenn hafi alls ekki bætt neitt úr uppástungum nefndarinnar, þó þeir hafi fetað sig niður allan dálkinn svo að segja orð fyrir orð að finna að honum, og held eg ekki, að þeir hafi hið minnsta blandað hug þeim mönnum, er með sanngirni og alúð láta sèr mál þetta umvarðandi. Á ræðu hins háttvirta þingmanns Vestmanneyja mátti heyra, að hann hefir ekki skilið nefndarálitið rètt; það er líka mjög viðsjárvert að þröngva mikið að mönnum, eins og hann var að tala um. Það getur vel verið, að nefndarálitinu sè í ýmsu ábótavant, hvað orðaskipun snertir, en þegar menn íhuga sannleikann og þá brýnu þörf, sem er á umbótum í þessu efni, þá lítur málið eður uppástungur nefndarinnar allt öðruvísi út, en þessir sessunautar við háborðin hafa lýst því.

Hjálmur Pètursson: Eg hvorki vil nè þarf að svara öllu því spaugi og endileysum, sem hinir heiðruðu þingmenn, er móti hafa mælt uppástungum nefndarinnar, hafa talað; eins og eg ekki gat skilið þingmann Barðstrendinga, eins þykir mèr mjög vafasamt, hvort hann hefir skilið sig sjálfur, og víst hefir hann ekki skilið eða lesið nefndarálitið, eða ekki viljað skilja það, Hann vildi útlista það ófrelsi, sem þessi bönd legðu á menn, er uppástunga nefndarinnar laut að; en ef það er ófrjálslegt að fyrirbyggja giptingar hinna allra aumustu öreiga og óráðsmanna, þá held eg hitt sè líka ófrelsi, og ekki minna, þegar hjón verða að skilja fyrir örbyrgðar sakir strax eptir giptinguna, og sveitarstjórnin verður að reka eitt í hvora áttina, manninn, konuna og börnin, til þess að geta fengið fólki þessu verustaði. Ef þetta er ekki ófrelsi, þá veit eg ekki hvað ófrelsi er. Eg játa fúslega, að nefndinni hefir máske ekki tekizt að beina málinu þann veg, sem æskilegast væri, en hún hafði það vakandi fyrir augum að reyna með stuttum orðum að bæta nokkuð úr göllum þeim, er eiga sèr stað í því efni, enda vonaði hún, að þeir

þingmenn, sem sæu gallana hjá nefndinni mundu finna skyldu sína í að laga þá, því hinu að rífa niður en byggja ekki aptur það sem þó vissulega þarf að byggja, því vonaði nefndin ekki eptir af neinum ærlegum manni. Þeir sem talað hafa móti nefndarálitinu, og vilja jafnvel neita, að þörf sè á umbótum í þessu efni, hafa þó ekki sannað það hið minnsta, sem ekki er heldur von, því þeir geta það ekki; eg met því þenna ástæðulausa vitnisburð þeirra engan veginn meiri, en vitnisburð fleiri þúsunda landsmanna, sem sjá þörfina og hafa beðizt og enn beiðast umbóta á því fyrirkomulagi sem er, sem sjá má á þeim mörgu bænarskrám, er komið hafa til alþingis að undanfornu. Eg veit og ekki betur, en að þetta þing hafi játað hið sama, með því að það með miklum atkvæðafjölda tók við máli þessu inn á þing, og er því undarlegt að vera nú að predika fyrir þinginu að fella það. Hinn háttvirti þingmaður Vestmanna-eyja vildi að sönnu styðja málið, og kann eg honum þakkir fyrir það, en þó held eg, að hann hafi ekki skilið nefndarálitið rètt. Þingmanni Barðstrendinga þótti það særa hinar helgustu tilfinningar manna og vera á móti guðs og manna lögum að fyrirbyggja óreglu og vandræði, en það játa eg, að eg get ekki skilið; en ef hann hefir talað það af breiskleika og móti vilja sínum þá vona eg hann lagfæri það sjálfur, einkum þar hann þó viðurkenndi í öðru orðinu að mikil væri þörf fyrir hendi. Hann færði það til á móti uppástungum nefndarinnar að sjaldan mundi ábyrgðar svaramanna við þurfa; það er gott að hennar þurfi sem sjaldnast við, og ef nefndinni hefir tekizt að finna það ráð, sem gjörir ábyrgðina sjaldgæfa, þá sèst, að nefndin hefir þó ekki farið í ranga stefnu, því einmitt með því er mikið unnið og hafi nefndinni tekizt að sjá ráð til að koma í veg fyrir giptingar bláfátækra manna, þá hefir hún náð sínu augnamiði, því þau lög álít eg bezt, sem fyrir fram leiða menn frá þeim verkum sem ábyrgðar varða, svo sem sjaldnæst þurfi að beita lögunum á eptir. En eg játa, að það er ekki gott að finna hinn rèttasta mælikvarða í þessu máli eður grípa rètt inn í það í öllu tilliti. Hinn heiðraða þingmann Barðstrendinga tók sárt til prestanna, sem von er, en eg skal geta þess, að nefndin gjörði sízt ráð fyrir broti hjá þeim, og þó hún hafi gleymt að áskilja prestsekkjum sektirnar fyrir brot prestanna, þó fellst eg gjarnan á, að því verði breytt, fyrst að þingmaðurinn endilega vill, að afglöp prestastèttarinnar komi prestastèttinni að notum. Ef það allt yrði að lögum, er hinn 6. konungkjörni þing-

maður stakk upp á, þá efast eg ekki um, að hjúskaparlögin verði góð á endanum, en þó er eg hræddur um, ef þingmaðurinn heldur lengra áfram í sömu stefnu, að hann fari í gönur, og komist aldrei klaklaust út úr Grágás sinni, og vil eg vara hann við því!!! Annars er mál þetta sannarlega þess vert, að því sè alvarlegri gaumur gefandi en þingmaðurinn hefir gjört, og án þess eg svari fleiru að sinni vil eg geta þess, að þar þingið tók málið að sèr, vil eg vona, að það samhuga reyni að hjálpa því.

Benedikt Sveinsson: Af því eg var einn í nefnd þeirri, sem sett var í þessu máli hèr á þingi 1861, og sem málið þá dó í höndunum á, þá get eg ekki stillt mig um, að fara fáeinum orðum um það, og það því síður, sem eg vil að álit mitt um það bæði heyrist og sjáist. Það hafa tveir eða þrír þingmenn gjört sèr mikið far um að sýna fram á, að nefndaruppástungurnar væri óhafandi og málið yfirhöfuð á engum rökum byggt. Tveir þessara voru nú andlegrar stèttar menn, og það er nú eðlilegt, að þeir taki fram þær ástæður, sem þeir álíta að bendi á þá niðurstöðu, sem þeir koma til; en á hinn bóginn er það og auðsætt, að þessar ástæður þeirra eru ónógar, og eg gæti sannarlega komið með það á móti þeim, sem hrakið gæti þær gjörsamlega. Mèr sýnist yfirhöfuð sú skoðun, að nefndin ráði til þess að leggja óeðlilegt band á mannlegt frelsi, sè ekki rètt; menn verða eins í þessu máli sem öðrum að skoða hið mannlega frelsi í sambandi víð það ásigkomulag sem á sèr stað á þeim stað og þeim tíma, sem um ræðir, Þegar eg nú aptur lít á ásigkomulag Íslands, þá álít eg rèttast að taka helzt tillit til álits þeirra manna, sem riðnir eru við málið, og bera byrðarnar af því fyrirkomulagi sem nú er. En þetta eru einmitt sveitamennirnir. Eg hefi opt hugsað um þetta mál, og æ meir og meir sannfærzt, að nauðsynlegt væri að takmarka öreigagiptingarnar með þeirri löggjöf, sem rèttilega tæki tillit til hinna almennu frelsislaga og annara kringumstæða. Við getum ekki hrósað okkur af því, að búnaðarástand vort sè svo gott og fullkomið, að ei sè ástæða til að hlynna að því, og reyna til að ryðja því af vegi, sem því er til hindrunar og auðsjáanlegra apturfara. Það er því rangt að segja, að bann það, er hèr ræðir um, spilli góðum siðum, því menn verða að gjöra ráð fyrir, að skynsamleg lög festi rætur hjá þjóðinni, og að uppfylling þeirra því verði eðlileg. Það var tekið fram af einum þingmanni, að takmörkunin í Grágás á giptingum væri lík því sem nefndin rèði til, en eg veit ei betur en að Jónsbók heimti

5 hndr. eign sem skilyrði fyrir búskap. Þetta er nú reyndar ekki beinlínis skilyrði fyrir því að mega giptast, en samkvæmt hugsunarhætti þeirra tíma lá þar í tálmun fyrir því, að öreigar mættu giptast, því landslögin munu eigi hafa gjört ráð fyrir giptum bjúum, er minna mættu eiga. Seinna var með rèttarbót dregið úr þessu og fært niður í 3 hndr. Þó hin yngri löggjöf hafi nú rýmkað um í þessu tilliti, hefir samt tilskipun 30. apríl 1824 sett þá takmörkun, að hjónaband eigi megi leyfast, þegar hlutaðeigendur hafa notið sveitarstyrks eptir að uppeldið var endað. Seinna er þetta að eins bundið við 5 seinustu árin. Í öllum þessum lagaboðum liggur nú takmörkun á öreigagiptingum. En eg vil spyrja: eru ekki tímarnir nú þannig á sig komnir, að ástæða sè til að skerpa þessa löggjöf? Eg er á því að svo sè. Þeir, sem ekki eru á því, að breytingar við þurfi á löggjöfinni í þessu efni, eiga að sanna, að ástandið hjá okkur og ásigkomulag þessa lands sè svo gott, að engrar takmörkunar á öreigagiptingunum sè þörf. Meðan þeir ekki gjöra þetta, hallast eg að þeirra áliti, sem bezt hafa skynbragð á þessum málum og undir eins mestar byrðir að bera af því ástandi sem nú og liggur fyrir dyrum. Þó þetta mál hafi átt örðugt uppdráttar hèr á þingi, þá hefir þetta átt sèr stað með mörg önnur mál; þetta er þá heldur engin ástæða til að fella málið; eg efa og, að það, hvað málið gangi í ófrjálsa stefnu, hafi verið sú ástæða, sem hefir ráðið því, hvað málinu hingað til hefir gengið erfitt hèr á þingi. Þegar eitt mál kemur svona hvað eptir annað inn á þing, þá er það einmitt ástæða fyrir mig til að rannsaka það grandgæfilega áður en eg kasta því, því þá sè eg, að það er eindreginn vilji þjóðarinnar, að fá eitthvað gjört; en fyrir öllum óskum þjóðarinnar liggur skynsemi til grundvallar. Eg skal svo ekki tala fleira um sjálft málið, en ætla einungis að áskilja mèr nokkur hreytingaratkvæði. Við 1. grein vil eg bæta: «eður öðlast framfærisrètt á þessu tímabili». Við 2. grein «c». Þó eg álíti að orðið «atvinnuvegur» rèttilega geti skilizt eins og bjargræðisstofn, þá áskil eg mèr samt rètt til að breyta þessu orði. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að samkvæmt Rskr. 1812 væru «rúbríkurnar» í ministerialbókinni svo þröngvar, að skilríkin kæmust þar ekki fyrir; en ef það væri til landsins gagns og nauðsynja að geta þeirra þar, þá held eg væri ráð til að stækka þessar «rúbríkur». Að öðru leyti mætti og bjarga þessu þannig við, að alls þessa skyldi að eins getið í embættisbók prestsins. Við 6.

grein skal eg geta þess, að það er víst ekki meiningin, að prestar fengi þá ábyrgð, er sektir lægi við, því mótsetningin milli 1. og 2. atriðisins bendir til, að lögreglumál ekki eigi að leggja gegn þeim, heldur eigi að ganga hinn vanalega veg, ef þeir vanrækja skyldu sína. Samt sem áður áskil eg mèr rètt til breytingaratkvæðis við þessa grein í þá átt, að orðin: «eður prestur» falli burt. Að öðru leyti skal eg ekki að svo stöddu tala meira um málið.

Eiríkur Kúld: Eg skal einnig geyma mèr rètt til að tala lengra í þessu máli áður en það kemur til atkvæða. Eg skal þó geta þess, að þar sem þingmaður Árnesinga sagði, að hægt mundi vera að fá ministerial bókum prestanna breytt, þá er þó ómögulegt núna með því formi sem ministerialbækurnar eru í, að stækka rúbrikkurnar. Þingmaður Árnesinga reyndi til að reisa óbilandi undirstöðu undir málinu, og sagði, að uppástungan væri frá þeim mönnum og flutt af þeim mönnum, sem bezt þekktu til málsins, og sem hefðu mestar byrðar að bera, sem sè bændunum, en eg held hann hafi gleymt því, að það eru fleiri en bændurnir, sem bera þessar byrðar, það eru einnig prestarnir sem bera þær. Þetta er fullkomlega satt, og þó hann segði, að tveir andlegrar stèttar menn væru á móti málinu, þá gjöri eg ekki mikið úr því. Eg held því, að engin takmörkun sè betri í þessu efni en »Conduite» eða vandlegt athygli bæði af presti og hreppstjóra; því þessi ábyrgð, sem hèr er talað um í niðurlagsatriðum nefndarinnar, er öldungis þýðingarlaus, og einungis á pappírnum; það fæst sem sè enginn upp á þessa skilmála til að vera svaramaður. Eg skil annars ekki, hvers vegna þingmaður Árnesinga er svona mjög á móti giptingunum; mig langaði nærri því til að spyrja hann um, hvort hann eigi væri fáanlegur til að vilja innleiða hèr aptur ákvarðanirnar í Grágás um göngumenn. Hvað framsögumanni viðvíkur, þá skal eg geta þess, að hann hefir misskilið mig; það sem eg sagði var, að eg áleit það enga von, að nefndin gæti fundið þær bætur í þessu efni, sem ófinnanlegar væru. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Mýramanna sagði, skal eg geta þess, að eg get að því leyti fallizt á ræðu hans, sem hann sagði, að nefndin hefði komizt að rangri niðurstöðu (*Hjálmur Pètursson*: Nei), og að nefndin hefði gripið til þessa, sem einhvers neyðarúrræðis. En að öðru leyti misskildi hann mig alveg, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að það væri móti guðs og manna lögum að hindra óreglu. Þetta hefi eg aldrei nokkru sinni

látið mèr um munn fara, og mótmæli eg því þess vegna hèr. En það sem eg sagði, var þeirrar meiningar, að mèr þótti það móti guðs og manna lögum að binda kærleikann við 2 eða 3 kúgildi. Hann sagði enn fremur, að giptingar fátækra væru ótakmarkaðar; en þekkir hann þá ekki tilskipun 30. apríl 1824 § 10; eg veit ei betur en henni sè fylgt, og þar í eru nógar takmarkanir. Hann sagði og, að nefndin hefði hugsað sèr, að prestar mundu ei brjóta þessi lög, en konungsfulltrúi sýndi ljóslega fram á, að það væri óumflýjanlegt fyrir prestana að gjöra þetta, og þar af mundi fljóta, að þeir sífellt mættu búast við að verða dregnir fram fyrir rauða borðið. Eg vil raunar ekki fella málið, en vildi leyfa mèr að stinga upp á því við nefndina, hvort hún ekki vildi taka málið aptur til sín, til nákvæmari og betri rannsóknar.

Stefán Thordersen: Það er engan veginn eins og hinir 2 heiðruðu nefndarmenn, er nú síðast töluðu sögðu, að eg hafi á nokkurn hátt misskilið nefndarálitið, því nefndin er einmitt að tala um lífvænlegan atvinnuveg, og sá er eini munurinn milli mín og hennar, að eg vil fast ákveða hvert jarðnæði megi heita lífvænlegt, og hefir því hinn heiðraði þingmaður Árnesinga misskilið mig, þar sem hann virtist að telja mig meðal þeirra, er væru máli þessu mótfallnir; eg er einungis ekki nefndinni samdóma í því, að hún hafi fundið hin rèttu meðöl til að sporna við öreigagiptingum.

Ólafur Sigurðsson: Eg er nú einn af þeim, sem álít nefndarálitið yfir höfuð vel samið, og það jafnvel betur en líklegt mætti þykja, einkum þegar þess er gætt, að í nefndinni voru þó ekki lögfróðir menn; þar sem þetta mál hefir þó lengi þótt vandamál, og yfir höfuð að tala illt viðureignar. Það er einungis 2. niðurlagsatriðið undir bókstafnum a, sem eg hefði viljað hafa öðruvísi orðað, því mèr þykir sá atvinnuvegur sem þar er tiltekinn engan veginn lífvænlegur, og sízt ef hjóna-efnin eiga nú 2—3 börn, sem allir vita að vel getur þó átt sèr stað. Eg verð því að nokkru leyti að vera samdóma hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni í þessu tilliti, því eg verð að álíta, að þessi fjáreign þeirra ætti að rèttu lagi að fara eptir skylduhjúa tölunni. Vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði við þessa grein í þá stefnu, og skal eg nákvæmar orða það síðar.

Framsögumaður: Eg ætla að svara hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga því, að eg held að nefndin verði eigi fús á að taka málið aptur til meðferðar, því að eg held henni þyki ekk-

ert gaman að, að skemmta honum, með því að draga tímann sem mest; honum ber að gæta skyldu sinnar, og hafa ekki tímann að eins að gamni. Það var annars skaði, að hann var eigi í nefndinni, hann hefði þá líklega getað gjört eitthvað að gagni, en ekki eytt áríðandi máli og tíma, eg verð að brýna það fyrir þinginu, að það er sannarlega þörf á að gjöra annað í þessu máli en spauga með það. Þær bænarskrár, sem hèr hafa komið til fyrri þinga, sanna það líka, hversu áríðandi mál þetta er. Mèr finnst líka, að þeir þingmenn, sem talað hafa með alvöru um þetta mál, hafi líka kannazt við, að það er áríðandi.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð nú að vera einn af þeim, sem eigi get fallizt á uppástungur nefndarinnar, en það er eigi af því, að þær sè ekki höglega samdar, því að mèr þykir þær höglát tilraun til að koma í veg fyrir sveitarþyngsli, og takmörkun sú, sem nefndin stingur upp á, finnst mèr engan veginn megi minni vera. Eg verð því að votta nefndinni þakklæti mitt fyrir hve mildilega hún hefir farið í málið, þar sem hún tekur til, að hinn minnsti atvinnuvegur, sem sè skilyrði fyrir að geta fengið giptingu, skuli í sveit vera tvö málnytu kúgyldi, en tveir hlutir við sjó, eða þá, að þeir menn, sem giptast vilja, skuli fá ábyrgðarmenn í 3 ár. Þetta er nú í rauninni það eina band, sem nefndin leggur á menn til þess að verjast sveitarþyngslum. Og eg get ekki sèð í öllum uppástungum nefndarinnar, neitt annað aðhald frá hálfu sveitastjórnarinnar nema það, í einu orði, að annaðhvort hafi maðurinn lífvænlegan atvinnuveg, eða þá hann fái svaramenn í 3 ár. Þegar þetta er nú borið saman við forn lög vor um þetta efni, þá getur það ekki annað en álitist mjög milt eður frjálslegt. Því fyrst er það, að eg ætla að sá staður sem hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður tilfærði og hældi svo mjög, eins og rètt var, sè miklu harðari en hann áleit, því eg held, að hann hafi eigi skilið þann stað rètt, því að þar er tekið fram sem skilyrði fyrir því, að maður geti kvænzt, að hann skuli eiga, «*1 hndr. 6 álna aura*»: en það er eigi sama sem 1 hndr. álna, eins og þingmaðurinn hèlt, heldur sama sem 6 hndr. álna, því að sex álnir voru í hverjum þessum eyri, og aurarnir voru hundrað (120). En auk þessa er og annað skilyrði í hinni sömu lögbók fyrir þá, sem vilja flytja sig inn í einhvern hrepp, og það er, að þeir urðu að «beiða sèr bygðarleyfis á einmánaðar- eður vorsamkomu», eður að útvega sèr samþykki þess hrepps, sem þeir ætluðu að flytja í, svo að

maður gat aldrei fengið fótfestu í hreppnum, nema hreppsmenn sjálfir veittu honum leyfi til þess, og var þetta mikið og fulltryggjandi band. En aptur á móti verð eg að álíta, að nefndin hafi eigi komizt að því takmarki, sem hún vildi, og sem er takmark málsins, það er að segja *að hindra sveitarþyngsli*, því að eg held, að þau verði eigi hindruð og eigi beri að hindra þau á þann hátt, sem nefndin stingur upp á; en þessi háttur eða vegur, sem nefndin hefir kosið sèr, er að hindra *kvonföng*, bæði með því, að tiltaka vissa fjáreign, sem maðurinn ætti að eiga, eður að hann skuli útvega sèr ábyrgðarmenn í 3 ár. Þess vegna vildi eg stinga upp á öðrum vegi til að fyrirgirða sveitarþyngsli, og hann er sá, að gjöra mönnum, það er að segja öllum þeim mönnum, sem nokkra sómatilfinningu hafa, óaðgengilegra hèr eptir en hingað til, að komast á sveitina. Þess vegna vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að hver sá sem þiggur af sveit, skuli að mestu eður öllu leyti missa fjárforræði sitt. Eg veit að vísu, að þessu hefir nú verið fram fylgt í sumum hreppum á landi, þótt eigi sè full lög fyrir því. En eg vil enn fremur stinga upp á því, að persónulegt frelsi þeirra verði einnig takmarkað að nokkru leyti, þannig, að sveitarstjórnin geti skipað þeim manni, sem þiggur af sveit, hverja þá vinnu, sem kröptum hans er ekki of vaxin. Eg get nú eigi sèð, að þetta sè of hart, eptir því sem tiltekið er í tilskipuninni um lausamenn 26. maí 1863 8. gr., þar sem sagt er, að hreppstjóri eða sýslumaður geti vísað þeim á vinnu, sem þeim sè eigi of vaxin. Eg álít nú, að þetta band sè svo öflugt, að hver sá maður, sem nokkra sómatilfinningu hefir, veigri sèr við að fara á sveitina, ef hann á að sæta þessum kostum. Eg verð og í annan stað að álíta, að eðlilegt sè, að sveitarstjórnin hafi þenna rètt, en aptur á móti verð eg að álíta, að hún hafi fyrst rètt til að tala eður að beita sínum rètti, þegar maðurinn er kominn á sveitina; en hitt get eg ekki álitið eðlilegt, að sveitin hafi rètt til að segja fyrirfram: «Þú mátt ekki giptast, en með öllu öðru móti máttu gjarnan vera sveitinni til þyngsla». Því að það er alls ekki gefið, að maðurinn komist á hreppinn fyrir það, að hann giptist, og eins hitt, að maður bæði getur komizt sjálfur á hreppinn og á annan hátt aukið sveitaþyngsli, þótt hann sè ókvæntur. Þess vegna verð eg að álíta, að menn eigi alls ekki að ganga þann veg, sem nefndin hefir gengið, því að sá vegur er, að minni hyggju, næsta *óeðlilegur* og harðla *vandrataður,* heldur eigi menn að reyna til

að komast að takmarki málsins, með því að auka vald sveitastjórnarinnar gegn ónytjungum, letingjum og óreglusseggjum, þegar þeir eru komnir á sveitina.

Benidikt Sveinsson: Eg skal svara hinum háttvirta þingmanni Vestmanna-eyja því, að eg skildi hann svo, að hann væri á móti máli þessu; hann vildi leggja bönd á jarðeigendurna með því að banna þeim að byggja jarðir sínar nema svo og svo mörg hndr. En þetta sýndist mèr nú fara svo langt út fyrir þetta mál, þótt það kynni að vera meðal til að hamla öreigagiptingum, að eg hèlt að það yrði til að fella málið. Þar sem hann fann að því, að eg hefði sagt *ásigkomulag landsins*, þá var það meining mín, að í þessari hugmynd innibyndist einnig hugsunarhættir manna hèr á landi, því þeir fara og eptir þeim kringumstæðum sem eiga sèr stað. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendínga sagði, þá var það nú hið eina vopn, sem hann hafði á móti uppástungu nefndarinnar, að þær byndi of mikið kærleikann. En eg verð að leiða athuga hans að því ástandi sem nú er, og það er vissulega margt annað en 2 kúgildi, sem geta verið giptingum til fyrirstöðu, það er t. a. m. bólusetningarattesti, óendurgoldinn sveitarstyrkur og margt fleira. Svona er það í fleiri lögum, að nokkur bönd eru lögð á mannlegt frjálsræði. Ef menn leggja þann dóm á öll lög, að þau eigi engin bönd að leggja á mannlegan vilja, þá verða það eigi lög heldur vísindalegar hugsanir. Eg get nú eigi verið samdóma hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga í því, að sveitarstjórnin eigi ekki að hafa neinn rètt til að tala fyrr en sveitarþyngslin eru dottin á, því það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Mèr finnst hitt einmitt eðlilegt, og sjálfsagt, að böndin sè lögð á menn þannig, að gyrt verði fyrir, að sveitarþyngslin verði. Eins virðist mèr hitt óeðlilegt, að menn sèu gjörðir, ef eigi að þrælum, þá þó að næstum ófrjálsum mönnum. Eg held nú annars, að það sè ekki 1 af 20, já ekki 1 af 40, af þeim er giptast vilja, er eigi hafi þann atvinnuveg, er nefndin fer fram á. Eg er nú reyndar eigi gamall og þekki lítið til í sveitum, en eg veit þó það, og vona að fleiri menn, er til þekkja, sanni það með mèr, að það eru flestir menn, sem hugsa um að hafa lífvænlegan atvinnuveg áður en þeir giptast, og það er margur, sem dregur giptingu sína í meir en 1 ár, meir en 2 til þess að geta aukið efni sín. Þetta er nú svo algengt, að menn strangt tekið geta sagt, að þessar ákvarðanir snerti

að eins þá, er eigi hugsa neitt um sinn hag, það er að segja, *örsnauða og fyrirhyggjulausa ónytjunga.* Og eg vil þá spyrja, hvort þessi mikla ástæða um mannlegt frelsi og kærleika hafi mikið að þýða, að því er þessa menn snertir.

Sighvatur Árnason: Eg ætla mèr nú eigi að standa upp til þess að rífa niður þetta nefndarálit og því síður að gjöra gys að málinu, því eg er einn af þeim, sem vill reyna að styðja það. Það hafa nú ýmsir tekið sèr breytingaratkvæði við þau atriði, sem eg ætlaði að gjöra breytingaratkvæði við, sem er sèr í lagi við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar í þá átt, ef hjóna-efnin eiga ekki framfærslurètt í sama hreppi, þá skuli svaramenn þessir vera einnig sinn úr hverjum hreppi. Og vegna þeas, að mèr þykir tvísýni vera á, hvort málið muni ganga í gegnum, eins og það liggur nú fyrir, þá ætla eg líka að áskilja mèr vara-uppástungu, og þar að auki nýja uppástungu, ef mèr lýst svo, áður en málið er til lykta leitt, í þessa stefnu. Þegar einhver sá beiðist lýsingar, sem hlutaðeigandi prestur álítur, að eigi standi vel að vígi, þá kveðji hann 3 hlutvanda og greinda menn úr sókn sinni, er eigi sèu venzlaðir hjóna-efnunum, til að segja álit sitt um, hvort þau eptir ráðlagi, efnahag og öðrum kringumstæðum muni geta sèð svo fyrir sèr og sínum, að þau ekki verði innan skamms tíma bæði sjálfum sèr og öðrum til vandræða. En ef álit þessara manna, sem ætti að vera skriflegt undir eiðs tilboð, væri nú þess efnis, að til vandræða mundi horfa, ef þessi hjóna-efni næði að eigast, þá mætti hindra giptinguna árlangt, nema því að eins, að sá, sem giptast vill, útvegi sèr svaramenn, líkt og nefndin stingur upp á, sem ábyrgist um 5 ára tímabil, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, að engi sveitarþyngsli verði af þessum persónum; en ef svaramenn ekki fást, og giptingin þannig hinðrast árlangt, en þó á ný beiðzt lýsinga, sè viðhöfð hin sama regla. Í þessari setningu liggur talsvert aðhald fyrir manninn, að reyna að ávinna sèr betra traust og álit í mannfèlaginu en hann þegar hefir. Vara-uppástunguna hugsa eg mèr á þá leið, að ef sá sem giptast vill, á heima í öðrum hreppi, en framfærsluhreppi konu-efnisins, þá megi hjónabandið ekki framfara nema með samþykki sveitastjórnarinnar í framfærslusveit mannsins. Eg felli mig nú að nokkru leyti vel við breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Vestmanna-eyja, en þar í móti imynda eg mèr, að ákvörðun á þá leið ætti að koma í búnaðarlögum vorum, og yfir höfnð að tala álít eg að hagkvæm

búnaðarlög og góð sveitastjórnarlög með góðu fylgi, geti óbeinlínis komið mjög mikið í veg fyrir óráðs- og óreglumanna giptingar; en af því þetta hvorttveggja á nú að líkindum langt í land, en mál það sem hèr um ræðir er áríðandi, og þarf fljótra aðgjörða við, þá vil eg reyna að hjálpa því við til bráðabyrgða, með hagkvæmum og hyggilegum ráðum, en ekki fresta því um óákveðinn tíma með því að láta það bíða eptir umbót á sveitastjórnar- og búnaðarlögum vorum. Á líkan hátt er breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga, að það heyrir undir sveitastjórnarlög, en ekki þetta giptingarmál; eg er að vísu með því, að óráðsmenn og svallarar, sem þiggja sveitastyrk, komist að lögum undir þá stjórn, sem heldur þeim til að vinna, en lætur þá eigi svalla og flakka um sína sveit og aðrar, sem opt veldur því, að þessir menn lifa eingöngu af annara sveita bæði beinlínis og óbeinlínis; ákvarðanir um þetta eru ónógar í þeim sveitastjórnarlögum, sem vèr höfum nú, en sýnast þó eiga vel við með hagkvæmu fyrirkomulagi.

Framsögumaður: Eg verð að brýna það fyrir þinginu, að það var haft fyrir ástæðu fyrir bænarskrá þingsins til konungs árið 1859 1., að óráðsmenn og svallarar næði eigi að giptast; í 2. lagi var aldurinn færður þannig, að karlmaðurinn mátti eigi giptast yngri en 25 ára og konan eigi yngri en 20 ára. Nú hugsaði nefndin sèr, að málið skyldi eigi stranda á þessum skerjum, sem ef til vill sèr í lagi vegna aldursfærslunnar, en ekki vegna orðanna »óreglu og óráðsmenn«, helzt hafa staðið fyrir áheyrn málsins hjá stjórninni. En það var og er samt sem áður aðaltilgangur nefndarinnar að hindra óráðsíu menn frá að ná hjónabandi, því það væri bæði sjálfum þeim og fèlaginu að eins til tjóns, að þessir geti skylyrðislaust gipzt. En ef maðurinn er skikkanlegur og ráðvandur og enginn óreglumaður, þá er svo langt fra, að fari eins og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að það yrði eigi einn af hundraði sem gæti gipzt, að það verður máske eigi einn af fjörutíu, sem hindrast frá að geta gipzt. Það mundi nú sjaldan, að ábyrgðin gæti ekki fengizt, ef maðurinn væri reglumaður, en ef það þætti erfitt að útvega svaramenn, þá get eg eigi annað haldið, en honum yrði hjálpað til þess skilyrðis fyrir sjálfsforræði, sem hèr er farið fram á. Það hefir komið fram í ræðum manna og það enda þeirra, sem hafa verið á móti málinu, að þetta skerti eigi svo mjög frjálsræði manna, og er þessi viðurkenning þeirra

hinn bezti stuðningur málsins. Eg er nú fús á að gjöra það fyrir hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga að taka það fram, að helmingur bóta þeirra, er presturinn greiðir, ef hann yrði sekur tilfalli presta-ekknasjóðnum.

Stefán Jónsson: Mig nærri undrar á, hve djarft menn hafa tekið til orða í þessu máli, þar sem menn hafa sagt, að þeim virtist, að með nefndarálitinu væri girt fyrir flest hjónabönd. Eg held þvert á móti, að það sè mjög fáir, sem eigi geta komizt í hjónaband fyrir því þó þessar ákvarðanir, sem hèr ræðir um, yrði að lögum, og það eru þá ekki nema þeir fáu, sem að öllum líkindum eigi eru færir um að komast í hjónaband, og held eg að sè þá saklaust, þótt þeir sumir hverjir sè fyrir utan það. Það hefir nú verið sagt, að þettta væri, og að þetta sè takmörkun á hinu mesta frelsi manna. Þetta er að nokkru leyti satt. En takmörkunin er í því fólgin, að sá maður, sem hefir lifað óreglulega og farið illa að ráði sínu, á ef til vill örðugt með að fá svaramann. En það eru fáir, sem þurfa að fá svaramanna-ábyrgð; það eru einungis þeir, sem ekkert eiga. Ef flest þau hjónabönd, sem hafa farið fram hingað til, hefðu verið undir þeim kringumstæðum og skilyrðum, sem hèr er umtalsefni, þá er ekki von, að vel fari hjúskapur og búskapur hèr á landi, en því er betur, að þessu er ekki þannig varið. Það eru eigi mörg hjónabönd, sem mundu hindrast af þeim takmörkunum, sem hèr eru teknar fram í nefndarálitinu. Það hefir jafnvel verið sagt, að með þessum ákvörðunum væri lagt blátt bann fyrir, að nokkur þess konar hjónabönd gætu átt sèr stað, sem hèr er umtalsefni, en þetta er engan veginn rètt. Því að í fyrsta lagi eru þeir svo fáir, er eigi hafa þau skilyrði, er uppástungur nefndarinnar heimta. Í öðru lagi skal eg geta þess, að þegar persónurnar eru svo, að þeim sè trúandi fyrir að standa straum af sèr og sínum, þá ætla eg, að margir væri, sem gengi undir þann kost að vera svaramenn þeirra, því að þetta er mest komið undir þekkingu svaramannanna. Það hefir enn fremur verið sagt, að þetta snerti hin helgustu bönd mannlegra tilfinninga, það er að segja kærleikann. En eru ekki þessi bönd skert á annan hátt? Er t. a. m. eigi holdsveikum mönnum synjað um að giptast, og því verður þó ekki neitað, að þeir geti haft helgar kærleikstilfinningar eins og aðrir menn. En er það ekki einmitt til að fyrirbyggja vandræði, það er að segja að fyrirbyggja það, að þessi hryllilegi sjúkdómur geti lagzt í kynferðið á eptirkomandi tíð, og eru eigi

fleiri sjúkdómar til sem geta haft sömu afleiðingar? Og eg vil næstum segja, að svo geti farið, að drykkju- slarkarar og óreglumenn geti líka framleitt af sèr það afkvæmi, sem ei verður í öllu tilliti farsælla og svona er um fleira. Það eru nú lög, að sá megi ekki giptast, er þegið hefir sveitarstyrk hin síðustu 5 ár, og það getur þó verið, að sumir menn af einhverjum sèrlegum kringumstæðum eður báginda tilfellum hafi orðið að þiggja sveitarstyrk, og ekki getað borgað hann aptur, en þó á eptir komizt í þær kringumstæður, ef það annars er duglegur maður, að honum sè trúandi fyrir að hafa ofan af fyrir konu og börnum, og það geti verið eins álítlegt að leyfa honum hjónaband eins og sumum óreyndum, enda þó hann hefði ekki getað borgað allan þann styrk, sem hann fyrir sèrstakar kringumstæður eða óhöpp hefði áður þegið. Þessar og þvílíkar tálmanir sè eg ekki betur en að sèu líks eðlis eins og það sem nefndarálitið fer fram. Eg verð líka að álíta það saklaust, að það kæmist inn í meðvitund og hugsunarhátt unglinganna, sem snemma getur vaknað hjá sú tilfinning að langa til að komast í hjónaband, þegar sá tími kæmi að þeir hefðu náð þeim aldri og þroska, sem þar til heyrir, þá álít eg enga siðspillingu í því, segi eg, að það kæmist snemma inn hjá þeim sú hugsun, að þeir þurfi að hafa þann lifnaðarmáta, atorku og ráðdeild, sem til þess útheimtist að geta komizt í hjónaband, og til þess að verða tekinn inn í siðferðislegt og búskaparlegt fèlag sem nýtur maður. Þegar þetta kæmist inn í meðvitund ungra manna, þá álít eg það mundi miklu fremur bæta siðferði þeirra, heldur en ef þeir skyldu hugsa sem svo: Það gildir einu, hvernig eg haga mèr, eg get eins gipzt fyrir því, og verið álitinn fullveðja maður. Það mætti margt telja fleira þessu til sönnunar, ef menn vildi. Eg álít því óþarft að gjöra þær fígúrur út úr þessu, sem 2 af þingmönnum hafa gjört. Eg vildi gjarna að menn leiðrèttu uppástungur nefndarinnar, ef þær þyrftu leiðrèttingar við. En eg verð að álíta, að margar af þeim aðfinningum, sem komið hafa fram við nefndarálitið sè að eins gjörðar að gamni sínu t. a. m. 2 hlutir af sjó, það held eg varla, að geti verið misskilningi undirorpið, þó það væri sagt úr sjó, þá yrði það eigi betra. Þá mætti segja að það yrði skilið $^2/_3$ af öllu sem væri í sjó, og ef það væru 2 hlutir við sjó, þá mætti segja, að einu gilti hvaða hlutir það væri, ef þeir væri við sjó, og svona má hártoga flest orð ef menn vilja. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður sagði, að það yrði

að vera ábyrð fyrir því, að svaramennirnir lifðu þessi 3 ár, en ef allt af ætti að ábyrgjast það, þá yrði lítið úr margri ábyrgð, svo eg held, að þessi ábyrgðarmótbára falli, þegar hann fellur, nema, ef til vill á hinn svaramanninn.

Stefán Eiríksson: Það er nú að vísu búið að ræða mikið um þetta mál, og eptir undirtektum hins hæstvirta konungsfulltrúa, þá lítur ekki út fyrir, að mál þetta nái hans meðmælum við stjórnina. Konungsfulltrúi gat þess í ræðu sinni, að það væri ekki nema til að eyða tíma að koma með annað eins mál og þetta inn á þing; en eg verð að svara honnm því, að þingið er ekki svo ógna spart á tíma, að þetta mál gjöri allt til sakar í því efni, svo hefði það líka átt betur við að benda á þetta fyrri. Þingið er nú búið að eyða þeim tíma, er þarf til málsins, svo það tekur lítinn tíma hèr eptir; það er annars merkileg lèttúð, sem kemur fram í máli þessu hjá sumum þingmönnum, bæði nú og áður á þinginu, þá það hefir verið til umræðu, og mig furðaði stórlega á ræðu hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns, sem þó optast nær er vanur að tala alvarlega um málin; þetta mál, eins og öll þingmál, er þó sannarlega þess vert, að maður ekki geri spaug að því, það þekkjum við bezt, sem erum kunnugir hvernig til gengur í sveitunnm. Það á öll velferð mannsins að vera komin undir ótakmörkuðu frelsi í giptingarsökum, en einmitt þessir menn, sem hèr ræðir um, stofna sèr sjálfir í mesta ófrelsi, þegar þeir flana út í að gipta sig eignalausir òg á lítið eður ekkert jarðnæði; hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að enginn gæti gipt sig eptir uppástungum nefndarinnar, því enginn vildi taka að sèr svaramennskuna, en eptir uppástungum nefndarinnar, verður engin ábyrgð á svaramennskunni. Eg fyrir mitt leyti þekki ekki til þess, að menn hafi orðið sveitunum til byrða fyrstu 3 árin, ekki heldur, að neinn hafi byrjað búskap með minni eign en tekið er fram undir öðrum tölul., staflið a, nefnilega, að maður eigi 2 eða 3 málnytukúgildi; en eg þekki aptur suma, sem hafa byrjað búskap á litlu eður engu jarðnæði, og það er sem hefir gert útslagið um að koma þess háttar körlum á sveitina, svo þessi takmörk sem nefndin hefir sett eru svo mild sem þau geta verið, og þó eiga þau að vera óhafandi.

Eptir uppástungum nefndarinnar eru það einungis þeir sem engan lífvænlegan atvinnuveg hafa, sem þurfa að útvega sèr þessa svaramenn; eg held það væri ekki stór skaði fyrir sveitina, þó þess háttar menn ekki væri drifnir í hjónaband eins og opt hefir átt sèr

stað, svo þó þessar ákvarðanir, sem nefndin hefir sett, sèu næsta litlar, álít eg þær þó betri enn ekkert; hreppstjórar hafa engin lög haft um takmörkum giptinga; þingmaður Barðstrendinga þarf ekki að hrista höfuðið við því, það er satt, þeir hafa engin lög, sem geta hindrað giptingar, og þó hreppstjórinn hafi viljað banda á móti giptingum einstakra manna, þá hafa prestarnir gipt eptir sem áður, og sagt sem svo, eg skal gipta þig góðurinn minn, hreppstjórinn hefir engin lög til að banna mèr það.

Konungsfulltrúi: Þingmaður Eyfirðinga sagði í ræðu sinni, að það væri ekki rètt álitið, að það lægi fyrir blátt bann gegn öreigagiptingum eptir uppástungum nefndarálitsins, svo sagði hann og, að það væri ónáttúrlegt band, sem lægi á öreigagiptingum eptir tilskipuninni frá 30. apríl. 1824, og þessi orð hans áttu víst að sanna, að fyrst nú væri einu sinni slíkt band á fátækra giptingum, þá væri ekkert á móti því að bæta öðru bandi við, en það er einmitt í þessu, sem eg ekki get orðið honum samdóma. Þrátt fyrir ákvarðanirnar undir tölulið 2. kemur þó í rauninni allt upp á ákvörðunina undir tölulið 1., vegna þess, sem áskilið er undir 4. tölulið, eða það verður blátt bann úr öllu saman.

Að öðru leyti skal eg fúslega játa, að það er engan veginn láandi, þó sveitarstjórnirnar hafi áhuga á þessu máli, en það er hægra um að tala en í að komast, það er hægra að sjá annmarkana en að bæta úr þeim. Að öðru leyti hefir hinn heiðraði þingmaður rètt í því, að umræðurnar í málinu hafa farið nokkuð út í aðra sálma, og meir en vera þurfti.

Stefán Jónsson: Eg vissi vel, að það var eigi meining hins hæstvirta konungsfulltrúa, að með þessu væri hindruð önnur hjónabönd en þau, sem hèr eru um talsefnið, nefnilega öreiga, og óreglumanna eða ráðleysingja; það var að minnsta kosti það, sem eg ætlaði að segja. Og allir vita, að hèr er ekki tekið fyrir önnur hjónabönd en þeirra, sem ekki eiga það, sem til er tekið í niðurlagsatriðum nefndarinnar. En eg tók það fram, og tek það upp aptur, að það eru svo fáir, sem undir þessa reglu heyra, og það eigi svo mikið, sem til er tekið, þá veldur því optast einhver skaplöstur eða óreglulegt líferni þeirra sjálfa, ef þeir eigi geta fengið ábyrgðarmenn; þá er eitthvað í fari þeirra sem gjörir það að verkum að þeir fá þá ekki. En eg er alls ekki hræddur um, að nýtir menn og duglegir fái ekki þessa ábyrgð, þótt þeir eigi ekki svona mikið eins og nefndin fer fram á. Eg vil taka til dæmis, að

góður húsbóndi mundi ekki skorast undan að vera svaramaður og ábyrgðarmaður fyrir þau hjú sín, er hann þekkti að ráðvendni, ráðdeild og dugnaði, þótt þau af eðlilegum orsökum væri fátæk. Það hefir verið stundum, að hjónaböndin hafa eigi átt sèr svo langan aldur, þótt sagt hafi verið, að þau hafi byrjað hjónaband með helgum tilfinningum, því að stundum hafa hjónin hlaupið hvort frá öðru eptir stuttan tíma, af því að þeir annmarkar hafa verið á stofnun þess, að það hefði aldrei átt að verða, og eg held, að það sè eigi vert að styðja að því, að þvílíkar persónur nái saman. Það hefir líka verið sagt, að þessi lagabreyting mundi fjölga lausaleiksbörnum, það er mögulegt. En hitt er líka víst, að þessar ákvarðanir hafa eigi fjölgað þeim hingað til og hafa þau þó komið nokkur. Það hefir ekki æfinlega liðið á löngu, eptir að sumar persónur hafa náð saman, þar til þær hafa aptur átt börn á óreglulegan hátt, og hafa þær þannig sýnt það á siðferði sínu, að takmörkun á hjónabandi var ekki orsök til þess.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga hèlt það bæri sjaldan við, að svaramenn þyrftu að taka þá undir tölulið 1. heimtuðu ábyrgð, en hann verður að gæta að ákvörðuninni undir tölulið 4., sem stendur í nákvæmu sambandi við tölulið 2.; og það má geta nærri, að þar sem hèr er heimtað svo lítið, það er t. a. m. nóg, að hlutaðeigandi hafi 2 málnytukúgildi í eignarhaldi, allt svo að láni eða leigu, muni opt verða spursmál um, hvort þau þar áskildu skilyrði sèu til staðar, og þá rekur að svaramönnunum og ábyrgðinni af þeirra hálfu.

Stefán Jónsson: Mèr hefir skilizt svo, og eg álít það rètt skilið, að þegar eignir þær, sem til eru teknar í nefndarálitinu, eru til staðar, að þá hvíli engi ábyrgð á svaramönnum; takmörkun þessi er svo lítil, að hún getur ekki verið minni.

Jón Pálmason: Eg stend ekki upp til þess, að eg ætli að lengja mikið umræðurnar, því þær eru sannarlega orðnar nægilega langar og margir þingmanna hafa orðið til að styðja nefndarálitið og sýna fram á hver nauðsýn beri til að fá lög, sem fyrirbyggi þær óráðsmanna giptingar, sem almennt eiga sèr stað, og er eg þeim að öllu leyti samþykkur, en fáir hinna heiðruðu þingmanna, sem mælt hafa móti málinu, og ekki nema hinn 6. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga, þó sinn færi hverja leiðina, og get eg unnt þeim vel alls þess heiðurs, sem þeir hafa unnið sèr hjá þjóð og þingi með ræðum sínum í þessu máli; eg skal

ekki draga úr þeim heiðri heldur vona eg hann geymist með verðugri virðingu. Eg stóð einungis upp af því að eg ætla mèr að bera upp lítið breytingaratkvæði við 2. tölulið, litra a; að í staðinn fyrir 2, málnytukúgildi verði sett 3 málnytukúgildi, því eg get ekki sèð, að minna geti heitið lífvænlegur atvinnuvegur í sveit fyrir mann með konu og má ske börnum; en þeim mönnum, sem vilja giptast og ekki eiga tèðan bústofn, og ekki heldur geta fengið ábyrgðarmenn fyrir hjónabandinu í 3 ár, get eg ekki sèð eptir úr búmanna tölunni.

Sveinn Skúlason: Eptir því sem umræðurnar hafa fallið, held eg að eg geti ómögulega gefið máli þessu atkvæði mitt, hversu hlynntur sem eg er því í rauninni, því niðurlagsatriði nefndarinnar eru svo smásmugleg og ógreinileg, að ef þau yrði löggilt mundu þau einungis valda töluverðum vafningi og ruglingi; það hefir komið fram fjöldi breytingaratkvæða bæði í gamni og alvöru, en eg held að með þeim geti málið aldrei orðið öðruvísi en ólögulegt frá þingsins hendi. Eg held að ekkert sè unnið við, að þingið fallist á nefndarálitið, því það munn vera örfáir sem giptast, ef þeir eiga minna en til er tekið í niðurlagsatriðunum, og hafi þeir þetta litla þurfa þeir enga svaramenn; þetta er þá ekki til þess að herða á því, sem nú er, heldur verður það að öllum jafnaði verra en eins og nú gengur. Vilja menn þá ekki heldur gjöra að lögum það sem sumstaðar tíðkast, eg þekki að minnsta kosti dæmi til þess í Rangarvallarsýsla, að jarðeigendur skipta jörðum sínum til ábúðar í svo smáa parta, að ekkert gagn er að og þessar uppástungur nefndarinnar miða því til þess að leiða þá sundurskiptingu jarðanna í lög, sem nú er svo mjög óvinsæl hjá þeim jarðeigendum, er hafa þetta fyrir reglu. Við 2. tölulið, staflið a, finnst mèr og töluverð vandræði; því hvernig í dauðanum á handverksmaður að gefa skilríki fyrir, að hann muni allt af hafa smíðar í 3 ár, eða daglaunamaður gefa vissu fyrir, að sig muni aldrei bresta vinnu. Vottorð hreppstjóra gæti lítið bætt úr þessu. Þá kemur til álíta, hvort sá er giptast vill er það mannsefni, að menn vilji treysta honum til að bjargast. Eg held, að bezt sè fyrir þingið að fresta máli þessu þangað til sveitarstjórnarmálið og landbúnaðarlögin eru komin í kring, eða þá að fallast á breytingaratkvæði hinna háttvirtu þingmanna Borgfirðinga og Vestmanneyinga og setja þau í staðinn fyrir alla þessa rollu; þó eg reyndar sè ekki hlynntur öðru þeirra, þá kynni þó, ef til vill stjórnin að geta gengið að því, og

efast eg þó um það, hvað uppástungu þingmanns Borðfirðinga snertir; því það þykir mèr of hart, að lúinn og útslitinn barnamaður skuli verða seldur sveitinni í þrælkun, nærri því undir eins og hann þiggur eitthvað af sveit, því það kalla eg nálægt þrælkun, að sveitarstjóri getur lagt honum á herðar alla þá vinnu, sem hann mögulega getur afkastað; þó að þingið fèllist á þetta, vona eg samt, að stjórnin gjöri það ekki. Eg held að málið eigi að bíða eptir hinum málunum, því það er einn liður af þeim.

Framsögumaður: Eg vil einungis minna á, að það vakti fyrir huga nefndarinnar, að koma í veg fyrir giptingar óráðsmanna, en vildi öldungis ekki hamla giptingum yfir höfuð. Eg verð enn að vera á því, að ekki sè rètt að fresta málinu; því það munu þeir sanna, sem lifa og síðar koma á þing, að allt af munu streyma að bænarskrár, unz málinu verður, samkvæmt ósk þjóðarinnar og þörf tímans, gaumur gefinn, og ekki þarf það að koma í neinn bága við hin málin, þegar þau koma. Að það taki of mikinn tíma frá þinginu, get eg ekki sèð, því nú er ekki eptir nema ein umræða, og verður hún ekki löng.

Eiríkur Kúld: Eg er öldungis samdóma hinum heiðraða framsögumanni að því leyti, að eg vona, að ályktarumræðan í máli þessu verði ekki löng. Hann sagði, að það hefði verið tilgangur nefndarinnar að hamla giptingum óreglumanna. Þetta get eg ekki sèð, hún hefir að minnsta kosti öldungis gleymt, að drepa á það í niðurlagsatriðunum, í ástæðunum mun það vera nefnt; það hefði þurft að vera tekið fram í niðurlagsatriðunum, því það eru þó þau, sem menn greiða atkvæði um. Þingmaður Eyfirðinga sagði, að einnig væru önnur bönd á hjónabandinu, og færði til holdsveikina; það er allt annað mál; að holdsveikir menn giptist er beinlínis skaðlegt, en þar fyrir er ekki sagt, að skaðlegt sè, að fátækir menn giptist. Það er einn maður í Vesturamtinu, sem staðið var á móti að giptist, eingöngu vegna fátæktar, en af því þessar nefndaruppástungur þá ekki voru orðnar lög, fèkk hann hjónabandið, og á hann nú flestar jarðir af mönnum þar. Þingmaður Eyfirðinga vildi álíta, að með þessum lögum yrði girt fyrir hjónaband drykkjumanna, þjófa og bófa; en það er öldungis ekki gjört eptir niðurlagsatriðum nefndarálitsins; þeir geta allir gipzt, ef þeir eiga þessi 2 kúgildi, eða fá sèr ábyrgð svaramanna um 3 ár. Hann áleit, að drykkjuskapur gengi í ættir; það efast eg um; eg held að eptirdæmið verki mest, og dæmið er sama fyrir soninn, ef hann sèr

föðurinn drekka, hvort faðirinn er gíptur eða ógiptur. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, að menn þyrftu einnig bóluattesti, þá er það ekki nein sèrleg hindrun, því það kostar að eins 12 sk., og er það hvorki 2 kúgildi, eða 3 ára á-byrgð svaramanna.

Stefán Jónsson: Eg skal geta þess, að það var ekki mín meining, að óeðlilegt væri, að holdsveikir giptust, en eg tók fram, að það væri skaðlegt. Eg tók það líka fram með berum orðum við inngangsumræðu þessa máls, að það er ekki fátæktin ein, sem á að ráða; eg viðurkenni það fyllilega, að fátækir menn eru opt og tíðum miklu hæfari til að giptast, heldur en sumir betur efnaðir. Þetta liggur og óbeinlínis í nefndarálitinu; því þekking svaramannsins á persónum er það sem undir er komið, og varla mun duglegum og efnilegum persónum veita erfitt að fá svara-mann; en ef einhverjir þeir ókostir eru á manninum, svo að hann getur ekki álitizt nýtur maður, mun honum veita erfiðara að fá sèr svarámenn. Það er þess vegna óbeinlínis lögð tálmun fyrir gipting slíkra manna í niðurlagsatriðum nefndarálitsins.

Hjálmur Pèturssón: Eg skil enn þá ekki hinn heiðraða þing-mann Barðstrendinga, og mèr þykir mjög ólíklegt, að hann skilji sig sjálfur; í öðru orðinu segir hann, að nefndarálitið sè of hart, í hinu, að það sè of lint, og í hinu þriðja, að alls engin bönd eða hindranir við þurfi í þessu efni. Þetta er hvað á móti öðru, og er því ekki svaravert; en hvað það snertir, að hann fann köllun hjá sèr, til að færa ræðu mína í allt aðrar áttir heldur en hún stefndi, þá ætla eg ekki að svara því öðru en vísa til hennar sjálfr-ar; hann var að fást um, að ministerialbókin hefði ekki rúbrikkur fyrir skýrslur þær, sem nefndarálitið nefnir, en hann kom sjálfur með gott ráð við þessu, nefnilega að fá nýja bók og vil eg fallast á það; eg held það sè gott ráð.

Hann sagði og að enginn lifandi maður fengist til að vera svaramaður, ef uppástungur nefndarinnar fengju gildi; það kann nú vel að vera, að sumir af þeim, sem ekki eiga hinn þar tiltekna at-vinnuveg, fái ekki svaramenn, en fyrír því yrðu þá einungis þeir, sem hefðu sýnt sig óreglu- eða óráðsmenn, og það væri nú ein-mitt það nauðsynlega og sem nefndin ætlaðist til, því slíkir menn, sem bæði vantaði reglusemi, ráðdeild og lífvænlegan atvinnuveg, ættu alls ekki að fá giptingarleyfi, en hinir nefnil. reglusamir ráð-deildarmenn, þó fátækir væru, mundu alla jafna geta fengið svara-

menn, ef einhverjar kringumstæður gjöra nauðsynlegt að flýta giptingu þeirra, annars er það meining mín, að allir hinir ráðdeildar- og reglusamari menn, mundu draga giptinguna þar til þeir væri búnir að eignast hinn tiltekna litla bjargræðisstofn til þess að komast í tölu þeirra manna, sem ekki þurfa svaramannaábyrgð og vakti það fyrir nefndinni, að þetta mundi glæða sómatilfinningu margra hinna betri ungmenna, sem vildu komast í sjálfráða stöðu, og hvetja þá til reglusemi og hagnýtingar á efnum sínum. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að nefndarálitið legði blátt bann fyrir, að menn gætu fengið hjónaband; þessi ályktun hans er mèr óskiljanleg, og lýsir því að hann skilur ekki nefndarálitið, þó ólíklegt sè. Nefndarálitið nefnir ekki ábyrgð svaramanna fyrir aðra en þá fátæklinga, sem svo að segja eiga ekkert til, en eins og eg hefi áður sagt, mundu þó allir hinir reglusamari og ráðvandari þeirra auðveldlega geta fengið svaramenn, og þá um leið hjónabandið; hann sagði, að miklir annmarkar væru á nefndarálitinu; það kann nú vel að vera að svo sè, því það eru mannaverk, eins og allir vita, en eg verð að hafa svo mikið traust á vizku hans og góðgirni, að hann láti sèr annt um að lagfæra þessa annmarka, svo að málefnið geti fengið góðan enda og orðið að liði, því eg ímynda mèr, að hann finni skyldu sína í að færa alla hluti til betri vegar.

Forseti: Ellefu af þingmönnum hafa beðið, að undirbúningsumræðu þessari væri lokið, og fyrst enginn hefir beðið sèr hljóðs og enginn tekur nú heldur framar til máls, þá er hún einnig á enda.

Kemur þá til undírbúningsumræðu *málið um viðhald Hólakirkju;* þingmaður Borgfirðinga er framsögumaður; og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá því, er þörf þykir.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndarálitið hljóðar þannig.

Sbr. síðari part alþingistíðanna bls. 393.

Hið háttvirta þing hefir nú heyrt nefndarálitið. Eg ætla nú einungis að taka fram aðalefnið eður aðalspurninguna í málinu. Á þingið að *vilja* stuðla að því, að Hólakirkju sè haldið við með því lagi sem hún nú hefir? Eður á þingið að *vilja* styðja að því, að hún falli í grunn? Er það nú eigi, má eg spyrja, tilhlýðilegt fyrir þingið að vilja stuðla að því, að svo dýrmætur forngripur sem Hólakirkja er, viðhaldist, og er ekki ótilhlýðilegt að vilja ekki

mæla fram með því að svo verði? Vèr höfum ekki umráð yfir fè handa kirkjunni. Eg veit, að kirkjan getur ekki staðið svona til lengdar, og eg veit líka, að portion hennar er oflítil til að viðhalda henni öðruvísi en að bika þakið og hvítta múrinn; en hún er ekki nóg til þess að gjöra við kirkjuna. En kirkjan þarf þó bráðlega aðalviðgjörðar við, og einkum þarf að leggja nýtt þak á hana. Eg vona nú, að þingið sè nefndinni samdóma í aðalefninu, sem eg nú hefi tekið fram; en annað mál er það, hvort þinginu virðist nefndin hafa hitt rèttan veg til þess að bæta svo hag kirkjunnar, að hún þurfi eigi að falla. Eg vona og að þingið vilji styðja mál þetta, en ekki fella. Eg og nefndin tek þakklátlega móti öllum breytingum sem miða til að styðja málið.

Konungsfulltrúi: Við undirbúningsumræðu þessa máls tók eg það fram, að málið hefði áður verið borið undir stjórnina, en hún ekki fundið ástæðu til að taka það til greina.

Það eru ekki síðan komnar fram neinar nýjar ástæður í málinu, og mèr virðist það því liggja næst að álykta, að stjórnin muni halda fram sinni fyrri skoðun á málinu. Eg segi þetta ekki í þeirri veru að spilla fyrir málinu hjá þinginu, eða til þess að telja því hughvörf, en eg vil heldur ekki gylla fyrir neinum þær vonir, sem eg álít, að ekki geti átt sèr stað.

Hvað uppástungu-atriðin sjálf snertir, þá eru ástæðurnar undir tölulið 1—3, að því er virðist, mjög veikar, því hvað 1. tölulið snertir, er það að mínu áliti efa bundið, hvort dómkirkjan á Hólum eða stóllinn átti prentverkið, og meðan ekki er búið að leysa úr því spursmáli við dómstólana, þá verður hvorki sagt til nè frá um það, hvað sannast sè í því atriði, og því heldur ekki neitt á því byggt.

Viðvíkjandi 2. tölulið út af endurgjaldi fyrir portion kirkjunnar frá 1784 til 1808, athugast, að það er alkunnugt, að kirkjueigandi getur með sölu á kirkju og kirkjueign undan skilið portion kirkjunnar, og þegar kaupandi gengur að slíku kaupi, getur ekki verið spursmál um það, að seinni kaupandi geti heimtað portionina endurgoldna af þeim upphaflega seljanda.

Viðvíkjandi þeim 50 rd., sem veittir voru kirkjunni til viðhalds í skilnaðarskránni 19. maí 1767, og 1. maí 1789, þá voru þeir greiddir af tekjum stólsins ásamt með öðrum útgjöldum, og stóðu þannig í nauðsynlegu sambandi við það, að kirkjan og stóllinn

voru ein heild, og falla því í burtu með aftekningu byskupsstólsins, og sölunni á stólseignunum.

Viðvíkjandi lit. C, þá eru sízt af öllu nokkur líkindi til, að stjórnin verði við slíkri bæn, og er þá einungis eptir atriðið undir lit. B, sem helzt geti orðið spursmál um, að því leyti það þar tilgreinda og umbeðna árgjald til kirkjunnar viðurhalds snertir, geti kirkjan sjálf ekki staðið straum af sjálfri sèr, sem eg ekki veit, hvort hún getur eða ekki, af því eg þekki ei fjárhag hennar. Með þessu mælir það, að kirkjunni eru við sölu stólsjarðanna misst ýms aukarèttindi fyrir löndum þessara jarða, sem líklegt er, að hafi selzt þeim mun betur sem rekahlunnindunum, er fylgdu með í kaupinu, numdi, en þó er í þessu atriði að eins fólgin sanngirnis ástæða, með því þessi ástæða gildir enn «omvendt» um kaupanda Hóla (það er að segja hann verður eptir sömu reglu að álítast að hafa gefið þeim mun minna fyrir jörðina, sem henni fylgdu færri rèttindi. Það er því einungis það, sem farið er fram á undir staflið B í seinni málsgreininni, sem eg álít þingið geti tekið til yfirvegunar.

Eiríkur Kúld: Eg þarf, og svo eru ef til vill fleiri, að biðja nefndina um nokkrar upplýsingar, því mèr virðist ástæður hennar nokkuð veikar, og held að hún hafi sjálf fundið til þess, fyrst hún kemur með uppástungur sínar þrísigld inn á þingið, nefnilega hún segir: »annaðhvert, eða, eða þá«. Eg veit nú ekki nema eg reisi upp fyrir hana 4. seglið. Um liðinn A skal eg ekki tala; hinn hæstvirti konungsfulltrúi er búinn að því. B sýnist vera aðgengilegasti liðurinn; um C ætla eg ekki að tala. En til þess að geta sætt mig við B, þarf eg að fá upplýsingar, því mèr er ekki ljóst, hvers vegna proprietarius ekki er skyldur að viðhalda kirkjunni, ekki sem dómkirkju en sem sóknarkirkju; ef hann nú er skyldur til þess, verður maður að skoða, hvort meiri hagur sè fyrir hann að halda kirkjunni við svona, eða rífa hana og byggja aðra. Eg held, að portionin hljóti að vera töluverð; eg byggi það á landshagsskýrslum. Árið 1849 var portionin 226 rd., 1853 var hún 423 rd.; síðan eru 12 ár, og ætla eg, að nú megi gjöra ráð fyrir, að hún sè að minnsta kosti 1000 rd.; þetta ætti þingið að geta kynnt sèr áður en það leggur atkvæði á málið. Ef kirkjan getur lagt svona mikið upp, er kostnaður eiganda Hóla ekki mikill, því æfinlega kostar minna að við halda steinkirkjum. Þegar eg er búinn að fá upplýsing um þetta, get eg betur áttað mig. Eg skil

ekki að eigandi Hóla geti losað sig við kirkjuna; vilji hann losa sig við hana með skrúði, álítur hann hana byrði, og ætti því að leggja eitthvað í sölurnar til þess; eg veit ekki hvort eg tala aptur, og ætla því að reisa strax 4. seglið; eg áskil mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu, að málinu sè vísað forsetaveg til stjórnarinnar, og hún beðin að rannsaka málið og opinbera það. Fái eg ekki upplýsingar þær, sem eg hef óskað, vil eg að málinu sè vísað til nefndarinnar aptur.

Framsögumaður: Eg verð fyrst að svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga upp á það sem hann sagði fyrst. Hann sagðist ekki skilja, hversvegna eigandi Hólakirkju ekki ætti að halda henni við sem sóknarkirkju. Eg get nú eigi álitið það gefið sem þingmaðurinn áleit gefið, það er að segja, að Hólakirkja sè sjálfseignarkirkja. Það eru til skjöl og skilríki, sem benda ljóslega til þess, að kirkjan aldrei hafi verið seld með jörðinni. Til er þingvitni um það, að þegar Stephán amtmaður keypti Hóla, þá hafi hann spurt erindisreka jarðasölunnar að, hvort annað væri í kaupinu, en jörðin Hólar með afrèttinni, og hafi þeir svarað að það væri ekki annað. Mörg önnur rök eru til þess, að eigandi Höla sè eigi eigandi kirkjunnar, sem eg álít óþarft upp að telja. Þingið getur ekki dæmt um það, hvort kirkjan er bændaeign eður eigi. Þó vil eg enn fremur geta þess, að núverandi eigandi Hóla var af Steingrími byskupi settur fjárhaldsmaður kirkjunnar, og það hefði hann ekki gjört, ef hann hann hefði álitið hann eiganda hennar. Þingmaður Barðstrendinga talaði um stærð sjóðsins; eg skal síðar gefa honum betri upplýsingu um það efni. Einungis vil eg skýra honum frá því, að á þessu tímabili var seld hálflendan Hraun í Slèttuhlíð er kirkjan átti; mun því aukning sjóðsins eigi vera eingöngu komin af árstekjum kirkjunnar, og því geta menn eigi vonazt eptir, að sjóðurinn vaxi að sama skapi framvegis. Þingmaðurinn kvaðst ætla. að vinda upp hið 4. segl, og lýsir það því, að hann er góður sjómaður, en hversu göðan byr sem hann vill sigla í þessu máli, þá lýst mèr eigi vel á seglið. Eg veit ekki, hvernig á að setja þann rannsaknardóm sem hann gat um, eða hverjir í honum eiga að vera; mèr skildist sem hinn heiðraði þingmaður vildi vísa málinu til forseta, til að útnefna rannsóknarmenn. Vill hann þá vísa málinu frá þinginu til landslaga og rèttar. t. a. m. til yfirrèttarins? Eg held eg geti eigi dregið upp segl þetta, að minnsta kosti eigi fyrr en eg fæ nákvæmari skýringar. Það gladdi

mig mjög, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælti með B, því það álítur nefndin sína heppilegustu uppástungu; en nefndin áleit samt, að hún ætti einnig að halda sèr við bænaratriði beiðanda, sem hèr eru undir A. og C. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit, að gjafabrèf Guðbrandar byskups væri vafasamt, að því leyti, hvort hann hefði gefið staðnum eða kirkjunni prentsmiðjuna. Eg hefi aldrei heyrt neinn vafa á því, en hitt hefi eg heyrt menn efast um, hvort hann nokkurn tima hafi gefið prentsmiðjuna. Svo stendur í testamenti hans, að ef erfingjar hans verði ekki þess umkomnir að halda prentsmiðjunni áfram í sæmilegu horfi, þá skyldi hún leggjast til Hóladómkirkju. Út úr þessu varð langt stríð milli erfingja Guðbrandar byskups og Hóla byskupa, sem endaði 1724, þegar Brynjólfur sýslumaður Thorlacius sættist við Stein byskup á alþingi, og afsalaði undan sèr og sínum erfingjum prentsmiðjuna til dómkirkjunnar. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um, A. 2., að skilja mætti portionina frá kirkjunni; þetta kann vel að vera, eg læt það ósagt, en það hefir alls ekki hèr átt sèr stað. Stephán aptmaður hèlt, að kirkjan væri sèr ekki afhent, og Þorkell dómkirkjuprestur Ólafsson hèlt eins áfram eptir sem áður að vera fjarhaldsmaður kirkjunnar, því að hann var það frá 1784 til 1808. Ef nú þá hefði verið álitið, að kirkjan fylgdi jörðinni, þá hefði prestur lagt fjárforræði hennar í hendur kaupanda, en hann hèlt því í 6 ár þar á eptir, og hefði haldið því allt af hefði það ekki verið, að tilhlutun hins opinbera, tekið af honum fyrir fátæktar sakir. Þetta sýnir eitt með öðru, að Stefán amtmaður hèlt, að kirkjan kæmi sèr alls ekki við. Kirkjan og reikningar hennar eru og enn óaðgreindir undir opinberri umsjón. Viðvíkjandi A 3. sagði konungsfulltrúi, að þessir 50 rd. væru teknir af stólsfènu. Það veit eg vel, en hver átti það upprunalega byskupsstóllinn eða kirkjan? Samkvæmt katólskum lögum er víst, að í katólskri tíð átti kirkjan allt; byskupar voru ókvæntir og gengu eignir þeirra til kirkjunnar, er þeir önduðust; þannig fèkk dómkirkjan á Hólum, sem kunnugt er, 21 hundrað hundraða í jörðum eptir Gottskálk byskup Nikulásson. Þar að auki átti kirkjan sèrstakar eignir, sem henni höfðu annaðhvort verið gefnar eður voru skeyttar sèrstaklega til hennar, einkum reka, sem sjá má af »rekaskrá Hólastaðar« 1374, og »Sigurðarregistri« 1596. Á þessu geta nú þingmenn sèð, að ekki verður á því byggt, að kirkjan sè bændaeign; en, svo sem eg hefi sagt, þingið á eigi um slíkt að dæma; það hlýtur að vera dómsmál, en eigi þingmál.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af ræðu þingmannsins í Barðastrandasýslu athuga, að það segir sig sjálft, að ef kirkjan getur borið sig sjálf, þá er ekki ástæða til að biðja um styrk henni til viðurhalds, og því er áríðandi að vita tekjur hennar yfir höfuð.

Það getur vel verið, að það hafi upphaflega verið vafi á því, hvort kirkjan fylgdi með í kaupinu af Hólum, því mig minnir, að Commissarii vildu leggja kirkjuna á Hólum niður, og að byggð yrði minni kirkja á öðrum bæ í sókninni; en eins og nú er komið er enginn efi á því, að kirkjan á Hólum factisk er orðin proprietair-kirkja, og hlýtur að skoðast þannig, og er skoðuð þannig.

Eiríkur Kúld: Fyrst að hinn heiðraði framsögumaður áleit vafasamt, hvort kirkjuna væri að álíta sem proprietair-kirkju, og sagði, að það væri dómsmál, álít eg rètt að bíða þangað til sá úrskurður er fallinn; eg álít nauðsynlegt að fá upplýsingar um portionina og ætla þess vegna ekki að falla frá uppástungu minni. Og eptir tilmælum hins heiðraða framsögumanns mun eg sníða seglið áður en kemur til atkvæðagreiðslu, ef ske mætti, að nefndin vildi nota það.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa og þingmanni Barðstrendinga því, að eg álít alls ekki nauðsynlegt að vita um sjóð kirkjunnar; því ef stjórnin gefur gaum að staflið B, þá fæst full vissa um upphæð sjóðsins og árstekjur kirkjunnar, því þá er farið fram á, að stiptsyfirvöldin sjái um, að fram fari skoðunargjörð á kirkjunni, og verður það gjört áður en peningar sè veitttir úr ríkissjóði. Ef það þá sannast við skoðunargjörðina, að kirkjan hafi nokkurn veginn nægilegt fè, sem þó aldrei mun verða, þá verður styrkurinn lítill eða enginn. Vèr biðjum því ekki í B um fè í neinni óvissu, þótt vèr vitum eigi gjörla, hve stór sjóðurinn er. Mèr er óhætt að segja, að sjóðurinn er ekki svo mikill, að kirkjan geti fengið nýtt þak og klukkur sínar uppsteyptar, ásamt öðru sem hún þarfnast. Eg veit, að sjóðurinn hefir vaxið við söluna á rekum hennar og hálflendunni, og skal eg gjöra betur grein fyrir því síðar Þingmaður Barðstrendinga áleit, að mál þetta kæmi ekki þinginu við, af því það vissi ekki, hver væri eigandi kirkjunnar. Eigandi Hóla er þó altènd fjárhaldsmaður kirkjunnar, og hefir því sem fjárhaldsmaður fullan rètt til að biðja um það, sem hún hefir tilkall til; hann er meir að segja skyldur að sjá um, að hún nái rètti sínum; hann má ekki afsala neinu af rèttindum hennar en má auka þau.

Konungsfulltrúi: Undir lit. C. er beðið um tvennt, en það er einungis seinni liðurinn í greininni um »árgjaldið«, sem eg álít geti komið til yfirvegunar, en til þess útheimtist, að vita glöggt um fjárhag kirkjunnar, eins og búið er að taka skýrt fram af þeim heiðraða þingmanni Barðstrendinga, og þessar upplýsingar getur nefndin víst fengið, þangað til ályktunarumræða fer fram í málinu.

Sveinn Skúlason: Ef menn hèldu, að það mundi styrkja málið, og lögfróðir menn álíta það bæta, vildi eg bæta við hinni 4. uppástungu, þess efnis, að ef ekkert fæst af því, sem um er beðið, veiti stjórnin eiganda Hóla gjafsókn til að sækja í hendur ríkissjóði bætur fyrir rekaítök og aðrar þær eignir sínar, sem kirkjan hefir misst við sölu Hólastóls-gózanna.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið frá nefnd þeirri, sem kosin var til að semja ávarp til konungs, uppkast til þessa ávarps, og mun eg láta prenta það. Einnig hefi eg fengið nefndarálit í málinu, um *endurskoðun launalaganna.* Eg hefi fengið vitneskju um, að flest málin eru nú svo langt á leið komin, að nefndarálitin muni bráðlega koma til þingsins; fengi eg eitthvert þeirra í kvöld, gæti það ef til vill komið á dagskrá á mánudaginn.

Fundi slitið.

---

31. fundur — 14. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þegar vèr tökum til dagskrár, þá kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *viðvíkjandi Hólakirkju.* Ef framsögumaður, sem er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, hefir nokkrar athugasemdir að gjöra við málið, mun hann taka til máls.

Sveinn Skúlason: Eg skal geta þess viðvíkjandi uppástungu þeirri, sem eg á á atkvæðaskránni, að hún átti að vera staflið-ur D.

Forseti: Að efninu til, þá á þessi uppástunga að vera í þeirri röð, sem hún er á atkvæðaskránni, því að það er þar skýlaust tekið fram, að hún eigi að koma til greina, ef ekkert fæst af hinu undanfarna. Fèlli nú allt hitt, og hún yrði tekin, þá gæti hún þó ekki heitið D. Mèr virðist þess vegna, að hinum háttvirta þingmanni megi standa á sama, og þinginu eins, þó sleppt sè stafnum, sem ekki á við.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 412.

Framsögumaður: (*Arnljótur Ólafsson*): Eg man, að eg lofaði hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga því, að eg skyldi, ef eg gæti, skýra honum frá sjóði og árstekjum Hóladómkirkju. En því miður er nú, að eg er eigi fær um að gefa skýringar um þetta til hlítar, því að á skrifstofu byskups eru engir reikningar yfir árstekjur kirkjunnar. En hinu get eg skýrt frá, að sjóður kirkjunnar 1863 var orðinn 865 rd. og nokkrir skildingar. En eg verð að geta þess, að í þessum sjóði er meðtalið andvirði fyrir hálfa jörðina Hraun í Fljótum, sem var seld fyrir 180 rd. Þessir 180 rd. voru fyrst á vöxtum hjá eiganda Hóla, þar til vextirnir voru orðnir 48 rd., og síðan var þessum 228 rd. komið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn. Litlu síðar voru og seld 8 rekaítök í Þingeyjarsýslu, er kirkjan átti; andvirðið fyrir þá er líka komið í jarðabókarsjóðinn, og er talið með í þessum sjóði. Eg held mèr sè óhætt að fullyrða, að Hólakirkja sè sú eina kirkja hèr á landi, nema konungskirkjurnar, sem sett hefir peninga á vöxtu í jarðabókarsjóðinn. Eigandi Hóla nýtur að eins 2 rd. árlega fyrir reikningshald kirkjunnar; hann hefir eigi sjóð hennar sjálfur undir hendi, heldur er hann allur á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, og vex þannig sjóðurinn af sjálfu sèr. En til þess að vita, hverjar árstekjur kirkjunnar sè, hefi eg eigi haft annað við að styðjast en jarðatal Johnsens; þar eru taldir 24 bæir í Hólasókn, en um tíund, ljóstoll og legkaup get eg ekkert fundið, því að í brauðamatinu frá 1853 eru þessar tekjur taldar saman við tekjurnar úr Viðvíkursókn sem náttúrlegt er. Um segl hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga skal eg lítið tala, og eigi annað en það, að eg vil nota það heldur en ekkert; en þó verð eg að vera fastur á því, að þingið ætti heldur að rita hans hátign konunginum bænarskrá í þá stefnu, sem nefndin stingur upp á, heldur en að senda bænir sínar forsetaveginn til ráðgjafanna.

Áður en þingmenn taka til orða, skal eg leyfa mèr að gjöra

nokkrar almennar athugasemdir. Það er þá *fyrst* það sem farið er fram á í stafl. A, það er rèttarkrafa í sjálfu sèr, en það sem farið er fram á undir stafl. B er sanngirniskrafa og sáttaboð til ríkissjóðsins, sem er fólgið í 2 aðalatriðum; hið fyrra atriðið er, að veittur sè fjárstyrkur úr ríkissjóði til aðalviðgjörðar Hólakirkju, en hið síðara atriðið er, að kirkjunni sè veitt hæfilegt árgjald; upphæð þess er náttúrlega eigi tiltekin, því að nefndin áleit, að stungið yrði upp á henni við skoðunargjörð þá, er stiptsyfirvöldin lètu gjöra á kirkjunni. Í stafl. C er sagt, að ef ríkissjóðurinn eigi vill hlynna neitt að kirkjunni, þá býður eigandi Hólastaðar stjórninni, að taka við Hólakirkju með öllu því, er henni tilheyrir. Þá kemur uppástunga hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga undir C, töluliður 2, en sem hann hefir skírt D, og því nafni vil eg halda, því stafliðurinn er sannarlega *góður* D; reyndar ætti stafliður þessi, að standa fyrir framan C á atkvæðaskránni eptir hugsun málsins, því ef stjórnin vill hvorki veita það, sem beðið er um undir A nè B, þá er um tvennt að tefla, að fjárhaldsmaður kirkjunnar fari í mál við ríkissjóðinn, eða þá, að hann afsali sèr fjárhaldi kirkjunnar og allri umsjón hennar. Út af þessum athugasemdum dreg eg þá ályktun, að málið fyrst í ýtrustu nauðsyn hlýtur að verða dómsmál. En þó málið sè í dýpstu rótum sínum dómsmál, þá er allt fyrir það alveg rètt, að fara sættaveginn, hvort sem hann svo er farinn gegnum yfirvöld landsins eða í gegnum þingið. Fyrst á að reyna sátt i þessu máli, sem svo mörgum öðrum; en komist eigi sætt á, þá er tvennt til, eins og eg þegar sagði, annaðhvort, að eigandi Hóla afsali sèr fjárhaldi kirkjunnar, og fer eigi í mál, eður hann fer í mál fyrir kirkjuna. Vèr verðum nú að varast hèr tvennt; vèr megum ekki ónýta rèttarspursmálið eður dómsveginn og heldur ekki megum vèr ónýta sættaveginn, því að hann er þó jafnan greiður og góður. Þingið getur nú reyndar ekki ábyrgzt, að sætt komist á, en það getur þó beint málinu til sættafundarins, en hann er hjá stjórninni, og hèr er þá um það eitt að ræða, hvort þingið vilji styðja að því að beina málinu í þessa átt. En gangi stjórnin eigi að þessum sættaboðum, þá er alþingi úr allri sökinni, en eigandi Hóla ræður sjálfur, hvort hann vill fara í mál eða afsala sèr kirkjuna, hann getur eptir á gjört hvort heldur hann vill, hann getur og hafnað þeim sættaboðum, er stjórnin kann að bjóða honum, ef hann svo vill. Af þessu sjá nú þingmenn, að þeir geta stutt málið til sætta, án þess að skaða það í

nokkru. Það getur aldrei verið skaði að sáttatilrauninni, því að réttarspursmálið er eins opið og áður fyrir því.

Eiríkur Kúld: Það var nú vel farið, að mèr hefir tekizt að sníða fyrir nefndina það seglið, sem hinn háttvirti framsögumaður treystist til að nota, þótt hann reyndar ætlaði að nota það sem neyðarúrræði, en eg vona þá, að hann kunni að aka því eptir vindinum. Eg tók mèr nú þetta vara-atkvæði eingöngu af því, að eg hugsaði, að mönnum þætti hart að fella málið alveg, þótt eg verði að álíta, að það sè sá eini rètti vegur með það nú sem stendur. Hinn háttvirti framsögumaður tók nú fram tvennt, er menn yrði hèr að varast, og þess vegna get eg eigi sèð annað, en að það sè að leiða þingið út á hálan ís að vilja láta það skipta sèr nokkuð af þessu máli. Það fór nú mjög nærri áætlun mín um sjóð kirkjunnar, og þar sem hann er nú svona mikill, þá sè eg nú eigi, að eins mikil nauðsyn sè fyrir beiðni þessari um fjárstyrk til viðhalds kirkjunni, einkum þar sem hún er steinkirkja. Framsögumaður gat um, að í þessum sjóði væri andvirði fyrir hálfa jörð, sem seld hefði verið, eptir þessu álít eg nú, að engi vafi ætti að geta verið á því, að eigandi Hóla sè líka eigandi kirkjunnar, Því að eg skil eigi, hvernig hann gat selt hálfa jörð undan kirkjunni, sízt ef hann átti hana ekki. Eg álít nú þenna proprietarius betur farinn en aðra, þar sem hann hefir getað sett sjóð kirkjunnar á vöxtu í jarðabókarsjóðinn. Að öðru leyti er eptir orðum framsögumanns enn þá alveg óupplýst, hvort eigandi Hólastaðar er líka eigandi Hólakirkju eða ekki. En þó hann sè laus við hana sem dómkirkju, þá er hann alls ekki laus við hana sem sóknarkirkju. En þegar þetta er upplýst, þá má fyrst líta á þann mismun á kostnaðinum, sem er á því að halda kirkjunni við í því formi, sem hún nú er í, og á því að rífa hana niður og byggja upp aðra minni kirkju, og það virðist einungis sanngjarnt, að hann fengi þann mismun, sem þar er á milli. En eg sè eigi, að þingið geti greitt atkvæði um þetta mál, eins og það nú stendur, og eg sè eigi betur en að það sè að leiða þingið út á hálan ís að vilja láta þingið gjöra það, því að framsögumaður tók opt fram, að mál þetta væri dómsmál. Eg get nú heldur eigi lagt svo mikla þýðingu í það, að kirkja þessi sè sá forngripur, að mjög mikið sè í hana varið þess vegna, því að framsögumaður veit þó, að hún er ekki nema 100 ára. Ef nú eigandi Hóla er umboðsmaður kirkjunnar, þá hefir hann einnig farið ranga leið, því að hann átti að

fara beint til stiptsyfirvaldanna. Eg skal nú eigi fjölyrða um uppástungu mína, þingið ræður, hvað það gjörir við hana, en eg tók fram, að hún væri að eins gjörð í kurteisis skyni, án þess að beina málinu í þá átt sem nefndin stingur upp á. En því verð eg að lýsa yfir, að eg held næst að álíta, að eigandi Hólastaðar sè einnig eigandi Hólakirkju.

Ólafur Sigurðsson: Eg vona nú svo góðs til þingsins, að það styðji þetta mál, sem bezt það getur, einkum þar sem tilfinning landsmanna fyrir forngripum er nú að vakna; og þótt kirkja þessi sè eigi sjálf nema 100 ára, eins og sagt hefir verið, þá hefir hún þó að geyma þá forngripi. sem eru mjög gamlir og merkir, og ef til vill hinir merkilegustu sem til eru hèr á landi. En ef kirkjan er rifin niður og minnkuð, þá er eg hræddur um, að eitthvað af þessum ágætu forngripum komist á ringulreið. Mèr er allt um að gjöra, að kirkjan haldi sèr með þessari stærð og þessari lögun er hún hefir nú; eg vona, að enginn Íslendingur óski þess, að það fari um þessa dómkirkju eins og fór um dómkirkjuna í Skálholti og forngripina þar.

Sveinn Níelsson: Eg verð að lýsa því yfir, að mèr kom það mjög á óvart, þegar bænarskrá sú, sem nú er um rætt, kom inn á þing, og þykir mèr von, þótt fleiri hafi haft líkar tilfinningar. Hvort sem nú Hólakirkja er skoðuð sem staðarprýði eða fjórðungsprýði, það er nú búið að lýsa því, að forngripur geti hún ekki heitið, þá verður ekki öðru vísi álitið en að engum standi það eins nærri og eiganda Hólastaðar að halda henni við; og mèr er það óskiljanlegt, að nokkrum Skagfirðingi, nokkrum í öllum Norðlendingafjórðungi eða nokkrum á öllu Íslandi, geti verið eins annt um Hólakirkju eða haft eins miklar mætur á henni, og hinn heiðraði eigandi Hólastaðar. Eg verð líka að taka það fram, að þessi auðugi höfðingi á allra manna hægast með að hlynna að henni og halda henni við, og það þori eg að fullyrða, að margur hefir tekið nær sèr að halda við því, sem honum hefir verið fjærskyldara. Og það er auðvitað, að því betur sem þessi höfðingi hlynnti að þessu musteri og byggi um, að það gæti að honum lífs og liðnum viðhaldist, því betur mundi hann búa um minningu sína í hinum ókomna tíma. Mèr koma nú í huga þau orð, sem einn af vorum mestu mælsku mönnum sagði, hann kvaðst eigi vita, hvernig menn gæti á annan hátt betur varið auðæfum sínum eða búið um minningu sína, en með því að prýða guðshús. Eg vona, að þingmenn

samsinni þessari meiningu minni og hlynni að henni, og vona þeim finnist, að það hafi ekki átt við fyrir eiganda Hólastaðar að fara þessa á leit. Og eg verð loks að lýsa því yfir að eg vil helzt halla mèr að uppástungu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga.

Framsögumaður: Mèr fannst tillaga hins heiðraða þingmanns Snæfellinga vera í rauninni sú, að þingið beiddi eiganda Hóla að halda kirkjunni vel við, af því að hún væri enginn forngripur. Eg vil þá fyrst spyrja, er þingmanninum og þinginu kunnugt, hvernig kirkjunni er haldið við? Það er nú eigi ár síðan eg skoðaði hana, og það er annar þingmaður hèr á salnum, sem skoðaði hana litlu síðar, og eg vona, að hann játi það með mèr, að kirkjunni er viðhaldið af hinni mestu prýði, bæði að því er snertir bikun á þakinu og hvíttun á veggjunum, það er svo vel gjört, að þakið er hrafnsvart, en veggirnir snjóhvítir. Ef menn nú eigi kalla þetta gott viðhald á múrhúsi með timburþaki, þá veit eg ekki hvað það er; og eg verð að segja, að þessu húsi, sem vèr nú sitjum í, þessu mikla musteri mannorðsins, er eigi nálægt því eins vel viðhaldið, því að þakið er borðalagt með hvítum borðræmum, svo það er sem blessuð börnin frönsk. En í alvöru talað, þá verður hver sá, sem sèr dómkirkjuna á Hólum núna að játa, að henni sè viðhaldið af hinni mestu prýði. Og má eg nú spyrja er það eigi einmitt hin sama, umhyggja fyrir kirkjunni, sem hèr kemur fram hjá eiganda Hóla, þar sem hann er að reyna að útvega henni fè, því að hann veit, að hann er bráðum kominn á grafarmunnann og hver tekur þá við Hólakirkju? Það veit eg ekki, en hitt vil eg segja, að ef hún gengur lengi í erfðir, þá er engin vissa fyrir, að henni verði ætíð haldið eins vel við og henni er nú. Eg vil líka spyrja þingmann Snæfellinga að öðru. Þótt eigandi Hóla sè auðugur maður er það samt eigi rètt af honum að halda fram rètti þeirrar stofnunar, er hann hefir umsjón yfir? Eða álítur þingmaðurinn, að hver sá fjárhaldsmaður, sem ríkur er, sè *skyldur* til að framfylgja *eigi* rètti þess manns eður þeirrar stofnunar, sem hann hefir fjárhald fyrir? Menn verða að gá að því, hvernig farið var með Hólakirkju við sölu Hólastaðar 1802, henni voru þá eigi áskilin nein reka-ítök, er hún átti þá eptir máldögunum, og allar þær jarðir voru og seldar, er henni höfðu verið lagðar til upphalds, ásamt með stólsgózinu, sem upprunalega var og eign hennar. Það hefir og verið játað að nokkru leyti, með því að kirkjan fèkk aptur reka-ítökin í þingeyjarsýslu árið 1826, eptir brèfi Gríms amtmanns

20. apríl. 1826, og brèfi Steingríms byskups 28. nóvember 1825. Þessir rekar voru eigi fremur en aðrir rekar og eignir, sem hún hefir eigi enn fengið, áskildir kirkjunni, en þó fèkk hún þá aptur eptir 24 ár, og svo kann það að verða um fleira. Það er þó auðvitað, að hún hefir með sama rètti tilkall til reka-ítaka sinna í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, þótt hún hafi enn ekki fengið þá. Þingmaður Snæfellinga og þingmaður Barðstrendinga tók nú fram, að Hólakirkja væri eigi forngripur. Eg veit að vísu eigi, hvað þeir skilja við kirkju? Ef þeir meina að eins veggina og þakið, þá hafa þeir rètt að mæla, því hvorugt er eldra en 100 ára. En ef þeir skilja líka við kirkju, sem mèr þykir eigi svo mjög undarlegt, öll þau áhöld er heyra til guðsþjónustunnar innan veggja kirkjunnar þá hafa þeir rangt fyrir sèr. Látum oss sjá, komum inn í kirkjuna og skoðum altarið, altarisklæðið, *altaristöfluna,* sem er frá tíð Jóns byskups Arasonar eptir almennri sögn hèr á landi? Þá vona eg þeir játi, að hún sè fornmenjagripur. Hið sama er að segja um skírnarfontinn, sem höggvinn er úr íslensku grjóti af íslenzkum manni, að hann er forn og ágætt listasmíði. Bæði altarið, krossmarkið, legsteinarnir og myndirnar af byskupunum vona eg nú, að þingmenn játi, að sè forngripir. Í einu orði, enginn efi er á því, að ef nokkur forngripur er til á Íslandi, þá er það dómkirkjan á Hólum. Þingmaður Barðstrendinga sagði nú og, að þingið ætti ekki að skipta sèr af málinu, af því að tvennt væri að varast. Ef þetta mál er hið eina af öllum þeim málum, sem alþing hefir tekið til meðferðar, þar sem tvennt er að varast, þá játa eg, að hann hafi rètt fyrir sèr. En það mun vera í öllum málum, að til sè að minnsta kosti of og van, og þá er þó það tvennt að varast. Mèr fannst hann nú í öðru lagi hafa það á móti því, að málið gengi þingveginn, að hann hèlt, að sú aðferð kynni að spilla því, að málið gæti orðið dómsmál. En eg vil þó geta þess, að alþingi hefir rètt til eptir 77. gr. alþingistilskipunarinnar að fjatla um þau mál, er einstökum manni er órèttur gjör, og þess konar málefni hafa opt komið hèr til þings. Þá vil eg nú spyrja þingmanninn: Getur eigi orðið dómsmál úr því, að einstökum manni og þá eins einstakri stofnun hefir verið órèttur sýndur? Eptir alþingistilskipuninni er þá þetta mál þingmál, hvort sem nú heldur eigandi Hóla er eigandi kirkjunnar eður eigi, því það er þó kirkjan, sem misst hefir eignir sínar og orðið fyrir öllu skakkafallinu. Nú vil eg telja sjálfsagt, að þingmaður Snæfellinga og þingmaður Barðstrend-

inga áliti, að kirkjur sè sèrstakar stofnanir, og þá vona eg þeir játi, að þær eigi jafnmikinn rètt á sèr sem hver stofnun önnur. Eg ætla nú vegna þingmanna að taka hèr eitt mál til dæmis, og það er kollektumálið. Eg vona nú, að hver lögfræðingur að minnsta kosti játi, að það sè í «sidste Instans» dómsmál, en allt af hafa þó verið sendar um það bænarskrár frá þinginu til konungs, þangað til það sáladist eða rèttara sagt reis upp aptur í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn. Mèr þykir það því skrítið, ef menn eigi þora að senda að eins einu sinni bænarskrá til konungs í þessu máli, þar sem það er sama eðlis, og eg verð þá að skilja það svo, að það sè af því, að Hólakirkja á í hlut, en ekki neinn einstakur maður nè peninga sjóður.

Halldár Kr. Friðriksson: Mèr finnst þingið verða að gá vel að því, áður en það greiðir atkvæði um málið, að málið er hreint og beint dómsmál, og það hefir framsögumaður einmitt játað; og þá þykir mèr það skrítið af þinginu, að vera að greiða atkvæði með þessum fjárstyrk til Hólakirkju, þegar það veit ekki hver eigandi Hóla er, og þingið því veit ekki handa hverjum það biður um styrkinn, og þess vegna verð eg að álíta, að uppástunga þingmanns Barðstrendinga sè hin eina rètta, ef þingið á annað borð ei vill fella málið. Framsögumaður ætlaði nú að sanna, að Hólakirkja væri forngripur, þótt ekki væri það þakið nè veggirnir, með því að þar væri altaristafla gömul, skírnarfontur og fleira, sem hann taldi upp. Kostnaðurinn á viðhaldi þessu verður víst eigi mikill, enda er það og bein skylda kirkju-eigandans, að halda því við, og þetta fylgir kirkjunni, hvar sem hún svo er; svo að framsögumaður hjálpar sèr niður á við, en ekki upp á við, með þessari mótbáru. Mèr finnst þó, að þingið eigi geti farið vægilegar með málið en á þann hátt, sem hinn háttvirti þingmaðnr Barðstrendinga hefir stungið upp á, því að allar upplýsingar vantar, og aðalatriðið er því, hver sè rèttur eigandi Hólakirkju.

Jón Guðmundsson: Það er nú merkilegt, að menn skuli vera að tala um, að upplýsingar vanti. En hvað lengi á að bíða, að þeir menn geti fengið upplýsingar, sem verður ekki meira úr þeim, sem þeir hafa opnar fyrir sèr, heldur en þegar blindur á að dæma um lit, þegar þeir vilja ekki sjá og ekki kynna sèr þær upplýsingar sem fyrir hendi eru. Hèr er þó komin fram, fyrst röksamleg beiðni frá eiganda Hóla, sem hefir verið lögð fyrið þingið, og þar með var framlagt ítarlegt álitsskjal um málið frá 1862, er

gekk fyrst til stiptsyfirvaldanna, og síðan til kirkjustjórnarinnar, með greinilegum upplýsingum, og fylgiskjölum um allt málið. Þó að nú hinum háttvirta þingmanna Barðstrendinga þyki eigi þessar upplýsingar nógar — er annars ekki að sjá, að hann hafi kynnt sèr þær að einu nè neinu, — af því stjórnin hefir eigi tekið þær til greina, þá hefir þó stjórnin ekki byggt synjun sína á því, að eigandi Hólastaðar væri líka eigandi kirkjunnar, eða á því, að á honum hvíldu neinnar proprietairskyldur við hana. Þetta sýnist mèr, að þinginu megi vera nóg sönnun fyrir því, að beiðandi kemur hèr fram, sem fjárráðamaður kirkjunnar, og að hann verði ekki skoðaður öðruvísi. Eða því skyldi stjórnin ekki hafa byggt synjun sína á því, að hann væri eigandi kirkjunnar, ef hún hefði sèð, að með nokkru móti yrði byggt á þessu; því það sýnist þó að liggja beint við, að stjórnin hefði sagt: Þessi beiðni verður ekki tekin til greina, af því það liggur í öllu eðli málsins, að þessi maður er einnig proprietarius kirkjunnar. Þetta er nú einnig greinilega upplýst í fylgiskjalinu, en eg get ekki gjört að því, þótt þessir heiðruðu mótmælendur hafi ekki viljað lesa eður kynna sèr það. Það má nú einnig sjá af úrskurðum stiptsyfirvaldanna og amtmannsins fyrir norðan viðvíkjandi tekjum kirkjunnar, að þeir hafa skoðað hana sem stofnun út af fyrir sig, þar sem þessi kirkja hefir reikninga og sjóð út af fyrir sig, og henni taldar árlega til inntektar þær tekjur, en annars er venja, um proprietair kirkjur, að þessleiðis kirknatekjur renni í sjóð eigandans, en ekki kirkjunnar. Þar sem þingmaður Barðstrendinga furðaði sig á því, að jörðin Hraun hefði verið seld, þá get eg sagt honum það, úr því hann hefir ekki kynnt sèr hvorki það nè annað í skjölum málsins, — að hún var seld eptir yfirvalda úrskurði. En þar sem allt jarðarverðið rann óskert í kirkjusjóðinn, þá sýnist mèr það sanna beinlínis, að eigandi Hóla sè ekki eigandi kirkjunnar, því að það mun hvergi hèr á landi vera venja um bændakirkjur, að þeim sè reiknaðar til inntektar tekjur eða afgjöld kirkjujarðanna, eður verð þeirra, ef jörð er seld, og eg held, að eigendurnir mundu þakka fyrir, að svo væri gjört, ekki síður hinn háttvirti varaþingmaður Barðastrandarsýslu, sem nú mun eiga ekki alllitlar kirkju-eignir, heldur en aðrir. Út af þessari forsetavegs uppástungu þingmanns Barðstrendinga, og öllum þeim vel grunduðu (!) mótmælum hans, er hann hefir gjört sig svo mikinn af í þessu máli, dettur mèr í hug ein dæmisagan úr »Lukkunnar musteri«. Það er nefnilega ógipt stúlka, sem vill

giptast; hún snýr sèr þá að spegli, sem sagði öllum er í hann litu, satt og hlífðarlaust frá, hvað þeim gengi til; en stúlkan gekk nú að þessum spegli til þess að láta hann segja sèr, hvernig hún mundi giptast, og sagði þá spegillinn: »Þú giptist til að giptast«. Eins finnst mèr nú vera stundum fyrir hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga, að hann talar eins og menn vita í flestum málum, en í sumum þeirra, sýnist hann einungis að tala til þess að tala og bera upp breytingaratkvæði til þess að bera upp breytingaratkvæði. En hefði hann gætt að, að þessi beiðni, sem hèr liggur fyrir, er einmitt byggð á synjun stjórnarinnar, þá sè eg ekki, hvers vegna hann vill fara að höggva ofan í sama farið og fara aptur til stjórnarinnar með málið, og þó ekki hreinan og beinan embættisveg. Þingmaður Barðstrendinga og hinn 6. konungkjörni þingmaður bera það báðir fyrir, að þetta mál sè dómsmál, en hvers vegna hefir stjórnin eigi vísað því frá sèr, af því það væri eigi dómsmál? Bæði hinn háttvirti framsögumaður og eg höfum tekið það fram, að þetta mál gæti orðið dómsmál, en framsögumaður hefir líka tekið það fram, að hèr væri verið að reyna að miðla málum, og vita hvort sættir gæti ekki komizt á; en það er allt annað, að málið *geti orðið* dómsmál og að það sè dómsmál. Það hefir nú líka verið talað um það, að Hólakirkju væri borgið, ef hún fengi gjafsókn, til að fara í mál og reyna að ná aptur í reka sína. Þetta þarf þingið ekki að biðja um, með því það er sýnt í álitsskjalinu frá 12. febrúar 1862, að það hafi verið boðið af kanselíinu, og að það hafi sagt, að Hólakirkja gæti fengið gjafsókn til að ná aptur reka-ítökum sínum. En um sama leyti og þetta boð var gjört, fèll merkilegur hæstarèttardómur um mál, sem einmitt var um rekarèttindi Hólakirkju, þó það væri einungis fyrir einni af hinum fyrri Hólastólsjörðum; Hólakirkja vann málið fyrir yfirdómi, en tapaði fyrir hæstarètti; og eptir þeim dómi verður naumast farandi fram á, að ná þessum rekaítökum, og menn gátu ekki vænzt eptir, að þau mundu fást, heldur en hvalrekaitakið, sem hæstarèttardómurinn hljóðaði um. Þetta var því svo tvísýnt, að eigi var von, að neinn vildi leggja sig í mál til að reyna að ná aptur þessum rekaítökum, þótt gjafsókn væri boðin. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga benti nú til þess, að eigandi Hóla væri svo ríkur maður og veglyndur, að hann mundi finna sèr skylt að viðhalda Hólakirkju á sinn kostnað. Það er nú að vísu fallega talað, en það á þó eitthvað skylt við þetta: »vermið yður og mett-

ið«. En eptir því sem byggingar kosta nú, þá er eg viss um, að Hólastaður allur eður fyllsta verð hans mundi alls ekki hrökkva til að byggja kirkjuna upp af nýju. Það er líka viðurkennt af kanselíinu í brèfi einu til stiptsstjórnarinnar frá 1813, að jarðamatsnefndin um aldamótin, er einnig hafði á höndum sölu Hólastólsjarðanna, hafi þegar jarðasalan var afgengin, skýrt stjórnarráðunum svo frá um Hólakirkju, að eigi hafi verið ætlað svo til, að hún yrði eiganda Hóla til byrði, heldur tóku jarðamatsmennirnir sjálfir, er gengust fyrir sölunni, einmitt fram, að því er kirkjuna snerti, við stjórnina, að þegar dómkirkjan, sem þar stóð þá, væri komin að falli, eða þyrfti aðalaðgjörðar við, þá skyldi rífa hana niður en byggja upp aptur aðra minni sóknarkirkju að Kálfstöðum, hæfilega stóra handa hinni litlu sókn. Svona segir kanselíið, að þeir hafi ákveðið um kirkjuna, og af þessu sýnist ljóst, að stjórnin hafi viðurkennt, að Hólakirkja væri eigi eiganda Hóla viðkomandi að einu nè neinu. Mèr virðist því hèr að eins spurningin um, hvort þingið vilji styðja að því, að þessi forni menjagripur viðhaldist í því formi og með þeirri stærð, sem kirkjan nú hefir, eða það vill láta sèr i lèttu rúmi liggja, hvað um hann verður og vilji því ekkert skipta sèr (af henni)? En hvort sem hinn núverandi eigandi Hóla lifir lengur eða skemur, eða hver sem svo tekur við af honum, þá held eg, að það sè fráleitt, að hann álíti sèr skylt að kosta mörgum þúsundum ríkisdala til að endurbyggja kirkjuna, í því formi sem hún nú er, og eg held, að enginn dómstóll geti neytt hann til þess. Eg ímynda mèr og, að hvorki þingið nè landsmenn vilji neyða hann til, annaðhvort að fara í mál eða afsala sèr kirkjuna. Stiptsyfirvöldin, sem nú eru, hafa líka, eptir því sem eg hefi heyrt, mælt með því við stjórnina, að nokkur styrkur yrði veittur beiðanda, til þess að viðhalda kirkjunni.

Forseti: Það hafa stundum hèr á þinginu komið fyrir orð, sem sveigt hafa annaðhvort að mönnum persónulega, svo sem að vexti þeirra eða því um líkt, eða að þinglegri aðferð þeirra hèr á þinginu. Eg hefi ekki hingað til tekið fram við þessi tilfelli, því orðin hafa ekki verið svo löguð, að mèr þætti ástæða til þess, en eg vil vekja athylgi þingmanna að því, að það er ekki neinn æskilegur þingmannabragur, að slíkt komi fyrir.

Halldór Jónsson: Þegar eg skoða atkvæðaskrá þessa, virðist mèr hún nokkuð margbrotin. Þegar eg ber saman liðina B og C, get eg ekki fundið neinn greinilegan mun á þeim. Í B er beðið

um fè til aðalviðgjörðar og um árgjald, er ásamt árlegum tekjum kirkjunnar, nægi henni til viðurhalds; mèr finnst að þá ætti líka að taka tillit til, ef óhappaleg tilfelli kæmi fyrir; meiningamunurinn milli liðanna finnst mèr því mjög lítill. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölulið 2., þá veit eg ekki hvort rètt er að biðja *konung* um gjafsókn, eptir minni hyggju veita amtmennirnir hana. Mèr er það kunnugt, síðan eg var prófastur í Skagafirði, að eigandi Hóla ekki skoðaði sig sem eiganda kirkjunnar, heldur sem curator, og því til sönnunar er, að hann reiknaði sèr árlega 2 rd. í laun sem curator og kirkjunni allar tekjur af hlunnindum hennar. Eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram við undirbúningsumræðuna setti Steingrímur byskup núverandi eiganda Hóla curator Hólakirkju. Steingrímur varð byskup 1825 eða 1826, og er þá spursmál, hvernig þetta hefir verið skoðað á tímabilinu frá sölu Hóla 1802 og til 1826. Framsögumaður hefir tekið það skýrt fram, að þetta væri dómsmál en vill fyrst reyna sáttaveginn. Og mèr finnst það eðlilegt, að reynt sè að útkljá mál þetta án milligöngu þingsins af málspörtunum sjálfum, stjórninni og eiganda Hóla. Eg verð því að vera samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, og get öldungis ekki fallizt á það, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að þingmaður Barðstrendinga sè vanur að tala til þess að tala, og áskilja sèr breytingaratkvæði, til þess að gjöra breytingaratkvæði; það álít eg hann gjöri ekki yfir höfuð og heldur ekki í þessu máli. Ef nú ekki gengur saman milli stjórnarinnar og eiganda Hóla, þá er eðlilegt, að málið verði dómsmál, þá fá menn annaðhvort já eða nei; verður þá annaðhvort eigandi Hóla dæmdur eigandi kirkjunnar, og er hann þá skyldur að halda henni við. Að öðrum kostl verður hún dæmd á hið opinbera. Dæmist hún á eiganda Hóla er hann skyldur að halda þar við einhverri kirkju hæfilega stórri fyrir söfnuðinn, en ekki dómkirkjunni sem steinhúsi í því formi sem hún nú er í. Þá fyrst finnst mèr geta komið til skoðunar, hvað alþingi vildi gjöra til þess að viðhalda þessu veglega húsi í sama formi og sömu stærð sem nú. Þá þarf líka til undirbúnings, á báðar hliðar að leggja niður kostnaðinn, eða með öðrum orðum, vita hvað mikið meira það mundi kosta, að halda við kirkju þeirri, sem nú er, eða byggja aðra, af timbri og halda henni við. Eg get af þessum ástæðum ekki annað en mælt fram með breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga undir tölulið 4.

Jón Pètursson: Eg verð að lýsa því yfir, að mèr þykir mjög mikið í varið, að Hólakirkju sè við haldið sómasamlega, í sama formi og sömu stærð, sem hún nú hefir. Af því sem á atkvæðaskránni stendur, felli eg mig bezt við liðinn B. En eg er því miður hræddur um, að stjórnin ekki muni vilja skipta sèr af málinu, nema því að eins, að kirkjan sè dæmd á hið opinbera. Það er of seint nú fyrir mig, að koma fram með breytingaratkvæði, það hefði ef til vill getað samrýmzt við 4. tölulið; það hefði átt að vera á þá leið, að biðja stjórnina, að hún vilji:

1. Hvetja síra Benedikt til að gefa Hólakirkju jörðina Hóla með hjáleigum sínum, og öðrum rèttindum, og tvær eða þrjár jarðir aðrar að auk, henni til viðurhalds.

2. Heita honum, ef hann verði við þessu, að útvega konunglegt samþykki upp á, að eign þessi ávallt megi haldast í ætt hans meðan henni í formi því, er hún nú hefir, sè sómasamlega við haldið, og einlægt óskert til falla, á þann hátt, er hann sjálfur vilji ákveða, auk arfs, einhverjum einum erfingja hans. Þá ætti kirkjan allt af nógar eignir sèr til viðurhalds, og hèldist í ættinni erfingjum hans að skaðlausu.

Framsögumaður: Eg vil fyrst minnast á mismun þann, sem er á skoðun nefndarinnar og hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga um síðustu meðferð málsins hèr á þingi. Mismunur þessi er í því fólginn, að nefndin vill, að þingið sendi konungi bænarskrá, en þingmaðurinn vill að málinu sè vísað forsetaveginn til stjórnarinnar. Eg veit nú ekki, hvort eg get skýrt alveg frá, hve stór þessi munur er; en hitt má telja víst, að hinn heiðraði þingmaður hefði sjálfsagt getað það sjálfur, ef hann mætti nú tala. Eg held þó, að munurinn sè sá, að sè málinu vísað forsetaveg til stjórnarinnar, þá þarf málið aldrei að koma fyrir konung; ráðgjafi sá er málið fær í hendur, hann getur stungið því undir stól, ef hann vill, eður lagt á það einhvern úrskurð sjálfur, en fær ekki í því konungsúrskurð. En hèr er um fè að ræða, og ekkert verður við málið gjört, nema fè fáist hjá ríkisdeginum. Á þá ráðgjafinn, án konungsleyfis, að fara til ríkisdagsins, til þess að biðja um fè handa Hólakirkju? Eg veit, að hinn heiðraði þingmaður hefir gjört sèr þetta fullkomlega ljóst, og mundi geta frætt oss um sín djúpsettu ráð, ef hann væri á upprèttum fótum; mig furðaði einungis á, að hann skyldi ekki, meðan hann var á felli, taka það fram, að hverju takmarki breytingaratkvæði hans hlyti að reka. Eg

hefi einnig annað á móti breytingaratkvæði þessu, og það er, að eptir 44. grein alþingistilskipunarinnar, eigum vèr að snúa oss til konungs, einungis fyrir milligöngu konungsfulltrúa, en ekki fyrir milligöngu forseta. Það hefir hèr á fyrri þingum orðið tilrætt um, hvort þingið að rèttu lagi megi senda nokkuð forsetaveginn út yfir pollinn, og hefir það verið tekið fram af mörgum, og að því mèr virðist með góðum rökum, að það væri ekki rètt, heldur ætti að eins, að fara forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda hèr á landi. Eg verð að vera á því, að forsetavegurinn í þessu máli sè ekki rèttur í formlegu tilliti, auk hins mikla munar, sem eg áðan tók fram að yrði á afleiðingunum. Hinn heiðraði varaforseti hefir svarað þingmanni Barðstrendinga og hinum 6. konungkjörua þingmanni, um sölu hálfrar jarðarinnar Hrauns og rekanna, svo eg þarf þess ekki, einungis vil eg staðfesta það sem hann sagði, með því, að segja hinum 6. konungkjörna frá, að eigandi Hóla fèkk leyfisbrèf dagsett 7. marz 1853, til að selja reka-ítökin, og kanselibrèf, dagsett 4. nóvember 1847, er staðfesti sölu hálflendunnar, svo þingmaðurinn getur sèð, að eigandi Hóla hefir ekki selt þessar kirkjueignir, sem eigandi kirkjunnar; eg vona þetta nægi *honum* því til sönnunar. Hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði, að eg hefði sýnt, að Hólakirkja væri enginn forngripur, með því að játa, að þak hennar og veggir væri ekki eldri en 100 ára, hitt hljóp hann mjög lètt yfir. Hann veit þó líklega, að ekkert hús verður að kirkju, þó það hafi að eins veggi og þak. En hver veit, hann hefir ef til vill hugsað sem svo, af því að þak og veggir eru engir fornmenjagripir, látum það falla ofan og hrynja, því svo mætti færa altarið, altaristöfluna, skírnarfontinn, myndirnar, bókasafnið o. s. frv. burt, til byskupskápunnar hingað í Reykjavík. Hann nefndi ekki legsteinana, enda mundu þeir verða nokkuð þungir í vögum; þeir yrðu þá það eina sem Norðurland ætti eptir af Hólastól, dómkirkju, prentverki og skóla, og ætti það heldur ekki illa við, að legsteinarnir væri einir eptir þeim til endurminningar, um hvað Norðurland var, en er nú ekki lengur.

Forseti: Viðvíkjandi forminu vil eg geta þess, að allt það, sem vísað er til mín, eða mèr er falið á hendur að koma á framfæri, sendi eg til konungsfulltrúa, hvort sem það á að fara innanlands eða utan.

Jón Hjaltalín: Vegna þess að forfeður mínir hafa átt bústað á Hólum og prýtt þann stað mikið, finn eg mèr skylt að tala nokkur

orð. Allir vita hversu gramur eg var Norðlendingum í fjárkláðamálinu, og hvað illa mèr þótti þeim farast þar. En eg virði þó allar þeirra góðu tilfinningar, og það kalla eg góða tilfinningu að vilja verja menjagrip, sem ruplaður hefir verið og rændur; að þetta sè satt ber saga landsins með sèr. Eg þarf ekki, að tala um hvernig farið var með Hólastól, þegar forfaðir minn var hálshöggvinn, eða þegar stólsjarðirnar voru seldar. Mèr finnst mönnum ekki láandi þó þeir vilji hlynna að fornmenjum þessum. Mèr hefir verið sagt, og það líka af útlendum mönnum, að núverandi eigandi Hóla, hafi í 40 ár haldið kirkjunni heiðarlega við; nú kemur maður þessi, sem er kominn á háan aldur, og biður þingið stuðla til þess, að hið sama verði gjört eptirleiðis; eg skil þetta svo, að hann vilji sjá menjagrip þessum borgið eptir sinn dag. Eg veit ekki hvernig þessu verður bezt komið fyrir; eg var hèr ekki við undirbúningsumræðuna, en mèr hefir í dag heyrzt, að ræður sumra væru fremur á kappi byggðar; eg játa að eg veit ekki með hverjum liðnum á atkvæðaskránni helzt skal mæla, og vil eg því biðja hinn háttvirta framsögumann að skýra mèr frá, hvað af því honum þykir tiltækilegt. En það veit eg, að er þinginu til sóma að gjöra eitthvað því til stuðnings, sem um er beðið. Það er hægt að segja, að eigandi Hóla sè eigandi kirkjunnar og skuli því halda henni við; en eg veit þó ekki, þegar þetta er eindreginn vilji heils landsfjórðungs, hvort þingið á að segja nei, ef það getur gjört eitthvað; mèr finnst það ekki, og allra sízt þegar maðurinn hefir haldið kirkjunni svo sómasamlega við alla sína tíð. Mèr sýnist málið raunar heyra undir dómstólana; væri það látið ganga á þann veg, hefi eg það traust til dómstólanna, að þeir mundu rètta hluta kirkjunnar. Breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Norðurþingeyinga er mèr ekki fullljóst, og vil eg biðja framsögumann skýra fyrir mèr, hvort það muni verða málinu til meira gagns, en ef þingið fèllist á uppástungur nefndarinnar. Hvað snertir tölulið 4., þá vil eg, þegar allt hitt er um garð gengið ekki kasta honum, því forseti vor er svo hlynntur öllum forngripum, að hann mun mæla vel með þessu, og hann er svo kunnugur þingsköpum, að hann veit hver vegur er rèttur. Eg vil biðja hinn háttvirta framsögumann, að skýra enn ljósara frá, hvernig menn bezt geti stutt mál þetta.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr finnst mikill vandi fyrir mig og eg held fleiri þingmenn, að greiða atkvæði í þessu máli, því mjög mikið vantar á, að það sè svo undirbúið sem vera hefði

átt, til þess þingið getì óhult kveðið upp dóm í því. Það er ekki af því, að skýrslur vanti frá eiganda Hóla; bænarskrá hans var nógu löng, og fylgiskjöl þau sem málinu fylgdu voru einnig nógu löug og ítarleg; en málið er ekki að heldur upplýst nema frá annari hliðinni og það getur þingið víst ekki látið sèr lynda, því eg hefi altènd heyrt, að heyra þyrfti báða málspartana, áður en dómurinn er upp kveðinn. Eg er nú á sama máli og sumir þingmenn, að það heyrir eflaust dómstólunum til að skera úr því, hver sè eigandi kirkjunnar á Hólum, og er þinginu áríðandi að vita, hvernig dómur fellur í því máli áður en það fer að segja álit sitt um, hvernig og að hverju leyti kirkjunni skuli við haldið framvegis; þingið ætti þess vegna ekki að taka mál þetta til meðferðar fyrr en dómur er fallinn í málinu, svo það verði ljóst, hvort hið opinbera sè eigandi kirkjunnar, eða að hún sè eign Hólaeiganda, eins og sumir meina. Þetta ríður þinginu á að fá að vita, því ef kirkjan er opinber eign, kemur það spursmál fyrir þingið, hvort það vilji leggja það til, að fè sè veitt úr opinberum sjóði til að viðhalda kirkjunni í sama formi sem hún nú er í, eða hvort það vill fara að með hana á einhvern annan hátt. Yrði nú þar á móti sú niðurstaðan, að jörðin Hólar og kirkjan þar, væri sameginleg eign, þá yrði spursmálið þannig lagað, hvort þingið vildi veita eigandanum hæfilegan styrk til að halda henni við, því eg ímynda mèr, að þingið vilji þó ekki lètta þeirri byrði alveg af honum, að halda þar við sóknarkirkju á sinn kostnað. Eg játa það fúslega, að ef sú yrði niðurstaðan við dómstólana, að dómkirkjan lenti á eiganda Hóla, þá getur ekki verið spursmál um það, að hann sè skyldur til að viðhalda kirkjunni í því formi sem hún nú er í, og því gæti ef til vill verið nokkur ástæða til fyrir þingið á sínum tíma að hlynna að því, að þessum menjagrip norðurlands sè viðhaldið á sem verðugastan hátt.

Pètur Pètursson: Eg þarf engu að bæta við ástæður þær, sem meðnefndarmenn mínir, og einkum hinn háttvirti framsögumaður, hafa tilfært. Viðvíkjandi 4. tölulið, þá hefir uppástungumaður eflaust meint með »milligöngu forseta« að málið væri fyrst sent til konungsfulltrúa. Eptir því sem eg man frá fyrri þingum, þegar þess konar uppástungur hafa komið fram, hafa þingmenn látið það í ljósi, að í málum þeim, sem til Danmerkur gengi, ættum vèr beinlínis við konung, en ekki ráðgjafa. Eg hefi reyndar aldrei beinlínis fallizt á skoðun þessa, en verð að gjöra það í þessu máli,

af því hèr er um fjárspursmál að ræða, sem ráðherrann ekki hefir vald yfir, en verður að bera undir konung; og þegar það heyrir undir konung sýnist mèr bezt að snúa sèr til hans beinlínis. Mèr finnst þingið annaðhvort eigi að fallast á uppástungur nefndarinnar, eða að öðrum kosti fella málið alveg. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður bað framsögumann skýra sèr frá, hvað nefndinni þyki tiltækilegast, og skal eg því geta þess, að framsögumaður sagði við undirbúningsumræðuna, að nefndin áliti liðinn B beztan, því þar væri rèttarspursmálið óafgjört af þingsins hálfu. Eg vona, að þingið felli ekki málið, en það álít eg samt betra en að það fallist á 4. tölulið á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Af því hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skoraði á mig að skýra fyrir sèr, hvað helzt hann ætti að aðhyllast af málinu, þá skal eg gjöra það. Fyrst ætla eg að þakka honum í mínu nafni og þeirra, sem meðmæltir eru Hólakirkju, fyrir hin fögru orð, er hann talaði kirkjunni til varnar. Eg skal í stuttu máli segja honum, að nefndin ætlast til, að allir liðirnir A, B og C verði teknir, og eins 2. og 3. töluliður; hinn þriðji hljóðar um að senda bænarskrá til konungs; þingmaðurinn getur sèð, að allir liðirnir eru samanhangandi, þar stendur »annaðhvort, eða«, og það gjörði nefndin til þess að hafa sem flest í boði við stjórnina, svo hún gæti valið um, og svo beiðandi kynni að fá eitthvað heldur en ekkert. Í liðnum A eru nokkrar greinir, sem eg hefi kallað rèttarkröfur. Ef nú ekki stjórnin fellst á þær, þá hefir nefndin í B til vara beðið um fè til aðalviðgjörðar Hólakirkju, því hennar þarf bráðlega við og til sómasamlegs viðurhalds handa henni framvegis, Þetta hefi eg kallað sanngirniskröfu. Fallist nú stjórnin á B, og þó ekki væri nema á fyrri liðinn, er samt nokkuð fengið, hvort sem kirkjan síðan verður landseign eða ekki. Stjórnin getur annaðhvort fallizt á þetta í B, eða árgjaldið, eður þá hvorttveggja, það er allan stafliðinn B. Nú kemur hnúturinn í C. Ef stjórnin ekki vill fallast á neina grein í A eða hvorugt í B, þá segjum vèr við hana: Viltu þá ekki gjöra svo vel og taka við kirkjunni sjálf? Nú kemur enn vara-atkvæði undir 2. tölulið — því allt eru þetta vara-atkvæði — og er góður styrkur að því fyrir eiganda Hóla, því ef stjórnin synjar algjörlega, er allri sætt hrundið, og málið þar með orðið dómsmál. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður og aðrir geta af þessu sèð, að hèr er verið að biðja um nokkuð í öllum þessum stafliðum. Hèr kemur ekki fram og getur heldur

ekki fram komið nema annar aðili málsins, að undanteknum konungsfulltrúa, því konungur og ríkissjóðurinn er annar málsaðilinn, en eigandi Hóla hiân, og alþingi fyrir hans hönd, en konungurinn og ríkissjóðurinn eru ekki hèr á þingi. Með þessu hefi eg svarað því, er hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga talaði um, að einnig þyrfti að heyra hinn málspartinn (audiatur et altera pars). Ef nú ekkert sættarboð kemur frá hinum málspartinum, það er, ef hann vill engum sættum taka, þá verður málið lagt í dóm. Eg ætla ekki að bæta neinu við það, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði um 4. tölulið; eg segi sem fyrr, að eg vil heldur nota seglið, en komast ekki út úr vörinni; því ef ekki er fallizt á tölulið 3. stendur skipið á landi, og vil eg þá heldur ýta út úr landsteinum undir seglinu; en hitt er sannfæring mín, að góðan byr getum vèr eigi siglt með slíkum seglræfli. Það er ekki af því, að eg vantreysti hinum háttvirta forseta heldur af því að málið með því móti ekki kemst sinn reglulega veg; það er fjármál og verður því að koma fyrir ríkisdaginn, og það getur það eigi komið, ef farinn er forsetavegurinn til ráðgjafanna. Kunningi minn, hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga tók enn einu sinni fram, að nauðsynlegt væri, að vita hver væri eigandi Hólakirkju, áður en lengra væri farið í málið, en mèr varð ekki ljóst í hverju sú nauðsyn væri fólgin. Hann sagði, að ef dómur segði, að eigandi Hóla ætti kirkjuna, væri hann skyldur að halda þar kirkju; já það er satt, kirkju sem getur rúmað söfnuðinn; en er málinu borgið, þótt hann byggi kompu handa 24 bæjum? Hvað verður þá af dómkirkjunni á Hólum? Engin sönnun er enn fyrir því, hvort landsmenn vilja halda henni við eður eigi, ef svo eigandinn vill það eigi, þá er enginn til þess skyldugur. Hvernig sem svo samningnum er velt, og hvað sem upp á kemur, þá er Hóladómkirkja fallin. Hèr er því um að ræða, hvort vèr viljum styrkja rètt Hólakirkju, án tillits til, hver svo sem eigandi hennar er, og það getum vèr gjört, hvort sem einstakur maður eða það opinbera er eigandi hennar. Þingmenn eiga nú að dæma um það eitt, hvort þeir vilji, að Hólakirkja haldist við með sinni núverandi stærð, og smíðislagi, eða þeir vilja ekkert til þess gjöra, og ónýta mál þetta eptir alla þessa umræðu, og leggja þannig með ræðum sínum skatt á landið, til þess að eyða dómkirkjunni.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki svo vel, að eg gæti sloppið út í skipið með framsögumanni því þó hann hafi skýrt málið eptir

beiðni hins 3. konungkjörna þingmanns og dregið upp seglið skipulegar en síðast, þá er samt ei allur vafi af með atkvæðagreiðsluna. Þar sem sýnt er fram á, að órèttur sè gjör einstaka manni eða stofnun, þá er það skylda alþingis, að þetta sè rètt við aptur, þó að eins með rèttu móti. Það lítur út, eptir því sem framsögumaður segir, að það hafi verið gengið hart að kirkjunni sjálfri og að nokkrir fjármunir hennar hafi runnið inn í ríkissjóðinn, og því ætti henni eða eiganda hennar að borgast það aptur. En það sem þrætan mest er um, er hver eigi kirkjuna; ef konungur á hana, þá á hann að halda henni við, en ef Hóla eigandinn á hana, þá á hann að krefja skuldarinnar. Nú er stundum sagt, að Hóla eigandinn eigi hana og stundum ekki; framsögumaður sagði, eins og fleiri heyrðu, að þessi heiðarlegi eigandi hefði haldið henni sómasamlega við; þessi og önnur eins orðatiltæki gjöra ekki annað en leiða menn í villu, og ræður manna sýnast fyrir það vera á reiki. Eptir því sem framsögumaður seinast skýrði frá, þá er um tvennt að gjöra við uppástunguna B, annaðhvort er styrkurinn úr ríkissjóði, eða þá árlegt tillag; ef atkvæði væri nú gefið fyrir, að styrkurinn skyldi greiðast úr ríkissjóði, þá máske það væri látið heyra undir lausatillagið til Íslands við fjárskilnaðinn; þetta vil eg taka fram til þess menn muni eptir því, þegar fjárhagsmálið kemur til umræðu, en væri síðari partur greinarinnar tekinn, þá heyrði hann til fastatillagsins. Mèr heyrðist á ræðu framsögumanns, að hann væri vel ánægður með 4. tölulið, eg vil og ganga að því, þó eg geti ekki verið nema hálfdrættingur á skipi framsögumanns.

Stefán Jónsson: Eg játa það, að eg er einn í þeirra tölu, sem vilja, að Hólakirkju sè viðhaldið í því »formi«, sem hún nú er í. Mèr finnst og, að margt það, sem fram er komið í málinu, bendi til þess, að kirkjan á Hólum ekki sè eign Hólaprestsins eða eiganda Hóla heldur opinber eign. Þetta mál hefir áður komið til stjórnarinnar, og hefði stjórnin þá getað sýnt fram á, að kirkjan væri eign Hólaeiganda, þá mundi hún fljótt hafa vísað málinu frá sèr til eiganda kirkjunnar. Þingmaður Strandasýslu sagði nýlega, að framsögumaður hefði sagt, að eigandi Hóla ætti og kirkjuna, en þetta hefir þá verið mismæli, því hann hefir mörgum sinnum sagt hið gagnstæða áður í ræðum sínum í dag. Það var og sagt, ef Hóla eigandi væri eigandi kirkjunnar, þá væri hann eigi skyldur til að halda henni við í sama »formi« og hún nú er, en þá er eg

hræddur um sú kirkja yrði í svo litlum stíl, að hinir fornu menjagripir yrðu ekki geymdir eða notaðir við þá kirkju, heldur má ske yrðu fluttir af landi burt, eða eitthvað út í víða veröld. Hvað atkvæðaskránni viðvíkur, þá gef eg atkvæði með öllum uppástungum nefndarinnar, því hver verður að fylgja annnari. Nefndin fer eins að og við sáttagjörð, eins og framsögumaður sagði; þegar margir kostir eru boðnir til þess að sáttin komist á. Eg vona að allir Norðlendingar, bæði þeir sem hafa sèð kirkjuna og eins þeir, sem ei hafa sèð hana, verði á því, að þessi menjagripur eigi falli til grunna. Að öðru leyti þakka eg þingmanni Barðstrendinga fyrir 4. tölulið hans, því heldur vil eg það en ekkert, ef ekki er um annað að gjöra (*Jón Guðmundsson:* Ónei).

Sveinn Skúlason: Eg hefi góða von til þingsins, að það muni taka því máli vel, þar sem um fagra hugsun og þjóðlega framkvæmd er að gjöra, að minnsta kosti hefi eg ekki ástæðu til annars eptir hinar góðu undirtektir, sem uppástunga mín fekk hèrna um daginn; eins ber eg og það traust til þess, að það muni styðja að því, að þeim menjagrip, sem hèr ræðir um, verði haldið við lýði, því þingið á að styðja að öllu, sem eflir og glæðir fegurðar- og þjóðernistilfinninguna. Það er þetta, sem vakir fyrir mèr, þegar eg mæli með þessu máli, en ekki vinfengi við eiganda Hóla; eg álít Hólakirkju, að því er fornmenjar snertir, langmerkastan stað á Íslandi, og mèr finnst full ástæða til að varast víti feðra vorra, þegar stólsgózin voru seld, skólarnir hurfu og dómkirkjan í Skálholti hrundi; þessi víti eigum vèr að láta oss að varnaði verða, og það sæmir vissulega ekki þessari upplýstu (?) öld fyrir fáa skildinga að láta slíkan dýrgrip undir lok líða. Þó kirkjan sè ekki gömul, þá er þó margt í henni gamalt. Það hefir verið sagt, að það væri skylda prestsins að halda henni við, því hún væri prýði staðarins og Norðlendingafjórðungs; en kirkjan er ekki einungis staðar- og fjórðungsprýði, heldur landsprýði, og þess vegna er öllu landinu skylt að halda henni við. Það væri ómögulegt fyrir einstaka menn, eða eigandurna, þó þeir væru nokkurn veginn efnum búnir, því auðurinn gengur sjaldan í ættir, heldur dreifist hann meðal útarfa; hèr eru og engin lög, sem binda eignina saman í marga liðu. Þó stjórnin aldrei nema tæki illa í málið þá hefir þingið samt gætt sóma síns, með því ekki að hleypa þessu máli fram hjá sèr. Þingmaður Norður-Múlasýslu vildi eigi fallast á breytingaratkvæði mitt, af því bænin um gjafsókn væri stýluð til

konungs; en eg held þó, að þetta sè í eðli sínu, því hèr er talað um gjafsókn í máli gegn ríkissjóðnum. Eg get ekki annað en gefið öllum töluliðunum á atkvæðaskránni atkvæði mitt, nema tölulið 4. því þar er ekki talað um annað en að höggva í sama farið. Yfirvaldavegurinn hefir áður verið farinn í þessu máli, og því varð ekkert borgnara fyrir það.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni:

1. Nefndin:
   A. 1., 2., 3. } Fellt með 13 atkvæðum gegn 11.
   B. Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.
   C. Fellt með 12 atkvæðum gegn 11.
2. Sveinn Skúlason. Fellt með 13 atkvæðum gegn 5.
3. Nefndin: Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.
4. Eiríkur Kúld: Fallið við 3. tölulið.

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu *nefndarálit í konunglegu álitsmáli áhrærandi endurskoðun laganna 19. janúar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.* Hinn háttvirti varaforseti er framsögumaður.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Nefndarálitið hljóðar þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 400.

Eg þykist eigi að svo stöddu þurfa að fara lengra út í málið, fyrr en eg heyri álit þingmanna.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki vera margorður um það nefndarálít, sem hèr liggur fyrir, því mèr virðist það vera vel frá því gengið, og að nefndin hafi komizt til sanngjarnrar niðurstöðu, og leitt ljós rök fyrir henni í ástæðunum, sem hún hefir tilfært.

Viðvíkjandi 1. niðurlagsatriðinu skal eg leyfa mèr að athuga, að mèr virðist orðið launaviðbót í upphafi greinarinnar sè heldur þröngt, að því leyti þetta orð innibindur ekki þann viðauka í launum, sem sumir af hlutaðeigandi embættismönnum hafa fengið fyrir lengri embættisþjonustu, síðan launalögin komu út; það virðist því rèttara að orða þetta nokkuð öðruvísi, svo þetta valdi engum misskilningi.

Ákvörðunin, sem nefndin vill fella úr 3. grein, virðist þegar

fallin í burtu de facto eða ekki lengur fylgt. Þegar borið er saman 3. og 4. uppástungu-atriðið, þá virðist mèr ákvörðunin undir 4. lið sè óþörf, og enda í mótsögn við 3. niðurlagsatriðið um, að launaviðbótin eptir lögunum 19. janúar 1863, skuli hèr eptir veita hinn sama rètt til biðlauna og eptirlauna, eins og þau minni laun, sem hlutaðeigendur höfðu áður, hvað og virðist mjög sanngjarnt og í eðli sínu, en ekki vel geta samþýðzt með þeirri ákvörðun, að launaviðbótin ekki sè öðruvísi fest, en hún verður það eptir 4. uppástungu-atriði nefndarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil engan veginn bera á móti því, að nefndin hefir gjört sitt bezta til, að beina þessu máli í rètt horf, en eg held samt, að hún ekki hafi nægilega gætt að einu atriði, sem þó hefði átt að hafa augastað á, þá, að launaviðbótin eptir lögunum frá 19. janúar 1863, er gefin ríkisdeginum í vald í hvert skipti; með öðrum orðum, nefndin hefir gengið út frá því, að hækkun launa eptir embættisaldri væri orðin lög hèr eptir lögunum frá 19. janúar 1863. En þetta er ekki í raun rèttri svo að skilja, þó nefndin hafi gengið út frá því. Eg held, að það mætti fara styttri veg, og biðja um, að launabótin eptir lögunum 19. janúar 1863, með launahækkun eptir embættisaldri, verði gjörð hèr að lögum. Þegar borið er saman frumvarp nefndarinnar á ríkisdeginum og frumvarp stjórnarinnar, þá er þar á mikill munur. Stjórnin segir þetta skuli hèr eptir vera laun hvers embættismanns og hækka eptir þeim reglum, sem hún nefnir, en nefndin í ríkisþinginu segir nei. Vèr viljum hækka launin núna, en vèr viljum eigi binda oss með launahækkunina, og því gildir hèr ekki grundvallarregla í launaviðbótalögum Dana, eins og nefndin virðist að hafa gengið út frá; það er ríkisþingið, sem nú hefir valdið, en þessu vil eg fá breytt; og áskil eg mèr því breytingaratkvæði í þá átt.

Arnljótur Ólafsson: Það er víst prentvilla þar sem stendur hèr 1857 fyrir 1851. Að öðru leyti skal eg geta þess, að mèr finnst hafa komið fram misskilningur í ástæðunum fyrir 3. grein, þar sem segir, að stjórnin á *seinustu árum* hafi veitt *nýjum* embættismönnum o. s. frv. Ef þetta er miðað hèr við land, þá eru launalögin að eins tveggja ára. Svo er það annað, að eg veit ei til, að nýjum launuðum embættismanni hafi verið veitt hèr það embætti síðan 5. janúar 1863, er lögin um geta, nema embættið hafi verið laust frá þeim tíma, og um þau embætti er talað í nið-

urlagi 3. greinarinnar. Þar sem nefndin fer fram á, að eptirlaun og biðlaun skulu veitt eptir almennum reglum, það er að segja tilskipun 31. maí 1855, þá veit eg ei, hvort slíkt er heppilegt. Ef lögin standa í 6 ár, og margir fá biðlaun og eptirlaun, þá er auðvitað, að útgjöldin verða meiri, hvort heldur það er fyrir ríkissjóðinn eða landssjóðinn. Eg er á því, að menn ættu eigi að festa þetta um of. Menn eiga ekki að grípa fram fyrir hendur á eptirkomandi þingum.

Eiríkur Kúld: Þó varaforseta sè ekki vel við það, að breytingaratkvæði komi frá mèr, ætla eg samt að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt, að 4. töluliður falli burt; því eg hefi skilið svo, að Danir, úr því þeir ákváðu þessi launalög í fyrstu, hafi með því gjört oss ómögulegt að lækka þau, þó vèr fengjum fjárforræði, og hlýtur því að taka slíkt til greina við þá fjárupphæð, er Danir eiga að greiða oss til þess, að launa-upphæð þessi standi framvegis.

Framsögumaður: Hvað 4. niðurlagsatriðinu viðvíkur, þá skal eg ekki vera harður á því, að halda því til streytu, því fleirum nefndarmönnum var um og ó að halda því. Það sem þingmaður Borgfirðinga talaði um, að ástæðurnar fyrir 3. grein væru misskilningi undirorpnar, þá hefir hann nokkuð fyrir sèr í því; hann hafði sem sè rètt fyrir sèr í því, að enginn launaður embættismaðnr hefir verið skipaður í þau embætti, sem hèr ræðir um, síðan 1863, nema sem voru laus áður. Niðurlagsatriðið er samt sem áður rètt, svo það þyrfti þá ekki annað en að breyta því, sem stendur í ástæðunum í álitsskjalinu. Aptur get eg ekki verið samdóma honum um 4. grein, því mèr finnst það augljós rèttlætisgrundvallarregla, að launabót sú, sem er, hvort heldur einn eður fleiri embættismenn fá veitta með lögum, einmitt sakir þess, að kjör þeirra hafi verið rýr og ónóg í samanburði við aðra, eigi einmitt að gefa þeim sama rètt til eptirlauna að því skapi, eins og ekkjum þeirra, eins og hver önnur hæfilega ákveðin embættislaun. Viðvíkjandi því, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður talaði um aldurshækkun launanna, þá sè eg ei betur, en að hún einmitt sè viðtekin og staðfest með þessum launabótalögum frá 1863. Ef mèr hugsast ekki þetta rètt, þá skal eg síðan taka það til greina; það eina sem okkur nefndarmönnum gekk til, var þetta, að við ekki vildum draga að neinu úr rètti embættismanna til fullra eptirlauna.

Bergur Thorberg: Hinn háttvirti varaforseti tók fram, að dönsk

launalög væru gjörð hèr að lögum, og að launaviðbótin hèr sè byggð á sömu grundvallarregu og dönsku launalögin. En eg verð að skoða þetta á aðra leið. Stjórnin lagði sèrstakt frumvarp fyrir ríkisþingið, ákvarðanirnar þar voru reyndar samkvæmar hinum dönsku launalögum, þó ei í öllum atriðum, t. a. m. um laun amtmanna og landsyfirrèttardómendanna. Sú viðbót, með lögunum frá 19. jan. 1863, sem var veitt íslenzkum embættismönnum, er byggð á frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið, en eigi á hinum dönsku launalögum. Eg skýrskota til þess sem hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði, að orð nefndarinnar eigi mega skiljast bókstaflega, því svo getur vel að borið, að gamall embættismaður fari frá embættinu, þá getur það eigi verið meiningin, að hinn nýji embættismaður skuli fá þá launaviðbót sem hinn hafði. Eg get að líkindum sameinað mig við hinn 6. konungkjörna um þessa breytingu. Uppástungan um biðlaun og eptirlaun virðist mèr vera sanngjörn, því hún veitir embættismanninum lögákveðna vissu um, hvers hann má vænta í eptirlaun.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er satt sem varaforseti segir, að launaviðbæturnar frá 1863 eru veittar eptir aldri; en ef hann vill lesa ástæður nefndarinnar á ríkisþinginu, þá mun hann sjá, að hún ekki vill binda þetta við embættið, heldur að ríkisþingið ráði launabótinni á hverju ari.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að taka mèr breytingaratkvæði við 3. tölulið, að í stað »5. jan. 1857« verði sett tilskipun 31. maí 1855.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að vekja máls á því, að það er ekki þýðingarlaust að halda 5. greininni. Með svo felldu móti væri hægra að koma sèr við með að fá breytingu til launahækkunar þegar lögin yrði endurskoðuð næst.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist vèr embættismennirnir ættum að þakka nefndinni fyrir veglyndi sitt við okkur; eg hefi reyndar aldrei verið hræddur um, að okkar tilvonandi fría stjórn mundi svelta embættismenn sína. Eg var að hugsa mèr að taka mèr breytingaratkvæði við 2. grein. Eg er ekki enn búinn að hugsa mèr, hvernig eg eigi að orða það.

Pètur Guðjónsson: Eg tek mèr þá breytingaratkvæði við 1. tölulið í þá stefnu, að aðstoðarfènu verði skipt.

Jón Hjaltalín: Eg ætla þá að sameina mig við hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu um breytingaratkvæðið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um skyldur svaramanna í hjúskaparmálum.*

Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir tekið við framsögu málsins við þessa umræðu, og ef hann vill taka til máls, til að skýra þinginu frá um málið, þá er honum það heimilt.

Samanb. síðari part alþingistíðindanna bls. 413.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Eins og þingmönnum er kunnugt, var eg ekki til staðar hèr á þingi við undirbúningsumræðu þessa máls. Eg hef reyndar sèð það af umræðunum, að nefndin hefir átt nokkuð örðugt uppdráttar, en eg bjóst ekki við þessu betra; því þó þetta mál hafi verið hèr þrisvar áður á þingi, þá hefir það samt allt af fengið barning og hann stundum í örðugara lagi. Barningur þessi hefir þó að því leyti verið lèttur, sem hann stundum hefir verið blandaður kæti, en eg hefi aldrei getað haft gaman af þessari kátínu manna, því mèr hefir ávallt fundizt, að hèr væri um lítið gleði efni að ræða, þar sem hèr er um það argasta og hættulegasta stjórnleysi í landinu að gjöra; þetta munu þykja hörð orð, en eg skal reyna að sanna þau. Menn mega ekki ímynda sèr, að bænarskrár sem ár eptir ár, þing eptir þing koma hingað um þetta efni, sèu tómur barnaleikur, eða að menn sèu að gjöra að gamni sínu. Nei, hèr fylgir full alvara máli; seinni þing munu og sanna, að þessi alvara er æ meir og meir, ef þörfum manna sem undir líða, ekki verður gaumur gefinn. Það getur verið, að málið sè örðugt meðferðar, eg neita því ekki; en mèr er þá spurn, getur þá þingið, sem þó á að vera stoð og stytta landsins, ekki bætt neitt úr þessum almennu klögunum og umkvörtunum í landinu? Það er skrítið að sitja hèr, og þykjast ekkert geta hjálpað við þessum mikla galla á löggjöfinni, og eiga þó að heita löggjafar landsins. Eg get því ekki fallizt á meiningu þeirra, sem segja að ómögulegt sè fyrir landsins löggjafa að ráða bót á þessu; eg veit þá ekki til hvers við erum að sitja hèr, ef svo er, og eg held það þá væri bezt› að alþing hætti og legði árar í bát, það er þá betra en að vera að kosta landið 14000—16000 rd. Ástandið er nú komið svo, að til stórra vandræða horfir. Líti menn í kringum sig, þá munu menn sjá, að hin fornu stórbýli vor, eru nú orðin eins og útgrafnar lundaholur; híbýli manna líta út eins og moldarrústir, vaxnar mosa og gorkúlum. Þetta mun þykja djúpt tekið í

árinni; en eg hefi víða farið um land og gæti því sýnt og sannað þingmönnum það, sem eg segi, ef eg mætti fara með þeim á alla þá staði, hvar eg hefi verið. Hvernig geta menn og búizt við þessu öðruvísi, þegar menn ekki hafa gegnt þessum klögunum, sem eru yfir 300 ára gamlar? Hver einn vill nú hèr á landi vera sinn eiginn herra, og þetta sjálfræði og stjórnleysi fer æ meir í vöxt, og þessu eru menn að gefa dyggðar yfirskyn. Sá, sem ætti að vera hjá öðrum, fer að leyta sèr konu, og hèr á þingi heyra menn raddir kærleikans, sem kalla það ófrelsi og harðstjórn að vilja ekki leyfa þeim persónum að innganga í hið heilaga hjónaband, sem flosna upp eptir 1 eða 2 ár, og þannig falla sveitinni til byrðar. En þegar menn taka kærleikann til þess að efla með honum ónytjungsskap og leti, þá lízt mèr ekki á blikuna, eg óskaði heldur, að menn reyndu til að kæfa þess konar kærleika niður en að ala hann upp í landinu, því hann er eigi annað en kærleiki til sjálfræðis, ómennsku og leti. Af öllu þessu ástandi flýtur nú enn fremur vinnuhjúaleysið. Þessar kærleiksnornir mega ekki vera að því að vinna, eða að læra vinnu af góðum bændum, af því þeir verða að flýta sèr að komast í hjónabandið, til þess á síðan að falla hinum beztu og duglegustu mönnum í sveitinni til byrði og vandræða. Það er ekki mánuður síðan eg mætti fyllisvíni og ráðleysingja hèr á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem sagði mèr, að hann nú bráðum ætlaði að fara að gipta sig; þegar eg spurði hann, hvort hann ætti nokkra fjármuni til, kvað hann nei við, og sagði: »Eg vorkenni ekki blessuðum hreppstjórunum að sjá fyrir mèr og mínum». Svona er tóninn og þankagangurinn hjá helzt of mörgum orðinn; það er dáfallegt. Finnst nú ekki þingínu vera vert að drepa þetta hættulega ástand niður. Það er ekki mögulegt fyrir neinn mann að geta sèð, hvaða ólukka af þessu með tímanum getur flotið. Beztu bændurnir fækka og allt endar í armóð og dauða. Þá er enn þá eitt atriði, og það er barna-uppeldið og barna-uppfræðingin; hvernig ímynda hinir háæruverðugu herrar, að þetta muni fara, þegar börnin sjá þetta vonda eptirdæmi. Það er raunar satt, að barna-uppfræðingin gengur opt vonum framar í eins fátæku landi og þetta land er. En það, að börnin geti orðið staðfest, er ekki nóg til þess að geta orðið dugandis maður í mannlegu fèlagi; það sem mest á ríður, er að börnin hafi gott eptirdæmi að breyta eptir og venjist á dugnað og ráðdeild; en þetta er það, sem alveg vantar. Eg hefi því miður sèð mörg dæmi upp á, hvernig barna-uppeldið

gengur hjá kotungunum; þó börnin sèu vel af guði gjörð bæði til sálar og líkama, þá verða þau þó sökum uppeldisins og armóðsins veik bæði á sál og líkama. Eg bið þingið að hugsa eptir því, að hèr deyja meir en 40 börn af 100; það er ekki helmingurinn, sem nær fermingaraldri. Að síðustu skal eg geta þess, sem minna er kunnugt, nefnilega að við þenna armóð og vesaldóm í landinu kvikna hættulegir sjúkdómar; og af þessu flýtur aptur, að allur dugnaður hverfur úr landinu, stórbýlin verða að lundaholum og landið eyðileggst smátt og smátt; þessu er enginn þingmanna kunnugri en eg; og sjái alþingi engin ráð til að sporna við þessum háska, þá veit eg ekki, hvað það hugsar sèr með því að vera að koma saman annaðhvort ár. (*Forseti*: Eg vildi óska að þingmaðurinn hèldi sèr meir að efninu sem fyrir liggur). Eg álít þetta málinu viðkomandi (nei)! Eg þarf ekki að vera margorður um atkvæðaskrána, því eg álít, að hún í rauninni sè svo mild, að hún iunihaldi það minnsta, sem nefndin gat tiltekið til að halda í hemilinn á öreigagiptingunum. Eg þakka þeim þingmönnum, sem hafa stutt málið; eg er helzt með þeim breytingaratkvæðum, sem mest banda á móti þessu ófrelsi. Eg hef þá von til þingsins, að það felli ekki þetta áríðandi málefni.

Sveinn Skúlason: Eg skal nú ekki heldur fara langt út í atkvæðaskrána, en einungis benda hinum háttvirta framsögumanni og þingmönnum yfir höfuð á, að maður getur ekki sagt, að þetta mál sè komið fram sem áhugamál þjóðarinnar. Eg man það, að árið 1859 komu tvær bænarskrár um þetta mál, og var þá send stjórninni bænarskrá um það. En stjórnin kvaðst þá í næstu auglýsingu til alþingis ekki finna neina ástæðu til, að taka þessa bæn til nokkurra greina. Árið 1861 eða 1863, eg man ekki gjörla hvort heldur, kom alls ein bænarskrá um það, og urðu þá málalokin þau, að þingmaðurinn tók bænarskrána aptur. Nú er og komin til þingsins alls ein bænarskrá úr Mýrasýslu um þetta mál. Eg fyrir mitt leyti get ekki sèð í þessu neinn almennan þjóðaráhuga, heldur hitt, að málinu sè haldið að eins lifandi, með einni og einni bænarskrá, og vita þó allir, að það er þjóðaráhuginn, sem í þessu máli sem öðrum ætti að ráða mestu og vera aðalatriðið. Nú vil eg með fám orðum víkja að málinu sjálfu; og til þess að taka það ekki upp aptur nú, sem eg sagði við undirbúningsumræðu málsins, þá lýsi eg því yfir, að eg get ekki og ætla ekki að styðja neitt af því, sem á atkvæðaskránni stendur, því mèr virðast allar uppástungurnar

svo smásmuglegar og ónógar, að þær gjöri málið verra en það nú er; það hjálpar einmitt öreigagiptingum fram, þar sem gjört er að skilyrði, að menn eigi að eins tvö kúgildi og tvo hluti við sjó. Það eru fáir svo aumir, að þeir hugsi til giptingar án þess að eiga svo mikið. Svo er og eitt að athuga, hvað ábyrgð svaramannanna viðvíkur, að þessir svaramenn geta sjálfir verið ráðleysingjar, eða að minnsta kosti er það ekki með einu orði fyrirbyggt í uppástungum nefndarinnar. Yfir höfuð sè eg ekki á atkvæðaskránni, að nokkur bót sè gjörð í nokkra átt á því fyrirkomulagi sem er, og því ætla eg ekki að standa upp fyrir neinu uppástungu-atriðiuu.

Framsögumaður: Eg vildi svara hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga fáeinum orðum út af því sem hann sagði, að þetta mál ekki væri áhugamál þjóðarinnar, og skal eg benda honum til þess, að í alþingistíðindunum er fjöldi bænarskráa, sem enda þótt þær ekki höndli beinlínis um þetta mál, tala eigi að síður um öreigagiptingar, og yfir höfuð láta sömu hugsun í ljósi, og nú er verið um að ræða, og skal eg til dæmis benda þingmönnum á eina, nefnilega þá bænarskrá, sem þingmaður Gullbringusýslu kom með inn á þetta þing. En ef hinn háttvirti þingmaður ekki man eptir þessu, þá eru hèr nú á þingi margir heiðarlegir búendur, sem af eigin reynslu geta fært honum heim sanninn um það, hvort þetta mál ekki er áhugamál þjóðarinnar. Sè svo, að þorri þeirra ekki samsinni það, þá er eg fús að trúa þingmanni Norður-Þingeyinga. Honum þykja atriðin á atkvæðaskránni óhafandi, og er það illa farið, að honum skuli þykja þau of sljóf og gagnslaus, en eg ætla þó, að betra sè »að veifa röngu trè en engu«, og vèr verðum að hafa þá tiltrú til landsmanna, að þeir ekki velji fátæka menn fyrir svaramenn.

Jón Bjarnason: Eg vil einungis bæta því við ræðu hins háttvirta framsögumanns, að þar sem þingmaður Norður-Þingeyinga taldi það meðal annars uppástungum nefndarinnar til ógildis, að svaramenn gætu samkvæmt henni verið snauðir menn og aumingjar, þá getur það ekki samkvæmt lögunum átt sèr stað, og skal eg vísa honum til löggjafar 30. apríl 1824, þar er skipað svo fyrir, að svaramenn eigi að vera fullveðja búsettir menn sem engin ástæða sè til að rengja. Þó sama heiðraða þingmanni þyki uppástungur nefndarinnar of smásmuglegar, er eg þó sannfærður um, að minni vandræði mundu eiga sèr stað í sveitunum, ef þeim væri fylgt, en nú eru allt of almenn; það er því ekki ástæðulaust að

reyna að ráða bót á því sem miður fer í þessu efni, og ef takmörkun þessi, sem nefndin stingur upp á yrði að lögum, þá yrði minna af hrekkjagiptingum, en nefndin vildi þó gjalda allan varhuga við að ganga of langt í því efni eða að fyrirbyggja giptingar sem ekki væru því óálitlegri eður takmarka þær um of.

Magnús Jónsson: Síðan eg fór að hafa vit og skilning á hlutunum, hefi eg ætíð elskað þá menn, sem hafa viljað styðja mannfrelsið innan settra takmarka. Frelsið er hin mesta heill þjóðanna, og það hnoss, sem hver á að virða og halda í heiðri innan þeirra takmarka, sem það er bundið við. En hvernig þetta geti átt sèr stað hjá óreglumönnum, skil eg ekki, því þeir spilla hinu rètta og sanna frelsi, og það er fèlagsins skylda að koma í veg fyrir, að slíkir með misbrúkun frelsisins eigi verði öðrum til byrði eður ills eptirdæmis. Frelsi í hjónabandsstètt er því nauðsynlegra, sem það er gagnlegra; því meiri og víðari sem verkahringur manna er, því hægra eiga þeir með að útbreiða frelsi eður ófrelsi umhverfis sig. Eg spyr: Hvort er betra og rèttsýni nær, að takmarka óregluna, eður láta beztu menn vera henni háða? Eg get ekki ímyndað mèr annað, en að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem sjálfur er reglumaður, mæli með því, að stjórnin verndi góða reglu, og sjái til, að eigi sè reglumönnum órèttur gjör fyrir óreglu annara; því það er enginn órèttur, þó óreglunni sè hamlað, heldur hitt, að hún sè látin afskiptalaus og alin upp í landinu, og trúi eg ekki, að stjórnin eigi vilji vernda reglumenn fyrir slíkum óreglumönnum. Um atkvæðaskrána ætla eg fátt að tala; sum af breytingaratkvæðunum eru svo, að eg get ekki gefið þeim atkvæði mitt, t. d. breytingaratkvæðinu undir 6. tölulið; því það eru mörg býli í jarðabókinni nýju, sem eru metin minna en 3 hundruð. Það eru líka fleiri breytingaratkvæði, sem eg get ekki fallizt á.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að eg felli mig vel við breytingaratkvæðið undir tölulið 6, og hefi eg ekkert á móti, þó dálítið sè hert á skilyrðunum. Eg man, að eg hefi lesið í árbókunum þann dóm eptir Jón Arason og Daða, að enginn við sjó mætti kvongast og hefja búskap, sem eigi ætti 3 kýr og 18 ær. Um þetta er ekki spurt hèr; það ætti þó sannarlega upp á einhvern máta að fyrirbyggja, að býlin sèu stykkjuð í sundur í ótal smábýli, og því hallast eg að breytingaratkvæðinu undir 6. tölulið.

Halldór Jónsson: Eg get nú ekki sagt annað, en að nefnd-

hafi gjört sem hún gat bezt, og að tilgangur hennar hafi verið góður, og henni farið mannúðlega í málinu, yfir höfuð. En þó get eg ekki fellt mig við það, að hún lætur ábyrgð sína einungis ná til einstakra manna, því það verður svo tilfinnanlegt fyrir þá að vera í tölu þeirra fáu, sem þurfa að útvega sèr 3 ára ábyrgðina. Ef menn á annað borð vilja fyrirbyggja vandræði af gipting fátækra,, þá held eg, að uppástungur nefndarinnar ráði litla bót á því. Ef þær í sannleika gætu komið í veg fyrir óreglu og volæði, þá skyldi eg vera þeim alveg meðmæltur, en eg er hræddur um, að þær geti það ekki. Þar að auki veit eg ekki, hvort tilefnið er eins mikið, og vandræðin eins háskaleg fyrir dyrum, og orð er á gjört. Eg neita alls ekki, að slík tilfelli geti komið fyrir, að sveitarþyngsli leiði af giptingum fátækra manna, og ekki heldur að þau hafi komið fyrir. En eg spyr: Hafa ekki margir, sem engum datt í hug að hindra frá að giptast, sökum fátæktar komizt út á sveitina fyrir svall, óreglu og ósiðsemi, og orðið þannig fèlaginu til byrði? Eg held, að ákvarðanirnir yrðu mannúðlegri, ef uppástungan um svaramenn næði yfir allt þ. e. 3 ára ábyrgðin hvíldi á svaramönnum undantekningarlaus. Eg er því helzt samþykkur 2. tölul., ef hinum háttvirta forseta sýnist að bera hann upp í tvennu lagi, svoleiðis, að fyrst sèu úr felld orðin: »skulu það hèr eptir lög, ef sá er giptast vill, hefir engan lífvænlegan atvinnuveg, þá« og þá ætti »honum« seinna í greininni að breyta í »þeim er giptast vill«. Þessi eina ákvörðun um almenna 3. ára ábyrgð svaramanna, gjörir allar hinar margbrotnu ákvarðanir ónauðsynlegar; en þó eg álíti að hún sè meinlaus, eða gjöri fáum erfitt að fá svaramenn, álít eg hana þó gagnslitla, því ábyrgð hefir litla þýðingu, sem að eins gildir 3 fyrstu árin, því flestir eru sjálfbjarga þann tíma, en þar eptir getur komið fyrir og kemur optast fyrir, að þeir fari á sveit.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta þingmanni Norður-Múlasýslu með tilliti til þess, að honum finnist ei svo mikil brögð að öreigagiptingum, sem nefndin álítur, og getur verið, að ekki kveði svo mikið að þeim í hans sveit. Það á sèr misjafnt stað um landið, en víða á það sèr stað. Honum sýndist minni nauðsyn að takmarka giptingarfrelsi óráðsmanna og óreglumanna, en þar við er athugandi, að margir giptast ungir, og byrja fyrst að sýna óreglu, þegar þeir eru komnir í þessa hjónabandsstètt. Það er sjálfsagt, að ábyrgðin hefir litla þýðingu, eg játa það

það fúslega. En meðnefndarmönnum mínum sýndist þó réttast að halda henni, og hún er í öllu falli betri en ekkert.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti varaþingmaður Reykjavíkur sagði í ræðu sinni, að það gæti ekki hjá því farið, að stjórnin mundi taka bænarskrá frá alþingi um ýtarlegri takmörkun á fátækragiptingum, til fyllstu greina. Eg skal nú ekkert segja um það, en leyfa mèr einungis að taka fram, að stjórnin hefir, síðan tilskipun frá 30. apríl 1824, sem lagði það band á öreigagiptingar, sem nú gildir, allt af neitað því, að þröngva fátækragiptingum meir en búið var með tèðri tilskipun, en öllu heldur rýmka um þær. Svona svaraði stjórnin í kanselíbrèfi 19. júní 1835, svona tók hún undir bænarskrá alþingis frá 1859, og svona held eg hún muni taka undir þessa bæn þingsins, sem hèr er á ferðinni, því stjórnin hlýtur að vera sjálfri sèr samhljóða.

Hinn heiðraði framsögumaður virtist mèr í ræðu sinni taka fremur djúpt í árinni, og að gleyma því sannmæli, að «omne nimium nocet» í hverju máli sem er. Hann sagði líka, að það væri almenn umkvörtun yfir þeim miklu vandræðum, sem flytu af öreigagiptingum, en einn af þeim heiðruðu þingmönnum, þingmaðurinn frá Norður-Þingeyjarsýslu, sýndi fram á hið gagnstæða, er ekki væri komin nema ein bænarskrá um málið til þingsins, og það sýnist mèr vera nægileg sönnun fyrir því, að umkvörtunin ekki er almenn. Eg neita því samt engan veginn, að ýmsa annmarka og vandkvæði leiði stundum af öreigagiptingum, en við því verður ekki gjört, og það sem hèr er farið fram á, bætir heldur ekki úr þessum annmörkum.

Framsögumaður: Út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, skal eg leyfa mèr að geta þess, að þó stjórnin engan gaum gefi þessu máli, þá er eigi að síður skylda þingsins að skýra stjórninni frá því ástandi, sem er í því efni, og biðja hana umbóta á því. Eg get ekki meðgengið, að eg hafi tekið of djúpt í árinni eður ýkt málið; því ef málverk væri tekið af ástandinu eins og það er, mundi það verða miklu ljótara, en orðum verður að komizt. Ástandið er sannarlega aumkvunarvert, það er mèr eins kunnugt og hinum hæstvirta konungsfulltrúa, því embættisskyldur mínar hafa gefið mèr ríkulegt tækifæri til að kynna mèr það. Eg veit líka, að hann er svo góðfús maður, og þekki hans góða hjarta til þess, að hann muni mæla rækilega með málinu til stjórnarinnar, og eg er viss um, að þegar hann hugsar sig um,

þá muni hans góða hjarta sigra. Til þess að komast að raun um, að það sèu engar ýkjur, sem eg hefi sagt, þarf ekki annað en að að gæta, hvernig konungsjarðirnar eru setnar hèrna í Mosfellssveitinni; túnin eru allt af að minnka ár frá ári, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi veit sjálfur, að þau eru þriðjungi minni nú, en fyrir mannsaldri síðan, og er hörmulegt til þess að vita, að slíkar jarðir skuli vera gjörðar að móum.

Jón Guðmnndsson: Mèr sýnist það fyllilega rætast á þessu máli, að »hægra er um að tala, en í að komast«. Eg get skilið það vel, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, að hvorki muni stjórnin eiga hægt með að ráða þessu máli til lykta, nè heldur muni hún finna brýna nauðsyn á því. En þar sem sumir þingmenn hafa tekið það fram, að fáar bænarskrár hefðu komið til þingsins um þetta efni, og að þar af fljótandi, ekki væri nægilegt tilefni til að rita konungi bænaaskrá um málið, þá vil eg benda á eitt atriði, og það eru 2 brèf stjórnarinnar, sem komið hafa út á hinum síðast liðnu þremur árum; þau sýna fyllilega, að vandræðin, sem standa af skorti á lagaákvörðunum um þau efni, er hèr ræðir um, eru að aukast, og að verða ískyggilegri ár frá ári. Mèr þykir það enginn sómi fyrir sveitarstjórnirnar eður prestana, að umkvartanir verði að ganga til stjórnarinnar, hver af annari, yfir þessleiðis giptingum, sem ein sveitin af annari stuðli til og styðji að, og fái prestinn til að framkvæma, einungis til þess með berri óhlutvendni, að velta upp á aðra sveit þeim sveitarvandræðum, sem hún á sjálf að bera, og lögstjórnin verður svo að úrskurða, að það og það hjónaband sè ólöglegt; en þetta sýnir einmitt, segi eg, að fyllsta tilefni er fyrir hendi, til þess að alþingi hreifi málinu, og væri óskandi, að þinginu tækist að ráða bót á þeim vandræðum, sem af þessu leiðir í sveitunum. Eg skil heldur ekki annað, en að stjórnin, þegar hún sèr þessi facta, er hafa komið fyrir hana í allri sinni nekt, muni trúa því, að ástandið sè eins og það er, og taka til fullra greina; annað mál er það, hvaða ráð hún kann að finna til að ráða úr vandræðum þessum, eða hvort hún álíti að þessar uppástungur, sem hèr liggja fyrir sè hagfelldar til þess eða einhlítar. Það má segja um þetta: «Ómögulegt er að hneykslanir komi ekki», en það er þó betra að reyna að koma í veg fyrir þær, ef mögulegt er, á einhvern hátt og að einhverju leyti, heldur en alveg að lygna við þeim augunum, og láta sem menn ekki sjái þær, eða álíti þær þýðingarlausar. Þar að auki

munu vera fleiri þessleiðis mál, sem ekki hafa komizt til stjórnarinnar, og sem fyrir dugnað og rèttlæti sýslumannanna og sveitastjórna, hafa orðið útkljáð svo, að ekki hefir þurft að bera þau undir ráðherrastjórnina. Að því er 19. tölulið snertir, álít eg hann aðgengilega tilraun. Eg vil yfir höfuð ekki segja, að úrræði þau, sem stungið er upp á, séu einhlít, en það er fullt tilefni til að gefa þeim gaum. En ef þingið heldur, að stjórnin muni ekki sjá sèr fært að hrinda málinu í nauðsynlegt horf, með þessum uppástungum sem hèr liggja fyrir, þá mætti biðja konung í ástæðum bænarskrárinnar, að hann hlutist til um, að lagt verði frumvarp fyrir næsta þing, ef hún ekki getur fallizt á uppástungur þær, sem þingið nú sendir stjórninni.

Framsögumaður: Eg veit ekki betur, en að allar stjórnir í öllum siðuðum löndum, vinni af alefli móti hinum svo nefnda «pauperismus» eður fátækt, og er hægt að sanna það. Eg vona, að þegar stjórnin sèr, hvílík vandræði vofa yfir, þá muni hún ekki láta sitt eptir liggja, að bæta úr þeim, enda ber eg það traust til hennar, að hún muni finna ráð sem dugir.

Eirikur Kúld: Eg skal ekki vera langorður, heldur einungis tala fáein orð, áður en gengið er til atkvæða í þessu máli. Af því sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, er mönnum vona eg full-ljóst, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli. Eg vildi að eg nú myndi til hlítar allt það langa og snjalla mál, sem hinn háttvirti framsögumaður flutti, en því er ver, að eg man fátt af því; en svo mikið man eg, að sumt af því, sem hann tók fram, sannar ekki, að sú nauðsyn sè til staðar, sem hann vildi sýna fram á. Hann tók fram, að uppástungur nefndarinnar og málið yfir höfuð fengi opt andróður hèr á þingi; hvað sannar þetta annað en það sama, að uppástungunum hljóti að vera mjög svo ábótavant, og ekki á góðum rökum byggðar. Það er eitt meðal annars, sem hann taldi uppástungunum til gildis, að væru ekki skorður settar við öreigagiptingunum, þá mundi verða skortur á vinnuhjúum, og í því tilliti vil eg minna hann á hjúalögin, sem nú eru lögð fyrir þingið til atkvæðagreiðslu. Eg get einnig sagt honum, að það eru mörg dæmi til, að gipt vinnuhjú hafa reynzt ágætlega vel. Hann talaði enn framar um, að öreigagiptingar tálmuðu fólksfjölguninni, og leiddu af sèr hörmungar og manndauða, og öll þau ókjör sem hann nefndi; en eg vil spyrja hann, hvort menn geti rýmt það saman, að hamla hjónabandinu, og efla fólksfjölgun, nema hann

hugsi sèr fjölgun lausaleiksbarna? Hann sagði og, að barna-uppeldið meðal vor væri núna á mjög slæmu stigi vegna öreigagiptinganna; en eg get sagt honum, að nú er bæði siðferði manna yfir höfuð, og sèr í lagi barna-uppeldið miklu betra en áður hefir verið; eg þekki mörg dæmi til, að hinn fátæki elur börn sín betur upp, en hinn, sem hugsar um að nyrfla saman fáeinar ærrollur. Eg segi fyrir mig, að eg get ekki, hvað þetta mál snertir, haft eins góða von til meðmæla hins hæstvirta konungsfulltrúa með þessu máli, eins og framsögumaður lèt í ljósi; þvert á móti hefi eg þá von til hans, að hann mæli með engri uppástungunni á atkvæðaskránni, þar engin hefir inni að halda nokkura umbót á þeim vandræðum, sem hún ætlar úr að bæta. Uppástunga hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga skyldi vera sú eina, sem eg helzt gæti fallizt á, því hún miðar til að eyðileggja allar hinar uppástungurnar, því hún er utan við sjálft málið. Hinn háttvirti varaforseti tók fram, að sveitarvandræði væru ár frá ári að vaxa, en það kemur ekki beinlínis til af giptingum fátækra manna, heldur af hinu, hvað hart hefir verið um stund í ári. Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu sagði móti því, er þingmaður Norður-Þingeyinga hafði tekið fram, skal eg geta þess, að í tilskipun frá 30. apríl 1824, er ekki talað um svaramennsku með þeirri ábyrgð, sem nefndin hugsar sèr. Eg vil taka það skýrt fram, að sú uppástunga nefndarinnar er ekki álitleg, því að það er einmitt engin þörf á þriggja ára ábyrgðinni, þar eð það er helzt eptir þann tíma, að vandræði þessi komi upp. Það er líka eitt merkilegt atriði, sem felst í uppástungum nefndarinnar; eg vil spyrja: «Hver á að dæma um það, hve nær svaramanna ábyrgð þarf, og hve nær ekki? Það mun sjálfsagt presturinn eiga að gjöra; hann er þá hèr settur til dómara, en ef nú ábyrgðarinnar skyldi við þurfa á þriðja ári, þá liggur fyrir honum að verða lögsóttur. Nefndin varast það, að tala um óreglumenn og drykkjurúta (*Magnús Jónsson:* Fyrirsögnin!), hún klifar allt af á öreigum og fátæklingum. Nú er þó hægt að sanna, að meiri sveitarvandræði standa af óráðsmönnum, en fátæklingum, og skal eg sýna það með dæmi: Drykkfelldur alþýðumaður kemur til prests, og biður hann að gipta sig; maður þessi hefir nýlega tekið arf, og hefir nú nóg til að byrja með, og prestur getur ekki neitað honum, heldur hlýtur nauðugur viljugur að gipta hann. En ef fátækur maður á í hlut, þá má ekki gipta hann, þó auðvitað sè, að óreglumaðurinn fari fyrr á sveitina, því með ó-

reglu sinni tekst honum fljótt að sóa út efnum sínum, og fer hann þá með hyski sínu á hreppinn». Þannig verður það eptir þessum uppástungum nefndarinnar, að sá fátæki og efnilegi fær ekki að giptast, en aptur drykkjurútarnir mega giptast; þetta kalla eg ókristileg og óhafandi lög. Það er eins og sagt sè við þann fátæka og siðprúða: Þú mátt ekki elska, af því þig vantar 2 kýr; þar á móti leyfist drykkjumanninum allt í þessu tilliti, ef hann er efnaðri. Að endingu skal eg geta þess, að í þessum langa pistli er alls engin uppástunga, sem eg get gefið atkvæði mitt, nema að því leyti, sem eg áður tók fram, uppástungu þingmanns Borgfirðinga.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir nú allt af verið þessu máli mótfallinn, bæði á fyrri þingum og eins á þessu. Það var nú vorkunn, þótt hann brigði fyrir sig því, sem honum er tamast, það er að segja kristilegum kærleika; en eg sè eigi, hvað hann getur eflzt við það, að fátæklingar og ráðleysingar fjölgi. Eg get nú ekki verið honum samdóma í því, að fátækra manna börn fái bezta uppeldi, því að það er gagnstætt allri reynslu allra tíma. Og hverja veraldarsögu sem hann svo les, þá mun hann sjá það, að meðalstèttin hefir aldrei og hvergi getað myndazt nema hún hafi fengið nokkra menntun og bærilegt uppeldi. Menn hafa verið að barma sèr um það, og einkum á Englandi, að fátækra börn væri mjög fákunnandi og illa uppalin, og svo mun hèr líka vera, því að það mun aðalreglan, að þótt börn fátæklinga kunni nokkurn veginn kristinndóm sinn, sem eg skal ekki bera á móti, þá hafa þau þó eigi það dugnaðardæmi fyrir sèr, er þau gæti haft, ef þau væri hjá dugandismönnum, og það mun hèr reynast sem optar, að eplið fellur ekki langt frá eikinni. Þingmaðurinn sagðist nú ætla að sitja fyrir öllu, er stæði á atkvæðaskránni, og býst eg nú við, að eg geti ekki reist hann. En eg vil biðja hann vel að athuga, hvort það er sæmandi að gjöra ekkert við þetta mál, því að eg veit að hann er góður drengur. Ef hann hefði viljað vel, þá hefði hann getað bætt úr uppástungum nefndarinnar og breytt t. a. m. 3 árum í 13 ár. Nefndin sá það fyllilega, hversu örðugt þetta mál var viðfangs, en hún hèlt þó, að lítið væri betra en ekki neitt, og eg vona, að þingmenn játi, að hún hafi reynt til að bæta svo úr þessu sem kostur var á.

Hjálmur Pètursson: Eg vildi að eins minnast á það, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu sagði, að uppá-

stungur nefndarinnar væru til þess að fjölga hjónaböndum enn meir. Þá athugasemd skil eg ekki, og mèr finnst hún ekki geta náð neinni átt; hann færði heldur enga ástæðu fyrir þessu, enda veit eg, að hann eins og aðrir sèr, að nefndarálitið fer fram á að takmarka giptingaleyfi en ekki að rýmka það. Hann sagði enn fremur, að þetta mál væri ekkert áhugamál fyrir þjóðina; eg veit nú reyndar ekki hvað hann kallar áhugamál, ef honum finnst ekki þetta mál geta heitið því nafni; hann veit þó af öllum þeim bænarskrám, sem þjóðin hefir sent þinginu, og þingræðum á undanförnum þingum og einnig á þessu þingi; sömuleiðis veit hann um álit manna bæði í ræðum og ritum utanþings, og sýnir allt þetta berlega, að þetta er fullkomið áhugamál þjóðarinnar. Því sem hinn sami þingmaður hreifði um það, að nefndin hefði ekki neitt tiltekið um kosti og hæfilegleika svaramanna, skal eg að eins svara með því, að benda honum til þess, er tilsk. af 30. apríl 1824 tiltekur í því efni, og ætlaðist nefndin til, að það hèldist óbreytt. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að tilfinnanlegt væri fyrir fátæklinga að verða að útvega sèr þessa ábyrgð, og þeir yrði harðar út í þessu efni, en þeir sem nokkuð ætti til, og vildi hann heldur, að ábyrgðin næði yfir alla. Nefndinni þótti það nú óeðlilegt, að fullríkir menn væri undir þessari ábyrgðarskyldu, þótt hún reyndar ekki væri nema stuttan tíma, en þar sem engin hætta er, þar þarf heldur enga ábyrgð, hann hèlt líka, að ábyrgðarinnar mundi sjaldan viðþurfa, eptir setningum nefndarinnar. Eg er nú líka á því, að þessarar ábyrgðar þyrfti sjaldan við, þótt fátæklingur ætti í hlut, því að eg held, að margur ráðvandur fátæklingur vildi heldur draga að gipta sig 1 eða 2 ár til þess að reyna að geta eignazt það, sem hèr er krafizt, svo hann þyrfti eigi að leita þessarar ábyrgðar og hverfur þá við þetta hin fyrri mótbára þingmannsins. Einnig verð eg að halda, að margir góðir húsbændur mundu heldur gefa hjúi sínu, ef þeim líkaði vel hegðun og ráðlag þess, svo sem kúgildi, heldur en ábyrgðin þyrfti að standa í vegi fyrir giptingunni. Viðvíkjandi atkvæðaskránni, þá skal eg geta þess, að mèr finnst breytingaratkvæði þingmanns Skagfirðinga, undir tölulið. 4, þess eðlis, að það geti ómögulega átt við; því að menn vita, að fjöldi búenda, að minnsta kosti er svo þar sem eg þekki til, hefir eigi eins mörg málnytukúgildi og skylduhjú, og mega þó jafnvel heita bjargálna menn. Eg skyldi nú fallast á 5. tölulið, ef eg væri eigi hræddur um, að sú ákvörðun,

sem þar er farið fram á, væri of hörð, því að hún dregur enn fleiri inn undir það skilyrði að fá sèr ábyrgðarmann. Að því er snertir 6. tölulið, þá finnst mèr hann fremur heyra undir landbúnaðarlögin en þessi lög. Nefndin vildi forðast að binda giptinguna við hundraðatölu í jarðarábúð, því að margur sá maður giptist, sem hefir lífvænlegan atvinnuveg, og atvinnustofn, þótt hann ekki fari strax einhverra orsaka vegna að búa. Að öðru leyti skal eg eigi fara að rekja þenna langa atkvæðalista, það sèst við atkvæðagreiðsluna fyrir hverju eg segi já eður nei. Ræða hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga fór nú í líka átt og menn gátu vitað fyrir fram, en þó hún væri mergjuð, held eg samt hún hafi eigi rotað nefndarálitið nè fælt þingmenn frá að gefa því atkvæði sitt, en mèr fannst hann draga skakka meiningu út úr nefndarálitinu, og vona eg, að hann leiðrètti það með sjálfum sèr síðar, þótt eg reyndar ekki búist við, að hann gjöri það nú. En ef hann er hræddur um, að hjónaböndin fækki eptir þessum ákvörðunum, þá er það nokkur von, þó hann óttist líka fyrir, að pússunartollarnir fækki; en aptur er sú bót í máli, að hann hèlt, að lausaleiksbörn mundu fjölga við þetta, en þá fjölga líka skírnartollarnir. En eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að lausaleiksbörnum fjölgar ekki fyrir það, þótt ákvarðanir þær verði gjörðar að lögum, er nefndin hefir farið fram á.

Stefán Jónsson: Það var meðal annars tekin fram sem ástæða fyrir því, að eigi væri mikið varið í þetta mál og lítill áhugi væri á því meðal landsmanna, að fáar bænarskrár hafi komið um það til þessa þings. En mun eigi orsökin vera sú, að bænarskrár hafa áður komið um það til þingsins og frá því hefir verið send um það bænarskrá til konungs, en hann neitaði að gjöra neitt við málið. Við þetta held eg, að hafi komið hik á menn um stund, og landsmenn munu hafa ætlað, að þetta mundi þykja þrábeiðni og að höggva ofan í sama farið, ef þeir ítrekuðu þessa bæn undir eins aptur. Þetta ætla eg vera orsökina til þess, að menn hafa eigi byrjað aptur fyrr en nú, en eigi sú, að nauðsynin hafi eigi verið fyrir hendi og menn hafi eigi fundið fullkomlega til hennar. Það var fundið að nefndarálitinu, að það væri svo tilfinnanlegt fyrir þessa fáu, er yrði að leita þessarar ábyrgðar, en eg vona, að þeir verði mjög fáir, sem þurfa hennar með. Mèr þætti þessar ákvarðanir vera til nokkurra bóta, ef menn sökum þeirra færi kann ske að gjöra sèr meira far um að eiga einhvern stofn til að byrja með

búskap, áður en byrjað er á lýsingunum, ef þeim þykir niðrun að leita sèr ábyrgðar. En ef menn sýna það, eptir að þeir eru giptir, að þeir hafi eigi þurft ábyrgðarinnar við, þá er það enn meiri heiður fyrir hlutaðeiganda. Það var einkum eitt atriði, sem eg vildi ekki tala mikið um við undirbúningsumræðuna, en sem eg nú neyðist til að benda dálítið á, og það eru hinar svo kölluðu hrekkjagiptingar, þegar hreppstjórar eða hreppsmenn troða saman persónum, til þess undir eins eptir giptinguna að koma þeim með allri sinni ómegð á annan hrepp. Það eru nóg dæmi til þessa á síðari tímum, og gæti eg nefnt nokkur þau dæmi, en það yrði, ófagurt, ef eg færi að rekja þau öll, enda hafa blöðin drepið á sum af þeim, og ætla eg því, að mörgum eða flestum þingmönnum muni vera þau að nokkru kunnug. En það er víst, að með þeim ákvörðunum, sem hèr er farið fram, yrði nokkuð byggt fyrir þessar hrekkjagiptingar. Því að hreppstjórunum og hreppsmönnum mundi þó veita erfiðara að útvega ábyrgð fyrir þær persónur, sem ekki eiga einu sinni fötin á sig, eða þá að útvega þeim þá eign sem til er tekin í nefndarálitinu. Þetta yrði að nokkru leyti fyrirbyggt með þeim ákvörðunum, sem farið er fram á í nefndarálitinu, ef þær yrði að lögum. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að fátækum yrði synjað um giptingu eptir þessum ákvörðunum, en eigi óreglumönnum. Eg skal ekki neita því, að hann hefir nokkuð fyrir sèr í þessu. En það er aðgætandi, að óreglumaðurinn getur síður fengið ábyrgð en hinn reglusami, nema hann hafi efni, svo hann þurfi hennar ekki, og eg hefi tekið það fram áður, að þótt maðurinn sè fátækur, ef hann er reglusamur og duglegur, þá getur hann fremur fengið ábyrgð en óráðsmaðurinn. Það var líka sagt af sama þingmanni, að hinir fátæku ali eins vel upp börn sín og hinir ríku; þetta getur átt sèr stað, að það sè ekki undir efnunum komið, en það mun þó optar vera svo, og enda þó, að börn fátæklinga sè vel upp alin, þá er það ekki ætíð foreldrunum að þakka, heldur alast þau upp opt og tíðum hjá helztu mönnum í sveitinni; það eru þeir, sem hafa mest fyrir þeim og hreppstjórar munu optast velja þá staði til að koma þessum börnum fyrir í, þar sem þau geta fengið bezt uppeldi og helzt orðið maður úr þeim. Og þótt það í andlegu tilliti kunni eigi altènd að vera undir efnum komið, að börn fái góða uppfræðslu, þá eiga þó fátæklingar bágra með að láta börnin hafa það viðurværi í líkamlegu tilliti, að þau nái fullum þroska, svo eg held að þessi á-

stæða sè á litlum rökum byggð. Þegar eg sný mèr þá að atkvæðaskránni, þá fellur mèr nú í flestum atriðum bezt við uppástungur nefndarinnar, því að eptir þeim eru hvorki giptingar þessar alveg takmarkalausar, og heldur er ekki hert svo á þessum böndum, að menn fyrir því sè neyddir til að synja mörgum um hjónaband. Breytingaratkvæðið undir tölulið 1. finnst mèr nú gjöra mjög líka verkun og breytingaratkvæðið undir tölul. 5. En breytingaratkvæði þingmanns Skagfirðinga undir tölul. 4. get eg ekki fallizt á, því að mèr þykir þar farið fram á of mikla takmörkun á hjónaböndum. Eg get nú heldur ekki skilið, að breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga undir tölul. 20. felli allt málið; hitt er annað mál hvort það á hèr vel við, og það fèlli af þeim ástæðum.

Sighvatur Árnason: Eg skal nú eigi fara mörgum orðum um málið, en eg vil geta þess út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði og hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga, að þetta muni ekki vera eins mikið áhugamál þjóðarinnar eða jafnnauðsynlegt eins og menn láta nú í ljósi, að eg get eigi annað en lýst því yfir, að almennar umkvartanir hafa verið og eru út af þessum óráðs og óreglumannagiptingum í öllum þeim hreppum, sem eg þekki til, og bænarskrár úr ýmsum hèruðum landsins róma hið sama; en eg játa það, að erfitt er að ráða bót á þessu svo vel fari (*Sveinn Skúlason*: Hvar eru bænarskrár um þetta?) Þær hafa áður komið til þingsins og nú seinast að þessu sinni; það hlýtur hinum heiðraða þingmanni að vera kunnugt. Viðvíkjandi viðauka-atkvæði mínu undir 3. tölulið, sem hvorki hefir verið lofað nè lastað, eða lítill gaumur gefinn, en það er þó áð minni meiningu engan veginn óþarft, því það kynni þó að koma nokkuð í veg fyrir þær svo kölluðu hrekkjagiptingar í milli hreppa, sem menn vita að hafa átt sèr stað, og af þeim leitt talsverða óreglu og hafa bakað ýmsum hreppum óviðurkvæmilega byrði. En ef annar svaramaðurinn er utanhrepps, þá er það óviðkomandi maður, og má því álíta, að hann mundi eigi hafa óhreinar hvatir fyrir eigin hagsmuna sakir til að gefa sig að svaramennsku, sem hefði ábyrgð í för með sèr. Þetta er nú ekki tekið fram í uppástungum nefndarinnar; en er þó það atriði, sem sèr í lagi er þörf á að koma í veg fyrir, og þess vegna hugsaði eg mèr að hafa líka vara-uppástunguna undir 19 tölulið, ef uppástungur nefndarinnar fengi ekki áheyrn hjá stjórninni; ef ske kynni, að hún fengi framgang til að reyna með því að koma í veg fyrir sömu óreglu. Mönnum er kunnugt að mál eru að rísa

út af þessu milli hreppanna, og þarf eigi langt að fara til að sanna það, þar sem eitt er nú að sögn á döfinni milli Reykjavíkurbæjar og hins næsta hrepps. Eg held, að menn ættu að láta sèr annt um að koma í veg fyrir þetta með því að reyna að bæta úr þeim göllum, sem eru í þessu tilliti á lögunum. Það er mikið talað um ófrelsisband, sem mundi verða á mönnum við það að hindra giptingar, en eg vil segja, að einmitt þetta svo kallaða frelsi, sem ónytjungarnir og óráðsmennirnir hafa, verður að ófrelsi fyrir dugnaðarmanninn og ráðmanninn, og að ófrelsi fyrir hina sömu opt og tíðum sem í þessu ráðleysi fleygja sèr í hjónabandið. Því það ber opt við, að ráðstafa verður þessum persónum sjálfum, sem þannig hafa hlaupið saman, auk heldur afkvæmum þeirra, því þær hafa opt litlu fyrir að fara til að tolla í vist, auk heldur þegar svona er komið. Þess vegna verð eg að vera hlynntur uppástungum nefndarinnar og eg held, að menn eigi þurfi að óttast fyrir, þó þær verði að lögum, að sèrlegt ófrelsi leiði af þeim í þessu efni. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölul 6., þá verð eg að vera því mótfallinn, bæði af því er eg gat um við undirbúningsumræðu þessa máls, og af þeirri ástæðu, að jarðamatið síðasta er svo úr garði gjört víða hvar, að eigi er allkostar gott á því að byggja, því að 2 hndr. á sumum jörðum hittast í mörgum stöðum sem eg þekki til eins góð til ábúðar og 5 í öðrum; eg vil þess vegna heldur miða við það, að jörðin framfæri að minnsta kosti 5 málnytukúgildi eða í ávaxtar fènaði. Breytingaratkvæðinu undir 20. tölul er eg eigi mótfallinn að efninu til, en mèr finnst það heyra fremur undir sveitastjórnarlögin en þetta mál, eins og eg hefi áður sagt.

Ólafur Sigurðsson: Af því að 2 þingmenn hafa talað á móti breytingaratkvæði mínu undir 4. tölul., þá skal eg geta þess, að eg bar það upp, af því að mèr þótti það sanngjarnara en nefndin, þar sem það miðar fjáreignina við tölu skylduhjúa þeirra, er maðurinn hefir. Og úr því farið er að binda giptingaleyfið við fjáreign á annað borð, þá finnst mèr mikill munur á því, hvort hjónaefnin eru einhleyp eða þau eiga svo og svo mörg börn. Það veitir heldur ekki af, eptir því sem ástatt er í minni sveit, að menn hafi jafnmörg málnytukúgildi og skylduhjú, ef menn eiga að geta bjargast, og þeir sem minna hafa haft til að byrja með, hafa opt orðið vandræðamenn, og það áður en 3 ár hafa verið útliðin, þegar eg undan skil einstaka ráðdeildar- og dugnaðarmenn, sem ætíð eiga

hægt, með að fá sèr svaramenn, þó þeir sèu fátækir, eins og hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga tók svo skýrlega fram.

Benedikt Sveinsson: Eg tók full-ljóst fram við undirbúningsumræðuna skoðun mína um mál þetta, og vona eg, að þingmenn skilji hana; eg ráðgjörði einnig breytingaratkvæði, en ætla ekki að halda neinum svörum uppi fyrir þau. En þess vil eg geta, að mótbárur þær, sem við ályktarumræðuna hafa komið fram, hafa ekki veikt skoðun mína, heldur einmitt styrkt hana, því: qui nimium probat, nil probat»; (ɔ: «Sá sem sannar of mikið, hann sannar ekki neitt»), og þetta verð eg að segja um þá, sem annaðhvort hafa farið hreint út fyrir málið, til þess að finna ástæður fyrir því, að uppástungur nefndarinnar væru óhafandi, eða þá hafa sótt þær svo langt að, að þær yrðu að koma í bága, ekki að eins við þetta fyrirkomulag eður ákvarðanir, heldur líka við margt annað ef ekki allt annað fyrirkomulag að lögum eður við lög yfir höfuð. Þetta sýnir, að mótmælendurna vantar skynsamlegar ástæður, er þeir geta dregið út af málinu sjálfu. Eg t. a. m., get ekki kallað það ástæðu, að bænarskrár um þetta mál sèu svo fáar; þetta tók þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi fram móti málinu, og einnig þingmaður Norður-Þingeyinga. Mèr þykir merkilegt að kvarta yfir, að bænarskrár sèu fáar, þegar hver einstakur þingmanna hefir rètt til að gjöra uppástungur um hvaða mál sem er, og á fulla heimting á, að þingið gefi henni gaum, sè hún að eins í sjálfu sèr góð og gagnleg. Þingmaðurinn úr Þingeyjarsýslu hefir líka sjálfur nýlega gjört uppástungu, sem hann víst ætlaðist til, að þingið gjörði góðan róm að, og alls eigi var felld af þeirri ástæðu, að um hana vantaði bænarskrár. Eg hèlt að þingmenn sjálfir væri og þingið í heild sinni, einmitt kjörið og kvatt til þess að dæma um það, hvort um almennings vilja og almennings gagn væri að tala eður ekki, og að fjöldi þingmanna (Majoritet), ætti að bera vitni um það, hvort það áliti það eður það málið þjóðarþörf eða ekki. Að stjórnin ekki geti veitt þinginu áheyrn eða beint málinu í það horf sem vèr viljum, er engin ástæða fyrir þingið til *ekki* að láta til sín heyra; þingið á miklu fremur, að brýna ósk sína og álit upp aptur og aptur fyrir stjórninni; því þó hún ekki bænheyri oss í ár, gjörir hún það seinna, þegar þingið er búið að sýna fram á, að það sè landsins nauðsyn, sem þingið fer fram á, en þetta getur það eigi gjört, víki það frá skoðun sinni vegna stjórnarinnar undirtekta í eitt skipti, sem og eigi liggur hèr fyrir nema í ein-

tómri ráðgátu. Þetta er því engin ástæða móti nefndinni. Önnur mótbára var sú, að fara mætti kringum lög þessi; en hver lög eru það, sem aldrei verður farið í kringum? Ef menn ætla að fella málið þess vegna, ætti þingið að forðast að ráða til nokkurra laga! Það hefir enn fremur verið sagt, að lög þessi væri ókristileg; já ef þingið ætlar sjer að færa hinar kristilegu »Ideer« í fullri mynd inn í lög sín, eður tæma þær út í þeim, þá ætti þingið sannarlega ekki að búa til nein lög, því kristilegar «Ideer», geta ekki sem slíkar innifalizt í neinum borgaralegum lögum og þá heldur ekki í þessum. Hin kristilega »Idee«, hugsjón, á heima hjá hverjum einstökum manni. Hið skynsamlega og eptir kringumstæðunum nauðsynlega almennings ásigkomulag á heima í borgaralegum lögum. Eg ætla ekki að tala sèrstaklega um atkvæðaskrána; einungis vil eg geta þess um 20. tölulið, að mèr finnst hann ekki geta staðizt, nema hann væri byggður á nýrri uppástungu í öðru formi; það gjörir mèr illt að verða að leggja svo harðan dóm á breytingaratkvæði hins háttvirta vinar míns, þingmanns Borgfirðinga. Töluliður 19, sýnist mèr ekki geta átt hèr við. Málið er að miklu leyti fellt, ef uppástungur nefndarinnar ekki komast að; þær eru svo vægilegar, að engin óhæfa getur verið fyrir þingið að bera þær fyrir konung vorn. Eg álít nú mál þetta fullrætt, og bið um atkvæði.

Forseti: Út af nokkrum orðum, sem komu fram hjá þingmanni Mýramanna fyrir skemmstu, þá verð eg að geta þess, að þau orð eru ótilhlýðileg á þingi, sem verða tekin svo, sem þau drótti að öðrum þingmönnum eigingirni eða ásælni í þeirra stètt.

Ásgeir Einarsson: Þó umræðurnar sèu orðnar langar, ætla eg samt að tala nokkur orð, af því eg geld eins mikinn alþingistoll eins og sumir aðrir. Eg ætla þá að fara eptir atkvæðaskránni, og fellst eg á 1. og 2. tölulið, og 3. töluliður er ekki hættulegur, þó hann gjöri ekki mikið til, held eg hann fremur bæti en spilli. 4. töluliður held eg gjöri of harðar kröfur; eg er samdóma nefndinni, að vèr eigum að fara sem vægast í málið, til þess þó að fá lagaboð, það mætti þá heldur herða það seinna, ef reynslan sýndi þess þyrfti. 5. töluliður er einungis dálítið harðari en nefndin, og því vil eg ekki fallast á hann. Um tölulið 6. er búið að tala, og get eg ekki fallizt á það breytingaratkvæði, af þeim ástæðum er færðar hafa verið móti því. Það er kostur við uppástungu nefndarinnar, að hún fyrirbyggir, að jarðirnar sèu partaðar í sund-

ur, það er einungis tiltekið, að þeir sem vilja giptast, skuli hafa grasnyt fyrir bústofn sinn, og geta þeir þá verið í byggingu ábúanda. Stafliðurinn C er einna flóknastur, en þó gef eg ekki atkvæði móti honum, því það eru ástæður fyrir honum, ef menn vilja hlynna að málinu, bæði í byrjun þess og í framkvæmdinni. Um tölulið 19, er eg samdóma þeim, sem þykir hann heldur stífur. 20. tölulíður held eg ef til vill hrifi bezt; annað mál er það, að mönnum þykir hann ekki geta komið hèr við, og verði því sjálf fallinn. Af því eg ekki tók til máls um daginn, ætla eg nú að hreifa einstöku atriðum er þá og nú hefir verið rætt um. Það var þá fyrst á orði, að það væri ófrelsi, að binda giptingar nokkru skilyrði. En eg vil spyrja: Er það í rauninni ekki meira ófrelsi að leyfa giptingar þessar takmarkalaust? Eg held það hafi sýnt sig, að þegar þessi aumingja hjón verða að skilja og komast á sveitina, að þá fari nú líka að minnka um frelsið. Þegar talað er um frelsi og ófrelsi, lítur sínum augum hver á silfrið; sumir skilja við frelsi sjálfræði, en aðrir þjóðfrelsi; þeir vilja að þeir stjórni, sem eiga að stjórna, en ekki ráðleysingjarnir sem reyndar leggja mestan skatt á hina efnaðri og ráðdeildarsamari mennina, einmitt af því þeir hafa þetta svo kallaða giptingarfrelsi; eg gat þess, að annað væri sannarlegt frelsi, en annað sjálfræði eða stjórnleysi. Það sýnist mikið frelsi fyrir sakamanninn, að sleppa úr fangelsi; en er það frelsi fyrir almenning, sem hætta er af því búin. Eg vil biðja menn gæta að, hvað frelsi er. Mèr dettur í hug það sem eitt af vorum beztu skáldum hefir kveðið, eptir einhvern hinn rèttdæmasta embættismann vorn:

»Sá hann við skálka miskunn mest,
við menn er fróma grimmdin verst».

En er það ekki ranglæti, að miskunna þeim seka, en láta hinn saklausa líða? Þó er þetta stundum kallað frelsi og líkar afleiðingar verða stundum af þessu góða umrædda giptingafrelsi. Það var talað um helgar tilfinningar og mikið lagt út af þeim; já þær eru helgar stundum þessar giptingatilfinningar, sem byrja kann ske í ölæði eða einhverju hugsunarleysi um það, að geta veitt sèr og afkvæmi sínu framfæri, og svo hlaupa menn í hjónabandið með þeim huga, er eg vil sýna með dálítilli sögu: Maður einn nýgiptur kom til faktors og bað um lán; faktorinn synjaði, en hinn sagði glaður og kátur, að honum væri öldungis óhætt að lána sèr, því nú væri hann komin á sveitina; það eru sannarlega helgar

tilfinningar, er gefa þetta hugrekki?! og koma mönnum til að verða meðborgurum sínum að byrði og gagnslausir öllu mannfélagi. Það má nú gjöra ráð fyrir, að þess konar hjón geti hangið dálítið lengur saman, þangað til þau eru búin að eiga nokkur börn; en eru þá ekki hinar helgu tilfinningar snertar, þegar rífa verður börnin frá þeim, og reka allt á einhvern hreppinn. Það hefir verið sagt, að þetta giptingabann hvetti til lauslætis, og yrði til fjölgunar lausaleiksbörnum. Það getur verið, þeir sem móti því hafa mælt, hafa þó sagt, að enn væri ekki band þetta upphafið á Þýzkalandi, og væri þó sagt, að heldur fjölguðu lausaleiksbörn; skyldu Þjóðverjar vera heimskari en vèr, eður kenna miður til stjórnar; því leysa þeir ekki þetta band? En getur ekki giptingaleyfi þetta aukið lauslæti? Setjum svo, að maður vill fá stúlku til fylgilags, og segir henni sè óhætt og ekki vansæmi, því hann megi eiga hana, þegar hann vilji; hún verður til, því hún veit, að hún getur orðið eigingipt kona og barnið hjónabandsbarn, en ef hún vissi, að torsótt mundi að fá ábyrgðarmenn, og giptingin því tvísýn, mundi hún heldur vilja bíða eptir almennilegum manni, en fara á sveitina með þessum, og búast við að verða rifin frá honum, og börnum þeim, er þau kynnu að eiga. Það var sagt, að hart væri fyrir einstaka menn, að verða svo út undan almennu frelsi, þegar ábyrgðarskyldan lægi ekki á öllum jafnt, en eg álit það bezta kost á uppástungu nefndarinnar, að hún hefir gjört þenna greinarmun. Eg set að hjá góðum húsbónda væri vinnumaður, sem vildi giptast; húsbóndi spyr, hvort hann vilji ekki bíða 1 eða 2 ár, til þess að draga svo mikið saman, að hann ekki þurfi ábyrgðarinnar við; ef að unglingurinn hefir sómatilfinningu, mundi þetta vera honum hvöt til að reyna að komast undan ábyrgðarskyldunni, því honum þætti skömm, að vera eins og útilokaður frá mannlegu félagi. Ætli þetta sè ekki bezta meðalið til að hvetja menn til sómatilfinningar. Mèr þykir ekki lítið varið í lög, sem glæða sómatilfinninguna; vèr eigum þó að forðast að vekja skeytingarleysi og ómennsku, með laga- og stjórnleysi. Mig gildir einu, hve mikið menn hlægja og hæðast að máli þessu; það kemur á eptir bæði fyrir þjóð og stjórn, að minnsta kosti vona eg, að einhver beinagrind af því komist til stjórnarinnar; og eptirkomendurnir munu dæma um tillögur manna í því. Þó menn annaðhvort af kaldsinni eða sannfæringu vilji hindra mál þettta, eiga menn ekki að hæðast að þeim, sem gjöra eptir beztu samvizku, og vilja vel. Þó uppástungurnar sèu

kraptlitlar, eru þær þó í þá átt, að gagn má að verða, og eiga stuðning skilið. Eg gef þeim með lifandi sannfæringu atkvæði mitt, af því þær miða til bóta. Konungsfulltrúinn fortekur að stjórnin gangi inn á þetta mál, eða samþykki það, en þessu trúi eg varla, ef konungsfulltrúi leggur með málinu, því það voru aðalástæður stjórnarinnar seinast, að styðjast við álit konungsfulltrúa. Þetta kostar þó ekki mörg þúsund ríkisdali úr ríkissjóði. Ef stjórnin heldur sig vitrari í þessu máli, og kunnugri í hverjum kofa á Íslandi, en þá menn sem hèr sitja, og neitar þessu máli samþykkis, verður hún að ábyrgjast, að það sè landinu sannarlega í hag.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg benti nefndinni á nokkur atriði um daginn, sem hún ætti að taka upp, en nefndin hefir eigi viljað aðhyllast þau; en aðrir þingmenn hafa fallizt á sum þeirra. Nú ætla eg þá að snúa við blaðinu alveg, og segja, að eg vilji ekkert hafa af því, sem á atkvæðaskránni er. Hversu ákafur og heitur sem þingmaður Strandasýslu var í ræðu sinni hefir hann þó ekki að neinu getað sannfært mig. Það er og sannarlega undarlegt og óviðurkvæmilegt, að þingið sè að biðja um lög, sem það sjálft játar að sèu í raun rèttri með öllu þýðingarlaus. Það er undarlegt að koma hèr með aðra eins «*paradox*» og einn þingmaður kom með, að þingið verði að gæta þess, að það sitji hèr eigi til að búa til kristileg lög. Ættu menn ekki að hugsa neitt um, hverjar hugmyndir fælust í kristinndómnum, þegar menn semja lög? Kristinndómurinn býður ekki leti; það eru ekki lögin, sem breyta hugsunarhætti manna; breyting á hugsunarhætti landsbúa verður að koma úr annari átt, breytingin verður að koma úr annari átt; þau lög, sem samin eru í slíkum tilgangi, spilla en bæta ekki. Það verða allir að játa það sem hinn háttvirti framsögumaður talaði um skort á barna-uppfræðingu á Englandi. Þá vil eg spyrja hann, hvaða ákvarðanir hafa Englendingar um öreigagiptingar? Eða reyna þeir til að sporna gegn ófullkominni barna-uppfræðingu með banni gegn öreigagiptingum? Nei, þeir láta öreigana giptast, en taka síðan börn þeirra og ala upp. Það er gagnstætt allri hugmynd um persónulegt frelsi, að spá, hvernig menn muni verða í ókomna tímanum. Hreppstjórinn getur ekki sagt fyrir fram við menn, eg veit hvernig þú verður framvegis. Með þess konar rökum geta menn höggvið svo opt í sama farið sem vera skal, þegar stjórninni er eigi auðið að veita áheyrn. Það verður að sýna, að nauðsyn beri til þess sem um er beðið. Stjórnin hvorki gjörir nè á að gjöra mikið úr

því, þó sagt sè, að eitthvað sè nauðsynlegt, án þess að sýnt sè fram á nauðsynina með ljósum og órækum ástæðum. Þetta verða menn að láta sèr hugfast.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki mæla margt, en einungis geta þess, að það er vorkunn að vera reiður, þegar um mikilsvarðandi mál er að ræða, en forna máltækið segir: að sá sem er reiður, gjöri ekki það sem rètt er. Og ef það er órètt að vera reiður, þá hefir hinn háttvirti 6. konungkjörni gjört órètt nú, enda veit eg ekki, hvað sannspár hann hefir verið með tilliti til stjórnarinnar, og er ólíklegt, að Danastjórn sè ólík öllum öðrum stjórnum í því, að vilja ekki bæta úr volæði þegnanna, og get eg ekki trúað því. Það er skrítið, að þingmaðurinn sem var fullur með spaug seinast, þegar málið var rætt, skuli nú vera orðinn svona reiður. Mèr sýnist málið hvorki spaugslegt nè reiðiefni, það er þvert á móti sorgarefni. Eg tala af minni innstu sannfæringu, þegar eg segi, að dugandi menn hafa stóran skaða af þessum öreigagiptingum. Það er líka kvartað ár eptir ár, og hvað dugir það, að sumir svari þessum kvörtunum í reiði og sumir í spaugi. Þingmaðurinn sagði, að ekki yrði með lögum breytt hugarfari manna; ef það er satt, þá er sannarlega bezt að hafa engin lög. En eg held, að mannkynssagan sýni, að lögin umbreyta hugsunarhætti þegnanna um margar aldir, því verður ekki neitað. Hann sagði það væri gagnstætt persónulegu frelsi, að leggja nokkra takmörkun á öreigagiptingar, þetta er nú vanalega viðbáran. Hvað mundi hann segja, ef hann væri í sveit, og á hann væri lagt 100 rd. útsvar til fátækra. Eg hefi vitað dæmi til, að presti, sem hafðt 90 rd. inntekt af embætti sínu um árið, var gjört að greiða 70 rd. í útsvar til fátækra, og voru að eins 3 menn sjálfbjarga í sveitinni. Eg vil nú spyrja hinn háttvirta 6. konungkjörna, hvar skal staðar nema með þessu? Getur hann láð þeim fáu dugnaðarmönnum, sem eptir eru, þó þeir beri sig upp undan þessu stjórnleysi, eða ef til vill stökkvi af landi burtu? Og verðskuldar það eigi annað en háð eður reiði manna, þótt þingið reyni að bæta úr þessum vandræðum? Það er sjálfsagt, þetta sómalega frelsi er mjög glæsilegt í munni, en það er meira í orði en á borði. Það er sagt, að þegar börnin fá vilja sinn þá gráti þau ekki. En það er sorglegt, þegar barnaviljinn ræður, og það er sama hvort börnin ráða, eður þessir ráðleysingjar, sem verða félaginu til byrði; það er aumt frelsi, sem ekki ætti að eiga sèr stað, þar sem skynsamleg stjórn er. Það er því óum-

flýjanlegt, að ráða bót á þessum takmarkalausu giptingum, og þar sem þingmaðurinn var að segja, að stjórnin mundi ekki gegna því, þá get eg sagt honum, að þegar eg giptist, mátti eg fullvissa stjórnina um, að eg hefði inntekt af 400 rd., og urðu allir officerar að gjöra það sama, þegar þeir giptust. Hvað mundi hafa leitt af, ef þeir hefðu breytt gagnstætt lögunum í þessu? Að segja, að stjórnin geti ekki stjórnað og verði að horfa upp á óstjórn, það er óheyrilegt, og furða, að þingmaður, sem á að gefa lög, skuli láta sèr slíkt um munn fara. Hann segir, að ástæður vanti til að senda bænarskrá um málið, en hefir þingmaðurinn þá ekki heyrt, hvað þingmenn hafa sagt í alvöru, reiðilaust og spauglaust; ef hann hefir tekið eptir þeim ástæðum, sem þeir hafa tilfært, þá vona eg honum sýnist ekki málið ástæðulaust. Og hvernig getum vèr komizt hjá því með góðri samvizku, að gefa málinu gaum? Eður eigum vèr að sitja hèr á þingi gagnslausir og ganga hèðan með vasana fulla, en með þeirri meðvitund að vèr höfum verið ónýtir þjónar? Það er skrítið, þegar verið er að klifa á því stundum, að uppástungur sèu of linar og ónýtar, stundum að þær sèu of harðar, og stundum þykir allt illt að þeim. Það er merkilegt, að slíkar herfilegar mótsagnir skuli heyrast á sömu klukkustundunni, og að menn vilji láta slíkt sjást eptir sig. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að öreigagiptingar stæðu ekki fólksfjölgun í vegi. Eg get fullvissað hann um, að öreigagiptingar standa fólksfjölgun mest í vegi, því þegar öreigarnir verða að skilja hjónabandið, þá get eg ekki sèð, að mikillar fólksfjölgunar sè von hjá þeim hinum sömu; og þó þeir eigi börn, þessir aumingjar, þá er annaðhvort að þau kulna þegar út, eður verða ónýtir borgarar, veikir á sál og líkama, og þarf þingmaður Barðstrendinga ekki að segja mèr hvernig því er varið. Reynslan sýnir og, að hinir hættulegustu og banvænustu barnasjúkdómar koma fyrir hjá fátæku fólki, einkum bæði holdsveiki og sullaveiki. Heldur nú þingmaðurinn, að þetta gjöri land og lýð farsælan? Ætli að ekki væri betra, að maðurinn væri nokkrum árum lengur í vinnumannsstètt, og reyndi að hjálpa dugandi mönnum til góðra framkvæmda, en að hlaupa í að giptast blásnauður, og verða síðan fèlaginu til byrði. Eg ætla nú ekki að tala fleira, það eru nokkrir þingmenn eptir, sem þurfa að taka til máls, og vona eg að þeir vinir mínir og háttvirtu þingmenn, hinn 6. konungkjörni og þingmaður Barðstrendinga kasti þeirri flugu, sem villir sjóninir fyrir þeim, og standi upp fyrir uppástungum nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Eg vil út af þeim löngu, og að mínu áliti of löngu umræðum, sem hèr hafa verið í dag út af þessu máli, biðja hinn háttvirta forseta um, að skjóta því til álita hins heiðraða þings, hvernig það hugsi sèr, ef þessu fer fram, að geta lokið þeim mörgu og umvarðandi málum, sem það á eptir órædd, þar sem sú lenging á þingtímanum, sem var veitt, rennur út á morgun.

Forseti: Eg get ekki svarað hinum hæstvirta konungsfulltrúa öðru en því, að eg hefi ekki þótzt hafa ástæðu til, að hepta umræðurnar, meira en eg hefi gjört. Eg skal og geta þess, að fundurinn í dag byrjaði ekki fyrr en hèr um bil heilli stund eptir að hann var boðaður, sökum þess að landsyfirrèttur var haldinn og drógst fram á fundartímann.

Þar nú ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem hinir háttvirtu þingmenn hafa fyrir sèr.

1. Benedikt Sveinsson. Samþykkt með 18 atkvæðum.
2. Nefndin: (1. uppástunga.). Samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.
3. Sighvatur Árnason: viðauka-atkvæði. Fellt með 9 atkvæðum gegn 8.
4. Ólafur Sigurðsson. Fellt með 18 atkvæðum gegn 4.
5. Jón Pálmason. Fellt með 13 atkvæðum gegn 9.
6. Stefán Thordersen. Fellt með 14 atkvæðum gegn 4.
7. Nefndin. Samþykkt með 16 atkvæðum.
8. Benedikt Sveinsson. Samþykkt með 17 atkvæðum.
9. Nefndin: (2. uppástunga með áorðnum breytingum). Samþykkt með 16 atkvæðum gegn 6.
10. Nefndin: (3. uppástunga). Samþykkt með 17 atkvæðum.
11. Nefndin: (4. uppástunga). Samþykkt með 16 atkvæðum móti 1.
12. Benedikt Sveinsson: Breytingaratkvæði. Samþykkt með 15 atkvæðum.
13. Nefndin: (5. uppástunga), með breytingu. Samþykkt með 16 atkvæðum.
14. Benedikt Sveinsson: Breytingaratkvæði. Samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8.
15. Sami. Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.
16. Sami. Samþykkt með 17 atkvæðum.

17. Nefndin: (6. uppástunga), með áorðnum breytingum. Samþykkt með 15 atkvæðum.
18. Sama: (7. uppástunga): Samþykkt með 17 atkvæðum.
19. Sighvatur Árnason: Vara-uppástunga. Felld með 9 atkvæðum gegn 9.
20. Arnljótur Ólafsson: (ný uppástunga). Burt fallin.
21. Við þenna tölulið var við haft, eptir ósk sumra þingmanna, nafnakall, og

sögðu þessir «Já»:	en þessir «Nei»:
Ásgeir Einarsson.	Eiríkur Kúld.
Benedikt Sveinsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Arnljótur Ólafsson.
Hjálmur Pètursson.	Bergur Thorberg.
Jón Bjarnason.	Halldór Jónsson.
Jón Guðmundsson.	Helgi G. Thordersen.
Jón Hjaltalín.	Jón Sigurðsson.
Jón Pálmason.	Sveinn Skúlason.
Jón Pètursson.	
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Pètur Pètursson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson.	

Var þannig 21. töluliður. Samþykktur með 17 atkvæðum gegn 8.

Forseti gat þess, að hann mundi setja fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

32. fundur — 15. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, bar eg við mánaðamótin upp fyrir hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að þingtíminn yrði lengdur til þessa dags. Eg gat þá ekki nákvæmlega tiltekið tímann, heldur stakk eg upp á einungis til bráðabyrgða, að þingtíminn yrði lengdur til 15. þessa mánaðar, sem er í dag. Nú get eg aptur, að eg held, nákvæmlega tiltekið, hve langan tíma málin enn muni útheimta, og hygg eg víst, eptir því sem eg get nákvæmlegast séð, að nægja mundi að lengja þingið til þess seinast í næstu viku, og skal eg skjóta því til hins hæstvirta konungsfulltrúa, hvort þingtíminn ekki geti orðið lengdur til laugardagsins 26. þessa mánaðar, að þeim degi meðtöldum, og vona eg málin þá verði öll til lykta leidd.

Konungsfulltrúi: Þótt sú lenging þingtímans til 26. ágúst næstkomandi, sem hinn háttvirti forseti þingsins hefir óskað, sé venju lengri, hlýt eg þó að vera honum samdóma í því, að ekki verði unnt að koma málunum, sem eptir eru, af á skemmri tíma og hlýt eg því að taka að mèr þá ábyrgð, að lengja þingið til þess ákveðna dags. En eg verð líka að vona og óska, að þingið gjöri sèr allt far um að ljúka málunum, sem eptir eru, af á þessum tíma, því ítarlegri lengingar á þingtímanum, getur þingið ekki vænzt.

Forseti: Eg vona sömuleiðis, að hinir háttvirtu þingmenn gjöri allt sitt til, að ekki þurfi frekari lengingar á þingtímanum.

Þá tökum vèr til dagskrár í dag, og kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit, um *konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, sem mun gjöra svo vel að lesa nefndarálitið og skýra málið fyrir þinginu, sem honum þykir við þurfa.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal nú leyfa mèr að lesa nefndarálitið:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 402.

Eg skal nú ekki að svo stöddu mæða þingið með langri ræðu um þetta nefndarálit. Eg vona að stefna þessi sè ljós, og eins ástæður þær sem teknar eru fram í niðurlagsatriðunum; líka vona eg, að þingmenn sjái, að það eru tvö aðalatriði, sem nefndarálitið hefir sèr í lagi tillit til, nefnilega fyrst stjórnarfrumvarpið sjálft, sem nefndin hefir stungið upp á, að þingið fallist á, með að eins óverulegum breytingum; og í öðru lagi það atriði, að koma á al-

mennri viðleitni, að bæta fjárrækt hjá oss yfir höfuð að tala. En að því leyti, sem nefndin ekki varð á eitt sátt, með tilliti til að koma síðari tilgangnum til leiðar, mun eg síðar áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að sameina skoðun meiri og minni hlutans.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir í öllu verulegu eður í aðalstefnunni fallizt á frumvarp stjórnarinnar, sem hèr liggur fyrir, og þarf eg því ekki að vera margorður um nefndarálitið. sem er stillilega orðað, en einungis lýsa því yfir, að mèr þykir það hafa tekizt mjög svo æskilega til, að skoðanir nefndarinnar og stjórnarinnar fara hèr saman í öllu verulegu í því velferðarmáli, sem hèr er um að ræða; því þessi samhljóðun er í alla staði nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að mál þetta geti leiðzt til eptirþráðra lykta, því sjón er sögu ríkari um það, að það atriði, að skoðun stjórnarinnar og landsmanna á málinu, hafa svo mjög farið á mis hvor við aðra, hefir verið málinu til mestu fyrirstöðu.

Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um þau einstöku atriði, sem hin heiðraða nefnd hefir aðra skoðun á en stjórnin, eður og hún hefir bætt við frumvarp stjórnarinnar, og er þá fyrst breytingin á grundvallarreglunni í 3. grein, um borgun fyrir eptirlit með heilbrigðisástandi fjárins, og þar að lútandi framkvæmdir til hreppstjóranna og þeirra aðstoðarmanna. Stjórnin ætlast til, að þessi störf séu borguð úr amtsins jafnaðarsjóði, nefndin þar á móti af hlutaðeigandi hreppum, og stjórnin hefir fært fyrir þessari skoðun sinni þá ástæðu, sem í alla staði er eðlileg, nefnilega, að sá kostnaður, sem leiði af öllu því eptirliti, sem haft sè í því umrædda tilefni eptir tilhlutun hins opinbera og í þess hag, sè eðlilegast greiddur úr opinberum sjóði, og þessari grundvallarreglu verð eg að álíta, að stjórnin muni halda. Því verður heldur ekki neitað, að kostnaðurinn opt og einatt kynni að verða of þungbær hlutaðeigandi fátækum hreppum, eins og stjórnin hefir tekið fram, einkum þegar taka ætti mennina til eptirlitsins úr öðrum hrepp eða sýslu, og ætti nefndin því að takmarka regluna um borgun kostnaðarins við það skilyrði, að eptirlitið væri gjört af innanhrepps mönnum, en eg verð þó að halda, að stjórnin, enda með þessari takmörkun, ekki mundi geta aðhyllzt nefndarinnar uppástungu, sem hefir, eins og tekið hefir verið fram, marga annmarka, þó eg hins vegar engan veginn vilji bera á móti því, að ástæður nefndarinnar fyrir hennar skoðun, hafi að sínu leyti mikið við að styðjast.

Viðvíkjandi þriggja manna nefndum þeim, sem nefndin hefir stungið upp á, skal eg leyfa mèr að athuga, að eg get ekki skilið, að þær eptir kringumstæðunum, geti fengið nokkra praktiska þýðingu, eða gjört nokkurt verulegt gagn, en verða þó að leiða af sèr talsverðan kostnað, því í nefndinni þurfa að vera dugandis menn, og eptir því þarf að borga þeim. Að þingið kjósi menninа er líka, að mèr virðist, annmörkum bundið, því þingið hefir ekki þá þekkingu, sem hèr þarf, um allt land, nema þingmennirnir úr hverju amti, og þá kjósa þeir, en ekki þingið, mennina. Það væri sök sèr, ef hèr væru dýralæknar, og einn þeirra gæti verið í hverri nefnd, en því máli er nú ekki að gegna. Að öðru leyti er amtmönnum trúandi fyrir að kjósa nefndarmennina, en yfir höfuð virðist mèr þessi uppástunga ópraktisk. Eitt atriði skal eg enn fremur minnast á, sem tekið er fram í nefndarálitinu, nefnilega það, að þetta frumvarp komi í haust út hingað sem lög, þetta getur ekki orðið fyrri en að vori komandi, því málið getur ekki farið hèðan fyrri en með gufuskipinu seint í næsta mánuði, og skipið fer frá Höfn snemma í október, og það er seinasta ferð þess, og það stendur ekki við í Höfn nema 5—8 daga, og á þeim stutta tíma getur málið ekki orðið búið hjá stjórninni.

Þá talar nefndarálitið um það, að fè því, sem stjórnin veitti í tilefni af fjárkláðanum, hafi ekki verið varið til fjárræktar. Þetta er satt, en þingið aðhylltist heldur ekki uppástungu, sem um það kom fram, mig minnir 1859 eða 1861.

Það er hverju orði sannara, að þetta atriði, um bötnun fjárræktarinnar hèr á landi, er mikið áríðandi, eins og nefndin hefir tekið fram, og það er víst, að fjárkláðinn hefir vakið athygli manna á þessu mikilvæga efni, og eg vona það komi fram í verkinu, og er enda komið það, og eg er viss um, að stjórnin vill vera þessu aðhlynnandi eptir því sem kostur er á. Eg skal að svo stöddu ekki orðlengja um málið, og vona að þingið fari í umræðum sínum í sömu stefnu og nefndin, og aðhyllist yfir höfuð frumvarp stjórnarinnar. Þau atriði, sem eg hefi tekið fram, gjöri eg ráð fyrir verði helzta umtalsefnið á þinginu.

Framsögumaður: Það gladdi mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi var ánægður með þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komizt að í þessu máli yfir höfuð að tala, en það eru fáein atriði, sem eg vildi minnast á, út af ræðu hans. Viðvíkjandi kostnaðinum, sem talað er um í 3. gr. frumvarpsins, skal eg geta þess, að eg

skildi ekki ljóslega, hvort hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði sömu skoðun og nefndin í því efni, nefnilega hvort hann áleit, að kostnaðurinn ætti að lenda á fjáreigendunum sjálfum, eður á allri sveitinni. En nefndin ætlast ekki til, að kostnaðurinn verði lagður á einstaka fjáreigendur, heldur á alla þá sveit, sem sá maður væri í, er ætti sjúkt fé. Eg skil ekki, að það geti fallið fjárríkri sveit þungt, að standast kostnaðinn, þó 1 eða 2 menn hafi þar eptirlit með sauðfénu, og þegar menn vita, hve ólíkur áhugi manna er á fjárræktinni í hinum ýmsu sveitum landsins þá virðist það ójöfnuður á hinn bóginn, að þær sveitir, þar sem bezt og blómlegust er fjárræktin, borgi óeðlilega mikið í samanburði við hinar sveitirnar sem eiga færra fé, annaðhvort af því, að það er eigi aðalatvinnuvegur þeirra, eða þá af því, að þær eru hirðu- og áhugalausir um það. Þetta var það, sem vakti fyrir nefndinni. Breyting sú, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að utanhreppsmenn væru launaðir úr almennum sjóði, er að sönnu meðalvegur, en eg er hræddur um, að það leiddi til þess, að allir eptirlitsmenn yrðu fengnir úr öðrum sveitum, en því lengra sem menn eru sóttir að, því meiri hlýtur kostnaðurinn að verða, þó sama vinnist að öðru leyti, og þannig verður það þeim mun hærri kostnaður, sem lendir á þeim, er heilbrigt fé eiga. Viðvíkjandi amtsnefndum þeim, er meiri hlutinn stingur upp á, skal eg geta þess, að mér finnst uppástunga minni hlutans í því tiliti eigi sem heppilegust; því ef farið væri að útvega útlenda dýralækna, yrðu þeir að hafa há laun og mundi ganga til þess miklu meiri kostnaður, en til nefnda þeirra sem meiri hlutinn stingur upp á. Því nefndin hugsaði sèr ekki, að það þyrfti að verða dýrt að halda þær, heldur að þær fengju að eins sanngjarna þóknun fyrir starfa sinn, og að almenning ekki þyrfti að muna um þann kostnað. Þó nú minni hlutinn álíti æskilegt, að dýralæknar fengjust, þá eru þeir engir til í augnablikinu, og engi útsjón til að þeir fengjust bráðlega, sem þó mest ríður á. Eg ímynda mèr, að ef þingið vildi gefa þessu atriði nokkurn gaum, þá væri tiltækilegast að láta unga og efnilega íslenzka menn ferðast fyrir styrk, og nema fjárrækt erlendis, og það í einhverju því landi, þar sem líkt væri ástatt með landbúnað og hèr. Eg álít ekki, að Danmörk væri hentugasta landið til þess, heldur er þvert á móti Danmörk og Ísland í þessu tilliti mjög svo ólík lönd, og gagnstætt meir að segja hvort öðru. Þau lönd, sem hentugust væru fyrir íslenzka menn, að nema fjárrækt í ætla eg að mundi

vera Skotland, og máske einkanlega Noregur. Ef Íslendingar leituðu þangað til að nema fjárrækt, þá efast eg ekki um, að það gæti komið oss að verulegum notum. Í þessa stefnu ætla eg að áskilja mèr breytingaratkvæði við minni hlutans uppástungu. Að þingið stingi upp á mönnum í nefndirnar get eg ekki álitið annað en eigi við, og eg sè ekki í sjálfu sèr neitt á móti því. Eg ímynda mèr, að þingmenn viti, hver í sínu amti er bezt kjörinn í nefndirnar. Það er sorglegt, ef það atriði skyldi verða málinu til baga, að tíminn sè nú orðinn of naumur til þess, að frumvarp þetta geti fengið lagagildi í haust og komið hingað sem lög til framkvæmda með síðustu gufuskipsferð í ár því þar af flýtur, að málið verður að hvíla þangað til að sumri, en það er lengri bið en málið þolir.

Konungsfulltrúi: Eg skyldi uppástungu nefndarinnar um kostnaðar greiðsluna eptir frumvapsins 3. grein eins og hinn háttvirti framsögumaður, en eg verð að halda því fram, að það geti opt við borið, að kostnaður sá, sem hèr ræðir um, geti orðið hreppsbúum of þungbær; eg vil til nefna Grindavíkurhrepp í Gullbringusýslu. Eg tek það upp aptur, sem eg sagði áður, að eg held stjórnin haldi fram skoðun sinni viðvíkjandi borgun eptirlitskostnaðarins, enda þó eg viðurkenni, að ástæður nefndarinnar engan veginn sèu þýðingarlitlar. Svo skal eg einnig ítreka, að þingið getur ekki ætlazt til að fá lagaboðið núna í haust af ástæðum þeim, sem eg áður tók fram, að tíminn leyfir það ekki.

Halldór Jónsson; Eg vildi einungis geta þess, viðvíkjandi staflið »*d*«, að mèr virðist hann ekki geta heyrt undir tölulið 2, heldur eiga að vera töluliður út af fyrir sig, og vona eg að hinn háttvirti forseti bæti úr því síðar. Viðvíkjandi amtsnefndunum held eg ekki, að þær geti orðið að tilætluðum notum, eins og hèr stendur á við öll ný fyrirtæki, sem gjörð eru, er óumflýjanlega nauðsynlegt, að þingið taki tillit til þess, að það byggi á því ásigkomulagi sem er. Ömtin eru stór, og þar að auki hlyti talsverðan kostnað af því að leiða. Hvað uppástungu minni hlutans snertir efast eg um, að einn dýralæknir í hverju amti yrði að nokkrum verulegum notum á svo stóru svæði, og ef of lítið er að hafa einn mannalækni í hverri sýslu, þá er of lítið að hafa einn dýralækni í hverju amti, en aptur sýnist mèr æskilegt að til væri handa almenningi góð dýralækningabók, og aðrar bækur sem kenndu mönnum reglur fyrir fjárrækt yfir höfuð; bækurnar gæti verið á hverju

heimili, þar sem víðast verður í flestum tilfellum ómögulegt að ná til dýralæknisins.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu hafði rètt þar sem hann sagði, að «d» liðurinn ætti enginn að vera, heldur ætti þar að standa töluliður 3, en eg vona að hinn háttvirti forseti lagi þetta við atkvæðagreiðsluna. Viðvíkjandi amtsnefndunum get eg ekki annað álitið, en að þær mundu verða til hins mesta gagns. Eg held, að öll ný fyrirtæki ættu að lagast sem mest eptir því ásigkomulagi, sem er, og að þingið eigi nákvæmlega að taka tillit til þess. Aptur verð eg að efast um, að útlendir dýralæknar mundu verða að nokkrum verulegum notum, þar sem ömtin eru svo stór, enda mundu þeir ekki verða nýtari til neinnar framkvæmdar en völdustu bændur í sveit, þar á móti er eg á því, að góðar bækur um fjárrækt mundu fyllilega kenna mönnum þær reglur, sem nauðsynlegast er að vita.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal nú ekki vera langorður um þetta mál, en það er auðvitað, að eg fellst á frumvarp stjórnarinnar, og jafnvel með þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á; þó verð eg að lýsa yfir þeirri skoðun, að kostnaðurinn til hins almenna eptirlits eigi ekki að takast af hreppasjóðunum, heldur af amtsjafnaðarsjóðunum, því að það á að borga úr almennum sjóði, af því, að það er eigi gjört vegna neins sèrstaks, en hið sèrstaka eptirlit eiga hinir einstöku fjáreigendur að borga. En það er eitt nýtt atriði, sem komið er inn í málið, og það er það, sem uppástungan 2. bendir til, nefnilega, að það er ekki einungis fjárkláðinn, sem um er að ræða, heldur efling fjárræktarinnar yfir höfuð, og þetta er að halda málinu í beina stefnu, sem eg kalla. Að því er amtsnefndunum viðvíkur álít eg, að þær muni lítið gagn gjöra án dýralæknislegrar þekkingar, og í því er eg samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að það mundi ekki svara kostnaði, og er eg líka samþykkur minni hlutanum í því, að dýralæknar mundu gera gagn. En úr því þessi uppástunga kom fram, þá vil eg gjöra þá uppástungu eður breytingaratkvæði í þá átt, að yfirvöldunum verði boðið að sjá um, að árlega fram fari almennar baðanir á fè, og í öðru lagi, að yfirvöldunum verði boðið að styðja að framförum fjárræktar yfir höfuð. Þessar uppástungur ætla eg ekki að verja; þingið ræður hvað það gjörir við þær.

Pètur Guðjónsson: Eg er samdóma nefndinni um breytingu þá, er hún hefir gjört á 3. gr. frumvarpsins, nefnilega, að eptir-

litskostnaðurinn verði tekinn af sveitunum með niðurjöfnun á fèð; því það er auðsætt, að sú breyting miðar til að vekja áhuga sveitarbændanna að einu leytinu á því, að skoða fèð og kynna sèr ástand þess sem rækilegast, og að hinu leytinu verður trössunum ekki vært fyrir þeim bændum, er sig vilja vanda sem bezt í þessu efni. Það er þetta, sem hingað til hefir verið öllum lækningum í vegi, að menn hafa ekki fengið að borga það sem til þeirra hefir gengið. Það hefir sannast í þessu máli, sem Filipp af Macedoniu sagði, að taka mætti hverja þá borg, er gullklifjaður asni kæmist inn um hliðin á, og á það fyllilega við kláðalækningarnar. Það hefir fè verið borið á menn og allar lækningar hafa fyrir það farið út um þúfur, því menn hafa sèð, að aðrir gjörðu allt, sem þeir sjálfir áttu að gjöra, þeim alveg kostnaðarlaust, svo að slóðarnir hafa sagt við sjálfa sig, við getum lagt okkur til að sofa, því að það verður komið með kaffið til okkar á sængina. Það er samt enn eitt að athuga við 3. gr., sem eg ætla, að ætti að vera öðruvísi, og það er, að tiltekið sè, hvað mikil borgunin má vera fyrir eptirlit og fjárskoðanir í mesta lagi, og áskil eg mèr því breytingaratkvæði í þá stefnu við 3. gr., að daglaunin verði hæst ákveðin 9 mörk um daginn. Það hafa hingað til verið margir, sem ekki hafa gjört sig ánægða með minna en 3 rd. um daginn, og hafa ei viljað fara eitt spor ella. Ef eptirlitskostnaðurinn ætti að takast úr jafnaðarsjóðunum, þá bæri sjálfsagt allt að sama brunni og verið hefir með launakröfurnar, en sè hann lagður á sveitirnar sjálfar, þá er reyndar síður hætt við, að reikningarnir yrðu skrúfaðir upp, því það má ætla að hreppstjóri og sveitarbændur sjálfir setji kröfunum hæfileg takmörk, en þó virðist mèr ekki sè alveg loku skotið fyrir það, að ósanngjarnar kröfur komi fram, nema borgunin sè ákveðin fyrir fram með lögum. Viðvíkjandi uppastungunni nr. 2 er eg samþykkur þeim þingmönnum, sem hafa álitið að hún eigi að svo stöddu geti orðið að liði, eg er samdóma minni hlutanum í því efni.

Bergur Thorberg: Það gleður mig, að minni hlutinn hefir fengið góðar undirtektir hèr á þingi; eg skal taka það fram, að þó uppástungan hafi nokkurn kostnað í för með sèr, þá eru það þó verulegar framfarir, sem menn þá borga. Eg get ekki ímyndað mèr annað en að þessar amtsnefndir meiri hlutans, einkum af því að þær eru dýralæknislausar, mundu verða mjög árangurslitlar, þó eg vel viti, að meiri hluti nefndarinnar hafi haft hinn bezta til-

gang með uppástungu sinni. Það hefir og verið tekið fram, að útlendir dýralæknar mundu eigi verða að miklum notum; en það er engin þörf á að skilja uppástunga mína svo, að hún miði að útlendum dýralæknum; hún miðar helzt að ungum efnilegum Íslendingum, sem stjórnin mundi styrkja til þess að læra dýralæknisfræði í Danmörku eða annarstaðar, til þess þeir með tímanum gætu orðið dýralæknar hèr. Það er að vísu satt, eins og hinn heiðraði þingmaður Norðurmúlasýslu tók fram, að í einstöku sjúkdómstilfellum yrði þessa dýralæknis ekki vitjað víðsvegar um amtið, en ef almennur og hættulegur sjúkdómur kæmi upp, þá mundi geta orðið mikið gagn að þess konar manni, þó ekki væri nema einn í amtinu til þess að rannsaka sjúkdóminn, og gefa skýrslu um hann og almennar reglur um lækningu hans og meðferð. Eg er og á því, að góð dýralækningabók mundi geta orðið hèr að miklum notum, en eg ímynda mèr, að lítil von muni vera til þess, að slík bók geti fengizt í dýralækningafræði, að því leyti hún er sèrstakleg hèr á landi meðan ekki er lögð meiri rækt við dýrafræði hèr en nú er gjört. Eg er og á því, að nefndir þær, sem meiri hlutinn ræður til, hafi meiri kostnað í för með sèr, en sem svarar því, að kosta menn til að læra dýralæknisfræði ytra. Eg skal aptur taka það fram, að það mundi eigi vera til mikils gagns, þó amtmennirnir hefðu þessa 3 manna nefnd til ráðaneytis; það er og hverjum amtmanni innanhandar að ráðfæra sig við beztu menn í umdæminu, þegar um það mál er að ræða, sem sèrstaklega reynslu þarf til og þekkingu um hvernig til hagar. Hvað breytingar nefndarinnar að öðru leyti snertir, þá verð eg að halda, að þær sèu á rökum byggðar, og þó hinn háttvirti konungsfulltrúi að vísu væri hræddur um, að það ef til vill mundi verða því til fyrirstöðu, að frumvarpið kæmi út sem lög, hvernig kostnaðurinn kemur niður, þá vona eg samt, að þetta verði ekki álitin svo veruleg breyting á frumvarpinu, að stjórnin hiki við að láta frumvarpið koma út sem lög. Það er satt sem konungsfulltrúi sagði, að það er varla að búast við, að lögin komi út í haust, og eg verð að játa, að eg hefi reiknað skakkt tímann, og þó þetta nú kann ske sè bagalegt, þá verða menn að láta sèr nægja með það, að þau komi út að vori. Eg áskil mèr því rètt til breytingaratkvæðis í þá átt, að lögin komi út sem fyrst.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, hvernig hinum 4. konungkjörna þingmanni fórust orð um amtsnefndirnar, þá held eg það sè misskilningur. Eg ímynda mèr sem sè, að menn ekki rèttilega

geti sagt, að hèraðslæknar ekki beri skynbragð á dýralækningar. Eg þekki að minnsta kosti einn hèraðslækni fyrir norðan, sem sè herra Jósep Skaptason, sem eg veit um, að hefir mjög gott vit á dýralækningum. Hèr er heldur ekki einungis um dýralæknisfræði að tala, heldur kemur og hèr til greina, og það *einkum* og *sèr í lagi*, bæði meðferð á fóðri, hirðing á fè, fjárhúsa bygging og margt annað fleira, sem allt er komið undir sèrstaklegri þekkingu og reynslu, en ekki »abstract» vísindalegri þekkingu. Stjórnin sjálf hefir og byggt á þeirri skoðun og játað mörgum sinnum, að hún tæki mikið tillit til álits mannlækna vorra í þessu efni, eg skal einungis geta eins dæmis, nefnilega landlæknisins á Íslandi, hins 3. konungkjörna þingmanns. Eg get því eigi sèð annað en að amtsnefndir megi verða til mikils gagns, þegar hèraðslæknir er í þeim. Að öðru leyti óska eg þess innilega, að ungir og efnilegir Íslendingar fái styrk til að fara til útlanda og læra þar verklega dýralæknisfræði, til þess á síðan að geta orðið dýralæknar hèr á landi. Viðvíkjandi uppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns, skal eg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni að innleiða baðanir, en nefndin strandaði á því, að fè vantaði. Yfirvöldin geta ekki skyldað menn til að kaupa baðmeðöl; eg óskaði helzt, að stjórnin sæi um, að nægileg baðmeðöl fengjust hèr; ef þingmaðurinn hefði þannig haft uppástunguna, þá hefði hún verið möguleg. Eg áskil mèr því rètt til viðauka-atkvæðis í þessa átt. Yfirhöfuð er það ætlunarverk valdstjórnarinnar að sjá um, að baðmeðöl sèu til, því enginn kaupmaður í Reykjavík nè heldur lyfsölumaður mun þora að vera svo byrgir að baðmeðölum, að þau munu nægja.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg get eigi verið eins glaður í anda, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi yfir þeirri samhljóðun og samlyndi, sem verið hefir og er milli stjórnarinnar og landsmanna í kláðamálinu; mèr virðist það öllu heldur sorglegt, hvað mikið sundurlyndi hefir átt sèr stað í því máli. Já það er sannarlega sorglegt, að stjórnin hefir ekki tekið meira tillit til vilja og tillaga landsmanna og þingsins í þessu velferðarmáli landsins en hún hefir gjört, og fyrir það er það, að málinu er ekki enn til lykta ráðið. Þingið má muna það, að 1863 lagði það alla sína alúð fram til þess að nálgast sem mest skoðun stjórnarinnar, og fèllst þá með mjög litlum breytingum á frumvarp hennar, og er það víst, að hefði frumvarpið, eins og það kom þá frá þingsins hendi, orðið strax að lögum, mundi þetta mál vera nú í betra

horfi en það er. En hvað skeður? Þessu sama frumvarpi fleygir stjórnin aptur í þingið, með snubbóttum svörum. Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta, heldur að eins benda á eitt atriði í frumvarpi þingsins 1863, sem stjórnin hefir alveg fellt úr; það er um verðina. Þingmenn muna það, að þá var þetta atriði samþykkt, eg held með öllum atkvæðum á þinginu. Það er og kunnugt, að bæði almenningur, og allir, eða flestir embættismenn landsins, hafa verið sammála um það, að þetta væri eitt hið mest varðandi atriði í málinu, og stjórnin sjálf hefir enda gengið inn á verðina, að minnsta kosti við og við. Og hvað kemur nú til þess, að nefndin hefir ekki tekið þetta atriði upp aptur í breytingar sínar við frumvarpið? Af nefndarálitinu verður ekki séð, hvers vegna það er, og ef að nefndin ekki færir því ljósari ástæður fyrir þessari aðferð, mun eg taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að ákvörðunin um verðina sè aptur upp tekin í frumvarpið. Hvað viðauka-uppástungu meiri hluta nefndarinnar undir tölul. 2 snertir, um 3 manna nefnd í hverju amti valdstjórninni til aðstoðar við fjárkláðalækningar, o. s. frv., þá er mèr ekki vel ljóst, af niðurlagsatriðunum, hvernig löguð nefndin hefir hugsað sèr störf þessara manna ættu að vera. Eptir því sem niðurlagsatriðið er orðað, liggur beinast við að halda, að ætlunarverk þessara nefnda, ætti að vera tvenns konar; fyrst að aðstoða valdstjórnina í kláðalækningunum, og þar næst að vera henni til styrktar við betrun fjárræktarinnar hèr á landi. Eg vonast nú eptir, að nefndin álíti ekki nauðsynlegt, að setja nefndir í Norður- eða Vestur-ömtunum, til að lækna fjárkláða — sízt að sinni — það skyldi þá vera hèr í Suðuramtinu, sem hennar væri helzt þörf. Að þessar nefndir gjöri mikið gagn við betrun fjárræktarinnar hèr á landi, vil eg einnig efa; það er svo sem auðsætt, að nefndarmennirnir verða að vera búsettir hver nálægt öðrum, svo þeir eigi sem hægast með að ná saman, og mundi þar af leiða, að þeir gæti ekki náð nema að eins yfir lítið svæði af hinum víðlendu ömtum, til að verka að nokkru gagni á fjárræktina. Þess vegna verð eg að vera heldur mótfallinn þessari nefndar-uppástungu meiri hlutans, En skyldi hún nú samt sem áður fá meðhald þingsins, verð eg að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæða í þá stefnu, sem eg hefi talað, og eins með tilliti til þess hvernig nefndirnar yrðu valdar, því þar um get eg ekki verið nefndinni samdóma. Hvað uppástungu minni hluta nefndarinnar snertir, þá er eg alveg samþykkur þeirri skoðun sem þar kemur fram,

að nauðsynlegt sè að auka dýrafræðislega þekkingu hèr á landi. Það er almennt viðurkennt af hinum beztu búmönnum fyrir norðan, að nauðsynlegt væri að hafa dýralækna, til að kenna almenningi gott skynbragð á þess konur efnum. Eg skyldi því hafa verið enn þakklátari við hinn 4. konungkjörna þingmann, ef hann hefði stungið upp á innlendri dýralæknakennslu, en það mál liggur nú má ske ekki fyrir, að þessu sinni, og því áskil eg mèr ekki breytingaratkvæði í þá stefnu. En af því mèr þykir uppástunga hans of yfirgripslítil mun eg þó koma með breytingaratkvæði við hana. Eg vil sem sè, að ungum og efnilegum mönnum hèr á landi sè veittur fjárstyrkur til að fara erlendis, ekki einasta til að nema dýralækningafræði, heldur einn veginn til að kynna sèr fjárrækt og fjárræktaraðferð, þar sem hún er bezt, og líkt er háttað landslagi og hèr á landi. Ætla eg að hollara mundi að fara til Noregs, eða Skotlands í þær vændir en til Danerkur. Í þessa stefnu verður mitt breytingaratkvæði.

Konnugsfulltrúi: Út af orðum hins heiðraða þingmanns Suður-Þingeyjarsýslu skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg sagði ekki, að þingið eða landsmenn hefðu hingað til verið á sömu skoðun og stjórnin í kláðamálinu, og eg lagði áherzlu á það, að þetta hefði haft skaðleg áhrif á framkvæmdir í málinu, en að nú liti út fyrir, að þessi samhljóðun í skoðuninni á málinu kæmist á, og taldi eg það mjög æskilegt.

Magnús Jónsson: Af því eg er máske mörgum fremur kunnugur þessu kláðamáli og meðhöndlun kláðans yfir höfuð að tala og hvernig allt hefir hingað til gengið í þessu ógóða kláðamáli, þá ætla eg að gjöra fáeinar athugasemdir við stjórnarfrumvarpið. Við 1. grein, þar sem stendur »einkum á vorin«, þá vil eg setja: *einkum á haustin,* þegar fè kemur af afrètt og á vorin snemma í aprílmánuði; á haustin er það nauðsynlegt mjög vegna þess, að það þá, nefnilega sauðfèð, hefir um langan tíma verið án nokkurs eptirlits, og á vorin er líka eins nauðsynlegt að hafa nákvæmlegt eptirlit með fènu, áður en það dreifist víðs vegar bæði um fjalla-og heimalönd; eg tek mèr því breytingaratkvæði við 1. gr. í þessa átt. Við 2. gr. vil eg gjöra þá breytingu, að við orðið »ráðstafanir« vil eg bæta: *þau verk,* því þegar amtmaður er búinn að skipa fyrir, hvað gjöra skuli, þá vil eg, að strax sè tekið til verka þeirra, er hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra eru á hendur falin, nefnil. lækninganna, ef þeirra við þarf, því ef aðstoðarmaður nokkur er utanhrepps eður utansýslu, þá getur orðið óþægilegt og enda

skaðlegt, að lækningin bíði þangað til búið er að leita álits lögreglustjórans, og á hinn bóginn erfiðara og kostnaðarmeira, ef þessi utanhèraðsmaður þarf um tíma frá að hverfa. Sömuleiðis vil eg, að endi þessarar greinar falli burt. Þá er nú 3. grein, sem mikið hefir verið rætt um. Eg fellst á álit nefndarinnar að nokkru leyti; mèr finnst það bæði hart og enda of þungbært, þó aldrei nema trassar eigi í hlut, fyrir sveitirnar að borga allan þenna kostnað; eg vil því, að hrepparnir ekki borgi hann allan, heldur sleppi við að borga þann kostnað, sem leiðir af utanhèraðsmanna aðstoðinni. Eg er svo kunnugur þessu, að eg get með sanni sagt, að eg þekki fleiri hreppa, sem ómögulega gætu risið undir þessari byrði. Þetta gæti og verið skaðlegt, því má ske lögreglustjórnin einmitt þess vegna skirrist við að taka menn úr öðrum sýslum, sem kynnu þó vera miklu hæfari til þessa starfa en innanhreppsmenn. Framsögumaður gat þess, að þetta mundi leiða hreppsmenn til ávallt að fá utanhreppsmenn; en þetta er ekki á þeirra valdi, heldur er það lögreglustjórnin, sem útnefnir þá og ræður því; eg tek mèr því breytingu í þessa átt við greinina. Við 4. grein vil eg bæta aptan við orðið «heilbrigt fè»: »og hið allrafyrsta taka það undir lækningar«. 5. grein samþykki eg. Eptir 6. grein vil eg bæta inn í nýrri grein um fjármeðölin. Framsögumaðnr hefir farið í líka stefnu og eg, hvað baðmeðölunum viðvíkur, en eg hefi hugsað mèr, að það ættu að vera hin valzisku baðmeðöl, er við fjárkláða ættu ávallt við að hafa. Eg hefi rekið mig á það á næstliðnum vetri, að skortur á kláðameðölum, eins og þá átti sèr stað, leggur algjörða hindrun í veginn fyrir lækningar, því ef nóg hefði þá verið af baðmeðölunum, þá hefði mátt lækna kláðann að mestu eður öllu leyti á suðurnesjum í vetur. Meðölin þurfa líka að vera til og það á hentugum stöðum. Hvað amtsnefndirnar snertir, þá held eg þær komi ei að tilætluðum notum, því hèr er margt þeim til hindrunar, sem máske ekki einungis yrði erfitt við að ráða, heldur og líka ómögulegt.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi mótbárum þeim, sem komið hafa á móti breytingu nefndarinnar við 3. grein frumvarpsins, að því er snertir kostnaðinn við lækningarnar, þá held eg þær sèu þær gömlu og nýju fylgikonur fjárkláðans í Gullbringusýslu, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga vottaði, að enn eigi sèr stað. Eg held, að það sè nú eitt af því, sem lækningarnar hafa strandað á, að kostnaðurinn við þær hefir ekki lent á þeim sjálfum, er hafa

haft fjárkláðann hjá sèr, og alið hann ár af ári, að sömu tiltölu og öðrum, já, hvað meira er, kláðasveitirnar sjálfar, að því leyti sem þær á seinni árum hafa að mestu verið sjóarsveitir, hafa haft miklu minni kostnað af kláðanum, heldur en þær sveitir, sem hafa verið fyrir utan kláðasviðið, þar sem kostnaðinum til lækninganna og eptirlits með fjárkláðanum, hefir verið jafnað niður á lausafèð, og þá bera þessar kláðasveitir minni kostnað að sínu leyti. Þingmaður Reykvíkinga vildi nú einnig takmarka kostnað þann, er legðist á kláðasveitirnar þannig, að þeim mönnum, er teknir væri til lækninganna utanhrepps, væri borgað af jafnaðarsjóðnum, en eg held, að þá verði sama niðurstaðan og áður, því að eg er hræddur um, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að það verði optar kvaddir utanhrepps menn til að sjá um lækningarnar en þörf gjörðist, svo að kostnaðinum yrði þannig eptir sem áður fleygt á þau hèruð, sem eru laus við kláðann, og hafa losað sig við hann með meiri og minni fyrirhöfn og kostnaði, og sem ár af ári eru að berjast fyrir því að verja sig þessum kláða, sem á sèr stað enn í dag, hèr í Gullbringusýslu. Eg vil nú biðja hinn heiðraða þingmann, sem eg veit, að er hlynntur málinu, og er mjög annt um, að kláðanum verði útrýmt, og hverri fjárveiki sem er eða fyrir kynni að koma, að gæta þess, að það hlýtur að vera töluvert aðhald í því, að hver beri sína byrði í þessu efni. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók nú fram, að nefndin hefði hleypt fram hjá sèr, að tiltaka nokkra sèrlega ákvörðun um verðina. Þetta er nú satt, nema að því leyti, að nefndin hefir ítarlega tekið þetta atriði fram í ástæðum sínum, og enn ítarlegar en gjört er í ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir 4. grein. En þetta kom sèr í lagi til af því, að það vakti fyrir nefndinni, að það mætti leiða það út af 4. grein stjórnarfrumvarpsins, að valdstjórnin gæti gjört þessa ákvörðun, þegar henni sýndist þess þurfa og nauðsyn bæri til; og þótt eg og fleiri nefndarmenn værum á því, að þetta væri nauðsynlegt, þá vildum vèr þó eigi fara fram á það með beinni ákvörðun, svo það hindraði ekki löggildingu þessara laga-ákvarðana sem hèr um ræðir. Samt sem áður vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að valdstjórninni verði gjört að skyldu, að setja þessa verði, ef nauðsyn krefur. En þó kann eg að falla frá því, ef mèr lízt svo, áður málið kemur til ályktarumræðu, því mèr er allt um að gjöra, að þeim margrædda kláða verði algjörlega útrýmt, og málið til þess liðkað á sem beztan

hátt að auðið er. Þá kemur nú þar næst uppástunga nefndarinnar viðvíkjandi fjárræktinni yfir höfuð, og álít eg það atriði mikilsvarðandi, þess vegna vil eg styðja að því, að amtsnefndir verði settar, því eg er viss um, ef þær væru skipaðar góðum mönnum, að þær gætu gjört mikið gagn í því efni. Að því er snertir dýralæknana, þá hefi eg nú ekki á móti þeim í rauninni, en eins og fram hefir verið tekið, þá er eg hræddur um, að þeir muni ekki svara kostnaði að minnsta kosti fyrst um sinn. En eg vildi því að eins styðja að því, að þessir dýralæknar kæmust hèr á, ef það væru Íslendingar sjálfir, sem yrðu til að læra þá fræði, svo þeir gætu byggt aðstoð sína og hjálp í því efni á innlendri reynslu. En aptur á móti get eg ekki stutt að því, að vèr fáum dýralækna úr Danmörku, því að reynslan hefir sýnt, að þeir gjöra eigi meira gagn hèr en góðir og skynsamir bændur. Viðvíkjandi uppástungu hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns um það, að ákvarðanir yrði gjörðar, til þess að almennar baðanir kæmist á nú þegar, um allt land, þá finnst mèr það ekki alls kostar heppilegt nè hyggilegt að gjöra beina uppástungu um það nú, þótt eg reyndar ekki sè því mótfallinn í sjálfu sèr, með því að bæði getur það verið til að bæta ullina, og verja óþrifum yfir höfuð. En hann verður að gá að því, að það er ekki síður nauðsynlegt nú en áður að koma eigi með þær setningar, sem ef til vill ríða í bága við úrslit þessa máls, í tilliti til ásigkomulags þess allt til þessa dags; hann veit bezt sjálfur, hvílíkt stríð hefir verið milli manna í þessu máli, og því ætti nú loksins að linna. Þess vegna ætti hann ekki enn á ný, að koma með þær uppástungur, er hèldi þessu stríði við. Eg vildi áskilja mèr eitt breytingaratkvæði um það, er nefndinni hefir gleymzt að athuga, og það er um fjárflutningsbann, þegar næmar fjárveikjur gengi. En það er ef til vill nóg að taka þetta fram í ástæðunum.

Jón Hjaltalín: Eg held að megi nú segja um þetta mál: «Allt er gott þá endirinn, allra beztur verður þó». Það hefir nú aldrei komið nefndarálit í þessu máli, sem mèr hefir líkað, fyrr en þetta, og eg finn mèr skylt að þakka nefndinni fyrir, hvernig hún hefir farið með málið; því þótt eitthvað kunni að vera að nefndarálitinu, þá efast eg eigi um, að allir þeir, sem vilja fárrækt vorri vel og fjárræktarbetruninni yfir höfuð, verði að játa, að nefndarálitið er gott. Og þótt eg sè ekki nefndinni samdóma í einstökum atriðum, þá eru það smámunir; eg hefi heldur ekki heyrt neinar

sèrlegar mótbárur á móti nefndarálitinu. En eg verð nú líka að taka minni hlutann með, og mèr sýnist það mjög eðlilegt, sem hann fer fram á. Þingmenn munu og sanna það, áður langt líður, að hèr verður meiri og meiri og ljósari og ljósari þörf á dýralæknaráðum, og þingið má vel muna eptir því, að þeirra hefir verið hèr þörf. En það er líka eitt atriði í þessu, sem eg vildi athuga. Eg gæti sýnt þingmönnum, ef þeir vildu, skjal eptir einn af formönnum mínum, nefnilega Bjarna landlæknir Pálsson, sem er 100 ára gamalt, og sèst þar, að einmitt hinar sömu mótbárur hafa þá komið fram á móti mannalæknum, og nú koma móti dýralæknum; af þessu skjali sèst, og hve lipurlega honum tókst að eyða þessum mótbárum; enda er nú sú hjátrú farin, að eigi þurfi mannalækna, þeir þykja nú nauðsynlegir, og það munu nú naumast líða hálft hundrað ár hèr frá, þar til dývalæknar verða líka álitnir nauðsynlegir. Það er nú eitt atriði, sem mèr þykir vera lögð vel mikil áherzla á, en þó vil eg eigi gjöra ágreining út úr því, því að það er líka samkvæmt tillögum dýralækningaráðsins. en það er um verðina. Það voru nú einu sinni þeir tímar í Norðurálfunni, að menn ætluðu að drepa alla sjúkdóma með vörðum, en læknar eru nú komnir að þeirri niðurstöðu, að beztu verðirnir sè að framfylgja almennt ströngum heilbrigðisreglum. Þó neita eg því ekki, að gagn geti verið að vörðum í mörgum tilfellum. Allt fyrir þetta er eg nú eigi á móti 4. grein frumvarpsins, því að eg treysti því, að amtmennirnir muni vera svo skynsamir menn, að þeir leggi ekki meiri áherzlu á það atriði, en nauðsynlegt er. Eg get nú sparað mèr að tala um nefndarálitið, því að eg er því samdóma, ef minni hlutinn kemst að líka. Og eg bið þingið, að hugsa vel um, hvort mótbárur þær, er komið hafa á móti dýralæknunum, eru á góðum rökum byggðar. Eg skal reyndar játa það, að það er eigi hægðarverk fyrir útlendinga að átta sig á öllu, sem hèr er einkennilegt, en þetta lærist brátt, og mundu þeir þá þéna til mikils góðs, því að þeir gæti sagt bændum, hvernig þeir eigi að fara að. Það er satt, að mörgum góðum bændum hefir tekizt eins vel að lækna fjárkláðann, og hinum beztu dýralæknum, en eg verð að minna menn á, að þetta hafa þeir einmitt lært af dýralæknunum. En það geta komið fyrir hættuleg tilfelli, og þá standa bændur uppi ráðalausir. Það er ekki langt á að minnast, að á einum bæ missti maður í vetur 130 fjár á 3 vikum, án þess nokkur vissi af hverju. Amtmaður sendi mèr nú skýrslu um þetta

en eg verð að játa, að eg gat eigi sèð, af hverju það var. Hèr held eg, að dýralæknir hefði þurft að koma til, og í slíkum tilfellum standa menn uppi alveg hjálparlausir. Menn komu nú með alls konar hègiljur um þetta atriði, svo sem það átti að vera að kenna, t. d. heyi úr einhverju skeri. — En hið sanna í þessu er, að menn vita ekkert, hvernig á þessu stóð. — Þessi tilfelli geta komið hèr aptur fyrir, og það miklu hryllilegri. Það var t. a. m. í Posen 1846, að fèð hrundi þar niður í stórhópum, án þess menn vissi, hvernig á því stæði, og sá eg í blöðunum, að þangað væru komnir 100 dýralæknar og 30 mannalæknar. Eg veit nú reyndar ekki nákvæmlega, hvernig þeir hafa stöðvað pestina, en einhver ráð hafa menn fundið, því að síðar sá eg af blöðum, að sýkin væri hætt. Vèr sem nú lifum, höfum nú mest að segja af fjárveikjum, en eg held að líka geti komið fyrir nautaveikjur; og menn mega muna eptir hinum mikla nautadauða, sem hèr var á 15. og 16. öld, og það hefir þessi árin verið hèr talsverður nautadauði af hinni svo kölluðu lakasótt. Eg held það væri nú nauðsynlegt, að fá hèr við ráð einhverra þeirra, er kunnugir væri. Eg ímynda mèr nú, að nefndirnar gæti verið góðar og þarflegar, ef í þeim væri einn dýralæknir og einn mannalæknir, og ef þær kæmu þá saman úr öllum ömtunum svo sem annaðhvort eða þriðja hvort ár; þá ímynda eg mèr, að mikið mætti gott af því leiða fyrir fjárræktina yfir höfuð eins og alla dýrasjúkdóma yfir höfuð að tala. Eg verð að álíta betra fyrir Íslendinga, að fara til dýralækningaskólans í Kaupmannahöfn, því að hann er einhver hinn nafnfrægasti dýralækningaskóli í Norðurálfunni; hann mun hafa verið hinn fyrsti dýralækningaskóli, sem stofnaður var á Norðurlöndum, og prófessor Abildgaard, sem dauður er fyrir 100 árum, er nafnfrægur enn. Þeir menn, sem fyrst stofnuðu hann, höfðu fyrst verið mannalæknar og síðan stunduðu þeir dýralækningafræði; og hefir þessi skóli, eins og líka Landbohöiskolen í Danmörku gjört hið mesta gagn. Við þessa skóla eru enn hinir duglegustu menn, og er engi efi á því, að það væri mjög æskilegt að hafa einn mann, er þar hefði lært í hverju amti, og mundu bændur sanna, að hið mesta gagn væri að því. Hinn háttvirti varaþingmaður Reykvíkinga vildi nú, að fèð væri eigi einungis skoðað á vorin, heldur og á haustin. Eg fellst nú alveg á þetta, en eg vil jafnvel ganga lengra. Þessir skoðunarmenn ættu líka að gæta að því, hverjar kindur tiltækilegt væri að setja á, og ættu þeir að fá reglur hjá

dýralæknum, bæði viðvíkjandi kláða og bráðapest, og er þetta nauðsynlegt á haustin. Hann vildi nú, að næg meðöl væri fyrir hendi fyrir kláða, en því ekki líka fyrir aðrar veikjur á skepnum? Eg hefi sèð hèr alvarlega veiki á hestum, að eg ekki tali um hundapestina. En eigum við að vera hèr hjálparlausir á eyði-eyju norður undir heimskauti, hvað sem upp á kann að koma annað en fjárkláði? Eg vil því áskilja mèr viðauka-atkvæði í þessa stefnu. Það kannske sè nú örðugt að gjöra lyfsölumönnum að skyldu, að hafa öll þessi meðöl, en vèr verðum þó að benda stjórninni á, að nauðsynlegt sè, að hèr sèu kláðameðöl meðan fjárkláðinn er hèr uppi. Þingmanni Reykvíkinga þótti það nú of hart, að allur kostnaðurinn lenti á sveitunum, og mèr þykir það nú að nokkru leyti líka, en það getur þó eitt gott leitt af þessu, og það er aðhaldið, svo eg skal hugsa mig um, hvort eg vil gjöra nokkra breytingu við það; einkum þykir mèr það of hart, ef hèr með eru einnig taldar aðrar fjárveikjur. Hinn sami þingmaður var nú líka hræddur um, að þessar amtsnefndir mundu eigi verða að miklu liði; og það geta menn nú allt af sagt. En það dugar nú ekki hræðslan eintóm um að það geti ekki orðið að liði, sem skynsamir menn álíta gott og haganlegt. Eg er nú nefndinni að mestu leyti alveg samþykkur, og þó eg vildi kannske hafa sumt öðruvísi, þá álít eg ekki vert að trana minni meiningu fram, til þess ef til vill að gjöra ágreining í málinu.

Eiríkur Kúld: Það er nú auðsèð, að menn verða að halda sèr að stjórnarfrumvarpinu, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, því að nefndin hefir aðhyllzt það, og allir þeir, sem talað hafa, hafa farið í sömu áttina og nefndin. Eg ætla nú líka að fallast á uppástungur nefndarinnar, því að það væri æskilegt, ef fjárkláðamálið yrði nú loksins leitt til lykta. Það ginnir mig nú líka, að hèr er eigi einungis um fjárkláðann að ræða heldur um sauðfjárræktina yfir höfuð. Eg skal nú játa það, að það er sannfæring mín, að kláðinn sè læknanlegur, en það verður þá að fylgja lækningunum fram með alefli; því hvers vegna er það að kláðinn er enn eigi læknaður hèr syðra nema af því, að lækningunum hefir ekki verið fylgt fram með þeim dugnaði er þurfti. Það dugar eigi að láta meðöl vanta, það dugar eigi að sekta þá, sem þverskallast móti yfirvaldaboðun fyrir hirðuleysi, að sekta þá á pappírnum en láta þá svo eigi lúka sektirnar; þess háttar er til að ala kláðann, en útrýma honum ekki. Þess vegna vil eg, að ef vèr eigum að aðhyll-

ast frumvarp það, sem hèr liggur fyrir með uppástungum nefndarinnar, að þá verði gengið að máli þessu með fylgi, sem einhlítt er til að útrýma kláðanum alveg. Þess vegna álít eg nauðsynlegt, að vèr höfum tryggingu fyrir því, að næg meðöl sèu fyrir hendi, og það eigi að eins móti kláða á fè heldur og móti öðrum fjárveikindum. En það er auðvitað, að engi lyfsali finnur sèr skylt að hafa öll þessa meðöl fyrir liggjandi og hann getur það ef vill ekki vegna efnaskorts. Eg vil stinga upp á, að amtmenn sjái svo um, að lyfsalar fái tryggingu fyrir því, að þeir fái endurgjald fyrir, ef þeir verða að liggja með meðölin, og veitti líklega eigi af því, að lyfsölumanninum hèr verði ætlaðir 1000 rd. en hverjum hinna lyfsalanna 500 rd. Eg verð nú að vera hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu samdóma í um 3. gr., að hið verulega aðhald er fólgið í því, að kostnaðurinn hvíli á þeim sjálfum, er kláðakindurnar eiga. Hinum heiðraða þingmanni Reykvíkinga þótti nú þetta of hart, en eg verð að játa það, að eg er ekki svo brjóstgóður, að eg vilji hlífa trössunum, og eg vildi helzt, að þeir borguðu einir allan kostnaðinn, sem leiðir af lækningu og eptirliti fjár þeirra. Að því er amtsnefndirnar snertir, þá er eg nú ekki fastur á þeim, en þó ímynda eg mèr, að þær kunni fremur að vera til eflingar málinu, svo eg vil fram styðja þá uppástungu, þó finnst mèr eitt athugavert í þessari uppástungu, þar sem ætlazt er til, að meðan dýralæknar ei fáist sè hèraðslæknirinn einn í amtsnefndinni; það sèst á ástæðum nefndarálitsins að nefndin ætlast til þess; þá er það að minni hyggju nokkuð hæpið, því vèr vitum, að nokkur hèraðslæknaembætti eru núna óveitt og vel getur skeð að í þau embætti komi danskir læknar sem auðvitað ekkert þekkja til fjárræktar hèr á landi og held eg það yrði þá að litlu liði, þó hèraðslæknir slíkur væri í nefndinni. Eg vildi nú helzt, að innlendir dýralæknar kæmust hèr á, og geng eg því eindregið inn á minni hlutann, því að uppástunga hans finnst mèr vera til sannarlegrar eflingar fjárræktinni yfirhöfuð sem sannarlega þarf bótar við. En af því mèr skildist á hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að honum þætti ekki aðgengilegt, að þessir amtsnefndarmenn, er nefndin stingur upp á, væru valdir af þinginu núna, þá vil eg leyfa mèr að bera sættaboð á milli hans og minni hluta nefndarinnar, og áskilja mèr það breytingaratkvæði, að amtmennirnir útnefni sjálfir þessa menn, því að þeir hljóta þó að vera eins kunnugir hver í sínu amti, eins og menn yfir höfuð hèr á þingi. Amtmaður getur líka, ef um 2 jafn-

hæfilega menn er að velja, heldur tekið þann, sem nær honnm er og hann á hægra með að ná í, ef hann má sjálfur velja þá. Þar sem sagt hefir verið, að eigi mundi að miklu gagni koma að fá útlenda lækna, þá skal eg ekki þverneita því, að svo sè, þó eg vilji þá heldur en enga dýralækna. En það er líklegt, að vèr fáum íslenzka dýralækna, því að það er sagt, að einn maður úr Austfirðingafjórðungi sè nú þegar búinn á dýralækningaskólanum í Kaupmannahöfn. Þessi maður gæti nú sezt hèr að og kennt út frá sèr, og þyrfti þá eigi það til langframa að standa í vegi, að oss vantaði innlenda dýralækna.

Jón Bjarnason: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir tekið fram margt af því, sem eg ætlaði að segja. Eg vil nú eigi draga hið minnsta úr breytingu þeirri, sem nefndin hefir gjört á 3. grein frumvarpsins um kostnaðinn. Því að eg vil þá heldur kasta frumvarpinu alveg, ef þessi breyting verður ekki tekin til greina, því ef kostnaðurinn ætti að lenda á jafnaðarsjóðunum, eins og áður hefir verið, þá ber allt að sama brunninum og áður, að eigendur sjúka og grunaða fjársins hafa svo lítið aðhald frá sinni eigin fjárhagslegu hlið að útrýma kláðanum; eg tek það alvarlega fram, að allur kostnaður til baðana og lækninga á að borgast af fjáreigendum sjálfum; þá vill hver maður verða af með kláðann; þetta hlýtur hver sá að játa, sem hefir heilbrigða skynsemi. Mig minnir það væri hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem minntist á, að Grindavíkur hreppur væri svo fjárlítill, að hann gæti eigi borið þenna kostnað því að þar væri volæði. En eg vil svara, ef í Grindavíkurhrepp er mjög fátt fè, sem víst mun vera, þá er auðsætt, eður því hægra að útrýma kláðanum þar, og þess mun stiptamtmaðurinn, sem nú hefir tekið við stjórninni gæta, að útrýming kláðans er þar í fölgin, að eigandi hver sè hræddur að eiga ólæknaða kláðakind. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu tók það fram, að allar sendiferðir og umsjón með kláðanum gæti orðið stundum æði kostnaðarsöm; svo að ef til vill þyrfti eigi svo lengi að bíða, þar til kostnaðurinn við lækningarnar á þessu fè væri orðinn meiri, en það sjálft gæti kostað. Eg álít því, að betra væri, að fè þessu væri lógað og þessum hreppi væri þá með fríviljugum fjársamskotum hjálpað til að fá heilbrigðar kindur, og mundu menn ekki ófúsir á þetta, þar sem boðið hefir verið áður fè til þess, að hinu sjúka væri fargað. Eg er því í öllu tilliti samþykkur nefndinni, hvað þetta atriði snertir. En hvað amtsnefndirnar

snertir, þá virðist mèr ekki vera brýn ástæða til að biðja um þær nú, nema ef vera skyldi i Suðuramtinu. Að öðru leyti get eg, ef nefndir væru, ímyndað mèr, að amtmennirnir yrði í meiri vafa, ef sitt vildi hver, heldur en ef þeir væri einir um hituna; og eg er viss um, að allir amtmenn láta sèr það vera ríkt á hjarta að koma kláðamálinu í rètta stefnu. Það hefir líka verið talað um dýralækna, og held eg, að góður dýralæknir í samvinnu við góðan bónda gæti komið miklu góðu til leiðar í sauðfjárræktinni yfir höfuð, bæði með heilbrigðisástandið, og kynbótina, og þyrfti kann ske ekki svo langan tíma til þess. Það hefir nú verið tekið fram, að of mikil áherzla væri lögð á verðina, en eg verð þó að biðja menn að gleyma því ekki, að þeir eru í mesta máta nauðsynlegir, þegar sjúka og grunaða fènu er ekki haldið innan neinna vissra takmarka. Það eru þó allt af hafðir verðir milli sjúkra manna og heilbrigðra í sjúkdómum, þá skæðar sóttir ganga, og banna læknar heilbrigðum mönnum að koma til hinna sjúku svo þeir sýkist ekki, og hèr er þó hægra við að ráða, þar sem skynsemin segir mönnum til. Eg álít því, að menn megi engan veginn gleyma því, að verðir þurfi að vera, enda er það amtmönnunum innan handar eptir 4. gr. að setja þessa verði, þegar brýna nauðsyn bæri til. Eg verð að taka það upp aptur, að það má eigi draga úr, að kostnaðurinn leggist á sveitirnar. Annars þykir mèr frumvarpið óþarft og óhafandi.

Jón Pálmason: Eg get nú ekki annað en glaðzt yfir undirtektum þeim, sem nefndarálitið hefir fengið hjá þingmönnum, af því eg var einn í nefndinni, enda gjörði hún sèr allt far um að laga sig svo eptir stjórnarfrumvarpinu, að það stríð yrði einhvern tíma útkljáð, sem lengi hefir staðið milli stjórnarinnar og þingsins, svo lækningamennirnir og stjórnin gætu nú eindregið farið að sýna sínar góðu verkanir með útrýmingu kláðans, hindrunarlaust af niðurskurðarmönnunum; því öllum mun koma saman um það, að kláðanum þurfi að útrýma sem allra fyrst; en að það sè enn ógjört, ímynda eg mèr, að mest hafi komið til af afllеysi því, sem hèr hefir átt sèr stað hjá valdstjórninni í suðuramtinu eða að minnsta kosti hefir sýnzt eiga sèr stað, að fjárkláðanum er enn eigi útrýmt, og það getur naumast verið, að hèr hafi allt af verið gengið að með fylgi; en kannske þetta verði afsakað með því, að hèr hefir ekki verið eptir neinum lögum að ganga um þetta efni, og held eg því að betra væri, að þau yrðu útveguð, sem nokkuð hertu

á trössunum, sem sýnist að hafi ráðið mestu hingað til í málinu, þegar kláðunum er enn ekki útrýmt eptir nærfellt 10 ára lækningar. Það hafa nú nokkrir fundið að þeirri breytingu á 3. grein, að kostnaðurinn væri látinn lenda á sveitunum, en eg verð að álíta frumvarpið alveg þýðingarlaust, eins og einn þingmaður tók fram, ef þessari ákvörðun er sleppt; og svo fann einn þingmaður að því, að nefndin hefði enga ákvörðun sett um verðina; en eg vil biðja hann að skoða vel og virða fyrir sèr 4. grein frumvarpsins og gá að, hvort ekki sè mögulegt, að háyfirvaldið hafi myndugleika til að setja þessa verði þegar nauðsyn krefur, að minnsta kosti skildi nefndin það svo.

Pètur Pètursson: Að því er snertir 1. grein frumvarpsins, þá er eg samdóma hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga um, að fèð sè skoðað bæði haust og vor. En að því er snertir kostnaðinn við hið almenna eptirlit við lækningarnar, sem 3. grein frumvarpsins hljóðar um, þá fer frumvarpið fram á, að þessi kostnaður sè greiddur úr jafnaðarsjóðunum, en nefndin fer fram á, að þessum kostnaði sè jafnað niður á sauðfè í hreppnum. Þeir sem talað hafa, hafa nú heldur viljað fallast á uppástungu nefndarinnar, af því að þetta væri aðhald fyrir hreppana til að lækna, og eg neita því ekki, að þetta sè álitleg ástæða. En hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið það fram, að sumir hreppar væri ekki færir um að bera þenna kostnað, af því fè væri þar eigi svo mikið. Þess vegna kom mèr til hugar, að miðla málum þannig, að helmingur þessa kostnaður væri greiddur úr jafnaðarsjóðnum, en helmingur af hreppnum. Þar með kæmist nú talsverður jöfnuður á þetta, því þar með hèldist bæði aðhaldið, sem hrepparnir hefði, og þeim yrði ekki of þungt að greiða þenna kostnað. Að því er amtsnefndirnar snertir, þá get eg nú ekki verið samdóma nefndinni, því að eg get ekki sèð, hvernig svona lagaðar nefndir geti gjört nokkurt gagn, sem eins og hrapa ofan úr háa lopti, því að mèr sýnast þær miklu fremur vera liður úr sveitastjórnarmálinu. Eg sè að sönnu, að þingið á að stinga upp á mönnum í þessar nefndir, en eg veit eigi, hvernig þessir menn eiga að vinna gagn eptirleiðis, því að ef mennirnir eru sinn í hverri áttinni, þá held eg, að amtmönnum verði lítill styrkur að þeim, en þeir yrðu þó ærið kostnaðarsamir. Eg kynni því betur við sýslunefndir en þessar amtanefndir, eins og t. a. m. í Húnavatnssýslu, því að hún hefir orðið þar að góðu gagni. Eg felli mig nú vel við minni hlutann,

og þar eð meining hans er, að þessir dýralæknar sè innlendir, þá felli eg mig vel við breytingaratkvæði það, er hinn háttvirti framsögumaður áskildi sèr. Eins og eg áður tók fram, skal eg leyfa mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 1. um að helmingur kostnaðarins sè greiddur úr jafnaðarsjóði en helmingur af hreppnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst þeir sem talað hafa einblína hèr ofmjög á kláðann, og miða allt við hann, eins og hèr væri um engin önnur fjárveikindi að ræða; en eg verð að biðja hina heiðruðu þingmenn að játa það, að frumvarpið er um öll næm fjárveikindi. Hinn heiðraði þingmaður Rangvellinga misskildi mig með öllu, og hið sama er að segja um hinn háttvirta framsögumann. Mèr datt aldrei í hug, að þessi uppástunga væri tekin sem beinlínis ákvörðun upp í lagafrumvarpið, heldur ætlaðist eg að eins til, að það yrði viðauka-uppástunga, rètt eins og uppástungan um amtsnefndirnar. Það var að eins ætlun mín, að yfirvöldin ætti að styðja að því, að baðanir færi fram, en mèr datt alls eigi í hug að gjöra mönnum það að skyldu, því að eg vildi heldur, að menn kæmist að raun um, hvílíkt gagn væri að þessum böðunum, og tæku það upp sjálfviljugir, heldur en að þeir væru neyddir til þess með lögum. Eg held, að amtmennirnir gætu stutt að þessu með ýmsu, svo sem með því, að sjá um, að meðöl sèu til á ýmsum hagkvæmum stöðum, og þótt lyfsölumönnum væri gjört að skyldu að hafa forða af baðlyfjum, þá held eg, að þeir liði ekki mikið tjón við það. Og þótt hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga kunni nú að vera annt um lyfsalann í Stykkishólmi, þá held eg það væri eigi meira fyrir hann að hafa þessi meðöl heldur en meðöl handa mönnum, enda mundu lyfsölumenn fljótt komast að raun um, hversu mjög þeir þyrfti af þessum lyfjum eptir því sem gagnið af böðunum yrði landsbúum ljósara. Það er líka aðgætandi, að þeir kaupa þessi lyf ósamsett, og geta þau því geymzt lengi án þess að þau skemmist. En ef menn færu almennt að baða, þá er eg viss um, að hægt yrði að fá menn til að útvega baðlyfin. Það var ætlun mín, að amtmennirnir ættu að styðja að þessu, án þess mèr dytti í hug að koma fram með það sem beina uppástungu. Eg skal leyfa mèr þá athugasemd, að eg verð að bera á móti því, sem hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu tók fram, að trassaskapur hefði aukizt við það, að borið hefði verið fè á menn, því að stjórnin lagði eigi neitt fè til lækninganna fyrr en 1859; og

hafi fè verið borið á menn í þessu máli, þá kom sá fjáráburður úr annari átt. En hitt er eðlilegt og nauðsynlegt, að stjórnin styrkti menn með því að borga baðlyf og læknishjálp, og eptirlit með lækningunum.

Jón Guðmundsson: Af því að eg er einn í nefndinni finn eg mèr skylt að tala nokkur orð, þó flest sè það búið fram að taka, er þörf er á. Eg kann þeim mönnum þakkir sem talað hafa með breytingu neíndarinnar á 3. grein frumvarpsins. Eg held, að þetta sè ekki eins miklum vandkvæðum bundið og hinn háttvirti konungsfulltrúi lèt fyrst í ljósi; það má mikið vera hafi stjórnin tekið því ástfóstri við jafnaðarsjóðina, að hún vilji hvergi leggja kostnað á nema þá. Konungsfulltrúi tók það líka fram, að sumum hreppum væri þetta of vaxið vegna fátæktar; en hver er sú regla, er komi svo jafnt niður að ekki verði einn eða tveir harðara út undan en aðrir. Fyrir utan uppástungu hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns, sem eg ekki get aðhyllzt, væri enn einn vegur til að hjálpa hreppum þeim, er hart verða út undan, ef menn tækju meðaltalið í hreppum þeim, sem skoðun er gjörð í, einkum ef það eru nágrannahreppar, því þá er það líka í þeirra þágu, að skoðun og lækningarnar gangi sem bezt; eg tek til dæmis Vatnsleysustrandarhrepp, og Rosmhvalaneshrepp; það er í þeirra þágu, að einnig sè skoðað og læknað sem rækilegast í Grindavíkurhrepp. Hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu tók það rèttilega fram, að með þessu móti hefðu bændur betra eptirlit á fè sínu, og það væri þeim hvöt til að gangast fyrir, að fè þeirra væri skoðað, og að það yrði ekkert hálfverk, þegar sveitarsjóðurinn á að borga, en allir mundu ekki leggja eins mikla rækt við þetta, ef vísað væri á jafnaðarsjóðina. En við þetta má enn bæta þeirri ástæðu, sem einnig er mikilsverð, en hún er þessi, að þegar skoðunarkostnaðurinn, sem hèr ræðir um, er lagður á hreppana eptir uppástungu nefndarinnar, þá hafa hreppsbændur sjálfir miklu ríkara eptirlit með því, að skoðun sè leyst vel og rækilega af hendi, heldur en ef þeir ættu að vera alveg lausir við kostnaðinn; svo að með þessari lagaákvörðun, sem nefndin stingur upp á, hefst fram mikils vert aðhald, — sem engi hafði nè getur haft af að segja á meðan þessi kostnaður er tekinn úr jafnaðarsjóði, — bæði á fjáreigendurna og jafnframt á skoðunarmennina. Eg get ekki aðhyllzt breytingaratkvæði það, sem varaþingmaðurinn úr Reykjavík áskildi sèr um, að þeim mönnum, sem utanhrepps eru teknir til skoðananna, skuli borgað úr jafn-

aðarsjóði, og ekki get eg heldur aðhyllzt breytingaratkvæði hins 2. konungkjörna þingmanns, að helmingurinn skuli greiddur úr jafnaðarsjóði; hvorttveggja þetta mundi verða ekki til annars en til að draga úr aðhaldinu er eg nú minntist, og sem allir verða þó að álíta þýðingarmikið. Menn hafa talað um, að nefndin hafi sleppt vörðum og milliflutningum á fè ; en það gjörði nefndin af því hún vildi varast sem mest allar breytingar við frumvarpið sjálft, er sýndust fara í gagnstæða átt við skoðun stjórnarinnar í ástæðunum, svo að sem minnst væri til fyrirstöðu að fá samþykki konungs, til þess að fá þó um síðir einhver lög í máli þessu, heldur en að allt biði til næsta þings, og óvíst hvort samkomulagið yrði þá betra. Nefndinni þótti nóg, að halda ákvörðunum frumvarpsins óbreyttum, og fannst henni, að í tveim ákvörðunum í 4. grein frumvarpsins: «*strangur aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fè*» o. s. frv., og «að lögreglustjóri skuli gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf», væri fólgin vafalaus heimild fyrir valdstjórnina, bæði til þess að banna milliflutninga milli sjúkra og ósjúkra hèraða, og til þess að setja fjallverði á sumrum, hve nær sem það reyndist svo, að «strangur aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fè getur alls ekki orðið tryggjandi með öðru móti. En nefndinni virðist nægja, ef þetta yrði tekið röksamlega og skorinort fram í *ástæðum* álitskjalsins, svo sem skilningur sá, er þingið hlyti að leggja í tèðar ákvarðanir, og svo sem þau skilyrði, með hverjum þingið geti gengið að frumvarpinu óbreyttu. Nefndin hefir þannig ekki fallizt á ástæður stjórnarinnar móti vörðunum, t. d. skoðun dýralækningaráðsins hvorki í þessu efni nè á tíma þeim, er menn megi álíta fè grunað. Það má að vísu virða mikils álit dýralækningaráðsins í þeim efnum, sem hèr ræðir um, ef að um Danmörku væri að ræða eða önnur útlönd, þar sem dýralækningaráðið þekkir vel til eður þar sem líkt hagar, en það þekkir ekkert til hins frábrugðna ásigkomulags á Íslandi, að landslagi, veðráttufari o. fl.; þá met eg meira það sem hinn æðsti dýralæknir, sendur af konungi og sem erindsreki hans, segir hèr í landinu sjálfu og gjörir hèr gildandi. Þá kemur 2. töluliður; um hann hefir mestur ágreiningur orðið. Það er ekki von, að þeir fallist á þessa skoðun, sem hvorki álíta þörf á neinum fjárræktarframförum hjá oss, nè heldur finna neina þýðingu í því að setja fjárræktina í samband við þetta fjárlækningamál. Þessi uppástunga þingnefndarinnar um amtsnefndirnar er byggð á því, að þær geti betur stutt að góðu eptirliti og góðum

framförum í fjárræktinni heldur en amtmenn og yfirvöld einsömul. Ef menn álíta, að ekki þurfi neitt að gjöra við fjárræktina með þessu móti, þá sýnist mèr þó breytingaratkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns lúta að því, að umsjón valdstjórnarinnar sè full nóg. En eg held, að amtsnefndirnar geti komið að góðu haldi; það er ekki af því, að eg vantreysti amtmönnum vorum, en þeir geta ekki verið alstaðar; það er miklu hægra fyrir bændur áð hafa eptirlit á þessu; þeir eru gagnkunnugir í sinni sveit, næstu sveitum og víðar, og standa í miklu nánara sambandi við stèttarbræður sína; eg held því að tillögur þeirra samþykktar af amtmanni geti vakið miklu meiri áhuga á málinu og hafi meiri áhrif á það, heldur en eintóm amtmannsbrèf. Nú er spursmálið þá þetta, hvort meiri og minni hluti nefndarinnar að því sem snertir fjárræktina, ekki getur samrýmst, svo hvorugur þurfi annan að fella. Eg neita ekki, að það er góð hugsun hjá hinum háttvirta minni hluta að fá hèr innlenda dýralækna; eg óska vèr gætum fengið þá sem fyrst, einkum ef þeir þekktu til íslenzkrar fjárræktar og búskapar, svo þeir gætu setið í amtsnefndunum. Að öðru leyti er þessi uppástunga minni hlutans ekki ný; hún er 34 ára gömul. Konungsbrèf 1. júní 1831 leggur fyrir amtmenn, að þeir hlutist til að 3. hvert ár sigli efnilegur ungur maður til Danmerkur til þess að nema dýralækningar og að kostnaðurinn skuli greiddur af jafnaðarsjóði. Hvað marga dýralækna höfum vèr nú fengið með þessu móti um næstliðin 34 ár? Menn geta sagt, að vonandi sè að vèr fáum fleiri næstu 30 árin. Getur verið; en eptir uppástungunni getur enginn fengizt fyrstu 12 árin; en kannske að menn eigi að bíða í 12 ár með tilraunir til að betra fjárræktina; jæja »hver sin Smag« sem að Danir segja. Eg held nú að hvorutveggja geti samcinazt. Minni hlutinn kemur reyndar í bága við meiri hlutann, ef hinn 4. konungkjörni þingmaður ekki vill neinar amtsnefndir fyrr en dýralæknar fást, en meiri hlutinn fer ekki í bága við hann. Eg held, að nefndarmenn þessir geti orðið að miklu gagni; eða heldur nokkur þingmanna, að amtmenn og yfirvöld eintóm eigi betra með að sjá um þetta heldur en valinkunnir menn, sem eru í áliti hjá bændum og hafa ekki að eins reynsluna, heldur einnig þar á byggða almenna tiltrú að styðjast við; og það eru einmitt þeir sem vinnast eiga, til þess að vinna að þessu. Nú sem stendur held eg að reynsla bænda verði affarabezt, ef menn vilja nokkuð að gjöra. Hinn háttvirti konungsfulltrúi var á móti því, að þingið kysi menn í nefndir þessar; eg

skil ekki hvers vegna. Eg held að fáir þingmenn sèu svo ókunnugir í sínu amti, að þeir þekki ekki þá menn sem fram úr skara að reynslu í öllum búskaparefnum og sem tiltækilegast væri að kjósa. Þó eg þekki ekki nema næstu sýsluna í norðuramtinu, held eg að eg gæti nefnt þá menn sem hæfastir væru, og jafnvel í vesturamtinu líka, hvað þá heldur í suðuramtinu.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti varaforseti hafði ekki ástæðu til að taka orð mín, eins og hann tók þau, því eg sagði ekki, að stjórnin hefði tekið neinu slíku ástfóstri við skoðun sína viðvíkjandi kostnaðinum eptir 3. grein, að hún undir engum kringumstæðum mundi breyta henni; en eg taldi að eins líklegt, að hún mundi halda henni, og á þessum orðum þurfti hinn háttvirti varaforseti varla að hneykslast.

Ásgeir Einarsson: Það er í rauninni gleðilegt að standa upp til þess að taka undir það fagnaðaróp, að kláðamálið nú sè útkljáð. Eg veit nú ekki, hvort eg er svo trúarsterkur, að eg sè viss um það, en gott er ef svo væri. Hinn 6. konungkjörni þingmaður sagði, að menn einblíndu á fjárkláðann; þetta er eðlilegt, því frumvarpið er sprottið af fjárkláðanum (*Halldór Kr. Friðriksson*: Og öðrum fjárveikindum), hèr á þingi hefir ekki verið talað um önnur fjárveikindi en kláðann, og svo *klaufaveikina.* Það er búið að tala mikið um frumvarpið sjálft, og ætla eg þess vegna að sleppa því. Hèr eru 2 prætu-epli, amtsnefndirnar og uppástunga minni hlutans. Menn hafa rætt margt um nefndirnar, en samt er eg ekki enn kominn í fullan skilning um, hvernig menn hafa hugsað sèr þær, framkvæmdir þeirra og nytsemi nú þegar. Eptir staflið d eiga þingmenn að kjósa nefndir þessar; eg skil það svo, sem þeir eigi að stinga upp á mönnum, og konungur síðan samþykkja; á undan í staflið b, er beðið um, að kostnaðurinn verði goldinn úr ríkissjóði, og ef það ekki fæst, þá eptir c, úr jafnaðarsjóði. Eg vil vita, hvernig vèr eigum að fá not af nefndum þessum; það þurfa menn að gjöra sèr ljóst, að minnsta kosti áður en til atkvæða er gengið. Eg held að hugmynd þessi sè sprottin af skoðun manna í vetur, þegar menn enga vissu höfðu fyrir, að nein lög mundu koma um þetta efni, nefnilega kláðamálið; þá vildu menn fá nefnd, sem hefði vald til að stjórna kláðamálinu; en nú finnst mèr öðru máli að gegna, að biðja um 3 amtsnefndir áður en dýralæknar fást, að minnsta kosti í Norður- og Vesturamtinu. Nefndin getur einungis verið til gagns hèr í suðuramtinu í haust

í kláðamálinu, af því hinn nýi stiptamtmaður er ókunnugur, og þyrfti ef til vill leiðbeiningar við. Ef nefndin ætti að hafa atkvæðisrètt mót honum, þyrfti hún konunglegrar staðfestingar við; en ætti hún að vera ráðaneyti stiptamtmanns, mundi hann eins vel vilja kjósa hana sjálfur, og er eg viss um, að einhverjir þingmenn væru svò greiðviknir, að benda honum á hina hæfilegustu menn til þess. Eg hef reyndar ekki á móti, að bent sè á menn í þessu skyni, en að þingið strax kjósi í Norður- og Vesturamtinu, get eg ekki skilið, að sè rètt heppilegt. Eg álít gott, ef stjórnin vildi leggja til fè til fjárræktar yfir höfuð, og skyldi því varið til fjárræktar á öllu landinu, vil eg þá helzt, að amtsnefnd væri kosin á amtsfundi, og sú nefnd væri til aðstoðar amtmanni, líkt og sýslunefndir hafa verið í Norðuramtinu. En eg skil ekki, hvernig vèr nú getum beðið um fè úr ríkissjóði handa þeim nefndum sèrstaklega, heldur til eflingar fjárræktinni yfir höfuð, og vildi eg því heldur gefa slíku atkvæði mitt, sem eg álít það mikla nauðsyn, og ríkisdagurinn hefir verið fús á að veita fè til fjárlækninganna á suðurlandi. Viðvíkjandi dýralæknum, þá sannast, að bráðust er barnsþörfin hèr á suðurlandi með dýralæknir, þar sem kláðinn er enn þá, en það verðnr nú lítið úr uppástungu minni hlutans, ef læknar þeir verða 12 ár að fæðast eins og varaforseti hèlt. Sú upplýsing er fram komin, að frumvarpið geti ekki orðið að lögum fyrr en í vor með marzferðinni; þá getum vèr hvorki fengið dýralækni nè fè fyrri, og nefndin yrði ekki samþykkt fyrri en frumvarpið. Eg held því, að nefndir þessar sèu ótímabær burður, þó eg hafi ekki á móti hugmyndinni sjálfri, en vildi helzt hún yrði samfara dýralæknum, þó sú hugmynd ekki sè ný, eins og varaforseti gat um, en kann ske hún verði betur framkvæmd núna, því nú höfum vèr þing, sem mundi mæla með því. Kostnaðurinn ætti, eins og varaforseti tók fram, að lenda á jafnaðarsjóðunum eptir konungsúrskurðinum 1831, það er nú ókosturinn, eins og nú stendur á; mèr finnst nóg hvíla á jafnaðarsjóðunum. Eg veit ekki, hvort menn eiga að fara til stjórnarinnar með þetta, nema því að eins, að hún leggi til fè, eða fría kennslu að minnsta kosti; en vilji stjórnin ekki standast kostnaðinn, held eg að bezt sè, að menn kosti þetta sjálfir með samtökum og fèlagsskap, líkt og menn sumstaðar hafa gjört með jarðyrkjumenn, en að fara að biðja stjórnina að leggja þenna nefnda kostnað á jafnaðarsjóðina, get eg ekki fallizt á. Eg held annars, að menn geti fengið fullt svo góða kennslu í öðrum

löndum sem Danmörku, þó að skólinn þar sè góður. Eg þarf að fá að vita, að minnsta kosti fyrir atkvæðagreiðsluna, hvernig fyrirkomulagið á nefndinni á að vera, og hvernig menn ætla sèr að hafa not af þeim nú þegar. Eg skil ekki, hvað getur verið sameiginlegt með uppástungum þessum, sem varaforseti þó sagði, ef það er satt, að dýralæknarnir ættu 12 ár í land, nema (eptir þessu áliti hans), að þær báðar sèu ónýtar nú og ótímabærar.

Sighvatur Árnason: Það er bæði þingi og þjóð fullkunnugt, að stjórnin hefir lagt mikinn huga á fjárlækningar hèr á landi, sem sjá má af þessu kláðamáli yfir höfuð, og enn af frumvarpi því sem hèr um ræðir, og efast eg ekki um, að henni sè full alvara, og muni því fús á að leggja fè til fjárlækninga og fjárbetrunar hèr á landi. Eg ætla því að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að staflið c, undir tölulið 2 falli burt. Því eg skil ekki annað en sú vara-uppástunga sè óþörf.

Stefán Jónsson: Nefndarálitið hefir fengið góðan róm hjá flestum þingmönnum, en þó finnst mèr eyma af því hjá sumum, að þeim falli frumvarpið ekki alls kostar vel í geð, og eg get tekið undir það í sumu tilliti, því eg vildi gjarnan, að frumvarpið hefði verið nokkuð á annan veg, en eg vildi ekki setja mig neitt á móti því; nefndinni kom saman um að kosta alls kapps um að fara svo vægilega með frumvarpið sem unnt væri, til þess að málið gæti komizt í kring og orðið að þeim notum sem unnt væri, og því hefir nefndin reynt að fylgja frumvarpinu á allar hliðar sem mest hún mátti. Eg held, að menn hafi nú fremur viljað gefa nefndinni góð orð heldur en fallast á uppástungur hennar, því svo eru mörg breytingaratkvæði komin fram við nefndarálitið, að lítið verður eptir af uppástungum nefndarinnar, og ef þau verða fleiri ímynda eg mèr, að þau fremur verði til hindrunar og vandræða, en gagns. Það er sjálfsagt, að bæði eg og nefndin tek fúslega móti öllum breytingum er geta verið málinu til hjálpar. Mest hefir verið talað um uppástungu nefndarinnar um amtsnefndir. Eg er ekki mjög fastur á að halda þeim fram, ef mönnum virðast þær til einskis; en eg hèlt þó, að þær gætu orðið að notum, einkum hèr í suðuramtinu, ef þær fengist fljótt, því eg hafði heyrt, að ýmislegt væri hèr sem kippa þyrfti í lag. Eg hefi til að mynda heyrt, að hèr væri heill hreppur sem ekkert fjárhús væri í; þegar svo stendur á skal mig ekki furða, þó ekki gangi vel að lækna. Þegar fèð verður að liggja úti allan veturinn, þá er líklegt, að ekki sè hollt að

baða um hávetur, þegar fènu verður ekki stungið inn, og nærri má geta, hvernig þá fer með aðskilnað, á því sjúka og heilbrigða. Eg hèlt, að nefndin ef hún yrði sett, ætti hægra með að færa þetta í lag, og því um líkt, því ekki væri þægilegt fyrir stiptamtmann eða sýslumann, að fara um sveitir til að rekast í þessu; en það get eg ekki vorkennt nefndinni; þetta með fleiru dró mig til að fallast á nefndina; mèr þótti þá eðlilegast, að þetta næði einnig til hinna amtanna, þó ekki sè önnur eins þörf á því þar eins og í Suðuramtinu. Varaforseti tók það glögglega fram, að minni hluti nefndarinnar kæmi ekki í bága við meiri hlutann, og það held eg líka, að þeir báðir geti samrýmzt, ef minni hlutinn hefði tekið glöggvar fram, að hann meinti innlenda dýralækna, þá mundi eg hafa fallizt á það, en eg skyldi svo, sem hann meinti danska dýralækna, og það hèlt eg væri ekki tilvinnandi, einkum meðan allt er heilbrigt í hinum ömtunum, enda var búið að reyna það áður. Ef uppástunga minni hlutans gengi í gegnum á þinginu, vil eg að orðið: »fjölga« falli burt, en komi í staðinn: »að koma upp íslenzkum dýralæknum«; því eg þekki engan dýralæknir hèr á landi. Eg ætla ekki að tala meira um breytingaratkvæðin; eg veit, að þau eru gjörð í góðum tilgangi; nefndin tekur þau sem hún heldur að sèu til bóta.

Magnús Jónsson: Hinn heiðraði þingmaður Rangæinga sagði, að menn yrðu að róa að því öllum árum að koma á sátt og samlyndi í þessu máli; eg er honum samdóma í því; en þá verða menn að leggja eitthvað í sölurnar, til þess það geti komizt á. Það hafa margir menn orðið mjög hart úti vegna kláðans, það er satt; fjöldi búenda hefir beðið mikið tjón af honum. Nú verða menn að reyna að útrýma kláðanum með sem hægustu og beztu móti, og til þessa tel eg, auk meðalanna sátt og samlyndi, bæði í fjártillögum og góðum ráðum því enn þá loðir hann við vegna trassaskapar einstöku manna. Eg þekki marga fjáreigendur, sem ekki geta risið undir kostnaðinum við lækningarnar af eigin rammleik, nema með því móti annaðhvort að skera niður kindur sínar, eða, ef trassaskapur þeirra væri tekinn gild og góð vara, til borgunar hans. Hinn heiðraði varaforseti sagði, að eg hefði viljað leggja allan kostnaðinn á jafnaðarsjóðinn; það hefir mèr aldrei dottið í hug heldur einungis, að þessum utansveitarmönnum, er teknir kunna að verða, sè goldið af honum, og til þess er ástæða; því áríðandi er, að mennirnir sèu sem bezt valdir, og ríður þeim, sem ekki búa í kláða-

sveitunum, eins mikið á því, eins og hinum, er í kláðanum hafa velkzt, því öllum er jafnt áríðandi að kláðinn upprætist. Þingmaður Gullbringusýslu vildi einskorða, hvað mikið þeir skyldu hafa um daginn. Eg skal ekkert hafa á móti því, ef að amtmaður má segja við manninn farðu þangað og gjör þetta.

Forseti: Eg vil geta þess, að enn hafa 5 þingmenn beðið sèr hljóðs; aptur á móti hafa 17 þingmanna beðið um, að umræðum yrði hætt; eg vil því biðja þá, sem breytingaratkvæði hafa að kveða þau upp, að svo miklu leyti sem þeir hafa ekki enn gjört það.

Halldór Jónsson: Breytingaratkvæði mitt er einungis vara-atkvæði við uppástungu nefndarinnar við 3. grein frumvarpsins; eg er henni að vísu alveg samþykkur; en ef stjórnin ekki getur fallizt á hana vil eg hafa frumvarps greinina óbreytta, og get ómögulega fallizt á, eða verið því samdóma, að frumvarpið fyrir það verði þýðingarlaust eða óhafandi; því aðalefnið er þó, að kláðanum verði útrýmt.

Jón Sigurðsson: Eins og eg hefði áður gjört ráð fyrir ætla eg að áskilja mèr breytingingaratkvæði við 4. grein frumvarpsins viðvíkjandi vörðunum, og ef til vill líka við tölulið 2 hjá nefndinni.

Jón Hjaltalín: Eg ætla einungis að sameina mig við vara-þingmann Reykjavíkur um, að nóg meðöl sèu til bæði við kláða og öðrum veikindum; eg ætla líka að sameina mig við hinn 2. konungkjörna þingmann í hans viðaukatkvæði.

Hjálmur Pètursson: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður, Norður-Múlasýslu stakk upp á, að dýralæknisfræðisleg rit gætu verið nauðsynleg vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði þessu viðvíkjandi, ef hann ekki gjörir það sjálfur, ellegar eg kann að geta sameinað mig við hinn 6. konungkjörna þingmann, ef breytingaratkvæði það, er hann áskildi sèr í þessa stefnu, er líkt minni hugsun.

Forseti: Undirbúningsumræðu þessari er þá lokið. Eg hef fengið nefndarálitið í læknamálinu; eru þá nefndarálit ókomin að eins í þrem málum, nefnilega málunuum um *jafnaðarsjóði, landbúnað* og *hjúalög*. Fundur verður settur á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

33. fundur — 16. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt álitsmál *viðvíkjandi endurskoðun laganna 19. janúar 1863, um launabót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.* Eg veit ekki hvort framsögumaður, sem er hinn háttvirti varaforseti, vill taka til máls eður eigi.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 431.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Mèr finnst þörf á að tala lítið eitt um þessi breytingaratkvæði. Eg skal þá fyrst geta þess, að nefndin átti eigi kost á að fá að sjá breytingaratkvæðin, áður en þau voru prentuð; en það eru reyndar þau sömu og ráðgjörð voru við undirbúningsumræðuna. Eg get að eins eigi sagt, hver skoðun nefndarinnar allrar er um þessi breytingaratkvæði, eða hvert þeirra út af fyrir sig og get eg því að eins skýrt frá áliti mínu um þau. Það er þá fyrst, að því er snertir 1. tölul., þá er nú sú uppástunga eins og allir sjá, yfirgripsmeiri en niðurlagsatriði nefndarinnar. Að því leyti getur nú eigi verið vafi á því, þar sem öll nefndin og að líkindum allir þingmenn vilja styðja málið í þá stefnu, sem nefndin fer fram, þá getur eigi verið efi á því, segi eg, að þingið ætti þá heldur að taka þetta breytingaratkvæði heldur en niðurlagsatriði nefndarinnar. En eg er í nokkrum vafa um eitt, og það er þetta, að þetta breytingaratkvæði 6. tölu. yfirgripi of mikið, og eg er hræddur um, að það gangi út fyrir þann verkahring, sem nefndinni og þinginu var ætlað með þetta mál, einkanlega að því leyti það hefir í sèr fólgið, að launafrumvarpið, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862, verði hèrna gjört að lögum. Eg er þess vegna hèr í vafa um, hvort ekki sè farið feti oflangt með þessari uppástungu og það geti þannig orðið málinu til spillingar. Eg vildi nú vekja athygli uppástungumannanna á þessu, og vil eg biðja þá áð yfirvega það nákvæmlega, og þess vegna vil eg leyfa mèr að skora á þá að segja til, hvort þeir ekki sèu ánægðir með, að þetta sè skýrt tekið fram í ástæðunum fyrir álitsskjalinu til konungs, en að það sè eigi haft að niðurlagsatriði. Eg ímynda mèr, að niðurlagsatriði nefndarinnar megi koma að fullu haldi, þó að það sè ekki eins orðfullt eins og breytingaratkvæði undir 1. tölul., með því að nefndinni var eigi falið annað

á hendur en að endurskoða þessi lög, annað var henni eigi ætlað, einkum þar eð engin ný uppástunga kom fram, áhrærandi launabóta frumvarp stjórnarinnar 1862, sem vísað væri til þessarar nefndar. En þegar þetta kemur svona fram sem breytingar uppástunga, þá er eg hræddur um, eptir því sem stjórnin hefir skoðað breytingaratkvæði, sem hafa verið yfirgripsmeiri en málin, að þetta breytingaratkvæði verði málinu einungis til spillingar. Eg vil eigi gjöra þetta að neinu kappsmáli, en eg vil biðja hina háttvirtu uppástungumenn að hugsa vandlega um þetta. Að því er snertir breytingaratkvæðið undir tölul. 3. þá var það nú ráðgjört; en eg get ekki séð, að það eigi hèr við, því að þetta er alveg umboðslegs eðlis. Það liggur í frumvarpinu, að kennslustjórnin og stiptsyfirvöldin skipti þessu aðstoðarfè, sem um er rætt í 2. gr. laganna, niður, eptir því sem á stendur; eg held því að þessi ákvörðun geti ekki orðið tekin inn í lagaboðið. Að því er snertir tölul. 4. þá er eg nú ekki harður á móti honum, og eg held, að það geti ekki spillt, þótt hann standi, og sá kostur er við hann, að þeir menn geta komizt að, sem þættust þurfa að gjöra uppástungur um launabót, þegar lögin verða endurskoðuð næst.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki álitið, að uppástungan undir 1. tölul. gangi út fyrir nefndarinnar verkahring, eða geti haft skaðleg áhrif á málið, eins og hinn háttvirti varaforseti hèlt í ræðu sinni, en að öðru leyti virðist mèr það standa hèr um bil á sama, hvort þetta kemur fram sem uppástungu-atriði, eða á þann hátt, sem varaforseti tók fram. Viðvíkjandi uppástungunni undir tölulið 3, um deilingu á aðstoðarfènu, skal eg leyfa mèr að athuga, að þessi deiling er að miklu leyti hin sama, sem hún nú er, að öðru leyti en því, að söngkennarinn fær meira með þessari deilingu, sem hèr er stungið upp á, en áður, en það álít eg líka í eðli sínu.

Að deilingin á aðstoðarfènu verði fast ákveðin, virðist heldur ekki geta verið neitt á móti, en öllu betra en að láta það vera komið undir árlegri ákvörðun.

Bergur Thorberg: Hinn háttvirti varaforseti tók fram, að breytingaratkvæðið undir 1. tölul. færi fram á, að launafrumvarpið frá 1862 yrði gjört að lögum. En það var eigi meining uppástungumanna, að frumvarpið yrði gjört að lögum, heldur að stjórnin fylgdi framvegis þeirri grundvallarreglu, sem frumvarpið er byggt á, og sem stjórnin hefir fylgt frá því að launalögin frá 19. jan.

1863 komu út. Eg skyldi ekki hafa á móti því, að þetta væri að eins tekið fram í ástæðum álitsskjalsins til konungs, ef eg gæti séð, að niðurlagsatriði nefndarinnar væri rètt. En það er ekki með öllu rètt, ef það er skilið eptir orðunum, því það getur ekki verið meiningin að biðja um, að launabótalögin frá 19. jan. 1863 haldist alveg óbreytt, því að það er þegar búið að breyta launaviðbót þeirri, sem talin er í þeim með fjárlögunum fyrir síðustu árin, þar sem sumir embættismenn hafa síðan fengið nýja aldursviðbót eptir grundvallarreglunum í áðurgreindu frumvarpi, og laun þeirra þannig eru hærri en þau urðu við launaviðbótarlögin sjálf. Eins er það, ef embætti losnar, þá byrjar hinn nýi embættismaður með minni launum, heldur en sá, sem fór frá, og getur það víst eigi verið tilgangurinn með uppástungu nefndarinnar að biðja um, að þeir fái að halda launaviðbótinni óbreyttri. Eg held því, að þetta niðurlagsatriði geti ekki staðizt; það mætti reyndar taka það fram í álitsskjalinu, að meiningin væri önnur, en í orðunum sýndist að liggja, en þó virðist mèr það ekki fara vel. Eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, þá get eg nú eigi séð, að þetta breytingaratkvæði fari í nokkru út fyrir verkahring þingsins; og ef mönnum þætti það of langt farið að fara að hreifa við biðlaunum og eptirlaunum, þá skal eg að eins benda á, að breytingaratkvæðið að því leyti einnig snertir ákvörðun, sem er í lögunum sjálfum.

Eiríkur Kúld: Eg skal nú eigi tala langt fyrir breytingaratkvæði mínu, með því hinn háttvirti varaforseti hafði heldur ekki mikið á móti því. En eg tók mèr þetta breytingaratkvæði af því eg verð að álíta, að úr því að Danastjórn veitti nú þessa launahækkun, sem hún gjörði sem formyndari vor, o: meðan fjárhagurinn ei var aðskilinn, þá getum vèr að líkindum eigi breytt lögum þessum, þó vèr fáum sjálfsforræði vort. Þess vegna yrði að hafa tillit til þessarar launahækkunar við fjárhagsaðskilnaðinn, en eigi til launanna sjálfra án launaviðbótarinnar, og sýndist mèr því ópart að leggja þessi launaviðbótarlög fyrir þingið aptur, því það er þýðingarlaust.

Framsögumaður: Eg hefi nú litlu að svara því, sem fram hefir verið tekið. En það var eigi meining mín, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hèlt, að mèr þætti breytingaratkvæðið fara út fyrir verkahring þingsins, að því er snerti biðlaun og eptirlaun, heldur í því, að þar sýnist vera farið fram á, að

frumvarpið frá 1862 verði gjört að lögum. En fyrst hinn háttvirti konungsfulltrúi og uppástungumenn álíta, að svo sè eigi, þá mun eg gefa því atkvæði mitt, þegar eg er fullviss um, að það spilli eigi fyrir málinu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi nú halda fram breytingaratkvæðinu undir 3. tölul. um, að skiptingin á þessu aðstoðarfè væri lögákveðin. En þótt skipting sú, er hèr er farið fram á, sè lík því, sem viðtekið er, þá geta þó kringumstæðurnar breytzt. Fimleikakennarinn getur t. a. m. verið búinn að hafa þann starfa lengi á hendi um það leyti að verða söngkennaraskipti og nýr söngkennari kemur í stað hins eldra. Nú þætti mèr það sanngjarnt, að fimleikakennarinn fengi dálítið ríflegri laun en áður, en aptur byrjaði hinn nýi söngkennari með nokkuð minni launum, heldur en formaður hans hafði á seinustu árum sínum. En þessu yrði þó með engu móti komið við, ef skiptingin á aðstoðarfènu yrði svona lögákveðin, og þess vegna álít eg þetta ekki rètt, því það heyrir einmitt undir æðri embættisstjórn, að ákveða skiptinguna eptir kringumstæðunum í þann og þann svipinn.

Jón Hjaltalín: Eg vil mæla fá ein orð með breytingaratkvæði mínu. Eg get nú eigi verið samdóma hinum háttvirta varaforseta í því efni, og eg get ekki haldið, að það sè í neinu betra að fela þeim mönnum að skipta þessu fè, sem ekkert þekkja til, heldur en að ákveða það með lögum. Eg held og, að hinn núverandi söngkennari hafi átt litlu láni að fagna, því árið 1859 var honum lofað 400 rd. launum, en þegar launaviðbótin kom, þá voru það 70 rd., sem átti að skipta milli hans og fimleikakennarans. Mèr sýnist það nú óeðlilegt, að laun þeirra manna, sem eru í opinberri stöðu, sè ekki ákveðin með lögum, og eg skil eigi, hvers vegna þeirra laun eru það ekki eins og annara; mèr sýnist, að sem flest ætti að vera reglubundið. Eg vil því biðja þingið að hugsa sig um, hvort því þyki ráðlegt að fleygja þessu breytingaratkvæði.

Pètur Guðjónsson: Eg vildi leyfa mèr að fara fáeinum orðum um tölul. 3. Í frumvarpinu frá 1859 er tekið fram, að söngkennarinn eigi að byrja með 300 rd. launum, en enda á 400 rd., en að fimleíkakennarinn eigi að byrja með 200 rd. launum og enda á 300 rd. En þegar til framkvæmdanna kom 1863, þá varð viðbótin, sem kom á báða til samans 70 rd. En þá stóð svo á, að fimleikakennarinn átti að fá aldursviðbót 50 rd., og kærði söngkennarinn sig þá ekki um að taka þátt í þessum 70 rd., svo fimleika-

kennarinn gæti fengið aldursviðbót sína. 1864 sendu nú stipsyfirvöldin skjal til stjórnarinnar og fengu þá með naudung 100 rd. handa söngkennaranum í stað 400 rd., en þessir 70 rd. af aðstoðar fènu gengi inn. Þegar nú tekið er tillit til þess, sem stungið er upp á í frumvarpinu 1859, að söngkennarinn byrji með 300 rd. launum, þá er ekki gjörandi mikið tal úr þessum 20 rd., en mundi verða horfið aptur til hinna upprunalegu 300 rd., ef nýr söngkennari kæmi.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt atkvæðaskránni, er þeir hafa prentaða fyrir sèr.

Síðan voru atkvæði greidd, og fèllu þau á þessa leið:

1. töluliður, Bergur Thorberg og Halldór Kr. Friðriksson: Samþykkt með 19 atkvæðum.

   Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu var töluliður 2. fallinn.

3. töluliður, Jón Hjaltalín og Pètur Guðjónsson: Samþykkt með 15 atkvæðum gegn 3.
4. töluliður, Eiríkur Kúld: Fellt með 11 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálitið í málinu um, *endurbót læknaskipunarinnar á Íslandi, m. m.* Þetta mál er reyndar ekki búið að liggja lögákveðinn tíma á lestrarsalnum, en þó hefi eg tekið það á dagskrá, af því engin önnur mál eru eins nærri hendi, og af því eg get ekki gjört ráð fyrir öðru, en að það sè öllum þingmönnum alkunnugt. Ef enginn mælir í móti, verður það þess vegna tekið til undirbúningsumræðu. Málið verður afhent framsögumanni, sem er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Af því að mèr er illt í augunum, skal eg biðja hinn háttvirta skrifara nefndarinnar að lesa fyrir mig upp nefndarálitið.

Eiríkur Kúld: Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið, og hljóðar það þannig:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 432.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki tefja þingið með því, að fara mörgum orðum um nefndarálitið. Þingið hefir allt af sýnt sig velviljað þessu máli, og eins vona eg að verði enn. En nefndin tekur þakklátlega við öllum skýringum um málið, sem þingmenn geta gefið henni.

Konungsfulltrúi: Það eru vissulega allir samdóma í því, að

læknaskipuninni hèr, sè mjög ábótavant, og fjölgun á læknum nauðsynleg, til þess þörfum og kröfum landsins í þessu efni geti orðið viðunanlega fullnægt. Um þetta er hvorki nè getur verið á-greiningur, en þrátt fyrir þetta verð eg þó mjög svo að efast um, eins og nú stendur, að stjórnin sjái sèr fært, að útvega úr ríkis-sjóði svo mikið fè, sem þyrfti til þess, að fjölga læknum hèr, eins og í nefndarálitinu er stungið upp á, en þar til útheimtist í fyrst-unni milli 4—5 þúsundir ríkisdala, og seinna allt að 10 þúsund-um árlega, Það stendur nú til, að fjárhagur Íslands verði að-skilinn frá Danmerkur, og meðan það mál er ekki komið í kring, er naumast að ætlast til, að stjórnin gjöri hèr í landi ráðstafanir, sem útheimti mikið fjárframlag úr ríkissjóðnum, en hèr er spurs-mál um talsvert fè; að öðru leyti er uppástunga þessi athugaverð bending fyrir þingið, þegar það fer að yfirvega fjárhagsaðskilnað-armálið. Því betrun á læknaskipuninni er ekki það einasta, sem oss vanhagar um, og útheimtir fjárframlögur bæði nú þegar, og eptir því, sem stundir líða.

Hvað tölulið 5., um betra fyrirkomulag á tekjum spítalanna snertir, þá er það mál, eins og hinum háttvirta framsögumanni er kunnugt í undirbúningi hjá stjórninni, eins og segir í hinni konunglegu auglýsingu til þingsins.

Viðvíkjandi 6. tölulið skal eg leyfa mèr að athuga, að það virðist vegna afleiðinganna mikið ísjárvert, að taka það atriði til greina, því það eru margir hèr í sömu stöðu og þessi maður, sem í lagalegum skilningi ekki er nema skottulæknir, og það kæmi í bága við þær, um þessa menn gildandi lagareglur, að veita þeim styrk úr opinberum sjóði. Því reglulegir læknar eru líka í skýrsl-um sínum allt af að kvarta yfir þessum mönnum, sem þó ekki verður hjá komizt, eins og hèr hagar til. Eg get því ekki annað en ráðið þinginu frá að aðhyllast þessa uppástungu. Að öðru leyti þekki eg ekki neitt til hlutaðeiganda, og það getur vel verið, að hann sè þarfur maður.

Hjálmur Pètursson: Eg vildi víkja fáum orðum að því, er stendur undir tölulið 1, staflið d, að læknirinn í Borgarfirði skuli búa einhverstaðar við Hvítá að sunnanverðu; þetta finnst mèr næsta óákveðið, og hefði eg kunnað betur við, að bústaður hans hefði ekkert verið nefndur. Nefndin hefir þó víst eigi ætlazt til að hann sæti á Húsafelli t. a. m., en eptir orðunum í niðurlags-atriði nefndarinnar, gæti hann eins verið þar eins og annarstaðar

við Hvítá. Mèr virðist hagfelldara, að hann heldur væri fyrir vestan Hvítá í miðri Mýrasýslu, því að það mundi nálægt miðbiki umdæmis hans, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að hann væri annaðhvort í Borgarhrepp, eða neðarlega í Stafholtstungum. En viðvíkjandi lækni þeim, er nefndin hugsar að hafa í Keflavík, þá veit eg eigi hvort það er eins nauðsynlegt eins og viða annarstaðar, því að landlæknirinn verður þó allt af hèr í Reykjavík, og þá yrðu 2 læknar í einni sýslu, en eg ímynda mèr, að flestum þætti vel fyrir sèð, ef allar sýslur landsins ættu, hver einn lækni, enda hefir nú nefndin hvergi ætlað tvo í syslu annarstaðar en hèr í Gullbringusýslu, heldur þvert á mót einn lækni í tvær sýslur annarstaðar, og finnst mèr það vera vel hugsað. En yfir höfuð vil eg styðja þetta mál, og óska, að læknar fjölgi hèr á landi, svo sem mögulegt er og þörf er á.

Jón Pálmason: Eg er einn af þeim, sem mjög er meðmæltr þessu máli, og álít hina mestu þörf á því, að bætt verði úr læknaskipuninni hèr á landi, því of margar sýslur eru hèr læknalausar til þess, að menn vildu eigi af alefli styðja að því, að óskum landsmanna í þessu nauðsynjamáli yrði framgengt. En eg vildi vekja athygli nefndarinnar að því, hvort það muni vera heppilegt, að skylda læknana til að búa í kaupstöðum, eg fyrir mitt leyti álít það ekki. því eg verð að álíta, að menn hljóti að ganga út frá því, að læknirinn sè kvæntur maður og eigi fleiri eða færri börn, og verður honum þá örðugra að komast af í kaupstað, þar sem hann engan eða lítinn búskap getur haft, heldur en ef hann mætti velja sèr sjálfur bústað, þar sem honum væri hentugast; eins er ómögulegt fyrir hann, að taka á móti gestum eða sjúklingum, ef hann hefir aðsetur sitt á verzlunarstað, sem hann er þó, ef til vill, neyddur til ef hann er þar. Mèr sýndist miklu fremur, að læknirinn ætti að eiga heima um miðbik sýslunnar, ef þingið álítur nauðsynlegt, að tiltaka nokkuð um það.

Konungsfulltrúi: Mèr láðist eptir að minnast á atriðið undir tölulið 4., viðvíkjandi þeim 200 rd. úr jafnaðarsjóð amtanna, sem beðið er um, að leggist til læknakennslunnar í Reykjavík. Eptir því, sem upphaflega var tilætlazt, áttu þessir peningar úr jafnaðarsjóðum amtanna, að ganga til þess að koma upp aðstoðarlæknum, en þeir sem landlæknirinn kennir, eiga að geta orðið reglulegir hèraðslæknar, svo þessi uppástunga kemur að þessu leyti í bága nokkurn við þann upphaflega tilgang. Svo höfðu líka hlut-

aðeigandi hèraðslæknar eptir því, sem fyrst var tilætlað, ef þeir kenndu einhverjum til þess hann gæti orðið aðstoðarlæknir, aðgang að þeim umræddu launum úr jafnaðarsjóðunum, en það missa þeir, ef uppástungunni yrði framkvæmt. Að vísu hefir enginn hèraðslæknir, svo eg viti til, kennt neinum til að verða aðstoðarlæknir, en rèttinn hafa þeir eigi að síður. Samt sem áður vil eg ekki vekja neinn ágreining um þetta atriði, ef þingið skyldi aðhyllast uppástunguna.

Framsögumaður: Eg ætla að leyfa mèr að fara fáeinum orðum um þessa aðstoðarlæknakennslu, sem hefir nú staðið á pappírnum síðan 1848, því að konungsúrskurður þessi hefir alls ekki komizt lengra, og eg veit ekki, hvað er að narra lýðinn, ef það er eigi það, að lofa honum því, sem ekkert verður af. Eg hefi talað við einn amtmann, sem hèr er í bænum, og sagði hann, að hann hefði allt af safnað þessu fè, og haft það á reiðum höndum, en enginn hefði komið, sem hefði viljað kenna. Svona gekk nú þar til 1859, þá veitti stiptamtmaður þetta fè til kennslu einum, sem nú er orðinn læknir. Fyrr gat þetta eigi komið að neinu gagni, því að engar reglur voru til um, hvernig þessir aðstoðarlæknar áttu að yfirheyrast, en það áttu að koma reglur um það, og þó eru þær ekki komnar enn. Svo menn verða nú að fara að búa til nýjar reglur, ef þetta á að verða að nokkru gagni; en eptir því sem nú er komið máli þessu, þar sem reglum bundin læknakennsla er komin á hèr í Reykjavík, væri nú bezt að hugsa eigi upp á þessa aðstoðarlæknakennslu frá 1848. Eg vil því ráða þinginu til, að skipta sèr alls ekkert af þessu atriði, því að það er að eins til að kasta mönnum «Blaar i Öinene». Mèr finnst og, að hèraðslæknar geti heldur eigi haft hèr neinn rètt, þegar þeir eigi hafa kært sig um að kenna. En þeir hefði 1849 átt að spyrja um, hvernig þessir menn ættu að yfirheyrast, og hvaða rètti þeir ættu síðan von á, en með því þetta eigi hefir verið gjört nú í 16 ár, þá er svo sem auðvitað, að þessi gamla aðstoðarlæknakennsla ekkert er nema pappírsgagn. Eg vil því leggja það undir dóm þingsins, hvort það er gjörandi að leggja nokkra áherzlu á þetta atriði. Viðvíkjandi því, sem sagt var, að óhentugt væri, að læknar byggi á verzlunarstöðunum, því að bæði væri dýrara að lifa þar, og eins væri örðugra að leita þeirra, þá verð eg að geta þess, að mèr virðist það þó margt, sem talar fyrir því, að betra sè, að þeir sèu í kaupstöðunum, og er það fyrst, að þar er mest þörf á sótt-

vörn, og við höfum þó sóttvarnarlög, og það getur vel komið fyrir, að mönnum sè hèr mikil hætta búin af útlendum sóttum. Annað er það, að hvergi sækir eins margt fólk að og í kaupstöðunum, og það einnig hægast fyrir menn að ná í ráð frá lækninum og að gjöra honum boð með kaupstaðarfólki. Þessir læknar verða og að hafa meðöl og meðalasölu sjálfir, og getur verið örðugt fyrir þá að flytja þau langt upp í sveit. Það stendur líka víða svo á, þótt það sè ekki alstaðar, að kaupstaðir eru um miðbik sýslanna. En nefndin hefir heldur ekki gjört þetta að ófrávíkjanlegu skilyrði. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna tók fram, að það væri ekki tiltekið, hvar læknirinn ætti að búa við Hvítá, og er það satt. En eg hèlt, að engum og sízt lækninum sjálfum gæti dottið það í hug að vera fram á Húsafelli. Hann nefndi nú, að mig minnir, Borgarhrepp, þar sem læknirinn ætti að vera, og finnst mèr það nú heldur ekki hentugt, því að þaðan er æðilangt bæði fram í dalina og eins út á Akranes. Það er nú ekki örðugt að fara yfir Mýrarnar á vetrum, á sumrum kann það að vera nokkuð örðugra, en þó eigi mjög. Það var nú líka sagt, að eigi væri vert að ákveða, hvar læknarnir skyldu búa, en það er þó venja í Danmörku, og þykir mèr fara betur á því. Það var nú einnig sagt, að stjórnin mundi ekki eiga hægt með, að útvega svona mikið fè, en eg held að varla verði talað um það, því að hvað munar stjórnina um 5—6000 rd. Enda er eg viss um, að stjórnin tekur þessu máli vel, því að það er ekki sá maður í Danmörku, sem ekki veit, að læknaskipunarmál vort þarf aðgjörða við. Það er nú, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, gott að þingmenn sjái, hvers vèr þurfum við, og eg held, að það sè líka gott, að Danir sjái það, því að eg þykist sannfærður um, að þeir vilja ekki láta oss vera á flæðiskeri stadda, þar sem um lífsnauðsyn vora er að ræða.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist ekki þurfa að vera að ræða um, hvar þeir umbeðnu læknar skuli búa, það er nógur tími til þess, þegar þeir eru fengnir, og þá má til taka samastað hvers eins, elns og bezt þykir hlýða í hvert skipti.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla fyrst að tala nokkur orð sem nefndarmaður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi efaðist um, að stjórnin mundi sjá sèr fært að útvega svo mikið fè í einu, sem þyrfti handa öllum þessum læknum. Það er öllum auðsèð, bæði af nefndarálitiau og öllum kringumstæðum, að það er ekki meiningin, að öll þessi embætti verði skipuð læknum í einu; það er

heldur ekki mögulegt, því svo mörg lækna-efni eru ekki til; það er stungið upp á 7 nýjum lækna-embættum; nú eru 3 af hinum gömlu lækna-embættum laus, og mun því líða töluverður tími þangað til læknar eru komnir í öll embættin, og líklegast verður fjárhagsaðskilnaðurinn kominn á fyrri, svo ekki kæmi til fyrir ríkissjóðinn að leggja út fè þetta allt saman nú þegar. Eg verð að tala nokkur orð um tölulið 6, því eg var flutningsmaður bænarskrár þeirrar, sem liggur til grundvallar fyrir honum, og verður hún líklega sú seinasta, sem eg flyt frá þeirri sýslu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi varð öldungis forviða á þeirri ósamkvæmni, sem uppástungan hefði í för með sèr. Það getur verið, að þetta stríði móti rèttum grundvallarreglum, en eg held, að megi tengja þetta við konungsúrskurð 12. ágúst 1848, því þar er talað um styrk úr jafnaðarsjóði handa aðstoðarlæknum. Eg held, að þessi maður mundi jafnast, við aðstoðarlækna þessa; hann var yfirheyrður af landlækni, og hafði hann í ráðum með sèr 2 áreiðanlega menn, nefnilega konferentsráð Thorsteinson og amtmann Melsted, þegar hann gaf nefndum Jóni á Hellu, aðstoðarlæknisleyfið og síðan hefir hann verið heppinn læknir. Eg flyt ekki þetta mál vegna mannsins sjálfs, það geta menn sèð; hann hefir sagt, og auglýst það í blöðunum, að hann gæti ekki haldið áfram að lækna, nema hann fengi einhvern styrk. Hann var þá beðinn að halda áfram lækningum, en það gat hann ekki, án þess að hætta við sinn bezta bjargræðisveg, nefnilega að vera formaður. Á fundi, sem haldinn var í Strandasýslu áður en eg fór til þings, var eg heyrnarvottur að því, að margir beiddu hann um að halda áfram lækningunum. Hann gaf þá kost á því, ef hann fengi 100 dala styrk árlega, en kvað sèr það annars ómögulegt. Þá var talað um hvaðan styrkinn ætti að fá. Eg sagði þeim, að eg hefði flutt bænarskrá þessa efnis til landlæknis; hann vísaði mèr til stiptamtmanns, og hann aptur til amtmannsins í Vesturamtinu, en nú dó amtmaður Melsteð, en lèt þó áður í ljósi við mig munnlega, að sèr þætti sanngjarnt, að Jón fengi nokkurn styrk af launum þeim, sem læknirinn í Stykkishólmi hafði verið veitt sem settum í Ísafjarðarsýslu eða nyrðra læknisumdæminu, sem hann aldrei stè fæti sínum í þann tima, og í Strandasýslu hefir, eptir því sem eg veit til, aldrei komið neinn af þeim læknum sem Strandasýslubúar áttu að heyra til nema Lind einu sinni. Í bænarskránni er tekin fram vegalengdin úr Strandasýslu og á Ísafjörð; hún er nefnilega 5 þingmannaleiðir,

reyndar lengri þaðan sem lengst er á landi og 5 vikur sjóar, svo allir sjá, að Strandamenn eru ekki vel farnir í þessu efni. Eg álít hèr ekki vera til mikils mælst. Eg vil segja við þingið, að lítið má ef gott vill. Ef að þetta raskar rèttlætistilfinningu þingsins, og er á móti grundvallarreglunum, þá gleðst eg í hæsta máta fyrir þeirra hönd, sem fá sæti hèr eptirleiðis, yfir því hvað þingið verði vinsælt fyrir reglu og samhljóðun, og á hinn bóginn fyrir sínar góðu tillögur, ef það aldrei gjörir meira ranglæti, eða fer ver með fè landsins en þetta lítilræði, en þótt það nú veiti 100 rd. manni þessum, til þess hann geti haldið áfram lækningum meðan Strandamenn eru í öðrum eins vandræðum staddir og nú eru þeir. Mèr er þetta ekkert kappsmál. Ef þingmenn hafa staðfest það með sèr, að greiða atkvæði móti þessu, vildi eg óska að þeir færu sem fæstum orðum hèr um, svo þeir ekki særi tilfinningar beiðendanna. Þingið er ekki svo vinsælt að það ætti að rýra vinsæld sína um skör fram.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist eðlilegast, að sýslan sjálf skjóti saman hinum umræddu 100 rd., fyrst maðurinn er þess maklegur, og eg get í þessu tilliti snúið orðum þingmannsins úr Strandasýslu »lítið má, ef gott vill«, við upp á hlutaðeigendur sjálfa, því það ekki nema fjöður af fati heillrar sýslu að skjóta jafnlitlu fè saman, sem hèr ræðir um. Hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu má ekki skilja orð mín þannig, að eg hafi á móti manninum, en það er á móti grundvallarreglum laganna, að honum, sem slíkum, sè launað úr opinberum sjóði.

Sveinn Skúlason: Uppástungur nefndarinnar líka mèr flestar vel, en þær eru ekki eins margar og eg hafði búizt við eptir uppástungu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns. Þar kvartaði hann yfir, hvað sèr væri örðugt að kenna, og að hann ætti bágt með að komast yfir allt, sem lesa skyldi, svo að nauðsynlegt mundi verða að lengja kennslutímann; eg hèlt því, að nefndin nú mundi koma með uppástungu um að nýtt kennara-embætti væri stofnað hèr í Reykjavík til aðstoðar landlækni, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt. Eg er samdóma nefndinni um hin nýju læknisembætti, en vil þó áskilja mèr breytingaratkvæði um, að skorin verði aptan af töluliðunum *a g* ákvörðunin um bústaði læknanna. Mèr sýnist, eins og hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að engin þórf sè að ákveða það nú; það má gjöra það smátt og smátt, jafnóðum og hvert er stofnað. Eg verð að vera á sama máli og

hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga, að óhentugt sè að setja lækna í kaupstaðina. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að kaupstaðir optast væru í miðju umdæmisins; en það er þó ekki nærri ætíð áreiðanlegt; hann getur þó ekki sagt að t. a. m. Eyrarbakki sè í miðbiki umdæmisins; eg held að læknir sè þar bezt settur 2—3 mílur fyrir ofan kaupstaðinn. Það er satt, sem framsögumaður sagði, að margar ferðir eru í kaupstaðina, og er það að vísu kostur, en það er aðgætandi, að læknunum er ekki lífvænt í kaupstað með þeim launum, sem þeir geta fengið hèr á landi, og þykir mèr því ófært að skylda þá til þess að sitja þar. Eg hefði heldur viljað, að læknisembættin hefðu verið 8 en 7, og vil eg bæta einum lækni við undir tölulið 7, því eg er viss um, og einkum eptir að eg heyrði ræðu varaþingmanns Strandasýslu, að frágangssök er fyrir einn lækni að þjóna umdæmi sem nær frá Látrabjargi yzt á Barðaströnd og norður að Horni á Hornströndum. Eg ætla mèr samt ekki að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt; það gjöra að líkindum þeir, sem málið er skyldara. Eg er á því að ekki sè mikil þörf á stafliðnum *f*, einkum ef uppástunga mín um aðstoðarkennara hèr verður tekin; þá verður þörfin minni. Þá er eitt atriði. sem eg bjóst við, að nefndin hefði tekið fram; það kom nefnilega bænarskrá frá Suðurþingeyjarsýslu um aukatekjureglugjörð fyrir lækna; það er nauðsynlegt fyrir báða parta, að þetta sè greinilega ákveðið, svo ekki rísi af því umtal og óánægja. Eg get ekki skilið að þingið fallist á tölulið 6. Stjórnin hefir viljað, að læknum væri launað úr læknasjóðinum, en þingið hefir bandað móti því stöðugt og af alefli. Ef þingið nú vildi að í stað þess að launa læknum af þessum sjóði, yrði farið að verja honum til launa handa skottulæknum, væri það svo óhafandi ósamkvæmni, að þingið gæti með engu móti verið þekkt að því.

Björn Pètursson: Eg kann ekki við, hvernig 1. töluliður er orðaður, og held að það geti valdið misskilingi, því það hefir víst ekki verið meining nefndarinnar að stofna 7 læknisembætti í hverri sýslu; en eptir því sem hèr er orðað, liggur næst að skilja það svo. Eg vil því áskilja mèr rètt til að bæta inn í þessum orðum «hèr á landi». Eg ætlaði og að taka mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga, nefnilega að stytta allar þessar smágreinar þannig að orðin: «og etc.» falli burt. Það er margt sem mælir móti því að ákvarða lækni bústað. Hver getur t. d. ábyrgzt, að hann geti fengið að búa þar sem

þingið tiltekur; það er ekki sagt, að hann sè svo efnum búinn, að hann geti byggt sèr hús, eða svo standi á, að hann geti fengið það leigt einkum í kaupstöðunum. Hvað 4. tölulið snertir, þá get eg ekki annað en verið samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í því sem hann sagði. Hann tók það fram, að konungsúrskurður 12. ágúst 1848 ekki gæti náð til læknakennslunnar hèr, heldur ætti hann við aðstoðarlækna í hverju amti fyrir sig, og mætti því ekki sá styrkur leggjast hingað. Eg held að betur ætti við að verja allt að 600 rd. úr læknasjóðnum til læknakennslunnar hèr í Reykjavík. Þetta er líka samkvæmt því, sem þingið einlægt hefir viljað, sem sè að læknasjóðnum sè varið til læknakennslu; eg held að sá sjóður þoli það vel, en jafnaðarsjóðirnir alls ekki; það er búið að leggja nóg á ágóðann af ám og kúm, þó ekki sè bætt við. Um 6. tölulið ætla eg ekki að tala, en undarlegt þykir mèr, að nefndin skuli ekki nefna þá menn, sem eru víst fullt eins verðugir og þinginu þar að auki kunnugir; til þessa Jóns á Hellu þekki eg ekki annað en að konungsfulltrúi skirði hann skottulækni, og vona eg hann standi við það, og hafi ekki skírt hann ófyrirsynju. Eg þekki ótal skottulækna, sem eg er nokkurn veginn viss um að eiga allt eins vel skilið að fá þóknun eins og þessi Hellu Jón. Ef þetta væri samþykkt til handa þessum skottulækni er ekki annað líkara en að þeir allir mundu rísa upp og biðja um styrk. 1863 var farið fram á, að þegar læknir væri settur í óveitt læknaembætti, skyldi hann fá öll þess embættislaun. Nú stendur það í hinni konunglegu auglýsing til þessa alþingis: »Hið næsta niðurlagsatriði í bænarskránni, er lýtur að því, að *útlærðir menn í læknisfræði,* sem verða settir í óveitt læknaembætti á Íslandi, fái, meðan þeir veita embættunum þannig forstöðu, að njóta embættislaunanna óskertra, virðist vera óþarft, með því einmitt þannig hefir ávallt verið aðfarið, þegar svo hefir verið ástatt sem hèr ræðir um.» Eg veit ekki til að þessu sè fylgt. Eg vil taka til dæmis hèraðslækni Finssen; það neitar víst enginn, að hann sè útlærður maður; hann hefir verið settur í Austfirðinga fjórðungi síðan Gísli Hjálmarsson sagði af sèr, og hefir þó ekki fengið nema helming læknislaunanna. Eg get ekki komið þessu heim við það sem stjórnin segir, og vil því biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa að skýra þetta fyrir mèr.

Konungsfulltrúi: Það er misskilningur hjá þingmanni Suðurmúlasýslu, að orðin í hinni konunglegu auglýsingu, sem hann

tilgreindi og vitnaði í, sèu ekki samkvæm því, sem viðgangist in praxi. Það er almenn regla, að þegar einhver, sem ekki hefir annað embætti á hendi, er settur til að gegna einhverju embætti, ásamt með sínu eigin, fær hann þau laun óskert, sem embættinu eru lögð, en annars ekki nema hálf laun af því embætti, sem hann gegnir sem settur, og það er því öldungis samkvæmt þeim gildandi reglum, að læknir einungis fær hálf laun, sem settur læknir í Múlasýslunum.

Það var talið af þingmanninum í Norður-Þingeyjarsýslu sem galli á nefndarálitinu, að nefndin hefði ekki tekið bænarskrá um aukatekjureglugjörð handa læknum hèr á landi til greina; en eg ætla, að nefndin hafi gjört rètt, því hún hefði vissulega ekki getað annað en ráðið frá því, því annmarkarnir á þeirri uppástungu eru yfirgnæfandi og í augum uppi, enda voru, þegar það mál fyrir æði mörgum árum kom hèr til umtals, allir læknarnir hèrna nema einn því mótfallnir, að slík aukatekjureglugjörð væri æskileg.

Framsögumaður: Þingmaður Suður-Múlasýslu er svo góður stýlisti, að honum líkar nú ekki allt, en það er lengi hægt að snúa út úr. Ef hann vill, getur hann fengið að spreyta sig á álitsskjalinu til konungs, til þess að sína sinn glæsilega stýl, en þó mun nefndin vilja líta á það; eg held hver sem vill skilja, geti skilið 1. tölulið; en það má líka misskilja margt, ef maður gjörir sèr far um það; öðru svara eg honum ekki til þessa, er hann sagði í þessu skyni. Honum þykir læknasjóðurinn nógu stór, en jafnaðarsjóðirnir minni; en ætli læknasjóðurinn færi ekki að minnka, ef tekin væru af honum laun handa læknum núna; stjórnin hefir tekið það skýrt fram, að hún vill ekki sem stendur láta skerða læknasjóðinn, og væri því sama sem að fella málið, ef menn vísuðu á hann. Sè landið svo aumt, að jafnaðarsjóðinn muni meira um 200 rd. nú en 1848, þá lítur ekki vel út fyrir læknaskipuninni. Sjóarbændur kvarta yfir, hvað mikið þeir verði að gjalda til sjóðs þessa, en það mundi bera minna á þeim halla, sem hèr virðist vera á millum sjómanna og bænda, ef úrskurðurinn af 1848 væri látinn óbreyttur; það bryddi þegar í sumar á bænarskrám hèr úr sjóplázunum um lèttir á þessu. Eg þakka hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga fyrir aðstoðarlækninn, sem hann vill útvega mèr; eg veit ekki, hvort stjórnin fellst á það, þegar hún sèr, að lètt er á mèr Gullbringusýslu. Ef þingmaðurinn þekkti til á Suðurnesjum, mundi hann játa, að það væri nauðsynlegt, að

læknir væri settur þar. Það léttir líka undir með landlækninum, því þó ekki séu margar ferðir þangað á veturna — þær eru opt ómögulegar eða illfarandi — þá er þó mörgum spurningum og ráðfæringum að svara. Þingmaðurinn áleit, að ekki væri nóg einn læknir fyrir Barðastrandar- og Strandasýslu; eg held það líka; en ekki eru sýslur þessar þó svo ærið fólksmargar. Aptur á móti er Gullbringu- og Kjósarsýsla, einkum um vertíðina á við 2 eða 3 aðrar sýslur, og til þessa verður maður þó að hafa tillit, því þess fleira fólk, því fleiri sjúkdómstilfelli; eg held, að það sé talsvert gagn, ef einn læknir fæst í Borgarfjarðarsýslu. Það hefir ekki verið farið rètt vel með nafna minn á Hellu; konungsfulltrúi sagði, að hart væri að biðja um laun handa skottulæknum, en (distinqvendum est inter) munur er á hver maðurinn er. Jón þessi hefir gjört gagn; síðan eg varð landlæknir hefi eg aldrei haft neitt á móti ólærðum mönnum, sem gjört hafa gagn með lækningum sínum; eg hef heldur aldrei kvartað yfir þeim í skýrslum mínum. Það kynni heldur að vera um homöopathana, af því okkur þykja þeir skemma með því að ráða fólki frá Allopöthunum. Menn vilja ekki ákveða bústaðinn; eg held nefndin hafi ekki verið óheppin, er hún tiltók kaupstaðina; það er hèr um bil sama að búa í þeim eins og á landinu; það er ekki dýrara að lifa á Eyrarbakka eða Papós heldur en í sveit, en er talsvert hægra fyrir fólk; enn er eitt, sem mælir með kaupstöðunum; það er til einn sjúkdómur, já, það sannast á honum, nomina sunt odiosa, sem stundum kemur í kaupstaði, og ekki væri hollt að flyttist upp í sveitir, það hefir komið fyrir, að eg hef orðið að halda mönnum með þessum sjúkdóm úti á skipi. Ef læknirinn er langt frá, getur hann ekki gætt þessa sem þarf. Þó að eg ekki nefni sjúkdóminn, ímynda eg mèr, að menn muni geta sèr til hver hann sè.

Sighvatur Árnason: Eg vildi að eins minnast á 4. tölulið. Eg er óánægður með, að þessir 200 rd. verði greiddir af jafnaðarsjóðnum, því tekjustofnar þeirra eru misjafnir og kemur því ójafnt niður; þar á móti vil eg styðja að því, að 600 rd. borgist af læknasjóðnum til þessa augnamiðs, því það er sjóður alls landsins. Að öðru leyti er eg málinu hlynntur og felli mig vel við nefndarálitið yfir höfuð að tala. Það gladdi mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram þá brýnu nauðsyn til þessa, og eg vona, að þegar bæði þjóðin og þingið lýsa þessari nauðsyn landsmanna, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur með því sín góðu meðmæli,

þá muni stjórnin verða fús á að láta fè eigi vanta. Stjórnin bæði veit og sèr, að það er skylda hennar að gegna þessu mikilvæga máli, sem allt til þessa hefir um langan aldur staðið óumbætt og bakað landsmönnum margar raunir og óhagnað. En eg áskil mèr rètt til breytingaratkvæðis við nefndarálitið í þá átt sem eg áðan gat um við 4. tölulið.

Sveinn Níelsson: Eg lýsi því yfir, að eg verð að styðja nefndina, og mèr dettur ekki í hug að vera móti henni í nokkru. En eg ætlaði að minnast á það, sem fleiri þingmenn og einkum hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafa tekið fram og það er um læknanna bústaði. Eg ætla ekki að hafa á móti þeim kostum, sem framsögumaður taldi með kaupstöðunum, en vil þó segja svo mikið, að eg gæti ef til vill komið með eins marga ókosti á móti. Eg vil þó að minnsta kosti tilnefna einn, sem allir menn kannast við; í kaupstöðunum er t. a. m. tilefni til einnar vissrar freistni fremur en upp í sveit. Eg þekki 4 lækna, sem lengi hafa verið í sveit, og ekki nálægt kaupstöðunum og var mikil aðsókn að þeim, og það jafnvel úr öðrum sýslum og fjórðungum, og má eg þó bæta því við, að þrír af þeim höfðu ekki numið á vísandalegan hátt læknisfræði; og sveitabústaður þeirra var því ekki í minnsta máta til fyrirstöðu, að menn sæktu til þeirra. En kosturinn við að búa í sveit er sannarlega sá, að læknirinn gæti þá komist af með minni laun til viðurhalds sèr og sínum, því búskapurinn getur þó mikið stutt atvinnu manna, og þó ýmisleg ósmíði og margir ókostir kunni á honum að vera hèr hjá oss, þá er það þó alkunnugt, að hann hjálpar þeim embættismanna flokki meðal vor, sem minnst hefir launin við að styðjast, til að komast af víða hvar viðunanlega og jafnvel sómasamlega fyrir sig og sína. Eg verð að minnast á 4. tölulið. Eg er ölduugis með því, að allur sómi og styrkur sè sýndur læknakennslunni hèr á landi; en eg vil þó naumast láta tolla henni af jafnaðarsjóðunum, því eg ímynda mèr, að jafnaðarsjóðirnir sèu eigi færir um að bera þessa 200 rd. árlega, og verð að ætla, að flestum muni sýnast, að nóg hvíli á þeim, þegar 14 eða jafnvel 16 skildingar eru jafnaðir á hvert lausafjárhundrað. Það gladdi mig að heyra eins ágætan mann og þjóðvin og hinn 3. konungkjörni þingmann mæla með hinum svo kölluðu «skottulæknum»; mèr er nú raunar ekki vel við þetta uafn, því sumir sem það er gefið, eiga sannarlega betra nafn skilið. Það kemur mèr ekki í hug að mæla neitt gott af þeim áminnsta Jóni Guðmundssyni á Hellu.

Eg þekki að vísu mjög lítið til hans, en það litla sem eg hefi um hann heyrt er gott, og maðurinn sagður fátækur og hjálparþurfi, og svo vildi eg einnig styðja bæn Strandasýslubúa. En um leið og eg styð þetta mál vildi eg leyfa mèr að minnast á annan heiðursmann, dannebrogsmann Þorleif í Bjarnarhöfn; allir vita hve lengi og vel þessi sómamaður hefir gjört ótal sjúklingum gott og læknað þá; hann hefir um langan tíma reynzt bjargvættur margra sýslna, og hrifið með guðs hjálp marga úr dauðans greipum, og sè nokkur í því tilliti verður heiðursgjafar, þá er það þessi ötuli bjargvættur. Eg ætla því að taka mèr það viðauka-atkvæði, að Þorleifi dannebrogsmanni verði veitt 100 rd. heiðursgjöf eitt sinn fyrir öll.

Benidikt Sveinsson: Það eru ýmsir þingmenn, sem hafa tekið það fram að miklu leyti, er eg ætlaði að segja, einkum þingmaður Snæfellinga og þingmaður Norður-Þingeyinga. Það eru hèr tvö aðalatriði sem taka verður til greina. Eitt er það að auka hina innlendu læknisfræðislegu kennslu, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður hefir svo sómasamlega byrjað á, og að því leyti styð eg breytingaratkvæði þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem sè, að nýtt embætti verði stofnað hèr í Reykjaík til að aðstoða landlandlæknirinn við kennsluna, og með tilliti til þessa ímynda eg mèr, að stafliður »f« geti fallið burt. Því eptir þessu fyrirkomulagi mætti gjöra ráð fyrir, að fleiri en færri ungir menn lærðu læknisfræðina, og þá mætti og gjöra ráð fyrir, að nokkrir þessara manna væri svo vel á veg komnir, að þeir gæti verið landlækninum til lèttis og tekið af honum margar ferðir um þessi hèröð, enda ætti það vel við, að þessir ungu læknar æfðu sig undir ábyrgð landlæknisins áður en þeir fengju embætti. Hitt aðalatriðið er það, að veita landslýðnum betri trygging í sjúkdómstilfellum en verið hefir. Eg vil í þessu tilliti benda á það, að það mun ekki vera heppilegt, að tiltaka vissa staði, sem læknarnir skuli búa á, og sízt ættu menn að tiltaka þá, sem eru óvinsælir meðal landslýðsins, en það eru kaupstaðirnir yfir höfuð; á hinn bóginn held eg eigi vel við, að menn bendi á almennan eiginlegleika læknabústaðanna, því það getur ekki að eins verið óhentugt, að læknir búi í kaupstað, heldur líka að hann búi á vissum stað í sveit; þetta er allt komið undir ásigkomulagi hvers hèraðs, *hvort* hann á að búa í kaupstað eður ísveit, og *hvar* hann á að búa í sveitunum. Eg tek mèr því breytingaratkvæði við 2. tölulið í þá átt, að læknirinn búi á hentugasta stað eptir hèraðsstærð og landslagi.

Það er eðlilegt, að allir hafi jafnan aðgang til að ná til læknisins, því á þessu veltur bæði lífshjálp sjúklinganna og kostnaður sá, er til hennar gengur, en líf allra og eignir hafa jafna helgi, hver sem í hlut á. Konungsfulltrúi gat þess, að stjórnin mundi eigi vilja leggja fè til þessa nýja fyrirkomulags, en þessu er búið að svara af framsögumanni; samt held eg nú, að menn eigi að fara hèr vægilega að, og að rèttara sè ekki að binda laun þessara lækna við launa-upphæð þeirra föstu lækna sem nú eru. Eg vona, að enginn skilji þetta svo, að eg álíti, að þessir menn eigi ekki þessi laun skilið; eg gjöri þetta einungis til þess að hlynna að hinni innlendu kennslu og til þess að málið ekki falli. Viðvíkjandi 4. tölulið skal eg geta þess, að sú ástæða hefir komið fram, að þetta væri gegn konungsúrskurðinum frá 12. ágúst 1848, en þetta get eg ekki fallizt á, því hèr er verið einmitt að tala um að breyta konungsúrskurðinum, og reynslan hefir einmitt sýnt, að þörf væri á að breyta honum, því hann er ekki annað en dauður bókstafur. Sú ástæða, að jafnaðarsjóðirnir varla geti risið undir þeirri byrði, sem þeir eiga að bera, er í sjálfu sèr rètt, og því mun eigi tiltækilegt að leggja ný gjöld á þá; en þetta á ekki við hèr, því það er aðgætandi, að konungsúrskurðurinn er enn þá gildandi, og ef hèraðslæknarnir færu að kenna, þá eiga þeir laun skilið úr jafnaðarsjóðunum eptir þessum konungsúrskurði. 5. tölulið álít eg góðan, en yfir 6. tölulið skal eg hvorki halda lof eða líkræðu, en einungis geta þess, að það er sanngirni fyrir því, sem þar er farið fram á, þó eg sè hræddur um, að þessi uppástunga sè í formlegu tilliti ekki sem aðgengilegust.

Framsögumaður: Þingmaður Árnesinga og þingmaður Norður-Þingeyinga hafa komið fram með glæsilegt viðauka-atkvæði; en eg get ekki annað en álitið það skrítið, ef menn nú færu að fallast á þetta, og svo sætu sumar sýslur á hakanum. Eg vil að eins benda þingmönnum á, að ef til vill eiga menn von á 3 eða 4 íslenzkum læknum frá Danmörku, og að 2 árum liðnum á 5 læknum hèðan. Eg veit því ei nema þetta sè að rasa fyrir ráð fram. Eg álít, að ekki geti verið spursmál um það, að þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, þá sè sjálfsagt að læknaskóli komist á. Að öðru leyti má stjórninni þykja það nauðsynlegt, að læknir verði settur í Keflavík; í þessum parti Gullbringusýslu er hættulegur sjúkdómur, sem sè holdsveikin, sem ef til vill breiðist út. Þessi voðalegi sjúkdómur þarf meiri eptirgrennslun en verið hefir, því það er hrein

og bein velferðarsök fyrir landið. Það var sagt; að þangað mætti senda hina ungu menn, sem væru að læra, en maður getur ekki eins vel sent þá þangað þar sem máske alvarlegir sjúkdómar koma fyrir, eins og þeir geta brúkazt hèr í kring, þar sem bæði nákvæmt tillit er haft með þeim af landlækninum, og þar að auki er nauðsynlegt fyrir þá, að þeir sjái sjúkdómana jafnframt og þeir lesa. Að liðugu ári liðnu getum vèr vænzt 7 til 8 lækna, og eg bið þingið vel að gæta þess, að við ekki missum þá, og því er ekki vert að draga úr launununum. Það er ekkert spaug, að vita heil hèruð hjálparlaus, og því bið eg þingið vel að hugsa sig um áður en það ekki fellst á þessa uppástungu nefndarinnar.

Jón Pètursson: Eg ætlaði einkum að tala um bústaðinn, og álít eg það vera rangt að ákveða hann strax. Það eru margar ástæður fyrir því að búa í sveit, t. a. m., þar er miklu kostnaðarminna o. s. frv. Ef læknirinn líka væri skyldaður til að búa í kaupstað, þá yrði hann opt í vandræðum með húsnæði og yrði neyddur til að láta byggja sèr hús, ef hann gæti, og þannig hleypa sèr í stórskuldir og gæti hann þá ekki byggt, yrði hann að vera án embættisins. Eins er það heldur ekki rètt að tiltaka bústaðinn í vissum hrepp, svo sem að læknirinn í Borgarfjarðar og Mýrasýslum skuli búa í Borgarhrepp, því þá getur hæglega borið að sama skerinu, að hann enga jörð geti fengið þar til ábúðar. Menn geta ekki skyldað lækni til að búa í kaupstað eður í vissum stað í sveit, nema menn hafi handa honum þar víst hús eður bújörð. Eigin hagnaður hvers læknis býður honum og að taka sèr aðsetur á sem hentugustum stað fyrir læknisumdæmi hans. Hvað 6. tölulið snertir, þá sè eg ei af því, hvort nefndin ætlast til, að þessi styrkur eigi að vera einu sinni fyrir öll, ellegar árlegur. Ef hann er meintur einu sinni fyrir öll, þá álít eg að eigi að sleppa endanum »meðan«, o. s. frv.; en ef meiningin er, að styrkurinn eigi að vera árlegur, þá verður að bæta inn í orðinu »árlegur« styrkur; en þetta getur víst sjálf nefndin lagað betur í hendi sèr eður með breytingaratkvæði.

Stefán Jónsson: Eg skal geta þess, að eg fellst á breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga um, að sniðið sè aptan af töluliðunum, þar sem tiltekið er um bústað læknanna; því þó framsögumaður í þessu efni hefði nokkuð til síns máls, þá voru þó að minni ætlun þær ástæður, sem færðar voru móti honum yfirgnæfandi; og þó aðsóknin sè mest í kaupstöðunum og sótt-

varnir þar nauðsynlegastar, þá er það helzt um sumartímann sem skip koma, og er þá optast hægt fyrir læknir að ferðast, enda eru þeir opt ekki heima og geta því ekki haft stöðugan athuga á þess konar. Eg held því, að læknirinn ætti sjálfur að eiga hlut að því, hvar hann býr eptir samkomulagi við aðra hlutaðeigendur. Líka getur verið, að þessi sjúkdómur, sem framsögumaður gat um, ef hann kæmi á annað borð, útbreiðist víðar en í kaupstöðunum. Viðvíkjandi 4. tölulið, þá er það satt, sem þingmaður Árnesinga sagði, að hèr er verið að ræða um að breyta lögum; hann sagði og, að jafnaðarsjóðirnir væru skyldir að borga þetta, og því yrði því ei lètt af þeim; en fyrst kennsla þessi ekki hefir farið fram, þá er fè sparað fyrir jafnaðarsjóðina. En hèr er aðgætandi að 1848, þegar úrskurðurinn kom út, og þetta gjald var lagt á jafnaðarsjóðina þá, hvíldu eigi þau gjöld á jafnaðarsjóðunum, sem síðan hafa legið á þeim, og það svo í öðru lækningatilliti, að þeir með naumindum rísa undir þeim; eg held því ófært nú sem stendur, að jafna þessu á jafnaðarsjóðina; en lètti af þeim hinni lækninga byrðinni, þá væri heldur tiltök að þessu gjaldi væri jafnað á þá. Ef læknarnir í Norður- og Austuramtinu færu hèr að kènna, þá ætti þeir heimting á þessum 200 rd. úr jafnaðarsjóði. Eg áskil mèr því rètt til breytingaratkvæðis við 4. tölulið, að svo framarlega þeir, (ɔ: læknar í norður- og austurumdæminu) kenni aðstoðarlæknum, þá haldi þeir sínum rètti til þessa gjalds.

Ásgeir Einarsson; «Hver er sjálfum sèr næstur» og svo er með tölulð 6. og mig; það hefir nú margt verið haft á móti honum af nokkrum. Eg held það sè þá bezt að taka til á helgidóminum, nefnilega sjálfum konungsfulltrúa, Mèr datt í hug það, sem gamall guðfræðingur hefir ritað um Samson sterka, þegar hann sagði: »gefið mèr þessa, því hún þóknast mínum augum«; út af þessum orðum dregur guðfræðingurinn svo lútandi ályktun: »það var djúpvitur röksemd fyrir dómarann í Ísrael?! Sama datt mèr því í hug, þegar konungsfulltrúinn hèlt bezt að íbúar Strandasýslu gæfu sjálfir þetta fè aðstoðarlækni Jóni a Hellu, og bætti því við, að það væri fjöður af fati þeirra að kasta út 100 rd., eptir því, sem konungsfulltrúi sagði. En ætli Strandamenn hafi þurft að senda mann til þings til að láta segja sèr þetta? Eg er sannfærður um, að hið góða hjartalag konungsfulltrúa kemur honum til, að mæla með 6. tölulið í uppástungu nefndarálitsins, öðruvísi en svona, þegar hann fer að kynnast málinu betur. Uppástunga þingmanns

Norðurþingeyinga var falleg, um það að auka við uppástungu nefndarinnar, með læknatöluna í Barðastrandar og Strandasýslu; hann gjörði betur en vel, því hann gaf það, sem hann gat eigi gefið, en hann gjörði líka það til sem í hans valdi stendur, til að taka frá Strandamönnum það sem hann gat gefið þeim, nefnilega atkvæði hans með 6. tölul. fyrir utan hans ljúfmannlegu tillögur í þessu atriði máls þessa!!! og gengur þingmaður Suður-Múlasýslu í hans spor og byrjar á því að gjöra konungsfulltrúa að skírnarföður skottulæknanna, og vill setja Jón á Hellu í hóp þeirra, þó hann sè yfirheyrður og hafi aðstoðarlæknisleyfi, og þar að auki vildi hann koma tveimur skottulæknum líka í skírnarsáinn; hann þurfti ekki meira til að spilla fyrir Strandamönnum, það var nóg til þess. Þingmaður Snæfellinga tók blíðlega undir 6. tölulið eins og hans var von og vísa. En mèr datt í hug það, sem Gísli Súrsson sagði við Auði: »Nú varð minni veiðurinn en þú vildir». Viðauka-atkvæði hans um heiðursgjöf handa dannebrogsmanni þorleifi í Bjarnarhöfn er allt annars eðlis. Það er annað að hjálpa nauðlíðandi sjúklingum, sem ekki geta náð til læknis, með því að styrkja aðstoðarlækni til að geta hjálpað þeim heldur en að veita manni heiðursgjöf fyrir framúrskarandi dugnað, sem vel er efnum búinn og er heiðraður með heiðursmerki. Að öðru leyti get eg ekki annað en virt viðauka-atkvæði þingmanns Snæfellinga, því sá, sem hann biður fyrir, er mesti sómamaður. Þá er að minnast á þess 200 rd. úr jafnaðarsjóði hvers amts. Eg hef reyndar enga skriflega heimild frá kjósendum mínum um, að þeir vilji, að þessir 200 rd. sèu lagðir á jafnaðarsjóðinn í Vesturamtinu, en eg er viss um að þeir og margir fleiri vilja vinna mikið til þess, ef þeir fá lækni á þann stað sem nefndin stakk upp á og því vil eg styrkja það, þó eg að öðru leyti ekki vilji níðast á jafnaðarsjóðunum. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður á líka alla aðstoð skylda til að geta framkvæmt sitt nýbyrjaða góða verk í læknakennslunni. Hann hefir gjört meira fyrir læknamálið á stuttum tíma í framkvæmdinni, en stjórnin með öllum sínum frumvörpum og mótsögnum, og nú væri það skrítið, ef þingið, þvert ofan í álit sitt 1863, skyldi svipta hann þessari von, vegna einhvers lítilfjörlegs formspursmáls eða bendingar frá stjórninni, Það var talað um að mætti senda þessa ungu menn, sem eru hèr að læra suður á Suðurnes, en ætli þeir yrði þá ekki kallaðir skottulæknar, ef eitthvað mistækist fyrir þeim áður en þeir væru examineraðir?

Jón Guðmundsson: Eg held eg verði að snúa mèr fyrst að honum nafna mínum á Hellu, og þótt sumum þingmönnum eigi þyki uppástungan um hann byggð á hellu, verð eg þó að styðja hana, þó sjálfsagt sè, að hún hefði átt að koma á sèrstakri bænarskrá, enda er auðheyrt á umræðum manna, hvað hún á illa heima í þessu máli. Mèr finnst mikið tala með því, að þessum manni sè veittur hinn umbeðni styrkur, þar hann hefir almennings orð á sèr fyrir að vera laglegur í að liðsinna sjúklingum. En þó eg sè á því, að hann fái styrk, vil eg ekki, að sá styrkur sè veittur úr læknasjóðnum, heldur úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins, meðan þeir 200 rd., sem ákveðnir voru með konungsúrskurði 12. ágúst 1848, til kennslu aðstoðarlækna, eigi eru brúkaðir, eins og upphaflega var tilætlazt, og ætla eg að áskilja breytingaratkvæði í þá stefnu. Viðvíkjandi uppástungu hins háttvirta þingmanns Snæfellinga um dannebrogsmann Þorleif, skal eg geta þess, að mèr þykir sjálfsagt, að sá maður fái einhverja þóknun, sem hefir gegnt læknisembættinu síðan læknirinn dó, og mundi stjórnin ekki neita, ef farið væri á leit gegnum yfirvöldin um hæfilega þóknun handa honum, og ætti hún hvorki að vera tekin úr læknasjóð, nè jafnaðarsjóð, heldur af hinum spöruðu embættislaunum. Að því er snertir 4. tölulið, vil eg styrkja landlækni vorn, til þess að hann fái, ef ekki 600 rd., þá að minnsta kosti 400 rd. til að halda kennslunni áfram, svo hann þurfi ekki að leggja til af sínu, til að kaupa áhöld og fleira fyrir, og er það sjálfsagt, þó fyrr hefði verið. En þetta fè ætti ekki að takast úr jafnaðarsjóðunum, og er margt því til fyrirstöðu; það er skrítið, ef einhver er verðugur launanna, þá er sá launaverðugleiki bundinn við jafnaðarsjóðina. Mèr sýnist liggja næst að taka styrk þann úr læknasjóðnum, hvort sem hann yrði meiri eða minni, en ef það ekki getur orðið, þá sting eg upp á til vara, að skyndilán sè fengið úr ríkissjóði eða læknasjóði eður öðrum sjóði móti endurgjaldi af Íslandi; það yrði þá að eins til bráðabyrgðar, og stjórnin ætti að leggja fyrir næsta þing frumvarp um, hvernig því fè yrði náð aptur; eg gjöri ráð fyrir þessu, ef tillagið fengist ekki úr læknasjóðnum að staðaldri eður fullu og öllu, sem mèr sýnist þó að beinast liggi við. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga talaði um að gjöra breytingaratkvæði við 2. tölulið, þá virðist mèr, sem hann hafi haft mikið til síns máls. Það er langt frá, að eg vilji rýra kjör læknanna, en eg vil taka það fram, að það þurfa fleiri að læra til em-

bætta en læknar, og mèr virðist ísjárvert, að kjör þeirra sèu gjörð miklu aðgengilegri, heldur en t. a. m. prestanna. Það mundi að minni ætlun fjölga lækna-efnum um of, en aptur fækka presta-efnum, ef það skipulag kæmist á, að lækna-embættin launuðu sig talsverðum mun betur, þegar í byrjuninni, en presta-embættin. Þar við bætist og, að það er aðgengilegra fyrir stjórnina, ef nokkuð vægari laun eru ákveðin; það er ekki langt síðan laun hèraðslækna voru að eins 300—500 rd. og það um mörg ár án launahækkunar; og ef þeir gátu lifað við það, þá er ekki frágangssök fyrir að *byrja* með það fyrir unga menn, er það nú, þegar þeir geta átt von á aldurshækkun launanna, eptir því sem eg áskil mèr að stinga nákvæmar upp á. Þess ber líka að gæta, að það eru líka minni erfiðleikar fyrir sýslulæknana á að gegna embættum sínum, heldur en verið hefir fyrir hèraðslæknana hingað til; það getur verið, að þeir hafi haft rífari aukatekjur, í þessum miklu stærri umdæmum, en þeir hafa þá aptur orðið að hafa þeim mun meiri ferðalög, og erfiðari; og það etur sig þá upp. Sýslulæknarnir geta haft aukatekjur sínar með miklu meiri hægð en hinir. Um bústaði sýslulæknanna hefir verið mikið talað, og virðist mèr sú ákvörðun ætti burt að falla, að bústaðurinn sè tiltekinn. Menn mundu mega ætla, að blóðið renni til skyldunnar fyrir mèr, þar sem hèr er stungið upp á 7 nýjum lækna-embættum, en þó alls ekkert tillit tekið til þess, að Vestur-Skaptafellssýsla sè læknislaus; aptur er stungið upp á nýjum lækni í Austur-Skaptafellssýslu, og aptur öðrum nýjum í Norður-Múlasýslu. Ef læknirinn í Suður-Múlasýslu bjyggi á Djúpavogi, þá yrði ekki svo mjög erfitt fyrir hann, að gegna Austur-Skaptafellssýslu vestur að Breiðamerkursandi, og yrði það ólíkt hægra fyrir þá Austur-Skaptfellinga og enda vel vinnandi, að leita sèr þangað læknishjálpar. Öræfingar eiga eins langt þangað, að eg ekki tali um Vestur-Skaptfellinga, eins og vestur að Móeiðarhvoli. Eg vildi helzt, að Suður-Múlasýslu lækninum væri ætlað að búa á svæðinu milli Beruness og Djúpavogs, og væri ætlað að annast um sveitirnar vestur að Breiðamerkur sandi, en aptur stofnað læknisembætti sèr í Vestur-Skaptafellssýslu, sem næði yfir hèruðin frá Mýrdalssandi, austur að Breiðamerkur sandi, og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá stefnu.

Framsögumaður: Eg verð að leiðrètta þann misskilning, sem kom fram í ræðu varaforseta út af 4. grein niðurlagsatriðanna. Hann, sem annars er málinu hlynntur, var að tala um að veita mèr

svo og svo mikil laun. En eg vil geta þess, að sá styrkur, sem nefndin stingur upp á, er ekki handa mèr, eg bið ekki um einn skilding af því, heldur er beðið um fè til að kaupa bæði bækur, verkfæri o. fl., og skal eg á morgun leggja lista fram fyrir þingið, sem sýni, að ef stranglega væri krafizt samkvæmt þörfinni, þá yrðu að minnsta kosti 1000 rd. að ganga til verkfæra, sem eru svo ómissandi bæði til að kenna, og lækna fólk með. Eg skal geta þess, að þótt eg þakki fyrir aðstoðarlækni, mundi eg meira þakka fyrir verkfæri, til að bjarga mönnum með. En eg bið ekki um neina peninga handa sjálfum mèr, það bið eg þingið vel að athuga. Hvað hina síðustu uppástungu varaforseta snertir, þá lízt mèr svo vel á hana, að eg vil, að nefndin taki hana til yfirvegunar, því hann mun vera svo kunnugur þar eystra, að hann viti bezt, hvernig því skuli tilhaga. Eg skal biðja hann að koma með sitt breytingaratkvæði sem fyrst.

Eiríkur Kúld: Það gleður mig, sem einn nefndarmann, að allir hinir háttvirtu þingmenn eru nefndinni yfir höfuð samdóma, nema ef vera skyldi einn einasti þingmaður. Eg vona, að allir viðurkenni það, þegar um læknaskipun er að ræða, að það megi heimfærast til þessa nefndarálits, að «biflían forsvari sig sjálf», því sá sem þessu máli var kunnugastur allra hèr á þingi, er höfundur nefndarálitsins. Eg vildi víkja fáeinum orðum að efasemd þeirri, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður lèt í ljósi viðvíkjandi 6. tölulið, að hann vissi ekki, hvort beðið var um árlegan styrk eður eigi, og skal eg geta þess, að það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að styrkur þessur skuli veittur að eins einu sinni. Þó get eg ekki sèð, að neinu þurfi að kippa aptan af greininni fyrir því, eins og hann var að tala um (*Jón Pètursson*: Þá verður komman óþörf.), það er satt, komman er ekki rètt sett. Eg vorkenni þingmanni Norður-Þingeyinga, þó hann ekki vilji gefa 100 rd. styrknum atkvæði sitt því nú má sjá, að hann á hægra með að fá læknishjálp, en Strandabúar, hann er á engum útkjálka landsins, eins og þeir. En hann hefir gleymt því, hvílík fróun það er að fá hjálp í neyðinni, fyrir sig og skyldmenni sín, og víst mundi hann ekki spara skildinginn handa skyldmennum sínum, ef líkt stæði á. Eg þakka þingmanni Snæfellinga fyrir breytingaratkvæði hans. Eg hefði stungið upp á því sama í nefndinni af því eg þekki hlutaðeiganda, og veit, að hann er vel að því kominn. þó hann fengi einhverja þóknun, ekki sízt þegar á það er litið,

að hann hefir eingöngu gegnt syðra læknisembættinu vestra, þegar í hálft annað ár. En orsökin til þess, að eg eigi vildi gjöra ágreining í nefndinni út af því, var sú, að dannebrogsmaður Þorleifur er betur að efnum kominn, en Jón á Hellu, sem stungið er upp á. Það hefir verið mikið talað um uppástungu nefndarinnar viðvíkjandi aðsetursstöðum læknanna, og skal eg geta þess, að eg er ekki svo harður á, að það sè í niðurlagsatriðunum, heldur að það komi fram í ástæðunum til konungs. En að það sè nokkur galli, að hafa læknana í kaupstöðum, eins og sumir hafa sagt, það hefir framsögumaður fyllilega hrakið. Nefndin hefir heldur ekki alstaðar bundið sig við kaupstaðina, og stendur t. d. um læknirinn í Norður-Múlasýslu, að hann skuli búa í Vopnafirði; það er ekki beinlínis meintur kaupstaðurinn Vopnafjörður, heldur að hann taki aðsetur einhversstaðar í Vopnafirði. Með tilliti til þess, sem þingmaður Mýramanna tók fram, að læknirinn þar ætti að hafa aðsetur vestan Hvítár, þá er eg ekki móti því, því eg bý fyrir vestan Hvítá eins og þingmaðurinn sjálfur, og vorkenni eg honum, þó hann því hlynni að Vesturamtinu. En að öðru leyti finnst mèr það á litlu standa, hverju megin árinnar læknirinn situr, nema svo væri, að þessi heiðraði þingmaður, þegar hann stakk upp á Borgarhreppi, að hann hefði viljað láta læknirinn búa á Brákarpolli!!! (*Hjálmur Pètursson:* Það stendur ekki í breytingaratkvæði mínu.), af því hann hefði verið hræddur um, að kvillinn, sem framsögumaður drap á, kynni að læðast þangað, þegar Brákarpollur er orðinn löggiltur, svo læknirinn þyrfti að vera þar við hendina til að varna útbreiðslu hans. Það hefir verið mikið talað um, að ekki væri gott að taka 200 rd. styrkinn úr jafnaðarsjóði, en eg álít það þó alveg rètt. Eg gjöri ekki svo mikið úr hækkun útgjalda sjóðsins, sem sumir þingmenn hafa gjört; það er satt, að á lausafjárhundruðin hefir verið lagt 14 skildinga gjaldið, eins og þingmaður Snæfellinga tók fram, en eg ímynda mèr, að það kippist bráðum í lag, þegar fjárkláðinn er á enda, sem hefir kostað jafnaðarsjóðina svo mikið. Eg verð kröptuglega að mótmæla því, að 100 rd. styrkurinn til Jóns á Hellu, sè tekinn af jafnaðarsjóði Vesturamtsins, af þeirri ástæðu, að eins og kunnugt er, hefir verið læknislaust í nokkur ár í nyrðra umdæmi Vesturamtsins, og hafa launin verið dregin inn, og með tilliti til þessa mætti biðja um styrkinn eða þóknun þessa úr ríkissjóði. Það er skaði að 1. uppástunga nefndarinnar skyldi vera orðuð svo, að hún skyldi valda misskiln-

ingi hjá hinum heiðraða þingmanni Suður-Múlasýslu, og það svo hraparlegum, eins og reyndist, því nú er of seint fyrir hann að heimta, að nefndarálitið liggi hinn lögboðna tíma á lestrarsalnum, fyrst farið er að ræða það. Honum gat ekki skilizt annað en að 7 læknisembætti, ættu að verða stofnuð í hverri sýslu, eptir uppástungu nefndarinnar, og sýnir þetta hve stutt hann hefir verið kominn að lesa nefndaruppástungurnar; því strax á eptir stendur: og búi »læknirinn«, og sèr hann þá, að gjört er ráð fyrir einum lækni í hverri af hinum nefndu sýslum.

Jón Bjarnason: Af því mèr er kunnugt um ástand Strandamanna og Barðstrendinga, hvað læknishjálp snertir, ætla eg að tala fáein orð, en það skal ekki vera langort. Það er hörmulegt, ef Strandamenn skyldu þurfa lengur að bíða og biðja án þess að fá nokkra bænheyrslu, þeir sem svo lengi hafa borgað hospítalshlut frá fyrstu tíð að sá skattur var á lagður, og þannig lagt í læknasjóðinn mikið fè. Það er yfir höfuð lítt mögulegt fyrir þá að leita læknishjálpar, hvorki á Ísafjörð nè að Hnausum eður til Stykkishólms. Þeir hafa því engrar hjálpar, já, einkis jafnrèttis notið við marga aðra landsbúa. Það eina, sem hefir hjálpað þeim um nokkur ár, voru lækningar sèra Bjarna í Garpsdal, sem nú er dáinn fyrir 2 árum. Og hefðu þeir ekki notið hans hjálpar, þá hefðu þeir ekki aflátið að biðja fyrr en þeir hefðu fengið einhvern lækni. En að setja 2 lækna annan í Barðastrandar, og hinn í Strandasýslu, sýnist mèr ekki vert að ráðgjöra nú þegar, þeim gæti orðið að góðu, þó þeir ekki hefðu nema einn í báðum sýslunum, eins og nefndin hefir stungið upp á, og virðist mèr sem hann væri vel settur í Reykhólasveitini. En hvað því viðvíkur, að Jón á Hellu fái 100 rd: styrk um eitt skipti fyrir öll, þá skil eg ekki, hvernig mönnum getur vaxið það í augum eður að það geti komið í bága við nokkur lög. Þingmaður Strandasýslu hefir skýrlega tekið fram, að umdæmin hafi nú að undanförnu verið laus á víxl, og sparazt mikið og margfalt meira en 100 rd. við það; það er ekki hætt við, að Jón fengi styrkinn úr því læknir væri kominn; þetta er styrkur sem beðið er um í eitt skipti, þó ekki af honum sjálfum, heldur biðja Strandamenn um hann, til að geta leitað sèr hjálpar, þegar sjúkdómsneyðin þrengir að, sjúklingurinn verður jafnfeginn hjálpinni, hvort maðurinn sem hjálpar er kallaður skottulæknir, aðstoðarlæknir, hèraðslæknir eður allra þeirra lækna læknir; sá sem hjálpar á laun skilin, Jón hefir opt með mikilli heppni

hjálpað sjúklíngum, en hefir engin laun fengið, já það sem minna er, hefir hann heldur ekki fengið, sem sè lítinn styrk; þess er hann þó sannarlega maklegur, og það er svo gagnstætt allri sanngirni, mannást og kærleiksanda, að þessir fáu dalir fáist ekki. Eg mæli því með, að honum verði veittur þessi 100 rd. styrkur.

Stefán Thordersen: Eg hefi nú litlu við umræðurnar að bæta, þar sem hinn háttvirti varaforseti gerði mèr þann grikk, að taka breytingaratkvæði frá mèr. Eg hefði reyndar orðað það nokkuð öðruvísi en hann, en það getur samt verið, að við getum komið okkur saman. Hvað 4. grein áhrærir, þá vildi eg helzt halda henni óskertri, en að eins bæta því við hana, að Jóni Guðmundssyni á Hellu yrði veittir 100 rd. árlega af því fè, sem hèr ræðir um, og að 6. grein þannig fèlli burtu. Eg hèlt annars, að hinum háttvirta framsögumanni kæmi þetta vel, því þótt ýmsir þingmenn og það með góðum ástæðum bæru sig upp undan álögum á jafnaðarsjóðina og fátækt þeirra, þá var hann hræddur um, að læknasjóðurinn mundi ekki hafa mikið afgangs, þegar búið væri að setja lækna í embættin og launa þeim af honum, og er eg honum samdóma í því. Eg er sömuleiðis samdóma hinum háttvirta varaforseta í því, að ekki sè sem varlegast orðað undir tölulið 2, og verð eg að álíta það sama um tölulið 3, þar sem stendur, »að« *veitt* verði úr ríkissjóði »fyrst um sinn« o. s. frv. Það er sjálfsagt, það væri bezt ef það fengist. En af því að af ræðum manna er að ráða, að þingið vilji *fyrir hvern mun* hafa málið fram, þá vil eg bæta þeirri vara-uppástungu við, að það orðist svo: að *lánað* verði úr ríkissjóði« o. s. frv. Hinn háttvirti framsögumaðnr hefði ekki þurft að eltast eins við þingmenn og hann hefir gjört í umræðunum, því mèr virðast allir hafa tekið vel í málið í heild sinni, en að flestar umræðurnar hafa mest hvað lotið að Jóni á Hellu og hans 100 rd.; og þar hann í niðurlagsatriði nefndarinnar er kallaður *aðstoðarlæknir,* er eðlilegast að honum sè veittur styrkurinn úr jafnaðarsjóði, þar því hèr umrædda fè á samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 að verja til kennslu fyrir aðstoðarlækna, því þessi maður hefir einmitt sparað landinu kennslukostnaðinn, þar sem hann nú þegar er orðinn aðstoðarlæknir, og vona eg því fremur, að þingið eigi láti hinn virðulega öldung sinn, þingmann Strandasýslu, þurfa að snúa aptur með bænarskrá þessa. Það var ætlun mín að byrja á undan byrjuninni, eins og þingmaður Norður-Þingeyinga gjörði, en mèr er ekki um það nú, úr

því eg heyri, að framsögumaður sem hèr á mestan hlut að máli, ekki er á því meir en svo, að hèr í Reykjavík verði settur nýr læknir. Að öðru leyti fellst eg á uppástungur nefndarinnar, nema hvað eg vil ekki einskorða aðsetursstað læknanna eins og nefndin, en áskil mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að fyrir aptan »g« bætist inn í nýr stafliður þess efnis; að hver læknir sè skyldur að taka bústað þar, sem ákveðið verður nákvæmar í veitingarbrèfi hans. Út af því, sem rætt var um dannebrogsmann Þorleif í Bjarnarhöfn, skal eg geta þess, að eg er samdóma þingmanni Strandasýslu í því, að það að þessu sinni liggi alveg fyrir utan þingið, að ákveða þóknun handa honum þegar af þeirri ástæðu, að hann sjálfur ekki hefir beiðzt hennar. Þar sem þingmaður Barðstrendinga var að tala við þingmann Suður-Múlasýslu út af orðabreyting þeirri, er hann vildi láta gjöra við 1. grein, og eins og var að bregða honum um, að hann hefði ekki haft tíma til að lesa nefndarálitið allt, eða þá ekki skilið það, þá skal eg gjöra þingmann Barðstrendinga varan við það, að niðurlagsatriði sèrhverrar nefndar eiga yfir höfuð að vera svo skipulega orðuð, að ekki þurfi að lesa ástæðurnar, heldur geti niðurlagsatriðin skilizt án þess. Þingmaður Eyfirðinga kvartaði um, að ótækt væri að leggja álögur á jafnaðarsjóðina, því þeir hefðu nóg að bera áður, og þær álögur hvíldu á þeim nú, sem ekki væru sem eðlilegastar. Þetta játa eg og þykist vita hvað hann fer, en það er vonandi, að svo búið standi ekki lengi, og í þeirri von skulum vèr allir hughraustir vera.

Björn Pètursson: Það gleður mig, að hinn háttvirti eða má ske rèttara sagt heiðvirði þingmaður Barðstrendinga hefir nú sèð fram á hvað háskalegt það er, að nefndarálitin ekki liggi lögskipaðan tíma á lestrarsalnum, að eg ekki tali um það, sem er enn verra, þegar þau sjást þar alls ekki. Hann dróttaði því að mèr, að eg hefði ekki lesið nefndarálitið; það er satt, að eg hafði nauman tíma til að lesa það, auk heldur að læra það utan að, en eg las það þó einu sinni og skildi það vel, að svo miklu leyti það var skiljanlegt. Annars talaði eg ekkert óþirmilega um niðurlagsatriðin, heldur benti hógværlega á, að 1. gr. kynni að misskiljast, eins og hún er orðuð, og vildi bæta inn í orðunum: »hèr á landi» til skilningsauka. Þetta voru nú öll ósköpin, sem þingmanninum varð svo bumbult af. Það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um hina konunglegu anglýsingu, þegar hann var að leið-

rètta misskilning minn, gat eg nú ekki skilið til hlítar. Eg veit vel, að þegar embættislaus kandidat er settur í læknaembættin, þá fær hann full embættislaun. En það var ekki það, sem eg var að tala um, heldur hitt, sem stendur með berum orðum í auglýsingunni, að þegar »*útlærðir menn í læknisfræði*« sèu settir í óveitt embætti, þá njóta þeir óskertra launanna. Má eg spyrja? Er ekki Jón Finsen útlærður læknir? Er hann ekki settur í óveitt embtti? Hefir hann óskert embættislaun af því embætti? Nei hann hefir að eins helminginn. Hann hefir nú fengið sèr til aðstoðar Bjarna kandídat Thorlacius, og sett hann til að gegna læknisembættinu í Austfirðingafjórðungi, en til þess Finsen gæti launað honum, þurfti hann hafa öll embættislaunin. Það er kunnugt, að Thorlacius hefir lesið læknisfræði mörg ár í Kaupmannahöfn, og þó hann ekki hafi tekið embættispróf, er hann álitinn að vera mjög vel að sèr, enda hefir hann haft mikla æfingu við lækningar bæði fyrir norðan og austan; Finsen hefir líka gefið honum bezta vitnisburð bæði fyrr og síðar, og eg get sagt þinginu það, að Thorlacius hefir staðið sig svo vel fyrir austan, að það hafa verið sendar í vetur bænarskrár úr Múlasýslunum til stjórnarinnar um, að hann fengi embættislaunin óskert, unz annar fengi embættið. Eg vildi samt til vonar og vara, áskilja mèr viðauka-atkvæði við 6. tölulið í þá stefnu, að Bjarna Thorlacius yrði veittur sá helmingur læknislaunanna, sem dregin hefir verið inn í ríkissjóðinn. Eg vona, að hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu ýfist eigi mjög við, þó Bjarni verði Jóni samferða út yfir pollinn.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil einungis áskilja mèr vara-atkvæði við 4. gr. niðurlagsatriðanna í þá stefnu, að landlæknínum verði veitt fyrst um sinn 400 rd. í viðbót úr læknasjóðnum til læknakennslunnar, og þar að auki 200 rd. í 2 ár, þ. e. sínir 200 rd. hvort árið, til að kaupa bækur og verkfæri fyrir við læknakennsluna. Mèr finnst eðlilegast, að læknakennslan sè kostuð af læknasjóðnum en ekki af jafnaðarsjóðunum. Eg held líka, að læknasjóðurinn standi sig við það, því eptir reikningi byskups um þá þrjá spítala, sem hann gjörir reikning fyrir, en reikning Möðrufellsspítala hefi eg eigi við höndina, hafa árstekjur læknasjóðsins orðið yfir 2700. rd., útgjöldin nokkuð yfir 500 rd. og hreinn ársgróði 2187 rd. af þessum þremur spítölum. Þess verður og að geta, að þeir hafa borgað alla læknakennsluna enn, því Möðrufellsspítali hefir ekki tekið þátt í því, svo að gjöld þessara þriggja spítala eru hèr meiri

en í raun rèttri á að vera. Þó 400 rd væri við bætt, þá verða þeir að eins brúkaðir ef fimm piltar læra læknisfræði. Svo vil eg, að 200 rd. sèu lagðir nú í tvö ár til að kaupa bækur og verkfæri fyrir, því það er mjög nauðsynlegt. Eptir þessu læt eg konungsúrsk. 12. ágúst 1848 halda sèr; því eg gjöri ekki ráð fyrir, að hèraðslæknar fari að kenna. Við 6. tölulið vil eg gjöra það breytingaratkvæði, af því fleiri þingmenn hafa mælt móti honum, að fyrir aptan orðið »styrkur« bætist «um næstu 2 ár», og að síðan falli úr niðurlag greinarinnar »meðan ei kemur« o. s. frv. Eg gjöri þetta breytingaratkvæði af því, að eg er ekki sannfærður um, að nokkur grundvallarregla sè brotin, þótt Jóni á Hellu sè veittur þessi styrkur. Hann er prófaður aðstoðarlæknir, og þó hann sè ekki reglulega prófaður, þá getur það verið svo gott próf, að hann eigi skilið að fá 100 rd. *styrk*, þar sem aðrir læknar fá 600 — 1000 rd. *laun*; þetta er styrkur, en engin laun, sem beðið er um, og álít eg, að hver duglegur maður sem gjörir sèrlegt gagn, sè *styrks* verður, þar sem sá examineraði er launaverður.

Pètur Guðjónsson: Eg áskil mèr það viðauka-atkvæði við 1. gr. niðurlagsatriðanna, að þessir læknar og allir hinir eldri læknar landsins öðlist rètt til að kaupa sjálfir læknismeðöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasölu, en að lyfjabúðir þær, sem nú eru, verði niðurlagðar.

Stefán Eiríksson: Eg skal nú að vísu ekki tala langt í þetta sinn, með því eg er sjaldan vanur að halda langar ræður; það er nú búið að tala svo mart og mikið í þessu máli, að eg ætlaði ekki að tala í því; það var einungis út af uppástungu hins háttvirta varaforseta að eg vildi tala fáein orð. Mèr þótti það sannarlega miður góðgjarnt af þingmanninum að koma fram með þessa uppástungu, því heldur sem bænarskráin frá Austur-Skaptafellssýslu, varð til þess að minna nefndina og þingið á nauðsyn þá að fjölga öðrum 6 lækna-umdæmum, og því vill hann nú eins og hefnast á Austur-Skaptafellssýslu og gjöra hana alveg læknishjálparlausa, *(Jón Guðmundsson:* Nei!). Jú það er sama sem að segja við Austur-Skaptafellinga, þið hafi verið læknislausir og því geti þið verið það eins enn; því undir eins og þeim lækni, sem skipaður væri í Múlasýslu, yrði gjört að skyldu að setjast að á Djúpavog, er þar með meiri hluta Múlasýslu gjört svo að segja ómögulegt að ná til læknishjálpar, og því yrði bústaður hans aldrei hagkvæmur á Djúpavog, hvorki fyrir Skaptafellinga eður Múlasýslu, og í þessu vona

eg að þingmaður Suður-Múlasýslu sè mèr samdóma; hinn háttvirti varaforseti sagði í ræðu sinni, að það væru að eins 2 dagleiðir frá Breiðamerkur sandi á Djúpavog; í þessu lýsir sèr hjá þingmanninum mikill ókunnugleiki, því á sumardag eru það fullar 3 dagleiðir og á vetrardag 4 til 5 dagleiðir, og þar til er á leið þessari svo kölluð Lónsheiði versti fjallgarður og opt ófær á vetrardag; þá vildi þingmaðurinn, að Öræfin heyrðu undir læknisumdæmi í Vestur-Skaptafellssýslu; það er nú mjög svo óhagkvæmt fyrir þá, því þeir þurfa að sækja læknir heim, yfir þann vesta sand sem er í Skaptafellssýslu, Skeiðarársand, sem opt er lítt fær vetur og sumar, því á honum er sitt stórvatnið á hvorum jaðri, og einmitt vegna Öræfinga er mest nauðsyn á lækni á Austur-Skaptafellssýslu. Þó nú læknir væri settur í Vestur-Skaptafellssýslu mundi hann taka sèr bústað í Mýrdal, en þangað er stífasta 3 daga ferð frá Öræfum, því meðöl sín fengi hann upp á Eyrarbakka, og mundi honum því þykja nógu erfitt að flytja þau austur í Mýrdal; þá er það eitt merkilegt við uppástungu þessa, að þingmaðurinn vill ákveða bústað þessara lækna bæði í Múlasýslu og Skaptafellssýslu vestri í sama augnabliki og meiri hluti þingmanna er að af biðja fast ákveðna bústaði fyrir lækna. Eg ætla þá ekki að tala meira um mál þetta, en vona að þingið hlaupi ekki í gönur fyrir þetta breytingaratkvæði, sem miðar auðsjáanlega til þess, að gera Austur-Skaptafellssýslubúa alveg læknishjálparlausa, hèr eptir eins og hingað til.

Ásgeir Einarsson: Eg geymi mèr rètt til að gjöra breytingaratkvæði við 6. tölulið, að í stað orðsins «úr læknasjóðnum» verði sett» af leigum læknasjóðsins; en til vara sting eg upp á, að styrkurinn verði tekinn af þeim 4000 rd., sem eiga að ganga til óvissra útgjalda Íslands, og svo annaðhvort sameina eg mig við þingmann Vestmanneyja eða bý til breytingaratkvæði í líka stefnu við 6. gr.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að áskilja mèr rètt til að gjöra það breytingaratkvæði við 6. tölulið, að þessi 100 rd. styrkur til Jón Guðmundssonar á Hellu verði veittur eitt skipta fyrir öll.

Benidikt Sveinsson: Eg var búinn að hugsa mèr sama breytingaratkvæði við 6. tölulið, og hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu nú stakk upp á, nefnilega, að styrkurinn verði tekinn af þeim 4000 rd., sem Íslandi eru veittir til óvissra útgalda, og meira að segja, eg var búinn að skrifa upp hjá mèr þetta breytingaratkvæði

áður en þingmaðurinn talaði, og held eg að þetta sè gott «omen», eður fyrirboði þess, að þessi maður fái hinn umbeðna styrk, og Strandamenn hjálp í raunum sínum.

Sveinn Skúlason: Eg ber upp það breytingaratkvæði við 6. tölulið, að í stað orðanna «úr læknasjóðnum «verði sett» úr ríkissjóðnum», og mun eg bæta aptan við öllum þeim skottalæknum, sem mèr hugkvæmast síðar. Eg vona, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu hjálpi mèr til þess.

Framsögumaður: Eg skal geta þess viðvíkjandi breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga, að eg hefi ekki móti því, en vil bæta inn í, að þeir eigi að vera æfðir að meðhöndla íslenzka sjúkdóma; að menn hafi reynslu í því efni, er öldungis nauðsynlegt. Annars skal eg ekki tala fleira að svo stöddu, en tek enn þá skýrt fram viðvíkjandi 4. tölul., að styrkurinn er ekki ætlaður mèr heldur í þarfir landsins, og af lista þeim, sem eg mun framleggja, munu menn geta sèð, hvort beiðnin er um skör fram, eður ekki.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og þar eð nokkuð er orðið fram orðið, þá vil eg ekki halda fundi lengur áfram í dag, en setja upp dagskrá í kvöld til fundar kl. 12 á morgun.

Fundi slitið.

---

34. fundur — 17. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesið upp og samþykkt.

Forseti: Það sem kemur til umræðu í dag, er *konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins*, sem kemur til undirbúningsumræðu. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, sem mun gjöra svo vel að lesa upp nefndarálitið, og skýra málið, að svo miklu leyti sem honum þykir við þurfa.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Nefndarálitið hljóðar þannig.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bl. 417.

Þar eð hinir háttvirtu þingmenn hafa haft nægilegt tækifæri til að kynna sèr nefndarálit þetta, með því það nokkurn tíma hefir legið fyrir þeim prentað til yfirlesturs, og það því má álítast vera orðið þeim fullljóst í sjálfu sèr, þá finnst mèr ekki nauðsyn á að skýra málið framar að svo stöddu, eður tala frekara um það, fyrr en eg heyri, hverja stefnu umræðurnar taka.

Konungsfulltrúi: Enda þó það, ef til vill, eigi miður við á þessu stigi málsins, og áður en umræður eru hafðar um það, ætla eg þó að tala nokkur orð. Það liggur í augum uppi, að það mál, sem hèr liggur fyrir, er það mesta vandamál, sem komið hefir inn á þetta þing, og að líkindum nokkru sinni kemur, þar sem endileg úrslit þess hafa hin mikilvægustu áhrif á alda og óborna, og er því mjög mikið undir því komið, hvernig því verður til lykta ráðið.

Nefndin, sem sett var í þessu máli, og ritað hefir nefndarálit það, sem hèr liggur fyrir, hefir því haft mikið vandaverk á hendi, og það er í eðli sínu, þó nefndarmenn hafi í einstökum atriðum ekki haft sömu skoðun; þeim hefir þó komið öllum saman í því, að fjárhagsaðskilnaður Íslands frá Danmerkur væri æskilegur, og með þetta fyrir augum hefir nefndin ritað álit sitt í málinu. Það ræður að líkindum, að stjórnin, sem hefir yfirvegað og undirbúið þetta mál svo ítarlega, og skoðað það frá öllum hliðum, muni yfir höfuð halda í öllu verulegu þeirri stefnu og undirstöðu, sem hún hefir komizt að, og því er það, að skoðun og uppástungur minni hlutans hafa meiri líkur fyrir sèr að geta fengið meðhald stjórnarinnar, heldur en uppástungur meiri hlutans, sem fjarlægist frumvarp stjórnarinnar talsvert meir en minni hlutinn. Í annan stað er það auðsætt, að þar sem þingið óskar, að fjárhagsaðskilnaðinum geti orðið framkvæmt, verður það að geta nálgazt sem mest frumvarpið, eðu að minnsta kosti uppástungur minni hlutans; því það er hætt við því, að stjórnin geti ekki aðhyllzt neinar stórvægilegar breytingar á frumvarpinu, og gæti það því farið svo, ef þingið tæki djúpt í árinni, að ekkert yrði af málinu að svo komnu, og þá ekki heldur af þeirri eptirþráðu stjórnarbót nè heldur af neinum verulegum umbótum á því, sem oss vanhagar um, og þurfum að fá bót á, og það er þessi hlið málsins, sem sèr í lagi er athugaverð. Að öðru leyti er það í eðli sínu, þó hinir heiðruðu þingmenn sèu ef til vill í nokkurri óvissu og vafa

um, hvernig þeir eigi að taka í málið. Það er eðlilegt og jafn framt æskilegt, að þeir skoði það með athygli og alvöru frá öllum hliðum, þegar svo mikið er í húfi, og svo mikið á hættu, ef miður tækist til í slíku velferðar- og vandamáli, sem hèr liggur fyrir.

Nefndin virðist að hafa þá skoðun, að frumvarp um stjórnarfyrirkomulag Íslands þurfi að liggja jafnhliða fyrir og þetta mál, en þessa skoðun get eg ekki aðhyllzt, og stjórnin hefir ekki heldur haft þessa skoðun, enda er auðsætt, að fyrst þarf að vita hvað fè sè fyrir hendi, áður en stjórnarfyrirkomulaginu geti orðið skipað, því það gæti svo farið, að fèð vantaði til þess að standast kostnaðinn af því fyrirkomulagi, sem menn hefðu komið sèr niður á. Annað mál væri það, ef vèr værum ekki upp á aðra komnir, en gætum sjálfir lagt fèð til. Eg skal að svo komnu ekki fjölyrða um málið, meðan ekki er lengra komið umræðunum.

Eiríkur Kúld: Eg vil fúslega játa, að hin heiðraða nefnd hafi sannarlega gjört allt sitt til, að koma máli þessu í gott horf, enda varið til þess miklum tíma og áhyggju, en þó hygg eg, að margur muni enn vera í vafa, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, um það, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði sín um málið, þrátt fyrir alla útlistun og niðurstöðu nefndarinnar. Eg segi fyrir mig, að eg er í miklum vafa um, að hverju eg á að halla mèr af niðurlagsatriðunum, og eg er líka í töluverðum vafa um, hvort þingmenn yfir höfuð, eða eg sem þingmaður hafi nokkurn rètt til að leggja atkvæði á málið eins og það liggur fyrir. Það munu vera fleiri en eg, sem hafa þá skoðun, að þeir að eins eigi að leggja atkvæði á þau mál, sem eru fyrir innan þeirra verkahring, en að varlega sè gjörandi að leggja nokkurt atkvæði á fjárhagsmálið að svo stöddu. Það hefir sem sè vakað fyrir mèr, og, eg veit, fyrir fleiri landsmönnum, að fjárhagsmálið og stjórnarbótarmálið sè svo samtvinnað hvort við annað innbyrðis, að þau mál hljóti og eigi að verða samferða, og mundi það mál eigi verða lagt fyrir alþing, heldur fyrir þjóðfund. Allt fyrir það hefði eg þó heldur látið til leiðast að gefa atkvæði um málið, ef svo aðgengileg boð hefðu verið gjörð, að vert væri að ganga að þeim, en hvað tölu-upphæðina snertir, get eg hvorki fallizt á uppástungu meiri nè minni hlutans, því tölurnar eru svo lagaðar, að mèr virðist fullkomin frágangssök fyrir þetta þing að hallast að frumvarpinu, enda með þeim breytingum, sem meiri hlutinn fer fram á, því þó

hugsazt gæti, að vèr mundum, eins og nú stendur á, geta komizt af með þessi dala-upphæð, sem nefndin tiltekur, þá er með öllu öldungis óvíst, að niðjar vorir gætu með nokkru móti unað við það vèr ættum ekki nú að binda svo hendur á sjálfum oss, og þá líka á niðjum vorum, að vèr takmörkum og einskorðum kröfurnar svo, að ekki verði framar um neitt beðið, hvað sem á liggur. Nú eigum vèr þar á móti að gjöra ótakmarkaðar kröfur til ríkisdagsins, en engan veginn binda svo hendur niðja vorra, að þeir, þegar þeir á sínum tíma vilja koma einhverju góðu og gagnlegu til leiðar, neyðast til að hætta við það sökum fjárskorts og segja: Vèr getum ekki beðið um fè; forfeðurnir hafa fyrirbyggt það; alþingi Íslendinga 1865 hefir bundið þau bönd, sem vèr hljótum að una við. Mín von er veik um það, að þá muni fást fè síðar, þó þurfi — því tregt er einatt að sækja gull í greipar þeirra, sem það hafa —, ef við núna samþykkjum þetta litla tillag. Eg býst ekki við, að Danir þá muni hækka tillagið til Íslands, ef menn nú ganga inn á og samþykkja takmarkað tillag; heldur að þeir mundu segja við niðja vora: Þið getið tekið framförum upp á ykkar eigin býti, með því fjártillagi, sem forfeður ykkar hafa samþykkt. Og hvað höfum vèr þá unnið niðjum vorum með því nú að fallast á þessa dalatölu? Jú, nokkuð, sem er, að vèr þannig bindum niðja vora á klafa framfararleysisins, með því að gefa atkvæði vor fyrir því, að þeir ekki fái það fè, sem oss og þeim að réttu gat borið. Og hvað er þá annað líklegra, en að niðjar mínir hræki á leiði mitt og segi: Þú gjörðir það, sem þú áttir ekki að gjöra. Mèr þykir eitt undarlegt, að nefndin bindur tillagið við 12 ár; það kann að vera, að hún hafi hugsað sem svo, að þá mætti gjöra nýjan og betri samning, en það er alveg óvíst, eg vil hafa eitthvað fast og víst tillag, en ekki laust, því eg get hugsað mèr, að þegar 12 ár eru liðin, þá segi Danir: Vèr verðum að hugsa okkur um í 12 ár til, hvort vèr getum orðið við tilmælum ykkar, og svo aptur í 12 ár o. s. frv. Eg get líka sagt það, að það voru ekki allir í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn, sem hugsuðu sèr laust gjald til Íslands frá Danmörku, Oddgeir og Tscherning, sem þessi nefnd þó einkum hefir hallazt að, hugsuðu sèr það öðruvísi, nefnilega sem fast gjald, og svo hefði nefndin einnig átt að gjöra. Svo er eitt atriði, sem eg vildi taka fram, og það er, að eg veit ekki til, að ríkisdagurinn hafi verið heyrður hvað tillagið snertir, og gæti eg vel hugsað mèr, að hann líka fèllist á fast tillag. Mèr

finnst í öllu falli vafi á, hvort vèr getum lagt atkvæði okkar á málið, svo skammt sem það er enn komið áleiðis, og ekki meira en það enn þá er upplýst. Þar að auki er mèr það í augum opið, að nefndin hefir alls ekki talið allar þær útgjaldagreinir, sem, enda eins og nú stendur, telja þyrfti, ef vèr færum að bera oss sjálfir, og skal eg taka að eins eitt dæmi því til sönnunar, að nú fer frá þinginu bænarskrá til konungs um læknaskipunina hjá oss, sem með fleira hlýtur að hafa ærinn kostnað í för með sèr. Eg skal nú ekki fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en hefi hugsað mèr að koma fram með aðra uppástungu en nefndin, já alveg nýja uppástungu, nefnilega í þá átt, að frumvarpið verði ekki gjört að lögum, en að stjórnarskrá verði sem fyrst lögð fyrir þjóðfund, sem eg síðar skal orða betur.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga efaðist um, að þingið hefði rètt til að segja álit sitt um þetta mál, en eg skil ekki í þessum efa. Það getur enginn vafi leikið á því, að þingið hefir rètt til að segja álit sitt um hvert það mál, sem konungur leggur fyrir þingið, og þó að þingmaðurinn segði, að alþingismenn hefðu ekki fengið umboð af kjósendum sínum til að gefa atkvæði um þetta mál, þá sannar það ekkert, því það gildir ekki fremur um þetta mál, en önnur; þingmenn fá ekki sèrstaklegt umboð til að ræða um eða gefa atkvæði sín um neitt einstakt mál. Þeir eru kosnir og kvaddir til þings, til að segja eptir beztu sannfæringu álit sitt um öll þau mál, er stjórnin biður álits þeirra um. Þessum sama heiðraða þingmanni þykja boðin í frumvarpinu og uppástungurnar í nefndarálitinu óaðgengileg, og er hræddur um, að vèr, með því að taka þeim, tökum á oss ábyrgð gagnvart niðjum vorum. Mèr sýnist nú óþarfi að bera kvíðboga fyrir slíku, því þegar menn leggja til um málin eptir beztu samvizku, þá er ekki ástæða til að óttast ámæli manna. Eg ímynda mèr, að niðjar vorir mundu með miklu meiri rökum geta álasað oss, ef vèr létum allt standa við það, sem er, sökum þess, að vèr viljum engum sanngjörnum boðum taka, sem fengizt geta, en fylgjum því fram og erum að biðja um það, sem ekki getur fengizt. Þingmaðurinn sagði enn fremur, að vèr hefðum ótakmarkaðar kröfur til ríkissjóðsins. Það er sjálfsagt, að engum verður bannað að krefja, og kröfunum verða að því leyti engin takmörk sett, en þess ber að gæta, að árangurinn af kröfunum er undir öðrum kominn. Hinum heiðraða þingmanni þykir undarlegt, að nefndin skuli binda uppá-

stunguna um tillagið við 12 ár, og hann gat um, að þeir Stephensen og Tscherning hefðu í nefndinni í Kaupmannahöfn stungið upp á föstu tillagi, en þetta er ekki að öllu leyti rètt hermt; þeir stungu bæði upp á föstu og lausu tillagi, þingnefndin stingur upp á tillagi, sem fyrst skyldi standa 12 ár óbreytt, en minnka síðan, ef til vill, þegar ný ákvörðun yrði gjörð um upphæð þess. En það, að tillagið eptir uppástungu nefndarinnar, ekki fer niður fyrir vissa tölu-upphæð, gjörir það að nokkru leyti að föstu tillagi; því það má ekki svipta því burt, nema þingið samþykki. Maður getur líka afsalað sèr föstu tillagi, svo að sá partur af tillaginu, sem nefndin stakk upp á, í þessari ákvörðun um (50,000 rd. og 37,500 rd.), er ekki ólíkt föstu tillagi í eðli sínu. En nefndinni sýndist ekki ástæða til, að binda það fastara en þetta. Þó útgjöld landsins séu í fyrstunni meiri en tekjurnar, þá geta tekjurnar vaxið með tímanum, og það má telja víst, að menn muni gjöra tilraunir í þá átt, með því að leggja haganlega tolla á landið. Menn þykjast vissir um, að gjöldin vaxi ávallt fyrst um sinn, en það er óeðlilegt að hugsa sèr, að gjöldin ætíð vaxi, en tekjurnar standi í stað. Þingmaðurinn tók enn fremur fram, að ríkisdagurinn hefði ekki verið heyrður; en ríkisdagurinn er löggjafarþing, og eg veit ekki til að mál geti orðið borin undir það þing til álita, heldur til ályktunar. Hann hèlt, að ríkisdagurinn mundi ef til vill verða fús til að ákveða fast tillag. En eptir því, sem menn þekkja álit ríkisþingsins á málinu, þá er það á gagnstæðri skoðun; því þegar ríkisþingið hefir verið að herða á stjórninni, að koma fjárhagsaðskilnaðinum í kring, þá hefir æfinlega verið ráðgjört, að ríkissjóðurinn þyrfti *um vissa áratölu,* að skjóta fè til landsins. Þar af má sjá, að ekki er ástæða til að halda, að ríkisdagurinn sè meðmæltur föstu tillagi. Þessa sömu skoðun hafði og Alþingi sjalft 1857, eins og frumvarpið segir í ástæðunum. Sú uppástunga þingmannsins, að málinu verði skotið á frest, er mjög háskaleg, ef þingið skyldi aðhyllast hana, en eg vona að það verði ekki; því annars er ekki fyrir að sjá, nema allt standi í stað um ótiltekinn tíma. Eg sè ekki, að stjórnin geti með nokkru móti snúið sèr til alþingis eður þjóðfundar, með ákveðið tillag úr ríkissjóði, í sambandi við stjórnarbótarmálið, nema búið sè að fá samþykki ríkisþingsins um upphæð tillagsins, en til þess að geta farið til ríkisþingsins með þetta atriði málsins, verður stjórnin fyrst að hafa fengið um það álit alþingis, til þess hún geti byggt á tillögum þess, uppá-

stungur sínar við ríkisþingið, þessi undirbúningur málsins er öldungis nauðsynlegur, því þær upplýsingar og tillögur, er hèr verður að byggja á, geta ekki fengizt nema frá alþingi, og því tækifæri sem þinginu er hèr gefið til að segja álit sitt, ætti þingið ekki að hafna, heldur að nota það sem bezt.

Sveinn Níelsson: Það er við því að búast, að margur sè í efa, þegar ræða er um annað eins vandamál og þetta, og mèr kemur ekki til hugar, að mín orð muni rýra þenna efa, af því eg er sjálfur efablandinn, hverju eg eigi að gefa atkvæði mitt. Eg get verið því fáorðari nú, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir tekið sumt það fram, sem eg ætlaði að bera fram sem mína sannfæringu, og eg lýsi þeirri skoðun minni yfir fyrst af öllu, að eg skoða fjárhagsmálið sem undirstöðu fyrir stjórnarbótarmálinu, því eg get ekki hugsað mèr stjórnarbót, áu þess menn geti vitað, hve mikið fè Ísland eigi, og hve mikið Danir leggja oss til, hvort heldur það verður kallað eptir ástandskröfum, samgirniskröfum eður rèttarkröfum, eður hverju nafni sem það kallast. Þegar litið er á fjárhagsmálið, ríður þinginu á að gjöra sèr svo ljóst sem verður, hve mikið tillag það geti gjört sig ánægt með, til að koma á þeirri stjórnar- og hagsbót sem það þarf sannarlega með. Hvernig sem eg skoða málið, skoða eg það allt af í sambandi við stjórnarbótina. Eg ætla ekki að fara langt út í nefndarálitið, nefndinni hefir ekki gengið nema gott til sinna tillaga. En þegar eg hugsa um fjártillag frá bróðurþjóð vorri, Dönum, veltur á fleiru en einu fyrir mèr. Það verður mikið að vera komið undir þeirri stjórn, sem vèr stofnum hjá oss, og sèr í lagi hve dýrt oss verður hennar efsta stig, bæði hèr og erlendis, og eg vil ekki fara út í aðgreininguna á föstu og lausu tillagi. Mèr finnst líka, að skeð gæti, að vèr gætum ekki komizt af með jafnvel meira fjártillagið, sem nefnt hefir verið, nefnilega 60,000 rd. Eg skoða stöðu alþingis svo, að vèr ættum að setja oss sem bezt í huganum í samband við þjóðfund, þjóðfund eptir konunglegu fyrirheiti 23. september 1848, og eptir kosningarlögum 28. september 1849, og að þingið eigi því að fara mjög gætilega að því, að ákveða neitt víst og fast og gjalda varhuga við, ekki að taka fram fyrir hendurnar á því hinu meira þinginu, nefnilega þjóðfundinum. Mèr finnst þingið eigi að hafa þetta samband stöðuglega í huga sèr, og gæta sín við að fara of langt eða of stutt, svo það ekki vinni öldum og óbornum í óhag.

Jón Hjaltalín: Nú má með sanni segja, að vandasamt mál sè komið fyrir þingið; það hafa opt komið mál hèr inn á þing, sem hafa verið kölluð vandasöm, en sem eg ekki álít, að hafi verið það í samanburði við þetta mál. Eg get ekki annað en óskað, að nefndin hefði greitt betur úr málinu, því það er sorglegt að sjá, hvernig málið liggur hèr fyrir. Eg skil þetta svo, að við viljum verða nokkurs konar ríki í sambandi við Dani; eg óska nú, að þetta mætti ganga vel, en eg verð að sjá mögulegleika til, að þetta geti fengið framgang, og að við höfum ljósa hugmynd um, hvað við gjörum og viljum. Þessi nefnd álítur, að fjárhagsmálið eigi að ganga á undan stjórnarbótarmálinu; en eg og flestir þingmenn munu vera á því, að þessi mál sèu óaðgreinanlega sameinuð. Eg álít þessa reikninga, sem nefndin hefir gjört, eins og gripna úr lausu lopti, því þar er ekkert talið það, sem Danir hafa tillagt, það er eins og mönnum liggi lífið á að fá þetta sem fyrst, því annars værum við fortapaðir sauðir. Því var og barið við, að ríkisdagurinn mundi verða erfiður með fjárútlátin, en þessu verð eg að mótmæla, því ríkisdagurinn hefir þvert á móti, þegar spursmál hefir verið um að útvega fè handa Íslandi, verið mjög velviljaður, og er eg sannfærður um, að þegar með ástæðum verður sýnt fram á, að aðskilnaður í fjárhagslegu tilliti, sè bæði til gagns fyrir Ísland og Danmörku, að þá muni ríkisdagurinn verða enn þá fúsari en áður að veita það umbeðna. En þrátt fyrir það sýnist mèr ekkert liggja á að flýta málinu. Að öðru leyti þykir mèr það skrítilegt, hvernig málið er komið fram; þetta eiga ekki að vera nein lög, heldur er það hreinn og beinn samningur milli konungsins í Danmörku, og Íslendinga; það er því óeiginlegt að kalla það lög. Það er eins og nefndin hafi bundið sig við vissa dalatölu, sem hún ætlar að byggja stjórnarbótina á. Eg skal leyfa mèr að spyrja framsögumann, að nokkrum spurningum, sem eg óskaði upplýsingar um. Ætli það geti ekki komið fyrir, að ýms ófyrirsèn atriði í hinni nýju stjórnarbót, drekki upp þessar tölur? Eða hvernig hugsar nefndin sèr fyrirkomulagið, þegar við erum orðnir ríki út af fyrir okkur? Hver á að verja okkur? Það lítur ekki vel út að vera varnarlaus, ef Evropa og má ske Vesturheimur kæmust í loga; það dugar ekki þá, að vera svo illa útbúinn, að ein skúta gæti rænt og eyðilagt okkur. Ætli það færi nú ekki samt að skarðast í þessa 40,000 rd., þegar við erum búnir að útvega okkur nægilegar verjur? Eg held það væri gott, ef að

frumvarp til stjórnarbótar lægi nú fyrir okkur, áður en við förum að ræða um fjárhagsmálið. Við þurfum þó sýnist mèr fyrst, að vita til hvers vèr þurfum fèð. Eg ætla að svo stöddu ekki að tala meira; hèr sitja svo margir stjórnvitringar á þingi, eg vona að þeir geti skýrt málið fyrir mèr og þinginu.

Eiríkur Kúld: Hinn 4. konungkjörni þingmaður hèlt, að eg hefði ekki haft rètt fyrir mèr, þegar eg sagðist sem þingmaður vera í vafa um, hvort eg ætti að gefa atkvæði í málinu; þetta skal eg ekki þræta um við hann. En eg get þó ekki betur sèð, en að það sè hrein og bein siðferðisleg skylda fyrir þingmenn, ekki að gefa atkvæði sitt í því máli, þegar þeir ekki geta haft hið minnsta umboð til þess frá kjósendunum, sökum þess, að kjósendur vorir áttu ekki von á öðru en að það yrði lagt fyrir þjóðfund eða þá fyrir þingið í sambandi við stjórnarbótarmálið; þetta er og eðlileg hugsun, af því að menn hafa konunglegt fyrirheit að styðjast við. Framsögumaður bar ekki á möti því, að við hefðum eins og nú stendur ótakmarkaðar kröfur á hendur Dönum, en hann áleit þær þýðingarlitlar; þetta skil eg því að eins, að jus fortioris eigi sèr stað í þessu tilliti; en mèr finnst engin ástæða til að gjöra ríkisþinginu þessar gersakir, því það hefir opt og tíðum gefið dæmi upp á hið gagnstæða. Eg vil heldur ekki binda við 12 ára takmarkið, eins og nefndin gjörir, því einmitt með því höfum við takmarkað þessar kröfur við 12 ára tímann. Það er sjálfsagt, að við eigum að gefa mikið fyrir sjálfsforræði, en Danir eiga líka að borga oss fyrir það, að þeir losast við oss, og sleppa við alla ábyrgð á oss. Hinn hæstvirti framsögumaður sagði, að það væri ei rètt að ætlast til, að útgjöldin yxu, en tekjurnar ekki; þetta er satt. En af hverju vaxa ei tekjurnar? Af því við erum fátækir; af hverju erum vèr fátækir? Til þess að svara þeirri spurningu, vil eg biðja hinn háttvirta framsögumann, að skýra fyrir mèr, hvort Danir muni hafa tapað og við unnið, á einokunarverzluninni gömlu? Eður var það ekki að miklu leyti, að minnsta kosti á stundum henni að kenna, að mannfellir varð hèr á landi, en einmitt frjálsu verzluninni að þakka, að ekki hafa komið hallæri hèr á hinum síðari hörðu árum. Eg vil og geta þess, að ef vèr nú gefum atkvæði um málið eins og það liggur fyrir, þá »voterum« við undir atkvæði ríkisdagsins, því það er hægt að sjá á frumvarpinu, að leggja á málið undir hann; og verðum vèr þannig ráðgefandi samkoma undir honum.

Framsögumaður: Það var nú svo sem auðheyrt, að hinum 3. konungkjörna þingmanni fèll engan veginn vel í geð nefndarálitið. Eg skal geta þess, að þar sem honum ekki geðjaðist að þeirri skoðun, sem hann hèlt, að nefndin hefði á sambandinu milli fjárhagsmálsins og stjórnarbótarmálsins, þá er þetta sprottið af misskilningi; því þessi mál eiga einmitt eptír áliti nefndarinnar að verða samferða að síðustu, þar sem nefndin vill, að lögin um fjárhagsaðskilnaðinn fái eigi gildi fyrri en á sama tíma og stjórnarskipunarlögin. En eg tók það fram áðan, að nauðsynlegt var að fara þenna veg, að bera fjárhagsmálið út af fyrir sig undir þingið, af því að stjórnin að öðrum kosti eigi með vissu gat vitað, hvað hátt tillag hún ætti að fara fram á við ríkisþingið, og þurfti að byggja uppástungur sínar þar um á áliti alþingis. Eg ber sama traust og hinn 3. konungkjörni þingmaður til ríkisþingsins, hvað sanngirni þess viðvíkur. Það er og aðgætandi, að þingið ekki beinlínis heldur sèr til ríkisþingsins heldur til konungs eður stjórnarinnar, og stjórnin ber aptur málið upp fyrir ríkisþinginu. En það er ekki við því að búast, að stjórnin beri aðrar uppástungur upp fyrir ríkisþinginu en þær, sem hún álítur sanngjarnar og hæfilegar eptir öllum málavöxtum. Í frumvarpi stjórnarinnar hefir maður skýrslu um skoðun stjórnarinnar á málinu. Nefndin gat ei betur sèð, en að hèr væri áreiðanlegur grundvöllur að byggja á, en hún vildi um leið laga þenna grundvöll svo að hann yrði aðgengilegri fyrir Íslendinga, og það hefir hún gjört með því að stinga upp á ákvörðun um að nokkuð af tillaginu verði fast á þann hátt, að landið ekki missi það, nema alþingi sjái sèr fært án þess að vera. Það leit annars út eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður væri búinn að ákveða stjórnarfyrirkomulag Íslands og stöðu þess í ríkinu, því hann sagði við ættum að verða ríki í sambandi við Danmörku, en þetta er nú samt ekki enn þá orðið, og getur ef til vill orðið nokkur bið á því, að þessi spá hans rætist. Hann beindi og ýmsum spurningum að nefndinni, en þær eru þess eðlis, að nefndin finnur sèr ekki skylt að svara þeim, það var nefnilega ekki ætlunarverk nefndarinnar, að búa til stjórnarskipunarlög, hann verður því að afsaka nefndina í þessu tilliti. Viðvíkjandi því sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagði um ótakmarkaðar kröfur, þá blandaði hann saman kröfum og rètti; rètturinn er takmarkaður við gildar ástæður og er því erfitt að sanna hann. Þegar menn geta ekki sannað rètt sinn, þá er betra

að fara eptir því, sem er sanngjarnt, en að fylgja fram þeim rèttarkröfum, sem eigi verða færðar gildar ástæður fyrir. Eg held að öðru leyti, að menn í þessu máli hafi ei gjört sèr grein fyrir, hvað meint sè með rèttarkröfu; því ef menn ætla að byggja þessar svo kölluðu rèttarkröfur á reikningum frá elztu tímum milli Íslands og Danmerkur, þá hefir öllum komið saman um, að ómögulegt, væri að búa til slíka reikninga, og þetta er einnig skoðun nefndarinnar; en hverjum manni hlýtur að vera ljóst, að ómögulegt er að byggja frambærilegar kröfur á einstökum atriðum úr reikningi, þegar menn ekki þekkja reikninginn í heild sinni. Þingmaður Barðstrendinga áleit og, að Danir hefðu grætt á einokun verzlunarinnar og við beðið tjón; þetta er að vísu rètt og satt, en lögin um einokunarverzlunina, sem oss á þessum tímum þykja óhafandi, voru gefin af þeirri stjórn, sem átti með að gefa lög fyrir Ísland, því mega menn ekki gleyma, og það er óhugsandi að ætla sèr að fá bætur fyrir yfirsjónir eða óhagfelldar ráðstafanir eldri stjórnar; slíkar kröfur eru svo á sig komnar, að þær gætu miklu fremur orðið málinu til fyrirstöðu. Hinn sami heiðraði þingmaður sagði og, að ríkisþingið hefði eigi verið aðspurt um þessar 42 þúsundir; þetta er satt. En hèr er aðgætandi, eins og eg hefi áður sagt, að málið á ekki að berast undir álit ríkisþingsins, heldur á það að leggjast fyrir það til ályktunar, þegar alþingi er búið að segja um það álit sitt. Það, sem hinn sami þingmaður fann að uppástungu nefndarinnar um hið lausa og fasta tillag, þá skal eg geta þess, að vara-uppástunga þingmanns Árnesinga fer fram á óblandað tillag, sem landið eigi verði svipt neinu af, nema með samþykki alþingis. Hún getur því að líkindum gjört hinn heiðraða þingmann ánægðan í þessu tilliti.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti framsögumaður misskildi nú orð mín, þar sem hann sagði, að eg hefði viljað ákveða stöðu Íslands í ríkinu, en eg vildi að eins geta þessa til að leiða athygli þingmanna að þessari hugmynd. Eg veit ekki hvað menn leggja hèr í stjórnarbót eða fjárhag þann er hèr um ræðir, og eg veit ekki, hvað það getur innibundið í sèr. Eða getur framsögumaður sjálfur sagt það? Ef hann getur sagt það, þá er eg ánægður. En það munu víst margir þingmenn geta villzt á þessu. Framsögumaður sagði nú, að nefndin vildi láta fjárhagsmálið vera samfara stjórnarbótinni, en öðruvísi stendur þó í nefndarálitinu, þar sem segir: Vèr viðurkennum nú að vísu, að nauðsyn sè á að komast

að fastri niðurstöðu um fjárhagsaðskilnaðinn, áður en stjórnarskipunarmál vort verðr leitt til lykta. Eg held líka, að framsögumaður hafi misskilið mig, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að ríkisdagurinn mundi eigi ganga inn á allt, sem hèr er fram á farið. Eg held þvert á móti, að hann gangi inn á allt, sem miðar til verulegra framfara hjá oss, og eg held að hann kæri sig alls eigi um, hvort það munar nokkrum þúsundum frá eða til, því að Danmörk er nú ekki orðin svo stór, að hún hafi mörg lönd að missa. Og það eru margir vitrir menn, sem hafa sagt, að mörgu góðu mundi mega koma hèr til leiðar, ef eigi væri fè til sparað. Eg ímynda mèr, að ríkisdagurinn hugsi sem svo: Þegar börnin fá vilja sinn, þá gráta þau ekki; þeir vilja nú losast við okkur og við skulum lofa þeim það. En eg skal ekki lá ríkisdeginum það, og mig furðar ekkert á því, þótt hann verði tregur að leggja til fè, sem hann ekkert veit um, hvernig verður brúkað. En eg þykist viss um, að ríkisdagurinn mundi ekki sýta í nokkur þúsund dali, ef hann sæi, að oss væri það til verulegs gagns. Það er ekki vert að vera hèr að innbirla sèr, að menn geti komið hèr miklu til leiðar með litlu, og það er mín sannfæring, að hèr verði ekki mikið gjört með 50,000 rd., og eg ímynda mèr, að það sè sannfæring flestra, eg vil ekki segja allra Íslendinga. Það getur verið, að framsögumaður hafi rètt, að því er kröfurnar snertir, og eg verð að vera á því, að þær eigi að vera hógværlegar. En eg held, að hèr eigi við eins og optar, að hreinn reikningur gjöri góða vini. Og eg get ekki sèð neitt ókurteist í því, þótt Íslendingar segi við Dani: Þetta höfum vèr lagt inn til yðar, og þetta eigum vèr hjá yður. Danir geta þá aptur á móti sagt við oss: Þetta höfum vèr látið yður fá. Eg get ekki haldið, að ómögulegt sè að gjöra upp þenna reikning, því að eg held, að það hafi verið greitt úr örðugri reikningi. Eg er nú samdóma framsögumanni í því, að ekki sè rètt að vera að koma með rèttarkröfur, þar sem menn þykjast engar hafa, því að Danir geta þá sagt: Þið eruð allt af að heimta og heimta, en eigið ekki heimting á neinu, og það getur litið illa út fyrir þeim, sem ekki þekkja málið til hlítar. En þótt við færum sönnur á okkar mál með skynsamlegum kröfum, þá þurfum við ekki að brúka neina stífni, einkum þar eð Danir sèr í lagi á hinum síðustu tímum hafa sýnt sig svo velviljaða okkur. Eg ímynda mèr, að Danir segði: Segið þið til, hvað við eigum að leggja til, og þá segðum við eins og ærlegir menn:

Þetta þurfum við. Í þessu öllu held eg geti verið gott samkomulag, því að eg er sannfærður um, að ríkisdagurinn er oss velviljaður og stjórnin líka, Eg get nú með engu móti verið á sömu skoðun og nefndin, því að eg get ekki trúað öðru en ríkisdagurinn mundi ekki reiðast því, þótt vèr bærum upp kröfur vorar eins og þær eru, ef þeir þekktu ástandið hèr, eins og það er og hefir verið um undanfarinn tíma. Eg er nú heldur ekki viss um nema þetta litla gjald verði álitið sem gjöf. Eg lái Dönum það eigi, því að þeir vita ekki, hverjar kröfær vèr höfum, af því það hefir aldrei verið fullkomlega upplýst. Það er sorglegt, að nefnd sú, er skipuð var í Kaupmannahöfn, skyldi ekki geta upplýst þetta atriði nákvæmar og með meiri einingu, og það var nú eigi von, að dóttur hennar hèr hafi gengið það betur.

Stefán Thordersen: Mèr finnast nú umræðurnar vera farnar að fara nokkuð á víð og dreif. Því mèr finnst hèr vera fyrsta spursmálið: Vill þingið fá fjárhagsaðskilnað eður ei? Og eg verð að svara þessari spurningu með stuttu orði, sem heitir »já«. Og það mun vera ósk allra þingmanna og allra landsmanna, að hann kæmist á, og meira að segja, hann mun almennt álitinn lífsnauðsynlegur. Hin spurningin er: Er það mögulegt að ræða um fjárhagsaðskilnaðinn, án þess að ræða hann í sambandi við stjórnarbótina, og verð eg að svara þeirri spurningu einnig með stuttu orði, sem er »nei«. Og þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram áðan þá spurningu: »Hvernig geta menn talað um stjórn, þar sem ekkert fè er til«; þá hefi eg eins rètt til að snúa þessari spurningu hans við, og spyrja: Hvernig eiga menn að tala um fjárhagsaðskilnað, þar sem engin stjórn er? En þá er þriðja spurningin: Hvernig eiga menn að koma þessu fyrir? Þetta finnst mèr aðalatriðið; þetta er mergurinn í öllu þessu máli. Það er nú ekki svo vel, að eg geti talað nákvæmlega um þetta atriði, heldur verð eg að neyðast til að tala um það, — ef eg má svo að orði kveða — »overfladisk«, eður með öðrum orðum eingöngu láta í ljósi, að eg vil að vísu fjárhagsaðskilnaðinn, en þó svo bezt og því að eins, að landinu sè borgið, því eg vil ekki fjárhagsaðskilnaðinn *fyrir hvern mun;* eg vil ekki *kaupa* hann upp á landsins kostnað. Eg ætla að leyfa mèr hèr að taka mèr í munn orð skáldsins, þar sem hann segir: »Ástin fyrnist þegar unnustan hefir lent í fjóshaugnum og verið borin á völl, maður þekkir hana ekki aptur, þegar maður rekst á hana í sorpinn». Og eg er hræddur um, að

eins fari hèr, að þótt bræður vorir Danir hafi verið hingað til fúsir á að styrkja oss, og *verði* fúsir á að styrkja oss, með að koma fjárhagsaðskilnaðinum á, þá muni fara svo, ef vèr förum að biðja þá af nýju, þegar vèr erum skildir að skiptum, að þeir kannist ekki við unnustu sína gömlu, ef þeir hitta hana á verganginum. Eg vil því engan veginn flana að fjárhagsaðskilnaðinum. Það er eitt, sem eg vildi leyfa mèr að bera upp, en eg veit ekki, hvort það er leyfilegt eptir þingreglum, og vona eg þá, að forseti taki ofan í við mig, en það er að skora á *hann,* að hann nú þegar taki þátt í þessum umræðum, því að fáir munu kunnugri þessu máli, en einmitt hann.

Sighvatur Árnason: Það kom nú stands á umræðurnar við þessa ræðu hins háttvirta þingmanns Vestmanneyinga, sem mèr líkaði nú í mörgu vel. Eg ætla með fáum orðum að láta í ljósi meiningu mína um þetta mál, eins og það hefir komið mèr fyrir sjónir og kemur nú eins og það liggur fyrir, og held eg, að sú sannfæring mín breytist ekki mikið, í því efni; eg í rauninni vil alls ekki neita því, að það kunni að geta komið fyrir, eptir því sem umræðurnar upplýsa og skýra málið betur og betur. Eg álít að þetta fjárhagsmál sè *beinlínis* í sambandi við hið fyrirhugaða stjórnarbótarmál, og eigi því ekki við að taka það til meðferðar svona út af fyrir sig, sem virðist að vera óslítanlegur liður úr stjórnarbótarmálinu, og einmitt sú skoðun virðist að hafa komið fram af hálfu stjórnarinnar allt til þessa, að fjárhagsmálið væri í óslítanlegu sambandi við stjórnarbótmálið; eg held því, að þingið geti ekki vel tekið þetta frumvarp öðruvísi en bendingu um málið eða bendingar atriði stjórnarinnar um þetta mikla atriði í stjórnarbótinni, og þingið ætti því einungis aða láta í ljósi meiningu sína með bendingaratriðum um þetta mál í álitsskjali sínu til konungs, en ekki með beinum niðurlagsatriðum um það; en það eitt ætti að vera niðurlagsatriðið, að þingið beiddi konung vorn að leggja stjórnarbótarmálið í heild sinni fyrir þjóðfund hèr á landi, er hefði ályktaratkvæði um málið; að fjárhagsaðskilnaðurinn gangi svona í gegn á undan stjórnarbótinni held eg ekki geti átt sèr stað, því fjárhagsmálið hlýtur að grundvallast á stjórnarskipun landsins við stjórnarbótina. Eg get þess vegna ekki fellt mig við nefndarálitið, með því líka á hinn bóginn, að nefndin hefir að eins tekið fram nokkur einstök atriði sem snerta hina reikningslegu eður rèttinda hlið málsins, en aptur hefir hún alveg sleppt ýmsum stórvægilegum

atriðum, og skal eg til færa nokkur þeirra, nefnilega fyrst verzlunareinokunina, sem allan þann tíma, er hún átti sèr stað, mátti segja að hún legði beinlínis skatt á landið til ríkissjóðsins, þegar stjórnin seldi íslenzku verzlunina í hendur einstöku kaupmönnum í Danmörku fyrir ákveðið gjald árlega, til ríkissjóðsins. Hvað er nú þetta annað en skattur á landið, eða af landinu, því það er vitaskuld, að þessir kaupmenn hafa lagt og hlutu að leggja þessa borgun fyrir verzlunina á Íslendinga í verzluninni sjálfri, eins og raun gaf vitni á þeim tímum. Þessi verzlunarskattur svarar til að eins 50,000 rd. árgjalds, (sjá fylgiskjal fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn 1861, nr. 3, lit. a). Þessu hefir þingnefndin alveg sleppt. En eg vil biðja þingið að athuga þetta vel, áður en það leggur samþykki sitt á fjárhagsaðskilnaðinn. Eg get nú heldur eigi ímyndað mèr annað enn Íslendingar eigi heimting á ærnu fè út af þeim svo kölluðu Bjelkesjörðum, sem seldar voru 1674, hverra andvirði og ágóði hvarf í hendur Dana, án þess það kæmi Íslandi til góða í nokkru. Að því er snertir hina hlið málsins, nefnilega ástandið sem nú er, þá ætla eg að víkja fáeinum orðum að því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði; hann sagði að Íslendingar gætu að eins gjört sanngirniskröfur til Dana. Já eg játa það, að svo sè, og vil einmitt líka að Íslendingar fái allar sanngjarnar kröfur uppfylltar af Dana hendi, hvort heldur þær væru byggðar á reikningslegum grundvelli eða ástandinu eða að nokkru leyti hvorutveggja, stendur að líkindum á sama, og getur hvort heldur sem er heitið rèttarkrafa, og hvort heldur sem er mundi komast í talsvert háar tölur. Því ef vèr skoðum ástandið á Íslandi og ástandið í Danmörku þá mun mikið bera á milli. Ef vèr, segi eg, skoðum Danmörku, eins og hún nú er, og skoðum líka Ísland eins og það er nú, þá munum vèr komast að raun um, að margt er búið að gjöra þar, sem enn er ógjört hèr. Það eru margir, sem þekkja það betur en eg, og þó veit eg af mörgu, sem sýnir ljóslega þetta mismunandi ástand, og eg er viss um, að hinn háttvirti framsögumaður, sem er svo kunnugur í Danmörku og þekkir þar ýmsar framfarir og endurbætur bæði til sjós og lands, sem þar er búið að gjöra með ærnum kostnaði bæði af ríkisfè og öðru, en þar í móti er að öllu leyti ógjört hèr. Eg held, að það gæti nú orðið hár reikningur, ef menn færi að bera þetta saman og leggja niður það sem í Danmörku er búið að gjöra með almennu ríkisfè, og með almennu afli, sem þar hefir

dregizt saman; þar í móti hefir auðurinn og aflið dregizt hèðan til Danmerkur, sem Ísland á virkilega óuppborið aptur bæði sem sitt eigið fè, og sem einn hluti alríkisins, er orðið hefir á eptir hinum sökum efnaleysis, með fyrirtæki og framkvæmdir, og það stórkostlega, en til þess að þetta allt jafni sig nú við þenna umtalaða fjárhagsaðskilnað hlýtur að koma fjártillag frá Dönum svo hæfilega og sanngjarnlega metið sem auðið væri, svo jafnrèttið yrði að síðustu sem allrabezt úr garði gjört bæði fyrir þeirra hönd og Íslendinga. Forfeður vorir á miðöldunum, sem liðu hungur og hallæri undir verzlunareinokuninni ættu að vera risnir upp úr gröfum sínum og tala máli Íslendinga, og mundu þeir hafa bæði margar og miklar sanngirnisástæður fram að færa frá Íslands hálfu þessu máli viðvíkjandi. Eg verð þess vegna að fylgja því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram og áskilja mèr með honum rètt til nýrrar uppástungu á þá leið, að þingið ráði hans hátign konunginum frá að gjöra þetta frumvarp að lögum, því að eg hefi áður tekið það fram, að stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið væru eptir minni meiningu í óslítanlegu sambandi, og vil eg því hafa það eitt niðurlagslagsatriðið við þetta mál, að þingið biðji hans hátign konunginn um þjóðfund hèr á landi, sem fái þessi aðal- og allsherjarmálefni vor, nefnilega stjórnarskipunar- og fjárhagsmálið til meðferðar í heild sinni.

Forseti: Eg vil gjarnan svara hinum háttvirta þingmanni Vestmanna-eyinga upp á áskorun hans, og verð eg þá að segja yfir höfuð að tala, að eg held, að mín svör og skoðun á þessu máli liggi nokkurn veginn greinilega fyrir þinginu. Eg gæti, ef til vill, tekið ýmislegt fram nokkuð öðruvísi, en þó eg finni eigi ástæðu til að taka þátt í umræðunum sem stendur. Það hafa að vísu komið fram nokkrar mótsagnir móti reikningum mínum og kröfum, en eg held, að það geti naumast vafiz fyrir nokkrum Íslendingi, sem þekkir til sögu lands vors og ásigkomulags þess, að reikningur minn sè þó á rökum byggður, og að þær kröfur, sem þar er farið fram á, sè hógværlegar. Það er þess vegna undir því komið, hverja stefnu umræðurnar taka, hvort mèr þykir nokkur nauðsyn á að taka til máls.

Stefán Jónsson: Eg get eigi vel sagt um, hvort eg vilji halda mèr að nefndarálitinu eða ekki. Það er auðsèð, að nefndin hefir reynt til á allar hliðar að fara sem næst stjórnarfrumvarpinu sem hún mest gat. En eg veit ekki, hversu hollt þetta er, því að eg

veit eigi, hvernig það getur samrýmzt við ástæður þær, sem eru í síðari hluta fylgiskjals þess, er hèr liggur fyrir þinginu. Sèr í lagi verð eg að taka það fram, að mèr virðist ekki hægt að segja nokkuð víst um fjárhagsaðskilnaðinn eða fjárupphæð, fyrr en stjórnarbótin kemst á, því að eg veit eigi, hvort það fè, sem hèr er til tekið hrekkur, fyrr en eg veit, hvernig stjórnarbótinni og sèr í lagi innanlandsstjórn verður hagað. Mèr finnst að stjórnarbótar- og fjárhagsmálin vera svo náskyld, að þau ekki verði aðskilin, nema hèr væri svo mikið fè fyrir hendi eða fram boðið, að ekki gæti verið efi á, að það hrykki til. Eg get því ekki gefið atkvæði mitt fyrir niðurlagsatriðum nefndarinnar eins og þau nú eru, nema því, er fer fram á að biðja um þjóðfund. En samkvæmt þessu vildi eg að bætt væri inn í II. tölul. 2 «fjárhagsaðskilnaðar og», svo töluliðurinn hljóði svo: að fyrir fund þenna verði lagt frumvarp til fjárhagsaðskilnaðar og nýrra stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. Því að eg álít, eins og eg sagði áður og fleiri þingmenn hafa sagt, að það sè ómögulegt að aðskilja þessi 2 mál svo vel fari. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf í skyn, að hann helzt mundi vilja hvetja menn til að hallast að minni hlutanum, og þykir mèr það eðlilegt frá því sæti, sem hann situr í; en eg held, að það sè þó varúðarvert að ganga inn á þá skoðun. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það væri eigi vogandi að hafna því fjárboði, er vèr kæmumst af með, en vèr vitum enn ekki, hvers vèr þurfum eða hvað vèr komumst af með. Það hefir nú verið talað um, að ómögulegt væri að gjöra nákvæma reikninga milli Íslands og Danastjórnar, og það getur ef til vill verið; en það má þá koma fram með sanngirniskröfur, og þótt allt verði ekki talið fram á báðar hliðar, þá má þó gæta þessara sanngirniskrafa í samningunum. Eg get að öðru leyti skýrskotað til þeirra manna, er talað hafa um það, hvort vèr munum hafa rètt til að ganga að þeim kostum, sem sè bindandi fyrir þjóðfund og eptir á fyrir alda og óborna, og er eg alveg á þeirra máli sem þessu neita.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það hafa nú fleiri af þeim sem talað hafa orðið til að hnjáta í nefndina heldur en að lofa hana. En nefndin mun þó hafa haft vilja til að ljúka sínu ætlunarverki af hendi eptir beztu sannfæringu. Mèr fannst nú undir eins og eg var kominn í nefndina, að annaðhvort yrði hún að kasta frumvarpinu alveg, eður þá að hún yrði að segja álit sitt um það eins og það liggur fyrir. Ef nú hið fyrra hefði orðið niðurstað-

an, þá finnst mèr, að það hefði verið sama sem að slá málinu á frest um óákveðinn tíma, og þannig færa það feti aptar en það nú er, og ef til vill, hefði þá sá slagbrandur verið settur fyrir málið, að menn hefðu orðið að bíða nokkuð og óvíst hvað lengi eptir hræringu vatnsins hjá stjórninni aptur. Þess vegna gjörði nefndin það með yfirlögðu ráði að taka þessa stefnu í málinu, sem hún hefir fylgt, og sem auðsjáanlega hlýtur að beina málinu nokkuð áfram. Eg var reyndar fyrst í vafa um, hvað eg ætti að gjöra, og hverju fram að fylgja í nefndinni, en komst þó brátt til þeirrar niðurstöðu, að það væri rèttast gjört, bæði með tilliti til hins yfirstandandi og ókomna tíma, að taka málið til yfirvegunar. Eg skal nú játa það, að þingmenn eru eigi kvaddir til að greiða fullnaðar eða samþykkisatkvæði um þetta mál, en eg held að þeir hafi fullkominn rètt til að segja álit sitt um það eins og hvert annað mál sem fyrir þingið er lagt. Eg sè nú heldur eigi, að nefndin hafi gengið lengra inn í málið, en hún þurfti að ganga, þar sem hún hefir einmitt bundið síðustu úrslit þessa máls við úrslit stjórnarbótarmálsins, og atkvæði þess þings, sem ræður stjórnarbótarmálinu til lykta. Þegar nú að nefndin var búin að taka málið til yfirvegunar, þá lágu eigi nema 2 vegir fyrir, það er, reiknings-færsluvegurinn eða rèttarkröfuvegurinn, og ásigkomulagsvegurinn eður það ásigkomulag, sem nú á sèr stað. Hver þessi vegur fyrir sig, virðist mèr fyllsti rèttarkröfuvegur; því taki menn ástandið sem nú er, eins og nefndin hefir gjört, finnst mèr að þingið hafi fyllsta rètt til að krefjast þeirrar fjárupphæðar af Danmörku, sem nauðsynlega þarf með, til að viðrètta landið úr því volæði sem margra alda óstjórn Dana hefir steypt því í. Nefndin vissi vel, að fleiri mundu vilja, að farinn væri rèttarkröfuvegurinn, og mundi nefndin einnig hafa kosið heldur að fara hann, ef henni hefði sýnzt það fært. Það liggja nú þau skírteini hèr fyrir okkur sem sýna, að vitrari menn en vèr hafa fjatlað um þetta mál, og hafa þeir þó eigi sèð sèr fært, að ráða þessu máli til lykta á þann hátt, að uppgjöra hreina reikninga milli Íslands og Danmerkur, og hafa þeir þó að líkindum haft við hendina öll þau tæki, sem þar til þurfa. En nefndin hèr hafði engin þau skilríki fyrir sèr, er hin nefndin hafði; held eg því, að enginn geti með sanngirni láð henni, þótt hún treystist ekki til að fara lengra, en hún hefir farið, inn í þetta reikningslega í málinu. Sá vegur, sem nefndin hefir valið, er auðsjáanlega auðveldari og lèttari, en sem að lokunum verður

ef til vill allt eins affarasæll. Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei skilið stöðu þingsins að þessu sinni svo, að það ætti nú að greiða fullnaðaratkvæði um þetta mál, heldur sýnist mèr, að það sè brýn og bein skylda þess, að þoka því einu feti áfram í þá stefnu, sem það á að fara, og nær því takmarki, sem allir vilja ná, nefnilega algjörlegum fjárhagsaðskilnaði, samfara nýrri stjórnarbót. Það hefir verið sagt hèr í salnum, að þingið þyrfti eigi að segja álit sitt í þessu máli, áður en það yrði lagt fyrir þjóðfund til algjörðra úrslita; en mèr er það óhugsanlegt, að konungurinn eða stjórnin geti kvatt ríkisdaginn til að ákveða, hvað mikið eigi að vera tillag Danmerkur til Íslands, fyrr en leitað hefir verið álits þingsins um það, og fyrri en ríkisþingið hefir greitt sitt atkvæði í málinu, verður það þó ekki lagt fyrir þjóðfund, til algjörðra úrslita. Eg sè því ekki betur, en það, að skjóta þessu máli nú frá sèr, án þess að segja um það álit sitt, sè hið sama, sem að fresta því um óákveðinn tíma, því eg held sannarlega, að það geti átt langt í land, að við fáum þjóðfund eptir kosningarlögunum frá 1849, og með sama fyrirkomulagi sem þjóðfundurinn 1851 var. Eg lái eigi þeim mönnum, sem ekkert hirða um stjórnarbót, þótt þeir fari þessu fram. En eg skil sannarlega ekkert í þeim, sem eru svo ákafir um stjórnarbótina, og hafa viljað láta öll mál bíða hennar, að þeir skuli láta leiðast inn á þessa öfugu skoðun á málinu. Heldur eigi get eg sèð, að þessi mál sèu svo óaðgreinanlega sameinuð, að menn eigi geti sagt álit sitt um fjárhagsaðskilnaðinn þótt stjórnarbótarmálið sè ekki útkljáð. En hitt er annað mál, að vèr eigi getum lagt samþykki vort eða fullnaðaratkvæði á fjárhagsaðskilnaðinn, fyrr en um leið og stjórnarbótarmálið er leitt til lykta. Eg skal geta þess, að þótt eg í aðalatriðinu sè nefndinni samdóma, þá verð eg þó að víkja nokkuð frá skoðun hennar í einu atriði. Nefndinni hefir nefnilega verið lagt það til ámælis, að hún skuli fallast á það atriði í 7. grein stjórnarfrumvarpsins, þar sem farið er fram á, að tillagið sè ákveðið einungis í 12 ár. Eg er nú á því, að varúðarverðara sè fyrir oss, að hvort sem nú árgjaldið er meira eða minna, að það sè fast ákveðið, svo vèr getum haldið því um aldur og æfi, því annars getur seinna meir orðið sífelldur ágreiningur milli ríkisþings Dana og alþingis um það, hvort vèr fáum að halda því tillagi framvegis, er frumvarpið ákveður. Þess vegna væri eg eigi á móti því, að tekið væri breytingaratkvæði áhrærandi hið fasta árgjald.

Jón Pètursson: Mèr finnst þingið hafa fullan rètt á, og það sè skylda þess, að ræða frumvarpið og segja álit sitt um það, því þingið er ráðgefandi þing, og á að segja álit sitt um þau frumvörp, sem fyrir það eru lögð af stjórninni. Mèr virðast allar greinir stjórnarfrumvarpsins nema hin 6., geta skoðazt sem spurning frá stjórninni til þingsins um, hvort það álíti sèr fært að koma upp innlendri stjórn, með því tillagi, sem hèr er ákveðið, að Ísland skuli fá frá Danmörku. Sjái þingið sèr þetta fært, þá segist stjórnin vilja reyna til að útvega þetta tillag hjá ríkisdeginum. Þetta frumvarp, að undanskildri 6. grein, gengur því að eins út á að koma upp innlendri stjórn hèr á landi, og það sjá allir, að þingið getur því fullkomlega sagt álit sitt um málið, án þess að skerða í minnsta máta rètt þjóðarinnar; hvorki liggur það sem sè í eðli þess, sem að eins ráðgefandi þings, að það geti skert hann, og svo er hèr ekki verið að ræða um, að gjöra upp reikninga milli Íslands og Danmerkur yfir höfuð, eður hvern þátt Ísland eigi að taka í útgjöldum til hinna sameiginlegu málefna. Það heyrir beinlínis undir þjóðfund, að semja um í hvaða hlutfalli Ísland eigi að taka þátt í þessum síðast nefndu útgjöldum. Það er og með öllu eðlilegt, þó stjórnin haldi þessu máli um tillagið frá Danmörku, sèrskildu frá stjórnarbótarmálinu, því það heyrir undir ríkisdaginn, að ákveða tillag Danmerkur til Íslands, en aptur heyrir það undir konung að ákveða stjórnarskipun Íslands, og eins um það, í hvaða hlutfalli Ísland á að gjalda til almennra ríkisþarfa. Mèr lá við að segja, að þótt við fengjum aldrei stjórnarbót, þá gætum vèr fyllilega rætt þetta mál. Mèr sýnist þess vegna, ef vèr viljum fá innlenda stjórn, og það vill þjóðin, þá eigi þingið að ganga að frumvarpinu óbreyttu, eður þá kannske með þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört á því, þó eg langtum síður vilji ráða til þess.

Benedikt Sveinsson: Það hefir verið sagt á þinginu, að nefndarálit þetta hafi orðið fyrir hörðum dómi, og eg neita því ekki, að þingmenn sumir hafi leitazt við að dæma það býsna hart, en þegar betur er að gáð, held eg menn sjái, að þetta er viðleitnin eintóm. Eg held að á nefndaráliti þessu muni sannast máltækið forna: enginn verður óbarinn biskup. Eg ætlaði ekki að svo stöddu að tala í máli þessu, en eg neyðist nú til þess, af því mèr finnast ræður þingmanna hafa farið svo á víð og dreif, þar sem mèr þó finnst, að þær lýsi því á hinn bóginn, að allir séu í rauninni á eitt sáttir. Þetta vil eg nú í fám orðum leitast við að skýra nokkuð gjör.

Mèr finnst þannig koma fram hjá öllum, að þeir álíti, að það sè hið verulegasta atriði í þessu máli, sem eg og álít að sè hin fyrsta spurning, sem þingið á að leysa og gjöra sèr ljóst, hver sè staða þingsins gagnvart stjórnarfrumvarpi þessu, eða með öðrum orðum, hvaða og hvers konar atkvæðisrètt þingið hafi gagnvart konunginum og gagnvart þjóð vorri til að leggja úrslit á þetta mál. Menn verða hèr að varast að blanda saman *álíti* og úrskurði eða rèttara *ályktaratkvæði*. Mál þetta verður ekki þannig rætt hèr, að tillögur þingsins geti orðið fullnaðaratkvæði, heldur þarf til þess sèrstakan fund, hvað sem hann nú verður kallaður, þjóðfundur, alþing eða annað. Það er þess vegna hin fyrsta varúð, sem menn þurfa að gæta, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að menn fari hvorki of djarft eða of lint í þetta mál. Þegar það nú er vitaskuld, sem enginn fær efast um, að þingið er að eins ráðgefandi, og getur því ekki gefið neitt *fullnaðaratkvæði* um málið, hvorki gagnvart konunginum nè þjóðinni, þá kemur því næst til skoðunar, hvort þingið geti þá *ekkert* um það sagt. Sumir þingmenn hafa farið því á flot, að þingið gæti ekki rætt þetta mál, og ekki farið lengra, en að gefa stjórninni eintómar bendingar; hafa þeir stutt þessa skoðun með ýmsum ástæðum, og einkum byggt hana á *sambandinu* milli fjárhagsmálsins og stjórnarbótarinnar yfir höfuð. Sumir vilja hafa stjórnarbót á undan fjárhagsaðskilnaðinum, og sumir vilja hafa fjárhagsaðskilnaðinn á undan stjórnarbótinni. Aðrir hafa tekið það fram, að fjárhagsmálið væri í svo nánu sambandi við stjórnarbótina og einn liður í henni, að mál þessi yrðu ekki tekin fyrir nema bæði saman í einni heild. En allt þetta hefir einkum verið sagt í sambandi við *fjárupphæð* þá, sem nefndarálitið og stjórnarfrumvarpið fer fram á. Í *þessu* atriði, einmitt í þessu aðalatriði, liggur mergur málsins og misskilningur þingmanna, sem talað hafa, og hann mun síðar koma ljósar fram. Eg ætla á þessu stigi málsins, að eins í fáum orðum að lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti held því fram, að þingið sè bæði bært og skyldugt til, að segja *álit* sitt um þetta mál, svo nákvæmlega sem hin stjórnlega staða þess, gagnvart þjóðinni og konunginum ýtrast heimilar því. Þetta álit verður því að hafa þá tvenns konar takmörkun, að það hvorki á nokkurn hèlzt máta leggi hindrun fyrir framkvæmdir stjórnarinnar, nè heldur taki fram fyrir hendurnar á þjóðaratkvæði Íslendinga. Eg játa að vísu, að það er hægt að benda á þetta, sem almenna reglu, en einmitt af því, að hèr er

vandratað að sigla milli skers og báru, þá mun bezt að hafa þessa ljósu reglu fyrir augum sèr, en einblína ekki á einstök atriði eður hliðar málsins. Það er þannig t. a. m., að vísu hryggilegt, eins og sumir þingmenn hafa bent á, ef eptirkomendur vorir segja, að vèr höfum verið þau löðurmenni, að þora ekki að skrifa *nógu háar tölur á pappírinn,* en hryggilegra er það þó, ef þeir segja: Forfeður vorir voru svo *skammsýnir*, að þeir sáu ekki krapt þann, sem lá fólginn í Íslandi og hinni íslenzku kynslóð, og sem fram hefði hlotið að koma á þeirra dögum við sjálfsforræði Íslendinga. Nei! þeir hugsuðu einungis um, að afstanda ekki neinum kröfum við frændur sína í Danmörku, en þeir gáðu ekki að því, að frændur þeirra gátu ekki eða álitu sig ekki skylda til, að láta meira fè af hendi rakna, en þeir buðu, allra sízt að svo vöxnu máli. Úr þessum tveim skoðunum eða rèttara vandkvæðum, sem standa hvort í bága við annað, leysir nú mín almenna regla þannig, að þingið lýsi því yfir á einn veg, að vèr þurfum mikils með, að minnsta kosti í bráð, og eigum jafnvel sanngjarnar kröfur á miklu fè, en aptur á hinn bóginn, að þingið ekki spenni hogann svo hátt, að Danir sjái sèr ekki fært eður vilji ekki að ganga. Eg held því, að þingið geti bent á hina mestu og minnstu sanngirniskröfu, hinar mestu og minnstu þarfir. Það er víst, að þingið getur vel gjört þetta, sem ráðgefandi þing, en allt eins hættulegt er, að binda sig við hina háu upphæð, sem við hina lágu; vèr munum eigi betur geta forsvarað fyrir afkomendum vorum, að *einblína* á hina hæstu upphæð, sem oss kemur til hugar, en undir vissum skilyrðum að halla oss að hinni minnstu eður þeirri, sem stjórnin sjálf býður oss.

Eg hefi sýnt þetta með tilliti til þess, að *sjálfsforræði* vort, getur farizt fyrir sökum of hárrar kröfu, en nú er enn fremur aðgætandi, að sjálfsforræðið sjálft er uppfylling kröfu vorrar eptirleiðis. Eður, því heimtum vèr fè hjá Dönum? Sökum þess, að stjórn landsins hefir verið miður góð. Í þessu liggur þá, að Íslendingar hefðu getað stjórnað sèr betur að undanförnu, en Danir hafa gjört. Því heimtum vèr stjórnarbót? Af því vèr álitum, að vèr getum sjálfir framvegis stjórnað oss betur en Danir, því væri þetta ekki meiningin, þá eru allar vorar kröfur og óskir orðin ein. Í sjálfri stjórnarbótinni liggur því, að vèr getum borið oss betur, ef vèr fáum sjálfsforræði, en undir Dönum. Stjórnarbótin er þá og verulegt atriði í fjárhagsmálinu um það, hversu mikið fè vèr þurfum. Hún getur orðið svo löguð, að vèr þurfum helmingi meira fè, það kem-

ur undir því, hvað mikið eða lítið vèr eigum að borga til almennra ríkisgjalda móts við Dani. Eg hefi nú í fáum orðum lýst áliti mínu, og vona, að þingmönnum skiljist, að sama hugsun hefir vakað fyrir mèr í athugasemd minni í nefndarálitinu, þó það sè stuttlega orðað. Eg ætla að lýsa því yfir, að eg hneigist mjög að þeirri skoðun, að þingið með fullum rètti geti sagt álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins, en þó svo, að það taki ekki neinar þær ákvarðanir, er komizt geti í bága við formlegan tilbúning stjórnarbótar vorrar í heild sinni; en um 7. grein hlýtur álit þingsins að vera meir óákveðið, eins og eg hefi sýnt fram á. Eg held vèr eigum að forðast allar vissar eða ákveðnar kröfur; því ef þingið bindur sig skilyrðislaust við eina vissa kröfu eður tölu-upphæð, verður atkvæði þess ekki álits- heldur ályktaratkvæði. Eg skal bæta því við, að það er skrítilegur misskilningur hjá þingmönnum; að þeir skuli ekki skilja það, sem hinn háttvirti framsögumaður tók svo skýrt fram, að full ástæða væri fyrir stjórnina, að taka fjárhagsmálið á undan stjórnarbótinni. Menn verða að hugsa um, hvað stjórnarbót er; það verður öllum að vera auðsætt, að þessi hlið hennar, fjártillagið frá Danmörku, verður að koma frá ríkisdeginum; en hvað stjórnarbótina sjálfa snertir, er konungur óbundinn; hana getur hann veitt oss af sínu eigin valdi, eptir því sem honum allramildilegast þóknast; hvað fjártillagið snertir, er hann þar á móti bundinn við ríkisdaginn, og er þess vegna eðlilegt, að alþing segi álit sitt um, hvað mikið fè Íslendingar muni gjöra sig ánægða með, til að koma á fót stjórnarbót þeirri, sem konungur hefir í hyggju að veita Íslandi; þar við fær stjórnin bendingar um, hvort fært sè að halda lengra fram þessu máli eða ekki. Þess vegna eigum vèr nú að fara varlega á þessu stigi málsins, svo framarlega sem oss er alvara með að fá fjárhagsaðskilnað og stjórnarbót, svo framarlega sem hinar margítrekuðu bænir alþingis að undanförnu, ekki liggja oss í lèttu rúmi. Eg ætla ekki að svara einstöku atriðum, sem sumir þingmanna hafa tekið fram, bæði hefir framsögumaður gjört það, og tækifæri til þess mun líka gefast seinna.

Stefán Jónsson: Mèr virðist, að ef þingið bindur sig við vissa tölu og segir, hvað vèr gjörum oss ánægða með, muni konungur verða beðinn um þetta fè. Hann leggur það fyrir ríkisdaginn, og setjum að ríkisdagurinn veiti þetta. Nú kemur málið fyrir þjóðfund, og þá sèst að fèð er of lítið; þá álít eg, að loku sè fyrir skotið, að vèr getum fengið meira fè, því eg ímynda mèr, að ríkis-

dagurinn geti ekki nè vilji aptur veita oss meira; eg held því að þetta væri að binda hendurnar á þjóðfundinum. Þó eg óski eptir stjórnarbót, vil eg hana þó því að eins, að hagur vor batni, en en versni ekki, frá því sem nú er; þess vegna þykir mèr ísjárvert að binda sig við fasta ákveðna tölu.

Jón Guðmundsson: Það hafa ekki allfáir vakið máls á, hvort menn skuli binda sig við vissa tölu-upphæð eða ekki, eða fella frumvarpið, og um það finnst mèr menn verði að vera á því hreina áður en þeir fara að tala eða ráða við sig um tillags upphæðina, því að sú yfirbygging verður óþörf ef undirbyggingin er rifin niður, eins og ræður hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þingmanns Eyfirðinga og þingmanns Barðstrendinga hafa lotið að. Eins og nokkrir af meðnefndarmönnum mínum þegar hafa tekið fram, reyndi nefndin að gjöra sèr aðalspursmálið ljóst, svo ljóst sem framast var auðið, áður en hún fór að leggja nokkuð til. Eg fyrir mitt leyti get ekki betur sèð, en að þingið eigi að taka frumvarp þetta, eins og það nú liggur fyrir, öldungis eins og hvert annað stjórnarfrumvarp og segja um það eindregið álit sitt bæði í heild sinni og um þess einstöku greinir. Eg kunni því sjálfsagt miklu lakar, eins og eg lýsti yfir við annað tækifæri hèr um daginn, að stjórnin skyldi nú hafa aðskilið þessi tvö mál, fjárhaginn og stjórnarbótina, þar sem hún ætíð hefir sagt, að þau væru svo óaðgreinanlega sameinuð; samt sem áður megum vèr þó kannast við, að í auglýsingunni til alþingis 1863, segir á þá leið, að þó stjórnarbótin sè að vísu sameinuð fjárhagsmálinn, geti samt ekkert orðið ákveðið um stjórnarbót fyrr en eitthvað sè komið í kring um fjárhagsmálið, og að nefnd sú, sem sett var til þess að bera upp álit um það, hafi að vísu lokið störfum sínum, en nú sè lögstjórnin og dómsmálastjórnin að semja um það sín á milli. Stjórnin hefir því nú á seinustu árunum fundið nauðsyn á að áskilja málin þannig, og láta fjárhagsmálið ganga á undan eins og hún nú gjörir hèr. Það er öldungis rètt, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók fram, að hèr er á tvennt að líta, þó að bæði málin sè mjög nátengd hvort við annað og verði að laga sig hvort eptir öðru. Eptir því sem nú stendur, og hvort sem ríkisdagurinn hefir meiri eða minni rètt til atkvæðis í fjárhagsmálum vorum, hlýtur mál þetta óumflýjanlega að koma undir ríkisdaginn og það eingöngu vegna fjárhagsaðskilnaðarins, og þess reikningshalla-tillags, hvort sem það verður meira eða minna, sem Danmörk má til að láta af hendi

til Íslands, en öldungis ekki vegna stjórnarbótarinnar, því hún er, eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður og þingmaður Árnesinga tóku fram, einungis komin undir konungi og fulltrúaþingi Íslendinga. Af þessu kemur það ljóst fram, að á þessu stigi má til að halda málunum sundruðum. Sumir hafa látið í ljósi, að þeir vilji, að bæði málin væri lögð fyrir þjóðfund, svo stjórnin fengi að vita, hvað Íslendingar vildu. En ef alþingi sleppti nú fram af sèr að segja álit sitt, hver yrði þá niðurstaðan? Sú, að atkvæði þjóðfundarins hlyti að koma undir atkvæði ríkisdagsins, og það ekki einungis fjárhagsmálið heldur einnig ástæðurnar sem fjárupphæðin er byggð á, það er að segja einnig *stjórnarbótin;* ef þjóðfundurinn segði, að þetta eða þetta fjártillag þyrfti til stjórnarbótarinnar, þyrfti ríkisdagurinn líka að rannsaka hana. Þetta er ekki ákjósanlegt; tillögur og atkvæði þjóðfundarins, eins og það væri í heild sinni, yrði þá að liggja undir atkvæði ríkisdagsins, en það væri sannarlega að niðurlægja þjóðfundinn og gjöra hann aflvana og þýðingarminni en alþing. Mèr þykir þetta fráleitara en orðum verður að komið; og eg að mínu leyti gæti ekki gengið að stjórnarbótinni með þessum kjörum, eða ef Íslendingar ekki mættu sjálfir semja um hana við konung sinn. Eg álit því og öll nefndin, að vèr ættum að segja álit vort ekki að eins um upphæð þessa fjártillags, sem alþingi þætti framast gángandi að, sumpart byggða á upprunalegu röttarástandi voru, sumpart ástandinu sem nú er, og þar af leiðandi nauðsyn, til þess að stjórnarbótin geti orðið að nokkru gagni heldur einnig um frumvarp það í heild sinni, sem hèr liggur fyrir, því það er skilyrði fyrir fjárskilnaðinum og fjártillaginu. Vèr megum ekki gleyma því, að hinn *verulegasti* partur af stjórnarbót er gefinn í frumvarpi þessu, með því að alþingi er þar með gjörður kostur á lögfullu atkvæði í skattamálefnum og öðrum fjárhagsmálum lands vors. Þetta hefir æfinlega og í öllum löndum, verið álitin hin fyrsta undirstaða undir öllu sjálfsforræði og frelsi, og það er það líka vafalaust.

Eg ætla ekki að tala frekar að þessu sinni um kröfur vorar heldur geyma mèr það.

Arnljótur Ólafsson: Það er von, að skoðanir manna fari á víð og dreif í svo merkilegu máli; en til þess að halda þeim saman og komast að einhverri niðurstöðu held eg nauðsynlegt, að menn íhugi, hver höfuðatriði mál þetta innihaldi. Þessi höfuðatriði eru tvö, að minni hyggju. Hið fyrsta er: Í hverju sambandi stendur

mál þetta við stjórnarbótina? Hið annað er fjárhagurinn sjálfur, og þá kemur einkum til greina tillag það, sem vèr fá viljum hjá Dönum. Eg vil nú aðgreina þessi atriði, og einungis tala um hið fyrra, það er að segja í hverju sambandi mál þetta eður fjárhagsmálið stendur við stjórnarbótina. Um þetta atriði hafa komið fram þrjár skoðanir; hin fyrsta er sú, að mál þessi sèu *óaðgreinanlega* sameinuð; önnur sú, að fjárhagsmálið eigi að koma *á eptir* stjórnarbótinni, og hin þriðja að fjárhagsmálið eigi að koma *á undan* stjórnarbótinni. Eg vil þá fyrst snúa mèr að hinni fyrstu skoðun, sem felst í þessari spurningu: Standa mál þessi í óslítandi sambandi? Já, að vísu; því fjárforræði er óslítandi frá stjórnarskipun, með því að það er einn hinn verulegasti partur af stjórnarbót hvers lands; fyrir því verða menn að segja, að fjárforræði *er* stjórnarbót. Eg get sagt, að þing þess lands, sem hefir haft og enn hefir eina hina beztu og frjálsustu stjórnarskipun, hafði upprunalega einungis fjárforræði; þetta land er England. En fjárforræði er eigi svo óslítanlega sameinað stjórnarbót, að það verði eigi aðgreint, það er í raun rèttri svo aðgreint á Englandi enn þá þann dag í dag, að stjórnarskrá þeirra, yfirgrípur eptir bókstafnum ekki annað en fjárforræðið eintómt. Stjórnarskrá án fjárforræðis er sannarlega ómerkileg stjórnarskrá, og því er sú skoðun í rauninni fráleit að láta fjárforræðið koma *eptir* stjórnarbótinni, og það er hið sama sem að standa á tómum beinum merglausum, því að fjárforræðið er mergurinn í hverri stjórnarbót. Eg ætla þess vegna, að hinn háttvirti þriðji konungkjörni þingmaður muni eigi vilja halda þeirri sinni skoðun fram, að láta fjárforræðið koma á eptir stjórnarbótinni.

Hvað nú hina þriðju skoðunina snertir, að láta fjárforræðið ganga á undan stjórnarbótinni, þannig, að þau mál sèu alveg aðskilin, þá hefir henni að eins verið kastað lauslega fram hèr á þingi. Nefndin aptur á mót hefir tekið það fram, eins og líka sagt er í ástæðunum við frumvarpið, að undirbúa þurfi fjárhagsaðskilnaðinn, og að ákveða vissa tillagsupphæð áður en menn geti talað um, að vèr fáum fjárforræði vort eður fjárhaginn í vorar hendur. Eg verð að álíta, að þegar menn aðgreina vel þessi tvö atriði í fjárhagsmálinu *fjárforræði* þings og *fjárhagsaðskilnaðinn,* og þá tillagið, sem er óaðskiljanlegt frá fjárhagsaðskilnaðinum, þegar menn aðgreina þetta tvennt, segi eg, þá vona eg að menn finni, að alþingi eður Íslendingar geti eigi fengið fjárforræði fyrr en í

stjórnarskránni eður jafnframt því, er landið fær stjórnarbót í öðrum greinum, en aptur á mót verði að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn og að ákveða tillagið áður en frumvarp til stjórnarbótar geti lagzt fyrir þjóðfund eður þing hèr á landi. Fjárforræðið á þá að vera samfara stjórnarbótinni, en fjárhagsaðskilnaðurinn á að fara á undan stjórnarbótinni. Eg vona nú, að þeir menn, sem álíta að stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið sè óaðgreinanlega sameinað, geti þó eigi neitað því að ákveða þurfi tillagið og ríkisdagurinn verði að afsala sèr meðferð sinni á fjármálefnum vorum áður en frumvarp til stjórnarbótar er lagt fram fyrir þing hèr á landi. Ef vèr þyrftum eigi tillagsins við, og ef ríkisdagurinn hefði eigi fjármál vor með höndum, þá væri eigi rètt að aðskilja fjárhagsmálið frá stjórnarbótinni.

Eg skil nú tilgang frumvarps þessa svo, að konungur láti leggja það fyrir þingið einkanlega til þess að fá álit þess um tillagsupphæðina. Það hefir verið tekið fram, og það mjög rèttilega, að konungur geti veitt oss stjórnarbót eptir eigin vild og af eigin valdi, en aptur á móti getur hann *ekki* ákveðið tillagið án þess að fá til þess samþykki ríkisdagsins. Eptir mínu áliti, sem eg lèt þegar í ljósi í nefndinni, hefði verið einfaldast, að konungur hefði eigi borið mál þetta undir alþingi, heldur að hann færi til ríkisdagsins og segði: Eg ætla mèr nú að gefa Íslendingum stjórnarbót; en svo er ástatt þar á landi, að tekjurnar hrökkva eigi fyrir gjöldunum; þèr verðið því að skjóta fè til, svo að landstjórnin geti haldizt þar við og þeir fengið stjórnarskipun. Eg ímynda mèr. að stjórnin hafi hugsað sèr, að málið gæti gengið þannig; en hún hefir hugsað meira, hún hefir hugsað sem svo: Eg skal vera mjög kurteis við Íslendinga, og skal eg því fyrst spyrja þá um, hve mikils fjár þeir þykist þurfa, og vil eg því bera fyrst undir álit alþingis, hve mikið tillag það haldi, að Íslendingar þurfi. Þegar álit vort svo kemur, þá segir hún við ríkisdaginn: Þetta álíta nú Íslendingar, að sè hið mesta, er þeir vilji heimta, eða hið minnsta, sem þeir geti komizt af með. Hvernig sem nú fer milli konungs og ríkisdagsins, þá er þar á eptir tvennt til; annaðhvort fellst konungur á ályktanir ríkisdagsins, og þá verður frumvarpið að lögum, eða hann gjörir það ekki, og er þá málinu frestað, og vèr fáum enga stjórnarbót. En hvert gildi fær nú frumvarpið, ef það verður að lögum? Fyrst gildir það eingöngu sem samningur milli konungs og ríkisdagsins; ríkisdagurinn gefur atkvæði sitt fyrir

einhverri tillagsupphæð sem konungur getur boðið Íslendingum, hvenær sem honum mætti þóknast að leggja frumvarp til stjórnarbótar fram fyrir þing þeirra. Að þessu leyti eru málin aðgreinanleg, eður réttara sagt, þau hljóta að aðgreinast að þessu leyti. Aptur verðum vèr að halda því föstu, að vèr getum ekki fengið fjárforræði í hendur á undan stjórnarbótinni, heldur hlýtur ríkisdagurinn að halda fram þeim sama starfa, sem hann nú hefir í fjármálum vorum, þangað til að vèr fáum fjárráðin í hendur. Fyrir því hefir nefndin tekið upp viðaukagrein við frumvarpið. Eg vil nú leyfa mèr að gjöra þá breyting á henni, að hún orðist þannig: «Lög þessi öðlast gildi hèr á landi í stjórnarskrá Íslands». Eins og eg hefi þegar sagt, geta lög þessi fengið gildi í Danmörku milli konungs og ríkisdagsins, en hèr vil eg einungis, að þau fái gildi í og með stjórnarbótinni. Það er eptir þessari breytingu auðsætt, að stjórnarbótarmálið í heild sinni á að leggjast fyrir þing, þjóðfund eða fund í landinu, og við þetta kemur eðlilega fram sú skoðun meiri hluta nefndarinnar undir II. 2. að biðja um, að allt stjórnarmálið verði lagt fyrir þjóðfund, og verður þá álit alþingis um málið nú einungis undirbúningsálit undir þjóðfund. Eg get eigi efast um, að þjóðfundur mundi ganga að þessu frumvarpi með breytingum nefndarinnar, og yrði frumvarpið til stjórnarbótarinnar jafngott í öllum öðrum greinum, þá fáum vèr góða stjórnarbót. Eg hlýt að leggja mesta áherzlu á, þótt tillagið verði eigi svo hátt, að stjórnarbótin verði góð í öllum öðrum greinum, svo sem þeim, að alþing fái löggjafarvald og að landstjórninni verði hagað eptir landsins þörfum og hinum beztu stjórnlagareglum. Í þetta álít eg meira varið, en svo sem 8000 rd.

Forseti: Af því að nú er orðið svo áliðið dags, og gott mun vera fyrir þingmenn, að hugsa sig betur um málið, áður en undirbúningsumræðan endar; ætla eg að réttast muni vera, að slá á frest umræðunni í dag, og geyma hana til morguns.

Þar næst voru lesin upp og samþykkt tvö álitsskjöl til konungs:

1. í málinu um frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum.

   Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 443.
2. í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 445.
Fundi slitið.

---

35. fundur — 18. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í jarða-úttektarmálinu, eða sem kallað hefir verið landbúnaðarmál. Þá kemur til framhalds undirbúningsumræða í málinu um konunglegt frumvarp til laga, *um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins*. Eg veit eigi hvort hinn háttvirti framsögumaður vill taka til máls, og ef svo er, þá hefir hann orðið.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Að því leyti sem umræðurnar í gær fóru í nokkra fasta stefnu, þá lutu þær helzt að því, að þeir sem mæltu á móti nefndinni, vildu að þingið vísaði nú frá sèr, að segja álit sitt um frumvarpið, og vildu alls eigi hafa í álitsskjali þingsins niðurlagsatriði um hinar sèrstaklegu greinir frumvarpsins, heldur vildu þeir hafa það eitt að niðurlagsatriði, að þingið bæði nú um þjóðfund. Eg verð nú að vona, að þingið komist eigi að þessari niðurstöðu, því að það væri að neita að segja álit sitt um það mál, er konungur hefir borið undir það. Eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga tók fram á síðasta fundi, þá verð eg að álíta, að þingið hafi eigi að eins rètt til heldur sè það bein skylda þess, að segja álit sitt um þetta mál, og að því beri að segja þetta álit í rèttu formi. En það er eigi rètt form, að þingið segi álit sitt um málið, að eins í ástæðum álitsskjalsins til konungs, án þess að gjöra það í niðurlagsatriðunum, það form ætti alls eigi að við hafast. Þegar þingíð segir álit sitt, þá er það eigi í rèttu formi, nema það einnig komi fram í niðurlagsatriðunum. Það lítur svo út sem þingmenn haldi, að í niðurlagsatriði liggi ákvörðun, sem bindandi sè fyrir ókominn tíma. En eg verð að taka það fram, að niðurlagsatriði í álitsskjali þingsins, er eigi annað en álit þess borið fram á formleg-

an hátt. Menn hafa nú komið með ýmsar mótbárur á móti því, að þingið væri bært um, að segja álit sitt um þetta mál, og hafa þingmenn borið það fyrir, að sig vantaði umboð til þess frá kjósendum sínum, og hafa þeir því farið fram á, að þetta mál ásamt stjórnarbótarmálinu kæmi fyrir sèrstakan þjóðfund. Mönnum er nú kunnugt, að það að vísu var fyrirætlun stjórnarinnar 1848, að þessi mál yrði lögð fyrir þjóðfund, og var slíkur fundur síðan kallaður saman, en mönnum er nú einnig kunnugt um, hver árangur og afdrif hans urðu. En í konunglegri auglýsingu frá 12. maí 1852 lýsir konungurinn því yfir, að hann ætli sèr að bera þessi mál undir alþing; og þar er eigi minnzt á þjóðfund. Sama ár gjörir þingið sjálft ráð fyrir, að stjórnarbótarmálið verði lagt fyrir alþing og fjárhagsmálið sömuleiðis. Í hinum síðari auglýsingum konungs er gjört ráð fyrir, að mál þessi verði lögð fyrir alþing, og 1857 biður alþingi sjálft um, að frumvarp til stjórnarbótar og fjárhagsaðskilnaðar verði lagt fyrir þingið. En síðar hefir nú þingið að vísu beðið um, að bæði stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið yrði lagt fyrir sèrstakan þjóðfund. En stjórnin sjálf hefir aldrei yfirgefið það áform, sem lýst er yfir í konunglegri auglýsingu frá 12. maí 1852. Mèr sýnist því sú mótbára með öllu ástæðulaus, að menn hafi ekki getað búizt við, að fjárhagsmálið yrði lagt fyrir alþingi. Önnur mótbáran er sú, er einnig hefir fram komið, að það væri óeðlilegt, að þetta mál væri nú tekið fyrir svona út af fyrir sig, en ekki sett í samband við stjórnarbótarmálið, þar sem stjórnin, eptir því sem mönnum farast orð, hafi allt af viðurkennt, að þau væru í óslítanlegu sambandi hvort við annað. En stjórnin hefir eigi viðurkennt þetta samband á annan hátt, en hún viðurkennir það nú, það er að segja, að fjárhagsaðskilnaðurinn geti eigi á haganlegan hátt komizt á með öðru móti en því, að breyting yrði gjörð á fyrirkomulaginu á yfirstjórn Íslands, og þegar beðið hefir verið sèrstaklega um stjórnarbót, þá hefir og stjórnin sagt, að hún yrði að bíða eptir því, að menn kæmist að fastri niðurstöðu um það atriðið, er snertir fjárhagsaðskilnaðinn. Þessi skoðun er að öllu leyti í samhljóðun við það, sem stjórnin nú gjörir, og við það sem hún yfirlýsir í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Þar sem það nú þannig er í samhljóðun við fyrirætlun stjórnarinnar og bæn þingsins, að þetta mál nú er komið fyrir alþing, þá væri það undarlegt, ef þingið vildi nú ekki segja álit sitt um það, heldur skjóta því til þings, sem eigi er til,

og sem fyrst verður að skapa. Frá mínu sjónarmiði verð eg að geta þess, að eg álít, að alþingi sè öldungis eins vel fært um að segja álit sitt bæði um stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið, eins og þessi þjóðfundur, sem menn hugsa sèr. Það er allt öðru máli að gegna um þetta nú, en 1848; það var miklu eðlilegra og nauðsynlegra að ákveða þá sèrstaklegt þing til að ræða þessi mál, því að kosningarlögin til alþingis voru þá miklu bundnari en þau eru nú; nú eru þau svo frjáls, að það er ætlandi, að þjóðin geti nú kosið þá menn til alþingis, sem hún hefir mest traust til, og helzt vill láta gefa tillögur um málefni sín. Nefndin áleit það nú sannarlega enga hættu, heldur beina skyldu sína, að segja álit sitt um frumvarpið, eins og það liggur fyrir, og reyna að laga grundvöll þann, sem það er byggt á, þannig, að ákvarðanir þess yrðu aðgengilegar fyrir báða parta, bæði fyrir Dani og Íslendinga, það er að segja, að ákveða upphæð tillagsins, sem frumvarpið ráðgjörir, þannig, að Danir gætu að líkindum gengið að að greiða það, og Íslendingar komizt af með það. Það hefir nú verið sagt, að boð þau, er stjórnin gjörir í frumvarpinu, sèu ekki aðgengileg. Menn verða hèr að vara sig á því, að skoða stjórnina hèr sem part í málinu, menn verða að hafa sèr hugfast, að þetta frumvarp er komið frá stjórn, sem er sameiginleg stjórn Dana og Íslendinga, því mega menn ekki gleyma; hún verður að fara með þetta frumvarp til beggja þinganna bæði til alþingis og ríkisdagsins; en það er ekki rètt álitið, sem fram hefir komið, að þau boð sem hèr liggja fyrir sèu hið minnsta, sem hugsanlegt er, að Danir vildu af hendi láta; stjórnin býður hèr þau boð, sem hún hugsar, að báðum hlutaðeigendum eptir kringumstæðunum sèu hagfelld. Uppástunga stjórnarinnar er heldur alls eigi gripin úr lausu lopti, því að hún er byggð á uppástungum nefndar þeirrar, er sett var um þetta mál í Kaupmannahöfn, og í henni voru bæði Danir og Íslendingar. Eg skal enn á ný taka það fram, að það er áríðandi, að þingið gjöri sèr grein fyrir, hvað af því getur leitt, ef málinu verður frestað um óákveðinn tíma, og þingmenn hafa alls enga vissu fyrir, að þjóðfundur fáist.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal játa það, að þetta mál er hið mesta vandamál, og er því engin vanþörf á, að það sè skoðað vandlega frá öllum hliðum. Eg ætla þá, að það megi skoða þetta mál frá 2 aðalhliðum; í fyrsta lagi frá þeirri hlið, að skoðaðar sèu þær kröfur, sem Ísland hefir til Danmerkur sökum

þess, hvað gengið hafi frá Íslandi í ríkissjóðinn, meir en hefði þurft að ganga, og í öðru lagi frá þeirri hlið, að menn byggi á ástandskröfum, það er að segja, menn styðji kröfur sínar við það ástand, sem nú er. En hverjum skoðunarmátanum sem fylgt er, þá held eg, að þingmenn verði að játa, að hvorki komist frumvarpið nè nefndin til þeirrar niðurstöðu, að æskilegt sè, að fjárhagsaðskilnaðurinn komist á, á þann hátt, sem þar er farið fram á. Mèr virðist það hafa verið eðlilegast, að litið hefði verið á, hvaða fè hafi runnið í ríkissjóðinn frá Íslandi, án þess að því hafi aptur verið varið í landsins þarfir eða fram yfir það, sem vèr hefðum átt að leggja til, og að vèr gjörðum kröfur til þessa fjár. En það má nú skoða þetta á tvennan hátt, annaðhvort eins og minni hlutinn í nefnd þeirri, er sett var í Kaupmannahöfn gjörði, að eignir þær, er seldar hafa verið og andvirði þeirra hefir runnið í ríkissjóðinn, og skoða hvað þær nú gefa af sèr. Eða þá að segja eins og annar hluti þessarar fjárhagsnefndar: Andvirði jarða þeirra, er seldar hafa verið, hefir runnið inn í ríkissjóðinn, og það fè á Ísland að fá aptur. En þá á það ekki að eins rètt til upphæðarinnar einnar, heldur og til leigu af henni. En hvor af þessum aðferðum sem tekin er, þá er það ljóst, að Ísland á heimtu á meira fè, en bæði stjórnin og nefndin stingur upp á. En nú virðist allt benda til þess, að bæði stjórnin og nefndin, og ef til vill þingið sè búið að sleppa þessum grundvelli, og að menn sè komnir að þeirri niðurstöðu að byggja á því ástandi, sem nú er. En þegar gengið er út frá þeim grundvelli, þá verð eg að álíta, að þingið geti ekki lagt neitt fullnaðaratkvæði á þetta mál nema í sambandi við stjórnarbótarmálið, og ætti þá stjórnarbótarmálið að minni ætlun öllu heldur að ganga á undan, en að minnsta kosti verður það að vera jafnhliða fjárhagsmálinu, því að í stjórnarbótarmálinu kemur eigi að eins fram það sem vèr nú þurfum, heldur og hvað vèr þurfum þá. En ef menn vilja eða geta framfylgt hinum eldri rèttarkröfunum, þá þarf þetta mál ekki að bíða eptir stjórnarbótarmálinu, því að ef vèr fáum það sem vèr höfum rètt til hjá Dönum, þá getum vèr ekki ætlazt til meira. En ef þingið færi nú og legði fullnaðaratkvæði á þetta mál, þá væri það hið sama og að fella stjórnarbótarmálið alveg, því að ef þingið samþykkir nú þetta frumvarp og ríkisdagurinn líka, þá er málið á enda kljáð. Og þótt þjóðfundurinn segi síðan, vèr getum ekki komið á stjórnarbót, af því oss vantar fè, þá segja hinir: Þèr hafið nú

einu sinni gjört yður ánægða með það fé, sem tiltekið er, og þér verðið nú að leggja sjálfir til það, sem yður vantar, vèr skiptum oss ekki af því. En vèr getum eigi sagt, hvað mikið fé vèr þurfum, fyrr en vèr vitum, til hvers vèr þurfum það. Og þó vèr viljum nú gjöra mun á því, að það sé að eins talna-upphæðin, sem hèr sè ákveðin, en eigi sjálfsforræði vort, þá er þó aðalatriðið afgjört og það er upphæðin á hinu árlega tillagi. (*Arnljótur Ólafsson*: nei) Upphæðinni verður ekki breytt úr því hún er einu sinni samþykkt (*Arnljótur Ólafsson*: jú). Hún er fyrir fram ákveðin, og vèr getum eigi sagt á eptir: Nú viljum vèr meira fé, því að vèr getum ekki gjört oss ánægða með þetta tillag, það hrökkur ekki fyrir þörfum vorum; því að þá segja hinir þá aptur: Þetta fé er ákveðið einu sinni, þèr hafið gengið að því, og vèr leggjum ekki meira fé fram, Þetta verður þá hið sama og að segja, að engi stjórnarbót geti komizt hèr á, því að fé sé eigi til. Þess vegna finnst mèr það liggja beint fyrir, að vèr getum ekki gengið að ákveðnum tölum. En ef vèr ættum að ganga að ákveðnum tölum, þá ættum vèr að vera sannfærðir um, að fé það, er tiltekið væri, nægði fullkomlega til þarfa vorra, og yrðum vèr þá að leggja niður, hverjar þarfirnar yrðu, og hversu mikið fé til þeirra gengi. Vèr megum og eigi að eins líta á það augnablik, sem nú stendur yfir, heldur verðum vèr að gæta að, hvað vèr þurfum síðar til þess, sem nú er, og hvað þær stofnanir muni kosta oss, sem nú eru kostaðar úr ríkissjóðnum. Kostnaðurinn til þessara stofnana hvílir á ríkissjóðnum, meðan fjárhagsaðskilnaðurinn kemst eigi á. En peninga-upphæð sú, sem nú gengur til þeirra, rýrnar allt af í gildi, og vèr verðum að gá að, hversu mjög peningar þessir rýrni. Og þó að vèr segjum nú, að ekki gangi meira fé til nú úr ríkissjóð, en 37,500 rd. auk þess, sem vèr leggjum til, þá verður þetta fé ekki nóg til hinna sömu stofnana að 20 árum liðnum. Hinar sömu stofnanir heimta nefnilega talsvert meira fé þá en nú. Þess vegna ætla eg það vera barnæði, að ganga að þessum tölum, sem hèr eru ákveðnar, og eg ætla það hið sama og að kasta sèr á grafarbarminn. Það er að vísu rètt, að í stjórnarbótinni ætti að liggja vegur til framfara og vegur til að auka tekjur landsins, en það er þó ekki fèð sjálft, sem vèr þurfum að verja undir eins. En eg get eigi búizt við, að tekjurnar geti aukizt mikið fyrst um sinn, eptir því ástandi, sem hèr er nú, og allra sízt að því skapi, sem gjöldin vaxa, og allra sízt til þess, að bæta úr því tillagi,

sem ríkissjóðurinn nú leggur til. Þess vegna verð eg að álíta, að ef vèr göngum nú að svo litlu fjártillagi, sem oss er eigi borgið með, þar til tekjurnar geta aukizt, þá færi eins fyrir oss og fyrir bónda, sem verði öllu sínu fè til að rífa upp jörð sína, en þegar hann væri búinn að því, þá stæði hann uppi bersnauður og auðum höndum, og hefði ekkert fè til að þekja hana aptur, þá er auðsèð, að hann væri miklu ver farinn, en þótt hann hefði aldrei rifið jörðina upp. Þess vegna verðum við að gæta vel að, eigi að eins að því, hvað vèr þurfum nú, heldur einnig, hvað vèr þurfum framvegis, og hvað verður úr því fè, sem vèr nú eigum kost á að fá. Eg vil segja, að þótt vèr legðum niður fyrir oss, hvað vèr mundum þurfa eptir 50 ár hèr frá, til þeirra stofnana, sem nú eru, og beiddumst þessarar upphæðar, sem þá gengi til þeirra, þá væri það svo sanngjarnt sem orðið gæti, til þess að vèr með nokkurri vissu gætum vitað, að oss væri borgið. Ef vèr lítum á, hvað peningar hafa rýrnað hèr nú um 50 ár, þá er víst ekki of mikið til tekið, að þeir hafi rýrnað um einn þriðjung, hvort heldur litið er á mismuninn þá og nú á verðlagsskránni, eða hversu miklu meira fè gengur nú til þessara stofnana en þá, þá finnst mèr það næsta sanngjarnt, að vèr lètum þessa rýrnun standast á um hin næstu 50 ár, og yrði þá eigi of mikið þótt vèr ykjum tillagið um þriðjung, eður að það skyldi vera 75,000 rd. Það er líka annað athugandi, að þótt vèr eigi getum haft rèttarkröfu til ríkissjóðsins, að hann kosti stjórnarbót vora, þá höfum vèr þó sanngirniskröfu, að hann styrki oss til þess að koma henni á, og eg held að það væri alls ekki ósanngjarnt, þótt vèr segðum, að vèr gætum ekki þegið stjórnarbót, nema vèr fengjum 80,000 til 90,000 rd. tillag. Eg játa það, að eg vil gjarnan, að vèr gætum fengið sjálfsforræði, en mèr er ekki svo illa við samband vort við Danmörku, að eg vilji fá það, hvað sem það svo kostar, og þótt vèr sjáum, að oss með því sè kastað á glæ, eður út í þá ófæru, er vèr eigi getum komizt fram úr. Það er að minni ætlun víst, að alþing hefir eigi að eins rètt, heldur og beina skyldu til, að segja álit sitt um þetta mál; en þetta álit getur bæði verið á þá leið að ráða frá frumvarpinu eins og að ráða til þess. Það liggur hvergi sú skylda á þinginu, að það eigi að ráða til, að frumvarp þetta verði gjört að lögum. En þá kemur þar næst sú skylda þingsins að færa ástæður fyrir áliti sínu, og þetta getur það gjört í ástæðum álitsskjalsins til konungs. Eg get eigi sèð, að það

sè nein skylda fyrir þingið að ganga beinlínis að hverri einstakri grein með breytingum eður án breytinga, því að undir eins og þingið ræður frá, að frumvarpið verði gjört að lögum, þá hefir það þar með sagt álit sitt um það allt í heild sinni, og verður að færa ástæður fyrir þeirri skoðun sinni. Það er líka enn eitt athugavert við þetta tillag, og það er það, að þótt tekjurnar vaxi með útgjöldunum, eður eptir því sem þau vaxa, þá vaxa þær þó eigi að sama skapi og útgjöldin; þetta vil eg biðja menn vel að athuga. Því að auk þess að peningarnir rýrna, þá vaxa og hinar einstöku greinir útgjaldanna, með því að hver stofnun heimtar nýjar útgjaldagreinir. Það er eigi að eins að laun þeirra manna vaxa, sem þjóna að þessum stofnunum, heldur koma fram nýjar þarfir hjá stofnununum sjálfum, til þess þær geti fullnægt þeim nýju kröfum, er tíminn heimtar. En ef tekjurnar geta eigi vaxið svo, að vèr getum fullnægt þeim þörfum, sem nú eru, þá getum vèr því síður bætt á oss nýjum þörfum. Eg held að það sè öllum ljóst, að það sè ekki neitt fjarskalegt fè, sem vèr getum lagt á oss, eptir því sem ástæður vorar eru nú Það yrði víst í hæsta lagi 30—40,000 rd. og mundi það verða fullnóg fyrir oss að bera það. En hvað yrði úr því nema ekki neitt? Það næði víst eigi til að bæta svo atvinnuvegi vora, að vèr gætum haft tekjur af þeim. Mèr finnst því rèttast fyrir þingið, jafnframt og það gjörði grein fyrir í álitsskjalinu til konungs, hvers vegna fèð, sem í frumvarpinu er tiltekið sè ekki nóg, og hvað mikið fè muni verða nóg, að það þá jafnframt biðji um, að stjórnarbótarmálið ásamt með þessu fjárhagsmáli verði lagt fyrir þing eða þjóðfund; en eg held, að þessi mál verði að verða samfara að minnsta kosti.

Konungsfulltrúi: Undir umræðum þeim, sem orðnar eru um þetta mál, eru komnar fram 3 skoðanir; 1) sú, að stjórnarskipun Íslands og fjárhagsmálið, sem hèr liggur fyrir, standi í svo nauðsynlegu innbyrðis sambandi, að þau sèu ein heild og hljóti sem slík að takast fyrir bæði í einu lagi; 2) að stjórnarskipunarmálið eigi að takast fyrir á undan fjárhagsmálinu, og 3) að fjárhagsmálið, eins og stjórnin ætlast til, þurfi fyrst að vera útkljáð. Af hinni fyrstu skoðun yrði nauðsynlega að leiða, eins og líka er tekið fram undir umræðunum, að bæði fjárhagsmálið og stjórnarskipunarmálið yrði að leggjast fyrir hið danska ríkisþing, en það er ekki samkvæmt skoðun stjórnarinnar á málinu, sem ætlast til, að stjórnarskipunarmálið verði lagt sèrstakt eða út af fyrir sig undir fulltrúa-

þing Íslendinga, en fjárhagsmálið, eins og leiðir af hlutarins eðli, þar á móti undir ríkisþingið. Að stjórnarskipunin skuli fyrst verða útkljáð, eða á undan fjárhagsmálinu, er einnig gagnstætt skoðun stjórnarinnar, eins og sjá má af hinni konunglegu auglýsingu til þingsins, því það segir, að það sè nauðsynlegt, að fyrst verði til lykta leitt málefnið um fjárhag Íslands, og að hún þessu samkvæmt leggi, eins og hún hefir gjört, þar að lútandi lagafrumvarp fyrir þingið.

Það virðist líka auðsætt, að þetta sè hin eðlilegasta skoðun á málinu, því til þess að vita, hvort og hvernig stjórnarskipunin geti komizt á, þarf fyrst að vera komið í kring, hver efni sèu fyrir hendi. Stjórnin hefir í frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, tekið fram og skýrt þinginu frá, hvað mikið fjárframlag landið samkvæmt þeim rannsóknum og reikningum, sem liggja fyrir þinginu, geti vænt að fá úr ríkissjóði. Þingið er nú kvatt til þess að segja álit sitt um þetta tillag, og það hefir nefndin, sem sett var í málinu, einnig gjört, og þingið í heild sinni á nú að ræða málið, og þingið hefir ekki einungis heimild heldur og skyldu til að segja álit sitt um málið, eins og framsögumaður skýrt hefir tekið fram, og það er því ekki á ástæðum byggt, sem sagt hefir verið af einstökum þingmönnum, að þingið hafi ekki heimild til að ræða málið, því þingmenn hafi ekki fengið umboð til þess af kjósendum sínum; þeir hafa sama umboð, sömu skyldu til að ræða þetta mál, eins og hvert annað, sem lagt er fyrir þingið, og geta ekki skotið því frá sèr, eins og nokkrir þingmenn hafa sagt til þjóðfundar eða nokkurs annars fundar. Það er ekki nauðsyn og nefndin hefir heldur ekki gjört það, að aðhyllast frumvarpið, eins og það liggur fyrir, en álit sitt á þingið á formlegan hátt að kveða upp um málið; þetta er í augum uppi.

Hvað það atriði snertir, hvort stjórnarskipunarmálið skuli, þegar að því kemur, verða lagt fyrir þjóðfund, eins og meiri hluti nefndarinnar fer fram á, eða fyrir alþingi, skal eg að eins taka fram, að þingið hefir áður álitið, að þetta mál gæti og mætti leggja til alþingis, og því verða á þann hátt ráðið til lykta; þessi skoðun virðist að hafa næga ástæðu við að styðjast. Eg skal svo ekki fjölyrða að svo komnu meira um málið. Eg vona að þingið hafi fengið ljósa hugmynd um verkefni það, sem því er fengið, og hafi fastan augastað á því, og blandi því ekki saman við málið um stjórnarskipunina, en gæti þess sambands, sem stjórnin stöðugt hefir lýst yfir að væri á milli beggja málanna, að þau væru að

vísu nákvæmlega sameinuð, en þannig, að fjárhagsmálið þyrfti að vera fyrst til lykta leitt, en svo ætti og þyrfti hitt að takast fyrir eins og auðsèð er, að landið getur ekki fengið fjárrforráð sín, nema stjórnarskipunin sè jafnframt komin á, og í þessum skilningi verða bæði málin að fylgjast að. Þetta er líka af nefndinni tekið fram undir 6. niðurlagsatriði nefndarálitsins.

Jón Hjaltalín: Þetta mál hefir nú að nokkru skýrzt fyrir mèr við hina rólegu meðferð framsögumanns á því, og eg hefi orðið var við það, að hann er mjög svo góðviljaður bæði landsmönnum og stjórninni. En þó er allt af eitthvað sem glepst fyrir mèr í þessu máli, og eg get ekki neitað því, að mèr finnst við vera komnir inn í eitthvert völundarhús, og mèr finnast ræður þeirra þingmanna, er hafa viljað lýsa okkur út úr því, eigi hafa verið sá Ariadneþráður, er gæti leitt oss þaðan. Og ef vèr erum nú innilokaðir þar, svo vèr eigum aldrei útkomu von, þá þykir mèr nú illa farið. Það hefir nú komið fram í ræðum sumra þingþingmanna, að ef vèr ekki tækjum þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir þinginu, þá væri úti öll von um stjórnarbót. Það þykir nú mörgum illa farið, því að það hefir verið ósk allra landsmanna, að vèr fengjum fjárforráð, og sú ósk mun enn vera vakandi hjá þjóðinni, og finnst mèr því, að eigi að taka mikið tillit til hennar. Eg gat þess, að mèr þætti sú aðferð óhagkvæm, er nefndin hefði haft á málinu. Eg hafði hugsað mèr, að hún gæti verið allt öðru vísi, og miklu hagkvæmari og greiðari. Hèr liggja nú að vísu skjöl fyrir þinginu, og þar eru reikningar, sem þessar upphæðir eru byggðar á. En mèr sýnast nú þessir reikningar eigi mjög nákvæmir, og mèr virðast upphæðir þeirra vera grundvallaðar á svo misjöfnum fæti, að eg held, að bágt sè að segja, hvort þær sè rèttar eða eigi. Eg get nú alveg eigi verið sannfærður um, að það sè rèttara eða á rèttari grundvelli byggt, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu, að tillagið eigi að vera 42,000 rd. heldur en hjá minni hluta nefndarinnar í Kaupmannahöfn, sem segir, að það eigi að vera 120,000 rd. Fyrir þessu sýnast mèr vanta fullar ástæður, hvor rèttara muni hafa. En mèr þykir von, þótt þingmenn sjái, að munar um minna, en 80,000 rd. Eg hefði óskað, að kæmi ekki of mikill ruglingur á meiningar manna í þessu máli, og fyrir því hefði eg óskað, að máli þessu hefði verið hagað öðru vísi. Eg vildi helzt, að það hefði verið gjört svo úr garði frá nefndinni í Kaupmannahöfn, að það hefði getað komið fyrst fyrir ríkis-

daginn, og svo hefði það verið sent til alþingis, því að þá hefði það getað sèð, hvað sá málsparturinn byði, er mest hefir að segja í þessu máli, því það er þó ríkisdagurinn, sem mest hefir að segja í þessu máli. Það er auðvitað, að við getum ekki togað fè frá Dönum, en við getum þó sagt þeim, hvað við þykjumst eiga hjá þeim, og hvað við þurfum, einkum ef vèr vissum, hvað fyrirkomulag yrði á stjórnarbótinni. Eg treysti vel ríkisdeginum, sem ræður mestu í þessu máli; en hann veit ekki nákvæmlega, hvernig á reikningunum stendur, og konungur getur heldur ekki skipað ríkisdeginum að leggja meira fè til, en hann vill, fremur heldur en við. Mèr sýnist þess vegna ýmislegt svo þokufullt í þessu máli, að það þarf að skýra það vandlega. Það hefir nú verið sagt, að þingið væri skyldugt til að segja álit sitt um þetta mál, og það finnst mèr sjálfsagt; en það er munur á, hvaða álit það er. Mèr hefir nú sýnzt, að sumir þingmenn hafi viljað flýta sèr að koma þessu máli fram sem fyrst. Og ef þessi flýtir er kominn af því, að annað eyðileggi málið, þá skil eg í honum, og þá þykir mèr hann á góðum grundvelli byggður. En sè svo, að eigi sè úti öll von um, að vèr fáum fjárforráð, þótt málið liggi nokkra stund, þá held eg, að því liggi ekki svo mikið á, og eg held að það væri gott, að vèr heyrðum tillögur ríkisdagsins. Samt sem áður verð eg að vera á því, að við eigum talsvert að laga okkur eptir vilja stjórnarinnar. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði nú í gær, að hèr væri miklir kraptar fyrir í landinu, og eg held þeir geti nú orðið nógu miklir stundum í eldfjöllunum. En eg skal heldur ekki neita því, að hèr eru nokkrir «materielle» kraptar, en það þarf bæði afl og kunnáttu til að geta notað þá. En eg efast mikið um, að vèr fáum fè til þess með þessu tillagi, sem hèr er ákveðið. Hinn sami þingmaður sagði líka, að allt mundi vaxa hèr, þegar vèr fengjum sjálfsforræði; það er nú vonandi að svo fari, en lítið hefir það þó sumt vaxið, er vèr höfum haft umráð yfir. Eg segi það ekki af því, að eg vantreysti löndum mínum til að geta notað þetta sjálfsforræði, einkum þegar þeir fengi reynslu og æfingu í því, en þó er ekki byggjandi of mikið á því. Hann sagði líka, að vèr ættum ekki að biðja um annað en væri sanngjarnt. Mèr þætti það nú illa farið, ef vèr beiddum um annað en vèr hefðum rètt til að heimta. En eg held, að það gæti ekki spillt fyrir, þótt vèr legðum þetta mál undir drengskap ríkisdagsins, og yrði oss þá ekki brugðið um það í útlendum blöðum, eins og gjört hefir verið, að vèr værum

Slesvig-Holsteinere, því að eg veit ekki til, að Íslendingar eigi það skilið. En það má virðast svo sem vèr værum það, ef vèr heimtum meira, en vèr með sanngirni gætum heimtað. En allt fyrir það er eg hræddur við að setja aðrar tölur en standa í stjórnarfrumvarpinu, og mèr fannst hinn háttvirti framsögumaður ekki vera því mótfallinn. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði enn fremur, að það lægi í stjórnarbótinni sjálfri, að vèr gætum stjórnað oss betur sjálfir en Danir, en þó eg sè honum alveg samdóma í því, þá skal eg eigi neita því, að það eru máske líkur til, að sú stjórn sem er í landinu sjálfu gæti stjórnað því betur, en sú stjórn, sem er í 300 mílna fjarlægð, og þekkir hèr ekki til, og verður að sjá hèr margt með annara augum. Eg hefi að vísu von um, að landið kynni að geta stjórnað sèr sjálft, en þó hefi eg eigi vissu fyrir, að mikið megi á því byggja. Hann sagði nú líka, að vèr ættum að forðast vissar kröfur, en hvernig skeður það, þegar stjórnin hefir lagt frumvarp fyrir þingið með ákveðnu tillagi. En þingið getur bæði hækkað og lækkað þessar tölur; við verðum þó að setja einhverjar tölur, en hann sagði, að það væri þó varlega gerandi vegna stjórnarbótarinnar. En eg vil heldur enga stjórnarbót, en að við fáum hana illa. Þá var ýmislegt, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði; eg virði hann nú allt af svo mikið, því hann heldur svo fallegar ræður. Hann sagði nú, að þing Englendinga hefði eigi nema fjárforráð, en eg held það sèu einkum ríkismennirnir á Englandi og kaupmennirnir, sem það land á að þakka blómgun sína. Og eg held, að það sè ísjárvert fyrir okkur að bera okkur saman við þetta land, sem svo er langt komið, og þar sem allt gengur eptir svo stórum mælikvarða eins og þar (*Arnljótur Ólafsson*: Þingið hefir að eins fjárhagsráð). Hann sagði nú líka, að konungur gæti eigi skipað fyrir um fjárhagsmálið, heldur lægi það allt undir ríkisdaginn. Þess vegna álít eg, að vèr verðum að sýna, að vèr berum traust til ríkisdagsins í þessu máli. En viðvíkjandi því, hvort þetta mál ætti að koma fyrir þjóðfund eða alþing, þá var eg á því fyrst, að það ætti að koma fyrir þjóðfund, en þó skal eg ekki láta það hamla mèr frá að gefa atkvæði mitt með málinn, ef eg heyri ástæður fyrir því, að þetta fari betur. En að endingu skal eg geta þess, að eg vona, að engir lái mönnum, þótt þeir vilji fara varlega í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Af því að eg áskildi mèr í gær rètt til að koma með uppástungu, þá ætla eg enn að tala fáein orð í þessu

máli. Eg hefi nú hugsað nokkuð um þessa uppástungu, en þó er eg enn sömu meiningar og eg var í gær, að þingið gjörði rèttast, að gefa ekki atkvæði sitt nú í þessu fjárhagsmáli. Og þrátt fyrir þær umræður, er eg hefi heyrt, þá hefir ekki sannfæring mín breytzt um það, að hin síðustu úrslit þessa máls og atkvæðis vors nú um málið, mundi verða lagt undir ríkisdaginn. Þvert á móti sannfærðist eg af ræðu hins háttvirta framsögumanns um, að það væri einmitt mikil áhætta fyrir þingið, að gefa nú atkvæði um málið, því að eg sè eigi betur, en að vèr með því gefum ríkisdeginum þann rètt, er hann hvorki hefir nokkurn tíma átt nè á að eiga með rèttu. Því þegar þetta atkvæði vort kemur fyrir ríkisdaginn, þá er annaðhvort, að hann fellst á það, eða hann gefur atkvæði þvert ofan í atkvæði vort og tillögur. Og eg get eigi sèð annað, en með því að gefa atkvæði með frumvarpinu, og uppástungum nefndarinnar, að vèr óbeinlínis játum, að *ríkisdagurinn* geti veitt og veiti oss skatta-álögu rètt, en ekki konungur. Eg hefi nú aldrei skoðað svo, sem þetta mál heyrði undir stjórnina sem málspart, heldur álít eg, að ríkisdagurinn og vèr sèum hèr þeir rèttu málspartar. Og hið eina atkvæði, sem mèr finnst, að ríkisdagurinn eigi að hafa í þessu máli, sè, að hann geti sagt: Að þessari upphæð vil eg ganga. Aptur er það atkvæði vort að segja: Þessa upphæð þurfum vèr. Hinn háttvirti varaforseti kom nú með þá mótbáru móti uppástungu minni, og mèr heyrðist hinn hæstvirti konungsfulltrúi taka í sama strenginn, að hann sagði, ef þessu máli væri frestað, og það tengt við stjórnarbótarmálið, þá mundu þessi bæði mál fyrir það verða lögð fyrir ríkisdaginn. En eg sè nú eigi betur, en að þetta sè eintóm grýla til að hræða þingmenn, því að það getur ekki átt sèr nokkurn stað, að stjórnarbótarmálið verði lagt fyrir ríkisdaginn til atkvæðis, því hann hefir alls engan rètt til að gefa atkvæði um það, heldur heyrir það undir konung einan. Hinn háttvirti framsögumaður tók það nú fram, að uppástungur nefndarinnar og frumvarpsins væru byggðar á uppástungum nefndarinnar í fjárhagsmálinu, sem sett var í Kaupmannahöfn. En á hverjum hluta hennar eru þær byggðar? Er það ekki á þeim hlutanum, sem ákveður tillagið sem minnst, en eigi á þeim hlutanum, sem mest hefir ákveðið, og sem sýnt hefir fram á sannar rèttar- og sanngirniskröfur vorar? En af þessu flýtur, að uppástungur frumvarpsins og nefndarinnar eru á ónýtum grundvelli byggðar, því sú stjórnarbót, sem vèr fáum samkvæmt þessum á-

kvörðunum, er og verður að engu liði. Eg vildi heldur, að stjórnarbótin drægist, en að vèr fengjum hana á þann hátt, að vèr stæðum ver að vígi eptir en áður. Þess vegna vil eg, að þingið ráði frá, að frumvarp þetta verði gjört að lögum, og biðji um, að konungur legði fyrir þjóðfund, bæði frumvarp til stjórnarbótarlaga og fjárhagsaðskilnaðar, samkvæmt því, sem heitið er í konungsúrskurði 23. september 1848. En uppástunga mín ætti að vera orðuð eitthvað á þessa leið:

1. Að alþingi ráði hans hátign konunginum frá, að gjöra frumvarp þetta að lögum.
2. Að þingið biðji um, að þjóðfundur verði sem fyrst samankallaður samkvæmt loforði konungs 23. september 1848 og kosningarlögum 28. september 1849, og að fyrir þenna fund verði lagt frumvarp til algjörðra stjórnarskipunarlaga í heild sinni.
3. Að hans hátign konungurinn skipi svo fyrir, að stjórn landsins í öllum greinum verði færð í þá stefnu, sem geti bezt undirbúið hina fyrirhuguðu stjórnarbót.

Og svo hefi eg hugsað mèr, að áskilja mèr rètt til vara-uppástungu í þá stefnu, sem eg þó síðar skal nákvæmar skýra og orða:

Að alþing taki fram í álitsskjali sínu um málið, að tillag það, sem greiða skal til Íslands úr ríkissjóði Dana, verði að minnsta kosti ákveðið til 80,000 rd. árgjalds.

Sveinn Skúlasson: Eg skal nú eigi vera síðastur þeirra manna, er segja, að þetta mál sè mjög vandasamt, og það svo, að eg gjörði líklega rèttast í því að standa ekki upp til að tala í því; því að sú er ætlun mín, að í stjórnlegu tilliti sè það hin mestu vandræði fyrir þingið að fást við þetta mál. Bæði þjóðin og stjórnin hafa áður allt af hugsað sèr þetta mál svo, að það væri í sambandi við stjórnarbótarmálið og gæti ekki aðskilizt frá því. Þar að auki hefir og fjárhagsnefndin í Kaupmannahöfn verið á því, að þetta mál væri í sambandi við stjórnarbótarmálið, því að í endanum á 4. fylgiskjali þeirrar nefndar, stingur hinn núverandi forseti upp á, að stjórnin komi um leið með uppástungur til stjórnarbótar, jafnframt og hún leggur fjárhagsmálið fyrir þingið. Og í fylgiskjalinu nr. 5 er sagt, að hinir hlutar þessarar nefndar sè honum samdóma í þessu atriði. Þannig hefir þessi nefnd í heild sinni verið á því, að þessi mál ætti að vera samfara. Eg skal bæta því við,

að það hefir jafnan verið hugsun Íslendinga, að hin síðustu úrslit þessa máls heyrðu undir þjóðfund, en eigi undir alþing. En þar sem menn hafa skýrskotað til þess, að þingið 1853 hafi farið fram á, að þessi mál væri lögð fyrir alþing, þá vita menn nú, hvernig á stóð þá, að það var rètt eptir refsingarræðu þá, er landsmenn höfðu fengið í auglýsingunni 12. maí 1852 eptir þjóðfundinn, og hefir því þetta víst dregið nokkuð úr tillögum þingsins. En þetta bendir á, hversu mál þetta er vandasamt, og þegar þingið tekur það til meðferðar, þá verður það að búa svo um hnútana, að það svipti ekki þjóðfundinn eða íslenzku þjóðina því atkvæði, sem hún á með rèttu í þessu máli; þar sem þing þetta er ráðgefandi þing, þá sè eg ekki betur, en að stjórninni sè innan handar, ef þingið gjörir nú beinar uppástungur um þetta mál, að ljúka nú þegar við málið og gjöra frumvarpið að lögum, þar sem það hefir verið borið undir þingið. Þess vegna álít eg, að þingið eigi nú ekki að gjöra neinar ákveðnar uppástungur í þessu máli, sem niðurlagsatriði, nema þær sè svo lagaðar, að það sè víst um, að það slíti eigi neinn rètt úr höndum vorum. Það er nú víst, að Íslendingar hafa mikinn huga á því, að fá bæði stjórnarbótina og fjárhagsaðskilnaðinn sem fyrst, því að vèr vitum, hversu holl oss hafa verið fjárforráð Dana. Þess vegna megum vèr á hinn bóginn ekkert gjöra, er getur tafið fyrir þessu máli, því vèr eigum að reyna til að flýta því sem mest. Þetta eru nú þau 2 sker, sem vèr verðum að synda hèr á milli. En vegurinn milli þessara skerja er svo vandasamur, að eg treysti mèr ekki til að benda á hann. Sumir þingmenn hafa nú tekið það fram, hver ábyrgðarhluti það væri fyrir oss, að taka nú nokkuð það, er gæti verið bindandi fyrir niðja vora, og sagt, að þeir gæti brugðið oss brixlyrðum dauðum, fyrir þá sök. En það má með eins miklum rètti segja, að þeir geti lagt oss bleyðiorð á bak, ef vèr frestum nú málinu. Þeir geta þá sagt: «Þessir forfeður vorir þorðu ekki að gjöra neitt; þeir vissu ekki, hvað til frelsis vors heyrði, og stóðu því þannig með ragmennsku sinni í vegi». Mèr virðist nú allt lúta að því, að upphæð þessa fjártillags við fjárhagsaðskilnaðinn er óákveðandi. Því að hvað skarpar sem kröfur minni hluta fjárhagsnefndarinnar kunna að vera, þá er ekki á vísan að róa, hvort þær eru rèttar fyrir því. Og þótt þessi upphæð sè miklu hærri en minnsti hluti fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn ákveður, þá verður summan eins óviss fyrir því, bæði sú lægsta og hin hæsta, og því álít eg,

að þessi reikningur sè alveg ógjörandi, því að vèr gætum ekki gjört þessar kröfur gildandi fyrir neinum dómstóli, því að það eru ekki til þau skilríki í sögu landsins, er vèr getum sannað með þessar kröfur, svo alveg og óyggjandi, að vèr fáum þeim framgengt. Eins er, þó að gengið sè út frá því ástandi sem nú er; þá verður jafnörðugt að ákveða þessa upphæð. Því að þótt gengið sè út frá launum embættismanna sem nú eru, og kostnaði, sem þær stofnanir hafa í för með sèr, sem nú eru, eins og nefndin virðist að hafa gjört, þá fáum vèr engan veginn hina verulegu eður sönnu upphæð. Því að það mætti bæta svo mörgum atriðum við þá upphæð, er nefndin hefir tekið fram, sem sýna, að þessi upphæð er alveg ónóg. Í nefndiuni finnst mèr nú óheppilega gengið út frá 6. grein frumvarpsins, því það er að skoða Ísland sem nýlendu. Hvorki meiri nè minni hluti nefndarinnar hefir gjört nokkra reikninga, nè ákveðið neitt fè til að gjöra þær endurbætur, sem nauðsyn er á að gjöra og beint liggur fyrir, t. a. m. um betra skipulag á póstgöngum. Það er heldur ekkert tillit tekið til þeirra bænarskráa, sem nú koma frá þinginu bæði um fjölgun á lækna-embættum, og um gufuskipsferðir kringum landið. Nefndin hefir heldur ekki tekið tillit til nauðsynlegra umbóta á landbúnaði vorum, jarðarrækt og á vegabótum, sem vèr höfum þó fullgildar kröfur til. En eg verð þó að ætla, að stjórnin vilji eigi skilja við landið eins og í flagi. Nefndin hefir eingöngu haldið sèr til emhættislauna þeirra, sem nú eru og til beinna útgjalda, sem nú hvíla á ríkissjóðnum, en hún hefir ekki tekið neitt tillit til umbóta þeirra, sem bráð nauðsyn er á. Nefndin hefir og sleppt því, sem einkum lá beint við, svo framarlega sem hún ekki vildi skoða Ísland sem nýlendu, og það er að gjöra kröfur vorar svo háar, að vèr gætum miðlað nokkru aptur til að kosta stjórn vora í Danmörku. En ef Ísland vill halda því fram, að það sè ekki í stjórnarmálum nýlenda frá Danmörku, þá verðum vèr að gjöra allar þessar kröfur til Dana, ef vèr eigum að geta staðizt. Eptir þessu sýnist mèr málið svo stórvaxið, að þingið geti naumast sagt álit sitt um það nú. Og eg get eigi sèð, að þingið hafi meiri rètt til að segja fullnaðarálit sitt um þetta mál, þótt kosningarlögin hafi verið rýmkuð, svo að þau sè hèrumbil jafnfrjálsleg og kosningarlögin til þjóðfundarins voru, því að þingið hefir ekkert umboð frá þjóðinni til þessa. Það var nú einn þingmanna, sem fór öðru fram um tillagsupphæðina en aðrir þingmenn hafa farið, það

var hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður. Hann tók það frá peningalegu sjónarmiði, og sagði að tillagið væri of lítið, af því að peningarnir rýrnuðu. Það er nú að vísu satt, en tillagið getur verið nóg fyrir því, ef það er nóg í sjálfu sèr. Því að þó peningarnir lækki, þá hækka vörurnar, svo að fjármagnið til skattaálaga, eykst þó yfir höfuð í landinu, og það verður færara um að bera útgjöld, svo þetta samsvarar sèr fyllilega, og eg vil segja meira; eg vil segja, að vörurnar hækki meira en peningarnir rýrna þegar það er borið saman í rèttu hlutfalli. Við þurfum eigi annað en að skoða verzlunina í ár, til að sjá þetta. Frá því í mínu ungdæmi hefir ullin stigið meira en 100%, en peningarnir hafa þó eigi lækkað, að því skapi yfir höfuð að tala; og útlendar vörur hafa einnig lækkað talsvert, á móti því sem innlendar vörur hafa stigið. Eg man eptir því í mínu ungdæmi, að norðanlands mættist brennivínspotturinn og ullarpundið, en nú geta menn fengið á 4 potta kút fyrir ullarpund, eptir verðlaginu sumstaðar fyrir norðan í ár. Eg tek þetta fram, sem eitt dæmi af mörgum.

Forseti: Það er vissulega vorkunnarmál, þó menn verði efasamir, þegar þetta mál er rætt; eg skal ekki lá neinum það, því þetta er að vísu vandamál. En eg held, að aðalorsökin til þessara efasemda sè sú, að vèr höfum haft og höfum enn að nokkru leyti þá stjórn, sem ekki hefir fylgt voru máli, heldur gengið í flestu þvert á móti oss, og dregið þeirra taum meira, sem voru mótstöðumenn vorir í viðskiptunum; þar sem hún hefir haft allt í höndum, hefir haft sem menn kalla bæði töglin og hagldirnar, þá hefir hún ekki notað þetta alræði í vorn hag, heldur til þess að halda öllu rígbundnu í hinu gamla horfi, sem þessu landi hefir verið svo mjög til skaða. Þess vegna er það von, þó að komi svo margir vafningar og dráttur á málið frá báðum hliðum, því hèr eru margir hnútar að leysa og einkum þegar svo lítur út, sem stjórnin vilji í rauninni helzt draga allt úr hömlu, nema vèr viljum ganga að öllu óskorað, sem oss er boðið. Það eina sem vèr eigum stjórninni að þakka í þessu máli er, ef til vill, það, að hún æfir oss í þolinmæði, og hver veit nema henni takist það svo, að það geti hrifið nm síðir. Til þess að færa sönnur á þetta mál mitt, verð eg að fara nokkrum orðum um gang þessa fjárhagsmáls, þó eg ekki geti komizt hjá því, að sumum ef til vill þyki eg hallmæla stjórninni. Það er eflaust mörgum þingmanna kunnugt, að þegar mál þetta kom fyrst til orða, þá hófst það þannig,

að stjórninni þótti frá sínu sjónarmiði, að Ísland vantaði að sínum hluta tekjur til útgjaldanna. Þetta byrjaði fyrst nokkru eptir 1820, þegar farið var að búa til aðaláætlun um fjárhag ríkisins, sem átti að verða aðalreglugjörð fyrir öllum útgjöldum og sem undirstaða hinna árlegu reikninga. Árið 1825 varð rentukammerið fyrst vart við, að land nokkurt var til, er Ísland hèt, og að landi þessu var enginn skildingur ætlaður í aðaláætlun ríkisins til útgjalda að því leyti sem snerti öll þau mál, sem þá heyrðu undir kanselíið; það voru hèr um bil 10,000 rd. árlega. Rentukammerið sá einungis af reikningum jarðabókarsjóðsins, hvað útgjöldum þess leið; rentukammerið skýrði nú konungi frá, að kanselíið hefði ekki til þessa 10,000 rd. sem vantaði, því það hafði sett nóg á í Danmörku, svo ekki var neitt afgangs handa Íslandi. Þar af risu umræður þær, sem síðar eru framkomnar og hafa staðið hingað til um reikningshallann, það er að segja, það sem þykir hafa ávantað til útgjaldanna, svo að skjóta hafi þurft fè til landsins þarfa. 1831 skýrði rentukammerið fyrst frá þessum reikningshalla og skipaði konungur þá svo fyrir, að Ísland ætti að bera sig sjálft, og rentukammerið ætti að sjá um að svo mætti verða. Nú fór rentukammerið að hugsa um sèrstakan reikning fyrir Ísland, en hafði nú ekki annað að byggja á en reikning jarðabókarsjóðsins, sem stjórnin áleit vera svo sem grein af ríkissjóðnum. En af þessari skoðun leiddi, að stjórnin hlaut að skoða málið allt frá skökku sjónarmiði og komast að rangri niðurstöðu, því millireikningurinn milli jarðabókarsjóðsins og ríkissjóðsins var allt annað en millireikningurinn millum Íslands og Danmerkur; en á þessu byggði nú samt rentukammerið, og þó það sýndi sig opt, að það sem voru tekjugreinir frá Íslands sjónarmiði, urðu að útgjaldagreinum í millumreikningi gjaldasjóðsins (Zahlkasse) og jarðabókarsjóðsins, og þó mörg atriði væri talin Íslandi til útgjalda, sem ekki að rèttu lagi voru landsins útgjöld, en sumt ekki tilfært meðal tekjanna, sem þó heyrði landinu til sèrstaklega, þá var samt þessu reikningsformi fram haldið. Þegar gjaldasjóðurinn lèt meira úti en hann tók við frá jarðabókarsjóðnum, var það kallaður reikningshalli fyrir Ísland; þegar jarðabókarsjóðurinn tók við andvirði fyrir seldar jarðir, sem beinlínis var tekjugrein fyrir Ísland, þá varð það þó Íslandi til útgjalda, af því jarðabókasjóðurinn borgaði það út og gjaldasjóðurinn mátti skila því til ríkisskuldasjóðsins; þessu hefði nú orðið að snúa við, til þess að komast að rèttri niðurstöðu, en á þessu

byggði samt stjórnin. 1839 kom skýrsla frá rentukammerinu um reikningshallann, sem var prentuð í athugasemd við áætlun ríkisreikninganna; þar segir, að konungsjarðir á Íslandi hafi reyndar verið seldar, og mætti það virðast sem þetta ætti að koma til greina, en Ísland eigi ekkert tilkall í raun og veru til þess fjár. Rentukammerið fór að vísu til ríkisskuldasjóðsins, og spurði, hvort hann vildi ekki borga rentur af jarðaverðunum, en hann svaraði aptur, sem reyndar satt var, að þegar hann hefði fengið fè þetta til borgunar upp í ríkisskuldir, þá væri skrítið að heimta rentur af slíku fè. Á Standaþinginu í Hróarskeldu gengu menn út frá, að reikningshallinn væri 20,000 rd., og á því var byggð uppástunga frá öðrum af hinum íslenzku þingmönnum, um nýja skattálögu. Nú var farið að grennslast eptir þessu, og komu upp mótmæli, sem leiddu til þess, að stjórnin sjálf fór að telja reikningshallann miklu minni, svo sem 8000 rd. eða þar um bil; kom það af því, að nokkur atriði voru nú talin, sem áður voru ekki talin, t. a. m. skipagjöld, o. fl., en þó hafði þessi viðurkenning ekki nein áhrif á reikningana. 1850 segir stjórnin fyrst berlega, að enginn geti talið Íslandi reikningshallann til miska, því Íslandi hafi áður verið reiknað svo margt til útgjalda, sem það ekki átti að borga; verzlunin hafi líka verið í höndum Dana, og kaupmenn haft á henni þann ábata og Ísland liðið þann skaða, sem ekki verði metinn til peninga. Skömmu eptir þetta kom fram það frumvarp á þjóðfundinum 1851, sem margir þingmenn muna eptir; þar er stungið upp á eins konar fjárhagsaðskilnaði, og kom það meðal annars fram, að stjórnin vildi skipta embættismönnunum í tvo flokka; skyldu sumir hafa laun sín úr ríkissjóði, en sumir úr landssjóði, sem þá skyldi setja á stofn; skyldi þá leggja til landssjóðsins allar beinlínis tekjur, en allar óbeinlínis tekjur til ríkissjóðs; það er með öðrum orðum, að vèr áttum engan kost að leggja á neina skatta, sem gæfi töluverðar tekjur fyrir landssjóðinn, en Danir voru þeir einu, sem gátu gjört það og lagt á oss óbeinlínis skatta fyrir ríkissjóðinn. Eg get ekki skilið, að nokkur maður geti kallað þess konar uppástungur óhlutdrægar Íslandi til handa, eða þá stjórn landinu hlynnindi, sem framfylgir slíkum uppástungum. Eptir þjóðfundinn lá mál þetta að nokkru leyti í dái þangað til 1857. Þá fekk alþingi það kostaboð, að mega segja álit sitt um þann kafla í áætlun til fjárhagslaga ríkisins, sem snertir tekju- og útgjalda-áætlun Íslands, eins og nýlendu-eyjarnar í Vestur-Indium hafa, en fyrir

þessi hlynnindi átti það að játa á landið almennu útboði til flotans í Danmörku. Þingið fèllst ekki á þetta, sem kunnugt er, og datt málið svo niður. Nú fór þingið enn á ný fram á fjárhagsaðskilnað og stjórnarbót; var svo nefnd sett í Kaupmannahöfn 1861, til þess að segja álit sitt um þetta mál; þessari nefnd var falið á hendur að rannsaka málið allt í heild sinni, og eg skil ekki betur, en að það væri skylda hennar, að skoða ekki einungis ástand það, sem þá var, heldur einnig fara fram í fyrri tímana, því þar eru allar ástæður fyrir því ásigkomulagi sem nú er, fyrir rèttar- og sanngirniskröfum þeim, sem Ísland hefir.

Það má sjá af því, sem nú hefir verið sagt, að það hefir lengi verið ráðgert, að hreinir reikningar yrði gjörðir milli beggja parta. Stjórnin sjálf hefir byrjað á þessu en ekki við. En hvernig er þetta komið fram? Það getur ekki verið komið af annari ástæðu en þeirri, að menn hafa skoðað Ísland sem land út af fyrir sig, sem annan part andspænis móti Danmörku. Það hefir verið fært til svo sem til að gjöra hröfur vorar hlægilegar, að vèr skoðum Ísland eins og ríki fyrir sig, en nafnið gjörir ekki til, það stendur fast, að Ísland er rèttilega skoðað sem sèrstakt land, með sèrstaklegum rèttindum; það hefir fullar rèttarkröfur, því það hefir allt af átt sèrstaklegar eignir fyrir sig, sem allt af hefir verið viðurkennt; það er nauðsynlegt að taka rètt Íslands sèrstaklega til greina gagnvart Danmörku, og það á ekki að rèttu lagi að verða fyrir meiri halla fyrir það, þó hingað til hafi í mörgu verið farið með það sem rèttlaust land; rèttur þess stendur á sama grundvelli og Danmerkur, og má því líka skoða það sem jafnt rètthátt og Danmörk. Það er sögulega sannað, að Ísland er hvorki komið undir Danmörku sem fylki eða nýlenda, heldur er það komið í sameining við Noreg fyrst sem frjálst sambandsland, og síðan sem frjálst land til Danmerkur.

En þegar vèr eigum nú að ná yfirliti yfir reikningaviðskiptin, til þess, að hvorutveggi málspartar fái sitt, þegar aðskilnaður á að verða, þá eru eiginlega tveir vegir, eða enda þrír vegir fyrir höndum: Einn er sá, að skoða Ísland sem alríkispart; annar sá, að skoða Ísland sem sèrstakt land; báðir þessir vegir geta leitt til reikningskröfu; en svo er annar vegur, eða hinn þriðji, ef menn vilja, sem er sá, að skoða Ísland sem rèttlaust land, og þar á byggist sú krafa, sem má heita ástandskrafan. Ef menn velja fyrsta veginn, og skoða Ísland sem part úr alríkinu, þá getur mað-

ur að vísu eins fyrir því skoðað það sem eigandi og gjaldandi part; það stendur á sama hvort eg geld skatt beinlínis eða óbeinlínis, eða með því, að verða fyrir þeim halla í viðskiptum, að minn hluti verði alveg fyrir borð borinn. Danir hafa með verzlunarokinu útilokað oss um hálft þriðja hundrað ára frá öllum heiminum nema sjálfum sèr. Þessa útilokun álít eg meiri skatt, en nokkurn annan, meiri en eg veit ekki hvað mikinn peningasjóð. En samt sem áður hefi eg ekki byggt á þessari skoðun, heldur á hinni, sem stjórnin sjálf hefir ætíð haft á botninum, að Ísland sè sem sèrstakt land fyrir sig; sú skoðun hefir ávallt komið fram, þegar til umtals hefir komið, hvað Ísland skuli gjalda til flota, hers o. s. frv. Eg fór því þann veg, að skoða Ísland sem sèrstakt land með sínum sèrstaklegu eignum, og taka til greina þau atriði í reikningslegu formi, sem ætíð hafa verið álitin af hvorutveggju hlutaðeigendum sem aðalatriði í viðskiptunum. Þá verða jarðirnar eitt hið helzta af þessum atriðum; þær hafa ekki verið seldar sem ríkiseign, sem auðsèð er á því, að tekjur af þeim hafa gengið til útgjalda landsins meðan þær hafa verið óseldar; en þegar landið á tekjurnar af jörðunum óseldum, þá hlýtur það einnig að eiga andvirði þeirra, þegar þær eru seldar; andvirði þeirra getur ekki rèttilega tapazt, nema að sannist reikningshalli, og það gangi til að hylja hann, en þetta hefir ekki átt sèr stað. Samt sem áður hefir svo farið, að þegar jarðir hafa verið seldar hefir allt horfið í ríkissjóðinn, bæði höfuðstóll og rentur. Þegar menn nú ekki treysta sèr til, eða ekki finna það ráðlegt, að gjöra þenna reikning upp, þá kemur fram sú skoðun á málinu, sem einn hluti nefndarinnar hefir fylgt, það er að segja að leggja hið núverandi ástand til grundvallar, og skuli stjórnin hafa ábyrgð á því, af því hún hafi búið þetta ástand til með fyrirkomulagi sínu. Eg kalla nú þetta vera byggt á þeirri skoðun, að Ísland sè rèttlaust land, það er að segja hafi enga kröfu byggða á rèttargrundvelli, heldur einungis eptir álitum, sem sè byggt á því ástandi sem nú er. Eigi að síður geta menn ef til vill samt komizt að sanngjarnri niðurstöðu. En það þykir mèr ósanngjarnt, þegar Ísland hefir verið og er skoðað sem rèttlaust land, að byggja eingöngu á því ástandi sem nú er, og stíga ekki feti framar; sá halli, sem nú er, getur verið orðinn annar að ári; ef að hallinn nú er 40,000 rd. gæti hann að 5 árum liðnum verið orðinn 50,000 rd., þá ætti ástandskrafan að vera vaxin um 10,000 rd., einungis af þessari ástæðu.

Þetta er, eins og allir sjá, öldungis byggt í lausu lopti. Nefndin hèr hefir nú helzt hallazt að því að byggja á ástandinu, og hefir þetta því orðið fyrir mestum umræðum; eg skal þess vegna ekki taka hin sèrstaklegu atriði neitt sèrlega fram, því eg held að þau atriði sèu framkomin, sem mest eru varúðarverð við þessa skoðun. Undir eins og vèr tökum ástandið sem nú er, þá er auðsætt, að sanngjarnt er að taka til greina þær nauðsynjar, sem bráðast liggja fyrir; það leiðir af ástandinu, að vèr getum ekki haft neina peninga til umráða til neinna vorra almennra þarfa; það leiðir af ástandinu, og af því, að oss er venjulega neitað um flest það, sem til framfara horfir, að það má ekki vera mjög lítið sem vèr fáum, því vèr verðum að byrja að neðanverðu. Annað atriði er einnig mjög aðgæzluvert, að þar sem Danmörk sleppur við allar kröfur, þá missum vèr allt hvað vèr getum talið til; það er sjálfsagt, eg met fjárforræði mikils á vora hönd, en eg met líka mikils það á Dana hönd, að þeir sleppa við hina vaxandi byrði, sem á ríkissjóðinum hvílir, og hlýtur að hvíla meðan sambandið helzt. Frá stjórnarinnar hlið hefir í ástæðum frumvarpsins verið fundið að kröfum þeim, sem eg hefi gjört. Eg finn enga ástæðu til, eptir því sem nú stendur á, að rekja það ítarlega sem eg get framfært þeim til forsvars, því síður, sem nefndin sýnist heldur að hafa hallað sèr að ástandskröfunni, og eg get vel sèð, eins og eg sagði áður, að hana getur borið hèr um bil að sama brunni. Eg skal þó drepa lítið eitt á fáein atriði. Fyrst er fundið að því, að eg skoðaði jarðir þær, sem seldar hafa verið, og vildi fá þær bættar upp sem óseldar, það er að segja, heimtaði, að Ísland fengi jafnt fyrir þær, eins og þær væru nú verðar, ef þær væri nú óseldar; mèr finnst það megi vera í augum uppi, að þetta er hin sanngjarnasta skaðabót sem orðið getur, þegar eignum landsins hefir verið sóað að óþörfu, og reikningslaust, og það jafnvel þó sannað verði, að fjárhagur Íslands sèrstaklega þurfti ekki þessarar sölu við. Líka hefir verið fundið að því, að eg hafi fylgt öðrum reikningsmáta við stólsjarðirnar en við konungsjarðirnar; því er svo varið, að eg tek konungsjarðir fra þeim tímum, rètt eptir siðaskiptin, þegar eg veit að tekjur af þeim voru farnar að renna í konungssjóð, en stólsjarðir frá þeim tíma, er þær voru seldar, og konungssjóðurinn tók þær að sèr með því skilyrði, að annast þær útgjaldagreinir landsins, sem þessi góz stóðu fyrir. Það er með öðrum orðum að segja, eg tók verð hvorutveggja gózanna einmitt

þá, þegar þau voru tekin handa ríkissjóði; ef eg hefði tekið stólsjarðirnar á 16. öld, þá hefði þar að auki reikningurinn orðið miklum mun hærri, fullum helming hærri. Öllum mönnum er kunnugt, hversu landinu og einkum jarðagózinu hrakaði aptur frá því á sextándu öld, svo jarðirnar voru orðnar svo að segja verðlausar þegar verzlunin var losuð 1786. Leigumáli á öllum jörðum var fallinn fjarskalega, og hefir ekki náð sèr enn. Þessi grundvöllur kröfunnar er því ekki ímyndaður heldur á góðum rökum byggður. Menn verða að taka fullkomið tillit til þessa við fjáraðskilnaðinn, með öðru móti get eg ekki sèð, að Ísland fái sanngjarna borgun fyrir þær eignir, sem allir verða að játa, og enda játa, að hafi verið landsins sèrstakleg eign. Að jarðirnar hafi verið seldar eptir uppástungu yfirvaldanna hèr, það er einungis hálfsatt, því öllum er kunnugt, að menn höfðu hèr og hafa almennt haft mikla óbeit á sölunni; það hefir ætíð verið álit manna hèr á landi, að jarðeign væri hin bezta og farsælasta eign; þess vegna hlaut það líka að vera skoðun manna almennt, og það hefir hún líka verið, að bezt væri fyrir hið opinbera að eiga þær og halda þeim óseldum. Nefndir þær, sem settar hafa verið um þessi mál, hafa aldrei orðið á eitt sáttar um þetta atriði, og mèr er óhætt að fullyrða, að hinir íslenzku meðlimir nefndanna hafi ætíð verið á móti jarðasölunni. Það er mönnum kunnugt af æfisögu Jóns Eirikssonar, að hann var algjörlega á móti sölu Skálholtsjarðanna, þegar hann sat í þeirri nefnd, er það átti að yfirvega. Hvað Hólastól snertir, þá skiptist nefndin í tvo hluti; voru tveir Íslendingar móti aftöku stólsins og skólans fyrir norðan, en einn danskur maður með og einn íslenzkur embættismaður. Það er ekki á rökum byggt, eptir því sem hèr stendur á í þessu máli, að meta jarðirnar eptir því sem þær ganga í kaupum og sölum, því það er ímyndað áætlunarverð; hitt er það vissa og áreiðanlega, að meta eptir afgjaldi jarðarinnar, því þó þetta verðlag geti breyzt, og að öllum líkindum hækki, þá fáum vèr ekki hyggilegri mætikvarða heldur en þenna. Eg vil öldungis ekki gjöra það að umtalsmáli, þó að nefndin hafi ekki treyst sèr til að fylgja mínum uppástungum, og það er á þingsins valdi að byggja á þeim grundvelli, sem því þykir vissastur og beztur; það er enda kannske eðlilegt, að þingið ekki vogi að byggja á þeim grundvelli, sem stjórnin hefir vikið frá; eg er líka viss um, að á grundvelli stjórnarinnar megi byggja sömu upphæð, eins og þingmaður Norður-Þingeyinga að mörgu leyti benti á. Það mælir

með mínum kröfum þar að auki, að þær eru byggðar á reikningslegum ákveðnum grundvelli, þær eru byggðar á eignum og tekjum landsins, einmitt í þeim greinum, sem ávallt hafa verið aðalatriðin í reikningunum árlega árs; þær samsvara bezt réttarmeðvitund vorri, því frá Íslands hálfu hefir ávallt verið kvartað yfir, að þessi atriði væri ekki nægilega tekin til greina í reikningshallanum; þess vegna væri mikils vert og gagnlegt fyrir hvorutveggju hlutaðeigendur að sættast á að jafna hann. En er það gagnlegt fyrir oss, að slá stryki yfir alla reikninga, taka fjárhaginn að oss eins og hann er nú, og gjalda til almennra ríkisþarfa í von um, að árgjald frá Danmörku geti vaxið, því á þann eina hátt getum vèr borgað til ríkisþarfa? — Eg ætla það ekki vera. Hinn þriðji hluti nefndarinnar fór feti lengra fram en stjórnin aðhylltist, og tók upp nýjan veg, en þó svo, að hann byggði á reikningslegum kröfum af vorri hendi.

En allar þessar uppástungur frá fjárhagsnefndinni 1861 hafa þó ekki að gagni komið, því stjórnin hefir nú hopað töluvert frá þeim öllum saman. Þær byggja allar á föstu árgjaldi meira eða minna, en stjórnin hefir nú einungis boðið laust tillag um nokkurra ára bil, sem við eigum síðan undir kasti, hvort muni viðhaldast eða ekki. En þó er hèr enn meira aðgæzluvert að forminu til. Hèr hefir verið búið til frumvarp til *laga*, það er að segja frumvarp, sem ætlazt er til að leggja fyrir ríkisþing í Danmörk, eptir að alþing hefir sagt um það álit sitt. Þetta frumvarp ætlast til að ákveða, að ríkisþingið í Danmörku hætti að fara með fjárhagsmál vor, og að alþing taki við þeim, eða með öðrum orðum, að ríkisþingið í Danmörk afhendi alþingi fjárhagsráðin hèr á landi. En ef alþing fèllist á þessa aðferð, þá ræður það til, að ríkisþingið verði beðið um lagaboð um þess konar efni, sem það hefir engin lögleg umráð yfir, og því kemur ekki við; með því játar þingið, að ríkisþingið í Danmörk hafi þann rètt, sem það hefir aldrei haft; því eg veit ekki til, að það hafi nokkru sinni átt rètt á að leggja á oss skatta, og þá ekki heldur til að veita oss skattálögurètt; ríkisþingið hefir að vísu hingað til, síðan 1848, tekið á móti, að stjórnin legði þar fyrir fjárhagslögin, bæði tekjur og útgjöld, sem Ísland snerta, og ríkisþingið hefir ákveðið um þetta í lagaformi, en það hefir þó reyndar aldrei haft neina heimild til þess, nema upptekinn hátt og fárra ára venju. Ríkisþingið í Danmörk hefir ekki *rètt* til annars, en til að ákveða upphæð tillags

þess eða árgjalds, sem þarf í áætlun Íslands, til að fylla skarðið fyrir þá tekjustofna eða eignir landsins, sem að réttu lagi ætti að teljast með tekjunum á hverju ári. Eg get ekki betur séð, en að fjárhagslög Íslands síðan 1848, séu órèttilega lögð fyrir ríkisþingið í Danmörk. Eg vil taka dýpra í árinni. Vèr höfum nú frumvarp þetta til umræðu til undirbúnings undir málið í heild sinni, og ætti það þá að vera undirstaðan til þess, að Íslendingar fái fastan lagagrundvöll undir þessu máli til að byggja á fjárhagsráð alþingis. En hvernig yrði þá þessi grundvöllur? Hann yrði sá, að alþing léti veita sèr skattaálöguvald og fjárhagsráð af þeim, sem ekkert ætti með að veita þetta. Það tæki við valdi sínu af ríkisþinginu í Danmörku, sem ekki hefir fremur rètt til að ráða yfir oss, eða veita oss rèttindi þessi, en vèr því; það er einungis orðið fárra ára venja fyrir tilstilli stjórnarinnar, af því alþing hefir ekki fundið nauðsyn til, sökum kringumstæðanna, að bera sig upp undan því háttalagi. Eg sè þess vegna ekki, hvernig alþing getur forsvarað, að fallast á frumvarpið þannig lagað sem nú er, og með því fyrirkomulagi, sem til er ætlazt, því með því að fallast á frumvarpið þannig lagað, samþykkir alþing að forminu til, að ríkisþingið í Danmörk hafi haft skattveitingarvald yfir þessu landi. Eg segi þetta ekki af því, að það kunni ekki í reyndinni að standa á sama þó það hafi haft þetta vald um tíma, þegar það er búið að sleppa því; en eg álít óhyggilegt að játa því, sem byggt er á rangri skoðun, og svo berlega misbýður rèttindum vorum.

Annað er hvað maður þolir og lætur viðgangast um tíma, sökum ásigkomulags, en annað er hvað maður á að játa. Hið einasta atriði, sem ríkisþingið á atkvæði um, er upphæðin á tillaginu eptir því sem á stendur, annað kemur því ekki við. Eg get þess vegna ekki verið á sama máli, og hinn háttvirti konungsfulltrúi og varaforseti, að allt fjárhagsmálið og stjórnarbótarmálið í heild sinni, mundi verða lagt fyrir ríkisþing í Danmörk, ef alþing ekki fèllist á frumvarp þetta, sem hèr liggur fyrir. Hèr er ekkert tilefni til þess, að þess konar aðferð yrði við höfð.

Þegar málinu er svona komið og þannig er ástatt, þá er eg á því, að það sè rètt af þinginu, að vísa því til þjóðfundar. Það hefir ávallt verið og er enn almennings skoðun, að þjóðfundur sè það þing, sem eigi að semja við konung um stjórnarskipun hèr á landi; það er ekkert enn þá fram komið í þessu máli, sem geti gjört það að verkum, að vèr föllum frá þessum rètti. Það var og

sagt, að málið mætti leggja fyrir alþingi í staðinn fyrir þjóðfund; en eg bið þingmenn að gá að því, að vèr höfum konunglegt loforð fyrir þjóðfundi, og eg er sannfærður um, að konungur vor uppfyllir það með ánægju, þegar honum er rètt skýrt frá málsatvikum. Munurinn á sjálfum þingunum er augljós. Það er munur á alþingi eða tvöfalt fjölmennara þingi, sem væri kjörið einmitt til að ræða þetta mál. Það liggur í eðli hlutarins, að þjóðfundurinn, sem er helmingi fjölmennari, hafi yfir töluvert meiri kröptum að ráða. Þess er líka að gæta, að á alþingi eru fleiri konungkjörnir þingmenn að tiltölu, en á þjóðfundi. Eg segi þetta ekki af því, að hinir konungkjörnu þingmenn, sè yfir höfuð að tala mótfallnir þjóðlegum rèttindum vorum, en við vitum, að það er ýmislegt, sem þeir, sökum stöðu sinnar, þykjast þurfa að taka tillit til, sem hinir þjóðkjörnu þingmenn ekki finna sig bundna við.

Eg skal að lyktum geta um nokkur atriði, sem fram hafa komið í umræðunum um þetta mál, og tek eg það þá einkum fram, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að þær kröfur, sem menn gjörðu af vorri hendi, eða líklega einkum þær, sem eg hefði komið fram með, væri ekki *sannar* rèttarkröfur, heldur ímyndaðar. Eg ætla, að eg hafi þegar sýnt, að þetta sè ekki svo; eg get ekki betur sèð, en að í ástæðum mínum sèu öll hin sögulegu rök tilfærð, sem þurfa, til að fá ljósa og rètta hugmynd um málið, eins og eg líka held, að allt sem í álitsskjali mínu er tilfært, sè á svo föstum fótum byggt, að það verði ekki rengt í neinu verulegu. Hitt er satt, að reikningana má gjöra á ýmsa vegu; og eg veit vel, að það er hægt að fá þá hærri en eg hefi gjört. Eg tek til dæmis, að seint á 17. öld voru jarðir seldar fyrir rúmar 24000 rd., eða 12000 spesíur og allir geta sèð, að þá var engi nauðsyn til þess, því á sama tíma galzt af Íslandi svo sem svarar 100,000 rd. árlega og meira eptir núverandi verðlagi, fram yfir allan kostnað; hefði Danmörk verið góður fjárhaldsmaður fyrir vora hönd, þá hefði hún farið að, eins og vèr sjálfir mundum hafa gjört undir sömu kringumstæðum, hún hefði sett andvirði hinna seldu jarða á leigu og safnað þessu í sjóð fyrir oss, allt til þessa tíma. Framsögumaður sagði, að það væri ómögulegt að heimta bætur fyrir óheppilegar ráðstafanir stjórnarinnar, en þetta viðgengst þó dags daglega, að þegar bær eða hèrað verður fyrir halla af því að hinir almennu hagsmunir þykja krefja þess, þá fær bærinn eða hèraðið sanngjarnar bætur eða ívilnanir, til þess að hallinn lendi

ekki allur öðru megin. Eg vil spyrja, ef það er ómögulegt fyrir okkur að heimta bætur, er það þá ekki eins ómögulegt fyrir Dani að heimta, að við skulum bera skaðann aleinir bótalaust; eg álít að hvorugir eigi að bíða allan skaða, en það rètta hlutfall milli beggja eigi að koma út, svo að Ísland njóti þess að nokkru, að sú meðferð hefir verið höfð á stjórn þess, að það hefir beðið þar af óbætanlegt tjón.

Jón Hjaltalín: Eg vildi leyfa mèr að spyrja forseta, hvort hvergi væri getið um Bjelkes-jarðirnar í reikningunum?

Forseti: Eg get svarað hinum 3. konungkjörna þingmanni því, að í öllum álitsskjölum nefndarinnar frá 1861 eru talin andvirði seldra konungsjarða, og þar á meðal hinna svonefndu Bjelkesjarða; en í reikningunum að undanförnu hefir aldrei verið fært landinu til inntektar hvorki höfuðstóll nè rentur af seldum konungsjörðum, jafnvel þó afgjald jarðanna, meðan þær voru óseldar, hafi verið talið með tekjunum.

Jón Hjaltalín: Þetta gjörir, að Danir ættu að sjá, að margt er enn ókomið fram í málinu. Það ætti að sjást, að eigi væri vel frá reikningunum gengið; það væri gott fyrir báða parta. Ef þetta ekki upplýsist, þá geta margir, sem standa fyrir utan málið, álitið oss ranglega óbilgjarna og heimtufreka.

Forseti: Mèr er það óskiljanlegt, að hinum 3. konungkjörna þingmanni þykir þetta óljóst, hann getur sèð, að í reikningunum er ekki tilfært annað en höfuðstóllinn fyrir dal. Eg get ekki sèð, að þessi reikningur sè óljós og ekki heldur ósanngjarn. Mèr sýnist þvert á móti, og það er án efa líka meining hins háttvirta þingmanns sjálfs, þó það mætti skilja orð hans á aðra leið. Eg ítreka það aptur, að nefndarmenn 1861 voru samdóma um, að því leyti sem út í reikninga væri farið að reikna jarðir þær, sem afhentar voru, Henrik Bjelke á meðal seldra konungsjarða.

Framsögumaður: Eg játa það að vísu, að margt mátti læra af ræðu hins háttvirta forseta, og að í henni var margs konar fróðleikur fyrir þá, er ekki hafa lesið rit hans og ekki eru kunnugir því álitsskjali, sem hann hefir samið í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn og sem er í fylgiskjölum máls þessa, og mjer kemur nú engan veginn á óvart, þó hinn háttvirti forseti enn þá haldi fram þeirri skoðun, sem alkunnugt er, að hann hefir lengi haft á þessu máli, og sem hann svo opt hefir útlistað í ritum sínum. En nefndinni þótti ekki ráðlegt að fara þenna veg, og

hún sá sjer með engu móti fært að byggja á hinum sama grundvelli og hinn háttvirti forseti hvað fjárhagsmálið snertir. Hann dæmdi stjórnina hart í upphafi ræðu sinnar, og lèt þá skoðun í ljósi, að hún væri máli okkar mótfallin. Ef þetta væri rètt mælt, þá gjörði það stöðu málsins erfiðari; en eg verð að mótmæla þessari skoðun, og get ekki álitið hana rètta, því stjórnin hefir einmitt með því frumvarpi, sem hèr liggur fyrir, sýnt að hún vill reyna að útvega oss uppfylltar þær sanngirniskröfur, er vèr höfum í þessu máli.

Með hinu sögulega yfirliti sínu yfir reikningsfærsluna hefir hann einmitt sýnt fram á, að ómöglulegt sè að gjöra upp reikninga milli Íslands og Danmerkur, og þetta eru líka allir samdóma um, og hinn háttvirti forseti hefir leitt að því hin ljósustu rök; en með því hefir hann einnig fært sönnur á, að ómögulegt sè að byggja á þeim grundvelli, sem hans eigin kröfur hafa við að styðjast. Það er að vísu satt, að jarðasalan ætti að koma fram, ef reikningarnir væru mögulegir og væru gjörðir, en það er ekki til neins að rífa þetta atriði út úr sambandinu og byggja á því. Forseti hefir ráðið til að vísa málinu til annars þings, það er að segja þjóðfundar, og talið til þess ýmsar ástæður. Hann sagði meðal annars, að af því það þing yrði fjölmennara en alþingi, þá mundi það komast betur frá málinu; eg efast nú um þetta, eg held það sè óvíst, að það þing, þó það væri fjölmennara, yrði öllu færara til að fást við þau mál, sem hèr er um rætt. Forseta þótti það ekki við eiga, að 3. og 4. grein frumvarpsins væri í lagafrumvarpi sem koma ætti fyrir ríkisdaginn; en menn verða að gæta þess, hvernig ástatt er, að ríkisþingið hefir atkvæði um gjöld og tekjur Íslands, og að það þess vegna er eðlilegt, að ríkisþingið leggi samþykki sitt á það, að þessar tekjur og þessi gjöld verði lögð undir alþingi. Eg skal nú ekki fara út í einstöku atriði í ræðu hins háttvirta forseta; eg skal að eins benda á það eitt, að hann heimtar bætur fyrir það, sem leigumálinn á þjóðjörðum hefir lækkað, frá því er þær komust undir krónuna, og gjörir sig ekki ánægðan með jarðirnar eins og þær seldust; en það er þó auðsætt, að leigumálinn hefði eins getað minnkað, þó jarðirnar ekki hefðu verið seldar. Það er og aðgætandi, að landið hefir haft hag af jarðasölunni, því sjálfseignarbændum hefir fjölgað og þetta er það, sem eftir vel megun hvers lands. Eg bendi að eins á þetta, en skal ekki útlista það frekara, með því eg, eins og eg þegar hefi tekið fram,

álít ófært að fara þenna veg og ómögulegt að byggja neitt á þeim grundvelli, sem hinn háttvirti forseti heldur fram. Forseti sagði og, að það hafi ávallt vakað fyrir þjóðinni, að bæði stjórnarbót og fjárhagsmál ættu að ræðast á þjóðfundi, en þetta get eg ekki séð að sè nákvæmt, því 1857 var konungi send bænarskrá frá þessu þingi um, að mál þessi yrðu lögð fyrir alþingi. Hinn 6. konungkjörni þingmaður gjörir ráð fyrir, að það fè, sem boðið er í frumvarpi stjórnarinnar og það sem nefndin stingur upp á mundi eigi hrökkva, og vill því fá fè til allra þeirra endurbóta, sem vèr höfum þörf á um hin næstu 50 ár. Þetta kynni nú að vísu að vera mjög svo æskilegt, en eg held, að lítil von sè til að það geti fengizt, og eg held mönnum geti verið auðsætt, að ekki sè til neins að byggja kröfur eður uppástungur á slíku. Krafa hans um 80,000 rd. fer og svo fjærri frumvarpi stjórnarinnar og uppástungum nefndarinnar, að nefndin getur ómögulega fallizt á hana, með því þessi upphæð og er af handahófi. Hann hèlt að gjöldin mundu vaxa en tekjurnar ekki að því skapi; en þessi setning er mjög ólíkleg; ef hún væri sönn, þá leiddi slíkt til þeirrar niðurstöðu, að sèrhvert land yrði að komast í æ meiri og meiri skuldir, því hinn háttvirti þingmaður benti ekki á neinar sèrstaklegar ástæður að önnur regla yrði að gilda í þessu efni hèr á landi en annarstaðar. Fleiri af hinum háttvirtu þingmönnum hafa sagt, að þetta mál ætti að leggjast undir *álit* ríkisdagsins; en þetta er ekki rètt; ríkisþingið er löggjafarþing, og hefir álvktunarvald, og málið verður ekki borið undir það til álits heldur til álvktunaratkvæðis, og sökum þess hvernig ástatt er, sökum þess að ríkisþingið hefir atkvæði um fjárhagsmálefni vor, þá verður, eins og allir hljóta að viðurkenna, ekki hjá því komizt, og eptir hinu factiska ástandi óumflýjanlegt, að málið hljóti að koma fyrir ríkisþingið á þenna hátt. Ef nú þingmönnum þykir uppástunga nefndarinnar óaðgengileg að efninu til, þá er ekki annað fyrir þá, en að gjöra breytingaratkvæði við nefndarálitið; en þar á móti álít eg það mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið að skjóta málinu frá sèr, því þá er það óvíst, hvað lengi þess verður að bíða, að þetta áhugamál þjóðarinnar komist í kring. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga lèt þá skoðun í ljósi, að ef við gæfum atkvæði um málið, þá játuðum við þar með, að ríkisþingið hefði rètt til þess atkvæðis, sem það að hans áliti ekki að rèttu lagi hefir. Eg er margopt búinn að taka það fram, að ríkisþingið hefir þenna rètt til at-

kvæðis um málið, og þarf nauðsynlega að gefa samþykki sitt til þess, að fjárhagsaðskilnaðurinn geti komizt á.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi opt og tíðum fundið til vanmáttar míns, þegar eg í þessum sal af einlægum vilja hefi leitazt við að beina málum vorum í rètt horf, en aldrei hefi eg glöggvar fundið til þessa vanmáttar en nú, þegar eg á að mæla rètt á eptir hinum háttvirta forseta í *þessu* máli, þar sem eg að eins að nokkru leyti er honum samdóma, en játa fúslega, að mèr er skylt að færa full rök fyrir meiningamun mínum. Eg tek það þá fyrst fram, sem allir eru á, að tilboð stjórnarinnar í fjárhagsmálinu er sèrstaklegt, og án nokkurs tillits til stjórnarbótarmálsins. Það hefir og verið tekið fram, að fjárhagsmálið væri sá liður af stjórnarbótarmáli Íslands, sem yrði að koma undir atkvæði ríkisþings Dana, á þessu var og öll nefndin; og að þessu leyti varð það að ganga á undan stjórnarbótarmálinu. Hitt atriðið er löggjafarvald alþingis í fjárhagsmálinu. Það hefir bæði verið tekið fram af mèr og hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni og varaforseta, að «factiskt» hefir ríkisdagurinn haft fullt löggjafarvald yfir fjárhag vorum, þó þetta í rauninni ekki sè samkvæmt stjórnarlögum Íslands. Menn eiga að skoða stjórnarfrumvarpið þannig að mínu áliti, að stjórnin bjóði þinginu þann kost, að segja álit sitt um þetta mál, til þess að alþing á síðan geti fengið þetta vald undir sig. Eg vil nú benda á það, að þó nú ríkisþingið hætti öllum afskiptum af fjárhagsmálefnum vorum, þá gætu menn þó ímyndað sèr, að alþingi þar fyrir alls ekki fengið löggjafarvald í þeim. Í þessu atriði liggur það, að *atkvæði* alþingis er ekki á enda þó það fallist á frumvarpið, og ekkert eðlilegt atkvæði af því tekið, þó ríkisdagurinn samþykki í, að hið *factiska* löggjafarvald hans hætti. Þetta gjörir það skiljanlegt, að alþingi nú er skyldugt að segja álit sitt um fjárhagsmálið, því ella lítur svo út sem það ekki vilji á síðan fá löggjafarvald í fjárhagsmálinu; og það er því mjög mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið að sleppa þessu tækifæri og vísa málinu frá sèr, því sem sagt það gæti litið svo út, sem Íslendingar ekki vildu ná löggjafarvaldi í fjárhagsmálefnum. Margir hafa sagt, að okkur væri betra að bíða, en taka þessum boðum, því við værum eins eptir sem áður á flæðiskeri staddir; en þessum mönnum get eg eigi fylgt, því þeir fara fram á ósanngjarnar kröfur. Hinn háttvirti forseti tók skýrt fram í ræðu sinni, að við byggðum kröfur okkar á rètti. En eg svara þessu þannig, að ef við ættum ein-

göngu að skoða málið frá því stjórnlega, eður pólitiska sjónarmiði sem hann gjörir, þá játa eg, að skoðun hans væri á rökum byggð. En svona megum við, því miður, ekki skoða málið. Eg vil þvert á móti spyrja, hvað vinnum við á drættinum? Forseti sagði, að þolinmæðin þrautir vinnur allar; eg efast um, að þetta eigi sèr stað hèr; væri það rètt, þá yrði þolinmæðin að vera byggð á *föstum* og óbifanlegum grundvelli; en þessi grundvöllur er, því miður ekki svona fastur, og það væri vel, ef hèr ætti ekki miklu fremur við, að »þolinmæðin þrautir *líður* allar». Viðvíkjandi einokunarverzluninni skal eg geta þess, að þó það sè alveg rètt og satt, að við mjög svo mikið höfum tapað á henni, þá hafa Danir þó ekki grætt eins mikið, að því skapi, sem við höfum tapað. Viðvíkjandi sölu jarðanna, þá játa eg, að sú skoðun hefir mikið til síns máls, að skoða þær sem óseldar. En eg vil spyrja, hvort betra muni vera fyrir landið, að flestar fasteignir sèu opinberar, eða einstakra manna eign? Eg held það sè affarabezt fyrir hvert land, að sem fæstar fasteignir í því sèu opinberar eignir. Það er meir en satt, að andvirðið fyrir hinar seldu jarðir hefir runnið inn í sjóð Dana, en jarðirnar eru þó í landinu, og margir eru farnir að blómgast síðan þeir urðu sjálfseignarbændur. Eg tek þetta fram til þess að vekja athygli þingsins á einni af þeim mótbárum, sem gjöra má móti þeim ströngu rèttarkröfum. Það hefir verið sagt, að við gjörðum oss ánægða með of lítil boð frá hendi stjórnarinnar, en eg vil spyrja, hverju töpum við ekki við biðina? Við megum heldur ekki vera of harðir í kröfum okkar, því það gæti orðið málinu til fyrirstöðu; líka verðum við að taka tillit til þess, að ríkissjóðurinn á því óhægra með að greiða okkur fèð, sem blóðugt stríð nýlega hefir geysað í Danmörku. Aðalatriðið er eptir minni skoðun löggjafarvald Dana: Vinnum vèr eða töpum við að láta málið bíða? Eptir stjórnarlögunum íslenzku hefir ríkisdagurinn ekki atkvæðisrètt um skattaálögu hjá oss. Vinnum vèr þá eða töpum við, að bíða með, að því ástandi sè lokið sem nú á sèr stað? Er það ekki varlega gjörandi fyrir þingið að hafna þeim boðum, sem stjórnin sjálf býður í þessa stefnu? Annað atriðið, sem hèr kemur til greina, er frelsið sjálft? Sumir hafa látið í ljósi þá skoðun, að við verðum ekki ríkari, þó vèr verðum frjálsari; það væri auma frelsið; það er þó undarlegt að gjöra skuldakröfu til Dana fyrir það, að þeir hafi stjórnað oss illa og oss til skaða, en álíta þó að vèr sèum ekkert betur farnir þó vèr

megum stjórna oss sjálfir. Það felst sannarlega í kröfunum sjálfum, að vèr gjörum oss von um að vera betur farnir, þegar orsök skaðans, stjórn Dana er bætt. Þetta vona eg að þingið sjái. Eg gæti nefnt mörg mál, ef eg vildi, sem sýna það, að það er ekki ætíð, að fjártillag kemur að notum. Þriðja atriðið er: Töpum vèr kröfum vorum, þó vèr segjum álit vort um þetta mál, og höfnum eigi boðum stjórnarinnar? Eg segi nei! Stjórnin sjálf hefir með berum orðum sýnt, að hún ekki ætlist til, að fjárhagurinn verði alveg útkljáður, og eg tek það fram, að af því, að stjórnin hefir sýnt sjálf, að þessi aðskilnaður er ekki sá, sem koma skal, þá er óafgjört hið verulega atriðið í stjórnarbótinni sjálfri; það er óafgjört segi eg hið verulega atriðið í stjórnarbótinni og fjárhagsmálinu; það er því bæði í fjárlegu og stjórnlegu tilliti óafgjört sambandið milli Íslands og Danmerkur, þrátt fyrir þetta frumvarp eða réttara einmitt eptir þessu frumvarpi. Mèr er nú spurn: Vill þingið ráða til, að hèr byrji innanlandsstjórn með 42,000 rd. tillagi frá Danmörku, fyrst um sinn í 12 ár. Í þessu liggur, að frumvarpið leggur ekki endilegt atkvæði á málið, heldur tiltekur vissan tíma, og alþingi getur það þá ekki heldur, því síður sem framsögumaður hefir sagt, að einungis væri leitað álits þingsins, en það getur aldrei með áliti einu öðlazt eða misst fè, þess vegna segi eg, að það er ekkert vandamál fyrir þingið að segja þetta álit sitt, það er bein skylda þess, og það væri æskilegt, að það tæki boðum stjórnarinnar. Viðvíkjandi því sem sagt hefir verið um þjóðfund, þá er merkilegt, að menn skuli segja það sè sama: alþingi og þjóðfundur. Aðalmismunurinn er, að það er leitað álita þingsins, en það sem þjóðfundurinn gjörir, er bindandi samþykktaratkvæði. Eg verð því að lýsa því yfir, að það væri hættulegt fyrir þingið að hafna þessu máli, og vona eg það hugsi sig vel um, áður en það gjörir það.

Jón Guðmundsson: Eg ætla fyrst að beina ræðu minni að því atriði, sem næst liggur fyrir, hvort þingið eigi að ráða frá að fást við frumvarpið, eður að hve miklu leyti sè tiltækilegt að gjöra það að lögum. Mèr hefir heyrzt, að nokkrir vilji vísa málinu til þjóðfundar, aðrir hafa viljað ákvarða nákvæmar tölurnar í 7.gr. og vísa málinu síðan til þjóðfundar. Þessa 3 vegi ætti menn nú að gjöra sèr fullljósa og hinn verulega mismun þeirra áður en farið er að tala um hinar eiginlegu kröfur. Ræða hins háttvirta forseta var nú bæði um þetta atriði og önnur uppbyggileg og ágæt, eins og

við var að búast af honum. Þó skildi eg ekki, eða mèr varð ekki fullljóst, hver meining hans var um þetta atriði, hvort sú varð niðurstaðan, að þingið ætti að stinga upp á beinum kröfu-upphæðum um 7. gr. og vísa svo málinu til þjóðfundar eður ekki að tiltaka neinar kröfur. Eg tók eptir, að forseti fór því fram og byggði mikið á því, að ríkisdagurinn hefði ekki skattvaldsatkvæði í íslenzkum málum, heldur hefði stjórnin aldrei átt að fara fram á eða leita annars við ríkisdaginn í þeim efnum heldur en að tiltaka árlega hve mikið þyrfti til Íslands þarfa. Þetta er að nokkru leyti en ekki að öllu rètt. Ríkisdagurinn hefir aldrei haft skattavald yfir Íslandi. En af því að sambandið milli Íslands og Danmerkur er svo, að ríkisdagurinn hefir þurft að votera um árlegt tillag úr ríkissjóði, þá hefir hlutaðeigandi ráðherra orðið að koma með *ástæður* fyrir því fram fyrir ríkisþingið, hvers vegna þessi tillagsupphæð væri svo eður svo há; en fyrir það, að lögstjórnin, sem hefir á hendi fjármál Íslands, hefir orðið að gefa ríkisdeginum ástæður, þá hefir ríkisdagurinn de facto orðið að tala um og meta ástæðurnar, jafnframt og hann veitti upphæðina. Ríkisdagurinn hefir þannig de jure eða með lagarètti atkvæði um hið árlega tillag til Íslands úr ríkissjóði; en eptir því fyrirkomulagi sem nú er á fjárhagsafskiptum ríkisdagsins og því formi, sem gildir þar um allar hinar einstöku greinir fjárlaganna og upphæðir, er liggja undir veitingu og samþykki ríkisþingsins, þá hefir það einnig de facto og verður að hafa fyrir sèr ástæðurnar, sem sú eður sú fjárbónin er byggð á; þessu getum vèr ekki breytt. Eg sè ekki betur en að sama yrði að vera upp á, eins og eg tók fram í gær, ef fjárhagsmálið og stjórnarbótarmálið væri lagt sameiginlega og í heild sinni fyrir þjóðfund, og þjóðfundurinn byggði svo upphæð árgjaldsins frá Danmörku á því, hvernig stjórnarbótin væri löguð, annaðhvort eptir því sem stjórnin ákvæði hana í frumvarpinu, eða þjóðfundurinn vildi laga hana í hendi sèr, þá yrði að leggja allt atkvæði þjóðfundarins fyrir ríkisdaginn eigi að eins um fjártillagið sjálft, heldur einnig ástæður fundarins fyrir því, þ. e. alla stjórnarbótina sjálfa. Eg vil þá spyrja: Mundi þá ekki að miklu leyti hverfa gagn það og þýðing, er þjóðfundur hefði og ætti að hafa, þegar allt málið yrði lagt svona undir atkvæði ríkisdagsins? Hinn háttvirti forseti vildi ekki fallast á þá skoðun hins hæstvirta konungsfulltrúa og mína, að ef frumvarpi þessu yrði nú hafnað hèr á þingi, og þó að það fengist fram, að fjárhags- og stjórnarbótar-

málið yrði lagt fyrir þjóðfund sameiginlega og í heild sinni, þá mundi stjórnin samt sem áður leggja hvorutveggju málin sameiginlega og í heild sinni fyrir ríkisdaginn á eptir til síðustu úrslita; hinn háttvirti forseti sagði á þá leið, að það væri ekkert tilefni til, að þess konar aðferð yrði við höfð. Eg get ómögulega séð annað, en að það hlyti að reka einmitt að þessari aðferð og þessari niðurstöðu, ef þessu fjárhagsfrumvarpi væri nú kastað hèr og hitt fengist svo á eptir, að hæði málin yrði lögð fyrir þjóðfund í sameiningu. Æfinlega yrði þó ríkisdagurinn að samþykkja og veita reikningshalla tillagið til Íslands frá Danmörku, hvort heldur það yrði fast tillag eður um ákveðið árabil, og hvort það yrði heldur meira eða minna. Nú er auðvitað, að fyrirkomulag stjórnarskipunarinnar verður að meira eða minna leyti ástæða þjóðfundarins fyrir þeirri upphæð árgjaldsins frá Danmörku, er fundurinn krefst jafnframt, og þá sè eg ekki, eptir því fyrirkomulagi og þeirri venju sem nú er, hvernig verði undan því komizt, að þessar ástæður fyrir tillaginu, þ. e. sjálfa stjórnarskipunina, verði svo einnig að leggja undir atkvæði og úrslit ríkisþingsins. Nú vil eg einnig fara nokkrum orðum um hitt, sem hèr er gjört að öðru aðalumtalsefninu, en það er hið árlega tillag eður árgjald til vor frá Dönum; eg sleppi því fyrst um sinn, hver upphæðin, hvort heldur meiri eða minni hlutans, sè rèttari eður hæfilegri, eður á hverjum rökum sú upphæð hver fyrir sig er byggð. Nokkrir þingmenn leggja það nú til, að mèr heyrist, og vilja stinga upp á, að tillagið sè svo og svo hátt, en taka svo hinar hærri og lægri tillögur inn í álitsskjalið, er þingið ritar nú konungi, en hafna frumvarpinu eður kasta því; þá kemur málið ekki framar fyrir ríkisdaginn segja menn, og úr því verður fjárhagsmálið eins og stjórnarskipunarmálið, komið undir samkomulagi milli konungsins og Íslendinga. En eg get ekki gjórt ráð fyrir öðru, en að þar sem um árgjald er að ræða frá Danmörku til Íslands, þá hljóti það æfinlega að koma fyrir ríkisdaginn, og vera undir hans atkvæði komið, hvort sem það er meira eður minna. Þetta virðist mèr að þingmenn gjöri sèr eigi fullljóst, er hefir þó í sèr fólgið aðalkostinn og verulega nauðsyn fyrir þingið, að hafna ekki frumvarpinu heldur aðhyllast það, að undirstöðunni til, svo að það geti orðið að lögum, með því að sá hluti þess, sem er hreint og beint og óumflýjanlegt ríkisdagsmál, þar sem er einkum að ræða um árgjaldið til Íslands og að ríkisdagurinn hætti öllum afskiptum af

fjárforræði Íslands, geti fengið fullnaðarúrslit sín sem fyrst í ríkisdeginum. Með svo felldu og einungis með svo felldu móti er ríkisdagurinn úr sögunni að fullu og öllu, og þá þarf aldrei stjórnarfyrirkomulagið að koma undir ríkisdaginn, heldur verður það grundvallað einungis á samningi og samkomulagi milli Íslendinga og konungs, eins og stjórnin ráðgjörir líka sjálf og telur sjálfsagt í ástæðum frumvarpsins. Með þessu eina móti verður girt fyrir, að ríkisdagurinn blandi sèr í stjórnarfyrirkomulag vort og stjórnarhagi í framtíð, og þar með væri þá líka atkvæði þjóðfundarins borgið að fullu í því máli, í stað þess að það yrði mjög þýðingarlítið, eins í stjórnarhótarmálinu eins og fjárhagsmálinu, ef þau yrði að ganga bæði saman fyrir ríkisdaginn, og liggja undir hans síðustu úrslit. Hið sama yrði að segja um atkvæði alþingis, svo framt það, en ekki þjóðfundur fengi bæði málin til meðferðar, ef þau ætti eptir á að koma undir ríkisdaginn.

Þá hafa nokkrir þingmenn hreift því, hvort gjörandi sè eða hvort þingið hafi rètt til, að ráða frá frumvarpinu að öðru leyti en summunni eða tillagsupphæðinni. En eg vil spyrja: Hvað er annað í frumvarpinu, sem þingið ekki getur gengið að, heldur en einmitt upphæð tillagsins í 7. gr. og það takmarkaða árabil þess? Sumum þykir vafasamt, hvort þingið eptir verkahring þess og umboði hvers einstaks þingmanns frá kjósendum sínum, hafi myndugleika til að ganga að frumvarpinu. En hvað er það þá, sem er boðið í frumvarpinu, — að slepptri 6. gr., sem öll nefndin hefir breytt, — hvað er, segi eg, boðið í frumvarpinu, sem geti verið áhorfsmál fyrir þingið að ganga að? Eg bið þingmenn vandlega að skoða það, hvað það er, sem hèr er boðið, — alþingi er boðið fullt fjárforræði, skattaveitingarvald og lögfullt atkvæði í öllum fjármálum þessa lands; — þetta, sem Íslendingar og þingið hafa verið að biðja um og sækjast eptir um næstliðin 20 ár, álíta menn nú vettugisvert og slá hendinni í móti, þegar það stendur opið fyrir. Og hver býður oss þessi boð? Hver annar en konungurinn sjálfur, sem einn hefir það fjárveitingar- og skatta-álaga-atkvæði, sem alþing ekki hefir og sem því er nú fram boðið? Hvað mundi þá geta verið ísjárvert í því, að þiggja þenna mikilvægasta rètt, sem nokkur þjóð og nokkurt þing getur átt kost á, þegar konungurinn sjálfur býður hann fram og vill afsala sèr í hendur þinginu. Eg get sem sagt ekki sèð neina agnúa á frumvarpinu, nema 6. gr. eins og hún var óbreytt. Og ef menn eru ásáttir um það,

sem eg ímynda mèr allir hljóti að vera, að menn megi til að sjá atkvæði þjóðfundar að fullu borgið í stjórnarskipunarmálinu, þá er að ganga að frumvarpinu hiklaust eins og það er, að 6. gr. undanskildri.

Að svo mæltu verð eg samt enn að reyna á þolinmæði þingsins, með því að gefa mig við kröfunum og undirstöðum þeirra; og lýsi eg gleði minni yfir því, að hinn háttvirti forseti hefir greitt fyrir málinu, eður beint því í rèttari stefnu, að því leyti sem hann tók fram þær undirstöður fyrir kröfunum, er fjárhagsnefndina 1861 einkanlega ágreindi um, svo að einn hluti hennar byggði á þessari undirstöðunni, og annar á hinni. Eg játa, að nefndin hefir farið helzt til of lauslega yfir þetta verulega atriði, eða þó heldur leitt það hjá sèr. Það er víst, að kröfurnar verða byggðar annaðhvort á sögulegu rèttarástandi voru, eður á ástandi því sem nú er, eður og á hvorutveggju. Eg verð að játa, að eg er nú einn af þeim, sem halda, að hversu óyggjandi sem hið sögulega rèttarástand vort er, þá sè ekki hægt, að leiða þar út af fastar kröfur með óyggjandi upphæðum. Ekki að eins hinn 3. hluti fjárhagsnefndarinnar (herra Jón Sigurðsson), hefir haldið fram sögulegu rèttarástandi voru, og byggt á því hreinar og beinar rèttarkröfur, sem vèr allir þekkjum, heldur hafa einnig þeir Bjerring og Nutzhorn viðurkennt og haldið fram sèrstaklegu sambandsástandi voru, álitið Ísland sèrstakan part úr alríkinu, og að þaðan hafi sprottið einkennilegt samband Íslands við konungsríkið sjálft; þeir hafa út frá þessu ástandi leitt það, að vèr hefðum sèrstaklegar rèttarkröfur til Danmerkur, og þess vegna töldu þeir það óyggjandi kröfu, er Íslendingar hefði til andvirðis allra þeirra jarða-eigna, sem runnið hefir í ríkissjóðinn, og má um það samanbera fylgiskjal þess hluta fjárhagsnefndarinnar bls. 25. Þessi hluti fjárhagsnefndarinnar skilur því hið upprunalega sambands ástand vort alveg rètt og leggur þar rètta undirstöðu, en yfirgefur hana óskiljanlega og kastar frá sèr, þegar hann fer að ákveða upphæð þeirra krafa, sem Ísland geti gjört og megi gjöra; þá hverfur tèður hluti nefndarinnar alveg frá rèttarundirstöðunni og til undirstöðu þeirrar, sem byggð verður á ástandinu eins og það er nú; bindur sig einstrengingslega við það, er hann segir hafa verið aðalætlunarverk fjárhagsnefndarinnar, að finna það árgjald frá Danmörku er Íslandi geti minnst komizt af með, og þannig kemst þessi hluti nefndarinnar að svo miklu lægri upphæð á árgjaldinu er skuli vera

fast, heldur en hinir tveir flokkarnir í nefndinni. Það er aptur auðsjáanlegt, að þegar gengið er út frá því ástandi sem nú er, má að vísu leiða þar út af vissar tölustærðir, en það á ekki að mèr virðist, einungis að byggja á því ástandi sem nú er, heldur jafnframt á ástandinu sem var, á hinu óyggjanda sögulega rèttar- og sambandsástandi Íslands, eins og það myndaðist í öndverðu, eins og líka þeir 2 flokkarnir (2. og 3. hluti) fjárhagsnefndarinnar byggði á. Ef ástandið sem er, er leitt út af þessu óyggjanda rèttarástandi sem var, þá höfum vèr og höldum vèr hinni einu rèttu undirstöðu til krafanna; það er *rèttarundirstaða* undir ástandinu sem nú er; þá getum við fyrst skilið, hvernig allt stendur milli vor og Dana, og með því eina móti getum vèr eigi að eins miðað röksamlega fastar kröfu-*upphæðir*, heldur rèttar og rèttlátar tegundir þeirra krafa er ver megum gjöra. Bæði þjóð vor og þing hafa almennt æskt og beðið fjárskilnaðarins aptur og aptur; Danir játa sjálfir, að fjárhagsaðskilnaðurinn sè nauðsynlegur, einnig að þeirra leyti, og stjórnin hefir viðurkennt, að, þó að ekki sè nema gengið út frá því ástandi sem nú er, þá eigi Danir að leggja fè til Íslands, og að þeir geti ekki undan því komizt. Nú eru Danir andspænis oss, sem *annar* semjandi parturinn, er játar að vísu hèr fyllilega, að hann eigi skuld að gjalda, og þá er eðlilegt, þar sem þeir verða fyrri til að kveða upp samningsboð sín til lúkningar skuldarinnar, að þeir tiltaki skuldartillagið sem minnst; þetta er boð frá þeirra hálfu, sem vèr þurfum eigi að skoða öðruvísi heldur en sem samnings eða sáttaboð, í því skyni, að vèr göngum annaðhvort að því eða frá, eg stingum upp á öðrum samningskjörum af vorri hendi. Þegar nú Danir ganga út frá ástandinu, sem nú er, og byggja það á engu rèttarástandi, þá getur þeim sýnzt að þetta boð þeirra sè eðlilegt, frá þessu sjónarmiði, af þeirra hálfu, en það er alls ekki aðgengilegt fyrir oss, þegar vèr leiðum ástandið sem nú er, út frá hinni upprunalegu rèttarundirstöðu vorri, og sýnum þar með, að eins og hið nú verandi ástand sanni þörfina og nauðsynina til hærra árgjalds, eins verði og rètturinn til hærra tillags, leiddur vafalaust út frá hinu upprunalega rèttarástandi voru. Eg segi þetta fyrir hönd Íslendinga, en eg legg eigi til, að vèr nú spennum bogann eins hátt, til þess að reyna að fá tillagið hækkað sem mest, eins og stjórnin hefir gjört, fært sig sem mest hún gat niður á við, til þess að bjóða oss tillag sem allra minnst. Vèr viljum sjálfsagt ekki taka,

og getum engan veginn tekið þeim boðum, sem frumvarpið gjörir kost á í 7. gr.; fjárforræðisrètt viljum vèr að sönnu, en vèr viljum ekki kaupa hann við hvað lágu verði og hvað óaðgengilegum og fráleitum kjörum, sem vera skal, heldur viljum vèr því að eins sæta og getum sætt fjárforræðisboðunum, að þau geti verið viðunandi, og að fjárforræðið sjálft geti haft verulegt gagn í för með sèr. Þetta er mín skoðun á málinu. Það leiðir af sjálfu sèr, að vèr ættum að viðurkenna, að eins og vèr höfum sèrstakan rètt, sem sèrstakur partur alríkisins, eins eigum vèr að leggja til alríkisþarfa, en það leiðir beinlínis þar af, að þetta hið upprunalega rèttarástand vort er og hefir verið aflaga borið um margar aldir, með öðrum orðum, það leiðir af ástandinu eins og það er nú orðið, að vèr getum ekkert lagt til alríkisþarfa, þar sem við verðum einmitt að krefjast styrks, til að geta staðizt þarfirnar á landinu sjálfu. Það væri máske lang rèttast í þessu efni, og samkvæmt sjálfu sèr í þessari skoðun, að krefjast þeim mun hærra tillags, fram yfir það sem rèttur og nauðsyn sýnir og sannar, að vèr þurfnm til innanlands þarfanna, sem oss gæti gjörzt að leggja til konungsborðs og alríkisþarfa þar fram yfir; sú hækkun lenti aptur í ríkissjóðnum, eður kæmi honum árlega til góða aptur í raun rèttri. Eins, eða sama verður því líka niðurstaðan nú, er vèr engrar hækkunar krefjum til alríkisþarfanna, og við miðum kröfurnar einungis við innanlands nauðsynjarnar; tillagið til alríkisins, sem oss er ekki fært að láta, eptir ástandinu sem er nú, nema því að eins, að vèr fengjum þeim mun hærra árgjald úr ríkissjóði, tekur þá einmitt ríkissjóðurinn undir sjálfum sèr. Að öðru leyti get eg ekki verið samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga í því, að vèr eigum að taka tillit til hins bága ástands Dana, þess sem nú er, og setja kröfur vorar niður þess vegna. Það sýnist mèr allt of mikil viðkvæmni. Það er engan veginn Íslendingum að kenna, þó að Danir ekki væru búnir að sjá því farborða, áður en hertogadæmin rifu sig undan Danmörku, að t. d. allt andvirði hinna seldu þjóðjarða og stólsjarða á Íslandi, og annað fè hèðan, er allt rann á sínum tíma inn í hinn *sameiginlega* sjóð allra landshluta konungsveldisins, væri talið sem skuld er hvíldi á alríkinu; svo að alríkið allt, eins hertogadæmin eins og aðrir landshlutar þess, en ekki konungsríkið Danmörk eitt saman, hefði mátt bera hvort sinn skerf að rèttri tiltölu, af þeim ríkisskuldum eins og hverjum öðrum.

Forseti: Eg held að sè fullljóst af titli frumvarpsins, þar sem það er kallað frumvarp til laga, að það á að koma fyrir ríkisþingið í Danmörk. Hið sama er að sjá á efni þess og ástæðum. En hvað er það, sem knýr stjórnina til að leggja þetta mál fyrir ríkisþingið? Hvað segir alþingi um það, fyrst það er spurt til ráða? Eg hefi áður getið þess, að það er einungis upphæð þess gjalds, sem ríkissjóðurinn ætti að svara, sem ríkisþingið hefir atkvæði um. Hitt atriðið, hvort alþing fái skattgjafarvald og fjárhagsráð eða ekki, getur ekki að réttu lagi komið undir atkvæði ríkisþingsins, því það hefir ekkert þar yfir að segja; það hefir aldrei að lögum haft skattgjafarvald eða fjárhagsráð yfir Íslandi, og hefir því engan rétt til að afsala sèr það, sem það hefir aldrei átt. Eg er sannfærður um, að hver réttsýnn danskur ríkisþingsmaður muni sanna þetta, ef málið væri undir þá borið. En þegar nú svona stendur á frumvarpinu, þá kemur það til vorra kasta, að sjá og skera úr, hvort greinir frumvarpsins hafi það inni að halda, sem vèr getum unað við. Og þó þær sèu góðar að efninu til, og vèr ekkert höfum móti því, þá er eptir að vita, hvort form frumvarpsins leyfir oss að fallast á það, og úr því gjöri eg mikið; eg segi fyrir mig, að eg gæti ekki gefið atkvæði mitt fyrir frumvarpinu einmitt þess vegna. Það getur verið, að menn segi að á sama standi, hvaðan vèr þiggjum eitthvað gott, en það er þó varúðarvert, hvort það ekki seinna getur valdið óþægilegum eptirköstum, og orðið haft til ástæðu að halla rètti vorum. Þegar stjórnin hefir lagt fjárhagsmál vor fyrir ríkisþingið í Danmörku að oss fornspurðum, og látið það gefa atkvæði og úrskurða bæði um tekjur og útgjöld landsins nú um nokkur ár, þá hefir hún farið lengra, en hún hafði rètt til. En vèr höfum aldrei samþykkt þetta fyrirkomulag; vèr höfum einungis þolað það. Svona fór með verzlunarmálið hèr um árið; það kom fyrst fyrir þjóðfundinn, og var það an lagafrumvarp sent til stjórnarinnar; stjórnin breytti því, og lagði það fyrir ríkisþing; ríkisþingið breytti því líka, og loksins komu þessi lög út 1854, að alþingi fornspurðu; en af því þessi lög voru í mörgum greinum góð, fundum vèr oss í þessari aðferð, en þó vèr gerðum það þá, er ekki allt af ástæða til þess þar fyrir. Og enda þótt vèr gjörðum það enn, þá er munur að þola það sem maður getur ekki af sèr hrundið, eða að gefa sjálfur atkvæði til að halla rètti sínum. Eg er sannfærður um, að svo gæti að borið, að stjórnin seinna notaði sèr það, sem ástæðu móti rètti vorum, ef alþingi nú gæfi

sig sjálft undir atkvæði ríkisþingsins í Danmörku, og viðurkenndi skattavald þess yfir oss, þó aldrei væri nema óbeinlínis. Það er varúðarvert að fylgja stjórninni á þessum vegi, þar sem vèr höfum svo opt reynt, að henni hættir við að vera vilhöll, og þó ekki þeim málsparti, sem á hendur sínar að verja.

Síðan gat forseti þess, að fleiri þingmenn hefðu óskað umræðunum frestað, og ef framsögumaður ekki vill taka til máls, þá mundi hann hætta umræðunum í dag, en setja fund næsta dag kl. 12. Þar eð framsögumaður eigi tók til máls, var

Fundi slitið.

---

36. fundur — 19. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Dalamanna, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Gjörðabók frá síðasta fundi var upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi í dag fengið nefndarálit í málinu viðvíkjandi jafnaðarsjóðsgjaldinu, og mun afskript af því verða send hinum háttvirta konungsfulltrúa, og málið síðan á sínum tíma sett á dagskrá til umræðu.

Nú liggur þá fyrir í dag framhald af *undirbúningsumræðu* í *fjárhagsmálinu*, og ef hinum háttvirta framsögumanni þóknast að taka til máls, er honum það heimilt.

Konungsfulltrúi: Það kemur öllum saman um það, að reikningar milli Íslands og Danmerkur verði með engu móti gjörðir upp fyrir allan þann tíma, sem fjárhagur Íslands hefir verið sameinaður Danmerkur, og þessu hefir stjórnin einnig lýst yfir í ástæðunum fyrir frumvarpinu, sem hèr liggur fyrir. Það virðist því ekki geta átt við, að rifja þessi fjárhagsviðskipti upp svo öldum skipti, eins og hinn háttvirti forseti gjörði í ræðu sinni, því þó menn geti bent á ýms atriði í þessum viðskiptum og meðferð á fjármálum Íslands, getur þetta þó ekki haft neina praktiska þýðingu, eða greitt fyrir úrslitum málsins í heild sinni; það elur miklu fremur á þeirri hugsun, sem virðist að ríkja hjá almenningi, að Ísland eigi heimtu á afarmiklu fè frá Danmörku, en sem það þó,

þegar að fram kemur, ekki getur sannað hvað sè mikið að upphæðinni til, en meðan slík skoðun ríkir, þá er það öllu samkomulagi um málið til fyrirstöðu, því menn eru hræddir um að bera minna frá borði en menn eigi heimtu á. Það kann vel að vera, og eg vil ekki bera á móti því, að ýmsar ráðstafanir hafi á fyrri tímum verið gjörðar, hvað Ísland snertir, sem hafi verið miður hagfelldar og enda beinlínis í þess óhag, eptir því sem seinna er framkomið, en allar stjórnarráðstafanir yfir höfuð hljóta að skoðast í sambandi við þann tíma, sem þær urðu til á, en það sem á einni tíð var álitið hagfellt, getur orðið óhagfellt á annari, undir breyttum kringumstæðum, en þó dettur engum í hug, að byggja á því rèttarkröfur. Margt af því, sem á eldri og seinni tímum hefir verið ráðið viðvíkjandi Íslandi, hefir, og það bið eg athugað, verið gjört og ráðið eptir tillögum landsmanna sjálfra. En hvað sem þessu líður er það óyggjandi, að þessar ráðstafanir hafa verið gjörðar af stjórninni í góðum tilgangi, og að það hefir verið fjærri vilja stjórnarinnar að halla rètti Íslendinga, eða að ganga þeim of nærri. Sumar þær ráðstafanir, sem orðið hafa fyrir ámæli, t. a. m. sala stólsgózanna, hafa og haft sinar góðu afleiðingar. Það hafa með þessu móti komizt upp sjálfseignarbændur í landinu, og velmegun landsins aukizt við það, eins og framsögumaður tók skýrt fram. Að almenningur hèr í landi hafi haft óbifur á sölu opinberra fasteigna, eins og þingsins heiðraði forseti sagði í ræðu sinni í gær, get eg ekki ætlað sè á rökum byggt; það væri þá ekki allt af verið að biðja um að fá þær til kaups; eins og það er of mælt, að með Ísland hafi opt verið farið, sem með rèttlaust land. Yfir höfuð eiga þessar kvartanir yfir umliðna tímanum ekki hèr heima, að minnsta kosti gjöra þær ekkert verulegt til úrslita, en tálma þeim miklu fremur. Menn verða að taka, og þar um kemur öllum saman, ástandið, eins og það nú er, þegar það á hinn bóginn er orðið ómögulegt að gjöra upp hreina reikninga, og með þessu eina móti er mögulegt, að ráða málinu til lykta. Þenna veg hefir stjórnin og nefndin líka farið, og þingið verður, ef það á annað borð vill hafa fjárhagsaðskilnaðinum framgengt, að fara sama veg. Það liggur fyrir þinginu skýrsla um það, hvað mikið fè landið geti átt von á að fá úr ríkissjóðnum; um upphæð þessarar fjárframlögu á þingið að segja álit sitt, og það er á þess valdi að segja, hvort þetta fè sè nægilegt til þess að setja bú með, eða eins og hinn heiðraði forseti þingsins orðaði það, hvort það

nægi til þess að setja oss í veg, svo vèr getum staðið straum af sjálfum oss með því fè, sem vèr getum sjálfir lagt til. Vèr getnm fyllilega borið það traust til stjórnarinnar, og því á þingið að lýsa yfir í álitsskjali sínu, að ef þingið ekki skyldi geta fallizt á upphæð tillagsins úr ríkissjóðnum, muni hún (stjórnin) með fullri hliðsjón af öllu því undangengna, taka sanngjarnar og á rökum byggðar þarfir og óskir vorar til greiną; en þingið verður líka að forðast, að spenna bogann of hátt, en leitast við að þræða rèttan meðalveg, og þó meðalhófið sè vandratað, treysti eg þó þinginu til að finna hann í þessu máli. Þessi skoðun á málinu verð eg að ætla, að sè sú eina praktiska, og sá eini vegur til þess, að geta ráðið fjárhagsmálinu til lykta.

Það hefir verið sagt og talið sem hræðslugæði, að þingið, með því að taka málið til meðferðar, og segja nú þegar um það álit sitt, bindi sig gagnvart stjórninni; en er það þá ekki nauðsynlegt, til þess að málið geti leiðzt til lykta, að þingið komist til fastrar niðurstöðu í málinu gagnvart stjórninni? Hafi þingið komizt að góðri niðurstöðu, þá getur ekki verið neitt að hræðast, þó þessi niðurstaða verði bindandi, en hafi miður tekizt til en skyldi, er þinginu sjálfu um það að kenna, og þá hefði þingið, og einungis í þessu tilfelli ef stjórnin aðhylltist álit þingsins, ástæðu til að óska, að það mætti taka allt aptur; en fallist stjórnin ekki á álit þingsins, þá stendur við svo búið. Að skjóta fjárhagsmálinu frá sèr undir þjóðfund, get eg með engu móti aðhyllzt, og hefi eg áður leitt rök að þeirri skoðun minni. Eg hefi þar að auki, þrátt fyrir ástæður þær, sem hinn háttvirti forseti tók fram ekki meira traust á því, að þjóðfundur þó hann yrði fjölskipaðri en þingið, hefði meiri Intelligents eða hyggindi. Slíkt er ekki komið undir höfðatölunni.

Framsögumaður: *(Bergur Thorberg)*: Það var í gær svarað ýmsu af því, er hinn háttvirti forseti hafði tekið fram, bæði af mèr, og hinum háttvirta þingmanni Árnesinga, og í dag hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi tekið ýmislegt fram þar að lútandi. Eg þarf því ekki að vera langorðnr í dag; en af því hið heiðraða þing tekur, eins og skylt er, svo mikið tillit til þess, hvað hinn háttvirti forseti þess leggur til um þetta mál, og af því eg er viss um, að orð hans standa svo skýrt fyrir þingmönnum, og á hinn bóginn get ekki búizt við, að menn hafi sèr eins hugföst orð mín og annara þeirra er í móti mæltu, þá skal eg enn

fara nokkrum orðum um málið, eins og hann hugsar sèr það. Hinn háttvirti forseti álítur, að byggja megi kröfurnar á fleirum en einum grundvelli, nefnilega hvort sem menn vilja á ástandi eður reikningum; en hinn háttvirti forseti heldur því þó mest fram að byggja á reikningum, en álítur það nokkurs konar neyðarúrræði að byggja á ástandinu. Það er nú engan veginn tilgangur minn að rýra þýðingu þeirra atriða, sem hinn háttvirti forseti tekur fram sinni skoðun til styrkingar, og byggir hana á, en um leið og eg lýsi þessu yfir, verð eg að taka það fastlega fram, að menn geta eigi leitt út af þeim það sem hinn háttvirti forseti gjörir, menn geta eigi byggt á þeim þær kröfur, sem hann heldur fram. Þessi atriði upplýsa ýmislegt um fjárhagsviðskipti Danmerkur og Íslands að fornu og nýju. En þessar tölur, sem hann byggir á, eru samt sem áður að eins einstök atriði, og ekkert meira úr þeim reikningi, sem menn hugsa sèr gjörðan um fjárhagsviðskiptin milli Danmerkur og Íslands, ef menn gæti álitið í fyrsta lagi, að byggja ætti úrslit fjáhagsmálsins á slíkum reikningi, og í öðru lagi, að slíkur reikningur væri mögulegur. Eg held nú að vísu, að margir sèu á þeirri skoðun, að rètt sè að byggja úrslit á reikningi millum Dana og Íslendinga, en þetta er þó ekki eins vafalaust eins og menn halda; þegar menn eður mannfèlög, sem hafa lifað í fèlagsskap um fè sitt, ætla sèr að slíta þessum fèlagsskap, eru menn ekki vanir að fara að gjöra millumreikninga milli þeirra eins og hverra annara, er hefðu átt viðskipti saman; menn eru ekki að reyna til að sjá, það sem einnig er ómögulegt að sjá, hvernig fjárhagur hvers þeirra hefði verið, ef þessi fèlagsskapur aldrei hefði átt sèr stað; menn eru miklu fremur vanir í slíkum tilfellum að byggja á því ástandi sem er, þegar fèlagsskapnum er slitið, en ekki vanir að byrja frá upptökum, og gjöra upp reikningana eins og menn aldrei hafi verið í fèlagsskap. En það skiptir litlu, að hverri niðurstöðu menn komast um það, hvað rètt sè í þessu; því hinni annari spurningunni, hvort reikningarnir sèu mögulegir eða ekki, við henni verða menn eflaust að kveða nei, og henni verður eigi öðruvísi svarað, enda eru allir, sem við málið hafa fengizt, á þeirri skoðun, því þeir reikningar, sem hinn háttvirti forseti talaði um, eru eins og hann færði rök fyrir í ræðu sinni, ekki viðskiptareikningar milli Íslands og Danmerkur, heldur milli ríkissjóðsins og jarðabókarsjóðsins. Þegar menn játa, að reikningurinn sè ómögulegur, þá er auðvitað, að

það kemur að litlu haldi til að ná augnamiðinu, þó þeir þekki einstök atriði í reikningnum, því það verður ekki komizt að neinnri vissri niðurstöðu um það, hvor eigi hjá öðrum. Þó menn fyndu í tekjudálkinum hjá öðrum 3 millíónir, er ekki sagt, að hinn eigi það hjá þeim sem reiknazt er á við, þegar menn þekkja ekki allan reikninginn. Á því einstaka atriði verður ekkert byggt. Það getur verið, að sá sem hefir lagt inn 3 millíónir eigi ekkert hjá hinum, það getur jafnvel verið, að hann sè í stórskuldum. En þó eru þessi atriði merkileg að því leyti, að þau sýna, að landið hefir átt tekjustofna, sem seldir hafa verið, og andvirði þeirra runnið inn í ríkissjóðinn. En á þessu verða engar kröfur byggðar, eins og nefndin heldur ekki hefir gjört, heldur verður þetta atriði notað til að sýna, að eðlilegt sè, að reikningshalli sá, sem fram er kominn við það, að tekjustofnar þessir hafa horfið, sè jafnaður með föstu tillagi. Hinn grundvöllurinn er ástandið, sem er, og það er sá grundvöllur, sem bæði nefndin hèr, stjórnin og 2 deildir fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn hafa byggt á. Ef ástandið á að takast til greina, þá verður það að vera fjárhagsástandið, því það er ómögulegt að ætla sèr að fara að meta allar þarfir vorar komnar og ókomnar; það verður að halda fast við ástandið í þeim skilningi, að það sè fjárhagsástandið; það verður að líta á tekjur og gjöld, eins og þau nú eru, en ekki eins og þau kunna síðar meir að verða Í þessa stefnu hefir nefndin gengið, einkum minni hlutinn, en meiri hlutinn hefir stigið feti lengra; því hann hefir stungið upp á tilllagi til ýmsra þarfa seinna til kostnaðar við ráðstafanir, sem enn er eigi búið að gjöra. Öll nefndin hefir að sönnu byggt á því ástandi, sem er, en minni hlutinn hefir gjört það í þrengri þýðingu, og eins og eg hefi hingað til mælt með minni hlutanum, eins verð eg að gjöra það enn, því eg verð að álíta hans uppástungu sanngjarnasta og líklegasta til að fást. Ef menn vilja fara lengra en minni hlutinn hefir gjört, þá verða takmörkin vandfundin, hversu langt maður eigi að fara, því allt af má finna nýjar og nýjar nauðsynjar. Það verður ekki annað sagt en að uppástunga minni hlutans hafi talsvert við að styðjast. Hún hefir fyrst þann kost, að ef henni yrði framgengt, þá gæti Ísland komizt af með það, sem hún fer fram á; hún hefir stað sinn í þeirri deild Kaupmannahafnar nefndarinnar, sem sá maður var í, er kvaddur var í nefndina úr fólksþingi Dana, sem mest atkvæði fær um þetta mál, þegar það kemur

fyrir ríkisþingið þar næst hefir hún stoð í stjórninni; því af ástæðum frumvarpsins sèst, að dömsmálastjórnin fer í líka átt, og sá munur, sem er á uppástungu minni hlutans og skoðun dómsmálastjórnarinnar, er ekki verulegur. Það er einungis dálítill munur á upphæðinni, en sömu stefnu er að öðru leyti haldið fram, þar eru engin önnur gjöld tekin til greina en þau, sem áfallin eru, og ekki gjört ráð fyrir fè til neinna ráðstaðfana nema þeirra sem búið er að gjöra. Þetta er það atriði, sem meiri og minni hluta nefndarinnar greinir á um, því minni hlutinn vill ekki stinga upp á tillagi til annara ráðstafana en þeirra, sem stjórnin hefir þegar gjört, af þeirri ástæðu, að landið sjálft, þegar nýtt stjórnarfyrirkomulag er á komið, bæði geti staðizt og sjálfsagt eigi að standast kostnaðinn af því, og líka af endurbótum þeim, sem gjöra þyrfti. Eg skal um leið taka það fram, að það er ekki rètt, sem hinn heiðraði 6. konungkjörni þingmaður sagði, að ekki hefði verið ætlað fè til póstgangnanna; því í áætlun þeirri, sem frumvarpið er byggt á, er ætlað til þeirra alls 36000 rd., það er 3000 rd. í 12 ár. Eg bið nú þingið vel að athuga, við hvað uppástungur minni hlutans styðjast; þeir sem vilja málinu vel, hljóta að sjá því mesta stoð í því, og eg tek það fram, að þó þessar uppástungur fari nokkuð nálægt frumvarpinu, þá mismuna þær þó verulega frá því, og ef lengra væri farið frá frumvarpinu, þá væri að mínu áliti lítil von um, að málið fengi framgang eða kæmist bráðlega í kring. Þingið verður vel að gæta að því, að uppástunga stjórnarinnar eða frumvarpið er ekki frá málsparti komið, heldur frá stjórn beggja málsparta, sem verður að álítast óhlutdræg í málinu. Að því leyti sem nefndin víkur frá stjórnarfrumvarpinu, vill hún fá tryggingu fyrir, að landið ekki missi það fè, sem það ekki getur án verið. Nefndin var öll á því, að ákvörðunin í 7. gr., ef menn hèldu henni óbreyttri, leiddi til óvissu, ekki af því, að nefndin ekki hefði beztu von um, að seinna mundi einnig fást fè, heldur af hinu, að henni þótti þetta samt sem áður vera of laus grundvöllur til að byggja á honum fast fyrirkomulag. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa viðvíkjandi því, hve ónauðsynlegt væri að vísa þessu máli til þjóðfundar, auk þess sem mèr virðist bein skylda fyrir þingið að segja álit sitt um frumvarpið í rèttu formi, það er, bæði í ástæðum og niðurlagsatriðum. Það er og að mèr virðist auðsætt, að stjórnin getur ekki lagt frumvarp þetta fyrir annað þing,

nema hún fái vissu um tillagið í 7. gr. Hún hlýtur að vera búin að fá atkvæði ríkisdagsins um það, áður en hún leggi málið fyrir annað þing hèr á landi, en atkvæði ríkisdagsins getur hún ekki fengið, nema hún viti hve mikið á að biðja ríkisdaginn um; en til þess að fá þetta að vita, og til þess að hafa álit frá fulltrúum Íslendinga á að byggja í því efni, hefir nú stjórnin lagt málið fyrir alþingi til álita, og þetta álit ber þinginu að gefa. Það gæti dregið málið, og hlyti að draga það, ef stjórnin ekki gæti fengið neitt ákveðið álit frá þessu þingi, og yrði þess þá ef til vill langt að bíða, að það yrði útkljáð. Eg vona, að hið heiðraða þing líti vel á þetta, og gæti að því, að með því að skjóta málinu frá, eða heimta að það biði eptir stjórnarbótarmálinu, sem ekki getur komið fyrri en fjárhagsmálið er útkljáð, þá er ekki sèð fyrir endann á því, hvað slíkt getur tafið fyrir málinu.

Forseti: Að því leyti sem hinn háttvirti framsögumaður beindi að mèr, að reikningar mínir væri ekki svo nákvæmir, að af þeim yrði sèð hvort vèr hefðum að rèttu lagi nokkrar krófur til Danmerkur eða ekki, þá segi eg nú reyndar sama um það og í gær, að eg ætla ekki að fara langt út í að forsvara þessa reikninga nú, því síður sem nefndin hefir fremur hallazt að ástandskröfunni, en þó vil eg svara framsögumanni því, að það er öldungis ekki ómögulegt að fá ljósa hugmynd um reikningsviðskipti Danmerkur og Íslands, ef menn vilja kappkosta það. Eg játa það, að það er ómögulegt, eða lítt mögulegt að semja svo reikning ár fyrir ár upp í ríkisdali og skildinga að ekki beri á milli eða geti skeikað um nokkurn skilding. En það er mikill munur, hvort vèr getum samið slíkan óyggjandi reikning, sem með ljósum rökum sýni viðskiptin út í yztu æsar eða vèr getum fengið ljóst reikningslegt yfirlit yfir, hversu þessi viðskipti hafa verið. Það er einmitt atriðið, að fá megi ljósa hugmynd á rökum byggða um fjárviðskiptin á hverri tíð. Þetta hefi eg sýnt í álitsskjali mínu, og gengið út frá þeim reikningsmáta, sem nú er hafður af stjórninni árlega árs; það er fullkomlega ljós máti, þegar eg byggi á þessu, og tek þessi atriði til reiknings, og sýni á vissum einkennilegum tímamótum, hvernig fjárviðskiptin taka sig út; þó bið eg að mèr sè sýnt, hvar reikningnum verður raskað, ef menn tortryggja hann. Eg hefi sýnt viðskiptin, eins og þingmenn geta sèð af álitsskjalinu, hvernig þau hafa fram farið, fyrst eptir siðabótina, þar næst um miðja 17 öld og í lok 17 aldar, og yfirhöfuð

hef eg tekið fram helztu tímamótin. Þegar þetta er nú sýnt, þá er gjört ljóst, hvernig reikningnum er hagað, svo að vel mætti takast að búa til reikninga fyrir hvert ár, ef menn vildu, eða þætti þörf á, og þá yrðu málalokin þau, að Íslendingum hefir verið stórlega íþyngt í fjárhagsviðskiptum, einkanlega fram að árinu 1787, þegar verzlunin var gefin laus að nokkru leyti. Meðan stólsgózin voru óseld, hafði landið miklar tekjur og þá líka af verzluninni, en þegar búið var að selja gózin, og sóa þeim öllum í ríkissjóð, þá kom stórt skarð í tekjugreinir landsins; eins og von var. Þegar einn maður tekur við fjárhaldi annars, og selur síðan allar eigur hans, en vill síðan skilja sig við hann og láta hann sleppa öllum kröfum, þá munu flestir finna það sanngjarnt, að hinn segi: »Ef þú ætlar að skilja við mig, þá fáðu mèr andvirði eigna minna, sem þú hefir selt og dregið þèr í plóg eða sóað«. Gjöri fjárhaldsmaðurinn það ekki, þá ferst honum að minnsta kosti ódrengilega, að sóa öllum eignum hins, og láta hann engar skaðabætur fá, og er þá betri enginn fjárhaldsmaður. En ef þetta á sèr stað í viðskiptum einstakra manna, þá mætti hin siðferðislega skylda vera engu minni þegar um viðskipti Danmerkur og Íslands er að ræða, þar sem Ísland hefir verið svipt öllu atkvæði um sín efni.

Ágeir Einarsson: Eg hefi hingað til ekki staðið upp í þessu máli hvorki sem nefndarmaður eður þingmaður, og gjöri eg ráð fyrir, að nefndin hafi aldrei búizt við miklum talsmanni, þar sem eg er. Eg ætla fyrst að virða fyrir mèr stefnu málsins, eins og hún er nú komin, og ætlunarverk nefndarinnar, og þá í fyrsta lagi minnast á eitt atriði, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður — eg skoða hann fremur sem talsmann stjórnarinnar í þessu máli, en sem framsögumann nefndarinnar — lagði áherzlu á, þegar hann sagði, að þetta væri «álitsmál», lagt af konungi fyrir alþingi. Eg verð að segja fyrir mig, að eg veit ekki á hverju hann byggir það; þetta er, eins og allir hljóta að kannast við, frumvarp til laga og það er víst hinum 4. konungkjörna þingmanni kunnugt, að ef þetta frumvarp væri lagt fyrir þingið til álita, þá væri það ekki kallað frumvarp til laga. Það sýnir sig að nefndin hefir gengið þenna skoðunarveg, því frumvarpið á að verða að lögum og nefndin gjörði þá uppástungu, að lög þessi kæmu í gildi þegar stjórnarbót á Íslandi væri staðfest. Eg gjöri nú ekki svo mikið úr þessu, en það sýnir einungis það, þegar menn vilja verja eitthvað, til hverrar verju og vopna þá er gripið; það er miðað til

að draga skýla fyrir augu þingsins, svo það ekki gjöri strangar kröfur, og þinginu er sýnt, að það megi hættulaust hafa kröfurnar lágar til Danmerkur, því bæði geti ríkisþingið hækkað þær, og sumir halda, að þjóðfundur geti krafizt og fengið viðbót síðar, þó vèr drepum ekkert á það, hvers vèr getum rèttilega krafizt. Þessa skoðun skil eg nú ekki, en eg veit það, að þjóðin, sem hefir kosið oss til þessa þings, hún álítur allt annað. Það getur verið, að hinn 4. konungkjörni ekki þykist þurfa að binda sig við það, en það hljóta hinir þjóðkjörnu að gjöra. Nefndin áleit reyndar, að ástands-vegurinn væri sá vissasti vegur í þessu máli eptir frumvarpinu, og þess vegna gekk hún rakleiðis eptir því til að fylgja sem bezt stefnu stjórnarinnar, í þeirri von, að málið gæti sem skjótast fengið framgang. Þetta getur hafa verið mikið athugamál. Eg get ekki sagt neitt víst um það, hve mikið til eigi að vinna að fá málið fram, því þjóðin vissi ekki, að þetta mál átti að koma fyrir alþingi í ár, enda var það ekki af stjórninni auglýst fyrir fram, heldur en önnur frumvörp stjórnarinnar. (*Sveinn Skúlason*: jú, í Þjóðólfi í vor). Hann kom ekki með frumvarpið, eins og það er lagað. Nefndin hefir farið eptir ástandskröfunni til þess að sýna stjórninni fram á, að þó allt stæði við sama, gæti stjórnin ekki komizt hjá að láta það tillag sem upp á er stungið, og því meira er lengra líður. Eg vil nú ekki fara mörgum orðum til að forsvara nefndina, hvernig henni hefir tekizt, en það sè eg, að bæði meiri og minni hlutinn hefir ætlað að gjalda varhuga við, að stjórnin gæti borið oss á brýn heimtufrekju í kröfum vorum. Báðir hlutarnir hafa farið í sömu stefnu, nema hvað minni hlutinn skoðar það sem þýðingarlítið, að frumvarp til laga er lagt fyrir þingið, og álítur það sem álitsmál, er ekki sè bindandi fyrir stjórnina nè aðra, hvernig sem minni hlutinn lagar tölur sínar við 7. grein. Eg vík nú máli mínu að skoðun sumra manna í Danmörku á þessu máli, og byrja eg á skoðun eins hlutans í fjárhagsnefndinni, þeirra Bjerrings og Nutzhorns, sem kemur fram í álitsskjali þeirra bls. 23, nr. 2 b. þar segir svo: «En eins skýlaust og það er, að sá tími liggur fjær en svo, að haft verði tillit til þess við fyrirkomulag þessa málefnis, þá er Ísland getur borið slíka byrði, eins ósanngjarnt væri það og, að sjóður konungsríkisins, *sem aldrei hefir haft annað en kostnað af Íslandi,* skyldi halda áfram að greiða hærra tillag til landsins, til þess að hjálpa því að ná þeirri stöðu í alríkinu, sem hèr er umrætt». Þarna sèst ó-

hlutdrægni stjórnarinnar, sem verið er að forsvara. Því vèr verðum að skoða þá Bjerring og Nutzhorn sem stjórnarinnar menn! Þeir kveða upp með, »að ríkissjóðurinn hafi aldrei haft nema kostnað af Íslandi». Hvernig getur þetta satt verið? Hvernig geta menn sagt þetta, þrátt fyrir allar upplýsingar, og þrátt fyrir vitnisburð sögunnar, að ríkissjóðurinn hafi aldrei haft nema eintóman kostnað af Íslandi? Eg bendi að eins á eitt atriði, sem eru Bjelkes jarðirnar, er minnzt hefir verið á lauslega á þessu þingi, en fjárhagsnefndin tók þær inn í reikninginn með hinu, en tók þær ekki svo, að hún vildi viðurkenna, hvernig á sölu þeirra stæði. Þær voru seldar, þegar Ísland galt 100—150 þúsundir rd. til Danmerkur árlega, svo ekki þurfti að taka þær til að borga með einn skilding fyrir Ísland, og eg sè ekki betur, en að þær verði rèttilega skoðaðar sem ávaxtar geymslufè í Danmörku, sem 1860, þegar fjárhagsnefndin var sett í Kaupmannahöfn, var orðið 21,141,410 spesíur, með rentum og renturentum, eða 42,282,820 ríkisdalir. Nú hefir það vaxið síðan víst upp í nálægt 50,000,000 rd.; leigan af þeim höfuðstól ætti nú að vera nálægt 2,000,000 rd. árlega. Er það nú ekki sanngirniskrafa, að eg ekki segi rèttarkrafa, að menn þó minnist á þetta, og sýni ríkisdeginum fram á það, sem eg efast ekki um, að taki sanngirni, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, og sem þá síður mundi verða knappur í útlátum við oss, ef honum væri ljóslega sýnt, hvers vèr getum krafizt. Það skaðar heldur ekki, þó bændurnir á ríkisdeginum sjái, hvernig bændurnir á alþingi skoða þetta mál, því hinir eru því ef til vill, ekki vel kunnugir. Um þetta hafa menn nú farið mjúkum höndum í þingræðunum, af því menn kannske ímynda sèr, að þessar Bjelkes jarðir, verði æðistór bjálki í augum stjórnarinnar, hvað þá heldur, ef krafa til þessa fjár væri tekin fram. Eg get vel ímyndað mèr, að margur sè sá maður á ríkisþinginu, sem ekki veit af þessu, og því er nauðsynlegt, að taka slíkt skýrt fram, og það sem rèttlætiskröfu. En nú geta menn sagt: Hver krafa verður byggð á þessu á þeim tíma? Var ekki farið svo að hvervetna í heiminum? Voru ekki alstaðar klausturgózin seld á þeim tíma? Hvað viljið þið þá vera að tala um rèttarkröfur? Eg viðurkenni það að sönnu viðvíkjandi gózunum, að þau voru alstaðar seld, en andvirðin voru þó kyrr í löndunum sjálfum, en óvíða hrifin frá einu landi, en látin full borgun þeirra til hinna allra er í sambandi voru. En hvað verzlunina snertir, höfum vèr búið undir sèrstaklegum

kjörum. Danir höfðu hana í hendi sèr, og allur ágóðinn rann inn í Danmörku frá Íslandi. Engin stjórnarráðstöfun spornaði við þeim hnekki sem landið leið af því, og það er þetta fyrirkomulag sem hefir mest drepið bæði andlega og líkamlega krapta landsins. Hvernig getur Danmörk rèttlætt sig eptir slíka meðferð á varnarlausu landi, sem af frjálsum vilja gengur í samband við hana, en ekki sem nýlenda, sem unnin væri með vopnum. Vèr köllum Dani bræður vora, og þá ættum vèr að geta vonazt góðs af þeim. Eg var að tala um áðan, hvernig sumir Danir líta á þetta mál. Mèr hefir nýlega borizt, hvernig tveir menn á ríkisdeginum skoða það. Þegar menn á ríkisdeginum ráku sig á, að skjóta þurfti fè til Íslands úr ríkissjóði, þá lagði sitt til hvor þeirra tveggja, Rimestad og Tscherning, sem var formaður nefndarinnar í fjárskilnaðarmálinu. Rimestad gat þess, «að Íslendingum eirði eigi lengur sem bezt meðferðin á landinu; þar væri komið, að sumir væri farnir að hugsa um, hvort eigi mætti betur vegna, ef við aðra væri að skipta, t. d. Norðmenn eða Frakka, er hvorum tveggja mætti standa það á miklu, að fá ráð landsins. Hann kvað Dönum ráðlegast að skipa svo fljótt sem yrði um hag og stöðu Íslands, og með svo felldu móti, að landsbúar yrði hugum hollir, og mættu sem bezt una sínum kosti». Þessi orð eru nú svo vaxin, að líkara væri að Íslendingur hefði talað, en danskur maður, og má af því ráða, að ef Danir væru kunnugir högum landsins, þá gætum vèr átt von á góðum tillögum margra þeirra. En formaður fjárhagsnefndarinnar tók öðruvísi í strenginn, og það sýnir, að Íslendingar eiga ekki ætíð góða talsmenn, þó sagt sè, að Danir sèu óhlutdrægir. Tscherning tók fram, »að hann væri ekki móti tillaginu, eigi heldur móti fjárskilnaði eða árlegum tillögum 29,000 rd., en það þætti honum allt ölmusulag eður ómagaeyrir, er Danir láta af hendi rakna við Ísland. Hann segir fleira, og þau hans orð sýna, hve virðingar- og vingjarnlega menn tala um Íslendinga á ríkisdeginum (*Pètur Pètursson* og margir fleiri: Það kemur ekki málinu við). (*Forseti:* Það getur orðið of mikil málalenging, að fara lengra út í þetta; slík óvingjarnleg orð geta fallið frá báðum hliðum, og er engin þörf, að hafa þau opt yfir). Eg hlýði forseta, og fer ekki lengra út í það; þingmönnum eru orðin kunn. Eg var að tala um rèttarkröfu vora til Danmerkur. Það hefir ekki verið minnzt á það, hversu silfur hefir verið tekið úr kirkjum vorum, og engin hefir sýnt, með hvaða rètti það hefir gjört verið (*Arnljótur Ólafs-*

son: Jú, svo kvað vera í fèlagsritunum!), það hefir ekki verið nefnt á þingi, og eg vil taka til dæmis, hvernig silfur og dýrgripir voru teknir af Ögmundi biskupi með ofríki og vèlum, auk annars fleira. Þessu næst vil eg minnast á það, sem hefir verið talað um þjóðfund, og sagt að alþingi 1857 hefði beðið um stjórnarbótarmálið lagt fyrir alþing. Þetta er satt, en því samþykkti stjórnin það ekki? Því ekki fældi þjóðfundarnafnið hana þá. Það er nú sjálfsagt, að opt hefir verið barið við kringumstæðum Dana síðan, en eg get ekki betur sèð, en að þjóðfundarnafnið hafi ekki þurft að fæla Dani frá, að gefa Íslandi stjórnarbót síðan 1857. Það hafa sumir reynt að gjöra lítið úr þjóðfundi, að litlu yrði frekar framgengt á honum en á alþingi, og lítil gæði eða árangur sè af honum. Þetta kann nú satt að vera. En það var þó þjóðfundur, sem studdi að því, að Danir gáfu oss verzlunarfrelsi, og ef það þykir mikilsverð gjöf, þá er bágt að segja, að vèr höfum ekkert gagn haft af þjóðfundinum. Það hefir líka verið sagt, að fjöldinn gjöri ekki til; en eg vil minna menn á, að þegar Tómás Sæmundsson ritaði um alþing, þá sagði hann, að mun hægra væri að kjósa 2 en einn í hverju kjördæmi, því þá gæti annar verið bóndi, annar embættismaður. Nú í ár var áhugi manna mikill á kosningum og meiri en áður, og líflegri flokkar víða. Nú skyldi þjóðinni ekki líka við embættismennina, er sitja á þessu þingi, og velja eintóma bændur á þjóðfund; eg játa að það væri ekki heppilegt; en það er bezt að kjósa til þjóðfundar einsamla bændur, en ef kosið er eptir þjóðfundarkosningarlögunum, er síður hætt við þessu, því þá má kjósa tvöfallt fleiri, en eptir kosningarlögum til alþingis. Eg ætla nú að víkja fáeinum orðum, að því sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók fram í byrjun umræðunnar. Hann kom með undarlega setningu, sem eg veit ekki hvort neinum hefir þótt íhugunarverð. Hann sagði að ein ræningjaskúta gæti eyðilagt oss, svo varnarlausir sem vèr erum. Eg held það megi sannast segja, að þar vèr ekki getum varið varphólma fyrir yfirgangi og ránum, og stjórnin þykist ekki geta bætt úr þessu, og af því sèst, að vèr höfum ekki mikla von til stjórnarinnar um, að hún hjálpi oss til að halda því, sem meira er í varið ef á væri leitað, þó í hverju ríki sè vernd auðsýnd þeim þegnum, sem leggja til ríkisþarfa, því skyldur og rèttindi svara hvort til annars og fylgist að. Það sýnist því að skylda vor til að leggja fè til stríðskostnaðar, gæti ekki verið mikil, þegar vèr njótum ekki meiri

hjálpar en eg hefi sýnt, með áminnztu dæmi. Sá 4. konungkjörni þingmaður hefir talið stólsgózasölunni til gildis, að sjálfseignarbændur hafi fjölgað. Það er satt, þeir hafa fjölgað, og getur það verið mikið gott fyrir embættismennina, sem eiga að taka laun sín af þeim, en andvirði jarðanna er burt úr landinu, í staðinn fyrir, að það hefði átt að verjast til jarðabóta og framfara í landinu sjálfu, enda sèst lítill árangur af sölu þessari í jarðabótum. En það urðu engan veginn allir sjálfseignarbændur fyrir það, þó gózin væru seld, margir ríkismenn keyptu jarðirnar, og þeir hafa ekki farið betur með það en aðrir bændur. Margir hafa sagt, að vèr ættum nú að líta á fátækt og nauð Dana, og því slaka til við þá í fjárheimtum, en eg held, að Danir ekki þökkuðu fyrir, að þeir væru skoðaðir sem ölmusumenn. Í þessu tilliti hefir verið sagt, að vèr gætum gjört meiri og minni krófur í tölum, en eg get ekki skilið, hvernig það verður skoðað öðruvísi en svo: «Ef þið viljið ekki veita oss þetta, þá göngum vèr að öllu». Það er sagt, að þingið geti ekki krafizt, heldur eigi það að segja: við þurfum þessa, en þá þarf ekki minni tölurnar. Hver getur líka sagt núna upp á víst, hvers vèr þurfum minnst eða mest? Enginn, sem vill hafa krófurnar sem lægstar, getur gengið út frá því sjónarmiði, hvað vèr þurfum; vèr vitum ekki hvers vèr þurfum, en vèr eigum að ganga út frá því, hvað vèr álítum vèr eigum heimtingu á, og því næst, hvað stjórnin verður að láta, ef svo búið stendur, þá getur konungur lagt fyrir þjóðfund, hvað mikið stjórnin eða ríkisdagurinn vilji láta. Þingmaður Borgfirðinga bar oss saman við England, minntist á fjárhagsrètt Englendinga hvernig þeir hefðu öðlazt hann. En dæmi það var ekki rètt valið. Það var öðruvísi ástatt í Englandi en hèr, því allt var í landinu sjálfu, bæði stjórn og þjóð. Hefði hann tekið dæmið af Skotlandi eður Írlandi, þá hefði það verið rèttara; þeir hafa þó vopn og verjur, sem oss vantar (*Arnljótur Ólafsson:* Eigi þurfa mikil vopn til að þiggja frumvarpið). Slík dæmi sannfæra mig ekki. Eg skoða málið beint; vinni sannleikurinn, eða fresti forsjónin málinu! (*Arnljótur Ólafsson*: Og Ásgeir með), hún mun þó ráða mestu enn sem fyrr. Það hefir mikið verið talað um, að vèr ættum að kaupa frelsið dýrt, og játa eg það; en vil spyrja, fyrir hve mikið á að kaupa frelsið! Hversu dýrkeypt á það að verða? Vèr eigum má ske að kaupa það með silfri, af því oss vantar Kamillus til að vinna það á annan hátt, og það er víst, ef vèr göngum að

hverjum kostum sem vera skal, þá verðum vèr má ske frelsinu of fegnir, og glæpumst á frelsiskostunum eins og Hólmverjar forðum. Eg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um málið sjálft, en minnast á það, hver hætta máli þessu er búin, af því að nú er tvídrægni í þinginu bæði um formhlið þess, og kröfu-upphæð þess, er þetta því hættulegra, sem nú lítur út fyrir, að partarnir verði nær því jafnir; þess háttar tilfelli spilla framgangi allra mála eins og sagt hefir verið um kláðamálið, að það hafi spillt úrslitum þess til þessa dags, að eindrægni skorti meðal landsmanna innbyrðis og stjórnar og landsmanna á hina hliðina, eins hlýtur það að spilla fyrir þessu máli, að menn geta ekki orðið á eitt sáttir; tvídrægni sundrar, en eindrægni sameinar og vinnur optast sigurinn. Eg bið því þingmenn að leitast við, að komast til eindrægni, og ekki sýna þá stífni, sem nefndarmenn sumir hafa í ljósi látið, í sumum atriðum, þar sem þó sannleikurinn sýnist liggja ljós fyrir.

Eiríkur Kúld: Eg skal ekki vera margorður; eg skal geta þess, að af því eg er í vafa um, hvern enda þetta mál muni fá hèr á þingi, og eg er bendlaður við nokkrar uppástungur, þá ætla eg að bæta enn þá einni við, við 7. grein, ef frumvarpið annaðhvort með breytingum nefndarinnar eða óbreytt verður tekið. Þessi uppástunga gengur út á, að 90,000 rd. verði á ári greiddir úr ríkissjóði til Íslands, og fyrir þeim útgefin óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf. Uppástungu mína um þjóðfund vildu nokkrir þingmenn ekki aðhyllast, og sömuleiðis gat heldur ekki hinn hæstvirti konungsfulltrúi fallizt á hana; hann hèlt að þjóðfundurinn væri ekki færari til að ræða þetta mál en alþingi, þó hann væri fjölmennari; en hann gleymdi þessu forna, að «betur sjá augu en auga». Eg tek það fram, að það er sitt hvað að gefa atkvæði um þetta mál á alþingi og á þjóðfundi. Á alþingi er eg í vafa um, að gefa atkvæði mitt um það, en á þjóðfundi ekki. Eg er og enn þá ekki sannfærður um, að eg hafi fullt umboð frá kjósendum mínum, til að gefa atkvæði um málið nú, því þeir álíta enn sem fyrr, að þetta mál eigi að ræða í sambandi við stjórnarbótarmálið, og þau í sameiningu, samkvæmt konunglegu fyrirheiti, eigi að ræðast á þjóðfundi. Framsögumaður tók það fram, að 1857 hefði þingið beðið um, að stjórnarbótarmálið yrði lagt fyrir alþingi; en eg skal geta þess, að hann, sem þá var í útlöndum, ekki getur að þessu leyti verið kunnugri hugsunarhætti þjóðarinnar en eg, og því ekki verið viss um, að sú bæn alþingis hafi lýst eindregn-

um vilja þjóðarinnar, og skal eg leyfa mèr í því tilliti, að benda honum á orð hins heiðraða þingmanns Suður-Þingeyinga í gær. Eg get því fullvissað framsögumann um, að mjög svo sterkur áhugi lifir hjá þjóðinni fyrir þessu máli, svona teknu. Konungsfulltrúi sagði, að ef stjórnin nú fellst á málið, þá er það til lykta leitt. Eg tek þessi orð eins og þau eru töluð; þess vegna hafa þeir ekki rètt, sem segja, að við eptir á getum hækkað kröfur okkar með því, að setja upp talna-upphæðina; úr því nefnilega ríkisþingið er búið að leggja samþykki sitt á málið, þá er allt of seint fyrir okkur að fara að setja fram kröfur okkar að nýju. Þingmaður Árnesinga gat þess, að það væri fátækt vor, sem hefði sett þetta mál í samband við ríkisþingið í Danmörku. Eg játa þetta; en eg vil spyrja hann, af hverju er fátækt vor komin? Ætli hún eigi ekki rót sína í því fyrirkomulagi, sem Íslendingar gátu ei við ráðið? Eg vil nefna honum verzlunareinokunina, sem í mörg hundruð ár hefir þjakað að oss; og ef þetta er orsökin, eigum við þá að gjöra oss ánægða með, að þiggja nokkra dali, eins og einhverja náðargjöf frá ríkisdeginum? Varaforsetinn tók það fram í gær, að það væri ófært að binda fjárhagsmálið við stjórnarbótarmálið, því með því kastaði maður stjórnarbótarmálinu undir atkvæði ríkisþingsins, en þetta er ástæðulaust, því við höfum ekki gefið samþykki okkar til þess. Eg veit það vel, að fjárhagsmálið í vissum skilningi hlýtur að koma fyrir ríkisþingið, en eg verð að játa það, að mèr tekur ekki sárt til þess, þó ríkisþingið fái að sjá um leið; ástæður vorar fyrir stjórnarskipun vorri, því að í stjórnarbótarmálinu á ríkisþingið ekkert atkvæði. Ef við þess vegna nú gefum atkvæði okkar fyrir frumvarpinu, þá viðurkennum við óbeinlínis, að ríkisþingið hafi skatta-álögurètt yfir oss, og það vil eg með engu móti. En sjái eg, að það verði ofan á í þinginu, að frumvarpið verði samþykkt, þá áskil eg mèr rètt til vara-atkvæðis er eg gat um.

Arnljótur Ólafsson: Menn hafa mikið talað hèr um fjárheimtur á hendur Dönum eins og von er til. En til að ná þessum fjárheimtum eru tveir vegir að fara, annar er reikningskröfuvegurinn og hinn ástandskröfuvegurinn. Eg verð fyrst að geta þess, að rèttarkröfurnar geta engu að síður verið byggðar á ástandi en á reikningi. Það er alveg röng skoðun að ætla, að hver reikningskrafa sè rèttarkrafa en að ástandskrafa sè það eigi, heldur byggi á náðartillagi. Eg vil eigi fara langt fram í það mál, heldur að eins

taka það fram sem almennt viðurkennt, að ástandskrafa sú, sem styðst á sönnu ástandi eins lands, á nauðsyn landstjórnarinnar og sögulegum rètti landsins er einmitt landsrèttarkrafa sú, er hefir hið mesta gildi; og á þessari landsrèttarkröfu getum vèr því fremur byggt sem ástand þessa lands og landstjórnarinnar hèr er fremur skapað án vors atkvæðis og vilja. Hinn háttvirti forseti hefir nú með því fasta fylgi og þeim mikla krapti, sem hans var von, varið þá leið, sem hann í mörg ár hefir farið, og honum hefir fundizt, að nefndin ekki hafi fylgt hans skoðun fram. En þetta er þó að minni hyggju ekki alveg rètt, því bæði hefir meiri og minni hluti nefndarinnar núna og hinar tvær deildir nefndarinnar í Kaupmannahöfn tekið tillit til andvirðisins fyrir stólsjarðirnar og konungsjarðirnar, og það eru þó reikningskröfur, en vel að merkja þær reikningskröfur, sem undir eins eru rèttarkröfur; en bæði nefndin nú og hinar tvær deildirnar í Kaupmannahöfn byggðu líka á ástandskröfunum, en hinn háttvirti forseti var sá hinn eini sem byggði á eintómum reikningskröfum. Eg skal fyrst gjöra þá athugasemd, að hin mikla og góða þýðing sem þessi krafa forseta hefir, er eiginlega í því fólgin, að hún er eins gott »Procurator Indlæg« frá hálfu Íslands, eins og krafa þeirra Bjerrings og Nutzhorns af hendi Danmerkur. Hinn háttvirti forseti hefir ei viljað framfylgja hèr á þingi sinni alkunnu 50,000 rd. kröfu fyrir verzlunareinokunina. Aðalkrafa hans var nú því nær 120,000 rd. Nú veit eg reyndar eigi alveg, hvort hann er fallinn frá þessari 50,000 rd. kröfu sinni, en eg verð þó að ætla, að hann sè nú orðinn sannfærður um, að sú krafa kunni nú eigi að verða gjörð gildandi sem óbrigðul rèttarkrafa. Enn fremur stakk hinn háttvirti forseti upp á því í nefndinni í Kaupmannahöfn, að 20,000 rd. skyldu greiddir af Íslandi til alríkisþarfa. Eptir þessum reikningi hins háttvirta forseta ganga þá frá þeim 120,000 rd., er hann vildi fá, 70,000 rd., og verða þá eptir að eins 50,000 rd., eða einmitt hin sama upphæð sem minni hluti nefndarinnar hefir stungið upp á. Á þessu geta menn nú sèð, að við ekki vinnum neitt með að fara reikningsveginn einan, og því muni vera allt eins hentugt, eins og eg álít miklu rèttara, að fara eptir því ástandi sem nú er. Það hefir verið sagt, að ástandskröfurnar væru eigi rèttarkröfur, en þessu mótmæli eg, og skýrskota til þess, er eg benti á þegar í upphafi ræðu minnar. Fylgi maður útlistun forseta, sem nefndarmanns í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn, þá munu menn finna hans orð fyrir því, að

fram að siðaskiptunum rann allur afgangur af tekjum landsins inn í ríkissjóðinn, og það eigi einungis skatturinn, sem eptir Gamla sáttmála skyldi einn ganga til Noregs konungs, heldur og afgjaldið af verzluninni, sem sè, »sekkjagjaldið«, sem er hèr um bil hið sama sem lestagjaldið nú á tímum. Þetta hefir forseti berlega játað, þar sem hann segir: »Ísland galt til krúnunnar *það sem afgangs var* útgjöldum landsins á ári hverju«. Þessu næst hefir og forseti tekið tímabilið frá 1550 til 1600, eður frá siðabótinni og fram að þeim tíma, er einokunarverzlunin hófst. Á þessu tímabili voru tekjurnar eptir hans reikningi rúmar 69,000 rd. og útgjöldin nálægt 3,000 rd. Afgangurinn var því liðug 66,000 rd. En hvað varð nú af þessum afgangi? Hann rann í ríkissjóðinn. Svona var nú ástandið meðan alþing hið forna stóð á grundvelli »Gamla sáttmála«. Hví gjörði hið þáverandi alþing, sem hafði svo miklu meira vald en hið núverandi alþingi, ekki þessar kröfur hins háttvirta forseta gildandi gegn hinni þáverandi takmörkuðu stjórn? Hefði forseti getað sannað, að afgangstekjur landsins hefði þá fyrst farið að renna inn í ríkissjóðinn, er einvaldsstjórnin var komin á, þá væri það annað mál. En hann hefir nú sannað hið gagnstæða. Og þegar nú afgangstekjurnar runnu í ríkissjóðinn, meðan hið forna löggjafandi alþing hafði völdin, og það ekki gjörir þessar kröfur, hvernig getum við, þá segi eg, talið til þessarar skuldar, vèr, sem höfum svo miklu minna vald, og erum að eins ráðgjafarþing undir einvöldum konungi? Vèr höfum einungis rètt *til að biðja* og *til að kvarta,* en ekki til að gjöra þá millireikninga, sem bæði eru í sjálfu sèr ómögulegir og ómögulegir eptir landsrètti vorum. Það er ekki dæmi til slíks í allri veraldarsögunni, að nokkur ríkishluti, hversu sèrstakur sem hann annars kann að hafa verið, hafi farið í slíkar kontrabókarkröfur við konung út úr afgangstekjum landsins á liðnum öldum. Vèr getum ekki fremur gjört kröfu til afgangsleifa á hendur Dönum, en hver annar góður hreppsbóndi, er t. a. m. í 20 ár hefir lifað í einum hrepp og goldið þar til sveitarþarfa jafnvel um fram alla aðra bændur í sveitinni. Ætli slíkur dáindismaður gæti hugsað til þess eða þá kæmist upp með það að krefjast endurbóta fyrir það, sem hann hefir goldið fram yfir aðra, þegar hann flytur burt úr hreppnum? Eg held öldungis ekki. Eg hefi valið mèr þetta dæmi til þess að skýra hugmynd mína, því þetta dæmi má vera öllum ljóst, hversu lítið sem þeir annars vita um fèlagsrètt þann og fèlagsskyldur, sem halda saman fèlagi því, er vèr köll-

um *ríki,* en þó dæmi þetta sè eigi fremur en önnnur dæmi full sönnun, þá lýsir það því næsta vel, hversu hæpið það er, að fara í þess konar millireikninga.

En þó eg sè nú fastur á því, að vèr höfum engan rètt til að að heimta árgjald fyrir verzlunareinokunina, ákveðið í tölum, svo sem forseti hefir gjört — að geta dregið út úr henni ástandskröfu er annað mál —, þá er eg hins vegar alveg á því, að vèr eigum fjárheimtu að ríkissjóðnum fyrir hina sèrstöku tekjustofna landsins, er í hann hafa runnið. Forseti hefir rèttilega farið að því, að færa upp Bjelkes-jarðirnar frá því söluverði, er þær hafa í Johnsens jarðatali, þar sem hann hefir reiknað spesíuna á 2 rd., en ekki á 1 rd. eins og Johnsen. En þótt nú forseti hafi þannig tekið hið sanna verð Bjelkes-jarðanna til greina, þá verður samt eigi, þótt undarlegt megi virðast, svo mikill munur á tölu-upphæð hans fyrir seldar konungsjarðir og tölu-upphæð samnefndarmanna hans, þar sem forseti fèkk 174,379 rd, en hinir 168,704 rd. Ef menn nú hèldi lengra áfram eptir þessum vegi að telja andvirði jarðanna eptir hinu sanna söluverði þeirra, sem mèr þykir í alla staði rètt, ef setja mætti tilsk. 20. marz 1815 til hliðar, þá yrði andvirði seldra jarða töluvert hærra. Vèr vitum, að af andvirði Skálholtsjarðanna voru hèr um 52,950 rd. borgaðir í kúrant. Eptir þá verandi kúrantverði hèr á landi, voru 9 kúrantdalir jafnir 8 spesíum eður 16 ríkisdölum, og mætti því bæta rúmum 40,000 rd. við andvirði stólsgózanna. Eg hefi að eins tekið þetta til dæmis.

Því hefir og verið dróttað að fjárhagsnefndinni hèr á þingi, að það tillag sem hún beiddi um væri talsvert of lítið. En eg vil biðja þingmenn gæta að fjárhagsáætluninni 1855—1856. Þar er búið að taka öll hin nýju gjöld Íslands nema eptirlaun embættismanna, og þegar nú teknar eru einungis hinar rèttu tekjur og gjöld, en felldur úr »alþingistollur«, »fyrir skyndilán«, og eins í útgjöldunum »kostnaður til alþingis« og »lán« o. s. frv., þá vantar til, eður þá verður »undirballansen« í mesta lagi að eins 26,000 rd. Minni hlutinn, sem þó er minnstur allra postula nefndarinnar, hefir þó stungið upp á tillagi sem er nálega helmingi meira. Eg vil og leyfa mèr að minna menn á, að við erum eigi alveg hjálparlausir af eigin efnum, ef vèr legðum toll á einar 4 vörur: vínföng, tóbak, kaffi og sykur, þá fengjum vèr þó, eptir aðflutningum á þessum vörum árið 1863, fullar 90,000 rd., þó vèr hefðum varla eins háan toll á þeim eins og er í Danmörku eptir tolllög-

unum 4. júlí 1863. Eg vil engan veginn hèr með segja, að Íslenzka verzlunin þyldi þessa álögu, sízt fyrst núna, en eg verð að geta þess, að neytandinn »konsúmentinn« yrði þó ekki ver farinn en »konsúmentinn« í Danmörku. Það hefir og verið tekið fram, að vèr mættum eigi gefa atkvæði um frumvarpið sökum þess, að það á síðan kæmi undir ríkisþingið, sem væri *ólöglegur* fjárhaldsmaður okkar, en eg verð að mótmæla því, að nokkuð sè *ólöglegt* í því, þótt málið komi undir ríkisþingið. Það nú verandi ástand með fjármál vor á ríkisþinginu, segja menn, er einungis »factiskt« en ekki »legalt«. En hvað gjörir það til, þó svo væri? Á það þá ætíð að haldast þannig við, af því að það er factiskt en eigi legalt eður sem þeir segja enn skýrar *ólöglegt* en eigi *löglegt?* En áður en vèr uppkveðum þenna dóm, eða rèttara sagt hleypidóm, þá finnst mèr að vèr eigum gaumgæfilega að gæta að því, hver sá er, sem býður oss þetta frumvarp. Er það ríkisdagurinn, þessi óttalega grýla? Nei. Hver er það þá? Það er enginn annar en konungurinn sjálfur. Býður hann oss ekki frumvarpið *löglega?* Eg held jú. Eigum vèr ekki með að þiggja það af honum? Jú. Meira að segja, þinginu er skylt að þiggja þetta góða tilboð af konungs hendi. En hvað er þá *ólöglegt?* Það, segja menn, að konungur fèkk ríkisdeginum fjármál vor til meðferðar. Ó hvílíkt tjón fyrir oss!? En hlaut þá konungur eigi að gjöra það sem »constitutionel« konungur í Danmörku? Því verður eigi neitað, að hann hlaut sökum grundvallarlaganna að leggja fjármál vor til ríkisdagsins meðan svona stendur hèr á landi. En má ske vèr eigum að banna konungi vorum að vera constitutionel konungur í Danmörku? Svo langt vona eg þó að menn vilji eigi fara. Þessi meðferð á málinu er því lögleg í alla staði. Eg álít, samkvæmt 44. grein alþingistilskipunarinnar, að vèr eigum eigi við nokkurn annan í þessu máli en við konunginn einn; en hvernig hann er bundinn eður álítur sig bundinn við stjórnarskipunina í Danmörku það við kemur oss eigi.

Forseti: Eg skal einungis svara þingmanni Borgfirðinga því, að bæði honum og þingmönnum yfir höfuð má vera það ljóst, að það er engin ástæða fyrir mig að vera að framfylgja þeim kröfum sem eg hefi gjört, frá þessum stað; staða mín hèr á þingi gjörir mèr það líka örðugt. Eg finn og því síður ástæðu til þess, sem nefndin hèr á þinginu hefir gjört sig líklega til að velja annan veg en eg hefi farið; eg vil heldur ekki neita því, að þó maður fylgdi

þeirri aðferð sem nefndin ræður til, þá gæti maður þó ef til vill fengið áþekk málalok eins og þó farinn væri hinn vegurinn. Eg fráfell þar fyrir engan veginn þeim kröfum, sem eg hefi gjört, og sèrstaklega ekki kröfunum út af verzluninni; þær eru að minni hyggju á gildum og góðum rökum byggðar, og þingmaður Borgfirðinga getur ekki hrakið eina einustu af þeim ástæðum, sem eg hefi fært fyrir þeim. Eptir hans skoðun ætti það að vera ómögulegt, að tala um kröfur eptir að fèlagskap er lokið; en þessa kenningu álít eg öldungis ranga, því uppsögn fèlagskapar getur ekki svipt oss neinu af vorum góða rètti frá þeirri tíð, sem fèlagið stóð. Mèr þykir það ei heldur góð kenning hjá þingmanni Borgfirðinga, að hann vill segja oss, að þinginu sè það öldungis óviðkomandi, hvað konungur aðhefst landinu viðkomandi fyrir utan landið; rètt eins og okkur ekki varði um t. a. m. samninga sem hann gjörir við önnur ríki o. s. frv. Mèr finnst þess konar kenning ekki vera svara verð, en vil einungis skjóta því til álits þingmanna, hvernig þeim lízt á hana.

Arnljótur Ólafsson: Eg vona, að það, sem eg sagði, hafi verið alveg rètt, því það er órètt með öllu að kalla þessa málsmeðferð ólöglega.

Forseti: Hvort heldur orðið »ólöglegt« væri við haft eða ekki, þá mundu allir þeir, sem nokkru láta sig varða um rèttindi landsins, mótmæla þessari málsmeðferð.

Pètur Pètursson: Eg játa það, að eg helzt óskaði, að enginn fjárhagsaðskilnaður yrði nú sem stendur milli Íslands og Danmerkur. Þessi kenning kann nú að þykja ný eða máske of gömul. Eg ætla að minnast á það, hvers vegna eg er hræddur við aðskilnaðinn. Það er af því, að árs útgjöldin vaxa allt af án þess að tekjurnar vaxi að því skapi; hèr eru og líka margar opinberar byggingar, og í mjög slæmu ásigkomulagi, sem koma til að hvíla á okkur. Eg skil því ei í, hvers vegna þeir, sem vilja aðskilnaðinn fyrir hvern mun, ekki lækka kröfurnar sem mest, og reyna að fylgja minni hluta nefndarinnar, því þá gæti menn ímyndað sèr, að aðskilnaðurinn helzt kæmist á. Eg skil ekki heldur í því, að þingið ekki sè bært um, að segja álit sitt um frumvarpið eins og það er lagt fyrir, og gefa atkvæði um hinar einstöku greinir; ekki heldur finnst mèr, að við »præjudicerum« okkur, þó við ræðum hverja grein frumvarpsins fyrir sig. Það er mekilegt af mönnum ekki að vilja svara annaðhvort já eða nei, þegar þeir eru spurðir um, hvort þeir

vilji láta ríkisdaginn eptirleiðis halda áfram afskiptum af fjárhagslögum vorum, eða láta hann hætta því. Mèr sýnist það líka vera hrein og bein skylda þingsins. Spurningin er ekki um það, hvort afskipti ríkisdagsins eru lögleg eða ekki, heldur eigum við að segja álit okkar um, hvort við viljum, að þetta ástand hætti eða ekki; eg get heldur ekki sèð, að við með þessu grípum fram fyrir hendur þess þings, sem á að ræða um þetta. Hvað þjóðfundi viðvíkur, þá hef eg ekki mikið traust á því, þó þingmenn yrðu fleiri, því það er ekki það mannval til hjá okkur; eg veit heldur ekki til, að neinir sèrlegir stjórnarvitringar sèu til upp í sveitum.

Benidikt Sveinsson: Eg hefi nú að vísu tvisvar reynt að gjöra hinu heiðraða þingi grein fyrir skoðun minni á þessu alsherjarmáli Íslands, en samt skal eg enn leyfa mèr að tala nokkur orð, og gjöri eg það fremur til þess, að þingtíðindin beri það með sèr og *kjósendur* mínir geti sèð það glöggt og greinilega, að eg hafi fært fullar sönnur fyrir máli mínu, en til þess að keppa við þá, sem eru á annari skoðun. Eg tók fram í gær hið stjórnlega eðli þessa máls, einkum með tilliti til ríkisdagsins og atkvæðis þess, er hann verður eptir kringumstæðunum og hinu factiska stjórnarástandi voru að leggja á málið. Eg tók það líka fram, að þingið væri skyldugt að segja álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins. Eg tek það *enn fremur* fram, að þó það eptir konungalögunum eður stjórnarlögum Íslands óneitanlega eigi sè normalt, að ríkisdagurinn hafi löggjafarvald í fjármálum hèr á landi, því að valdið hvíli einungis hjá hans hátign konunginum, sem einvöldum konungi hèr á landi, þá segi eg samt sem áður, að þingið sè skyldugt til að segja álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarps þessa. Eg verð nú að fá góðar og sannfærandi ástæður fyrir því, ef eg á að geta fallizt á, að þetta sè ekki rètt, og betri ástæður en eg hefi fengið hingað til. Hinn háttvirti forseti tók það nú að vísu fram í gær, að titillinn á frumvarpinu sýndi það, að eigi mætti ræða einstakar greinir þess (*Forseti* nei). Mèr gat ekki skilizt öðruvísi orð hans en að hann beinlínis segði, að það væri hættulegt að ræða málið í þessu formi, af því að vèr með því móti gæfum ríkisdeginum atkvæðisrètt yfir oss. En eg get ekki álitið þetta svo, því að ríkisdagurinn hefir de facto atkvæðisrètt yfir oss í fjárhagsmálum vorum. En honum hefir líka samkvæmt ályktun alþingis verið de facto gefinn atkvæðisrèttur yfir oss í hverju því máli, sem þingið hefir skotið undir atkvæði ríkisdagsins til þess að fá peningastyrk.

Eg sè nú ekki hvernig þetta factiska ásigkomulag getur hafizt, nema ríkisdagurinn afsali sèr þessu atkvæði, sem hann de facto hefir haft. Og undir þingið er eigi annað borið en að segja álit vort um það, hvort vèr höfum á móti því, að þessari stjórnartilhögun sè breytt. Eg verð enn að taka það fram, að ef þingið fleygði frumvarpinu af þeirri ástæðu, að það væri að gefa sig undir atkvæði ríkisdagsins, að segja álit sitt um það, þá sè það ekkert annað, en að þingið vilji eigi segja neitt um það, hvort þetta factiska ásigkomulag á nú að upphefjast eða ekki. En þegar nú þingið í sömu andránni leitar til ríkisdagsins um fjárveitingar, þá játar það factiskt einmitt, að vèr tökum til þakka með það ástand, sem nú er. Á þessu grundvallast nú sú skoðun mín á málinu, að þingið sè skyldugt til að ræða þetta frumvarp í þess einstöku greinum, eður eins og það liggur hèr fyrir. En ef einhver þingmanna gæti fært næg rök að því, að þessi skoðun mín væri röng, þá vildi eg, að eg yrði látinn heyra þau í tíma. Þá kemur nú til umtals 7. grein frumvarpsins. Eg tók nú fram í gær, hvað við ynnum við að vísa þessari grein frá oss, og hvað vèr ynnum við að setja háar tölur á pappírinn; það er að segja að vèr vinnum ekkert minna en ekkert við það. Þessi sannfæring mín hefir nú fremur styrkzt en veikzt við þær ræður sem fram hafa komið í gær og í dag. Eg sagði, að vèr gætum ekki farið í ýtarlegar rèttarkröfur við Dani, og eg held að þetta hafi ekki verið hrakið. Þó held eg, að allar ástæður sè ekki komnar enn fram í þessu tilliti og munu víst varla koma fram á *þessu* þingi, að minnsta kosti ekki frá minni hálfu. Eg skal leyfa mèr að svara því, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu tók fram í gær; hann sagði, að eg hefði sagt, að vèr gætum ekki byggt rèttarkröfur á því, þótt jarðir hèr hefði verið seldar og andvirði þeirra hefði runnið inn í ríkissjóðinn, án þess stjórnin hefði gjört neina skilagrein fyrir andvirðinu eða vöxtum þess, af þeirri ástæðu, að þessi athöfn stjórnarinnar hefði leitt til þess, að sjálfseignarbændur fjölguðu í landinu. Út af þessu beinist nú hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu að mèr og spyr, hvort eigi mundi gott að selja þjóðeignir, t. a. m. kirkjueignir og fleygja andvirðinu í ríkissjóðinn, eða að fleygja tekjum embættismanna í ríkissjóðinn. Eg vil setja fyrir hann annað dæmi. Einhver lína af forfeðrum hans skyldi hafa búið á opinberri eign í 9. lið sem leiguliðar. En annar liður forfeðra hans skyldi hafa búið á eins góðri jörð, sem sjálfseign sinni, en keypt hana

þannig, að andvirðið hefði runnið inn í ríkissjóðinn. Nú vil eg spyrja hann, hver ættlínan mundi nú standa sig betur, sú er bjó sem leiguliði eða sú er bjó á sjálfs síns eign? Og enn fremur: Hver línan hefir aukið meir eigur landsins? Sú sem hefir varðveitt jörðina óselda og óskemmda, eða hin sem hefir bætt hana líklega langt fram yfir það sem hún öndverðlega var verð? Þingmaður Strandasýslu er þó mikill jarðabótamaður og þess vegna hlýtur honum að vera kunnugt, að bæði eign *einstakra*, eign og velmegun *þjóðarinnar* yfir höfuð hlýtur að vaxa við það, að gjörðar sè jarðabætur. En með því að jarðirnar eru seldar opnast þeim, er fyrir það verða sjálfseignarbændur, hinn bezti vegur og hvöt til dugnaðar og umbóta á jörðum sínum. Þess vegna hafa nú líka komið bænarskrár til þingsins um að bæta kjör leiguliða, svo að einnig þeir gætu fengið hvöt til jarðabóta. Eg tek fram þessa athugasemd, til þess að þingmenn beini eigi framar að mèr þessum misskilning. Það hefir nú enn fremur verið sagt, að undangangandi fátækt landsins hafi komið af gömlu stjórnleysi Dana. En mèr þykir þá undarlegt að gjöra peningakröfur fyrir það stjórnleysi, en virða þó einskis í peningalegu tilliti þá umbót, er oss nú er boðin á *þessari* hinni sömu stjórn eða rèttar óstjórn, sem kröfurnar eru byggðar á, já segja jafnvel, að vèr þurfum meiri peninga en áður, eða með öðrum orðum, að vèr komumst ver af í peningalegu tilliti með frjálsri stjórn en ófrjálsri. Þetta er skoðun, sem eg get ekki aðhyllzt, og eg veit að öllum hlýtur að virðast hún fráleit. Mèr þykir leiðinlegt, að þingmaður sá er hèr nú ei í salnum, sem beindist að þeim orðum mínum, að vèr ættum að taka nokkurt tillit til hins bágborna ástands frænda vorra Dana. En vèr byggjum hèr einmitt á fátækt Íslands og á því, hvað ástand þess sè bágborið; eg get því eigi sèð, að það sè fráleitt að taka tillit til hins sama, þegar um Danmörku er að ræða. Og það kemur sannarlega ekki málinu við, hvort það er connexitet eður samband milli þessa bágborna ástands vors og Þana; og eg hefi aldrei sagt að þetta ástand Danmerkur væri Íslandi að kenna. Eg verð yfir höfuð að segja það, að eptir því sem eg heyri fleiri og fleiri umræður og skýringar á málinu, eptir því verður það ískyggilegra í mínum augum, að tiltaka nokkra fastákveðna peninga-upphæð. Því að eptir því sem þingið setur tölurnar hærri, því óhægra á stjórnin með að koma fram uppástungum þingsins á ríkisdeginum. Og því ómögulegra sem stjórninni er gjört þetta, því lengur dregst

það, að það ástand breytist, sem vèr heimtum að sè breytt. En eg vil nú láta það sjást, hvort þinginu er alvara eður ei, því allir vitum vèr það, að frelsið verður ætíð að kosta nokkuð. Það verður að kosta það, að vèr leggjum fram krapta vora að minnsta kosti að nokkru leyti. Og eg vona, að þingið fari aldrei í þá átt, að vèr höfnum frelsinu, nema því að eins, að vèr allt af getum átt ótakmarkaðar kröfur til ríkissjóðsins til hvers sem vér þurfum, já, sem rigni yfir oss eins og «manna» af himnum ofan, án þess vèr þurfum nokkuð fyrir að hafa. Minnumst þess: Guð hjálpar þeim einum, sem hjálpa vilja sèr sjálfum. Og eg held, að eg gangi eins nærri hug og hjarta Íslendinga með því að fylgja þessari reglu, eins og með því að vera að hanga í vissum tölustærðum. Eg skal leyfa mèr að minnast lítið eitt á þann mun, er hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu gjörði á konungkjörnum og þjóðkjörnum þingmönnum; eg vildi að hann hefði eigi gjört þann mun sem hann gjörði, en eg vona að allir álíti, að þeir sèu jafnt kvaddir til að segja sannleikann, hvort sem þeir eru kvaddir af konungi eða þjóðinni til að segja hann, og bera honum vitni, enda hefir og konungur kallað oss alla á þing, og þá líka þingmann Strandasýslu. En eg ætla að öðru leyti, að verða við bón hins háttvirta þingmanns, að reyna að koma einingu á í þinginu, og þess vegna ætla eg, að áskilja mèr breytingaratkvæði við vara-uppástungu mína. Eg hefi tekið það fram, að vèr eigum að ganga svo nærri frumvarpinu sem unnt er, en þá þykir mèr það enn fremur undarlegt, að vera að hanga í minni hlutanum, en víkja frá uppástungum stjórnarinnar. Þegar þingið er sannfært um, að báðar tölurnar sè óaðgengilegar, þá vil eg helzt frumvarpið eins og það er, en þó með þeirri athugasemd, sem gjörð er í vara-uppástungu minni. Eg vil einnig leyfa mèr það viðauka-atkvæði, að allar hinar mismunandi tölu-upphæðir, sem hèr hefir verið stungið upp á, verði teknar inn í álitsskjalið til konungs, með þeim ástæðum, er færðar hafa verið fyrir þeim. Með þessu er farinn sá meðalvegur, að stjórnin er eigi útilokuð frá að sjá neina af þessum uppástungum, og hins vegar getum vèr heldur ekki borið oss á brýn, að tölu-upphæðirnar sè of lágar á pappírnum. Eg vona líka að stjórnin taki þá þá töluna, sem henni þykir líklegust og rèttlátust.

Forseti: Að því er snertir það, að taka þessar tölu-upphæðir inn í álitsskjalið til konungs, þá verður það að vera komið undir hverjum einstökum uppástungumanni og undir atkvæðum. En

eptir alþingistilskipuninni verður minna hlutanum eigi neitað um, að koma fram með álit sitt og ástæður í álitsskjalinu til konungs.

Benedikt Sveinsson: Eg ímyndaði mèr, að það sem bæði meiri og minni hluti nefndarinnar liggur fyrir þinginu, þá geti það gefið atkvæði um, að tölu-upphæðir og ástæður þeirra beggja komi inn í álitsskjalið til konungs.

Sveinn Skúlason: Mèr sýnist þetta verða að vera komið undir hverjum einstökum uppástungumanni, eins og hinn háttvirti forseti sagði.

Eiríkur Kúld: Eg ætla að eins að svara einu atriði í ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga. Mèr sýndist hann nú vilja fjárhagsaðskilnaðinn yfir háls og höfuð, hvort hann væri góður eða illur. Eg skal nú ekki lá honum það. En mèr þótti eitt skrítið í ræðu hans, og það var það, að vèr værum skyldugir til að «*piggja*» þetta frumvarp. En veit hann ekki, að þingið hefir kosið nefnd í það; hún hefir sagt álit sitt um það, og þingið síðan rætt það á lögskipaðan hátt. Eg veit nú ekki, hvað hann skilur meira við, að þiggja frumvarpið (*Arnljótur Ólafsson*: Að samþykkja það). En eg verð að minna hann á, að þingið á líka frjálst að ráða frá því, að það væri gjört að lögum; eg get eigi skilið, að þetta frumvarp eigi meiri helgi á sèr en önnur, og mèr þykir það skrítið, að vera að vekja mönnum eins og hughvarf með slíkum átölum, og finnst mèr það með öllu þýðingarlaust og óþarft.

Ásgeir Einarsson: Eg skal að eins leyfa mèr, að svara hinum háttvirta þingmanni Árnesinga um þjóðjarðasöluna. En eg gat ekki sannfærzt af ræðu hans um gagn það, er orðið hefði af sjálfseignarbændunum. Og þótt að verði happ af ranglæti, þá er það eigi þeim að þakka, er órèttinn gjörir, heldur er það honum að þakka sem lætur bæði gott og illt fá þau endalok, sem honum þykja hagkvæmust. Þótt menn fari nú hèr um land, þá held eg að menn geti ekki ætíð lesið úr af jarðabótunum, hvar sjálfseignarbændurnir sitja; en ef menn gæti það, þá skyldi eg játa, að það hefði orðið mikið gagn að þessari sölu. En þar sem hann var að tala um tölustærðir, þá skil eg nú eigi, að frumvarpið sè betra, en uppástungur nefndarinnar, en kannske stjórninni sè það geðfelldara, ef vèr erum eigi fastir við tölur. En eg sè, að hann hefir hug á að sætta þingið, og það virði eg mikils.

Jón Pèturssonr: Eg met nú mikils öll rèttindi, sem Ísland hefir, og geta byggzt á sögu þess, eins og hinn háttvirti forseti hefir gjört. En mèr finnst, að þessi sögulegu rèttindi Íslands sèu mest rèttindi í stjórnlegu tilliti eður rèttur þess til nokkurs konar sjálfsforræðis, og eg efast eigi um, að þessi rèttindi þess, bæði eigi að hafa og muni fá mikil áhrif á stjórnarbót landsins. En aptur finnst mèr, að eigi verði byggðar á þeim beinlínis fjárkröfur til Danmerkur, og mèr finnst, að kröfur til stjórnarbótar þurfi eigi beinlínis að snerta fjárkröfur. Eg get að vísu ímyndað mèr, að fjárkröfumálið mætti útkljá áður en vèr fengjum stjórnarbót, en þetta er ekki nauðsynlegt, því það getur og verið henni samferða, og loksins má það vel bíða, þangað til vèr höfum fengið stjórnarbót. Því þurfum vèr nú að vera að arga í þessum fjárkröfum? Er ekki nógur tími til þess, þegar vèr erum búnir að fá stjórnarbót? Þá stöndum vèr þó betur að vígi með fjárkröfurnar, ef þær eru nokkrar, en nú. Þetta fjárkröfumál sýnist mèr þannig eigi þurfa að standa í neinu óslítanlegu sambandi við stjórnarbótina, nè við það að koma hèr á innlendri stjórn, er frumvarpið fer fram á. Þær standa eins óhaggaðar fyrir því, sèu þær nokkrar, þó vèr föllumst á frumvarpið, og vèr getum komið þeim við, ef vèr viljum, þegar talað verður um, hver skuli vera sameiginleg mál og sameiginleg útgjöld Dana og Íslendinga. Samt ímynda eg mèr, að því meiri fjárkröfur, sem vèr gjörum, þá heimti Danir því meiri gjöld af oss til sameiginlegra ríkisgjalda, og því minni fjárkröfur sem vèr gjörum, því síður held eg að Danir kæri sig um, að hafa mörg hin sameiginlegu mál, en það er auðsèð, að því færri sem hin sameiginlegu mál eru, því frjálsari verður stjórnarbótin. Eg held því, að það sè ekki til neins, að gjöra háar fjárkröfur til Danmerkur, og að ekkert gott komi út af því í rauninni. Þegar eg skoða frumvarpið þessu næst fyrir sig, og einkum fyrirsögn þess, þá finnst mèr eigi liggja í því, neinn fjárreikningur millum Danmerkur og Íslands frá fyrri tímum, heldur gengur það með öllu út á, að skipa fyrir, hvernig fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins eigi að vera framvegis. Frumvarpið lítur því eigi til umliðna tímans, heldur að eins til hins ókomna, svo vèr höfum kröfurnar óskertar, hverjar sem þær kunna að vera, eins og eg hefi fyrr sagt, þótt vèr tökum frumvarpið, nema hvað frá þeim verður þó ætíð að dragast, styrkur sá, er frumvarpið vill veita oss til að koma upp innlendri stjórn hjá oss. Eg vil eigi

sleppa fjárkröfunum, sem vèr kunnum að hafa, menn mega eigi skilja mig svo, en eg álít ekki tíma til að koma með þær nú. Ef vèr höngum fast við þær nú, þá álít eg, að vèr frestum með því, að frjáls innlend stjórn komist hèr á. Það er nú víst mikill áhugi hjá Íslendingum, að fá frelsi, og þá eins frjálsa innlenda stjórn. En ef þeim er það áhugamál, þá eiga þeir að reyna að fá það sem fyrst, en draga það eigi sem lengst. En ef Íslendingar eiga að bíða eptir sjálfsforræði, þar til Íslendingum og Dönum kemur saman um fjárkröfur þær, er Íslendingar þykjast hafa til þeirra, þá held eg það verði aldrei, því það getur hæglega farið svo, að fjárkröfur Íslendinga vaxi æ því meira, sem fram líða stundir, en Danir álíti að þær verði æ því minni, svo skoðun þeirra í þessu efni, getur ef til vill, orðið miklu ólíkari síðar, en hún er nú. Yfir höfuð sýnist mèr vera geymdur allur rèttur til fjárkrafanna, þótt vèr tökum þessu boði stjórnarinnar. Þeir sem hafa gengið inn á ástandskröfurnar hafa sagt, að fè það, er Danir vildi leggja til, væri of lítið. En það hefir vakað fyrir þeim, að þessi innlenda stjórn, sem á að komast á, ætti að gjöra undir eins allar þær endurbætur, er nauðsyn væri á. En því þarf fremur að gjöra þetta strax, þó vèr fengjum innlenda stjórn, en nú. Nú fáum vèr allt af fè af skornum skamti hjá ríkisdeginum til þeirra endurbóta, sem vèr viljum koma upp, og þó þær sèu nauðsynlegar, þetta verður ekki varið. En ef vèr tökum eigi stjórnarfrumvarpið nú, þá fyrirbyggjum vèr, að innlend stjórn komist hèr á, eður ráðin verði bót á þessu, og það með öllu um óákveðinn tíma. Það er í sannleika þó skrítið, að þegar menn eru að segja, að þeim líki eigi við það stjórnarfyrirkomulag, sem nú sè, og að engum nauðsynlegum endurbótum meðan verði komið hèr á, þá skuli menn samt vilja draga það út í óvissu, að þetta stjórnarfyrirkomulag hætti, og að stjórnarbótin kæmist hèr á. Eg skal nú snúa mèr að uppástungum meiri og minni hluta nefndarinnar við stjórnarfrumvarpsins 7. grein. Í frumvarpinu býður nú stjórnin víst tillag landinu, til að koma hèr upp frjálsri innlendri stjórn, og þessu tilboði er hún siðferðislega skyld að framfylgja á ríkisdeginum. En það er eigi sagt, að hún áliti sig skylduga að framfylgja þeim upphæðum, er nefndin hefir stungið upp á, því að þegar menn krefjast meira, þá er tilboði stjórnarinnar hafnað, og þá hefir hún enga siðferðislega skuldbindingu til að sjá um, að frumvarpið verði gjört að lögum. Þess vegna vil eg halda mèr til 7. greinar frum-

varpsins eins og hún er, og álít eg það ísjárvert að hafna því boði. Ef vèr gjörum mjög háar kröfur, þá er eigi sagt, að fjárstjórnarráðgjafinn haldi málinu til streitu á ríkisdeginum, eða leggi sig í framkróka til að verja það, og því skyldi hann með slíku vilja, að eins gjöra sig óvinsælan á ríkisdeginum? En hann er siðferðislega skuldbundinn til að halda málinu fram af alefli, ef vèr tökum boði stjórnarinnar, og föllumst á frumvarpið.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að áskilja mèr nokkur breytingaratkvæði, því eg vona, að málið sè nú bráðum fullrætt til undirbúnings. Eg áskil mèr þá viðauka-atkvæði við 2. grein frumvarpsins á þá leið, að á eptir orðin: «á hendur», verði bætt; *með fullu fjárforræði.* 2. grein hljóðar um það, að alþing takist á hendur meðferðina á fjármálum Íslands. Reyndar ímynda eg mèr, að meining greinarinnar sè sú, að alþingi skuli hafa þenna starfa á hendi með sama rètti, sem ríkisdagurinn hefir verið látinn hafa; en þó álít eg betra að það sè skýrt tekið fram. Við 3. og 4. grein er ekkert athugandi. Hver þingmaður getur sèð, hvað í þeim liggur, þar eru taldar upp allar tekjur, og öll gjöld Íslands, sem alþing á að hafa vald yfir, og er því þinginu veitt fullt fjárforræði með 2.—3. gr. frumvarpsins. Eg vil nú helzt, að 5. gr. væri felld úr, því að eg sè enga þörf á, að eptirlaun sè borguð út í Danmörku, þar sem embættislaun eru borguð hèr, og má því sú undantekning virðast, að minnsta kosti óþörf. Eg er nú í nokkrum vafa um, hvort eigi ætti að fella 6. gr. alveg. Nefndin hefir nú sett þar aðra grein í staðinn, sem stendur undir I 4. Þessi breytingaruppástunga nefndarinnar hefir það gott við sig, að hún vill ekki láta stjórn Íslands mála í Kaupmannahöfn vera óumtalaða, þegar stjórnarbótin kemst hèr á. Þó er það eigi nógu skýrt tekið fram, að þjóðfundurinn skuli fá að ræða um *fyrirkomulagið* á stjórn hinna íslenzku mála í Danmörku, og var það sökum þess, að nefndin áleit ekki eiga vel við, að taka þetta fram í þessu máli, sem er fjárhagsmál; þó var í nefndinni talað um sambandið milli stjórnar Íslands hèr á landi, og stjórnar Íslands í Danmörku, en hún sá sèr ekki fært, að fara lengra út í það mál að svo stöddu. En eg tel sjálfsagt, að þegar búið er til frumvarp til nýrrar stjórnarskipunar hèr, þá ætti að tiltaka, hvernig þetta samband ætti að vera. Eg vil og áskilja mèr það viðauka-atkvæði við II 1., að á eptir orðin; «hèr á landi», verði bætt: «eptir kosningarlögunum 28. september 1849 og eptir konungsúrskurði 23.

september 1848». Eg held að allir verði að játa, að það sem boðið er í 1. —4. gr. frumvarpsins, sè svo mikil rèttarbót, að oss hafi aldrei síðan landið byggðist verið boðin önnur lík af konungs hendi. Þess vegna hafði eg og það orð, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hneykslaðist á, að þinginu væri skylt að þiggja, en eigi hafna þessu sættaboði. Eg gat eigi tekið minna til um þetta sættaboð, sem er hið mesta og fyrsta sættaboð, sem komið hefir frá stjórninni til að koma málinu í rètt horf síðan 1848 (*Halldór Kr. Friðriksson:* En þjóðfundurinn 1851). Það vita nú allir, sem lesa þjóðfundartíðindin, að það er hinn mesti munur á því fjárhagsfrumvarpi, sem lagt var fyrir hann og því frumvarpi, sem hèr liggur fyrir, því að eptir því frumvarpi átti þingið eigi að ráða yfir tekjum af konungsjörðum, af andvirði seldra þjóðjarða, metorðaskatti, nè tekjum af verzluninni, svo ekkert var loks eptir nema tíund og skattur. Því er þetta hið fyrsta verulega sáttaboð frá stjórnarinnar hálfu í stjórnarbótarmáli voru, með því að hitt var miklu fremur ósátta- en sáttaboð. Eg segi það satt, að eg get eigi forsvarað annað fyrir samvizku vinni, og kjósendum mínum, fyrir Íslendingum, öldum sem óbornum, en að gefa því atkvæði mitt, að þessari sættatilraun verði framgengt, en þó með þeim fyrirvara, að allt málið sè *á enda kljáð* á þjóðfundi.

Konungsfulltrúi: Hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði í ræðu sinni, að Ísland ætti fjárkröfurètt sinn til ríkissjóðsins óskertan, þó þingið aðhylltist frumvarp stjórnarinnar, sem vel að merkja er frumvarp til laga. Þessi skoðun hans getur ómögulega verið rètt; því þegar frumvarpið er orðið að lögum, er þar með líka upphæð fjárframlagsins úr ríkissjóðnum löggilt, og fjárkröfunni ráðið til lykta.

Jón Pètursson: Mèr sýnist þetta undarlega mælt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, því að eg var einmitt að mæla með frumvarpinu. Eg lèt það með öllu óafgjört, hvort Ísland hefði nokkrar fjárrèttarkröfur til Danmerkur eður ekki. Frumvarpið gengur út á, eptir fyrirsögu þess, að eins að nýtt skipulag komist á fjárhagssambandið milli Íslands og Danmerkur, og eg sè enga ástæðu til að leggja meira í frumvarpið en orð þess leyfa, og spilla þar með fyrir frumvarpinu. Eg talaði að eins í þeirri veru að sameina þingmenn við frumvarpið.

Framsögumaður: Það vill nú heppilega til, að nefndarálitið hefir verið svo vel varið bæði af hinum háttvirta þingmanni Árnes-

inga, og hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga. Hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu dæmdi mig nú nokkuð hart, og hann fór heldur eigi að öllu leyti rètt með það sem eg sagði. Honum þótti rangt að kalla þetta frumvarp, sem hèr liggur, fyrir álitssmál, en eg hefi eigi kallað það álitsmál í öðrum skilningi en þeim, að alþingi á að segja um það álit sitt, í þeim skilningi er það álitsmál og getur eigi verið annað; alþingi gefur nefnilega að eins álit sitt um hvert mál sem fyrir það er lagt, og þetta mál er eins og hvert annað mál að eins borið undir álit þingsins. Hann reyndi nú líka til að gjöra hina konungkjörnu þingmenn tortryggilega í augum þingsins, en eg vona að þau orð verði ekki blettur á þeim, sem þeim var bent að, heldur verða þau á ábyrgð þingmannsins, enda hefir hinn háttvirti þingmaður Árnesinga svarað þeim eins og bezt átti við. Eg skal nú eigi fara út í rentureikning þingmanns Strandasýslu út af Bjelkesjörðunum; ríkisþingið fær víst kost á að sjá hann, ef það les alþingistíðindin, og það var nú þetta sem þing manninum var svo annt um; eg veit nú reyndar ekki, hvort ríkisþingið sannfærist mikið af honum, um að fjárkröfur Íslendinga sèu á rökum byggðar, en það fær, þó að minnsta kosti að sjá, að þingmaður Strandasýslu hefir ljósa hugmynd um rentureikning. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga kom nú enn með efasemdir um, að þingið væri fært um að segja álit sitt um þetta mál. En það er búið að hrekja þær ástæður, sem hann færði fyrir því, svo eg skal ekki fara lengra út í það. Það hefir sagt verið, að þingmenn hefði ekki umboð frá kjósendum sínum til að segja álit sitt um þetta mál. En það er annað, sem alþingismenn eiga að fara eptir en umboð eður vilja kjósendanna, og það er þeirra eigin sannfæring, sem þeir eiga að fylgja bæði í þessu máli og öðrum, eptir því sem boðið er í 59. grein alþingistilskipunarinnar. Eg met nú mikils vara-uppástungu hins háttvirta þingmanns Árnesinga, og eg neita því ekki, að hún sè mikið aðgengileg, en mèr sýnist hún eigi í neinu verulegu ólík minni hluta nefndarinnar, en það getur nú komið til frekari umræðu við ályktarumræðuna. En ef það gæti orðið til sátta, þá álít eg mikinn árangur af henni, og mun eg gefa henni atkvæði mitt, ef minni hluti nefndarinnar fellur.

Benidikt Sveinsson: Það gleður mig, að hinn háttvirti framsögumaður hefir ekki á móti vara-uppástungu minni, en hitt þykir mèr kynlegt, að hann skuli álíta, að hún að aðalhugsuninni til sè

hèr um bil hið sama sem nppástunga minni hlutans, því þar er þó talsverður munur á; vara-uppástunga mín tekur nefnilega stjórnarfrumvarpið beinlínis eins og það er. En bæði meiri og minni hlutinn bæta fyrst nokkru við upphæð þá, er tiltekin er í stjórnarfrumvarpinu, og þó þeir sèu töluvert mismunandi í því, hvað þeir bæta við þessa upphæð, þá er þó meira varið í hitt, að þeir setja báðir fast tillag eða fjárupphæð, sem standa á um aldur og æfi, eins og eins konar tollur frá Danmörku til Íslands, en að gjöra Danmörku svona skattskylda Íslandi þyki mèr óeðlilegt. Eg held því, að mín uppástunga, svona löguð eins og hún er, gangi mun nær vilja og skoðun stjórnarinnar, og því sem eðlilegast er, nefnilega að Ísland haldi þessu fè meðan það þarf þess, en ekki lengur. · Eg vil að eins benda á ástæður frumvarpsins bls. 11, og þar sèr maður glöggt, að fjárstjórnin byggir líka á því, að landinu sè veitt fè það, er það þarf til viðreisnar frjálsu stjórnarfyrirkomulagi, og þó þetta tillag sè takmarkað við 12 ár, þá liggur þó engan veginn í því, að því eigi að linna eptir 12 ár, heldur miklu fremur að það eigi að viðhaldast þar til landið geti án þess verið, þó þetta sè ei tekið fram með berum orðum. Í minni uppástungu er nú og ekkert ákveðið um, hvenær þetta tillag eigi að enda, og heldur eigi, að það eigi aldrei að enda, svo mèr finnst grundvallarskoðun stjórnarinnar vera rakin í minni uppástungu fet fyrir fet. Og þó það nú muni um 8000 rd. frá minni hlutanum hin fyrstu 12 ár, þá finnst mèr það í rauninni gera lítið til, enda má þá bæta það upp síðar. Það kom nú fram hjá hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu misskilningur um orðið álítsmál og var nokkur von til, að hann misskildi þetta orð, því að álitsmál í vanalegri þýðingu er nokkuð annað en það sem hèr er um að ræða. En ef þingmaðurinn gjörir sèr skýra grein fyrir því, sem eg hefi áður sagt, þá vona eg, að hann sjái, hvað hèr er meint með álitsmáli. Hinn háttvirti framsögumaður hefir nú einnig tekið það svo skýrt fram, að þingið gefur nú að eins álit sitt um mál þetta, en leggur ekki fullnaðaratkvæði á það. Hèr er verið að ræða um, að undirbúa stjórnarbótarlög vor, og það er allt annað en einföld lög. Það verður eins og eg hefi margsinnis tekið fram, ekki hjá því komizt, að þetta mál sè lagt fyrir ríkisdaginn. Konungur getur eigi með ályktun alþingis leitt málið til lykta. Að því leyti sem talað hefir verið um, að eigi væri munur á þjóðfundi og alþingi, þá held eg að þessi munur verði ljós fyrir þingmönnum, er þeir hugsa sig

betur um, og mèr þykir undarlegt, að þeir menn, sem annars eru glöggskyggnir skuli ekki hafa sèð hann fyrir löngu. Eg vil nú enn fremur segja að því linari sem vèr erum í fjárkröfunum, því heldur muni stjórnin láta oss fá það sem hún á hægt með að veita, og það er fullnaðaratkvæði í stjórnarbótarmáli voru, og getum vèr þannig verið því harðari í hinum mikilvægu kröfum, frelsinu sjálfu, sem vèr erum linari í hinum lítilsverðari, peningakröfunum. Þannig skil eg eigi, að stjórnin neiti oss um almennan fund, þjóðfund, ef alþingi lýsir því yfir, að þjóðin hafi rètt til að gefa fullnaðaratkvæði sitt í þessu máli í því skyni að slaka sem mest til við Dani hvað fjártillagið snertir. Eg skal og játa það, að kringumstæður Dana gjöra það að öðru leyti að verkum, að vèr eigum alls ekki að vera strangir í fjárkröfum vorum, en aptur þurfum vèr ekkert að gefa eptir af því, að vèr fáum atkvæðisrètt til að samþykkja stjórnarbót vora. Eg vona því, að allir, sem erus annarlega velviljaðir Íslandi, setji ekki fjárkröfurnar of hátt, og að allir þeir sem eru sannarlega velviljaðir stjórninni og Dönum berjist ekki á móti þjóðfundi.

Ásgeir Einarsson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir nú útlistað, að eg var eigi hegningarverður fyrir skilning minn á álitsmálsnafninu, eins og sumir hafa álitið; eg hefði heldur ekki hneykslast á því, hefði það eigi komið frá fleirum þingmönnum, því að ef þetta væri að eins álitsmál, þá held eg, að það væri óhætt, að það kæmi fyrir ríkisdaginu. En eg hneykslast á því, að nefndarmenn koma sjálfir með slíka kenning, af því í nefndarálitinu stóð frumvarp til laga, og vildi eg því komast úr villu með þetta tvennt bæði fyrir mig og aðra, hvort hèr væri að eins um álitsmál að ræða, eða ætti að álíta það sem lög, þegar það væri komið frá ríkisþinginu (*Sveinn Skúlason*: Hver hefir sagt það?). (*Magnús Jónsson:* Konungsfulltrúi sagði það). Eg veit nú ekki hvort það var ástæða til þess, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að eg hefði dæmt of hart um hina konungkjörnu þingmenn; orð mín geta sèst hjá skrifurunum í ræðu minni, enda mundi forseti hafa tekið fram í, ef honum hefði þótt eg hafa talað óviðurkvæmilega. En það var engan veginn meining mín, að hinir konungkjörnu væri mótfallnari því, er hèr væri þjóðarvilji, en sumir hinir þjóðkjörnu. Þar sem nú hinn háttvirti framsögumaður lofaði, að orð mín skyldi komast til ríkisdagsins, þá finn eg ekki að því, því eg vildi helzt, að það sem eg tala hèr, væri af svo hreinu hjarta og sannfæringu, bæði fyrir guðs og manna sjónum, að eg gæti örugg-

ur sagt, hvar sem þau sæust: «Hræðist ekki þá sem líkamann deyða, o. s. frv.»

Forseti: Þar sem hèr hefir orðið nokkur ágreiningur um hvað væri álitsmál, þá skal eg geta þess, að öll mál sem koma fyrir þing geta að vísu skoðazt sem álitsmál, en það hefir þó verið venja að gjöra mun á álitsmálum og frumvörpum. Frumvarp er það kallað, sem ætlazt er til, að þingið gefi atkvæði um grein fyrir grein; en álitsmál er það kallað, er þingið greiðir eigi atkvæði um hverja sèrstaklega grein þess, heldur segir álit sitt um málið yfir höfuð í álitsskjalinu til konungs

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi áskilja mèr viðauka-atkvæði við 5. grein hjá nefndinni, að við niðurlag greinarinnar bætist: «og sè haft sèrlegt tillit til þessara útgjalda í tillaginu«. Þetta er svo að skilja, að tillagið verði sett þeim mun hærra í frumvarpi því til stjórnarbótar, sem lagt verður fyrir þjóðfundinn, sem oss verður þá ætlað að kosta íslenzku stjórnina í Kaupmannahöfn, því þótt eg telji sjálfsagt, að vèr eigum að kosta hina nýju stjórn hèr á landi þá verðum vèr þó að halda því fram, að úr því ríkissjóðurinn kostar núna stjórn hinna íslenzku mála í Kaupmannahöfn, þá er rètt að taka tillit til þessa kostnaðar ríkissjóðsins, ef vèr eigum að borga þessari stjórn eptirleiðis.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga ráðgjörði nú breytingaratkvæði við viðauka-atkvæði við 7. gr. líkt því, sem eg hafði ætlað mèr að gjöra og sleppi eg því þá. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu á 13. bls. er ráðgjört að leggja stjórnarbótarmálið fyrir fulltrúaþing Íslendinga. Eg álít, að þetta geti eigi þýtt annað, en að stjórnin ætli að leggja stjórnarbótarmálið fyrir þjóðfund, því að annars hefði frumvarpið nefnt alþing, svo eg verð að halda, að það sè í anda stjórnarinnar að biðja um, að þetta mál verði lagt fyrir þjóðfund.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst eigi vera farið að ræða frumvarpið enn. Og þó að það sè af gjört, að málið sè álitsmál, þá finnst mèr eigi fyrir því vera búið að ræða, hvort heldur skuli taka vara-uppástungu þingmanns Árnesinga eður hitt. Þess vegna vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði almenns efnis, það er að segja um upphæð þá, sem vèr eigum framvegis að fá af Dönum. Vil eg þá sameina það minnsta, nefnilega, sem stjórnin hefir tiltekið og hið mesta, sem upp á hefir verið stungið, þannig, að tillagið sè upphaflega 120,000 rd. sem minnki árlega um 5 til 10 þúsundir dala, þangað til

að komið er niður í hið fasta tillag eður 42,000rd. Þess vegna vil eg spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort nefndin hafi hugsað sèr, að hið fasta tillag ætti að vera 50,000 eptir minni hlutanum eða 60,000 eptir meiri hlutanum eptir þessi 12 ár. Þá hefir nú nefndin viljað, að gefin væri út óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf fyrir þessu tillagi. En, er ríkissjóðurinn áreiðanlegri í þessi 12 ár, en hann verður, þegar þau eru liðin?

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að þótt nefndin vildi binda tillagið við vissa upphæð eptir 12 ár, gæti þó svo farið, eptir því sem uppástungur nefndarinnar eru orðaðar, að tillagið gæti orðið hærra, þegar það væri ákveðið að nýju, en nefndin hefir viljað láta það geta minnst orðið; nefndin gat því ekki beðið um skuldabrèf fyrir vissri upphæð, fyrr en hún yrði ákveðin. Og þegar von var á nýjum ákvörðunum um það eptir 12 ár, þá þótti henni ekki þörf á að biðja um þetta fyrri. Að því leyti sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að einstakar greinir frumvarpsins væru óræddar, þá kemur sú spurning að vísu hinum háttvirta forseta við, en eg get ekki betur sèð en þær megi álítast að vera ræddar við þær umræður sem orðið hafa um frumvarpið í heild sinni.

Forseti: Eg verð að segja, að eg er samdóma hinum háttvirta framsögumanni í þessu atriði, að um leið og nefndin hefir sagt álit um málið í heild sinni, þá hefir hún um leið tekið tillit til hinna einstöku greina, enda hefir þetta mál verið rætt í öllu tilliti eins og önnur frumvörp.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil einnig áskilja mèr breytingaratkvæði í sömu stefnu og þingmaður Borgfirðinga, við tölul. II. 2, af því að mèr þykir hann eigi nógu yfirgripsmikill og til að fyrirbyggja allan vafa, en breytingaratkvæðið verður þess efnis, að fjárhagsmálið verði lagt til síðustu úrslita undir þjóðfund.

Halldór Jónsson: Þó að eg sè einn af meiri hluta nefndarinnar vil eg samt áskilja mèr breytingaratkvæði við uppástungu hans við 7. grein frumvarpsins, af því mèr þykir hún ekki vel orðuð; þar stendur nefnilega skuldabrèf fyrir «tillaginu»; meiningin er sjálfsagt skuldabrèf fyrir höfuðstól þeim, sem tillagið er borgað af, sem árlegir vextir; nefndinni mun ekki koma þetta á óvart, því hún mun muna eptir, að ágreiningur var í nefndinni um það, hvernig skyldi orða 7. gr., en til þess að sameina sig minni hlutanum, lèt meiri hlutinn undan, en nú vil eg mega breyta greininni svo hún verði eins og meiri hlutinn upprunalega orðaði

haua. Eg hef enn ekki í máli þessu notað rètt minn sem nefndarmaður til að taka til máls, og vona því, að eg megi tala nokkur orð. Mèr hefir líka dottið í hug annað breytingaratkvæði. Það kom til tals í nefndinni, hvenær tillag þetta skyldi byrja, og varð niðurstaðan sú, að það skyldi ekki byrja fyrr en frumvarp þetta yrði að lögum, og það ætti að koma sem lögákveðið í stjórnarskránni. Eg ætla samt til vara að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að þó frumvarpsins 1—6 gr. ekki öðlist lagagildi fyrr en í stjórnarskrá Íslands, verði þó tillagsupphæðin ákveðin án tillits til þess, t. a. m. frá 1. apríl 1867. Þegar búið er að ákveða tillagsupphæðina er hægra að gjöra áætlun um útgjöldin; og verði eitthvað afgangs, höfum vèr nóg með það að gjöra. Eg játa, að eg hef verið í miklum vafa um, hvort þingið ætti að fallast á frumvarpið eður ekki. Mèr finnst sèr í lagi frá hinni formlegu hlið, það vera óeðlilegt, að ríkisdagurinn afsali sèr störfum, sem hann aldrei hefir haft að lögum; eg vil þó ekki gjöra svo mikið úr þessu atriði, að þinginu fyrir það beri að ráða frá frumvarpinu. Hvað hinu viðvíkur, að þingið ekki sè bært um að ákveða tillagsupphæð, en að það heyri undir þjóðfund, þá verð eg að lýsa því yfir, að eg er hræddur um, að ekki verði hægt að fá breyting á tillagsupphæðinni, úr því lög eru komin út um það. Þess vegna er það varasamt að taka til lágar tölur, og sýnast mèr þeir, sem það gjöra, gleyma, að landið er fátækt, en auðurinn afl þeirra hluta, sem gjöra skal; þeir gleyma einnig rèttarkröfum þeim, sem landið í öllu falli verður að hafa, eins þó byggt sè á núverandi ástandi, en ekki reikningskröfum, því hið nú veranda ástand er fram komið Íslandi ósjálfrátt. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók það að vísu fram, að ekki væri útsèð um kröfur vorar fyrir því, þó fallizt væri á tillagsupphæð frumvarpsins, og er það að vísu satt, að tillagið eptir 7. grein, snertir að eins innanlands stjórn, aptur á móti bendir 6. grein á, að Ísland seinna eigi, ef til vill, að taka að sèr hlutdeildir í þeim kostnaði, sem stjórn Íslands í höfuðstaðnum, og gufuskipsferðirnar millí Íslands og Danmerkur, hafa í för með sèr. Og það er með berum orðum tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu (2. gr.), að tilgangur frumvarpsins sè að leysa sambandið og ákveða tillagsupphæðina. Vèr verðum því, að vera varkárir með að þiggja hvaða tillag sem vera skal, eða kaupa frelsi fyrir hvaða verð sem er, því eg held menn hafi enga vissu fyrir, að tillaginu verði breytt, þegar einu sinni er búið að

ákveða upphæð þess. Komist þingið að þeirri niðurstöðu, að ráða frá frumvarpinu, verður það að stinga upp á hærri tölum, en ef það fellst á það. Ef nefndin hefði haft tillit til stjórnarinnar í höfuðstaðnum, mundi hún hafa tekið hærri upphæð til. Ef þingið ræður frá frumvarpinu, verður það að tiltaka einhverja vissa upphæð, og hlyti það, að mèr finnst, að vera gjört nokkuð í lausu lopti, meðan ekkert liggur fyrir um stjórnartilhögun eða stöðu Íslands í ríkinu.

Forseti: Af því að nú er orðið svo framorðið, en nokkrir hafa enn beðið sèr hljóðs, en aptur aðrir, að umræðunum verði hætt, vil eg skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort undirbúningsumræðu þessari skuli nú vera lokið, eða henni skuli halda áfram.

Var því næst gengið til atkvæða, og var það samþykkt með 12 atkvæðum, að umræðunum skyldi áfram haldið. Forseti ákvað þá næsta fund sama dag kl. $4^1/_2$ e. m.

Fundi slitið.

---

37. fundur — 19. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Samkvæmt því sem ályktað var í dag, verður undirbúningsumræðunni í fjárhagsmálinu haldið áfram.

Benedikt Sveinsson: Af því þingmaður Norður-Þingeyinga ekki er kominn á fund, og eg heyrði ekki glögglega breytingaratkvæði hans, þá get eg að svo stöddu ekki talað um það.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg get heldur ekki fallizt á breytingaratkvæðið, en mèr sýnist óþarft núna strax, að fara að tala um það.

Benedikt Sveinsson: Eg get ómögulega fallist á, að breytingaratkvæðið verði tekið í staðinn fyrir 7. gr., því það fer svo langt út fyrir frumvarpið og umræðurnar.

Jón Pètursson: Það er frumvarpið sjálft, sem leysir þenna

hnút; það ákveður upphæð tillagsins, vilji menn fá innlenda stjórn, og býður hana ekki, nema menn taki frumvarpið eins og það er.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ráðgjörði hálfvegis að bera upp breytingaratkvæði við 7. grein, sem gengi út á að hækka lausatillagið, ef enginn annar yrði til þess, og þess vegna verð eg að tala nokkur orð um málið sjálft. Mestur ágreiningur milli þingmanna hefir orðið um það, hvort þingið væri bært um, að taka mál þetta til álita eður eigi. Eg er á þeirra máli, sem segja, að þingið sè «competent» til að segja álit sitt um það, á því stigi sem það nú er. Þingið ræður málinu öldungis ekki til lykta með atkvæði sínu fyrir það, heldur er þetta einungis nauðsynlegur undirbúningur undir hin síðustu úrslit málsins, sem eptir ætlun nefndarinnar, skeður um leið og stjórnarbótarmáli voru verður til lykta ráðið (*Pètur Guðjónsson:* Rètt). Mèr finnst það vera mjög svo ísjárvert fyrir þingmenn, að vera að hanga hèr í tómum formum, og hafna þessu áríðandi máli, einmitt af því, að það sè ekki sem formlegast uppborið; menn vita þó, að sú bezta rèttarbót, sem við höfum fengið, verzlunarlögin 1854, er orðin hèr að lögum á svo formlausan hátt sem mest má verða. Þeir sem ráða til að kasta frumvarpinu, hafa ábyrgð á því, bæði fyrir þjóðinni og eptirkomendum sínum, og þá ábyrgð ætla eg næsta þýðingarmikla, ef menn með því kasta frá sèr eða hafna góðu máli. Við verðum að ímynda okkur konunginn og stjórn hans, eins og hvern annan mann; ef við köstum frumvarpinu, og höfnum þessari fyrstu tilraun stjórnarinnar eða konungsins, til að semja um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur, þá er öll von til þess, að það muni koma fyrtni í stjórnina, og hún álíti sem svo, að ekki sè við Íslendinga eigandi um fjárhagsskilnaðinn, og það verði ef til vill til þess, að málið verði lagt upp á hylluna, og er þá ef til vill undir hælinn lagt, hve nær það verður tekið ofan af henni aptur. Hefðu menn fullkomna vissu fyrir því, að við fengjum þjóðfund, með sama valdi, og skipaðan á sama hátt, sem þjóðfundurinn 1851 var, þá væri vist öðru máli að gegna, og þá væri þinginu nokkur vorkunn, þó það vildi slá málinu á frest. En hverja vissu hafa menn fyrir því? Eg held alls enga; því þó hið konunglega fyrirheiti frá 1848 sè enn þá óupphafið, eins og allir Íslendingar verða að álíta, og að það loforð, sem þar í felst, sè óefnt, þá verðum við að gæta þess, að þetta spursmál hefir verið mjög vefengt frá stjórnarinnar hlið, og að við höfum engin meðöl, eða ráð til að

gjöra rètt okkar gildandi gegn konungdóminum í þessu efni; þess vegna verður þessi rèttur okkar til þjóðfundar, að vera viðurkenndur frá hinni hliðinni, eða frá stjórnarinnar hálfu, ef við eigum að geta byggt fulla vissu á honum um það, að við fáum þjóðfund. Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji gjöra lítið úr þeirri góðu von, sem ýmsir þingmenn gjöra sèr um þjóðfundinn, heldur vildi eg að eins benda á það, að menn ekki mætti byggja allt of mikið á tómri voninni.

Konungsfulltrúi: Það er ekki rètt, sem hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu sagði, að þetta mál væri að eins undirbúningur undir fjárhagsaðskilnaðinn; það er undirbúningur undir stjórnarskipunina, en fjárhagsmálið er til lykta leitt, ef þingið aðhyllist frumvarpið, sem hèr liggur fyrir.

Eiríkur Kúld: Eg skal einungis svara þingmanni Suðurþingeyinga því, að eg er öldungis á sama máli og hinn háttvirti konungsfulltrúi um það, að þingið, með því að gefa atkvæði sitt um málið, þá undir eins ráði því til lykta. Hann áleit það vera að svara stjórninni í styttingi, ef vèr rèðum frá að aðhyllast frumvarpið; þessu verð eg fyrir mitt leyti að mótmæla; það er ekki að svara í styttingi, þó maður með hógværum orðum ráði þinginu frá, að aðhyllast það eða það frumvarp, það er að segja, að þingið biðji um, að frumvarpið sè gjört að lögum; til að gjöra það, er þingið ætið í sínum fulla lagarètti. Hinn sami þingmaður áleit það óvíst, að við fengjum þjóðfund; en eg álít það sjálfsagt, að við fáum hann, svo framarlega sem við ekki afbiðjum hann; eg vil ekki gjöra lítið úr konunglegu fyrirheiti, eg ber ofmikla virðingu fyrir því til þess. Eg vil, með tilliti til þess sem hann sagði, leyfa mèr að benda mönnum á það, hvers vegna stjórnin ekki lèt borga þjóðfundarkostnaðinn eins og annan alþingiskostnað, ef hún áleit þjóðfund hafa fullnægt fyrirheitinu 1848? Eg vonast því eptir, að hið konunglega loforð frá 1848 verði vafalaust á sínum tíma uppfyllt.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg get þó ekki fallizt á það, sem konungsfulltrúi og þingmaður Barðstrendinga sögðu, að málið væri til lykta leitt með því ef þingið nú gæfi atkvæði sitt um frumvarpið. Eg skil gang málsins svo, að ef nú þingið fellst á frumvarpið með þessum eða hinum breytingum, sem á því kunna að verða gjörðar, þá verður það síðan lagt fyrir ríkisþingið; fallist ríkisþingið á frumvarpið, þá verður það þegar bindandi fyrir það, og konungdóminn, sem ber að álíta sem annan part málsins; en fyrir

hinn partinn eða okkur Íslendínga getur það ekki orðið bindandi fyrr en það eru orðin lög hèr á landi, og viðtekin í stjórnarlögum landsins, á þann hátt sem nefndin hefir gjört ráð fyrir. Eg sè ei betur en menn geti skoðað þetta eins og hvern annan samning milli manns og manns. Konungdómurinn er hèr gjörandi samningsins öðru megin, en við Íslendingar hinu megin; frumvarp stjórnarinnar er því að álíta sem undirbúning undir samninginn; þinginu er hèr með gefinn kostur á að segja álit sitt um þenna undirbúning, og fyrstu tilraun til að koma samningnum á, en þar af leiðir auðsjáanlega, að samningurinn gildir ekki fyrr en báðir málspartar hafa orðið ásáttir um hann og undirskrifað hann, og þetta hyggur nefndin að eigi að verða frá okkar hlið, jafnframt því sem ný stjórnarbót kemst hèr í kring. Það sem þingmaður Barðstrendinga sagði um þjóðfund, hrakti ekki neitt af því, sem eg sagði þar að lútandi; eg þarf þess vegna ekki að svara honum upp á það.

Konungsfulltrúi: Frá þingsins hlið er fjárhagsmálið, eins og eg sagði, til lykta leitt, með því að fallast á frumvarp stjórnarinnar, og það getur ekki orðið aptur lagt fyrir þingið, en annað mál er það, að frumvarpið fær ekki lagakrapt, fyrri en með stjórnarskipuninni. Viðvíkjandi þeim umtalaða þjóðfundi, þá skal eg taka það fram, að það stendur í ástæðum frumvarpsins, að stjórnin ætli sèr að leggja stjórnarskipunarmálið undir fulltrúaþing í landinu sjálfu, en það er ekki tekið fram, hvort málið skuli verða lagt undir þjóðfund eða undir alþingi.

Stefán Jónsson: Þegar búið er að leggja hèr á þingi atkvæði á frumvarpið, og ríkisdagurinn búinn að lofa fjárveitingu, þá eru báðir partar búnir að samþykkja það; hitt er annað mál, að verkanirnar koma ekki í krapt fyrr en stjórnarbótin er komin á. Það var sèr í lagi sagt, að þegar fèlagsskapur væri milli tveggja manna, þá væri ei hægt fyrir annan partinn að gjöra upp reikning við hinn. Þetta er rètt, en hèr stendur allt öðruvísi á sambandinu milli Íslands og Danmerkur; það er satt, sambandið byrjaði með fèlagsskap, en Danir voru hinir yfirsterkari og urðu brátt einráðir. Það er því rèttara að kalla þetta samband formyndaraskap en fèlagsskap, og því held eg að reikningur geti vel átt sèr stað í þessu máli. Dæmi það, sem þingmaður Borgfirðinga tók af hreppsbóndanum, á hèr ekki við, því hver sveitabóndi leggur eptir vissu hlutfalli til sveitar, hver bóndi borgar sínar skyldur eptir þeirri niður-

jöfnun sem sveitastjórnin leggur á hann, og því getur ekki krafa átt sèr stað þó maður flytji burtu úr hreppnum eða sveit. Það hefir og opt komið fram undir umræðunum, að margir hefðu hèr orðið sjálfseignarbændur við sölu stólseignanna hèr á landi; eg vil ekki neita þessu, en þó voru það ríkismennirnir, sem flestar jarðir keyptu, eins og æfinlega á sèr stað, þegar um slík kaup er að gjöra, að vísu hafa nokkrir orðið sjálfseignarbændur við sölu þessa, en ekki svo margir, að það geti rèttlætt söluna; menn segja og, að eignin sè í landinu sjálfu; en eg held það gjöri lítið til, hvort eignin er opinber eða bænda-eign, því víða hvar munu hinar opinberu jarðir vera eins vel setnar og bænda-eignir; það er því enginn sèrlegur hagnaður fyrir landið, þó auðmennirnir hafi keypt flestar jarðirnar fremur en þó þeir hefðu átt auð sinn í öðru arðberandi fè, svo það getur ekki rýrt þá fjárheimtingu, sem Íslendingar annars kynnu að eiga hjá Dönum.

Benidikt Sveinsson: Allt af kemur nýtt og nýtt fram í þessu máli; nú er mestur ágreiningurinn um það, að hve miklu leyti málinu er ráðið til lykta við það, að þingið segir álit sitt um stjórnarfrumvarpið; eg veit ei, hvað menn meina með þessu «ráða til lykta». Eg álít, að með atkvæði alþingis sè málinu ráðið til lykta í þeim skilningi, sem alþingi getur leitt það til lykta með því að fallast á stjórnarfrumvarpið; því fallist það ekki á það, eða felli það málið, þá hlýtur stjórnin aptur að leggja málið fyrir alþing til álíta eða hætta við málið. Eg vildi leyfa mèr að spyrja þingmann Barðstrendinga að því, hvað hann meini með því að kasta 1. grein frumvarpsins? Eg sè ekki betur en að sá, sem gjörir það, ráði til þess, að vald ríkisþingsins í Danmörku yfir oss í fjárhagslegu tilliti, viðhaldist um óákveðinn tíma. Sá, sem ræður frá 2. grein stjórnarfrumvarpsins, hann óskar þess, að alþingi *ekki* takist á hendur meðferðina bæði á hinum íslenzku fjárlögum, og öðrum fjárhagsmálefnum, er Ísland snerta; sama er að segja um 3. grein stjórnarfrumvarpsins. Það er því ómögulegt fyrir þingið að fleygja frumvarpinu, heldur er það hrein og bein skylda þess að segja álit sitt um málið, svo það geti komizt áfram. Að málinu á hinn bóginn, með þessu áliti þingsins, sè alveg ráðið til lykta, því verð eg alveg að neita; þetta hefir aldrei verið meining nefndarinnar og ekki heldur stjórnarinnar, eins og maður getur sèð á frumvarpi hennar; stjórnin hefir að vísu ráðgjört, að þetta *annaðhvort* komi út sem *sèrstök* íslenzk lög eða sem einn liður í stjórnarbótar-

málinu í heild sinni; þetta síðara atriði er nú eins einmitt hið rètta, og á því hefir nefndin byggt; þetta álit þingsins um málið, er því einungis að álíta sem *undirbúning,* undir stjórnarbótina í heild sinni, og hver sem ræður til að fella málið, forðast að gjöra sitt til, að þetta mikla áhugamál þjóðarinnar einhvern tíma verði á enda kljáð. Eg ætla mèr ekki að fara í eltingaleik við þingmenn út úr sèrstökum atriðum þessa máls; en viðvíkjandi því, sem þingmaður Eyfirðinga sagði, skal eg geta þess, að eg hefi aldrei sagt, að sjálfseignarbændur hafi gjört mikið að jarðabótum, heldur hefi eg sagt, að þeim var gefinn mögulegleiki og sterkasta hvöt til þess að bæta jarðirnar, og að landið hefði þannig getað haft gott af jarðasölunni, að öðru leyti vil eg ekki forsvara hana. En þetta atriði veikir rèttarkröfuna meira en menn halda. Eg hefi aldrei sagt, að það hafi verið tilgangur eður aðaltilgangur stjórnarinnar að koma upp landbúnaðinum, en gjörðin liggur svona fyrir. Eg óska að fá upplýsingar um, hvað þingmenn meina með strangri rèttarkröfu, en eg veit það, að hvað hreppsbúadæmið snertir, þá er niðurjöfnunin, sem þingmaður Borgfirðinga kom með, ekki óheppileg. Stjórnin jafnar niður, og hún er bær að dæma um, hvernig niðurjöfnunin eigi að vera eigi síður en sveitastjórnin, sem þingmaður Eyfirðinga hèlt svo fast fram, að bær væri um að jafna sveitabyrðina; þetta gjörir dæmið vel brúkandi. Annars vona eg, að það verði einlægt ljósar, að þingið geti ekki vísað málinu, frá sèr.

Konungsfulltrúi: Það er rètt, sem þingmaður Árnesinga sagði, að tilgangur jarðasölunnar var jafnframt sá að fjölga sjálfseignarbændum í landinu, og sú skoðun, að það sè hollt fyrir hvert land, að sem flestir sèu sjálfseigendur, gildir hvervetna, og þessi ráðstöfun hefir vissulega komið hèr að góðum notum og eflt velmegun landsins.

Jón Pètursson: Eg hefi ekki neinu við það að bæta sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga tók fram, að ef þingið vill fallast á, að málið sè til lykta leitt, þá á það að ganga að frumvarpinu. Meiru verður ekki ráðið til lykta, en frumvarpið ræður til. Ef menn hafna því, þá er málinu skotið fram í óvissar aldir, og vafasamt, hvað stjórnin þá gjörir.

Eiríkur Kúld: Viðvíkjandi þeim orðum, er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga beindi að mèr í ræðu sinni, áhrærandi 1. gr., þá skal eg svara því, að hversu sárt sem honum er um 1.

gr., þá vil eg eigi fá það, sem hún heimtar, fyrir ónýta stjórnarbót. Mèr skildist á ræðu þingmannsins, sem vildi hann frumvarpið og þar á byggða stjórnarbót fyrir hvern mun. Mèr þykir það líka gegna furða, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga, sem ætið er vanur að hafa svo ljósa hugmynd um málin, skuli ekki geta sèð það, að vèr einmitt með því að gefa atkvæði vor fyrir þessu frumvarpi, eins og það er, ráðum þar með fjárhagsaðskilnaðinum og enda stjórnarbótinni um leið til lykta, já eg vil segja, að jafnvel einhver sitjandi nefndin hèrna í Reykjavík gæti hæglega komið á slíkri stjórnarbót, sem ætti að byggjast á frumvarpinu. Þingmaður Árnesinga sagði, að þessi lög gætu komið út sem sèrstök lög. Eg játa það; það er auðvitað, þegar vèr samþykkjum, þá samþykkir ríkisdagurinn, ef Danir þykjast geta gengið að dalatölunni, og svo gjörir konungur það sjálfsagt að lögum, og þá kemur fjárhagsmálið alls ekki fyrir alþingi aptur, heldur er því alveg ráðið til lykta, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi og þingmaður Eyfirðinga hefir tekið fram. Þingmaður Árnesinga skoraði á þingmenn að skýra það, hvað álíta mætti rèttarkröfu í þessu máli. En eg treysti mèr ekki til að auka skilning hans á því, fyrst hann enn ekki hefir fengið hugmynd um það af þingræðunum eður af álitsskjali fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn. einkum minni hlutans, hvað álíta megi rèttarkröfu í máli þessu og er það því fyrir hann eins og að leita ullar í geitarhús að beina þeirri spurningu til mín.

Pètur Pètursson: Eg ætla að gjöra litla athugasemd um rèttarkröfuna. Mèr hefir heyrzt á umræðum manna, að ómögulegt sè að gjöra hreina reikninga milli vor og Dana. En ef það er ómögulegt, þá geta rèttarkröfurnar eigi orðið annað en sanngirniskröfur, byggðar á líkum. Reyndar er það eðlilegt, að gallar kunni að vera á reikningum þeim, sem hinn háttvirti forseti hefir samið, en þó á hann miklar þakkir skilið fyrir þá, þó ekki verði byggðar á þeim rèttarkröfur; það verða byggðar sanngirniskröfur á þeim, sem verður aðhald fyrir ríkisdaginn og leggur honum á herðar siðferðislega skyldu til þess að gefa Íslendingum góða kosti.

Halldór Jónsson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir tekið það fram, sem eg ætlaði að segja. En eg vil geta þess, að eg skil ekki röksemdafærslu þingmanns Árnesinga, þar sem hann var að sanna, að mál þetta eigi væri til lykta leitt, þó þingið nú samþykkti það. Eg tek dæmi af 2. gr. og af reglum

þeim, sem ættu að koma út. Aðalákvarðanir greinarinnar hljóta að verða að lögum með frumvarpinu; það eru einungis reglurnar, sem seinna eiga að verða samdar, sem ekki verða löggiltar með því. Tölustærðin hlýtur að verða að lögum og getur ekki legið undir þjóðfund til breytingar, þegar hún einu sinni er orðin lögákveðin eptir atkvæðum alþingis og ríkisþingsins, og úr þessu verður ekki bætt með breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki verið samdóma þeim háttvirtu þingmönnum Norðurmúla- og Barðastrandasýslu um það, að þetta frumvarp verði alveg að lögum undir eins og það fer nú frá þinginu, og ríkisdagurinn er búinn að gefa til þess jákvæði sitt, og konungur að samþykkja það. Vèr verðum að gá að gangi málsins. Það er lagt fyrir alþingi til álita til þess að konungur geti fengið að vita, hve mikla fjárupphæð hann á að biðja ríkisdaginn um. Svo leggur hann frumvarpið fram fyrir ríkisdaginn til að fá samþykki hans til þessa hæfilega tillags (*Halldór Kr. Friðriksson* »lög«, hlær): Þó þingmaðurinn hlæi, þá eru þó engin *lög* lögð fyrir ríkisdaginn. Þegar ríkisdagurinn hefir fallizt á upphæðina, og fjárhagsaðskilnaðurinn, eður það, að vèr fáum það fjárforræði í vorum málum, sem ríkisdagurinn nú hefir, hvort sem hann hefir þenna fjárhagsrètt að eins í *rauninni* (de facto) eður þá í *raun rèttri*, þá hefir hann þó afsalað sèr þessum rètti í konungsins hönd. Frumvarp þetta verður þá að lögum í Danmörku en eigi hèr á landi, og það hefir ekki aðra þýðingu í Danmörku þangað til vèr fáum fjárforræði *í vorar hendur*, en að konungur hefir fengið leyfi ríkisdagsins til að veita tillagið og fjárforræðið. Meðan Íslendingar eða þingið ekki hefir fjárforræðið, þá verður einhver að hafa það, og það er og verður að vera konungur og ríkisdagurinn. Nú er spursmálið, hvenær hugsar nefndin sèr, að alþingi taki við fjárforræðinu (*Halldór Kr. Friðriksson:* Þegar stjórnarbótin kemur). Einmitt. Þá fyrst verður frumvarp þetta að lögum hèr á landi, eins og nefndin og eg enn nákvæmar hefi tekið fram með breytingaratkvæði mínu við 8. grein. Þá er að eins ákveðið fyrir fram, að fjáraðskilnaðarinn skuli verða og hvernig. En alþingi hefir eigi þar fyrir tekið sèr *í hendur* fjárforræðið. Nú verður, samkvæmt eðlilegum gangi málsins, stjórnarbótin í heild sinni síðan lögð fyrir þjóðfund eður eitthvert þing hèr á landi. En getur þá ekki það þing sagt: Mèr nægir ekki þetta tillag? Það getur það þing engu síður en þetta þing. Ef frumvarpið til stjórnarskrárinnar verður að-

gengilegt í öðru tilliti en því, að tillagið er tiltekið oflítið, þá játa eg, að það þing mundi ekki vilja hrinda frumvarpinu vegna þessa, því það hlýtur að verða siðferðislegur erfiðleiki, eður næstum ómögulegleiki fyrir þingið, að vilja eigi fallast á frumvarpið sakir upphæðarinnar einnar, því að konungur hefði ekki leyfi til þess að breyta henni án jákvæðis ríkisdagsins, og hlyti þá stjórnarskráin að koma til atkvæða ríkisdagsins að meiru eður minna leyti. Hvað eigum vèr nú þá að gjöra? Eigum vèr að tiltaka einhverja afarmikla upphæð? Nei, því þá yrði annaðhvort ofan á, að stjórnin legði málið upp á hylluna, því eigi væri til neins fyrir konung að leggja málið fyrir ríkisdag, því hann synjaði slíks tillags, og þá væri málið alveg stoppað, eður þá að stjórnin tæki eigi tillögur alþingis til greina, heldur tæki sjálf til aðra tillagsupphæð, sem hún hèldi, að hún gæti fengið hjá ríkisdeginum, og þá verður atkvæði alþingis í málinu eintóm markleysa. Vèr getum þá skoðað mál þetta á tvo vegu. Annar vegurinn er, að hrinda frumvarpinu frá oss, hinn að tiltaka ofháa upphæð, sem ríkisdagurinn getur ekki fallizt á. Eg segi, að það sè eigi til neins að heimta áttatíu, níutíu eður hundrað og tuttugu þúsundir. Ríkisdagurinn segir: «Þetta tillag gegnir engri átt, og er á engum rökum byggt. Það er ekki við alþingi að eiga, mun ríkisdagurinn segja; ef Íslendingar nú ekki vilja fá frelsi og stjórnarbót með hæfilegum kjörum, þá skulu þeir aldrei fá það; því þetta tillag get eg ekki gefið». Hvernig fer svo? Stjórnarbótinni er skotið á frest um ótiltekinn tíma, og um leið loku skotið fyrir hvern skilding framar úr ríkissjóði (*Halldór Kr. Friðriksson*: Nei). Eg veit, að þingmaðurinn mótmælir þessu; en hans nei er einskisvirði. Eg bið þingmenn vel að gæta þess, að þegar nú búið er að bjóða oss fjárhagsaðskilnað og tillag, en vèr viljum ekki ganga að því, þá getur, og þá *hlýtur* stjórnin að segja: Þið skuluð ekki hugsa að þèr hafið óendanlegt lánstraust (Credit) hjá mèr; yður var nær að þekkjast boð mín; þèr vilduð ekki standa á eigin fótum, og þèr viljið heldur ekkert til leggja, nú þurfið þèr eigi að hugsa til þess framar, að leita skjóls hjá mèr». Með þessu tilboði sínu hefir stjórnin velt yfir á oss alveg hinni siðferðislegu ábyrgð, ef vèr nú köstum málinu.

Nú er þá að athuga, í hvert samband nefndin sjálf og breytingaratkvæði mín vilja setja þetta mál við stjórnarbótina. Er nú samband þetta fast og tryggjandi, og hallar það eigi rètti (præjudicerer) þjóðfundarins og niðja vorra. Hver sem les uppástungugreinir

nefndarinnar og breytingaratkvæði mitt og hins heiðraða þingmanns Suðurþingeyinga, hann verður að játa, að fjárhagsmálið getur ekki orðið sett í fastara samband við stjórnarskrá og þjóðfund en hèr er gjört. Það er ómögulegt að fara lengra en gjört er í breytingaratkvæði þingmanns Suðurþingeyinga, sem fer fram á, að mál þetta verði lagt fyrir þjóðfund, sem einn liður stjórnarskipunarinnar; það er líka ómögulegt að fara lengra en mitt breytingaratkvæði gjörir, sem er, að frumvarp þetta, sem þá er orðið að lögum í Danmörku, sem samningur milli konungs og ríkisdagsins, verði að lögum *í stjórnarskrá* landsins. Ef þingmaðurinn sem hristir höfuðið (*Eiríkur Kúld*) getur sett málin í nánara samband, bið eg hann að gjöra það. Menn eru að tala um hættu, af því að aðskilja þetta mál frá stjórnarbótinni. Eptir uppástungum nefndarinnar, er engin hætta á ferðum, málin eru einungis á þessu stigi aðskilin til undirbúnings, en koma á síðan saman í eitt í stjórnarskrá landsins. Eg ætla svo ekki að tala fleira fyrr en eg heyri ástæður fyrir því, að fjárhagsmálið sè í raun rèttri slitið frá stiórnarbótarmálinu.

Benedikt Sveinsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga er búinn að taka það flest fram, er eg vildi svarað hafa þingmanni Barðstrendinga. Það er öldungis auðsjáanlegt á 1. gr. frumvarpsins, að þó ríkisdagurinn samþykki hana, þá samþykkir hann þar með ekki annað, en að lokið skuli starfa þeim sem hann hefir haft á hendi viðvíkjandi fjárlögum Íslands. En má eg nú spyrja: Er fjárforræðið þar með komið undir alþing? Eg vil biðja þá þingmenn, sem halda það, að færa ástæður fyrir þessari röngu skoðun. Álit þetta er alveg rangt. Valdið hverfur frá ríkisdeginum factisk aptur til hans hátignar konungsins, samkvæmt konungalögunum sem gilda enn þá; orsökin hlýtur að hafa afleiðinguna í för með sèr. Eg vil sjá þá hugsunarfræði, sem sýnir eptir rèttum hugsunarreglum, að alþing hafi fengið fjárforræði, þó ríkisdagurinn afsali sèr því. Það er horfið aptur til konungs, en þingið hefir ekki fengið hársbreidd af löggjafarvaldi þar fyrir; til þess þarf nýjan gjörning; þetta stendur ljóslega í alþingistilskipuninnni, og er hinum 6. konungkonungkjörna þingmanni nær að kynna sèr hana betur, en grípa fram í ræðu mína. Í alþingistilskipuninni 79 gr. stendur: Ef oss til að ná vorum landsföðurlegu . . viljum vèr þó fyrst útvega alþingisins *álit*, áður en vèr í því tilliti, gjörum nokkra *endilega ályktun*; þessi grein snertir nefnilega að eins alþingistilskip-

unina eður grundvallarlög þingsins sem *ráðgefandi* þings. En má eg nú spyrja: Hvernig á sú metamorphosis eða eðlisbreyting að koma á þingið, að það verði *löggjafarþing*, þó ríkisdagurinn hætti þessum starfa sínum. Með þessu játar maður einmitt því, sem menn eru að neita, að ríkisdagurinn veiti oss fjárhagsráð. Þetta sannar það þó einmitt berlega, að frumvarp þetta geti ekki orðið að lögum fyrr en þetta þing eða eitthvað annað þing Íslendinga fær löggjafarvald frá hans hátign konunginum sjálfum og það getur orðið með því einu móti, að konungur selji þenna rètt sinn í hendur Íslendingum gegnum fulltrúaþing og ný stjórnarlög. Hvernig sem með mál þetta er farið, getur það ekki orðið öðruvísi en þetta, og þarf þingið því ekki að óttast annað en ranga aðferð frá þess hálfu. Ef málið verður fellt vil eg biðja þingmenn gjöra svo vel að segja mèr dag og datum nær ríkisdagurinn á að hætta starfa sínum um fjárlög vor; þetta viljum vèr, skammsýnir menn, fá að vita vegna kjósenda vorra og Íslendinga yfirhöfuð. Það var óheppilegt, að hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga ekki svaraði spurningu minni nema viðvíkjandi 1. grein frumvarpsins; hinum sleppti hann; en eg reyndar get vel skilið hvers vegna; hann hefir eigi treyst sèr til þess; eg veit að vísu að hann, eins og aðrir þingmenn, vill hið bezta og óskar hins bezta; en hèr veltur á að sjá hvað bezt er; óskirnar duga ekki; það dugar ekkert annað en sannleikurinn. Það var öldungis rètt skoðun hjá hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga, að ef þingið fellir málið, þá hefir stjórnin velt ábyrgðinni yfir á þingið. Það er ekkert fast ákveðið um fjárhaginn, þó menn gefi atkvæði um 7. grein, því í henni er ráðgjört, að tillagið skuli að nýju tiltakast eptir 12 ár, og sýnir það sannarlega, að málið er ekki til lykta leitt. Á hið sama bendir einnig það, sem stendur í 6. grein, um fè það sem þarf til stjórnarinnar í höfuðstaðnum og gufuskipsferðanna, því það er ekki meiningin í 7. grein, að þessi gjöld skuli vera Íslandi viðkomandi eptir 12 ár; ef einhver getur sýnt mèr, að það sè meiningin, og dregið það út af greininni eptir rèttum hugsunarreglum, þá bið eg hann gjöra það; standi það ekki í 6. grein segi eg að stjórnin hafi látið verulegasta atriðið í fjárhagsmálinu og stjórnarbótarmálinu óákveðið. Eg verð enn að taka það fram, að hèr ræðir um fjártillag og tíma, sem snertir hina innri stjórn Íslands, þó þingið tæki frumvarpið með fullu ályktaratkvæði, væri samt ekki útgjört um málið einu sinni eptir sjálfu frumvarpinu. Eg vil leyfa

mèr að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa að segja hvort þessi meining mín sè röng. Fjárhagsmálið er nefnilega ekki til lykta leitt, nema ef það yrði þannig, að þingið með því að fleygja málinu styddi að því, að því yrði aldrei framar hreift.

Konungsfulltrúi: Það er búið að taka það skýrt fram, að fjárhagsmálið sè útkljáð frá Íslands hálfu, ef alþingi fellst á stjórnfrumvarpið, og ríkisþingið samþykkir það í frumvarpinu tiltekna fjárframlag til Íslands úr ríkissjóðnum, og virðist ekki þurfa að ræða meir en búið er um þetta atriði.

Benidikt Sveinsson: Eg talaði einungis um tillag til innanlandsstjórnar um tíma eður í 12 ár í mótsetning við fjárhagsmálið í heild sinni, svo konungsfulltrúi svaraði ekki spurningu minni.

Eiríkur Kúld: Mèr datt nú í hug; þar fengu Danir prókúratórana, þar sem þingmaður Borgfirðinga og þingmaður Árnesinga kölluðu frumvarp þetta sáttaboð frá Dönum. Fyrst það er kallað sáttaboð, þá hefir þingið leyfi til að láta í ljósi, að hvaða sáttaboðum það vilji ganga. Þeir sögðu, að frumvarp þetta yrði ekki að lögum, þó alþing fèllist á það. Ef að eg hefði verið þeirrar meiningar, held eg þó ekki að eg sè svo skilningsdaufur, að eg hefði ekki sannfærzt af þeim löngu umræðum sem orðið hafa, og furðar það mig því stórlega, að þessir tveir heiðruðu þingmenn skuli ekki hafa getað það, þar sem annar þeirra þó er lögfræðingur en hinn gamall stud. politicis eða hagfræðingur; eg verð því að segja í þessu tilliti um þá: Sá sem ekki vill skilja, getur ekki skilið. Eg tek það enn fram, að þetta er frumvarp til *laga*; nú fellst alþing á það, og síðan máske ríkisdagur, hvernig geta þessir þingmenn þá gefið oss tryggingu fyrir, að konungur ekki gjöri það að lögum. Eg get vel skilið, að það komi fyrir þjóðfund samfara stjórnarbótinni, en þá kemur það ekki sem frumvarp heldur sem lög, sem engin breyting getur á orðið; og stjórnarbótin hlýtur þá eingöngu, að byggjast á upphæð þeirri sem nú verður að lögum gjörð, og hefir þá alþing með því fyrir fram afgjört stjórnarbótarmálið. Eg skil því ekki hvers vegna menn eru að reyna að innbyrla þinginu þessa trú.

Framsögumaður: Eg get ekki betur sèð, en að skoðun hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga á því, að málið sè ekki til lykta leitt með tillögum alþingis, sè alveg rètt. Þegar þingið hefir fallizt á frumvarpið, er að vísu málinu lokið frá þess hendi, en eptir uppástungum nefndarinnar, sem að þessu leyti vel geta samþýðzt

ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, á ekki frumvarpið að fá lagagildi fyrri en stjórnarbótin kemst á. Menn geta rèttilega sagt, að frumvarpið sè undirbúningur undir tvennt, bæði undir ríkisþingið, sem það verður borið undir á eptir, og undir stjórnarbótina. Mèr skilst svo, að þegar stjórnarbótarlögin verða lögð fyrir þing hèr á landi, muni í því verða tiltekið, yfir hvaða tekjum alþingi fái umráð, í samhljóðun við 3. grein frumvargsins, og verði þá enn fremur talin með því fè, sem alþingi fær atkvæði um, fjárupphæð sú, sem ríkisþingið fellst á, að greitt sè úr sjóði konungsríkisins sem árgjald. Þess vegna geta menn sagt, að málinu sè ráðið til lykta frá þingsins hálfu, enda þó tillögur alþingis í þeim skilningi, sem eg hefi nú tekið fram, sè undirbúningur; það er, eins og eg hefi vikið á, komið undir því þingi, sem stjórnarskipunin verður lögð fyrir, hvort þessi lög fá gildi, með því það þing, þó það sjálfsagt ekki geti breytt árgjaldsupphæðinni, getur ráðið frá stjórnarskipunarfrumvarpinu af einhverjum ástæðum og þá einnig af þeirri ástæðu, að þingið ekki treysti sèr til að koma á stjórnarskipuninni með því fè, er það hafi til umráða. Í einu atriði get eg ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesinga. Hann áleit, að í ástæðunum fyrir annari grein væru meintar reglur þær, sem þetta frumvarp gefur, en þetta er víst ekki svo; þar er vissulega átt við hinar ýtarlegri reglur, sem nauðsynlegt yrði að setja um það, hvernig ræða skuli hin árlegu fjárhagslög Íslands á alþingi o. s. frv. Eg get ekki betur sèð en að hinn heiðraði þingmaður Árnesinga hafi rètt að mæla, þar sem hann segir að með frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, eður rèttara ákvörðunum þess, þó þær verði að lögum, sè ekki búið að ráða fjárhagsmálinu til lykta að fullu; því eptir ákvörðun frumvarpsins í 7. gr. á einmitt að ákveða tillagsupphæðina að nýju, að 12 árum liðnum, eins og líka ákvörðunin í 6. gr. er bundin að eins við 12 ár. Það var meining nefndarinnar, að halda að vísu 12 ára ákvörðuninni um tillagið, en reyna að búa svo um, að vèr hefðum fastari grundvöll að byggja á eptir þau 12 ár, en oss fannst 7. gr. frumvarpsins veita oss, því nefndinni þótti ísjárvert, að allt vær óákveðið um, hvernig þá ætti að fara, og vallt að byggja nýja stjórnarskipun og nýjar ráðstafanir, er henni yrðu samfara, ef menn enga vissu hefðu fyrir sèr um, við hverju menn mættu búast að 12 árum liðnum. Af þessum ástæðum vèk nefndin frá frumvarpi stjórnarinnar, og tiltók upphæð tillagsins svo sem hún mætti minnst

verða, eptir þenna tíma, nema alþingi treysti sèr þá til, að missa meira af tillaginu.

Ásgeir Einarsson: Eg get þó ekki annað, en lagt töluverða þýðingu í það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði; mèr sýnist menn verða að byggja á ástæðunum fyrir 2. grein frumvarpsins; þar stendur: «Lagafrumvarp þetta hefir einungis þann tilgang, að leysa samband það, sem á sèr stað millum fjárhagsmálefna Íslands og konungsríkisins, og að ákveða upphæð tillagsins»; það sèst því af þessum orðum «aðaltilgangur frumvarpsins», að hèr ræðir um reglulegt og þýðingarmikið frumvarp, en ekki álitsmál, eins og það er vanalega skilið, og í annan stað, «að ákveða upphæðina», sýnir, að það er ekki þýðingarlaust, hvort alþing ákvarðar upphæð þessa lága eða háa; setjum nú svo, að alþing kveði upp litla upphæð, sem ríkisdagurinn fellst á, að það þá muni verða að lögum; getum vèr þá ekki ímyndað oss, að ríkisdagurinn segi við konunginn: Nú höfum vèr afsalað oss öllu atkvæði um fjármálefni Íslands til konungs, sem fèkk oss þau í hendur; gangi þá ekki saman við stjórnarbótina á eptir, hver veit nema konungur selji fjárforráð vor einhverjum öðrum í hendur, ef vèr ekki segjumst vilja stjórnarbót þá, sem oss verður boðin, og vèr heldur vildum vera lausir við. Er þá óhugsandi, að vèr fengjum hvorugt? Eg vil einungis vekja athuga manna á þessu. Eg vona að menn taki ekki illa upp, þó eg tali óviturlega í þessu máli, sem hina vitrustu menn þingsins greinir svo mjög á um. Þingmaður Borgfirðinga spurði, hvort nokkur líkindi væru til, að ríkisdagurinn mundi veita samþykki sitt, ef mjög há upphæð verði tekin; mèr sýnist þessi orð benda til, að ríkisdagurinn skoði sig sem part móti Íslendingum eða alþingi, ef hann þykist ekki geta annað en annaðhvort gengið alveg að, eða alveg fellt uppástungu þess, en ekki breytt þeim þó háar þættu. Eg vona þingmenn sjái, að eg hreifi þessu ekki í neinu illu skyni, heldur til þess að fá upplýsingar, og ætla eg ekki að tala meira um þetta fyrr en eg fæ þær. Eg ætla að minnast á það, sem þingmaður Árnesinga spurði um strangar rèttarkröfur. Mèr er nú ekki ætlandi að svara því, og eg skildi heldur ekki hvers vegna hann spurði. Það eru víst margs konar rèttarkröfur til; ef þær ættu að vera svo, að þær mætti exiqvera eptir dómi, mundum vèr endalaust geta misst af rèttarkröfum vorum, er vèr höfðum til Danmerkur. En er ekki siðferðisleg skylda til? (*Benedikt Sveinsson:* Því hef eg aldrei neit-

að). Eg set, að vèr gjörðum kröfu til 50 millióna; þá væri undir komið hvort það skyldi leggja undir dómstól í Danmörku, eða vèr gætum komið því undir annan dómstól, þá væri mögulegt ef oss yrði dæmt fèð, að vèr fyrir helming þess gætum fengið einhvern, til að ná því fyrir okkur. Eg held þingið viti, að þegar eitt land sækir rètt sinn hjá öðru, tekur það hann með opt ekki berum höndunum, heldur með vopnum; eg held því að vèr mættum lengi bíða til þess, að sækja rètt vorn sjálfir í hendur Dönum, því þó vèr hefðum Camillus, sem gæti sótt rètt vorn með reikningi byggðum á sögu og ástæðum, þá vantar okkur vopnin. Eg þarf ekki að tala meir en eg er búinn, um hagnað þann, sem leitt hefir af sölu þjóðjarðanna, sem konungsfulltrúi var að telja til, eg held að mönnum skiljist það, að þó einhver komist betur upp á sjálfseignarjörð, þá sè ekki rètt að taka peninga, sem jörðin hefir verið seld fyrir, og láta eigandann sem seldi hana, aldrei sjá þá nè nota.

Steſán Eiríksson: Það er nú að vísu okkur bændunum máske ofvaxið að tala í þessu máli, og það er heldur ekki tiltökumál, þó við kynnum að vera í nokkrum vafa hvað tiltækilegast væri, þegar hinir menntuðu menn eru að kalla sinn á hverri skoðuninni. Þegar byrjað var að ræða þetta mál, þá var gengið út frá því, að mál þetta væri í sjálfu sèr óaðgreinanlegt frá stjórnarbótarmálinu, og eg er því alveg samþykkur; við getum ekkert sagt, hvers við þurfum með fyrri en við höfum fengið stjórnarbót, eður vitum hvernig hin danska stjórn hugsar sèr hana, því eptir 6. grein frumvarpsins samanborinni við 7. grein, er ekki annað að sjá, en við eigum eptir þessi 12 ár, sem talað er um í 7. grein, að bera allan kostnað af stjórn Íslands í höfuðstaðnum, sem og kostnað þann, er leiðir af gufuskipsferðum milli Íslands og Danmerkur, og meðan engin vissa er fyrir útgjöldum þeim, er leiða af hinu tilvonandi stjórnarfyrirkomulagi, get eg ekki fallizt á þá skoðun, sem hèr er svo ríkt haldið fram, að við köstum þessu máli frá okkur, ef við ekki tökum nú þessu 12 ára tilboði stjórnarinnar, því út af frumvarpinu liggur næst sú skoðun, að þetta 42,000 tillag eigi alveg að hætta eptir 12 ár frá löggilding þess, og hvort heldur eg skoða uppástungur nefndarinnar eða frumvarpið, þá eru þær tillagsupphæðir í mínum augum engan veginn svo, að eg geti fallizt á þær: við erum allt af að tala um, að koma á ýmsum stofnunum, og til þeirra höfum við ekkert fè; svo hvert

heldur við fáum nú þessi 42,000 rd., sem frumvarpið frambýður, eður 50,000—60,000 sem nefndin hefir stungið upp á, þá held eg þetta fè sè harla lítið til að koma okkur áfram í nauðsynlegum framförum, eður til að koma því í gang sem koma þarf, en af því við vitum, að við eigum fyllsta fjárheimturètt, virðist mèr engin ástæða til, að hafa svo lágar fjárheimtutölur, að við ekkert getum þokast áfram í neinu; hvað því formspursmáli viðvíkur, sem hèr hefir komið fram, að þingið ekki bindi neitt hendur sínar, þó það nú samþykki þetta frumvarp, þá álít eg, og það skilur víst hver þingmaður, að slíkt sè framsett til að villa menn, því undir eins og þingið samþykkir frumvarpið, eða nefndaruppástungurnar, og ríkisþingið samþykkir þær, þá eru það orðin lög, sem eptir uppástungum nefndarinnar í 8. grein, verða gildandi frá hinum sama tíma, og hin nýju stjórnarskipunarlög, og hver sem lítur á fyrirsögn frumvarpsins, verður þó að játa, að þar í liggur ákvörðun til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og Danmerkur.

Sighvatur Árnason: Það eru nú farnar að verða býsna skiptar meiningar manna um þetta mál. Þær hafa orðið það í málum sem minna hefir verið í varið, svo það eru ekki tiltök; mèr finnast meiningarnar einkum tvískiptar að því leyti, að sumir segja að frumvarp þetta verði ekki gjört að lögum, fyrr en það verði lagt fyrir þing eða þjóðfund aptur á ný. Eg held nú, að eins sè um þetta og hvert annað frumvarp til laga frá konungi, sem alþingi samþykkir, hvort heldur óbreytt eða með breytingum, að svo framarlega sem stjórnin aðhyllist eða fellst á það á eptir, þá verði það að lögum, án þess að alþing eigi framar kost á, að segja um það álit sitt og jafnvel án þess nokkur vissa sè fyrir því, að tekið verði fullt tillit til allra þeirra breytinga, sem alþing hefir gjört. Eg vil spyrja þá þingmenn, sem eru með frumvarpinu og vilja reyna að gjöra á því breytingu og bjarga því við, hvort þeir sèu handvissir um, að þær verði allar teknar til greina, bæði smáar og stórar, þegar til löggjafans kemur eða löggildingarinnar. Eg get ekki skilið, að þó þingið ráði nú frá að frumvarp þetta verði gjört að lögum svona út af fyrir sig og jafnframt biðji hans hátign konunginn um, að skipa þjóðfund þann sem heitið er í konungsbrèfi 23. sept. 1848, til að fjatla um þessi mál fyrir Íslands hönd, það er að segja um stjórnarbótina í heild sinni; eg get ekki skilið, segi eg, að málið sè fellt með þessari aðferð. Eg held miklu

fremur, að málinu sè ver borgið, með því að ákveða um það fyrir alda og óborna, sem yrði með því að taka þetta frumvarp svona út af fyrir sig, enda þó allar þær breytingar yrðu teknar með, sem menn nú eru að bollaleggja hèr á þingi, á einn og annan hátt.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga fáeinum orðum. Hann sagði að svo mikill munur væri á hugsunum okkar, en það er ekki, munurinn er ekki mikill. Við vorum á sama máli um það, *hvernig* frumvarpið yrði að lögum; en okkur skildi á um það, að hann hèlt, að úr því alþing nú hefði gefið frumvarpinu atkvæði sitt, yrði því aldrei breytt síðan. Hann veit þó, að alþingi hefir rètt til að stinga upp á breytingaratkvæði í *lögum*, og það *þeim lögum*, sem það hefir áður verið með að búa til, skyldi þá ekki *þjóðfundurinn*, sem á að hafa löggjafarvald, geta beðið um breyting á þeim lögum, sem vèr nú á alþingi höfum verið með að semja? Svo er og þess að gæta, að þessi lög koma fyrir þjóðfundinn eigi sem lög, heldur sem greinir í frumvarpinu til stjórnarbótarinnar. Þenna skilning getur þingmaðurinn ekki þurrkað burt úr breytingaratkvæði mínu og hins heiðraða þingmanns Suðurþingeyinga. Eg játa, að vèr eigum nú á þessu þingi að taka til hæfilega og skynsamlega upphæð. Eg hafði það eitt á móti hinni stóru upphæð, að vèr mundum ekki geta fært skynsamleg rök fyrir því, að vèr þyrftum svo mikils með. Eins hefi eg haft á móti of lítilli upphæð, svo þjóðfundurinn þyrfti ekki að segja: Eg vil eigi stjórnarbótina með svona litlu tillagi, eður þá: Eg neyðist til að taka stjórnarbótina, þó tillagið sè of lítið. Engin nægileg ástæða, að minnsta kosti fyrir mig, er komin fram fyrir öðrum kröfum um tillag en þeim, sem bæði meiri og minni hluti nefndarinnar byggir á, og þó þeim mismuni um 10,000 rd., tel eg það ekki, því gildar ástæður má færa fyrir báðum. Eg segi gildar ástæður, því að kröfur nefndarinnar eru bæði reiknings-kröfur, sem stjórnin hefir viðurkennt, og líka ástandskröfur, byggðar á sögulegum rètti. Þetta ástand er skipað oss að mestu ósjálfrátt, og hefir stjórnin ábyrgð á því ástandi sem nú er, og hún hefir til búið. Vèr getum þess vegna byggt á því, að ef vèr erum eigi færir um að bera útgjöld vor, verður stjórnin að skjóta til, því sem á vantar. Eg fyrir mitt leyti gjöri ekkert kappsmál úr hvort upphæðin er 50,000 rd: eða 60,000 rd., en hitt álít eg að 50,000 rd. sè aðgengilegri bæði fyrir stjórnina og ríkisdaginn, og eg held

að 50,000. rd. tillag sè líka nægilegt fyrir oss, og um meira eigum vèr eigi að biðja. Eg skildi glöggt þingmann Strandasýslu og þingmann Austurskaptafellssýslu, en þingmann Rangæinga gat eg með engu móti skilið. Mèr fannst það vera meining hans, að það mundi ekki tefja málið þó frumvarpinu væri kastað. Hann sagði, að ef alþingi gengi að frumvarpinu óbreyttu eða með breytingum, þá væri hætt við að það yrði að lögum. En ef vèr göngum ekki að því, er þá ekki hætt við, að það ekki verði gjört að lögum, og hætt við, að vèr ekki fáum neina stjórnarbót? Eg held að þetta mál sè partur af stjórnarbótinni og líka undirbúningur undir hana. Ef vèr neitum, að ákveða nokkra upphæð á tillaginu og neitum því, að konungur fái vald það, sem ríkisdagurinn nú hefir yfir fjármálum vorum, þá getur hann eigi gefið oss stjórnarbót, því enga stjórnarbót getum vèr fengið, sem sè í nokkru nýt án fjárhagsaðskilnaðar. Eður má eg spyrja þingið: Hvernig yrði sú stjórnarskipun sem ekkert fjárforræði hefir að geyma? Hvernig yrði alþing, sem engan skilding hefði til umráða, en þó löggjafarvald? Hvernig yrði stjórn sú, er engan skilding hefði nema hina góðu jafnaðarsjóði? Eg held það yrði sannarleg pappírs stjórnarbót. Eg vona að eg þurfi nú ekki optar að taka til máls til þess að leiða mönnum fyrir sjónir, að það að kasta frumvarpinu sè sama sem að hafna sáttaboði af hálfu Dana (*Sveinn Skúlason:* Vèr erum ekki ósáttir við þá). Það er satt; en þetta er eigi að síður sáttaboð, og það gott sáttaboð. Danir og Íslendingar eru nú sem hjón, sem eru að koma sèr saman, um að skilja, og eru að gjöra sáttatilraun um fjárkostina. Eg tek það fram, að 1—4 grein frumvarpsins innihalda aðgengilega kosti; og eg verð að segja, að þeir, sem ekki vilja ganga að þeim með hæfilegu tillagi, ættu ekki skilið að fá nema peningalausa stjórnarbót.

Forseti: Mèr virðist menn gjöra of mikið úr því atriði, hvort þingið fellst á frumvarpið eða ekki; það er þó miklu framar ágreiningur um form málsins en um efni þess. Ef menn ráða frá frumvarpinu, að forminu til, þá geta menn þó eins tekið tilboðinu um fjárhagsráð alþingis þar fyrir. Ef menn fallast á frumvarpið, taka menn einnig kostum þeim, sem boðnir eru, en menn taka þar að auki við þeim sem gjöf frá ríkisþinginu í Danmörku. Hvernig stjórnin lítur á mál þetta sèst í ástæðum frumvarpsins, þar segir, að stjórnin ætlist til ríkisþingið skuli ákveða þau tvö atriði, annað upphæð tillagsins, og annað að afsala sèr starfa þann, er það hefir

haft um stund, viðvíkjandi fjármálum Íslands. Vèr erum samdóma stjórninni um hið fyrra atriðið, en ekki um hið síðara. Vèr sjáum enga nauðsyn til, að ríkisþingið í Danmörku skuli afsala sèr í lagaformi það, sem hann aldrei hefir haft með lögum; en hitt viðurkennir þingið sjálfsagt, að ríkisþingið verði að veita fè það, sem Danmörku gjörist á hendur að greiða, þegar fjárskilnaðurinn verður. Munurinn er því fremur formlegs eðlis en efnislegs. Þó þingið taki ekki 2—4 grein, svo það vilji ráða til þær komi út sem greinir í lagaboði, þá viðurkennir það samt tilboðið, sem í þeim er fólgið, og þakkar fyrir það, og þá er allt gjört sem þarf; en að taka frumvarpið upp á hvern kost sem vera skal er ekki nauðsynlegt. Eg skil ekki, hvað þeir menn hugsa, sem geta ímyndað sèr, að stjórnin færi að setja upp nokkurs konar fýlusvip, þó alþing ekki vilji fallast á, að rètti landsmanna sè hallað í neinu minnsta atriði, ekki get eg heldur ímyndað mèr, að stjórnin fresti málinu fyrir þá skuld. Þingmaður Borgfirðinga sagði svo sem á þá leið, að þeir sem í fèlagi hefðu verið gætu ekki gjört upp reikninga sína fyrir fèlagstímann. Eg má segja honum, að það erum ekki vèr, sem höfum byrjað á að heimta reikninga; það var stjórnin sjálf, sem byrjaði á millireikningunum; hún byrjaði á að skoða Ísland sem sèrstakt land fyrir 30 árum síðan, og það á þeim tíma, þegar enginn lauk upp sínum munni hèr nema til þess að flytja henni lof og þakkargjörð fyrir allar viðgjörðirnar við þetta land. Þar af getum vèr sèð, hversu þetta muni liggja í eðli hlutarins. Stjórnin hefir aldrei farið í slíka millireikninga við t. a. m. Fjón eða Borgundarhólm; en hún hefir gjört það við oss, af því hún hefir sjálf álitið, að vèr hefðum sèrstakan rètt og sèrstakar eignir. Því skyldi þá ekki líka hinn annar partur málsins, svo sem vèr erum, geta komið fram með sínar kröfur, hvort heldur rèttarkröfur eða ástandskröfur. Kröfur vorar þurfa ekki að vera rèttarkröfur í þeim skilningi, að vèr sækjum þær til dóms, því hèr er enginn dómstóll til, sem er bær um þær að dæma, en þær eru siðferðislegar og politiskar rèttarkröfur. Eða er það ekki gild rèttarkrafa, þegar stjórnin tekur stólsgózin, að hún þá einnig taki að sèr byskupana og skólana, eða allan þann kostnað, sem góz þessi áttu að standa fyrir? Þetta hafa allir viðurkennt. Hvað konungsjarðir snertir, þá er þar um sama að segja; meðan þær voru óseldar, þá hafa þær um aldur og æfi verið taldar landsins eign, og tekjurnar af þeim gengið til útgjalda landsins, en þegar þær voru seldar hafa bæði

horfið höfuðstóll og rentur. Er þá ósanngjarnt að heimta jafnt fyrir þær og þær væru nú óseldar, þegar maður veit og getur sannað, að aldrei hefir þurft að selja þær vegna fjárhagsástands landsins? Þegar menn skoða bönd þau sem einokun verzlunarinnar lagði á oss, þá ber að sama brunni. Þingmaður Borgfirðinga hefir áður sannað, að þau hafi verið nærri því takmarkalaus, þá sjáum vèr, að þau voru nóg til þess að Íslandi fór sífellt hnignandi, og það svo, að það var rètt komið á nátrèn; það hefir auk annars tjóns haft þann peningaskaða, og Danmörk aptur þann peningaábata, að stjórnin sjálf hefir kallað það óreiknanlegt. Þetta er ekki úr lausu lopti gripið sem eg segi. Verzlunarábatinn er talinn eptir reikningum Rentukammersins sjálfs og eptir mati kaupmanna sjálfra um það, hvað íslenzka verzlunin gæfi af sèr. Skoðum nú þetta á hinn veginn sem ástandskröfu. Ef að stólsgózin væri nú óseld, þá hefðum vèr svo og svo mikið fè, þar sem vèr höfum nú ekkert, af því gózunum hefir verið sóað. Er þá ekki sanngjarnt að reikna þau sem þau væri nú óseld? Eg hefi ekki heldur tekið meira til en svo, að Danmörk geti hæglega sèð af því, og ekki heldur meira en vèr þurfum; því þó vèr legðum tvöfalt til að voru leyti, þá yrði það varla nema til að byrja með. Menn segja að það hafi verið landinu í hag, að sjálfseignir fjölguðu; eg neita ekki að svo sè, þegar öllu hagar til eins og eðlilegt er; en kringumstæðurnar og ástandið hafa gjört, að þetta hefir allt farið öðruvísi, og að enginn að kalla hefir haft not af þessari sölu enn, enn síður landið allt. Það sýnir sig, að ekki er búið betur á sjálfseignarjörðum en öðrum; þetta er nú einn ástandsannmarki, og sýnir þar að auki, að stjórnin hefir ekkert tillit haft til þess, hvernig hèr stóð á, þegar hún seldi jarðirnar. Hefði nokkuð tillit verið haft til þess, að landið gæti haft not af sölu jarðanna, þá hefði henni verið hagað allt öðruvísi. Þá hefði verið gætt þess á eina hlið að halda sèr nærri jarðanna eðlilega verði, að selja ábúendum fyrstum manna, og að láta andvirðið standa í jörðunum, svo kaupendur gæti haft þess not. Þegar gózum er ausið út, þá lækka þau í verði, því peningar eru ekki nógir fyrir; þessir peningar ganga frá jarðarræktinni inn í ríkissjóð. Sá sem kaupir jörð, lætur peninga sína fyrir hana, og getur því ekki varið þeim til að bæta hana með. Það er ekki nauðsynlegt að rekja þetta lengra; það getur hver rakið með sjálfum sèr.

Framsögumaður: Það geta vissulega verið ýmsar meiningar

um það hvað sanngjarnt sè. Hinn háttvirti forseti hefir nú tekið fram, hvað honum þykir sanngjarnt og fært rök fyrir því frá sínu sjónarmiði; en nefndin hefir einnig tekið fram hvað henni virðist vera sanngjarnt, og fært rök fyrir því; á þessu eru uppástungur nefndarinnar byggðar og liggur nú allt þetta fyrir þinginu. Eg skal taka það fram, að það var nefndinni ljóst og er víst öllum ljóst, að skarð hefir komið í hinar árlegu tekjur Íslands við ýmsar stjórnarráðstafanir svo sem jarðasöluna; þar við hefir hinn fasti tekjustofn landsins minnkað. En nefndin hefir tekið tillit til þessa, og byggt á þessu þá uppástungu, að landið eigi að fá fast tillag. Með þessu er haft allt sanngjarnt tillit til ráðstafana þeirra er olla skarðinu og annað tillit verður ekki til þeirra haft. Eg get engan veginn verið hinum háttvirta forseta samdóma um það að á litlu standi hvert menn fallast á frumvarpið, eða kasta því. Hið síðara getur haft afleiðingar, sem bágt er fyrir að sjá eins og opt er búið að taka fram. Það getur ekkert ísjárvert verið við að fallast á frumvarpið, þegar menn geta gjört sig ánægða með það að efninu til; en ef menn ekki fella sig við það að öllu leyti að efninu til, þá er mönnum innanhandar að stinga uppá breytingum við það, eins og t. a. m. nefndin hefir gjört. Það vita allir, og hinn háttvirti forseti játar það, að ríkisþingið hafi í raun og veru atkvæði það sem ákveðið er um í 1. grein frumvarpsins, að það skuli sleppa, og alþingi eptir 2. grein á að taka við, eg held það væri bæði iskyggilegt og óformlegt að atkvæði þetta hyrfi svona þegjandi frá ríkisþinginu, því þá getur það miklu fremur gjört tilkall til atkvæðisins aptur, en það getur ríkisþingið ekki gjört, ef það einu sinni hefir afsalað sèr því og gefið samþykki sitt til að missa það, þá hefir það misst atkvæði á löglegan hátt. Eg get ekki skilið, að menn þurfi að skoða þetta sem gjöf frá ríkisþinginu, sem menn sýnast að vera svo hræddir við. Vèr skoðum það sem gjöf frá konungi vorum; frumvarpið er frá konungi en ekki frá ríkisþinginu, og þau tilboð sem í frumvarpinu liggja fólgin eru boð konungsins eður gjöf hans til vor. Í 2. grein er tiltekið, að alþing taki við atkvæði því, sem ríkisþingið hefir haft að undanförnu; og er það nauðsynlegt, að slík ákvörðun sè í frumvarpinu; því ríkisþingið verður þó að fá að vita, hvað af því atkvæði verður, sem það afsalar sèr með því það er eðlilegt að ríkisþingið ef til vill ekki vildi sleppa atkvæðinu, ef konungur sem einvaldur konungur,

á Íslandi ætlaði sèr að halda því sjálfur, þó það ekkert hefði á móti að sleppa því, ef það ætti að hverfa til alþingis.

Forseti: Eg verð að svara hinum háttvirta framsögumanni því, að eg sè ekki, að ríkisþinginu geti orðið nein vandræði úr að sleppa atkvæði því, sem það hefir nú um íslenzk fjárhagsmál, þó ekki væri valið að bera það upp í frumvarpsformi. Mèr finnst, að miklu rèttara væri að bera það upp í ályktunarformi, ef ríkisþingið vildi sleppa þessu atkvæði án þess að skerða rètt alþingis. Ályktunarformið væri án efa hèr hið eina rètta, og því er frumvarp þetta í raun og veru ónauðsynlegt, og í formlegu tilliti skaðlegt.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki lengi þreyta þingið framar í þessu máli, en einungis geta þess, að eg stend enn í sömu sporum og þegar umræðan var hafin, að því leyti, sem mèr sýnist reikningsmáti sá, sem af fjárhagsnefndinni hefir verið framfylgt, óljós og ástæðulítill. Eg sè líka að þeir menn hafa verið í nefndinni, sem ekki hafa skilið það, er oss nú skilst, sem sè að reikningshallinn fyrir Ísland hefir ekki verið eins mikill áður og hann er nú. Einn nefndarmanna segir, að Danmörk hafi alla jafna haft kostnað af Íslandi, og þó hafa þær ræður fallið hèr í salnum, að eignir landsins hafi verið seldar fyrir 300 árum, og verzlunin líka. Þetta er nú engin sanngirni. En hvað á að gjöra þegar sanngirninnar er ekki gætt? Eg segi fyrir mig, að eg hefi góða von til margra á ríkisdeginum; en eg vil spyrja, hvað stoðar það. Að hverju rekur, ef vèr ekki viljum ganga að neinum kostum. Sami nefndarmaður segir: «Ef það ekki lukkast, að Íslendingar taki þessu boði, þá verður að taka tekjur og gjöld landsins inn í fjárhag alríkisins, og yrði það ef til vill tvísýnt fyrir þá sem halda upp á sjálfstjórnir að taka þátt í ríkisskuldum Danmerkur. Oss er heitið valdi, sem álízt nauðsynlegt fyrir hvert land, er vill ráða tekjum og gjöldum. Þetta ættu menn að hugleiða vel, og eg fyrir mitt leyti hugleiði það nákvæmlega. Eitt er rètturinn, annað er hvort hann fæst, og hvað rèttinn snertir, er eg enn ekki á því hreina. Eg veit, að það er ekki rèttur að taka eignir landsins og setja þær, án þess að reikna landsins þær til góða; því setjum svo að allar opinberar eignir hefðu verið seldar, hvar stæðum vèr þá? En hitt er líka satt, að vèr drögum ekkert úr höndum Dana, sem þeir ekki vilja láta, og hafa þeir marga reikninga á hendur oss sem vèr ekki höfum talið. Það kemur því fyrir þetta þing, að menn sèu dálítið sanngjarnir og fari ekki út í ófærur, þó þeir

þykist hafa rètt fyrir sèr, og við megum vel gá að því, að stórsummur voru lagðar til þarfa þessu landi á 18. öld, sem hvergi enn finnast þó tilfærðar. Eg hefi einu sinni spurt einn «diplómat», sem eg þekki, að því, hvað eiginlega væri það fína í þessari politik. Þegar í harðbakka slær, svaraði hann, »er það ekkert annað en talan á bajónettum og kanónunum, sem skera úr». Eg hefi fundið, að þetta er satt, og reynslan hefir sýnt það með sjálfa Dani, að opt hafa þeir beðið órètt. Nú hugsa eg um það, hvað af því leiði fyrir oss, ef tekjur vorar og gjöld yrðu tekin inn í fjárhag alríkisins, eins og Bjerring og Nutzhorn segja. Þá leiðir þar af, að vèr megum taka tiltölulegan þátt í ríkisskuldum Dana, sem á síðari tímum eru orðnar óttalegar. Eg bið nú þá »diplomata« sem hèr sitja á þingi, að segja mèr, hvort § 3 í frumvarpinu þá ekki væri góður? Eg vildi þá gefa nokkrar þúsundir fyrir hann, því skuldir Dana eru oss ofvaxnar, og þá kemur hèr fram það sem forfaðir minn sagði við Jón byskup Arason: Nú er vel boðið faðir! Það verður að fara varlega, og hugsa sig um, hèr eiga hyggnir hlut að máli, og er auðsætt, að fleira þarf nú en kappið eitt, enda »er kapp bezt með forsjá«. Eg virði forseta þingsins allra manna mest fyrir það, hversu djarflega hann hefir framfylgt rètti Íslands, en eg veit, að hann er líka svo hygginn, að hann lítur ekki eingöngu á rèttarkröfurnar, heldur á það, að hèr er um vandamál að ræða og að hyggilegast er að taka bærilegum kostum. Ræða hans hefir styrkt mig í þeirri trú, að ísjárvert sè að fella frumvarpið eður 7. grein, og þrátt fyrir hans löngu ræðu stendur það fast, að vèr vitum, hvað vèr höfum, en ekki hvað vèr fáum, ef vèr höfnum frumvarpinu, og eg óska að þingmenn lètu sèr þetta hugfast þegar til atkvæða er gengið.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að svara hinum háttvirta forseta fáum orðum. Eg játa það fúslega, að ef maður fer að reikna skaðann, sem Ísland hefir liðið af einokunarverzluninni, þá er reikningur hans mjög svo »billegur« eða sanngjarn. Vèr getum ekki tiltekið þenna skaða í tölum, og það hefi eg sagt, að vèr gætum ekki viðhaft *kontrabókarreikning* við einvaldan konung. En þar sem forseti sagði, að það væri einungis »formel« munur á að vísa frumvarpinu frá sèr með álitsskjali og að ganga til atkvæða um frnmvarpið, þá er eg honum öldungis ekki samdóma, en framsögumaður er búinn að svara þessu, svo eg þarf þess ekki. Mín einfalda spurning er sú: Eigum vèr ekki að þiggja fjárhagsráðin

af hendi konungs, þó ríkisþingið um tíma factiskt hafi haft þau í hendi sèr, eður haft þau á ólöglegan hátt, svo sem þeir kveða að orði? Jú, það er því meiri ástæða til þess sem vald ríkisþingsins var og er ólöglegra í þessu efni. Eg get þess, að því sem vèr ekki náum sem rèttarkröfu í reikningskröfum vorum, því eigum vèr að ná sem rèttarkröfu, með því að fara eptir því ástandi sem nú er á komið.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði um reikninga mína af verzluninni, þá skýrskota eg til þess, sem eg hefi sagt um það í álitsskjali mínu, sem er lagt fyrir þingið meðal fylgiskjalanna í fjárhagsmálinu; þar má sjá, að eg hefi ekki reiknað nema $^1/_{40}$ af ágóða verzlunarinnar, og þetta get eg ekki kallað annað en sanngjarnar skaðabætur.

Pètur Guðjónsson: Eg ætla sökum kjósenda minna að lýsa meiningu minni á máli þessu yfir höfuð. Það er orðið mèr ljóst af sumum af ræðunum í þessu máli, og af því, sem um það hefir verið ritað að undanförnu, að þegar sannleikurinn kemur berstrípaður fram á trèskóm, gjörir sem mestan skarkala og víkur hvorki til hægri nè vinstri handar, skaðar hann bæði sjálfan sig og þá, sem eiga að njóta góðs af honum. Mèr getur því ekki dottið í hug í þessu máli að fara eptir eldri reikningum, en fellst öldungis á álit minni hluta nefndarinnar, já, enda á vara-uppástungu þingmanns Árnesinga, því eg álít það alveg nauðsynlegt, eins og málinu nú er komið, ef að við Íslendingar eigum einhvern tíma, eins og menn segja, að komast úr bosinu. Eg verð að lýsa því yfir, að eg hefi ávallt að undanförnu verið líkrar meiningar í þessu efni og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, að eg hefi enga nauðsyn fundið á þessum aðskilnaði, en úr því málið er komið í þetta horf, og stjórnin endilega vill hafa aðskilnaðinn, þá veit eg ekki eptir hverju hèr er að bíða, og þykir mèr það þá einsætt, að rèttast sè að mál þetta fái framgang sem fyrst.

Forseti: Eg þarf ekki að svara þingmanni Gullbringusýslu öðru en því, að ef hann hefir ætlað að sveigja að mèr, þá skyldi það engan hafa glatt meira en mig, ef hann hefði getað komið sannleikanum í þessu máli á sem fallegastan kjól með máluðum stígvèlum, svo hann hefði þar með getað náð betri kostnm en mèr hefir getað heppnazt að ná.

Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúnings-

umræðu lokið, og mun eg setja næsta fund á mánudaginn kemur, kl. 12.

Fundi slitið.

---

38. fundur — 21. ágúst.

Þessir þingmenn voru eigi á fundi. Hinn annar konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta, að hann gæti eigi komið á fund sökum prófstarfa við prestaskólann, hinn 1. konungkjörni og hinn 5. konungkjörni þingmaður og þingmaður Norður-Þingeyinga. Gjörðabók frá 36. og 37. fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp *um vinnuhjúalöy á Íslandi*. Það var lagt á lestrasalinn í gærkvöldi, svo það gæti komið til undirbúningsumræðu á morgun. Enn fremur skal eg geta þess, að eg hefi slegið töflu upp á lestrasalinn um það, hvernig svo mætti til haga, að málin yrðu rædd svo að þau yrðu búin þessa vikn. Eg hefi gjört þetta til þess, að þingmenn hafi allir yfirlit yfir gang málanna, og sè eg eigi, að út af þessari áætlun megi skeika, ef þingmönnum er hugarhaldið, að málunum verði aflokið, en ella verða nokkur mál að verða afgangs og yrði það þá helzt landbúnaðarmálið og jafnaðarsjóðsmálið, sem yrði að verða fyrir því. Eg verð því að skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvernig þeir hugsa að haga umræðum eptir þessari áætlun. Eg hefi hugsað mèr að halda tvo fundi á dag, optast nær, því að annars er ekki mögulegt að málunum verði lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar *um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi*. Málið verður afhent hinum háttvirta framsögumanni, og er honum heimilt ef hann vill að taka til máls.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Eins og þingmenn sjá, þá eru nú komin fram mörg breytingaratkvæði bæði við frumvarpið og nefndaruppástungurnar, og skal eg leyfa mèr að minn-

ast nokkuð á þau með fám orðum. Breytingaratkvæðið undir 1. *a* þykir mèr heppilegt, og mun eg því fallast á það, því að mèr finnst það í alla staði eðlilegt, að fèð sè skoðað líka á haustin. En aptur á móti get eg ekki fallizt á breytinguna við 2. grein frumvarpsins, sem hèr er í tvennu lagi undir stafl. c. og d. Eg hefi reyndar eigi mikið á móti fyrri breytingunni undir stafl. c, að orðunum, «og verk er þeim verða á hendur falin», sè bætt inn í, því að sá viðbætir skaðar ekki. Aptur á móti get eg ekki fallizt á staflið *d*, að sleppt sè aptan af greininni: aðstoðarmenn þessir, o. s. frv. Því að mèr finnst eðlilegt, að þar sem frumvarpið ráðgjörir, að hlutaðeigandi sè sekta verður fyrir að hafa veikt fè, þá flýtur þar af, að lögsókn verður að byrja á móti þeim, sem ekki hlýðir lögunum, og þá er einnig eðlilegt, að yfirvaldinu sè tilkynnt lagabrotið. Það er því bæði eðlilegt og eins getur það verið aðhald fyrir eigendur fjárins að vita, að lögstjóranum verði tilkynnt, ef þeir eigi hafa heilbrigt fè, eða hlýði eigi skipunum yfirboðaranna. Það hafa nú komið fram fleiri breytingaratkvæði við 2. gr. frumvarpsins, og við undirbúningsumræðuna var mikið talað um, á hverjum kostnaðurinn við lækningarnar ætti að lenda; frumvarpið stingur nú upp á, að kostnaður þessi sè borgaður af jafnaðarsjóðunum, en nefndin, að hann sè borgaður af sauðfènu í hverjum hreppi. Það eru nú breytingaratkvæðin undir *f* og *g*, sem hèr að lúta. Breytingaratkvæðið undir *f* gjörir mun á kostnaðinum í tilliti til utanhreppsmanna og innanhreppsmanna, og vill hann, að utanhreppsmönnum sè borgað af jafnaðarsjóðunum. Eg get nú eigi sèð, að þessi skipting sè eðlileg, nè að mikill árangur verði af henni, því að það má gjöra ráð fyrir, að fleiri hreppar en einn hafi kláða og þá etur sig allt upp, og þess vegna er eigi hægt að segja, að einstakir hreppar hafi byrði af uppástungu nefndarinnar eður hag af þessari breytingu, þvi þótt einn hreppur sè við sjó og hafi lítið sauðfè, þá hefir sá hreppurinn máske kláða, sem meira fè hefir, svo munurinn verður enginn. Eg vil því annaðhvort láta hreppana sleppa alveg eða láta þá bera allan kostnaðinn. Eg held og, að menn fái meira aðhald við það, að allur kostnaðurinn er lagður á hreppinn, því að þá fær sveitastjórnin eðlileg og að aðhaldsöm afskipti af málinu, því henni hlýtur að vera umhugað um, að þessari byrði lètti af hreppnum. En ef kostnaðurinn er lagður á almenning, þá fá trassarnir, sem hafa eyðilagt þetta mál og eyðileggja það enn, ekkert eða lítið sem

ekkert aðhald. Því þegar allt landið borgar trassaskap einstakra manna, þá hafa þeir ekkert aðhald. Sú mótbára, að sveitirnar geti ekki borið þenna kostnað, ef hún væri rètt felur það í sèr, að lækningarnar sèu í peningalegu tilliti óskynsamlegar ef eigi ómögulegar, því að menn verða að ráðgjöra, að sauðfè það, sem læknað er, geti borið þann kostnað, sem af lækningunum leiðir, svo framarlega sem þær eru gagnlegar, og af þessu leiðir þá, að þessi byrði getur eigi verið of þung fyrir hvern einstakan hrepp; og eg get því ekki sèð annað, en að uppástunga nefndarinnar sè í alla staði eðlileg. Breytingaratkvæðið undir staflið *i* getur nú í rauninni verið mikið gott, og það getur margt mælt með því, að takmarka borgunina, svo hún verði eigi feykilega há, en nefndinni þótti vera girt fyrir það í frumvarpinu, þar sem stendur hæfileg borgun, og það sýnist eins gott og að ákveða hana 9 mörk, því að það getur opt verið há borgun, en þó er eg ekki fastur á móti þessu breytingaratkvæði. Breytingaratkvæðið undir stafl. *l* sýnist mèr nú óþarft, því að það er að gjöra uppástungu nefndarinnar þýðingarlausa; en það er auðvitað, að ef stjórnin eigi getur fallizt á uppástungu nefndarinnar, þá getur hún tekið 3. gr. óbreytta; svo þetta vara-atkvæði er einungis til að sýna, að þingið sè eigi fast á þeirri breytingu, sem nefndin hefir gjört á þessari grein. Breytingaratkvæðið undir staflið *m* þykir mèr nú eðlilegt; en það liggur í rauninni í greininni sjálfri, að það getur eigi verið meiningin, að það sè nóg að skilja hið sjúka fè frá hinu heilbrigða, heldur líka að lækna það; en samt sem áður sè eg ekki neitt á móti því, að það sè skýrar tekið fram, og þetta breytingaratkvæði ákveður það að eins skýrar, en eigi á annan veg en greinin meinar. Þetta orð »frekari« undir stafl. *n* sýnist mèr alveg óþarft, því það felur ekki í sèr neina aðra ákvörðun en liggur í greininni sjálfri, að lögreglustjórinn skuli gjöra þær ráðstafanir, er kringumstæðurnar útheimta. Þá er viðauka-atkvæðið undir stafl. *p*. Það sèst á ástæðum nefndarálitsins, að nefndin hefir lagt mikla áherzlu á þá grundvallarreglu, sem hèr er farið fram á, og það eru líka þar gefnar ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin ekki tók ákvörðun þessa fram í niðurlagsatriði. Nefndin áleit nefnilega, að í 4. grein lægi bæði heimild og skylda fyrir yfirvaldið til að gjöra aðskilnað á heilbrigðu fè og sjúku, og að sjá svo um, að þessi aðskilnaður sè nægilegur og tryggur, hve nær sem skynsamlegar ástæður eru til þess, og þegar þessi aðskilnaður getur ekki orðið tryggur með

öðru móti, þá verður yfirvaldið að setja *almenna* trygga verði og get eg eigi skilið annað, en að það sè heimild til þess eptir 4. gr., því að þar sem þar er sagt, að hið sjúka fè skuli stranglega skilið frá hinu heilbrigða, þá get eg ekki skilið, að þar með sè meint að eins heimavöktun einstakra manna heldur líka, að gjörður sè almennur aðskilnaður, þegar svo stendur á að það henti betur, t. a. m., ef heill hreppur hefir kláða, þá yrði, verðir þeir, sem settir væru um hverja landareign hvers einstaks manns langtum kostnaðarsamari, heldur en einn vörður, sem settur væri í kringum allan hreppinn. Heimavöktunin er líka langtum ótryggari þar sem hún verður að vera komin undir hverjum einstökum manni. Svona skildi nefndin þessa grein, og fyrir því, álít eg þetta viðauka-atkvæði ekki þarflegt. Og ef vèr nú á hinn bóginn gáum að ástæðum stjórnarinnar, þá er hún mótfallin því að þetta sè beinlínis tekið fram í frumvarpinu sem sjálfsögð almenn regla. Eg held að stjórnin sè á móti því, að *allt af* sè stöðugir verðir, en eg skil eigi, að hún hafi á móti því, að þeir sè settir, þegar svo stendur á, að þeir eru nauðsynlegir; eg er þess vegna hræddur um, að þessi ákvörðun geti orðið málinu til hnekkis. Og þó nú þessi ákvörðun væri gjörð í lagaboðinu, þá væri engin skylda að setja verði nema þegar nauðsynlegt væri, og þess vegna álít eg það líka óþarft að halda þessu fast fram. Uppástungan undir stafl. *q* sýnist mèr nú alveg óhafandi í lagaboði, að meðöl skuli vera til lækninga, því að það er alveg umboðsleg regla, sem sjálfsagt er, að framkvæmdarvald laganna sjái um að gætt sè, en hitt væri gott, að það kæmi sem niðurlagsatriði í álitsskjalinu, eins og eg hefi stungið upp á undir tölul. 5. Viðvíkjandi þeirri uppástungu, að frumvarp þetta komi út sem lög með síðustu póstskipsferð í haust, þá er það nú máske ekki alveg ómögulegt, en það hefir komið fram, að hæpið væri, að sú bæn gæti fengi áheyrn, en það virðist þó ekki að geta skaðað, þótt drepið sè á það í álitsskjalinu til konungs, þar sem hèr er um það mál að ræða, er eigi þolir neina bið. Aptur geta nú orðið vandkvæði á því, þótt það komi með síðustu póstskipsferð, að þinglestri lagaboðsins, yrði komið á, sem þó er nauðsynlegt til þess að það geti öðlazt lagagildi, nema þá að um það væri gefnar einhverjar sèrstakar reglur, sem eg eigi sè neitt á móti að gjört væri, ef stjórninni sýnist svo í þessu einstaklega tilfelli. Þetta skal nú sagt vera viðvíkjandi frumvarpinu sjálfu, en þá kemur hinn kaflinn. Á uppá-

stunguna undir tölul. 2. get eg ekki fallizt, og eg held, að stjórnin geti ekki fallizt á hana; hún er líka á móti aðalskoðun nefndarinnar að koma á eptirliti með sauðfjárræktinni yfirhöfuð. Uppástungan undir tölul. 3. er nú sama og uppástunga nefndarinnar undir tölul. 4. *a*, nema að eptir henni er að eins stungið upp á fleiri mönnum, sem sè 5, þar sem nefndin hefir stungið upp á 3. Eg skal ekki tala meira um tölul. 4. að þessu sinni, en eg skal geta þess, að ef það er á móti réttu formi, að þingið stingi upp á þessum mönnum, þá held eg að þessi tölul. verði þýðingarlítill. En það var hugsun nefndarinnar, að stínga upp á þeim sveitabændum, sem bæði hefði gott vit á sauðfjárrækt og líka hefði vilja til og gæti leitt menn til þess fúslega að bæta fjárrækt sína með öllu móti, og gæti þeir þetta bæði með því að vera öðrum til fyrirmyndar, og líka með því að fræða þá um, hvernig þeir ætti að fara að. En það var eigi meining nefndarinnar, að þessir menn ætti að vera valdstjórninni til aðstoðar, heldur þvert á móti, að þeir eiga að skipta sèr af þessu máli frekar en valdstjórninni viðkemur og hún getur, þannig eiga þeir t. a. m. að skipta sèr af fjárhúsum, vöndun á fóðri og hirðingu fjársins o. s. frv. Þetta getur nú eigi verið verk valdstjórnarinnar; og ef það ætti að verða hennar verk, þá yrði slengt upp á hana þeim starfa, sem henni heyrir eigi til og henni verður eigi sanngjarnlega lagður á herðar. 5. tölulið álít eg að eigi að taka í stað tölul. 1. *q*. Eg get nú eigi annað en fallizt á 6. tölul. einkum stafl. b. en báðir stafliðirnir eru líkir. En eg get ekki annað en fallizt á, að efnilegum ungum mönnum sè veittur styrkur til að nema dýralækningafræði. Tölul. 7. fer nú í líka stefnu; en þó þykir mèr tölul. 6. heppilegar orðaður, því að það er víst ekki eðlilegt að biðja nú þegar um laun handa dýralæknum úr ríkissjóði, því að fyrst verður að hugsa um, að menninrnir sèu til, sem launa á, og þess vegna getur þetta ekki álitizt nema sem loforð, boð eða heit, sem stjórnin varla getur bundið sig að svo stöddu við. 8. tölul. fer nú líka í sömu áttina einungis þykir mèr það að honum, að þar er ekki tiltekið, að þessir læknar skuli vera innlendir, því að eg er hræddur um, að útlendu læknarnir verði bæði mjög dýrir og heldur eigi eins gagnlegir og innlendir dýralæknar. Eg get nú eigi annað en álitið, að 9. og 10. tölul. sè góðir, því að það væri gott að yfirvöldin sæi um, að sauðfè væri baðað, ef því gæti orðið framgengt, og eins að alþýðlegt rit kæmi út um sauðfjárrækt, því bæði gæti það kennt

mönnum fjárrækt og aukið áhuga manna henni viðvíkjandi yfirhöfuð.

Konungsfulltrúi: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa atkvæðaskrá, sem hèr liggur fyrir, því þingið hefir í öllu því verulegasta aðhyllzt stjórnarfrumvarpið, og margar af breytingum þeim, sem stungið hefir verið upp á, eru að eins til skýringar eða «Redactions Bemærkninger». Það eru einkum 2 atriði, sem eru veruleg, og orðið hafa að umtalsefni, nefnilega, um kostnaðinn af eptirlitinu með heilbrigðisástandi fjárins eptir 3. grein, og um þær þriggja manna nefndir, valdstjórninni til aðstoðar við lækningarnar á fènu, sem nefndin hefir stungið upp á að yrðu skipaðar. Um bæði þessi atriði er rætt við undirbúningsumræðuna, og þarf eg ekki að ítreka það hèr, sem eg sagði þá. Eg tók þar fram, að sá umræddi eptirlitskostnaður gæti opt orðið of tilfinnanlegur fyrir hlutaðeigandi sveitir, og að stjórnin að líkindum mundi halda skoðun sinni fram viðvíkjandi því, hvernig þessi kostnaður rèttast skyldi greiddur. Þingið hefir nú í annan stað haldið þeirri skoðun sinni fast fram, að kostnaður þessi skyldi allur greiðast af sveitunum, sem hlut ættu að máli, og það eru að eins komin fram 2 breytingaratkvæði undir tölulið 1., staflið f. og g., sem fara í nokkra miðlun, og með því þessi málamiðlun nálgast meir frumvarp stjórnarinnar, en uppástungur nefndarinnar, þá vil eg ráða þinginu til að fallast á þessa málamiðlun, og þá sèr í lagi á það, sem stungið er upp á undir bókstafnum g, ef þingið ekki skyldi aðhyllast ákvörðun frumvarpsins.

Eg get ekki annað en fallizt á uppástunguna undir 1. lit. a, um eptirlit með heilbrigðisástandi fjárins að haustinu, því hún er í alla staði nauðsynleg, og hefir líka átt sèr stað að undanförnu. Viðvíkjandi uppástungunni um verðina undir lit. p, þá getur það að borið, að þessir verðir verði nauðsynlegir, og að þessu leyti skal eg ekki hafa á móti því, að þessi uppástunga komist að, því eg tel það sjálfsagt, að verðir þessir, sem útheimta svo mikinn kostnað, og aldrei geta orðið nè heldur hingað til hafa reynzt fulltryggjandi, verði ekki við hafðir nema í ýtrustu nauðsyn. Að þessu leyti er það því ekki nauðsynlegt, að ákvörðun um verði sè tekin upp í sjálft lagaboðið. Viðvíkjandi uppástungunni undir staflið q, að stjórnin sjái um, að næg böðunarmeðul sèu ætíð til á lyfjabúðunum, skýrskota eg til þess, sem framsögumaður tók fram, að þessi ákvörðun á ekki heima í lagaboðinu, heldur í niðurlagsatrið-

um álitsskjalsins frá þinginu; þessi uppástunga stendur að öðru leyti í sambandi við uppástunguna undir 5. tölulið, en þessi uppástunga fer að því leyti lengra, að hún vill, að böðunarmeðölin geti fengizt með svo vægu verði, sem framast verður, og þetta virðist nauðsynlegt og vel hugsað, þegar böðun fjárins á að verða almenn.

Nefndin hefir stungið upp á, að bæta við nýrri grein, sem ákveði, að þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í frumvarpsins 5. og 7. grein falli til uppljóstrarmanna, utan eða innanhrepps. Mèr er nú ekki vel við þessa uppljóstrarmenn í hverju máli sem er, og því ekki heldur í þessu máli, enda álít eg þá ekki nauðsynlega; því eins og nú er orðinn hugsunarháttur manna í málinu, held eg ekki þurfi að óttast fyrir því, að nokkur dragi dul yfir kláða eða annan næman sjúkdóm á fè sínu. Eg get því ekki fallizt á þessa nýju grein, og verð að ráða þinginu frá, að aðhyllast hana.

Það er búið að taka það fram, að stjórnarfrumvarpið getur ekki komið hingað til lands sem lög fyrri en að vori, og framsögumaður hefir tekið það verulega atriði fram, að lagaboðinu yrði, þó það kæmi út í haust, ekki orðið þinglýst fyrri en á manntalsþingum að vori komanda.

Um nefndir þær, sem stungið er upp á undir tölulið 2., og 4. skal eg ekki tala, því það er búið að taka allt það verulega fram þeim viðvíkjandi við undirbúningsumræðuna, og eg get ekki annað en ráðið þinginu frá, að aðhyllast þessar uppástungur, því nefndir þessar geta eins og hèr hagar til, enga verulega þýðingu haft, en hafa þó talsverðan kostnað í för með sèr. Í öllu falli ættu þessar nefndir að kjósast af amtmönnunum.

Viðvíkjandi uppástungunum undir tölulið 6—8, sem allar fara í eina og sömu átt, að koma upp dýralæknum helzt innlendum, hefi eg ekkert að athuga. Þessi ráðstöfun er í alla staði gagnleg og nauðsynleg, og stjórnin hefir, eins og kunnugt er, áður lýst því yfir; og kemur því hèr að lútandi uppástunga í samhljóðun við skoðun stjórnarinnar á þessu atriði.

Uppástungan undir 10. tölulið er einnig vel hugsuð, og getur komið að góðum notum. Eg skal svo ekki orðlengja um þessa atkvæðaskrá — að því undanteknu, að eg get með engu móti fallizt á að fella úr 2. grein frumvarpsins þau orð, sem breytingaratkvæðið undir tölulið 1., lit. c til greinir, því ákvörðunin er algjör-

lega nauðsynleg, og má með engu móti fellast úr lagaboðinu, — en lýsi því yfir, að það er gleðilegt, að skoðanir þingsins á málinu koma saman við stjórnarfrumvarpið í öllu því verulegasta, og að allir virðast á einu máli um það, að æskilegt sè, að allir leggist á eitt til þess að ráða málinu til fljótra og eptirþráðra lykta.

Forseti: Af því sem framsögumaður gat um, að uppástungan sem stendur í staflið q, á illa við á þeim stað, þá hafði eg ætlað, þegar til atkvæða kæmi, að skjóta stafliðnum q aptur eptir, svo að hann yrði rètt á undan tölulið 5. og kæmi þar í tvennu lagi til atkvæða, fyrst greinin sjálf og síðan hitt, hvort þingið vildi hafa hana inn í frumvarpið sem lagagrein, sem hún er þó ekki löguð til.

Magnús Jónsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú tekið af mèr mikið ómak, þar sem hann mælti með breytingaratkvæði mínu undir 1. tölulið, og kann eg honum mestu þakkir fyrir það, því að eg er ekki maður til að tala fyrir meiningu minni, þótt hún kunni að vera á rökum byggð, og vantar mig til þess bæði anda og krapt. Breytingaratkvæði mitt undir tölulið 1. a, er nú sprottið af reynslu í þessu máli, og vil eg því helzt, að fè sè líka skoðað, þegar það kemur af afrètti á haustin, af því að það hefir þá lengi eigi verið undir hirðingu, og enginn veit, hvernig því hefir liðið eða hvort það er veikt eður ekki; þess vegna er nauðsynlegt að skoða það á haustin áður en því er hleypt saman við heimafèð. En hitt tímatakmarkið hefi eg sett í aprílmánuði fyrir þá sök, að þá er fè enn undir vetrarhirðingu, því að ef fèð er skoðað síðar, þá býð eg eigi fè við þeirri skoðun, og ef það er eigi gjört fyrr en ákveðið er í stjórnarfrumvarpinu, þá er fèð komið víðs vegar um heiðalönd og fjall-lönd, svo það verður ekki allt skoðað, og þó það fè, sem þá er heima, kunni að vera heilbrigt, þá getur þó eitthvað af því, er sloppið er, verið veikt, og hefir þetta optar en sjaldnar átt sèr stað. Þá er nú stafliður c. þar sem eg hefi bætt inn: «og verk er þeim verða á hendur falin»; þetta lýtur til breytingarinnar á 4. gr., um að fèð verði læknað; það sýnist nauðsynlegt, að þeir menn, sem kvaddir eru af lögreglustjóranum til að skoða fèð, strax við fyrstu skoðunargjörð taki það undir lækningu, ef það finnst sjúkt. Því að ef þeir eiga fyrst að gefa lögreglustjóranum til kynna, að fèð sè veikt, þá getur það verið orðið enn veikara, ef til vill, þegar á að fara að lækna það, og að líkindum búið að veikja fleira fè. Það getur

líka staðið svo á, að eigi sè hægt að ná til lögreglustjórans, sem þá auðveldlega bæði getur verið fjærverandi heimili sínu, eður búið mjög langt frá hinu fjárveika hèraði, og þess vegna vil eg láta það standa, að þeir taki strax til verka. Þá mætti líka falla burtu síðari hluti greinarinnar, að lögstjóranum sè gefið þetta til kynna, því að hann þarf þá ekki framar, að gjöra ráðstafanir hinni fyrstu rannsókn viðvíkjandi. Þá kemur stafliður f, en eg fellst öllu fremur á breytingu hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns undir staflið q, sem fer fram á, að helmingurinn sè greiddur af hreppnum, en helmingurinn af jafnaðarsjóðnum, því að menn mega segja, að sú breyting hafi mikið til síns máls og er á betri rökum byggð. Mèr þykir það eðlilegt, að nokkuð af þessum kostnaði sè greitt úr jafnaðarsjóðnum, því að það er eigi einungis læknað fyrir þá, sem eiga hið sjúka fè, heldur og fyrir heilbrigðu hèruðin, því að hættan vofir yfir þeim, og það má öllum vera jafn áhugi á því, að koma þessum vogesti í burtu. En það er sjálfsagt, að fyrsta skyldan liggur á trössunum að lækna, en þeir hafa eigi efni til þess og eigi hrepparnir heldur, og má sjá það af því, að víða er óborgað enn lánskornið, sem hrepparnir fengu frá stjórninni fyrir skemmstu, og eru þeir alls ekki færir um að rísa undir þessum nýju álögum, og eg veit ekki, hvernig menn eiga að fá skil, þar sem engin eru til. Það er heldur ekki ástæðulaust, að hin heilbrigðu hèruð taki nokkurn þátt í þessum kostnaði, því að eg veit til þess, að hin fjarlægari hèruð hafa stutt að því óbeinlínis, að kláðinn viðhèldist, þótt þau hafi gjört það óviljandi. Það hefir á hverju hausti komið fjöldi fjár til Suðurnesja úr fjarlægum hèruðum, þar sem kláðinn hefir lengst viðhaldizt og helzt enn, og hefir það strax á næsta ári leitað til átthaga sinna, og það er sannarlega heppni, ef þetta hefir eigi slæmar afleiðingar, og eg gæti sagt sögu, sem sýnir, að í tilliti til kláða-útbreiðslu hefir mjög illt leitt af þessu, en eg ætla þó ekki að gjöra það nú. Þetta sýnist nú að sanna það, að sanngjarnt sè, að hin heilbrigðu hèruð borgi lækningarnar að nokkru, eður að þau borgi það að helmingi. Þá er stafliður *m*. Þessi breyting flýtur af breytingum um lækningar hèr að framan, að fèð sè strax tekið undir lækningu, svo það dragist ekki. Með þessu orði «frekari», er að eins meint »frekari ráðstafanir», en áður eru komnar; það er því að eins til skýringar. Þá er stafliður q, sem eg á nokkurn þátt í, og er eg því ekki mótfallinn, að það sè tekið fram í niðurlagsatriði álitsskjalsins eins

og hinn háttvirti framsögumaður tók fram. Um hin breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala, en það mun heyrast við atkvæðagreiðsluna, hverjum þeirra eg gef atkvæði mitt og hverjum ekki.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða þingmanns Reykjavíkur, er lutu að því, að ekki hefði hingað til verið haft eptirlit með fènu að haustinu í þeim grunuðu sveitum, taka fram, að einmitt þetta eptirlit einkum hefir átt sèr stað, og verið álitið nauðsynlegt, eins og eg álít nauðsynlegt, að því sè haldið áfram eptirleiðis eða að svo komnu.

Viðvíkjandi atkvæðinu undir lit. *p*, skýrskota eg til þess, sem eg sagði áðan. Verðir geta orðið nauðsynlegir í einstökum tilfellum, en það tel eg víst, að þeir verði ekki viðhafðir nema í *brýnustu* nauðsyn. Þeir eru heldur aldrei nè geta verið fulltryggjandi. Það hafa allt af sloppið út og suður yfir varðlínurnar einstakar kindur, og það þarf ekki nema eina kind til að flytja kláðann; að minnsta kosti var sagt, að kláðinn í Húnavatnssýslu hefði flutzt þangað með einni kind úr Reykholtsdal.

Að öðru leyti álít eg þess ekki þurfa, að ákvörðun um verði sè tekin inn í lagaboðið, enda þó eg ekki haldi, að það geti spillt fyrir málinu hjá stjórninni, því hún hefir ekki á móti vörðunum, sem slíkum, heldur á móti misbrúkun þeirra, og að þeir sèu settir, nema af öldungis yfirgnæfandi ástæðum.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaþingmaður Reykvíkinga sagði um staflið c, þá tók eg það fram áður, að eg hefði eigi á móti því, að bætt væri við orðunum: «og verk þau sem þeim eru á hendur falin», en það flýtur ekki þar af, að endi greinarinnar falli burtu: «aðstoðarmenn þessir o. s. frv». Það er rètt að gefa sýslumanninum strax til vitundar, undir eins og kláða verður vart, en það er víst ekki meiningin, að að eins skuli spyrja hann um, hvort lækna eigi eða ekki, því það er sjálfsagt, en það er nauðsynlegt, að sýslumanni sè gefið til vitundar, að kláðinn sè kominn upp, svo hann geti haft eptirlit og augastað á honum, en þetta er auðvitað, að lækningarnar eiga að byrja svo fljótt, sem kringumstæðurnar leyfa. Eg vil þannig fallast á, að bætt sè við: «og verk etc», en eg vil eigi fallast á, að lögreglustjóranum sè eigi gefið það til vitundar, því að það gjörir honum mögulegt að uppfylla skyldur sínar, því að lögreglustjórinn fer eigi að skoða fèð sjálfur, þess vegna finnst mèr eigi tiltök að megi sleppa þessu atriði. Þar sem varaþingmaður Reykvíkinga vildi

hallast að því, og sagði að það væri eðlilegt, að kostnaðurinn við lækningarnar lenti ekki að öllu leyti á sveitinni, heldur væri hann klofinn, svo að hin heilbrigðu hèruð tæki einnig þátt í honum, þá get eg nú eigi álitið, eins og eg sagði áður, að þetta sè rètt. Það getur eigi verið heppilegt að byggja það á því, að hinar fjarlægari sveitir selja fè til hinna sjúku hèraða, og það komi síðan með kláða, því að þegar einhver selur heilbrigt fè og það kemur aptur til hans kláðugt, þá hefir hann fengið nóga hegningu fyrir þann greiða sinn, hann borgar þá kostnaðinn við lækninguna á því fè í sveit sinni, sem það sýkir. Hins vegar er það gagnlegt, að fè sè selt við verði, og það er nauðsynleg og haganleg innlend verzlun, að fè sè selt úr einu hèraði í annað. En ef fèð kemur aptur með kláða, þá fær hlutaðeigandi óeðlilega hegningu fyrir það, að hann gjörði þann hlut, sem í sjálfu sèr er haganlegur, með því að hann og hans sveit fær kláða, þó hann ekki þar að auki borgi fyrir kláða í öðrum sveitum. Á hinn bóginn liggur og í þessu atriði nægilegt aðhald, að menn selji fè með aðgætni. En ef kostnaðurinn er goldinn úr jafnaðarsjóðnum, lendir hann jafnt á þeim, sem varast að selja ógætilega fè í sjúkar sveitir, og hinum sem selja fè ógætilega. Þetta held eg nú að sýni, að uppástunga nefndarinnar er rèttlát. Það verður nú eigi komið með þá mótbáru, að það sè ókljúfandi fyrir sveitirnar, að bera kostnað af því, sem allir játa, að sè gagnlegt. Því eg ímynda mèr, að þær sveitirnar sè verst farnar, sem ala kláðann, en eigi þær sem lækna. Það er hverjum innan handar að hafa kláðann, en það er vonandi, að engum líðist það, þegar sveitastjórnin rekur á eptir, að honum sè útrýmt. En eg veit þá ekki, hvaða þýðing liggur í því, að sveitirnar geti ekki borið þenna kostnað, það er óskynsamlegt, því í því liggur, að lækningarnar í peningalegu tilliti sè ógjörlegar og óskynsamlegar. Eg verð að ráðgjöra, að það sèu að eins einstakir menn, sem ala kláðann, en það er þetta, sem lagaboðið vill girða fyrir, og þess vegna vill nefndin gjöra sem mest aðhald að unnt er, og því sè eg eigi, að nein óeðlileg tilslökun eigi að eiga sèr stað. Á hinn bóginn er það óeðlilegt og ranglátt, að þær sveitir, sem annaðhvort hafa læknað eða varizt kláðanum borgi allt af æ ofan í kostnaðinn, jafnt þeim sveitunum, sem allt af ala kláðann. Og eptir því sem eg heyri fleiri ræður, þá sannfærist eg æ betur og betur um það, að ákvörðun nefndarinnar sè rètt, og það sèr hver maður enn fremur, sem ber saman hreppana, að

hlutfallið verður þar að auki ójafnt, ef kostnaðurinn er greiddur úr jafnaðarsjóðunum. Eg verð nú að vera samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa i því, að óþarft sè og óeðlilegt yfir höfuð, að hafa þessa uppljóstrarmenn í lagaboðum; en eg held þó, að mikil ástæða sè til, að hafa þá í þessu lagaboði. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði nú, að eigi væri ráð fyrir því gjörandi, að menn leyndu kláðanum, einkum eptir það, að þessi lög eru komin út; en það liggur þó í eðli máls þessa, að það er eigi von, að hlutaðeigendur segi sjálfkrafa frá kláðanum. Eg vissi líka til þess, að það var kvartað yfir því, að menn leyndu kláðanum á Jótlandi, og vèr vitum það, að sumir hafa skoðað svo hèr á landi, sem eigi væri sèrlega skaðlegt, þótt einhverstaðar fyndist kláðabóla í fè þeirra. Eg álít þess vegna rèttast, að herða aðhaldið sem mest, og það liggur í eðli þessa máls, þar sem samgöngurnar eru svo skaðlegar, þegar næmar fjárveikjur ganga. Og þó að eg játi, að uppljóstrarmenn eigi ekki að eiga sèr stað í lögum yfir höfuð, þá álít eg þá nauðsynlega í þessu lagaboði, og það gefur líka hreppsbúum meiri tryggingu, því að vèr vitum, að margar sögur hafa gengið um, að kláði hafi verið þar sem hann var ekki, og að kláði hafi ekki verið, þar sem hann þó óneitanlega hefir verið; en þetta leiðir til þess, að sannleikurinn kemur í ljós; þess vegna er það rètt, af því að í því liggur aðhald, og eg held, að þingið eigi ekki að spara neinar þær ákvarðanir, sem skerpa aðhaldið, og eigi ganga út fyrir rèttlæti; því að rèttlátar reglur og allur þeirra strangleiki verður að viðhafast í þessu máli, ef lög þessi eiga að hafa nokkra þýðingu. Lögin eiga eigi að eins að vera til að skerpa framkvæmdarvaldið, heldur eiga þau einnig að opna augu manna fyrir því, hvað hèr sè rèttlátt. Og þótt þetta kunni stundum að koma nokkuð hart niður, þá verður ekki hjá því komizt, og hitt getur leitt til meiri hörku, að rèttinum sè eigi stranglega framfylgt. Eg get því ekki annað sèð, en að þetta sè nærri vegi hjá nefndinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um mál þetta. Eg skal geta þess, að eg get með engu móti fallizt á staflið *d*, sem fer fram á, að endi 2. greinarinnar falli burtu; eg er í því alveg samdóma hinum heiðraða framsögumanni. Það er alveg nauðsynlegt að lögreglustjóra sè gefið til vitundar, þegar vart verður við einhverja sýki, og eg sè ekki heldur, að það geti komið í bága við 4. grein eða uppástungu varaþingmanns Reykvíkinga við þá grein. Þegar lögreglustjóri er svo settur, að

ekki verður þegar náð til hans, er sjálfsagt, að aðstoðarmennirnir gjöra einhverjar bráðabyrgðarráðstafanir, þangað til náð verður til lögreglustjórans. Eg skal ekki þrátta um skilninginn á 4. grein um verðina, einungis skal eg geta þess, að eg held, að viðauka-atkvæði þingmanns Suður-Þingeyinga heldur spilli en bæti. Eg get ekki fellt mig við staflið *A*, því ef hinir hreppsbændur eru þrifamenn og vilja ekki ala kláðann, eins og menn segja, finnst mér þeir hafa nóga hvöt til að ljóstra upp um trassana; eins og hinn heiðraði framsögumaður sagði, held eg að hugmyndin um uppljóstrarmenn yfir höfuð ekki eigi við í lögum, og þesss vegna held eg að þessi hugmynd ekki sè fremur þörf í þessum lögum en öðrum. Að því amtsnefndirnar snertir, þá held eg, að þær muni ekki gjöra það gagn, sem þingnefndin hefir hugsað sèr, allra sízt get eg fallizt á, að þingið kjósi menn í nefndir þessar, mèr finnst eðlilegast, að amtmennirnir kjósi þá, sjálfsagt eptir uppástungum sýslumanna; það heyrir ekki þinginu til. Að því er tölulið 5 snertir þá fellst eg alveg á hann, að einu orðatiltæki undanteknu, með »niðursettu verði«, það getur misskilizt; eg ímynda mèr, að ætlun uppástungumanns sè með sem »vægustu« verði; eg fyrir mitt leyti gjöri mig ekki ánægðan með, að verðið verði einungis sett niður frá því sem nú er, heldur vil eg hafa það sem lægst; eg vil leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort þetta sè ekki að eins orðabreyting sem taka má til greina. Tölulið 7 ætla eg ekki að gjöra að neinu kappsmáli, mèr er sama hvort hann verður tekinn eða 6. töluliður, mèr synist þó, að síðustu orðin í 7. tölulið ekki geti verið til fyrirstöðu, því dýralæknar þurfa þó að fá laun einhverstaðar frá; sama hugsun finnst mèr einnig liggja í 6. tölulið; því ef stjórnin á að annast um, að dýralæknar komist hèr á, verður hún líka að sjá um, að þeir geti við haldizt. Eg ætla ekki að mæla fleira um þetta efni, þingið ræður að öllu hvað það gjörir.

Framsögumaður: Viðvíkjandi viðauka-atkvæði hins heiðraði þingmanns Suður-Þingeyinga vil eg geta þess, að úr því hinn hæstvirti konungsfulltrúi álítur, að það sè rèttur skilningur á greininni, sem eg sagði og benti á, þá getur ekkert verið á móti viðaukanum, því hann er ekki til annars en að taka það fram með berum orðum, sem liggur í greininni, rètt skildri, eg álít því heppilegt að viðaukinn komist í lögin, eg var að eins hræddur um, að stjórnin mundi verða móti viðaukanum, því eptir því sem sjá má

af ástæðunum fyrir frumvarpinu er stjórninni sannarlega ekki um verði, þó eg ekki viti af hvaða ástæðum, þar sem verðir þó voru settir beinlínis eptir hennar skipun 1863; eins og þeir líka hingað til hafa reynzt hið eina meðal móti útbreiðslu kláðans, Þegar viðaukinn er svona skilinn, eins og eg og hinn háttvirti konungsfulltrúi segir, álit eg ekki að hann geti komið í bága við skoðun stjórnarinnar. Mèr finnst þingmenn ekki skilja rètt meiningu nefndarinnar um amtsnefndirnar. Nefndin hugsaði sèr ekki, að amtsnefndir þessar skyldu takast starfa á hendur undir valdstjórninni, heldur vera til þess að reyna til að koma á betri fjárrækt frá sjónarmiði bænda. Þetta er önnur skoðun en ef þær ættu að ganga valdstjórninni til handa í hennar verkum; menn geta ekki ætlazt til að valdstjórnin skipti sèr beinlínís af búnaðarefnum, hún getur einungis haft yfirumsjón einkum til þess að tálma því sem skaðlegt er, t. a. m. kláða og öðrum veikjum, en bætur t. d. á fjárhúsabyggingu og fjárrækt geta ekki heyrt undir valdstjórnina. Nefndin hugsaði sèr, að menn þessir yrðu kosnir úr bændastètt, en fengju eins konar löggildingu og skyldu frá hinu opinbera, til þess að sjá um betrun fjárræktar og annara búnaðarefna, þess vegna finnst mèr ekkert vera móti því, að þingið stingi upp á mönnunum, ef það treystir sèr til þess, og aðhyllist grundvallarskoðun nefndarinnar, en ef þingið kastar þessari skoðun nefndarinnar er það alveg rètt, að þingið ekki stingi upp á neinum nefndum, því ef hinni skoðuninni er fylgt er uppástunga nefndarinnar felld, og allt önnur komin í staðinn.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gjöra þá athugasemd út af orðum framsögumanns viðvíkjandi því ætlunarverki nefndanna, sem hann tók fram, að það stendur með berum orðum í niðurlagsatriði nefndarálitsins, að þær eigi fyrst og fremst að vera valdstjórninni til aðstoðar í öllum þeim efnum, sem lúti að fjárlækningum, og með þessum verkahring hennar er eðlilegast, að amtmaður kjósi nefndarmennina.

Framsögumaður: Það er öldungis satt, að þessi orð í nefndarálitinu eru tvíræð, en eg tók fram, hver hugsun þingnefndarinnar hefði verið; hún hugsaði sèr, að nefndirnar skyldu vera til þess að veita valdstjórninni aðstoð, ef hún óskaði þess, en einkum til að fá alþýðu góðfúslega til að betra fjárrækt, fjárhúsabyggingar, fóðurhirðingu o. s. frv., en að hún líka væri skyldug að veita

valdstjórninni aðstoð, ef hún óskar þess, þegar einhver fjárveikindi koma fyrir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Af því eg á nokkur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, vildi eg tala nokkur orð: Mig furðar það alls ekki, að hinn 6. konungkjörni þingmaður ekki getur fallizt á viðauka-atkvæði mitt um verðina undir stafl. *p*; það var nokkuð það sem eg vissi fyrir fram; því hann hefir aldrei verið neinn varðavinur; hann hefir haft, eins og sagt var um Þránd, sína kreddu í því efni og þingið aptur sína; en það þótti mèr kynlegra, að hinn háttvirti framsögumaður og nefndin skyldi andæfa á móti viðauka-atkvæðinu, því eg vildi einungis úttala það skýlaust, sem nefndin hefir í ástæðum sínum að eins lauslega farið fram á. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi lagði öldungis rèttan skilning í þetta viðauka-atkvæði mitt; meining mín með viðauka-atkvæðinu er sú, að amtmenn skuli hafa fulla lagaheimild til að setja verði á milli heilbrigðra og grunaðra eða kláðaveikra hèraða, þegar ýtrasta nauðsyn krefur; og held eg að full vissa sè fyrir því, að amtmenn neyti ekki þessa leyfis án þess brýn nauðsyn beri til; því verðir eru svo kostnaðarsamir eins og kunnugt er, að engum mun detta í hug, að gjöra leik til þess að setja þá að gamni sínu. Mèr þótti það skrítin mótbára, sem framsögumaður kom með gegn viðauka-atkvæðinu, að stjórnin mundi ekki fallast á þetta; af því hún hefði ekki getað aðhyllzt þessa skoðun áður. Það er satt, að það er tekið fram í ástæðum stjórnarinnar, að hún hafi ekki getað aðhyllzt skoðun þingsins 1863 um verðina, og af hverju hefir hún eigi getað aðhyllzt þetta? Af því að dýralækningaráðið í Kaupmannahöfn hafi ráðið frá því. Mèr þykir það nú nokkuð undarlegt, að stjórnin í þessu efni skuli hafa meira traust á dýralækningaráðinu en á alþingi; það liggur sem sè í augum uppi, að aðskilnaðurinn á sjúku fè og heilbrigðu er ekkert læknisfræðislegt spursmál, heldur er það alveg þess eðlis, að úrlausn þess útheimtir nákvæman kunnugleika á landslagi og búnaðarháttum hèr á landi með mörgu fleira. Eg held nú, að allir verði að játa, að dýralækningaráðið getur ekki haft betri þekkingu en þingið á sèrstöku ásigkomulagi þessa lands, og því, er að aðskilnaði á heilbrigðu og sjúku fè hèr á landi lýtur. Eg þykist öldungis ekki rýra álit dýralækningaráðsins, fyrir það, þó eg segi þetta, því eg er miklu fremur sannfærður um, að það hafi mikið gott vit á því, sem tilheyrir þess eigin verkahring, og að stjórnin þess vegna hafi

gjört ef til vill rètt í því, að leita álits þess um sjálfar fjárkláðalækningarnar. Aptur á móti er eg sannfærður um, og þykist hafa fulla ástæðu til að halda, að dýralækningaráðið þekki ekki svo vel til landslags og landshátta hèr, sem til þess útheimtist, að það geti uppkveðið áreiðanlegan dóm um það, hvort verðir eru hèr nauðsynlegir eða ekki til að hepta útbreiðslu fjárkláðans og þess vegna ætla eg, að það hafi verið ófyrirsynju gjört af stjórninni, að taka meira tillit til ráða þess, en atkvæða þingsins í þessu efni. Eg er annars ekki fastur á að halda fram viðauka-atkvæði þessu, ef þinginu virðist það ískyggilegt, og ef það heldur, að það geti orðið málinu til hindrunar eða fyrirstöðu hjá stjórninni; eg álít rèttara, að viðauka-atkvæðið sè fellt, ef það er sá þyrnir í augum stjórnarinnar sem þingmenn virðast ímynda sèr, og svo það ekki verði málinu til fyrirstöðu, því eg held, að amtmennirnir geti eins hèr eptir sem hingað til fyrirskipað verði, þegar nauðsyn ber til, og án þess þeir hafi fyrir því sèrstaklegar lagaákvarðanir; þess vegna ætla eg ekki að halda þessu til streytu. Hvað tölulið 2 snertir, þá verð eg að álíta, að amtsnefndirnar geti ekki haft þá þýðingu eða gjört það gagn sem þingnefndin virðist að hafa ímyndað sèr, nema ef vera skyldi fyrir Suðuramtið, meðan á kláðalækningunum stendur; það var einu sinni sett hèr nefnd í Suðuramtinu, eins og kunnugt er valdstjórninni til aðstoðar í fjárkláðalækningunum, og mun hún hafa gjört gagn meðan hún stóð, og að því leyti sem hún náði til. Það kynni þess vegna að vera ástæða til þess, að vekja þessa nefnd upp aptur, einkum vegna þess, að vèr höfum fengið nýjan stiptamtmann, sem enn er ókunnugur, og kynni því að þurfa kunnugra manna við sèr til aðstoðar og ráðaneytis, en í hinum ömtunum held eg þess konar nefnd eigi þurfi við nú sem stendur. Eg skildi framsögumann svo, að nefndir þessar einkum ættu að hafa tilsjón með heyhirðingu, ásetningi o. s. frv. Eg held það megi með sanni segja, að þó það væru kosnir tómir tilberar í þessar títt um töluðu amtanefndir gætu, þeir ekki komizt yfir þetta í Norðuramtinu, sem er svo viðlent, sem allir vita. Hefði nefndin stungið upp á sýslu nefndum til þessara starfa, var það nær viti, og mundi eg ekki hafa verið fjærri að fallast á þær. Hvað tölulið 4. *a* snertir, þá þykir mèr það óheppilega orðað, eins og það kemur fyrir hèr á atkvæðaskránni. Annars skal eg geta þess, að ef eg man rètt, var það ekki orðað svona í handritinu. Það rættist nú á hinum háttvirta framsögu-

manni, að hverjum þykir sinn fugl fagur, honum þótti uppástunga nefndarinnar betur orðuð; en mèr þykir uppástunga mín betur orðuð; þingið verður að skera úr því, hver okkar hefir rèttara að mæla. Eg verð að halda fast við tölulið 4. *b*. Eg vil að amtmenn kveðji mennina í þessar nefndir, ef þær verða viðteknar á þinginu, sem eg annars vona, að ekki verði. Fyrir breytingaratkvæði þessu tel eg það sem ástæðu, að eg er ekki viss um, að þingmenn sèu svo kunnugir heima í hèraði að þeir geti kosið hæfa menn í þessar nefndir, nema ef þeir kjósa sjálfa sig, eða hver annan. Eg held meining nefndarinnar hafi verið, sú að kjósa skyldi menn heima í hèruðum í nefndir þessar. Nú er ekki sagt, að þeir vilji takast þetta á hendur sem fyrir atkvæðum yrði, og hvernig ætti að neyða þá til þess? Þetta getur allt eptir uppástungum nefndarinnar fallið um sjálft sig.

Jón Bjarnason: Það hafa orðið tvískiptar meiningar um uppljóstrarmennina. Nefndin hefir farið fram á, að þeir fengju borgun, og finnst mèr að þeir eigi þóknun skilið, ef þeir geta stutt til almennings heilla, með því að flýta fyrir að tilhlýðilegar ráðstafanir sèu teknar. Eg vil setja það dæmi: Í Grindavíkurhrepp skyldi vera búið að lækna eptir sem kallað er, en einhver utanhreppsmaður sem byggi í grenndinni hefði sterkan grun á, að fè væri þar ekki með öllu heilbrigt; mundi hann þá ekki fremur, ef hann ætti von á þóknun, gjöra sèr far um að komast að sannleikanum, hvort kláðinn væri allæknaður eður ekki, það er auðvitað, að borgun fyrir kláðasögur eður uppljóstrun fær enginn, og ætti enginn að fá fyrr en raun er á orðin, að maðurinn hafi sagt satt, og hver sem fyrst verður þess vís, að kláðafè sè uppi, ætti að gefa valdstjórninni, sem er opt fjarlæg, þetta til vitundar hið allrabráðasta? Það getur margt borið til þess, að eigandi ekki segi sjálfur frá, þó eitthvað sè að; getur bæði verið, að hann þekki það ekki, og líka, að hann vilji hlíðra sèr hjá því. Eg held að uppljóstrarmaður með því að flýta fyrir lækningum komi almennu máli á betra veg, og er eg því á því, að hann eigi þóknun skylda fyrir ómak sitt, þegar það er til almennra heilla.

Konungsfulltrúi: Það getur hugsazt, að þeir hèr umræddu «Angivere» fari með ósannindi, og að þar af leiði rannsóknarkostnað. Mèr virðast yfir höfuð svo margir annmarkar á þessari uppástungu, að eg hlýt að ráða frá því, að hún verði tekin til greina.

Bergur Thorberg: Viðvíkjandi uppástungum þeim, sem gjörðar hafa verið við minni hluta nefndarinnar, þá virðast mèr þær geta haft góðar afleiðingar, því meiningin er hin sama, en er að nokkru leyti þar tekin skýrara fram. Mèr virðist menn ekki hafa skilið orð minni hlutans eins og þau eru. Menn hafa skilið þau svo, að hann beiddi um útlenda dýralækna; en hann biður um dýralækna yfir höfuð; minni hlutinn hèlt að hægra yrði að fá innlenda dýralækna en útlenda, og lýtur uppástungan að því leyti að innlendum dýralæknum. Hinir útlendu dýralæknar verða dýrari, en gætu eflaust líka komið að góðu liði, en þó tæki eg þá með þökkum, ef innlendir fengjust ekki. Fyrri liður uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga er því öldungis samkvæmur minni uppástungu í raun og veru; á seinni hluta hennar verð eg að fallast. Eg skal geta þess, að eg get ekki lagt litla þýðingu í hvort bein ákvörðun um verði er tekin í frumvarpið eða ekki. Það er þinginu kunnugt, að uppástunga alþingis 1863 um verðina var ein af aðalorsökunum til þess, að stjórnin gat ekki fundið ástæðu til að gjöra frumvarpið að lögum, og er ekki ólíklegt, að stjórnin kunni enn að hafa sömu skoðun og gjöra eins mikið úr þessu atriði nú eins og fyrri, og getur það haft hin sömu áhrif og orðið málinu til fyrirstöðu, og held eg því sè varúðarvert að halda því fram. Eg álít það því öldungis rètt gjört af hinum heiðraða uppástungumanni, að hann, eptir því sem hann sagði, ekki vildi halda uppástungunni fast fram, ef þingið áliti, að hún gæti orðið málinu til fyrirstöðu. Minni hlutinn hefir getið þess í ástæðunum fyrir uppástungu sinni, að honum sýnist ekki ráðlegt að leggja mikla áherzlu á verðina í álitsskjalinu, en einungis benda á, að þingið hafi þann skilning, að, ef nauðsyn krefur, hafi amtmennirnir heimild til að setja verði. Um dýralæknana skal eg enn fremur geta þess, að þar sem það kom fram við undirbúningsumræðuna, að langan tíma, 12 ár, þyrfti til að fá þá einn í hvert amt, þá hefir hinn heiðraði þingmaður, sem þetta mælti, líklega minnt, að ömtin hèr á landi væru fjögur, en þau eru nú ekki nema 3, og yrðu árin þá ekki nema 9, ef einn væri sendur þriðja hvert ár. Hann hèlt að kennsla gæti ekki fengizt nema handa einum manni í senn, og því gæti ekki komið nema einn 3. hvert ár eptir konungsúrskurði frá 1. júlí 1831; en það er víst enginn efi á því, að 3 gætu fengið kennslu í einu á dýralækningaskólanum í Höfn, og sèst það af brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. janúar 1858, að stjórn-

in bindur sig ekki svo fast við úrskurðinn frá 1831, því 1858 gaf hún kost á, að 3 menn væru sendir í einu á dýralækningaskólann; mèr virðist því ekki mótbára þessi vera á ástæðum byggð.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að það er ætlazt til, að bæði heilbrigt og sjúkt og grunað fe sè skoðað, og það er þetta atriði, sem eitt með öðru mælir fram með því, að fjárskoðunarkostnaðurinn sè greiddur úr opinberum sjóði.

Stefán Jónsson: Eg get að vísu ekki annað en látið ánægju mína í ljósi eins og margir aðrir yfir því samlyndi, sem nú sýnist að vera komið á milli stjórnarinnar og þingsins í þessu máli, en þó nú svona sè, þá er samt ástæða til að halda, að öllum geðjist ekki að því, hvernig nefndin hefir farið í málið. Eg þóttist sjá það fyrir, að úr því stjórnin ekki hefir viljað taka tillit til álits þingsins á fjórum undanfarandi þingum, þá mundi hún ekki fremur taka tillit til þess, sem þingð nú færi í fimta sinn að breyta, ef það yrði nokkur tölnverð breyting, og væri því ef til vill nú rèttast fyrir þingið að samþykkja frumvarpið í öllu verulegu, og láta reynsluna sýna hvað ynnist við það. Nú býst eg ekki við öðru en allt gangi svo vel, þegar stjórnin og lækningamenn hennar hafa allt í höndum, og öllu því úr vegi rutt, sem þeir hafa kvartað undan, að þá muni hvorki þurfa verði nè annan kostnað, þegar þessi lög koma út, og lækningamennirnir fá öllu að ráða mótspyrnulaust, og það því heldur sem svo opt hefir verið sagt í skýrslum, að fjárkláði væri ekki til nema lítill vottur í fáum stöðum, Þess vegna tók nefndin ekkert um verðina upp í frumvarpið til þess hún gæti sem bezt fallizt á frumvarpið; eg ímynda mèr nú, sem sagt, að málið fái hin beztu úrslit, og að fjárkláðinn hverfi nú að fullu og öllu; eg er nefnilega á því, að menn nú taki svo röggsamlega til starfa, að það vari ei lengi áður kláðanum verði útrýmt. En skyldi nú þetta ekki takast fyrst um sinn, þá er eg hræddur við, að óánægja fari á ný að lýsa sèr hjá mönnum, og þá muni reka að hinu sama og áður, og það tel eg víst, að ef fjárkláðanum verður ekki útrýmt að fullu fyrir næsta alþing þá muni það þing fá málið á ný til meðferðar.

Jón Pálmason: Eg hefi litlu við að bæta, það sem framsögumaður hefir sagt, því hann hefir tekið fram álít nefndarinnar á breytingaratkvæðunum, sem hèr liggja fyrir á atkvæðaskránni, og sjá hinir háttvirtu þingmenn af henni, hver breytingaratkvæði nefnd-

in hefir aðhyllzt, en hin álít eg sum óþörf og þýðingarlaus, og nokkur jafnvel hættuleg ef þingið skyldi aðhyllast þau, eins og framsögumaður hefir sýnt fram á, og enn vil eg sèr í lagi benda á breytingaratkvæði undir stafl. f. og g., að þau muni vera miður heppileg fyrir málið, og er eg öldungis samdóma framsögumanni í því og lýsi því yfir, að eg einungis aðhyllist þau breytingaratkvæði, sem nefndin hefir aðhyllzt en ekki önnur. Menn hafa fundið að því, að 4. töluliður væri ekki heppilega orðaður; eg að vísu viðurkenni þetta, en eg skal geta þess, að í uppkasti því, sem gekk á milli nefndarmanna til yfirlesturs hafði eg og þingmaður Eyfirðinga gjört þá orðabreyting að við skutum inn dálitlu orði á undan »amti« nl. »suður«, en þegar nefndarálitið gekk aptur til undirskriptar, þá voru þessi orð ekki að finna eða höfðu gleymzt, en meining okkar var einmitt sú, að hin umrædda 3 manna nefnd væri í suðuramtinu í fjárkláðalækningunum valdstjórninni til aðstoðar, og í hinum ömtunum í öllu því sem lýtur að eflingu fjárræktarinnar á Íslandi yfir höfuð. Viðvíkjandi kostnaðinum, skal eg geta þess, að ef uppástunga nefndarinnar fær ekki framgang, það er að segja breytingin á 3. grein frumvarpsins, að kostnaðurinn leggist á hreppana, þá vil eg heldur að engin lög komi út, en að gagnstæð meining við nefndina fái lagagildi í þessu efni; en hvað nefndunum viðvíkur þá held eg þeim ekki mjög fast fram, því eg er eigi viss um, að þær komi að tilætluðum notum.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Suðurþingeyinga og þingmaður Húnvetninga sögðu um amtsnefndirnar, skal eg geta þess, að það var aldrei meining nefndarinnar, að binda þetta eingöngu við suðuramtið; það sem vakti fyrir nefndinni var að þessar amtsnefndir ættu að miðast við allt fjárræktar spursmálið yfir höfuð, en ekki bindast við eitt einstakt umdæmi, því við það er allt önnur stefna og veruleg breyting komin á málið. Mèr þætti bezt, ef þessi skoðun fengi yfirhönd hèr á þinginu, að þessi uppástunga þá alveg fèlli. Viðvíkjandi kosningunni, þá finnst mèr ekki mikill munur á því, hvort þingið eða amtmaður lætur kjósa þessa menn. Það er ómögulegt með tölum að segja, hvað mikið gagn þessir menn gætu gjört. Það er ekki meining nefndarinnar, að þeir sèu á ferð hingað og þangað um amtið, ekki fremur en amtmaðurinn, sem þó getur gjört mikið gagn í sínu umdæmi; nefndarmenn þessir geta safnað skýrslum um ýms atriði fjárrækt-

inni viðvíkjandi o. fl. og ráðlagt mönnum á ýmsa vegu, þar sem henni er ábótavant.

Ásgeir Einarsson: Hèr eru á atkvæðaskránni tvö breytingaratkvæði, sem nefndin hefir tekið misjafnt í, nl. stafliðirnir »f» og »g«; mèr fannst konungsfulltrúi tala svo liðlega um »g«, að það var auðsèð að hann vildi miðla málum; það gæti samt verið ísjárvert að halda þessu, þar margir eru hræddir við »p«; eg er reyndar ekki hræddur við þann staflið. Hvað verðina snertir, þá hafa amtmennirnir orðið að sækja um til stjórnarinnar að setja þá, og menn hafa þó dæmi til að menn hafa skorazt undan að greiða varðkostnaðinn; eg skal einungis geta þess, að það gæti verið óþægilegt, ef vörð þyrfti að setja yfir nes, og amtmennirnir hefðu engin völd í því tilliti. Eg get því ekki skilið í því, að stjórnin sè svo hörð, að hún felli málið, eptir minni sannfæringu get eg ekki gefið atkvæði mitt móti málinu. Verðir þessir koma hèr í stað heimavöktunarinnar í Danmörku þegar kláðasýki gengur þar, en hèr er slikt ekki fært til hlítar; en vilji stjórnin ekki samþykkja verðina, verður hún að annast um, að hert sè í að lækna svo verðina þurfi ekki. Eg skal geta þess, að pestnæmir sjúkdómar koma fyrir á fè svo verði þyrfti. Á Skotlandi kemur opt t. a. m. klaufnaveikin sem er pestnæm; hinn 3. konungkjörni þingmaður gæti upplýst okkur um þetta. Eg er hræddur um, að menn skirrist við að greiða varðkostnaðinn skyldi varðar þurfa með, ef ný lög koma ekki út í þessu efni.

Sveinn Níelsson: Það eru gleðileg tímanna teikn, að menn eru orðnir sammála í þessu voðalega áhugamáli þjóðarinnar: Það er nefnilega kunnugra en frá þurfi að segja, að menn í þessu máli hafa skipzt í tvo flokka, lækningamanna flokkinn og niðurskurðarflokkinn. Eg ætla ekkert að minnast á það, hvor þessara flokka hafði eður hefir rèttara til síns máls, ef reynslan hefir ekki þegar sannað það, þá gjöra það ekki orðin tóm; þetta kemur ekkert málinu við eins og það er nú komið, því menn hafa fallizt á að fylgja stjórnarfrumvarpinu; en þá ættu menn líka að hafa það hugfast, að fylgja sem bezt og kröptuglegast fram þeirri stefnu og gjalda varhuga við að sleppa engu atriði og engu tækifæri, sem stjórnin gefur til þess að efla lækningarnar; í 1. grein er t. a. m. lögð áherzla á, að lögreglustjórnin vaki sem kostgæfilegast yfir því, að skoðun á fè og lækningum sè sem rækilegast framfylgt, þetta er nú því fremur áríðandi, sem menn hafa optar sagt, að

vöntun eptirlits og fylgis af hendi valdstjórnarinnar, hafi verið um það að kenna, að lítið hafi orðið ágengt í lækningunum hingað til. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er eg á þeirra máli, sem vilja styðja að því, að hvatirnar verði sem sterkastar, til að herða að almenningi í hverri sveit að eyða þessum voðagesti, fjárkláðanum, hjá sèr, og því verð eg að vera fastur á því, að hver sveit eigi að standa sjálf kostnað af öllum fjárlækningum sínum. Eg get ekki fellt mig við neina tvískiptingu á þessum kostnaði. Eg ætla að minnast lítið eitt á það, sem talað hefir verið hèr um upplýstursmennina í kláðasveitunum; mèr er raunar ekki vel við njósnarmenn yfir höfuð; en eg veit, að hinir stjórnvitrustu konungar hafa álitið þá nauðsynlega; eg veit það meir að segja, að það er nauðsynlegt ekki að trúa öllum bændum í sveit í þessu mikla velferðarmáli landsins; reynslan vona eg sè búin að sanna það fyrir mönnum, að þeir menn eru til, sem ekki hafa þá hugsun og athuga á þessu efni, sem ómissandi er, og það er því öll þörf á, að eptirlitið sè sem nákvæmast og útbreiddast, menn geta því ekki álitið þessa eptirgrennslun heimildarlausa eða illviljaða hnýsni, og það vildi eg að lagaboðið bæri líka með sèr.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist málið vera komið í þá stefnu, að eg þurfi ekki neinu við að bæta; eg fellst og á flest breytingar- og viðauka-atkvæðin á þessari atkvæðaskrá; þau fremur bæta og skýra nefndarálitið en hitt. Viðvíkjandi 1. tölulið «a», þá er eg samdóma þingmanni Reykvíkinga, því reynslan hefir sýnt, að það er heppileg ráðstöfun. Viðauka-atkvæðið undir staflið «p», spillir ekki. Menn geta, eins og þingmaður Strandasýslu, ímyndað sèr pestnæma fjársjúkdóma, sem mundu gjöra það ákjósanlegt, að verðir yrði settir, eg vil til að mynda nefna fjárbóluna. Um kostnaðinn get eg þess, að það er rètt að láta hann lenda á trössunum; en þegar lagaboð kemur út um aðra sjúkdóma, þá finnst mèr þetta töluvert hart; eg ræð því þinginu til að reyna að miðla málum í þessu tilliti. Eg kann betur við tölulið 5. en «q». Viðvíkjandi amtsnefndunum, get eg þess, að eg álít þær nauðsynlegar, en eg vil ekki binda þær við Suðurumdæmið; það væri og undarlegt að láta þess konar einskorðun við eitt amt koma fram í lagaboði. Viðvíkjandi dýralæknunum, þá óskaði eg helzt, að þeir væru íslenzkir, en meðan þeir eigi fengjust vildi eg miklu heldur útlenda en enga dýralækna. Eg skal enn fremur geta þess, að eg fellst bæði á 7. og 10. tölulið. Að öðru leyti er eg á því, að

nefndin hafi gjört gott verk, hafi leyst starfa sinn vel af hendi og eigi þakkir skilið.

Eiríkur Kúld: Út af því sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gat um fjárbóluna, skal eg geta þess, að eg held hann hafi ekki vandlega hugleitt 1. grein frumvarpsins, því þar er talað um næm fjárveikindi yfir höfuð, og heyrir fjárbólan víst undir. Eg er einn af þeim, sem ómögulega get aðhyllzt «t», og þar að auki gjörir 2. og 3. grein starfa þessara uppljósturs manna óþarfan, því þessi uppljóstursstarfi felst sannarlega í ætlunarverki hreppstjóranna og aðstoðarmanna þeirra eptir 2. gr. Viðvíkjandi því, að framsögumaður vildi, að alþingi kysi nefndarmennina, þá get eg ekki verið honum samdóma í þessu; þar á móti er það miklu hentugra og meiri trygging í því, að amtmennirnir velji þá, því auk þess, að þingmenn hèr eru ekki kunnugri út um landið, en hver amtmaður í sínu amti, þá eigum við eigi víst nú, að þeir sem alþing nú velur, vilji takast þessi nefndarstörf á hendur, en það getur amtmaðurinn vitað áður hann útnefnir. — Annars er eg ei fastur á nefndum þessum, því mèr finnst þær fremur missanlegar. Viðvíkjandi dýralæknunum get eg þess, að eg helzt kýs innlenda dýralækna, og það sinn í hverju amti, og eins og eg gat um við undirbúningsumræðuna, getur maður vonað, að innlendir dýralæknar mundu brátt geta fengizt; þannig er nú þegar dýralæknir að austan búinn að nema þá fræði, svo fengist hann hingað aptur, gæti hann kennt út frá sèr hèr, og fengjust þá skjótt innlendir dýralæknar. En meðan innlendir ei fást, vil eg heldur en að engir sèu, að þeir sèu útlendir. Þingmaður Reykvíkinga og sumir fleiri hafa haft á móti hinum útlendu dýralæknum, en eg vil spyrja þá, hverjir nema útlendir dýralæknar hafa kennt honum og fleirum hèr í Suðaramtinu að lækna fjárkláðann, sem hann og fleiri telja sig fullnuma í?

Björn Pètursson: Af því eg hefi ekki áður látið meiningu mína í ljósi um þetta mál, vil eg fara fáeinum orðum um þessa atkvæðaskrá áður en gengið er til atkvæða, og skal eg strax lýsa því yfir, að eg aðhyllist að mestu leyti nefndarálitið og þau breytingaratkvæði sem fara í sömu stefnu. Áhrærandi staflið «f» skal eg geta þess, að eg er eins og fleiri þingmenn í því tilliti, að eg get ekki fallizt á hann; mèr þykir sú uppástunga sem hèr er gjörð, að minnsta kosti *nauðsynjalaus* og ekki vera til annars en gjöra 2. gr. frumvarpsins óþarfa, þar sem hreppstjórum og aðstoðarmönn-

um þeirra er falið það sama. Þeir eiga sem sè eptir 2. gr. að gefa lögreglustjóranum tafarlaust til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan, sjúkdóm, sem 1. gr. ræðir um. Þar að auki er mèr aldri vel við uppljóstursmenn eður «Spíóna», enda þykir mèr ísjárvert að leggja það til, að ákvörðun verði gjörð í lagaboði sem miðar til að ala þá upp. Það er nær að sporna við öllu þess háttar, sem veldur siðaspilling í landinu en að innleiða það með lögum. Um uppástunguna undir tölulið 4. er eg nú, sem fleiri þingmenn í nokkrum vafa; eg hefi litla trú á gagni þessara amtsnefnda og er í því samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga, að heppilegra hefði verið að stinga upp á sýslunefndum, eður að nefnd væri sett í hverri sýslu; í þessu skyni þá gæti eg heldur haft von um dálítinn árangur; en af amtsnefndunum get eg ekki búizt við miklu, nema ef vera kynni að þær gætu stutt yfirvöldin í fjárkláðalækningunum, sem líka sýnist helzt að hafa vakað fyrir nefndinni. Áhrærandi staflið «a» undir sama tölulið skal eg geta þess, að þó þar sè tekið fram, að amtsnefndirnar eigi jafnframt »að aðstoða valdstjórnina, í öllum þeim efnum, sem lúta að eflingu fjárræktarinnar yfir höfuð», þá veit eg ekki til, að amtmönnum eður sýslumönnum sè falið á hendur sem embættisskylda að skipta sèr af fjárræktinni yfir höfuð, svo «þessi aðstoð» verður líka af þeirri ástæðu þýðingarlítil; það er annað mál um fjárkláðinn eða næm fjárveikindi. Þetta frumvarp, ef það nær lagagildingu, leggur þeim beinlínis skyldu á herðar í því tilliti þegar þörf gjörist. Eg hefði kunnað betur við vara-atkvæðið undir tölul. 3., það er að segja, ef gjöra mætti ráð fyrir, að amtmenn skipti sèr af fjárræktinni yfir höfuð. En samt ætla eg ekki að gefa neinni af þessum uppástungum atkvæði mitt, því eg álít ekki til neins, eins og nú stendur, að setja slíkar nefndir á stofn. Hvað «1. a» snertir, hafa margir mælt með því sem hagfelldu, að skoða fèð «einkum á haustin þá það kemur af afrètti«, en eg fyrir mitt leyti álít það með öllu óþarft, einkum þegar gætt er að ákvörðuninni um þetta efni í 1. grein stjórnarfrumvarpsins, og að sízt þurfi að skoða fèð á haustin, þegar það kemur af afrètti, því þá er það heilbrigðast. Það væri nær að skoða fèð, þegar það er tekið á hús og hey; að því held eg að opt gæti orðið gagn; en þessi haustskoðun, sem breytingaratkvæðið fer fram á, held eg ekki verði til neins, nema ef vera skyldi til að vita hvað það er feitt (*Magnús Jónsson:* Ókunnleiki), til þess að taka á bringukollunum á gömlu sauðunum, og

vita hvað þeir eru mörvaðir! (*Magnús Jónsson:* Alvara!). Eg segi það í fullri alvöru, að það eigi ekki við, að gjöra það að aðalreglu, að skoða fèð einmitt á þeim tíma, þegar minnst ástæða er til, og að á haustin sè sízt ástæða til þess. Þar á móti fellst eg á uppástungu sama þingmanns undir staflið «m», því hún skýrir hugmynd nefndarinnar, en það þyrfti að breyta orðatiltækinu í greininni, ef hún yrði færð inn í frumvarpsgreinina. «Taka það« ætti víst að vera «tekið»; mèr sýnist það nauðsynleg orðabreyting (*Halldór Kr. Friðriksson:* Þess þarf ekki). Svo! Það held eg þó. Breytingaratkvæðið undir 1. tölulið, staflið «l» get eg ekki fallizt á; því ef breytingar nefndarinnar við 3. gr. stjórnarfrumvarpsins ekki verða samþykktar, þá er málið ónýtt, því eg ætla, að fjárkláðinn muni standa og falla með þeim, og vilji stjórnin ekki fallast á þessar breytingar nefndarinnar, sem allar eru byggðar á sama grundvelli og hún byggir á, og einungis miða til þess, að tilgangur hennar náist sem fyrst, þá er bezt, að stjórnin eigi sjálf þetta frumvarp sitt og öll önnur um það efni; einnig fjárkláðann og allt það illa, sem af honum leiðir. Um fleiri breytingaratkvæði þarf eg ekki að tala. Eg samþykki staflið «v» og tölulið 10, og öll þau breytingaratkvæði, sem nefndin hefir samþykkt. Þá er enn ein nefndaruppástunga undir 4. tölulið, staflið «e», er eg hefi gleymt að minnast á, sem eg get ekki verið samþykkur, og það er sú, að þingið stingi upp á mönnum í þessar amtsnefndir, ef þær yrðu samþykktar, heldur er eg samþykkur þingmanni Suður-Þingeyinga í því, að amtmenn ættu að kveðja mennina í þær með ráði sýslumanna.

Jón Guðmundsson: Það hefir orðið ágreiningur meðal þingmanna um tölulið »1 p« áhrærandi nauðsyn fjárvarðanna. Eg get ekki neitað, að ef menn gæti ímyndað sèr, að stjórnin vildi halda fast við ástæður þær, sem hún hefir tekið fram móti fjárvörðunum, og eigi láta sannfærast af ástæðum þeim, sem nefndin hefir nú byggt á til þess að sýna og sanna, að svo geti að borið, að ekki verði komizt hjá því að setja almenna verði til að varna samgöngum, gæti maður búizt við, að stjórnin hèldi svona fast við sinn keip í þessu atriði, þá væri, að mèr virðist, því ísjárverðara að halda þessu breytingaratkvæði til streitu á móti skoðun stjórnarar, en aptur yrði það alveg óþarft, ef stjórnin aðhylltist skoðun nefndarinnar í þessu atriði og þann skilning sem hún hefir lagt í frumvarpið að þessu leyti. Eg er þannig uppástungunni meðmælt-

ur að efni hennar og réttri stefnu, en get samt eigi nè vil styðja hana, því nefndin kom sèr niður á þeirri aðalreglu, að gjöra sem minnstar breytingar við stjórnarfrumvarpið sjálft, sízt slíkar, sem væru móti ástæðum stjórnarinnar, heldur vildi nefndin láta sèr hitt lynda, að þingið tæki fram mótbárur móti þessum hennar ástæðum í álitsskjali sínu, til að sýna, hvað nefndin og þingið hafi viljað laga sig sem næst samkvæmt eðlilegum skoðunum hennar. Mèr virðist líka, að öllum geti í rauninni fullnægt hin almenna og yfirgripsmikla ákvörðun í 2. og 4. grein frumvarpsins: »að strangan aðskilnað skuli hafa á sjúku og heilbrigðu fè» og að það stendur í 4. grein, »að lögreglustjórinn skuli gjöra allar ráðstafanir sem þurfi«; því það er auðsætt, að hvorug þessi ákvörðun útilokar að setja almenna fjallverði þegar nauðsyn krefur, og strangur aðskilnaður á sjúku og grunuðu fè frá ósjúku getur ekki átt sèr stað með öðru móti. Enginn amtmaður getur litið öðruvísi á, en að honum sè heimilt að setja verði, þegar nauðsynlegt þykir, og t. d. þegar þær sveitirnar, sem eiga hlut að máli, sjá sèr eigi með neinu móti borgið fyrir samgöngum úr sjúku hèrnðunum. En að fara fram á, að koma því inn í lagaboðið sjálft sem beinni ákvörðun, er stjórnin hefir kynokað sèr við í ástæðum frumvarpsins, virðist mèr ísjárvert, svo framt mönnum er á annað borð umhugað um, að frumvarpið verði sem fyrst að lögum. Þingmaður Strandasýslu sagði, að verðir hefðu ekki verið settir í lagaleysi, og er eg honum samdóma í því, en eg byggi það ekki á sömu ástæðu og hann, nefnilega þeirri, að lögstjórnin hafi sumpart beinlínis skipað eður samþykkt verðina, og að kostnaðurinn, sem af þeim leiddi, skyldi lenda á jafnaðarsjóðunum; en til þessa álít eg að lögstjórnin hafi ekki haft neina lagaheimild hingað til, að minnsta kosti ekki að því, er kostnaðinn snertir (sbr. Op. br. 24. nóvbr. 1854); en einmitt nú má lögstjórnin og háyfirvöldin hèr eptir afráða verði, og leggja kostnaðinn sem af þeim leiðir á jafnaðarsjóðina, þegar frumvarpið er orðið að lögum; þá fyrst verða allar ráðstafanir háyfirvaldanna »sem þörf er á» í því efni, lögmætar. Það hefir bæði við undirbúningsumræðuna og í dag verið talað með og mót 4. tölulið um amtsnefndirnar, en hinn háttvirti framsögumaður hefir nægilega tekið fram, á hverjum grundvelli nefndin byggði skoðun sína í því efni. Það var álit vort nefndarmanna, eða að minnsta kosti meiri hlutans, að bæði væri það samkvæmt skoðun stjórnarinnar að undanförnu, og ætti líka vel við, að sameina fjárræktarspursmálið við lækninga-

grundvallarregluna sem frumvarpið fylgir fram; nefndin áleit þann vera aðalkostinn fjárlækninganna, að fyrir þær yrði almennum umbótum jafnframt komið á fjárræktina yfir höfuð að tala. Þess vegna þótti nefndinni eðlilegt og nauðsynlegt, að amtsnefndir þær yrði settar, sem hèr er stungið upp á, bæði til að efla fjárræktina, og aðstoða valdstjórnina, þegar á lækningum þyrfti að halda. Og hèr við ber vel að gæta þess, því það er satt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók fram, að frumvarpið höndlar ekki eingöngu um fjárkláðasýkina, heldur um önnur fjárveikindi, sem hann sýndi að gæti fyrir komið. Ef góðir menn fengjust í amtsnefndir þessar, þá gæti þær orðið til mikils gagns, bæði til að styðja fjárræktina, og aðstoða valdstjórnina, ef veiki kæmi upp, sem eins getur komið fyrir í öðrum ömtum eins og Suðuramtinu. Þingmaður Húnvetninga hefir opt tekið það fram, að þær ætti helzt að vera til aðstoðar í fjárkláðalækningum í Suðuramtinu, en í nefndarálitinu er sýnt fram á það með rökum, að þær eigi að vera til aðstoðar í öllum fjárveikindum, og mætti taka þetta ljósar og röksamlegar fram í álitsskjalinu til konungs. Meiri hluti nefndarinnar gat eigi fallizt á það, að nefndanna þyrfti eingöngu við í Suðuramtinu, þó að þar sè máske nú sem stendur mest þörfin á þeim; bæði er það, að kláðasýkin er ekki nú sem stendur annarstaðar uppi en í Suðuramtinu; menn vita ekki til að önnur næm fjárveikindi sèu í hinum ömtunum, og þá mun líka mega með sanni segja, að fjárræktinni sè miklu fremur áhótavant hèr víða á suðurlandi, heldur en vestan- og norðanlands. Hvað áhrærir kosningu nefndarmannanna, þá hafa sumir álitið, að betra væri, að amtmennirnir útnefni menn í nefndirnar, heldur en þingið stingi upp á þeim, eins og hèr er stungið upp á. En þó nú þingið stingi upp á mönnunum, þá er stjórnin ekki bundin við að taka þá fyrir því, eða setja þá að amtmönnunum fornspurðum í nefndirnar; hún mundi að öllum líkindum bera þær uppástungur þingsins undir amtmenn. En þegar nú litið er á það, að tveir nýir amtmenn, sem eru alveg ókunnugir, hafa nýtekið við embætti hver fyrir sig, og sá 3. er heilsulasinn, þá er það að mínu áliti oftraust til þessara manna, að þeir sèu færari til að kveðja hina hæfilegustu menn í nefndirnar, heldur en þingið að stinga upp á þeim. Menn hafa sagt, að amtsnefndir þessar væru ónógar, og eg get ímyndað mèr, að ef eins viðsjál fjárveikindi kæmi upp á, eins og fjárkláðinn hefir reynzt, þá mundu þær einar ekki koma öllu til

leiðar, sem þörf yrði á, og því hafa menn einnig talað um að sýslunefndir væri nauðsynlegar. En af því það er alkunnugt, að í mörgum sýslum eru sýslunefndir farnar að myndast og sumstaðar til með góðu skipulagi, þá vil eg spyrja, gæti amtsnefndirnar þá ekki sett sig í samband við sýslunefndirnar og haft þær sèr til aðstoðar? (*Björn Pèturssson*: Það eru engar sýslunefndir til). Þær eru víst til sumstaðar, og eigi svo óvíða, og amtsnefndunum væri innan handar að styðja að því, að þær kæmist smám saman á alstaðar og að leita ráða hjá þeim. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður tók fram viðvíkjandi 5. breytingaratkvæðinu, að ekki væri nóg að segja, (að böðunarmeðölin ættu að fást): »með niðursettu verði». Eg man ekki hvort hinn háttvirti framsögumaður hefir svarað því, en það er auðvitað, að meiningin var hjá uppástungumanni og nefndinni, að meðölin væri með svo niðursettu verði, eins og framast yrði kostur á, eptir þeim reglum sem nú eru farnar að gilda í Danmörku um lyfjabúðasölu þessleiðis meðala, sem væri til almennra nauðsynja, eins og líka var ítarlegar tekið fram í álitsskjali þingsins áhrærandi dönsku lagaboðin á árunum 1863—1865, og er hægt í ástæðum bænarskráarinnar um fjárlækningafrumvarpið, þar sem verður um þessa uppástungu að ræða, að skýrskota til ástæðu þingsins og uppástungu í tèða álitsskjali um lagaboðin. Hvað uppljóstrarmennina snertir, þá er eg að vísu ekki meðmæltur því, að ala þá upp í landinu, eins og einhver þingmaður komst að orði, eður að hvetja til þess með heitnum verðlaunum, að koma þeim upp, heldur vildi eg gjarnan stytta þeim aldur; annað mál er það, að mèr mun þykja skyldari uppástunga þessi en svo, að eg geti greitt atkvæði í móti henni, nema því að eins, að fleiri nefndarmanna yrðu á sama máli.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir ekki ætlast til, að gengið sè til atkvæða á þessum fundi eður ekki.

Pètur Guðjónsson: Af því að eg á breytingaratkvæði hèr á atkvæðaskránni, ætla eg að tala fáein orð áður en gengið er til atkvæða. Þingmaður Suður-Múlasýslu hafði mikið á móti tölulið 1. *a.*, en eg held, að annaðhvort hafi hann ekki hugsað sig vel um það atriði eður að hann sè ekki nógu kunnugur. Það er þó auðskilið, þegar fèð hefir verið á fjalli heilt sumar, og það ef til vill frá grunuðum bæ, þá er öll þörf á að líta eptir því áður en það fer saman við heilbrigt heimafè. Þessi uppástunga er því mjög

góð og vel grunduð. Þar á móti get eg ekki fallizt á uppástungurna undir staflið »*d*«, að niðurlag greinarinnar falli burtu, enda hefir verið ljóslega sýnt, að sú málsgrein er nauðsynleg. Stafliðunum »*f*« og »*g*« get eg ekki gefið atkvæði mitt, af því eg er nefndinni alveg samdóma um grundvallarreglu hennar. Hvað uppástungu mína undir staflið »*i*« áhrærir, þá gekk mèr það til að gera hana, að þessi orð »hæfileg borgun« er mjög »relativ« hugmynd; einn getur álltið 3 rd. hæfilega borgun, annar máske 5 mörk. og er það töluveiður munur. Þegar eg bar upp breytingaratkvæðið, sagði einhver þingmanna, að menn mundu ekki fást fyrir þá borgun, en eg vil spyrja: Var víst, að nokkrir fengjust til jarðamatsins hèrna á árunum fyrir 8 mrk. um daginn, og þó skoraðist enginn undan að takast það starf á hendur, þegar borgunin var lögboðin, og það er ekki efi á, að ef þetta breytingaratkvæði verður gjört að lögum, þá mundu menn allt eins fást til þessa starfa og til hins. Það er líka nóg borgun, sèr í lagi þegar ætlazt er til, að hver hreppur sjái fyrir sèr, og þar sem ráð má gjöra fyrir, að skoðunarmenn sè búfastir í sjálfum hreppnum. Það hefir verið mikið talað um staflið «t», og er hvorttveggja að eg vil ekki ala upp uppljóstrarmenn í landinu, enda er eg samdóma þingmanni Barðstrendinga í því, að það er engin þörf á þeim, ef meining nefndarinnar eða grundvallarreglu hennar í 3. gr. gengur í gegn. Það þarf ekki til neins uppljósturs að koma, því 3. gr. inniheldur nægilegt aðhald bæði fyrir sveitabændur yfir höfuð og einnig fyrir trassana. Hvað tölulið 2. og 3. snertir, þá verð eg að vera á skoðun þeirra manna, sem halda, að amtsnefndirnar muni ekki hafa mikla þýðingu. Eg er ekki samdóma uppástungu nefndarinnar í því. Aptur hallast eg að þeim uppástungum, sem lúta að dýralæknum, og vildi eg náttúrlega helzt hafa þá innlenda, en meðan ekki er kostur á þeim, þá væri vissulega gott að fá útlenda dýralækna.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptasýslu tók fram hina rèttu þýðingu í orðinu «niðursettu verði». Hin orðabreytingin sem hinn 6. konungkjörni talaði um er alveg óákveðin og gefur ekkert í skyn annað, en það sem annars væri sjálfsagt.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu takið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæða skránni.

Sbr. síðari part alþingistíðanna bls. 456.

1. *a.* Magnús Jónsson. Samþ. með 17 atkv. gegn 3.
   b. Frumvarpsins 1. gr. með breytingu, samþ. með 20 atkv.
   c. Magnús Jónsson. Fellt með 9 atkv. gegn 8.
   d. Sami. Fellt með 20 atkv.
   e. Frumvarpsins 2. gr. óbreytt. Samþ. með 19 atkv.
   f. Magnús Jónsson. Tekið aptur.
   g. Pètur Guðjónsson. Fellt með 16 atkv. gegn 3.
   h. Nefndin. Samþ. með 19 atkv. gegn 2.
   i. Pètur Guðjónsson. Samþ. með 13 atkv. gegn 6.
   k. Frumvarpsins 3. gr. með breytingu. Samþ. með 20 atkv. gegn 1.
   l. Halldór Jónsson. Fellt með 13 atkv. gegn 7.
   m. Magnús Jónsson. Samþ. með 14 atkv. gegn 5.
   n. Sami. Burt fallinn.
   o. Frumvarpsins 4. gr. með breytingu. Samþ. með 20 atkv.
   p. Jón Sigurðsson. Við þenna staflið var við haft nafnakall, og fèll það þannig:

«Já» sögðu:	«nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Bjarnason.	Halldór Jónsson.
Jón Pálmason.	Jón Guðmundsson.
Jón Sigurðsson.	Jón Hjaltalín.
Ólafur Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Sighvatur Árnason.	Pètur Guðjónsson.
Stefán Jónsson.	Stefán Einarsson.
Stefán Thordersen.	Sveinn Níelsson.

   Var stafliður «*p*» þannig felldur með 11 atkv. gegn 11.
   q. Magnús Jónsson og Jón Hjaltalín. Tekið aptur.
   r. Frumvarpsins 5. gr. og 6. gr. (óbreyttar), *sú fyrri* samþ. með 19 atkv., *hin síðari:* fyrri klausan samþ. með 20 atkv. og seinni klausan samþ. með 16 atkv. gegn 2.
   s. Nefndin. Samþ. með 19 atkv.
   Frumvarpsins 7. gr. með breytingu. Samþ. með 18 atkv.
   t. Nefndin. Samþ. með 12 atkv. gegn 10.

u. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum. Samþ. með 19 atkv. gegn 3.

v. Bergur Thorberg. Samþ. með 12 atkv. gegn 5.

x. Nefndin með breytingu. Samþ. með 17 atkv. gegn 3.

2. Jón Sigurðsson. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall og fèll það þannig:

Já sögðu:	Nei sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Eirikur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Jón Sigurðsson.	Benidikt Sveinsson.
Stefán Thordersen.	Bergur Thorberg.
	Björn Pètursson.
	Halldór Jónsson.
	Hjálmur Pètursson.
	Jón Bjarnason.
	Jón Guðmundsson.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Pálmason.
	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Guðjónsson.
	Sighvatur Árnason.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Níelsson.

Var þannig 2. tölul. felldur með 18 atkv. gegn 4.

3. Sami til vara. Fellt með 15 atkv.

4. Nefndin:

a. Fellt með 10 atkv. gegn 9.

b., *c.*, *d.* og *e.* þar við fallið.

5. Benidikt Sveinsson. Samþ. með 20 atkv.

6. Jón Sigurðsson: *a.* og *b.* Samþ. með 18 atkv.

7. Halldór Kr. Friðriksson. Frá fallið.

8. Minni hluti nefndarinnar. Fallið fyrir tölulið 6.

9. Halldór Kr. Friðriksson. Fellt með 12 atkv. gegn 6.

10. Halldór Kr. Friðriksson og Hjálmur Pètursson. Samþ. með 21 atkv.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið. En af því nú er áliðið dags, mun eg, ef þingmenn ekki hafa móti því, slíta

fundi í þetta sinn, en setja fund í kvöld kl. 6, og láta landbúnaðarmálið fyrst koma til umræðu af því að nefndarálitið í jafnað arsjóðsmálinu ekki er prentað enn.

Fundi slitið.

---

39. fundur — 21. ágúst.

(Kvöldfundur).

Þeir þingmenn voru ekki á fundi hinir sömu, er getið var að eigi hefðu mætt á undanfaranda fundi, og gat forseti þess, að hann hefði fengið tilkynningu um það frá hinnm 5. konungkjörna þingmanni og einnig frá varaforseta, að hann gæti ekki mætt. — Enn fremur gat forseti þess, að þar eð innanþingsskrifararnir eigi treystu sèr til að vera búnir að hreinskrifa fundina fyrir kl. 12 á morgun, þá hefði hann eptir samkomulagi við konungsfulltrúa, kvatt enn tvo innanþingsskrifara, kandídatana Lárus Blöndal og Eggert Sigfússon, og bað hann þá taka sæti sem innanþingsskrifara. — Enn fremur gat forseti þess, að konungsfulltrúi hefði tilkynnt sèr, að hann gæti ekki komið á fund, og hefði hann kvatt hinn 4. konungkjörna þingmann til að vera í sinn stað.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í landbúnaðarmálinu. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga; hann mun lesa upp nefndarálitið og skýra málið svo sem honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Jón Sigurðsson frá Gautlöndum): Nefndarálitið hljóðar þá svona:

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 436.

Nefndin er þá loksins búin að vinna í þessum svo nefnda grasgarði þingsins, en það er þess að dæma um, hvernig henni hefir tekizt það; en það ætla eg geti verið sèrhverjum ljóst, að nefndin hefir að eins ætlazt til, að í þessum grasgarði sprytti eigi annað, en alíslenzkir ávextir.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Nefndin hefir farið nýjan

veg í þessu máli, og getur það hafa komið til af því, að henni hafi þótt málið svo umfangsmikið, að hún hafi ekki treyst sèr við það að fást, ef hinn vanalegi vegur væri farinn. En eg held, að ástæður þær, sem hún hefir fært fyrir því að fara þenna nýja veg, sèu ei sannfærandi. Þar sem það virðist vera aðalástæðan hjá nefndinni, að lög þau, sem út af þessu kæmu, mundu verða þjóðlegri, ef menn færu þenna nýja veg, heldur en ef menn færu hinn vanalega, að biðja konung um að skipa nefnd manna til þess að semja frumvarp til laga þessara, þá get eg ekki sèð, að nein líkindi sèu til að þetta yrði. Mèr finnst þessi ástæða vera ónóg, og eg held, að þetta leiði ekki heldur til fljótari niðurstöðu í málinu, því það gæti ekki orðið annar árangur af þessari aðferð, en að nefnd þessi legði uppástungur sínar fyrir næsta alþingi, og þingið sendi síðan bænarskrá í málinu til konungs. Eg held einmitt, að hinn vegurinn yrði greiðfarnari og affarabetri, en um hann liggur eigi fyrir nein uppástunga, svo að eg skal ekki leyfa mèr, að láta álit mitt í ljósi um, hvort ráðlegt mundi að fara hann. En að því er það snertir, að þingið kjósi nú þegar menn í nefnd þessa, og forseti þess gefi mönnum þessum erindisbrèf, þá ímynda eg mèr, að forseta þyki þetta eigi koma við störfum sínum. Og viðvíkjandi samsetningu nefndar þessarar, skal eg leyfa mèr að geta þess, að mèr þykir eigi líklegt, að hún mundi verða hentug, þar sem ætlazt er til, að 4 af nefndarmönnum sitji sinn á hverju landshorni, en 3 hèr í Reykjavík. Það er því álit mitt, að uppástungur þessar sèu ei tiltækilegar, og muni eigi leiða til þess, sem nefndin víst hefir ætlazt til.

Eiríkur Kúld: Hversu ötullega sem nefndin hefir lagt höndina á plóginn síðan 6. júli til að erja þenna grasgarð, þá finnst mèr þó ýmsir reitir enn óruddir, sem ekki mundi af veita, að nefndin hefði tekið steina úr. Eg veit að það eiga að vaxa í þessum grasgarði, sem framsögumaður nefndi, að eins íslenzkir ávextir, en það mega þó ekki vera tómar gorkúlur. Það eru nú yms atriði í niðurlagsatriðum þessarar nefndar sem eg vildi benda á. Þessi nefnd, sem nefndin stingur upp á, á að heita sitjandi nefnd, þó veit eg eigi, hvort hún getur heitið alveg sitjandi, því að hún verður að hafa brèfadúfur til sendiferða út um land allt. Það eiga nú að vera 3 lögfræðingar í þessari nefnd, sem sè búsettir í Reykjavík. Eg skal játa, að það eru nú dáfallegir fíflar í sólskinsbrekku; en ef þessir fíflar eiga ekki allt af fljótt að verða að bifurkollum, sem

falla þegar stormurinn kemur, þá þurfa þeir einhverja frjófgun, og þess vegna átti nefndin að hugsa fyrir áburði í þenna grasgarð, en áburður þessi verður að vera peningar. Því þótt brèfsendingar eigi að ganga milli manna, þá er eg ekki viss um, að það sè sendingar sem dugi, því að þótt það væri hugsanlegt, að þessir menn, sem sitja sinn á hverju landshorni sè »búfróðir menn«, þá er ei víst, að þeir hafi þá ávexti af jörðum sínum, sem dugi þessari grasgarðsnefnd, sem fyrst þarf að sá til þeirra ávaxta er fætt geti hana sjálfa. Þess vegna vil eg biðja framsögumann að skýra fyrir mèr, hvar peningarnir eiga að takast frá handa þessari fyrirhuguðu nefnd. Einn nefndarmanna, nefnilega þingmaður Rangvellinga hefir nú skrifað undir með skírskotun til hins stóra skjals sem hann kom með hèr um daginn, en eg man nú ekki eptir öllum þeim ósköpum, sem þar stöðu, svo eg get ei allt í einu áttað mig á því, hvar hann greinir á við aðra nefndarmenn. Viðviðvíkjandi stafl. *d*, þá er þar nú stungið upp á nýjum vegi, en mèr dettur í hug danskur málsháttur, sem svona hljóðar: »Frygter Gud og følger Landeveien«. En nefndin fer nú út af alfaravegínum; hún vill, að forseti og 2 aðrir menn semji erindisbrèf nefndarinnar, en það verður þá að velja þessa menn þegar í dag. Því að þegar nefndin á að sitja þenna rokna tíma, því að það er eigi víst, að hún verði búin fyrir næsta þing, þá held eg að veiti ekki af tímanum til laugardagsins til að semja þetta mikla erindisbrèf handa henni. Eg er nú heldur ekki viss um, að þessir menn, sem eiga að vera forseta til aðstoðar, sèu alþingismenn, því það sèst eigi á nefndarálitinu, enda hvort það eru íslenzkir menn eða kann ske Frakkar. Eg held því að bezt væri að nefndin tæki við þessu máli aptur, og reyndi að koma með aðgengilegri uppástungur.

Framsögumaður: Eg átti reyndar von á helmingi fleiri spurningum frá hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga heldur en hann kom með eptir því sem honum hafa farizt drjúglega orð um þetta mál. Mèr þóttu þær spurningar næsta lèttvægar, sem hann kom með, ef eg hefi skilið þær rètt. Fíflaræðan hans laut að því, eptir því sem mèr skildist hún, hvaðan fèð ætti að takast, til að launa með nefndinni, sem kosin yrði til að endurskoða landbúnaðarlögin. Nefndin áleit, að það ætti eigi við að tala neitt um laun nefndarinnar fyrir fram af því að það spursmál lægi eigi fyrir. Það hafa optar en einu sinni verið settar þvílíkar nefndir áður, en

aldrei hefir neitt komið til orða fyrir fram um laun þeirra, og því skyldi það þá heldur vera um nefnd þá er hèr ræðir um? Eg tel það annars sjálfsagt, að nefnd þessi ætti að fá »Honorar« eða þóknun fyrir störf sín, þegar hún væri búin að ljúka starfa sínum, og þá hið fyrsta er tími til að tala um, hvað há þvílík þóknun ætti að vera, og hvernig hún skyldi greiðast. Og eg verð að álíta, að það verði ekki ofætlun fyrir þingið að koma þá með uppástungur um, hvernig laun þessi skuli greiðast, einkum ef fjárhagurinn verður aðskilinn og þingið verður búið að fá nóg fè úr ríkissjóðnum til umráða, þá held eg að það lendi ekki í vandræðum með það. Þar sem hann og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sögðu, að vegur nefndarinnar væri eigi sem formlegastur, þá skal eg ekki mæla á móti því, að þetta sè nokkuð óvanalegur vegur; en þó ætla eg, að hann sè alveg lögformlegur. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að það væri nokkuð óvanaleg og óviðkunnanleg aðferð, að forseti gæfi nefndinni erindisbrèf. Eg held þó, að sú aðferð sè ekki svo nýstárleg hèr á þingi. Þingmenn mega muna, að forseti þingsins hefir áður skrifað og sent brèf út um landið um ýmisleg málefni, svo sem til dæmis í hallærismálinu; og 1859 gaf forseti út opið brèf handa alþingismanninum, sem kosinn var í póstmálanefndina, og því skyldi þá forseti eigi geta nú samið þetta erindisbrèf. Mèr skildist nú á hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga sem hann væri hræddur um, að forseti lenti í vandræðum með að semja þetta erindisbrèf, en það situr þá maður honum til hægri handar, sem bæði mun finna það skyldu sína sem embættismaður þingsins og líka af velvilja við forseta að styrkja hann til þessa.

Stefán Thorderssen: Eg ætla áður en eg tala um málið sjálft að snúa þeirri spurningu til þingsins, hvort það er mögulegt að ræða þetta mál, eins og það liggur hèr fyrir, því mèr finnst að nefndin hafi gengið út fyrir þann verkahring, sem alþingi er markaðar eptir alþingistilskipuninni. Því að þar sem alþing er að eins ráðgefandi þing, þá er það einungis milligöngumaður milli þjóðarinnar og konungs. En nú finnst mèr eiga að fara að þinga hèr eitthvað innan þings. Er þetta formlegt? Er þetta leyfilegt?

Forseti: Þar eð hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga hefir ekki beinlínis bent spurningunni að mèr, þá finn eg ekki að sinni ástæðu til að svara henni; mèr finnst það standa næst hin-

um háttvirta konungsfulltrúa að mæla á móti, ef honum fyndist nokkuð óleyfilegt haft um hönd, þegar menn ræða þetta mál.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að mèr finnst eigi ástæða til að mótmæla því, að þingið ræði málið, En eg hefi að eins leyft mèr að benda á, að vegurinn, sem nefndin hefir valið, væri ekki sem formlegastur, og mundi eigi sem greiðastur fyrir málið.

Ásgeir Einarsson: Það er ein athugasemd, sem eg vildi leyfa mèr að gjöra, áður en lengra væri rætt um stefnu málsins. Eg hugsa, að menn muni, að það var hèr einu sinni 10 manna embættis manna nefnd; eg veit nú reyndar ekki, hvort hún hafði meira vald en alþing, en eg vissi til, að hún var svo djörf, að nefndarmenn, sem voru víðsvegar út um landið, skrifuðust á milli aðalnefndar funda; og held eg þá, að ekki væri neitt ódæði, þótt þessi nefnd gjörði hið sama.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get eigi sèð, að þing, sem að eins er ráðgefandi, geti gjört það, sem nefndin fer hèr fram á. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði einnig, að þetta væri óformlegt. Þingið ákveður hèr nefnd milli þinga upp á sitt eindæmi, sem það ætlast til að fái borgun, og leggur þannig gjöld á landsmenn. En eg get ekki sèð eptir alþingistilskipuninni, að það hafi nokkurt vald til þessa.

Benidikt Sveinsson: Það hefir nú opt verið farið þeim orðum um landbúnaðarmál þetta og nefndina að mig furðar alls ekki á þessum nmræðum sem hèr hafa núna komið fram. En það er þó engin ástæða að minni hyggju að henda gaman að þessu máli í sjálfu sèr, því að það er eitthvert hið merkilegasta og mesti varðandi og þess vegna alvarlegasta mál fyrir landið, en það hæfir hverju góðu málefni, að talað sè um það að minnsta kosti með alvörugefni, og ef það er fellt, að það sè þá fellt með skynsamlegum og óyggjandi ástæðum, eigi með skopi, og lèttúð sem aldrei sannar neitt. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði nú, að aðferð nefndarinnar væri óformleg, og eg skal játa, að þetta er satt að *því* leyti, að það er ekki *vanalegt* form, sem nefndin hefir valið, en af þessu leiðir eigi að vegur nefndarinnar sè óformlegur. Það er þó víst ekki óformlegt að ráða frá að senda nokkra bænarskrá um málið til konungs? Það skyldi þá vera hitt atriðið, að þingið kjósi menn úr sínum flokki til að undirbúa þegnlegar uppástungur. Til þessa hefir hver maður leyfi, þó hann alls eigi sè þingmaður, en

skyldi þingið eða þeir sem það kýs hafa minni rètt en hver einstakur maður, þar sem þingið þar fyrir utan hefir rètt til að koma fram með lagafrumvörp og það einmitt *eptir* og *samkvæmt* alþingistilskipuninni? Nei þetta sýnir berlega, að nefndin hefir eigi í minnsta máta brotið eða breytt á móti alþingistilskipuninni, heldur einmitt bent þinginu á að nota þann rètt, sem hún gefur þinginu og hverjum einstökum, svo þetta óformlega, sem á að liggja í niðurlagsatriðum nefndarinnar, er að eins það að styðja að því, að málið geti komið vel undirbúið á alveg lögformlegan hátt til næsta þings. Þar sem talað hefir verið um ráðgefandi atkvæði þingsins gagnvart konungi, til að fella þetta mál, þá vil eg spyrja, hvort þingið eptir nefndaruppástungunni eigi að gefa fyllra atkvæði en ráðgefandi atkvæði gagnvart konungi, því ef svo væri þá væru þær á móti alþingistilskipuninni. En þetta er svo fráleitt þar sem nefndin einmitt ræður þinginu frá að gefa einu sinni nokkurt ráðgefandi atkvæði um þetta mál að svo stöddu, en ræður því að eins til að gjöra það sem því *sjálfu kemur* einungis við eður undirbúa málið undir lögheimilaðan atkvæðisrètt þess síðar meir. Má eg syrja: Er þingið dauður hlutur, sem ekkert getur gjört eða hugsað um sína eigin ákvörðun? Hvar stendur það í alþingistilskipuninni? Eg held, að þingið hafi fulla hvöt til að benda þessu máli, sem nú er alveg óundirbúið, í þá stefnu sem hagfelldust er. Nefndin hugsaði að það mundi frá fyrstu rótum þingnefnd of vaxið að búa til frumvörp til laga um þetta mál. En eg sè eigi annað á hinn bóginn en að þingið hafi fulla ástæðu og rètt til að senda frumvarp til stjórnarinnar um þetta mál. En þá er það líka skyldugt til að undirbúa þetta frumvarp svo sem bezt verður. Eg álít það óhugsandi, þótt þingið væri allt í einni nefnd, að það gæti búið til frumvarp á svo stuttum tíma sem það í hvert sinni er haldið. Og eg vil þá spyrja: Hvaða ódæði það er, að þingið láti undirbúa frumvarp til næsta þings. Eg tek það upp aptur, að það er reyndar satt, að þessi vegur er óvanalegur, en það sannar eigi, að það sè rangur vegur, þótt hann sè nýr. Miklu fremur á þingið að troða allar þær brautir, sem leiða að því marki og miði, sem það er skyldugt að stefna að, ávaxtarsamri framkvæmd og ráðvísi í lögum og landstjórn. Hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Strandasýslu hafa nú og tekið fram, að þingið þarf eigi að vera svo hrætt við þetta úrræði nefndarinnar eins og pláneta væri fallin af himnum ofan. Eg verð því að heimta gildar og góðar sannanir og rök af

þeim þingmönnum, sem rífa nefndarálitið niður svona út í bláinn. Kostnaðurinn er nú að vísu óákveðinn og það geta verið margar sèrstakar ástæður til þess. Eg veit ekki betur, en að hver þingmanna hafi leyfi til að hugsa sig um frumvarp alla sína æfi. Og eg álít, að þingmenn sè svo veglyndir, að þeir vildi styðja að því, að málið komist í sem bezt horf, án þess að það sè gefið fyrir fram, að þeir fái borgun fyrir það. En hitt er dagsanna, að þingið getur eigi *skyldað* menn til að takast þenna starfa á hendur, þeir geta skorazt undan því; en sú hindrun liggur eigi í því, að þingið hafi eigi rètt til að hafa þessa aðferð á málinu, heldur liggur hún í rètti hvers einstaks þingmanns til að skorast undan því að takast þetta á hendur. Það er eptirtektavert, að hinir heiðruðu mótmælendur skuli ekki sjá þenna mun. Eða geta þeir sagt, að stjórnin geti skipað mönnum nauðugum í þessa nefnd? Höfuðatriðið er þá, að mál þetta er svo vandasamt, að það þarf mikinn undirbúning; en hvernig á þessi undirbúningur að ske? En eg játa, að vegur sá, sem hèr er farið fram á, er ef til vill eigi hinn fljótasti, því að það þarf mikinn tíma til að endurskoða öll lög hèr að lútandi, og undirbúa nýtt frumvarp. En það skal vanda, sem lengi á að standa. Og það er eigi betra að búa til lög í sviphasti, en fara svo rètt á eptir að kosta til þess miklum umræðum og miklu þjarki að fá þeim breytt, og búa undir vondum lögum á meðan á breytingum þessum stendur. Já eg vil heldur, að málið jafnvel dragist í 2 ár og 2 ár til, og að það verði þá vandlega hugsað en að hrapað sè að því. Menn vita það og, að þær þjóðir hafa bezt lög, sem vanda þau mest. En hitt fæ eg ekki sèð, að rèttur stjórnarinnar sè hèr skertur með nokkru móti, því að þetta frumvarp verður, eins og önnur frumvörp frá þinginu, háð bæði því að stjórnin breyti því, og eins því, að hún fallist ekki á það. Það getur því eigi verið spursmál um, að þingið gangi hèr út fyrir það, sem það hefir vald til að gjöra.

Stefán Thordersen: Eg verð hreint og beint að neita því, sem hinn heiðraði þingmaður Árnesinga fór fram á í ræðu sinni. Eg álít, að þingið beinlínis fari út fyrir sína «Competence», þegar það fer að kjósa nefnd, sem á að semja frumvarp til laga, í stað þess að vera milliliður milli konungs og landsmanna. En af því bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti forseti hafa mótmælalaust liðið umræðurnar, verð eg að álíta, að þetta spursmál, hvað formið snertir, sè afgjört, og ætla þá að snúa mèr að

málinu, eingöngu til þess, að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis við staflið *a* í þá stefnu, að konungur sè beðinn um, að láta setja nefnd til að íhuga mál þetta, og að þetta verði lagt sem fyrst fyrir þingið.

Sömuleiðis við staflið *c*, verð eg að athuga, að eg ekki get álitið það æskilegt, að menn bindi þessa 3 nefndarmenn við lögfróða menn í Reykjavík. Eða hvers vegna á þá ekki öll nefndin að sitja í Reykjavík? Að endingu áskil eg mèr, ef uppástunga nefndarinnar skyldi verða ofan á, rètt til viðauka-atkvæðis á þá leið, að nefndarmenn ekki fái neitt endurgjald fyrir starfa sinn.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði þingmaður Vestmanna-eyja tók af mèr ómakið, með því að taka það fram, sem eg ætlaði að segja. Að öðru leyti skal eg geta þess, að mèr þykir þessi nefnd nokkuð mannsterk, þar sem 7 menn eiga að sitja í henni. En af því eg álít, að mál þetta hafi tekið ranga stefnu í formlegu tilliti, þá vil eg beina því í rètt horf, og áskil mèr því rètt til breytingaratkvæðis í þá átt, að málið fari frá þinginu vanalega leið til konungs.

Pètur Guðjónsson: Eg verð að álíta, að hèr sè misskilningur til staðar milli þeirra, sem hafa mælt móti staflið *a*, og nefndarinnar; meining nefndarinnar er án efa sú, að þær uppástungur sem nefnd sú, er hún stingur upp á, mun gjöra, komi fram fyrir þingið sem bænarskrá in forma með uppástungum nefndarinnar sem niðurlagsatriðum, þetta er þess vegna alveg formlegt og í eðli sínu, en ekki neitt nýtt, því það kemur fyrir á hverju þingi, já, á hverjum degi á þingunum. Það dettur heldur engum í hug að kasta bænarskrá inn á þingið í því formi, sem mótmælendurnir virðast hugsa sèr. Nefndin hefir ekki heldur nefnt frumvarp í niðurlagsatriðinu *a*, heldur uppástungur til frumvarps (*Benidikt Sveinsson*: Öldungis rètt).

Benedikt Sveinsson: Eg þakka hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu fyrir það, sem hann nú mælti. Nefndinni hefir aldrei komið til hugar að semja frumvarp, heldur uppástungur til frumvarps, sem gjarna getur verið í frumvarpsformi. Mèr þykir því næsta merkilegt, að hinn heiðraði þingmaður Vestmanna-eyinga var að tala um, að nefndin vildi taka vald af konungi; eða má þingið ekki biðja neinn nema konung. Ef þingið vildi skylda menn til að endurskoða landbúnaðarlögin og undirbúa frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, þá færi þingið út fyrir sinn verkahring. En ef

þingið álítur að sá vegur, sem nefndin hefir farið, sè skynsamlegur, þá verð eg að álíta, að menn mundu ei skorast undan að sitja í landbúnaðarnefndinni, og þá held eg að málið komi betur undirbúið og upplýst í hendur stjórnarinnar en ella. Stjórnin hefir að vísu margar upplýsingar í máli þessu, sem aðrir ekki hafa, en á hinn bóginn vantar hana margt, sem að máli þessu lýtur, nefnilega allar upplýsingar um þær endurbætur (Reform), sem menn óska í landbúnaðarmálum vorum. Eg tek það því enn þá fram, að eg álít, að vegur nefndarinnar í þessu máli sè næsta meinlaus, og eg er viss um, að stjórnin álítur ekki, að nefndin hafi farið í neinar gönur. Mèr finnst það líka liggja í hlutarins eðli, að uppástungur búnaðarnefndarinnar yrðu alþjóðlegri en frumvarp stjórnarinnar, sem ekki getur að svo stöddu haft yfirlit yfir nema aðra hlið þessa máls.

Halldór Kr. Friðriksson: Ef nefndin hefir haft í hyggju, að þessir búnaðarnefndarmenn skyldu fá borgun fyrir starfa sinn, þá verð eg þó að álíta, að þingið taki sèr vald, sem það alls ekki hefir. Eg get heldur ekki skilið, að málið yrði betur undirbúið eða úr garði gjört, þótt þingið kysi þessa menn, en þótt stjórnin gjörði það; þeir menn, sem í nefndina yrðu kosnir, er þó auðsèð, að eigi yrðu óhæfilegri fyrir það, þótt stjórnin kysi þá, heldur en ef þingið kysi þá. Þessir 3 lögfróðu menn eru líka sjálfkjörnir, því eptir uppástungu nefndarinnar eiga þeir að veljast á þinginu. Nefndin bindur því hendur á þinginu í kosningum sínum. Eg held, að það hefði verið miklu betra, að þingmenn «privat» hefðu samið við eiuhverja um að undurbúa málið, en eg get eigi sèð, að það sè formlegt, að þingið sem þing fari að gjöra það. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, að mest væri undir því komið, að vel yrði unnið í máli þessu þó seint færi, en eg verð að álíta, að uppástungur nefndarinnar bæti ekki neitt fyrir málinu. Það er líka sagt í nefndarálitinu bls. 7, að hætt sè við, ef stjórnin kjósi mennina, að vèr seint um síðir fengjum eitthvert frumvarp til landbúnaðarlaga, og er þá auðsèð, að það er tilgangur nefndarinnar, að flýta fyrir málinu sem mest. Eg held, að málið komi fyrr frá nefndinni, ef hún hefði opinberan myndugleik og eptirlit frá stjórninni; eg held líka, að nefndarmenn þingsins yrðu ekkert íslenzkari fyrir það, þótt stjórnin kysi þá. Það liggur að mínu áliti fyrir utan verkahring forseta alþingis, að semja erindisbrèf. Það var allt öðru máli að gegna með «opna brèfið» í póst-

málinu á alþingi 1859; það var ekki annað en tilkynning um, að þingið hefði eptir áskorun stjórnarinnar kosið manninn í póstmálanefndina. Annars ræður náttúrlega hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háttvirti forseti úrslitum þessa máls, að því er formið snertir. Mèr finnst sá eini rètti vegur vera, að stjórnin skipi nefndina. Mèr þykir líka óþarfi, að nefndarmenn sèu 7; 3 eru í rauninni nóg, eins og var í nefndinni, sem sett var í hjúalagamálinu hèrna um árið. Það er auðvitað, að nefndarmenn yrðu að fá upplýsingar hjá embættismönnum í landinu, sem sjálfsagt væru og skyldugir til að veita þær, ef stjórnin skipaði nefndina, en alls eigi þótt þingið kysi hana.

Konungsfulltrúi: Eg skal taka það fram aptur, sem eg sagði áðan, að það getur ekki verið spursmál um, að alþingi með því að ræða mál þetta, taki sèr vald, sem það ekki hefir. En viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um borgun til nefndar þessarar, þá er það sjálfsagt, að þingið ekki getur heitið neinni borgun, enda hafa engar uppástungur verið gjörðar um það af nefndarinnar hálfu, og þetta atriði getur því eigi gjört uppástungurnar ólögmætar. Að því er snertir það, að eg hafi sagt, að vegurinn væri óformlegur, þá er það að vísu satt, en það var ei meining mín, að hann væri móti lögum, heldur sú, að hann væri ei samkvæmur hinu vanalega formi, og að eg hèlt hann mundi eigi leiða til greiðrar nè hagfelldrar niðurstöðu. Eg sagði einmitt, að mèr þætti hinn vegurinn álitlegri, sem hinn heiðraði þingmaður Vestmannaeyja tók sèr breytingaratkvæði um, að þingið beiddi stjórnina um að skipa nefnd þessa, því bæði mundi hún þá verða betur útbúin með allt það, sem menn hafa við að styðjast í þessu máli, og eiga hægra með að leita sèr upplýsinga þeirra, er hún þyrfti, heldur en nefnd sú, er þingið kysi.

Framsögumaður: Mèr finnst menn ekki þurfa að vera að berjast um hina formlegu hlið máls þessa, því hún er að mínu áliti útkljáð. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður tók það fram með mikilli ákefð, að þingið bindi sèr fjárreiður, sem það alls ekki hefði vald til. En mèr virðist nú þetta mál vera næsta skylt einu máli, nefnilega málinu um gjafatíðindi handa hreppunum; þar var um fjárreiður að ræða, og þingið áleit sig bært að gefa hverjum hreppi 1 expl. af þingtíðindunum, og verða það bein fjárútlát fyrir þingið, sem svarar 1000—1200 rd. eitt skipti fyrir öll, og 200 rd. annaðhvort ár framvegis. Eg get líka varla ímynd-

að mèr, að stjórnin hefði neitt á móti þessari borgun. Vèr vitum líka, að forseti þingsins að loknu þingi hefir ýmis konar störf á hendi í þarfir þingsins, sem honum er ávísað fè fyrir, og sem er líks eðlis sem hèr um ræðir, og hefir stjórnin lýst því yfir, að þingið sè bært um að ákveða, hversu mikla borgun forseti skuli hafa fyrir þessi störf. Það er eins og sumir haldi, að þingið stigi út yfir sinn verkahring með þessu, og halda að þeir styggi stjórnina, en eg held, að henni mætti einmitt vera þægð í, að þingmálin væri opt betur undirbúin en þau eru, því að eg held, að það hafi verið af því, að mönnum hafa þótt mörg lög á seinni tímum óhagkvæm, að þau hafi verið illa undirbúin. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfullrúi sagði, að sá vegur mundi rèttari og affarabetri, að stjórnin skipaði nefnd til að undirbúa þetta frumvarp, þá er það nú kunnugt, hvað mikið hefir komið út af þess konar nefndum. Þinginu er kunnugt um, hvað hagfelld þau lög hafa reynzt, sem þessar konungsnefndir hafa undirbúið, og það veit líka sjálft, hvaða umræður út af þeim lögum hafa spunnizt hèr á þingi og hvað mikið þær umræður hafa kostað landið. Get eg varla vænt betri afdrifa fyrir þessu máli en hinum öðrum málum, sem nefndir þessar hafa fjatlað um.

Stefán Thordersen: Eg vil einungis leyfa mèr að svara þingmanni Árnesinga því, að mèr finnst að nefndin, með því að hún, eptir sem mèr þykir, hefir gengið út fyrir sína Competence, hafi misboðið bæði þjóðinni og þinginu sjálfu; þar sem hinn sami heiðraði þingmaður spurði svo skörulega, hvort þingið þá mætti ekkert vinna fyrir sjálft sig, þá er hægt að svara honum upp á það, því það er svo sem auðvitað, að þingið hvorki má nè getur unnið fyrir sjálft sig; hvað sem það vinnur þá vinnur það fyrir landið og má því enga óþarfu vinnu vinna eða þá sem sökum formgalla getur orðið ónýt. Mèr kemur ekki til hugar að banna hinum sama háttvirta þingmanni að hugsa sig um lagaboð alla sína æfi og það gjörir víst enginn. Þar sem hinn háttvirti framsögumaður gat þess, að þingið hefði í öðru mál tekið sèr þann myndugleika að gefa fè út og minntist á það, að alþingi ályktaði að *gefa* hreppunum hverjum fyrir sig 1 expl. af alþingistíðindunum, þá held eg megi um þetta segja eins og nízkur bóndi sagði um matinn: »Jetið þið piltar! mèr er það ónýtt hvert sem er«. Eg vona enginn misskilji mig svo, að menn álíti, að eg vilji spilla þessu máli,

nei! það fer fjærri því, mèr virðist það allt of alvarlegt til þess, og með breytingaratkvæði því, er eg hefi áskilið mèr, ætlaði eg að byggja upp enn ekki rífa niður, og vona eg að nefndin, sem eg enn þá verð að álíta, að hafi farið út fyrir sitt ætlunarverk, kunni mèr þakkir fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Eg þarf að vísu eigi að verja formgallana, því konugsfulltrúi, þingmaður Árnesinga og framsögumaður eru búnir að því. Eg vil þó geta þess, að þeir sem mest hafa haft á móti formgöllunum, hafa byggt ástæður sínar mest á því, að alþingi væri einungis ráðgefandi en ekki löggefandi, en þetta kemur ekki málinu við, heldur er sá rèttur sem hèr um ræðir kominn undir því, hvort þingið hefir frumvarpsrètt (»Initiativ«) eður ekki. Ef ekkert frumvarp mætti ræða hèr á þingi, nema það kæmi frá stjórninni, þá mætti þingið ekki aðhyllast uppástungu nefndarinnar. En 59., 69. sbr. 1. gr. alþingistilskipunarinnar og 4. gr. í tilskip. 28. maí 1831 sýna og sanna hið gagnstæða, enda hefir og þingið optlega notað sèr sinn frumvarpsrètt. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá álít eg og að þingið engan veginn gangi út fyrir sín takmörk (Competence), því þingið hefur sjálft áður álitið, að það hefði fullkominn rètt til þess konar smáútgjalda. Hèr um árið ákvað þingið, að hinn núverandi 6. konungkjörni þingmaður skyldi semja registur fyrir svo og svo mikla borgun, og þá minnir mig, að þingmaðurinn hefði ekki neitt á móti því; sama er að segja um útsölu alþingistíðindanna og útsendingu; þar ákvað þingið sjálft vissa borgun fyrir. En þótt eg haldi, að þingið hafi vald til að ávísa þessum kostnaði sem öðrum innanþingskostnaði, þá er eigi um það að ræða að svo stöddu, heldur þá fyrst, er þessi 7 manna nefnd er búin með starfa sinn, og þá getur þingið ráðið, hvort það vill sækja um laun handa þeim úr ríkissjóði eður eigi. Eg er samdóma nefndinni um, að 3 lögfróða menn nauðsynlega þurfi í þessa 7 manna nefnd, og sömuleiðis að það sè mjög hentugt, að hinir fjórir sèu út um landið, því þeir eiga ekki einungis að skrifast á við nefndina hèr, heldur og að vera sèr út um allt það er að þessu máli lýtur. Menn verða að gæta vel að því, að uppástungur þessarar nefndar eiga að styðjast við rèttarvenjur víðsvegar um land og hugsunarhátt manna, og þessa þekking getur nefndin að eins fengið með þessu fyrirkomulagi. Að forseti eigi gæti búið til erindisbrèfið, er engin ástæða, forsetar

hafa bæði áður gjört það, og enginn mun geta sagt, að þessi forseti hafi eigi vit á svo litlu.

Benidikt Sveinsson: Eg skal geta þess, að uppástungur nefndarinnar, *einsog eg tók fram áður*, miða ekki einungis að því, að *endurskoða* landbúnaðarlöggjöfina, heldur og að *verulegri breytingu* á landbúnaðinum og lögunum (Landboreform). Það verða allir að játa, að stjórnin ekki hefir eins vel í höndum sèr óskir landsmanna í þessu efni, eins og landsmennn sjálfir. Frá þessu sjónarmiði þori eg að fullvissa þingmann Vestmanneyinga um, að það er engin »Fornærmelse« eða vanvirða gegn þjóðinni, þó þingið fallist á þessa uppástungu nefndarinnar. Hvað hina 3 löglærðu menn nefndarinnar snertir, þá ímyndaði nefndin sèr, að það væri hentugast, að þeir, sem lagastörfin hefðu á hendi, væru sem næstir hver öðrum, en þó tölu þeirra væri breytt þannig, að einungis 1 lögfróður maður væri í nefndinni, þá er það engin veruleg breyting á nefndarálitinu. Það getur vel verið, að mennirnir væru eins góðir, þó stjórnin kysi þá, en eg vil þó benda til þess, að stjórnin gæti ekki eins vel og þingið tekið tillit til þeirra breytinga á landbúnaðarlöggjöfinni, sem við þyrfti, og að því leyti yrði hennar val ekki að öllum líkindum eins heppilegt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skil ekki, að sú nefnd, sem stjórnin setur, geti ekki eins vel leyst verk sitt af hendi eins og sú, er sett væri af þinginu. Þingið getur bent á mennina. En þó að stjórninni, ekki ef til vill sè kunnugt um óskir landsmanna í þessu efni, þá gjörir það ekkert; nefndin getur tekið tillit til þessara óska eins fyrir það, þótt stjórnin kysi hana. Þegar stjórnin hefir sett nefnd þessa, þá geta þeir, sem í henni sitja, heimtað allar nauðsynlegar upplýsingar af embættismönnunum. Þingmaður Suðurþingeyinga var að tala um borgun til þeirra, er í nefndinni sætu (*Jón Sigurðsson*: Nei). Það getur þó enginn ætlazt til, að þeir, sem í nefndinni sætu, gjörðu það fyrir alls enga borgun. Að því leyti, sem þingið ályktaði að senda 1 expl. af tíðindunum í hvern hrepp, þá kemur það þessu máli alls ekki við. Slíkt er innanþingsmál, sem þingið hefir vald til að ákveða, einkum þegar um slíka smámuni er að ræða. Samá er að segja um útsölu tíðindanna. Það var óheppilegt af þingmanni Suðurþingeyinga að vitna í þessu efni til hjúalaganefndarinnar, því það var einmitt þingið, sem kaus hana eptir uppástungu stjórnarinnar. Þar sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að hèr hefði verið talað um, að for-

seti hefði ekki vit á að semja erindisbrèfin eða eigi tíma, þá vil eg ekki einu sinni svara því; en eg tel það alveg fyrir utan verkahring forseta. Forseti getur ekki til tekið, hvað nefndin á að gjöra, hann getur ekki annað en sagt þeim frá kosningunni, sem kosnir yrðu. Eg álít nauðsynlegt, að ekki sèu eintómir lögfræðingar í nefndinni, eg vil að einhverjir þeir menn sitji einnig í henni, sem vel er kunnugt um ýmislegt, er snertir landsháttu hjá oss, þótt þeir sè ólögfróðir. Eg verð að vera á þeirri skoðun, að nefndin missi sína verulegu og sönnu þýðingu, ef hún ekki er sett af stjórninni.

Framsögumaður: Það er merkilegt, að hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður skuli ekki geta heyrt rètt, þótt hann eigi bágt með að skilja rètt. Það var ekki eg, sem fór að hreifa spurningunni um borgun handa nefndinni, heldur þingmaður Barðstrendinga. Það lítur út fyrir, að hann heldur ekki kunni að telja, er hann sagði, að það væru að eins 3 lögfræðingar á þingi (*Halldór Kr. Friðriksson:* Þeir eru 3 úr Reykjavík). Eg ætla að áskilja mèr breytingaratkvæði við staflið *c*, sem fer í þá stefnu, að að eins tveir lögfræðingar skuli vera í nefndinni, og gjöri eg það til þess, að útiloka ekki hinn 6. konungkjörna þingmann frá að komast í nefndina, af því eg álít það einkar vel til fallið, að hann fengi sæti í þvílíkri nefnd.

Sighvatur Árnasson: Mèr þykir það furðu gegna, hversu menn hafa hreift mótmælum móti nefndinni. Niðurstaðan hjá þeim sem í móti mæla, er þó ei önnur en sú, að þetta sèu einungis formgallar og ekki annað. Mèr þykir það skrítið, að menn skuli vera að ræða um þá formgalla, sem þingið játar þó yfir höfuð að sèu þýðingarlausir. Hvað þær stefnur málsins snertir, er hèr ræðir um, þá álít eg á sama standa, hver þeirra tekin er til þess að undirbúa þetta mál, svo það gæti orðið sem bezt úr garði gjört á endanum, og það eina ættu menn að láta sig mestu varða. Þar sem hinn 6. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga voru að tala um, að menn mundu verða ófúsir á að ganga í þessa nefnd, sem þingnefndin stingur upp á, borgunarlaust, þá kemur það líklega til af því, að þeir sjálfir búast við að lenda í henni, því mönnum er svo varið sumum hverjum, að þeir vilja ekki stinga niður penna, því síður meira nema fyrir borgun (*Forseti:* Það er ekki rètt, að ásaka menn fyrir slíkt). Eg álít það alls ekki eiga verr við, heldur enn að velja háðyrði hèr á þingi í eins alvarlegu

og áríðandi máli og þetta er, eða gjöra gis að því á ýmsan hátt. (*Stefán Thordersen:* Hver hefir gjört það?). Það hafa ýmsir gjört, en einkum þingmaður Barðstrendinga. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að hyggilegast sè að ætla sèr tima af með málið, eins og mèr virðist, að þingmenn sèu sammála um; en þá er einungis að tala um það, hvernig málinu yrði bezt borgið til undirbúnings fyrir næsta alþing. Eg er alveg mótfallinn því, að málinu sè vísað aptur til nefndarinnar, því breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin, opna þann veg fyrir málið, sem nokkrir af hinum háttvirtu þingmönnum álíta aðgengilegri, og er þá á þingsins valdi, að aðhyllast annaðhvort þenna eða hinn veginn, þegar til ályktunarinnar kemur. Að eg í fyrstunni hreifði nokkrum uppástungum í þessu efni viðvíkjandi landbúnaði, var einkum til þess að koma því áríðandi máli í hreifingu, en ekki í því augnamiði, að eg ætlaðist til, að þingið gæti í þetta sinn leyst það af hendi að fullu og öllu, þar sem það er eitt hið margbrotnasta og vandasamasta mál, sem fyrir alþing hefir komið fyrr og síðar.

Stefán Thorderssen: Eg vil einungis svara þingmanni Árnesinga því, að hann hefir öldungis misskilið mig, þegar hann hèlt að «Fornæmelsen» á móti þjóðinni, sem eg gat um, lægi í því að þingið kysi nefnd úr öllum fjórðungum landsins. Nei! hún liggur ekki í því, heldur í hinu, að þingið skuli sitja hèr og eyða peningingum landsins með því að ræða málin óformlega. Eg hef engin háðyrði brúkað og getur það sem þingmaðurinn sagði í þá átt ekki átt við mig. Staflið *a* í niðurlagsatriðum nefndarinnar álít eg «nonsens»; nefndin segist ekki vilja senda konungi bænarskrá, *en í þess stað* vill hún gjöra eitthvað annað en snúa sèr að rèttum hlutaðeiganda. Þess vegna áskildi eg mèr breytingaratkvæði við þenna staflið.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr sviður það næsta mjög fyrir hönd hins heiðraða framsögumanns að hann virðist í dag hvorki geta talið rètt nè skilið. Eg held þó, að ekki sèu hèr á þingi nema 3 lögfróðir menn úr Reykjavík (*Jón Sigurðsson:* eða í grennd við hana). Eg kalla t. a. m. Stykkishólm ekki í grennd. Þegar þingmaður Barðstrendinga spurði framsögumann, hvaðan þingnefndin hefði ætlazt til, að nefnd þessi skyldi fá borgun, þá sagði hann að til væri ætlazt hún fengi borgun seinna; hann hefði getað svarað, að ekki væri gjört ráð fyrir borgun, og þá hefði málið verið útkljáð; en hann sagðist ætlast til að nefndin fengi borgun, og

hafði eg því rètt að mæla að hann hefði vakið máls á peningaspursmáliuu. Þingmanni Rangæinga þótti kynlegt, að menn skyldu vera að tala um borgun, eins og menn vildu ekki svo mikið sem stinga niður penna fyrir þing eða þjóð. Hafi hann meint þetta til mín, verð eg að vísa því frá mèr; eg þykist ekki latari en hver annar til þingstarfa. Eg býst ekki við að verða kosinn í þessa nefnd, enda væri eg ófáanlegur til að takast það á hendur, þótt eg yrði kosinn (*Jón Sigurðsson*: Það er bágt!).

Ásgeir Einarsson: Eg veit ekki hvort eg á að fara að tala í málinu sjálfu, eða spyrja hvort að ræður þær sem fluttar hafa verið muni gagna málinu. Ef það er óformlegt að ræða mal þetta er bezt að hætta; en ef konungsfulltrúi og forseta álíta það rètt, ættu menn að ræða það í skynsamlega stefnu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ef konungur kysi menn í nefndina, mundi hann sjá henni fyrir upplýsingum. Eg man nú ekki, hvað opt konungur er búinn að láta kjósa nefnd í mál þetta; en ein þeirra man eg var kölluð ruslakista, sem öllu var kastað í, en ekkert hefir komið út af þessum nefndum í ljósmál enn þá, þó að konungur lèti kjósa þær; menn hafa haldið, að þessari umtöluðu nefnd mundi byrja seint, en svo gæti farið sem fyrr, þó konungur lèti kjósa nefnd, mundi hún varla fara sem fuglinn fljúgandi. Eg skil ekki, að það geti spillt, þó málið sè undirbúið hèr í landi, eða tjón væri að, þó það dragist, ef það yrði betur undir búið, og konungur kysi síðan nefnd til að afgjöra málið. Hinn 6. konungkjörni þingmaður og þingmaður Barðstrendinga strönduðu á silfurskeri því, sem menn opt rekast á. Af því nefndin dreifði hvorki konungi nè hinu opinbera við málið, datt henni gullhnappurinn ekki í hug. Þingmaður Rangæinga sýndi, að ef nefndin væri kosin á þingi og af þingi, gætu þeir, sem fyrir kosningu yrðu, þegar sagt til, ef þeir ekki vildu takast þetta á hendur. Mèr dettur í hug, að í Strandasýslu komu menn stundum, sem vildu fá flutning, en þar eru menn opt fluttir yfir firði fyrir litla borgun; en þegar menn úr vissu hèraði komu, spurðu þeir ætíð: Hvað kostar flutningurinn? áður en þeir vissu hvort hann fèkkst eða ekki; líkt fer hèr fyrir sumum þingmönnum; þeir tala helzt og fyrst um peninga, en ekkert um, hvort nefndin mundi geta gjört nokkurt gagn, eða hvernig hún ætti að fara að því. Þó nú verði kosin nefnd, sem situr á víð og dreif út um land, og engu getur ef til vill afkastað, ætli næsta þing vilji þá mæla með, að pungað verði

í hana peningum. Þetta er sú vanalega grýla, að fyrir fram skuli benda á sjóðinn, svo menn viti, að þeir ekki þurfi að vinna fyrir ekki neitt, það kemur af því, að menn þessir eru svo örir af fè, og vilja ekki láta standa upp á sig. Eg bið menn fyrst hugsa um, hvaða gagn nefndin getur gjört, og þá annaðhvort fella málið, eða vísa því betra veg. Nefndin á að gjöra uppástungur til alþingis borgunarlaust; það er ekki meira en að sækja amtsfundi borgunarlaust, og starfa á þeim, og töluvert var að minnsta kosti starfað á amtsfundinum fyrir norðan. Ef mönnum er annt um eitthvert mál, vilja menn leggja eitthvað í sölurnar fyrir það.

Eiríkur Kúld: Það er undarlegt með þingmann Rangæinga og þingmann Strandasýslu; það lítur út fyrir, að þeir heyri ekki of vel í dag. Þingmaður Rangæinga var mjög harðorður við þá sem fyrst höfði talað; hafi hann meint það til mín, bið eg hann að stinga því aptur í vasa sinn; störf mín hèr á þingi liggja ekki undir hans dóm. Eg býst ekki við, að nokkur velji mig í nefnd þessa, enda væri eg ófáanlegur að vera í henni. Þingmaðurinn sagði, að ekki hefði verið fundið að staflið *a*. Heyrði hann þá ekki, að eg stakk upp á, að sá stafliður annaðhvort yrði felldur, eða honum breytt þannig, að málinu yrði vísað rèttan veg. Mig furðar á þingmanni Strandasýslu, sem er vanur að taka svo vel eptir ræðum hèr á þinginu, að hann skuli hafa gleymt, að eg stakk upp á þessu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að láta í ljósi meiningu mína um þetta mál, einkum vegna þess sem hèr hefir komið til orða, að því er formið snertir. Það má í þessu tilliti greina það tvennt, hvort þessi meðferð, sem nefndin hefir stungið upp á, sè formleg í lagalegu tilliti, eða hún sè formleg eptir venjunni. Eg get nú ekkert óformlegt fundið í þessari aðferð í lagalegum skilningi, því öllum er kunnugt, að þingið hefir uppástungurètt, eins og þingmaður Borgfirðinga tók fram, og það hefir notað hann opt, en einkum skal eg taka til dæmis árið 1849, þegar búið var til frumvarp til kosningarlaga til þjóðfundarins af nefnd, sem til þess var kosinn á þingvallafundi. Frumvarp nefndar þessarar var borið upp á alþingi og rætt sem stjórnarfrumvarp og hefir síðan unnið samþykki konungs og orðið að lögum. Eg get því ekki betur sèð, en að alþing hafi sama rètt, til að kjósa nefnd til að undirbúa mál, sú nefnd geti búið til frumvarp og alþing geti sent það síðan stjórninni eptir að hafa rætt það. Það væri, að eg held, ekkert óform-

legt í þessari aðferð í lagalegum skilningi, en það væri óvenjuleg aðferð og að minni hyggju ekki ráðlegt í þessu máli, ef menn vilji láta málið ganga greitt, þá er betra að taka styttri og venjulegri veginn. Þingmenn hljóta að sjá, að sá vegur sem nefndin hefir stungið upp á, mundi verða bæði langur og flókinn. Eg skal einungis geta þess, að forseti alþingis, sem nefndin hefir ætlazt til að gæfi nefndinni erindisbréf, getur ekki verið til staðar eða tekið þátt í störfunum. Þar næst hagar svo til hèr, að mjög fáir geta tekið slík störf að sèr borgunarlaust, sem svo vandamikil og merkileg nefnd útheimtir, því menn hafa ekki efni á því, og er það mikilsvert atriði, sem þingið verður að taka tillit til. Svo er enn eitt atriði, sem að gæta þarf og það er að hèr eru ekki fyrir hendi þau öll skilríki, sem nefndin þarf, því ef hún ekki á að byggja á sínum eigin hugmyndum eingöngu, þá er henni nauðsynlegt, að hafa til hliðsjónar allan þann undirbúning málsins, sem mun vera til enn, frá hinum fyrri landbúnaðarnefndum, og þenna undirbúning gæti hún fengið, ef stjórnin hefði hlut í máli og setti nefndina. Í þessum skjölum hlýtur að vera margt, sem gæti orðið til leiðbeiningar, þegar málið væri tekið fyrir að nýju, því hèr er ekki að tala um annað, en að taka málið til undirbúnings. Með þessu móti, ef þingið fengi stjórnina til að beitast fyrir málið, þá væri mögulegt, að hún gæti sent frumvarp til næsta þings, sem svo gæti orðið að lögum. Með þessari aðferð gætum vèr fengið landbúnaðarlög fyrr, en ef þingið færi nú sjálft að setja nefnd, án þess að leita þess styrks, sem það mundi geta vænt frá stjórninni. Eg verð því allsendis að ráða þinginu til, að taka hinn styttri og greiðari veginn.

Sighvatur Árnason: Eg er hinum háttvirta forseta innilega þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið, og fyrir það hversu hann leitast við að beina máli þessu í hina beztu stefnu. En viðvikjandi því, að mèr var brugðið um, að eg hefði misskilið staflið «*a*», þá er það ekki satt, en hitt er satt, að þingmaður Barðstrendinga hefir misskilið mig. Eg meinti og tók fram, að lítið hefði verið þráttað um það, að nefndin leiddi hjá sèr að búa til frumvarp um málið, heldur einungis um hitt, hvern veg þingið ætti að ganga út frá sèr með málið, eins og það liggur nú fyrir. Annars ætla eg ekki að fara um það fleiri orðum að sinni, og því síður í orðahnippingar við þingmenn, því þær gjöra málunum að minnsta kosti ekkert gagn.

Framsögumaður: Eg þakka sömuleiðis hinum háttvirta forseta fyrir þá ljósu ræðu sem hann flutti, en mèr finnst hann ekki greina í neinu verulegu á við nefndina nema í því hver vegur væri beinastur og greiðastur með þetta mál. Meining nefndarinnar var ekki sú, að samið yrði algjörlega fullkomið frumvarp til landbúnaðarlaga, heldur að eins nauðsynlegur undirbúningur til þvílíks frumvarps. Það var nefndinni ljóst af uppástungunum, sem nefndinni voru fengnar til meðferðar, að málið er eigi á því stigi enn, eða svo undirbúið, að stjórninni verði gefnar þær bendingar frá hálfu landsmanna sem nauðsynlegar eru til þess að landbúnaðarlögin verði byggð á hinum eðlilega og innlenda grundvelli. Eg skal geta þess, að í uppástungu þingmanns Rangæinga er farið fram á ýmsar breytingar á landbúnaðarlögunum, sem leiða, að eg taki svo til orða, af stefnu tímanna, og sem eru mjög verulegar og áríðandi. Þess leiðis skoðanir held eg stjórninni sèu ekki svo kunnar, að hún geti tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra. Það eru nú, ef eg man rètt, 2 ár síðan Landsleigubálkur var tekinn undir endurskoðun og hinn háttvirti forseti tók fram, að ýms skjöl hefðu þá verið send stjórninni, sem gætu orðið til leiðbeiningar fyrir þá, er ættu að undirbúa frumvarpið til landbúnaðarlaganna. En eg er hálfvegis hræddur um, að þær leiðbeiningar, sem hèr um ræðir, sèu ef til vill farnar að fyrnast, og geti máske ekki orðið að verulegum notum, við tilbúning nýrra landbúnaðarlaga. Nefndin hefir gjört ráð fyrir, að nefndin eigi einungis að starfa að þessum undirbúningi, og yrði hann nú svo fullkominn, að þingið gæti sent algjört frumvarp um málið í heild sinni, held eg að stjórninni sè innan handar, ef hún sæi vandhæfi á að löggilda frumvarpið, eins og það kæmi frá þinginu, að leita álits æðstu embættismanna hèr á landi um það, eins og venjulegt er, og hún hefir gjört að undanförnu, þegar um vandamál hefir verið að ræða; eða ef henni sýndist svo betur fara, og það yrði málinu til gagns, að sett væri ný nefnd til að fjatla um málið, sýnist mèr að það mætti vel fara og að undirbúningur sá sem hèr um ræðir, sè ekki að ónauðsynlegri fyrir það. Yfir höfuð að tala, held eg málið sè svo margbrotið og mikilsvert, að þó stjórnin færi þenna veg, þá mætti henni vera kærkomið, að málið væri sem bezt undirbúið frá þingsins hendi.

Forseti: Það er alveg satt, sem hinn háttvirti framsögumaður segir, en það er annar vegur reglulegri og betri til að ná þessu

augnamiði, og hann er sá, að þingmenn taki sig sjálfir saman um, að mynda nefndir, er gætu sett sig í samband við þá nefnd, sem sett yrði í málinu, annaðhvort hèr eða í Kaupmannahöfn. Þá yrðu allir kraptar sameinaðir, og óskir allra gætu orðið teknar til greina.

Ásgeir Einarsson: Það var væntanlegt, að tillaga hins háttvirta forseta færi í þá stefnu, að Íslendingar reyndu að hugsa sjálfir í þessu máli, þetta lá líka til grundvallar fyrir skoðun nefndarinnar, en þingið hefir haldið, að hún færi lengra en hún hefir gjört. Hún ætlaðist til að menn sendu upplýsingar úr hèruðum til nefndarinnar í Reykjavík, en hinir lögfróðu nefndarmenn beindu málinu í formlega stefnu. Þingnefndin ætlaði hinni kosnu nefnd, að undirbúa málið undir næsta alþing, því nefndinni þótti það illa undirbúið, eins og fleiri þingmönnum hefir þótt. Nú geta menn gjört breytingaratkvæði í hverja stefnu sem menn vilja, hvort heldur menn vilja snúa sèr til stjórnarinnar, eða venja sig á að hugsa sjálfir einarðlega og frjálslega um málið, þó konungur ekki kjósi menn til þess.

Forseti: Eg held að öllum hafi skilizt meining nefndarinnar á þenna hátt. En eg ímynda mèr, að sem bezt megi sameina krapta þá sem til eru í landinu, með þeim hætti sem eg benti á, þó maður fari þann veginn sem beinstur er og reglulegastur. Þar að auki þarf málið sannarlega fljótra og greiðra úrslita, og menn ættu þess vegna ekki að fara í króka með það.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi aldrei mælt móti því, að málið sè í sjálfu sèr mikils varðandi, og það ætti að greiða fyrir því sem fljótast og bezt að unnt væri; í því er eg samdóma hinum háttvirta forseta. Það hafa nú sumir tekið sèr breytingaratkvæði, en eg ætla þó að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að þingið beiðist þess, að konungur skipi 5 manna nefnd til að búa til frumvarp til landbúnaðarlaga.

Eiríkur Kúld: Með tilliti til míns breytingaratkvæðis skal eg geta þess, að eg hefi ekki hugsað að binda mig við 7 manna nefnd, heldur ætlaðist eg til, að í staðinn fyrir staflið «a», kæmi: «Að alþing biðji hans hátign konunginn, að skipa svo fyrir, að undirbúið sè frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga af nefnd manna, og lagt síðan fyrir alþing; eg skal orða þetta betur síðar.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á að vísa málinu tit nefndarinnar aptur, og veit eg ekki hvort þingmaðurinn vill halda

þeirri uppástungu fram (Uppástungumaður: Nei!). Þá er þessari undirbúningsumræðu lokið; en þar nú er orðið áliðið, sýnist mèr ekki ráðlegt að byrja á nýju máli í kvöld. Eg set því fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

40. fundur — 22. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 1. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta, að hann eigi gæti mætt; varaforseti var og eigi á fundi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið, *um endurbót læknaskipunarinnar á Íslandi* m. m. Framsögumaður er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, og veit eg eigi hvort hann vill taka til máls nú þegar.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 470.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Hèr er nú komið heilmikið af breytingaratkvæðum; en það eru nú að eins fá, sem nefndin getur fallizt á. Það er þá fyrst breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga undir 1. tölulið, og líkt því er breytingaratkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga undir tölulið 2, um það að hèr verði settur kennari til aðstoðar landlækni; en við hugsuðum nokkuð um þetta í nefndinni, og sýndist okkur það eigi geta komið að notum, eins og nú stendur á, því að bæði vantar hèr spítala og ekkert fyrirkomulag er til um læknaskóla; 1863 var nú stungið upp á að 3 læknar skyldu vera við þenna skóla, en þá var og ráðgjört, að spítali yrði stofnaður. Nefndin var nú einnig hrædd við að skerða spítalasjóðina og þess vegna hèlt hún að rèttast væri að sleppa því að þessu sinni. En það sem einkum liggur á núna, meðan skóli kemst eigi á, það er að fá »Præparater«, það eru uppþurrkaðir og balsameraðir limir af mönnum. Þeir eru til sumstaðar nú á dögum úr vaxi, t. a. m. á Skotlandi og í Frakklandi, en þeir eru fjarska dýrir; það þyrfti sjálfsagt annan kennara, ef menn gæfi sig betur við »anatomie«, en það er hætt við, að slíkt geti ekki orðið

fyrr en spítali kemst á. Það eru annars vandræði, að því þá kennslu snertir, hvað bágt er að fá að kryfja lík hèr; en þó hefi eg enn ekki viljað hreifa því, því að eg hefi vonað, að það mundi lagast. Það sem farið er fram á undir 4. tölulið er nú vara-uppástunga við 1. tölul., en eg verð að biðja þingið að gá að því, að þessi bæn suðurnesjamanna um lækni er nú orðin 26 ára gömul, og er því mál til komið, að hún verði uppfyllt. Það er líka full ástæða til þess, því að bæði er þar fólksfjöldi mikill, þar sem þar er mikið af sjómönnum mestan hlut ársins og svo er þar þessi hættulega veiki, sem þarf svo stöðugra læknisepterlita með. Dauðralistinn í Útskálasókn og jafnvel í Njarðvíkum og Strandarhreppi er talsvert hár, og miklu hærri heldur en hèr á Innnesjum. Það var líka áður, að Keflvíkingar buðu að skjóta nokkru til að fá þangað lækni; eg veit nú ekki, hvort þeir vildu gjöra það nú, en allt af eru þeir á hverju ári að barma sèr út af læknisleysi við mig og biðja mig að útvega þeim lækni; heldur eigi get eg fallizt á 3. tölul. Breytingaratkvæðið undir tölul. 7 er nú líks efnis og breytingaratkvæði sessunautar míns undir tölulið 9, og er eg ekki fastur á móti þeim. En eg verð að segja þinginu það, að ef þetta er fellt aptan af uppástungum nefndarinnar, þá er stjórnin bendingarlaus um það atriði; en eg álít gott, að henni væri bent á það, þó ekki væri nema í ástæðunum fyrir bænarskránni til konungs; en það getur verið, að nefndin hafi eigi verið heppin í að ákveða þessa bústaði. Þá er breytingaratkvæði þingmanns Mýramanna um að læknirinn sè fyrir vestan Hvítá. Nefndin getur nú ekki fallizt á, að það sè hentugra, að læknirinn sè fyrir vestan Hvítá en sunnan, því að það yrði örðugt fyrir menn að ná til hans bæði framan úr dölunum og eins utan af Akranesi. Hvítá getur líka verið ófær einkum haust og vor, en þó er mest fólksmegnið fyrir sunnan ána einkum þar sem Akranes er með öllum sjómannafjöldanum. Þá er tölul. 13. Það er nú fátt, sem má telja til því ágætis og sumt má aptur telja því til ágætis; en það getur eigi verið meiningin að eyðileggja þær lyfsölubúðir, sem nú eru; eg hefi og allt af lagt það til við heibrigðisráðið, að læknar þeir, er væri langt frá lyfjabúðum mætti fá meðöl beinlínis frá Kaupmannahöfn. 14. tölulið verður nú nefndin alveg að mótmæla og álít eg hann hreint óhafandi. Og eg verð að leggja ríkt á við þingið að fallast ekki á þessa uppástungu, því að hún getur hrætt menn frá að lesa læknisfræði, og hún getur einungis fælt þá, sem nú lesa læknisfræði

í Kaupmannahöfn frá því að koma nokkurn tíma hingað upp. Eg vil spyrja hinn háttvirta uppástungumann: Hvað eru 300 rd. nú? Það var allt öðru máli að gegna fyrir 30 árum, því að þá var allt helmingi ódýrara. Eg tek því eigi í mál, að það sè minna en 600 rd. því að það er alls ekki meira en 300 rd. fyrir 30 árum. Eg vil þess vegna vara þingið við að ganga inn á þenna tölululið og tölul. 15.— Um 17. tölul. er ekkert að segja, mèr þykir hann góður. Þá eru breytingaratkvæði varaforseta undir tölul. 18 og 19. Það er nú sjálfsagt, að sumt kann að mæla með þessum uppástungum, en þó held eg, að það sè æði margt, sem mælir á móti þeim. Og eg ímynda mèr, að það muni hafa slæm áhrif á málið, ef haft er á móti því, að þetta sè greitt úr jafnaðarsjóðunum. Það sjá allir, að þar sem verja átti þessu fè samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 til minni kennslu, þá er það undarlegt, að vilja nú eigi láta það til meiri kennslu. Og þótt álögurnar á jafnaðarsjóðinn kunni að vera nokkuð þyngri nú, en þær voru þá, er það eigi að sama skapi og landaurar eru nú í miklu meira verði. Eg er því hræddur um, að þetta verði tekið sem óvilji frá hálfu landsmanna til þess að styrkja að því, að betri læknaskipun komist hèr á. Þá er breytingaratkvæðið undir tölul. 21, þar sem farið er fram á, að hèraðslæknar hafi heimtingu á þessu fè, ef þeir fara að kenna, þá held eg, að þeir fari ekki til þess núna, þegar þeir hafa ekki gjört það í 17 ár, enda er þeim það mjög örðugt, og það er heldur ekki til neins, að þeir fari að kenna þessum mönnum, því að það er ekkert lagaboð til um, hvernig þeir eigi að koma að gagni. Töluliður 22 þykir mèr nú ófær, þar sem farið er fram á, að taka eigi þetta fè úr læknasjóðnum, og eg held, að það mundi veikja tiltrú hinna ungu manna, sem vilja nema læknisfræði, um að menn vilji gjöra nokkuð fyrir að læknaskipun hèr eflist. Eg hefi nú lítið að segja um töluliðina 25 til 31, að eins skal eg af vináttu við sessunaut minn eigi mæla mikið á móti tölul. 31, þó eg sè hræddur um, að læknakennslan eigi bágt með að missa það. Eg hefi ekki á móti uppástungunni undir tölul. 35; því að sá maður á fullkomlega skilið að fá þessa þóknun, því að það er skynsamur maður og góðviljaður, og hann hefir það fram yfir marga hina svo kölluðu skottulækna, að hann minnir menn á reglulegt líferni og er sannarlega öll þörf á því. Eg hefi nú engan veginn á móti því, að fallizt sè á 36, tölul., því að mèr þykir það ekki sæma, að hið opinbera græði á læknaleysi okkar,

og mèr þykir það vel verðugt, að þessi maður sem þjónar embættinu fái hálf launin, þar sem hèraðslæknirinn á Akureyri hefir þau hálf. Nefndin tekur nú með þökkum hverjar þær bendingar, er þingmenn geta gefið, henni einkum um bústaðina.

Stefán Thordersen: Eg skal nú eigi reyna til að sitja aðra af stokki, og þar sem eg á nokkur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, þá ætla eg að leyfa mèr að tala nokkur orð. Nefndin hefir nú tekið að sèr 2 af þeim, og álít eg þau þannig komin í góðar hendur, þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður. Og eg skal því strax snúa mèr að breytingaratkvæðinu undir 31. tölulið, og skal eg þá gefa ástæður fyrir því, hvers vegna eg bar upp þetta breytingaratkvæði. Eg hugsaði, að eg með því mundi gjöra hinum háttvirta framsögumanni, og þessum Jóni á Hellu, sem eg að öðru leyti ekkert þekki, hinn mesta greiða. Eg skammast mín eigi fyrir að játa það, að þessi mín meðmæli með Jóni á Hellu einkum koma til af því, að hinn háttvirti framsögumaður hefir mælt fram með honum, og það sjálfsagt af því, að hann er svo mikill vísindamaður, að hann kann ei við að amast við þeim manni, sem þó hann sè honum minni í íþróttinni samt sem áður gjörir gagn. Þetta er af því, að hann er sannur vísindamaður. Þess vegna ímyndaði eg mèr líka, að honum kæmi vel, að eg ekki amaðist við, að þessi maður fengi laun, þar sem hann sjálfur áleit, að hann væri launa verður. En eg hèlt, að þessi styrkur fengist ekki úr læknasjóðnum, og þess vegna kom eg fram með þetta breytingaratkvæði, því að eg vildi fyrir hvern mun, að hann fengi laun. Að því er snertir breytingaratkvæði mitt undir tölulið 9., þá vildi eg, að bústaður hvers læknis væri ákveðinn, eigi eingöngu vegna hans sjálfs, heldur vegna þeirra sem verða að leita hans (*Magnús Jónsson*: Er það jörðin). Það er bústaður hans, hvort sem það er jörð eða hann býr í kaupstað. En ef menn sjá síðar, að þessi bústaður er óhentugur, þá má eptir minni uppástungu breyta því þegar embættið er í næsta skipti veitt. Eg ímynda mèr nú, að engin veiting á læknisembætti framfari, án þess að það sè gjört eptir nokkurs konar »innstillingu« yfirvaldanna hèr á landi, og líklega landlæknisins sjálfs, og mætti þar þá benda til, hver bústaðurinn þætti hæfilegastur. Viðvíkjandi uppástungunni undir tölulið 1., þá ætlaði eg nú í fyrstu máske að halla mèr að henni, en úr því sá maður, sem hèr á mestan hlut að máli ekki getur aðhyllzt hana, þá verð eg að ganga úr vegi

fyrir þeim ástæðum, er hann hefir komið með. Eg skil ekki í 5. tölulið. Mèr er nær að halda, að sá maður sem hefir komið fram með hann, aldrei hafi riðið til Keflavíkur, en það hefi eg opt, og allt af mèr til leiðinda. Og eg kalla Suðurnesjamenn alveg læknislausa, þótt þeir geti vænt sèr læknishjálpar hèrna í Reykjavík, því það er þá ekki hættulegur sjúkdómur, ef það er nógur tími til að ná í læknishjálp hingað yfir annan eins veg (*Sveinn Skúlason:* Það má fara sjóveg). Já! það er satt, en konungur vill sigla, en byr hlýtur að ráða; það er ekki altènd sagt, að sjúkdómurinn sè svo kurteis að bíða eptir góðu sjóveðri allra sízt báðar leiðir.

Hjálmur Pètursson: Hinn háttvirti framsögumaður minntist á breytingaratkvæði það, sem eg á á atkvæðaskránni undir tölulið 11. Mèr er nú ekki sárt um það, og hugsa eigi til að halda því fram, ef þau breytingaratkvæði sem fara í þá stefnu, að ákveða ekkert um bústaði lækna verða samþykkt. En ef það er ákveðið á annað borð, hvar læknirinn skuli búa, þá álít eg það hagkvæmara, að læknir sá, sem ætti að þjóna Mýra- og Borgarfjarðarsýslum búi fyrir vestan Hvítá, og vil eg skjóta því undir kunnugra manna álit, hvort þetta muni ekki vera nær miðbiki þess umdæmis. Og eg hèlt að hinn háttvirti framsögumaður mundi þekkja hvað langur vegur er úr Miklaholtshreppi í Mýrasýslu suður fyrir Hvítá, og að ekki er lengra neinstaðar úr Borgarfjarðarsýslu vestur í Borgarhrepp. Viðvíkjandi því, að hann sagði, að Hvítá gæti verið ófær, þá vona eg að hann játi, að hún sè eins ófær fyrir Mýramenn að sækja suður yfir hana, eins og Borgfirðinga að sækja upp yfir hana, svo það sannar ekkert; eg vona þess líka af hinum háttvirta framsögumanni, að ef honum þykir ótækt fyrir suðurnesjamenn að sækja lækni hingað til Reykjavíkur, að honum finnist ekki síður ótækt fyrir Miklaholtshreppsmenn að sækja lækni suður yfir Hvítá; en þetta er eigi svo að skilja, að eg hafi á móti því, að læknir sè settur í Keflavík. En sem sagt, ef þau breytingaratkvæði verða samþykkt, sem hljóða um að felld sè úr ákvörðunin um bústað læknanna, þá fell eg frá mínu breytingaratkvæði; en í þessu tilliti vil eg helzt aðhyllast tölulið 9. og tölulið 14., án þess eg ætli að fara mörgum orðum um þessa löngu atkvæðaskrá er hèr liggur fyrir; eg skal einungis geta þess, að eg er alveg mótfallinn 25. tölulið, að því leyti, sem þar er beinzt að jafnaðarsjóðnum, enda vona eg að þingið breyti ekki skoðun sinni, sem það hingað til hefir haft, nefnilega að verja jafnaðar-

sjóðina þeim þyngslum sem mögulegt er; þar á móti mun eg gefa atkvæði mitt með 26. tölulið.

Björn Pèturssson: Eg stend nú eigi upp til að tala um hvern af þessum 26 töluliðum, sem eru á atkvæðaskránni, því að eg er hræddur um, að umræðurnar enduðu seint, ef allir ætluðu að tala langt um hvern þeirra. Viðvíkjandi því, að þingmaður Mýramanna ráðgjörði að falla frá breytingaratkvæði sínu undir 11. tölulið, ef töluliður 9. kæmist að leyfi eg mèr að geta þess, að það er óþarfi, því 11. töluliður væri þá fallinn, hvort sem er. Við erum hèr 3 eða 4 um samkynja breytingaratkvæði undur tölulið 6—9, nema hvað þingmaður Norðurþingeyinga er okkur ekki að öllu leyti samdóma, því hann vill að einungis stafliðirnir »*a*—*c*« undir tölulið 12 falli burtu (*Sveinn Skúlason*: Það er prentvilla, það á að vera »*a*—*e*«). Rètt er það. Þá er ekki eptir hjá honum nema stafliður »*f*« sem eg fyrir mitt leyti sè ekki neitt verulegt á móti. Eg vil heldur styðja að því, að læknir sè settur í Keflavík, heldur en að aðstoðarlæknir sè settur til að kenna með landlækni, einkum fyrst að hinn háttvirti framsögumaður hefir á móti því, og álítur hitt nauðsynlegra. Það getur naumast verið meiningin í 9. tölulið, að ákveðinn sè viss staður, þar sem læknirinn sè skyldur að búa (*Stefán Thordersen:* Hvað skilur þingmaðurinn við að búa?). Eg tek það hèr í þeirri merkingu, að það sè sama og að vera eður eiga heimili á þeim eða þeim stað. En það held eg sè bágt að til taka; því að konungur getur víst ekki skipað lækninum á vissan blett t. a. m. í sveitum sem hann ekki beinlínis á sèrstaklega ráð yfir. Meiningin í þessum tölulið hlýtur því að vera hin sama, sem kemur fram í 14. tölulið, og að því leyti er eg honum alveg samþykkur. 10. tölulið get eg ómögulega fallizt á, því ef hann væri samþykktur, þá álít eg að Suðurmúlasýsla og Austur-skaptafellssýsla yrðu báðar því nær læknislausar; því ef læknirinn byggi á Djúpavog eins og uppástungumaður ætlaðist til, þá getur hvorug sýslan haft verulegt gagn af honum, þess vegna verð eg heldur að leggja það til að Vestur-Skaptafellssýsla bíði betri tíða, þó eg fullkomlega játi, að hún þyrfti líka sem allra fyrst að fá lækni. Í 36. tölul. eru prentvillur, sem lítið gjöra til, t. a. m. Bjarni í stað Bjarna og síðar í greininni »og eigi það« á að vera »og það eigi«. Að öðru leyti held eg óþarft, að mæla með þessu viðauka-atkvæði fremur en eg gjörði við undirbúningsumræðuna, því eg vona það verði samþykkt.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu ætla nú ekki að tala mikið um þessa löngu atkvæðaskrá; það er einkum út af breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta, að eg ætla mèr að mæla nokkur orð, og gjörir það mèr illt, að hann er hèr ekki í salnum. Eptir breytingaratkvæði hans, þá vill hann setja læknir í Vestur-Skaptafellssýslu milli Mýrdalssands og Skeiðarársands, en útiloka Austur-Skaptafellssýslu með læknir, og eptir þessu breytingaratkvæði eru það einungis 2 hreppar, sem hann vill gjöra að læknisumdæmi, en Austur-Skaptafellssýslu læknisumdæmið eru þó 4 hreppar, og eins og eg hefi áður tekið fram er Austur-Skaptfellingum ómögulegt, hvorki Öræfingum, nè öðrum að njóta nokkurrar læknishjálpar í sameiningu við Múlasýslu eður Vestur-Skaptafellssýslu; það er líka langt frá því að Vestur-Skaptfellingar sèu læknishjálparlausir eins og nú stendur, því þeir sem eiga lengst til læknis að Móeiðarhvoli hafa 3 daga ferð, flestir ekki nema 2 daga, og þar til geta þeir æfinlega á kaupstaðarferðum sínum fundið sinn eiginn lækni, og fengið meðöl og ráðleggingar, þar á ofan fara margir þeirra í kaupferðir hèr suður, og geta því fengið meðöl og ráðleggingar hjá landlækninum. Svo er nú enn ein ástæða, sem er hvað sterkust á móti þessu breytingaratkvæði, og hún er sú, að Vestur-Skaptfellingar eins og þinginu er kunnugt, sendu margar bænarskrár til þingsins, en enga í þessa stefnu að fá læknir, og því liggur það í augum uppi, að þeim er ekkert áhugamál að fá læknir og hafa heldur aldrei svo eg viti, beðið þingmann sinn að fylgja því fram á þingi, og sízt í þá stefnu að róa í bága við önnur hèröð, og eg vona að þingið leggi þó meiri þýðing í bænarskrár Austur-Skaptfellinga með 76 nöfnum undir, heldur en uppástungu einstaks manns. Þá hefir verið mikið talað um að klípa þenna hala aptan af uppástungu nefndarinnar undir bls. 12. um bústaði lækna. Þó eg sè einn af nefndarmönnum þá er eg ekkert fastur á því að halda þessum hala eða róu, sem þingmaður Suður-Múlasýslu kallaði það, svo eg fyrir mitt leyti vil gefa þingmanninum þessa róu, og þar nefndin, eins og eg hefi sagt, var ekkert föst á bústaða ákvörðuninni hefir hún gengið inn á breytingaratkvæðið undir tölul. 9, en eg hefði þó heldur viljað fallast á breytingaratkvæðið undir tölulið 14, og vildi eg því helzt, að því væri skipt í sundur við atkvæðagreiðsluna, og atkvæða leitað sèr í lagi um laun lækna, því á þann lið breytingaratkvæðisins, samt get eg ekki fallizt, þar sem laun þessara nýju læknaembætta eru einungis ákveðin til 3—400 rd. og

að ákveða laun þessi svona lág leiðir til þess að læknar hljóta að selja meðölin dýrra en góðu hófi gegndi, og máske panta þau meðöl sem væru ódýrust og allt svo ónýt; þar á ofan mundu þeir setja ferðir sínar mjög dýrt svo í sjálfu sèr leiðir mjög mikið óhagræði af því bæði fyrir læknirinn sjálfan og innbyggendurna að læknar sèu illa launaðir, svo eg verð að vera á því, að rèttara sè að fallast á uppástungu nefndarinnar tölul. 13 b, heldur en breytingaratkvæðin undir tölulið 14—15. Þá hafa margir gert sèr mikið far um að rífa niður uppástungur nefndarinnar undir tölulið 20; eg get nú ekki gert eins mikið úr því og sumir hafa gjört, að þetta sè svo ógnarlega tilfinnanlegt fyrir jafnaðarsjóðina, eg held það sè þó skylda þingsins að hlynna að innlendri læknakennslu sem bezt, og eg vona, að þingið geti ekki neitað því, að landlæknir þessi sem við nú höfum hafi orðið við læknakennslu sína að leggja mikið í sölurnar bæði með bóka- og verkfæra kaup o. fl. og, því held eg menn ættu ekki að berja sèr svo hraparlega út úr þessum 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, að minnsta kosti álít eg að suðuramts jafnaðarsjóðinn munaði það ekki svo freklega fyrst nú að þingið hefir lètt á honum fjárkláðalækningunum, sem allt af hafa á sjóðnum legið meira og minna nú á 10. ár, og núna næstliðið ár hafa verið brúkaðir úr sjóðnum til ónýtra baðana 677 rd., og 200 rd. af því fè hefði víst verið betur varið til eflingar læknakennslunni hjá landlækninum.

Sveinn Skúlason: Mig furðaði nú á því, að hinn háttvirti framsögumaður vildi hvorki fallast á tölul. 1. nè 2. því að það, sem þar er farið fram á, er bæði til lèttis fyrir sjálfan hann og líka til að gjöra stofnun þá vissari, sem hann hefir barizt svo mikið fyrir. Eg hèlt því, að það væri eitthvert hið æskilegasta, sem hann gæti fengið, að settur væri annar læknir honum til aðstoðar. Það er nú eigi verulegur munur, á tölul. 1. og 2., nema í því, að þingmaður Árnesinga fer fram á, að þetta skuli verà læknir, sem sè æfður í að þekkja íslenzka sjúkdóma. Þetta þykir mèr nú óþarft að taka fram, því að bæði er það, að það mundi örðugt að fá þann mann, er hefði þetta til að bera, og þar sem landlæknirinn, sem sjálfur kennir líka, er sjálfur svo æfður maður í þessu tilliti, þá sýnist mèr minni nauðsyn á því. Mèr finnst allt eins mikið varið í, að hinn nýi læknir gæti kennt hið almenna vísindalega í þessu efni; en landlæknirinn er fullfær um að kenna hið sèrstaka og praktiska sem æfður læknir. En báðar uppástungurnar eru

samfara i því, eins og eðlilegt er, að laun þessa læknis sè greidd úr læknasjóðnum, því að þingið hefir ætíð haldið því fram, að tekjum hans væri varið til læknaskólastofnunar og til að koma upp spítala. Breytingaratkvæðið undir tölulið 3. þyki mèr nú lítið í varið, því að það er ei annarstaðar en hèr á landi, sem þessi lækna-embætti eiga að stofnast, og það getur hver skilið. Eg get nú eigi fallizt á, að nauðsynlegt sè, að læknir sè í Keflavík, þó að hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Vestmanna-eyinga hafi haldið því fast fram. Þeir vita, að það eru flest lækna-embætti hèr víðáttumeiri en þetta er. En þótt vegurinn sè vondur og eigi gefi allt af sjóleiðina, þá má það eins segja um öll lækna-umdæmi. En það einasta er kynni að mæla með þessu, er fólksfjöldinn, sem framsögumaður gat um. Tölulið 13. verð eg sèr í lagi að styðja, því að það vita allir, hvað örðugt vèr eigum með að launa læknum vorum, og þeir hafa allt af haft lítil laun; en mèr finnst þetta bæta talsvert úr því. Eg get eigi álitið annað en að hefði átt að bæta við, að þær lyfjabúðir, sem hèr væri til, væri lagðar niður jafnóðum og þeir menn falla frá, er nú hafa rètt til þeirra; því að það er vansèð, hvort þetta eru ekki óhollar stofnanir fyrir þjóðina, og þar að auki draga þær eðlilegan hagnað úr höndum læknanna. En ef hver læknir hefði læknisdómasöluna á hendi, þá þyrfti hvorki hann nè almenningur að kvarta yfir, að meðölin væri svikin. Að því er snertir tölulið 36, þá þykir mèr það óhæfa, að launin skuli vera dregin inn, þó engum sè veitt læknisembættið, úr því einhver þjónar því, því sá maður, sem gegnir embættinu, á það fyllilega skilið, að hann fái þessi hálfu laun, sem nú renna í ríkissjóðinn. Þá er nú hann Jón minn á Hellu, og held eg, að eg verði að gefa atkvæði með honum, þar eð eg gleymdi, að koma með það breytingaratkvæði, að hann skyldi fá laun úr ríkissjóði.

Eiríkur Kúld: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg ómögulega get hallazt að tölulið 1 samanber tölulið 4., með því hann kemur í bága við uppástungu nefndarinnar undir tölulið 12 staflið *f*. Fyrst hinn háttvirti framsögumaður ekki hefir álitið það beinlínis nauðsynlegt, að auka læknakennsluna, verð eg að álíta, að það sè miður ráðandi en að stofna nýtt læknisembætti í Keflavík. Það er að vísu satt, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu mælti áðan, að það sè víða um land eins ervitt að ná til læknis, eins og á Suðurnesjum; það er til dæmis torveldara og lengra fyrir menn, að leita læknis í Barðastrandar- og Stranda-

sýslum; þó vil eg ekki, að þetta atriði verði hinu fyrirhugaða lækna-embætti í Keflavík til neinnar fyrirstöðu, og það því heldur, sem nú er beðið um nýtt læknisembætti í Barðastrandar- og Strandasýslum. Eg skal ekki halda fast við að ákveða vissa bústaði handa þessum nýju læknum, og það væri, ef til vill eðlilegast, að eins að geta þeirra í ástæðunum til álitsskjalsins til konungs. Ef menn aðhyllast uppástungu nefndarinnar undir tölulið 12, staflið d., þá get eg eigi fellt mig við, að hinn háttvirti þingmaður Mýrasýslu taki aptur breytingaratkvæði sitt undir tölulið 11, eg ætti því má ske af fornri tryggð við hann í Brákarpollsmálinu, að taka breytingaratkvæði hans upp aptur. Þótt nefndinni og hinum háttvirta varaþingmanni Strandasýslu komi ekki alveg saman, virðist mèr ágreiningurinn þó ekki vera eins voðalegur, eins og mönnum sýnist, því ef læknakennslan helzt hèr við, þá fæst að líkindum eptir 2 ár, læknir í Strandasyslu; þessi 100 dala styrkur til Jóns á Hellu yrði líka án efa, ef hann á annað borð fengist, veittur eptir 1 ár, og ber þá að sama brunni, svo að Jón fær að eins þessa einu 100 dali, og þykir mèr það ekki svo þungbært eða ókljúfandi gjald fyrir jafnaðarsjóðinn. Jafnframt og eg þess vegna verð að styðja Jón á Hellu, hlýt eg einnig að vera hlynntur viðauka-atkvæðinu undir tölulið 35, því eg álít, að Þorleifur sè í alla staði maklegur þessara litlu verðlauna. Hvað viðauka-atkvæðið undir tölulið 36 snertir, þá er eg í meiri vafa, af því eg er lítt kunnugur þar málavöxtum.

Ásgeir Einarsson: Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hefir tekið af mèr ómakið. Menn hafa rætt um sambandið milli töluliðs 2 og 12. Mèr þætti nú æskilegt, ef það, sem stungið er upp á undir tölulið 2, fengi framgang, svo að læknakennslunni yrði lètt sem mest á landlækninum, en menn hafa ekki vissu fyrir að þetta fáist, en þar á móti yrði það landlækninum til töluverðs lèttis, ef læknir kæmi í Gullbringusýslu, og eru töluliðir 2 og 12 í þessu tilliti í nokkru sambandi. Hvað uppástungu nefndarinnar undir tölulið 20 snertir, þá er það kunnugt, að alþingi 1863 ályktaði, að þessir gömlu 200 dalir úr jafnaðarsjóði hvors amts, skyldu lagðir til eflingar læknakennslunnar, og eg get því varla skilið, að þingið fari nú að ganga ofan í sjálft sig og gjöra nokkra breytingu á því. Viðvíkjandi tölulið 31, þá skal eg geta þess, að eg fellst alveg á hann, og eg þakka hinum háttvirta þingmanni Vestmanneyinga því fyrir uppástungu sína. Eg er að eins

hræddur um, að ef uppástungan um þessa 200 dali úr jafnaðarsjóðnum verður felld, þá falli líka 100 dala styrkurinn til Jóns á Hellu í valinn. En til þess að styrkurinn til aðstoðarlæknisins Jóns á Hellu, yrði sem minnst fráfælandi, setti eg í breytingaratkvæðið 32, «meðan ekki kemur reglulegur læknir í Barðastrandarsýslu, sem Strandasýslu innbúar geta náð til. Eg vildi þó gjöra uppástungu mína undir tölulið 32, því eg vildi fara sem vægilegast í málið og enga ágengni við hafa, þó eg mælti fram með styrknum, þetta kom nú einnig fram um daginn frá manni, sem annars ekki er vanur að níðast á jafnaðarsjóðunum, nefnilega hinum háttvirta varaforseta. Það var sagt, að þetta væru nú gjöld á jafnaðarsjóðinn, en þau eru áður ákveðin með konungsúrskurðinum af 12. ágúst 1848, að þessir 200 dalir skyldu greiðast úr jafnaðarsjóði, en sumir vona nú, að brátt lètti af jafnaðarsjóðnum þeim útgjöldum, sem hafa hvílt á þeim nú um stundarsakir, það er að segja kostnaðinum af fjárkláðanum, svo þeir verði færari um, að bera þau útgjöld, sem hèr ræðir um. Það hefir verið fundið að því, að þessir 100 dalir til Jóns á Hellu aðstoðarlæknis yrðu greiddir úr læknasjóðnum, þar það væri móti stefnu stjórnarinnar, að skerða hann; eg hefi þess vegna komið fram með varauppástungu mína undir tölulið 34, er fer fram á, að þessi 100 dala styrkur veitist af þeim 4000 dölum, sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands; með því móti er ekki gengið eins hart að rikissjóðnum. Stjórnin er heldur ekki svo kvartsár, þótt eitthvað sè eptir afgangs, og sýna það launin hans kandidats Bjarna Thorlaciusar, þó ekki hafi verið reglulegur læknir þar, sem hann hefir þènað launalitið.

Konungsfulltrúi: Eg leyfði mèr að láta í ljósi við undirbúningsumræðuna, að eg yrði að efast um, að stjórnin undir núverandi kringumstæðum gæti útvegað hjá ríkisdeginum það fè, sem ekki er heldur alllitið, til þess að koma upp lækna-embættum þeim, sem hèr er beðið um. Eg verð þessu samkvæmt að álíta, að málið, þegar það kæmi frá þinginu til stjórnarinnar, yrði því að eins bending handa henni eptirleiðis, eg verð að álíta það sè yfirlýsing af því, hvernig þingið hugsi sèr læknaskipunina hèr, til þess hún geti verið viðunanleg, og nokkurn veginn samsvarandi þörfum landsmanna, og þetta hefir sína miklu þýðingu, því það þarf ekki að efast um það, að stjórninni sè annt um þetta velferðarmál Íslands, og að hún muni taka það sèr í hönd svo fljótt,

sem kostur er á. Eptir þessari skoðun minni á málinu, finn eg ekki tilefni til að tala um breytingaratkvæði þau, sem hèr liggja fyrir. Eg skal að svo komnu einungis minnast á atkvæðið undir tölulið 13, staflið *a*, að læknar skuli sjálfir kaupa hvar sem þeir geta meðölin, og selja þau út frá sèr. Slíkt fyrirkomulag hefir sína miklu og víst yfirgnæfandi annmarka, enda er þetta tvennt yfir höfuð ekki sameinað hjá einum og sama manni. Viðvíkjandi atkvæðinu undir tölulið 20, skal eg athuga, að þeir þar umræddu 200 rd. úr jafnaðarsjóði, upphaflega eru veittir til að koma upp aðstoðarlæknum, en þetta fè hefir ekki hingað til verið notað eins og til var ætlað af hèraðslæknunum, og verður það líklega ekki heldur eptirleiðis, og það virðist því ekki neitt verulegt því til fyrirstöðu, að þessum peningum verði varið til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík. Viðvíkjandi uppástungunum undir tölulið 32. og 33. skal eg athuga, að það er nú komið fram, sem eg sagði við undirhúningsumræðnna, þar sem nú eru komnir 2 menn til, sem eru líklega eins verðugir og þessi Jón á Hellu til að fá laun fyrir lækningar sínar, og fleiri koma líklega seinna, því hèr eru víst margir, er standa líkt að og þeir standa.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að lýsa því yfir, að breytingaratkvæði mitt undir 1. tölulið er einmitt gjört til þess, að styðja málið, en ekki til þess að koma í bága við það. Eg get því ekki skilið í því, hvers vegna breytingaratkvæðið ekki er rètt. Framsögumaður sagði, að það vantaði hèr spítala, en einmitt fyrir þá sök vildi eg hafa mann, er æfður væri í að þekkja íslenzka sjúkdóma; og með þessu vona eg því að alls ekki sè gefið í skyn, að landlæknirinn ekki sè æfður í þessum efnum. Mèr finnst nú þetta eðlileg byrjun til spítalastofnunar og á borð við læknakennslu þá, sem hèr ræðir um. Þingmaður Norðurþingeyinga sagði að þetta breytingaratkvæði væri lakara en hans undir tölulið 2; en það er þó farið fram á það í hans breytingaratkvæði, að þessi kennari sè settur við læknaskólann, en hann er hèr enginn til. Eg sè eigi að það geti verið óeðlilegt að taka fèð úr læknasjóðnum, og eg álít það því fremur áríðandi þar sem stjórnin mundi ei sjá sèr fært að veita fèð úr ríkissjóðnum. Þessi læknir gæti líka verið landlækninum til aðstoðar við vitjun sjúklinga, og þess vegna fer tölul. 4. fram á það, sem hægast er að fá, og eins mundi öll læknishjálp aukast fyrir það í þessu umdæmi; en þó skal eg gjöra það framsögumanni til geðs, að fallast á uppástungu nefnd-

arinnar og falla frá vara-atkvæði mínu. Eg tók það fram, að mèr þótti hæfilegt, að alþingi benti á bústaðina, en þó álít eg rangt að ákveða hann víst við kaupstað eða sveit; heldur þar sem hlutaðeigendur eiga hægt með að ná til hans. Eg vil heldur, að bent sè til þessa í bænarskránni til konungs en að það sè ákveðið í veitingarbrèfinu, því í því liggur að fyrir fram sè ákveðið hvar læknirinn skuli búa, en mitt atkvæði segir, hvernig eigi að ákveða það. Eg gjörði ei breytingaratkvæði við launin, af því mèr þætti þau of há, heldur hèlt eg að stjórnin mundi heldur veita þau þannig. Ef það er nú allt sem bendir á það, að lífs nauðsyn manna liggi hèr við, þá sè eg eigi að þetta mál megi bíða, því ef læknaskipun hefir nokkuð að þýða, þá er hún sett í þeim tilgangi, að verja menn fyrir dauða og kvölum, og á þessu hafa þeir sem nú lifa og þínast eigi síður rètt en þeir sem seinna lifa eða þínast. Eg sè því eigi, að menn megi deyja hjálparlausir í 5 ár, og eg held að þetta mál hljóti og eigi strax að fá framgang. Launin þurfa ei að vera svo fjarska há í fyrstunni, og mèr þykir það eðlilegt, að ungir menn, sem hèr hafa varið miklu minni kostnaði til náms síns, en þeir, er numið hafa læknisfræði erlendis, gjöri sig ánægða með minni laun í fyrstunni, einkum þar eð það bætir mikið um í þessu tilliti, ef töluliður 13 fær framgang, sem mèr þykir mikið góður. Konungsfulltrúi sagði, að það gæti verið annmarkar á því, að læknirinn lèti sjálfur út meðölin, en það geta verið eins miklir annmarkar á því, að hann ekki láti þau sjálfur úti, því það er eðlilegast, að læknirinn innistandi eigi að eins fyrir, hver meðöl hann notar, heldur og hvernig þessi meðöl eru. Ágætur og æfður læknir hefir sagt mèr, að hann ætti læknis-heppni sína og álit mest að þakka því, að hann hefði búið til meðölin sjálfur. Menn mega ei ímynda sèr, að læknar misbrúki þetta, og menn mættu þá eins halda, að þeir skrifuðu 3 Recept fyrir eitt, til að ná í skildingana. Það er nú búið að tala mikið um Jón á Hellum, og eg vona að hús hans verði eigi á sandi byggt framar; eg held það eðlilegast sem farið er fram á í 26. og 34. tölulið. Ef þingið á annað borð álítur vert, að taka þessa bón til greina, þá er rèttast, að þessi laun sèu goldin af óvissum útgjöldum, því að það munu kölluð óviss útgjöld að launa skottulæknum.

Konungsfulltrúi: Þeir heiðruðu þingmenn, sem eiga breytingaratkvæðin undir tölulið 1. og 2. hafa hreift við verulegu at-

riði í málinu, því mèr virðist það auðsætt, að enginn einn maður, hversu vel sem hann væri að sèr gjör gæti komizt yfir og annað því að kenna allt það, sem útheimtist til þess að geta tekið læknisembætti á hendur, og fullnægt köllun sinni, og þótt landlæknirinn hafi annað því hingað til, og það eins vel og hann hefir gjört það, hlýtur hann þó að þreytast með árunum. Það er líka ætlazt til, að læknir þessum verði borguð laun sín úr læknasjóðnum. Hinn heiðraði þingmaður Árnessýslu sagði, að engum mætti detta í hug, að læknar, þótt þeir »dispenseruðu« sjálfir meðölum og keyptu þau sjálfir frá Kaupmannahöfn eða annarstaðar litu á sinn eigin hag og t. a. m. skömmtuðu þau aptur út ríflega, en lík eða náskyld hugsun lá þó að minnsta kosti á botninum í bænarskrá þeirri, sem kom til þingsins um aukatekjureglugjörð handa læknum, sú nefnilega að læknar heimtuðu stundum meira en þeim bæri fyrir störf sín.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að stjórnin mundi ekki geta útvegað fè það, er þyrfti til að borga læknum þessum. En eg get naumast trúað því, að ef mál þetta yrði borið undir ríkisdaginn, að það þá ei fengi framgang. Stjórnin hlýtur að gegna nauðsyn vorri, hún getur ekki neitað, ef málinu er fylgt fram með áhuga. Þingið hefir líka í mörg undanfarin ár farið fram á þetta, og í hinni konunglegu auglýsingu til þessa þings er það líka tekið fram, að það sè vilji stjórnarinnar, að læknum sè fjölgað. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi var meðmæltur 1. og 2. tölul., nefnilega að launin handa þeim lækni, er vera ætti til aðstoðar við landlæknirinn, skyldu greiðast úr læknasjóðnum. En eg verð að álíta, að þeir peningar verði að ganga til spítalans, því á því er mikil þörf. Eg sendi seint í vetur einn af þeim, er til kennslu er hjá mèr, suður um Suðurnes, því þar gekk taksótt. Voru þar margir menn saman komnir í sjóbúð að tala um, að þetta væri skrítin meðferð á sèr að vera þarna læknislausir, þar sem þeir í Reykjavík hefðu 4 lækna. Víst er um það, að þörf væri á, að aðstoðarlæknisembætti væri stofnað hèr í Reykjavík, en enn þá meiri þörf er þó á því, að læknar yrðu settir í nokkrar sýslur, og á »Præparater« við læknakennsluna er hin brýnasta nauðsyn, og það enda meiri en á stofnun aðstoðarlæknisembættis við landlæknisembættið. Hvað því viðvíkur, hvort tiltækilegt væri að hafa sama fyrirkomulag á kennsluaðferðinni í læknisfræðinni sem haft er við prestaskólann, nefnilega að halda fyrirlestra, þá verð eg að álíta

það alls ekki gjörlegt, því að það er í konungsúrskurði tiltekið, hverjar bækur skuli viðhafa. Hvað tölul. 13. snertir, skal eg geta þess, að eg álít ei rètt undir þessum kringumstæðum að eyðileggja lyfsölubúðirnar, því lyfsölumenn eiga opt hægra með en aðrir að fá læknislyfin frá Höfn. Þó ætti læknum einnig að vera heimilt að fá þau frá útlöndum. Að því er snertir það, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um skammtana, þá skal eg geta þess, að læknar í Austurríki hafa leyfi til þess að selja meðöl í skömmtum, og í Danmörku er því þannig varið, að menn hugsunarlaust hlaupa í lyfjabúðina og fá meðöl þau er þeir biðja um. Viðvíkjandi 36. tölul. er það ekki meiningin, að B. Thorlacius fái laun sín af launum Finsens læknis, heldur helminginn af launum þeim, sem ákveðin eru fyrir læknisembættið í Múlasýslu.

Jón Bjarnason: Það hefir nú mjög svo verið skrifað og skrafað um Jón á Hellu. Eg skal geta þess, að hann er yfirheyrður af landlæknir, og verður því að skoðast sem aðstoðarlæknir, en alls ekki í tölu skottulækna. En hvort nafnið sem menn nú vilja brúka, þá held eg að það sè fyrir mestu, hve vel maðurinn dugar. Þeir veiku verða fegnir að fá linun á þjáningum sínum, hvað sem nafninu líður. Það hefir nú öðru hvoru verið um nokkur undanfarin ár læknislaust fyrir vestan, og við það hefir hinu opinbera sparazt fè. Þetta finnst mèr vera því fremur ástæða til að veita Jóni þessa 100 rd. þóknun. Maður þessi hefir opt haft mikla fyrirhöfn og lagt mikið í sölurnar fyrir sjúklinga þar vestra, sem til hans hafa leitað, og álít eg það því ósanngjarnt og órètt hinn mesta sem hugsast má, að neita honum um þóknun þessa, og vona því að þingið styðji að því sem um er beðið.

Pètur Guðjónsson: Eg get ekki neitað því, að mèr þótti hinn háttvirti framsögumaður fara verr með viðauka-atkvæði mitt undir tölulið 13 en það á skilið, og átti eg sízt von á því af honum, þar sem það einmitt miðar til að styðja heppilegar lækningar og þar með einnig álit hans og stèttarbræðra hans yfir höfuð. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að læknar mundu verða of stórtækir á meðalaskömtum, eða skamta sjúklingum of mikið af meðölum, ef þeir hefðu sjálfir meðalasöluna, verð eg að álíta slíkt röksemdaleysu eina, þar sem ástandið í þessu efni ekki mundi breytast í neinu frá því, sem nú er það; því það er alkunnugt, að læknar nú selja þau meðöl, sem þeir eru skyldir til að kaupa á lyfjabúðum, hvernig sem þau eru, fyrir eiginn reikning;

eptir breytingaratkvæðinu mundu þeir einnig selja fyrir eiginn reikning, en það yrði að minni meiningu meðöl, sem í langtum minni skömtum en lyfjabúðasullið, gjörðu þá verkun, sem læknirinn ætlast til, enda mun sízt af öllu kvartað undan því, að sjúklingum sè skamtað of lítið af meðölum frá lyfjabúðinni í Reykjavík nú um stund. Það veit eg með vissu, að meðöl þau, er menn fá frá útlöndum beinlínis, eru miklu betri en þau, er fást hèr á lyfjabúðinni. Sama hefi eg heyrt um lyfjabúðina fyrir norðan, en það má eg játa, að lyfjabúðin á Stykkishólmi hefir gjört heiðarlega undantekningu hèr frá, á meðan sá heiðursmaður lifði, sem seinast átti hana; um það hefir almannarómur borið vitni. Hvað því viðvíkur, sem upp á er stungið, að læknar þessir hinir nýju fái sömu laun og hinir núverandi föstu læknar, þá álít eg það hvorki ráðlegt nè gjörlegt, því það liggur í augum uppi, að lítil laun gjöra læknum mikla praxis nauðsynlega, og hvetja þá til ástundunar og atorku í verki sínu, og þá kemur meðalasalan einnig fjárhag þeirra í góðar þarfir, en þar á móti getur það vel hugsazt að þeir ekki leggi eins mikið á sig eða verði eins atorkusamir, ef launin verða há, því þá kæra þeir sig minna um praxis, af því þeir þurfa ekki á henni að halda og geta lifað án hennar.

Sveinn Níelsson: Við undirbúningsumræðu þessa máls lèt eg það álit mitt í ljósi, að eg væri fremur á móti því, að læknar byggju í kaupstöðum, og verð eg helzt að vera á því, sem minnzt er á í tölulið 14. á atkvæðaskránni, að læknar taki sèr bústað í umdæminu, þar sem hentugast er að ná til þeirra, og haganleg bújörð gæti fengizt. Eg hefi heyrt menn vera hèr að tala um, að ákveða þyrfti handa þeim fasta bústaði, svo menn ætíð vissu, hvar þeirra væri að leita. Þetta þykir mèr undarleg ástæða; því eg held það verði hljóðbært á örstuttum tíma, hvar hèraðslæknirinn situr, svo eg álít enga þörf á þessu. Hvað launin snertir, þá er eg ekki á því, að þeir eigi að byrja með þau há. Eg vil láta þá búa á jörðum, því eg er viss um, að búskapur hjálpar þeim mikið. Eg álít hæfilegt, að þeir byrji með 3—400 rd.; með þessum kjörum sýnist mèr þeir ekki þurfa að fara á húsganginn. Ef ungir læknar væru strax látnir byrja með há laun, er hætt við, að þeir, er útskrifast úr lærða skólanum, mundu heldur velja þenna veginn, heldur en lesa guðfræði. Eg skal bæta því við það, er þingmaður Gullbringusýslu sagði um meðalasölu lækna, að eg þekki læknir, sem ei fèkk meðöl til muna frá Apotheki hèr, heldur frá Materia-

listum í Höfn, og þótti honum það í tvöföldu tilliti hagnaður. Hvað kostnaðinn snertir til að verða læknir, þá er hann litlu meiri en að læra til prests. Menn hafa kvartað um prestaeklu þá, er ætti sèr stað hèr á landi, og verð eg að álíta það, sem á þingi í hitt eð fyrra var stungið upp á til að bæta úr henni, sannarlegt óyndisúrræði, og sama álit hef eg á því, sem stjórnin sjálf hefir gjört til að ráða úr hinni sömu eklu. Menn eru nú á síðari tímum farnir að einblína á vissa lífsstöðu og láta þá stöðuna verða út undan, þar sem menn ætla, að minna kunni að verða í aðra hönd. En hin sanna föðurlandsást á að sýna sig í því, að hafa gagn fósturjarðarinnar sèr stöðugt fyrir augum, en einblína ekki á sinn eigin hag. Hvað þá svo nefndu skottulækna snertir, eru þeir vissulega misjafnir. Áður voru umkvartanir þær, er gegn þeim komu, vissulega á rökum byggðar, t. a. m. á dögum Jóns læknis Pèturssonar. En nú vona eg enginn geti komið með slík dæmi, sem hann hefir tilfært í lækningabók sinni. Eg skal lýsa því yfir, að eg mun halla mèr að 24. og 26. tölulið á atkvæðaskránni. Fyrir viðauka-atkvæði mínu undir tölulið 35 ætla eg ekki að tala, því hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir svo ágætlega stutt það. Maður þessi gjörir sèr margt ómak og opt og tíðum fyrir lítið eða ekkert. Ef þingmenn allir, sem hèr sitja í salnum, þekktu þenna mann eins vel eins og eg og þingmaður Barðstrendinga, þekktu hans dæmafáa ötulleika og lángefni í lækningum, mundu þeir ei hika sèr við að gefa atkvæði sitt fyrir því, að hin umrædda þóknun væri honum veitt í heiðursskyni.

Konungsfulltrúi: Hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu þótti lítið varið í mótbárur mínar gegn breytingaratkvæði hans undir 13. tölul., er eg sagði, að læknar, er þeir sjálfir keyptu og seldu meðölin, kynnu stundum að skamta þau aptur út ríflega, en eg tók þetta atriði fram sem dæmi. Aðalatriðið í málinu er það, að þegar hlutaðeigandi er bæði læknir og meðalasali, þá er engin »control« lengur frá hálfu hins opinbera, en læknirinn hefir og á að hafa eptirlit með »Apothekurunum«, og halda vörð á því, að meðöl þau, sem þeir hafa til sölu, sèu í alla staði góð og forsvaranleg, og það er því hlutaðeigandi læknum að kenna ef út af þessu bregður hjá lyfsölumönnunum.

Stefán Jónsson: Viðauka-atkvæði mitt undir tölul. 21. tók eg sökum þess, að ef læknarnir í Norður- og Austurumdæminu, vildu kenna, að þeir þá ekki yrðu sviptir þessum peningum. Læknirinn í

Húnavatnssýslu hefir kennt læknisfræði; kannske líka læknirinn á Akureyri vilji líka kenna. Hvað Jóni á Hellu viðvíkur, þá er mikill munur á, hvort læknirinn er yfirheyrður eða ei. En þessi maður hefir verið yfirheyrður af landlækninum hèr í Reykjavík og hefir leyfi hans til að lækna, og er þar að auki í því byggðarlagi sem enginn annar læknir er í og ekki hægt að ná til annara lækna; en skottulækna nafnið sem hann hefir fengið hèr í salnum ætti hvorki að gjöra til nè frá í þessu máli. Eg álít því enga ástæðu til að synja honum styrks. B. Thorlacius hefir lesið læknisfræði í Kaupmannahöfn, síðan hjá Finsen; eins og getið var við fyrri umræðu þessa máls, það er því mikill munur á lærðum og ólærðum læknum, því þeir hafa mikið fram yfir hina enda þó þeir hafi ekki tekið examen, og þessi maður þjónar sem settur læknir í umdæmi sem stendur óveitt og því held eg það sè alveg rètt að hann fái það sem hèr er farið fram á. Að því er meðalsöluna snertir, þá verð eg að álíta, að það sè hægra að fá þau í lyfjabúðum hèr, heldur en panta þau utanlands frá einkum þegar fátækir læknar eiga í hlut. Í lyfjabúðum hèr geta þeir víst stundum fengið þau til láns sem þeir ekki mundu fá ytra; það getur verið, að meðölin sèu lakari á stundum í Apóthekinu, en þetta mun þó vera upp og niður, frá hverjum sem þau eru fengin, því eins gætu meðölin og efni til þeirra fyrnst hjá læknir eins í og lyfjabúðinni; og eg sè ekki ástæðu til að halda að læknar forsómi þá skyldu sína að sjá um að meðöl í Apótekunum hèr á landi, sem eru þar í staðnum sèu í því lagi sem vera ber. Að endingu skal eg geta þess, að eg fellst ekki á uppástungu hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu undir tölul. 13.

Framsögumaður: Það gjörði mèr illt að hinn háttvirti þingmaður Gullbringu og Kjósarsýslu, sem að öðru leyti er svo merkur og skynsamur þingmaður, skyldi taka svo djúpt í árinni með Apóthekin hèr á landi; og verð eg alveg að mótmæla honum. Eg veit ei betur en að jurtirnar í Apóthekunum hèr sèu eins frískar og þær væru nýlega teknar af jörðunni. Eg get ekki látið hjálíða að minnast á það, að með þessum framgangsmáta gengur maður inn í rètt núverandi Apóthekara, að öðru leyti finnst mèr nauðsyn á að 3 Apóthek sèu hèr á landi, en heldur ekki fleiri; eg vil og styðja það, að þeir læknar, sem eiga erfitt með að ná meðölum úr Apóthekunum, öðlist leyfi til að mega «bestilla» þau frá »Materialistum» í Kaupmannahöfn. Samt skal eg geta þess, að bæði Hjálm-

arsen og Skúli Thorarensen hafa sagt mèr, að lítið gagn væri að meðalasölunni, og þó fá þeir 30 % hjá Apóthekörunum; þetta liggur í því, að margur einn fátæklingurinn fær gefins meðöl hjá lækninum, og svo geta þeir átt útistandandi hjá öðrum, sem örðugt veitir að ná inn. Eg get ekki verið þingmanni Snæfellinga samdóma, því eg álít það að minnka laun læknanna, sama og að eyðileggja hèr lækna «Institutionina«. Hann hèlt og þetta mundi draga frá prestaskólanum; en þetta held eg ekki þurfi að óttast, og það því síður, sem konungsfulltrúi var hræddur um, að menn mundu naumlega fást í þessi læknisembætti sem nefndin hefði stungið upp á.

Jón Guðmundsson: Eg ætlaði að tala fáein orð viðvíkjandi 10. töluliðnum; nefndin hefir ekki viljað fallast á þessa breytingu mína, af því vinur minn úr Hornafirðinum hefir haldið Austur-Skaptafellssýslu svo fast fram; eg hefði ei borið þessa breytingu upp, hefði eigi nefndin komið fram með uppástungu um ný læknisembætti; en úr því hèr kemur svona til mála að stofna 7 ný læknaembætti, þá álít eg, að einna mest sè þörf á nýju læknisembætti í Vestur-Skaptafellssýslu, það er að segja einkanlega í sveitunum milli Breiðamerkursands og Mýrdalssands. Því verður að sönnu eigi neitað, að ef Suðurmúlasýslu læknirinn tæki sèr aðsetur í norðustu sveitum sýslunnar, t. a. m. á Fljótsdalshèraði, þá væri eins örðugt fyrir Austurskaptafellssýslubúa yfir höfuð að tala, — að eg ekki tali um Öræfinga, því fyrir þá væri það frágangssök — að ná til læknisins þar, eins og Vesturskaptfellinga, að verða að leita þar læknis vestur í Rangárvallasýslu. Hvoratveggju má telja læknislausa eins eptir sem áður, með þessleiðis fyrirkomulagi; þeim er ómögulegt hvorumtveggju að vitja læknis á vetrum og lítt mögulegt á sumrum nema fyrir ríkustu menn. Þegar svona stendur á fyrir báðum sýslubúum, þá vil eg spyrja, hvort það sè sanngjarnt, að það hèrað, sem er meir en helmingi fjölmennara, eins og eru sveitirnar milli Mýrdalssands og Breiðamerkursands eigi að vera læknislaust, en að hitt sem er miklu fámennara, eins og er um þær sveitirnar, sem eru fyrir austan Breiðamerkursand, fái læknir. Í sveitunum milli Breiðamerkursands og Mýrdalssands eru hèr um bil 270 húsfeður, en fyrir austan Breiðamerkursand hèr um bil 110 heimili. Ef nú Múlasýslulæknirinn byggi á Djúpavog, þá væri það mikill hægðarauki og mikil bót fyrir Austur-Skaptafellssýslubúa frá því sem verið hefir; en þó

læknirinn sitji á Papós, þá er Vestur-Skaptafellssýsla allt að einu læknislaus fyrir það. Eg bið því þingið vandlega að yfirvega þetta áður en gengið er til atkvæða. Um hin breytingaratkvæðin skal eg ekki vera margorður; 15. töluliður finnst mèr byggður á sanngirni. Eins er með 18. töluliðinn; hèr er hæfilegt tillit tekið til þarfa læknakennslunnar, og þess er hún, eins og henni er nú fyrir komið, nauðsynlega við þarf. Þetta finnst mèr eðlilegra en eins og nefndin fer fram á, að einskorða 600 rd., án þess nákvæmar að til taka, hvernig eigi eða þurfi að verja þessu fè. Eg skal geta þess, að í tölulið 18. hefir misprentazt konungsúrsk. 12. Ágúst 1848 í staðinn fyrir konungsúrsk. 29. Ágúst 1862.

Framsögumaður: Eg skal geta þess út af því, sem varaforseti sagði, að þeir, sem kunnugir eru í Austur-Skaptafellssýslu, segja mèr, að það sè ófært að Austur-Skaptafellssýsla sè læknislaus; að öðru leyti þekki eg þar mjög lítið til. En hèr er og aðgætandi, að um þetta efni liggur engin bænarskrá frá Vestur-Skaptafellssýslu fyrir þinginu til umræðu, hvar á móti Austur-Skaptafellssýslubúar sendu alþingi bænarskrá um þetta efni. Eg tek það enn þá fram, að eg álít ófært að minnka laun læknanna; það er eins og menn vilji meina lækninum að kaupa bæði nauðsynleg verkfæri og bækur.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að víkja lítið eitt á tölulið 23., sem er þess efnis, að ef 20. töluliður fæst eigi, þá fáist þetta fè úr læknasjóði. Eg verð nú, eigi sízt síðan eg heyrði ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, að leggja mesta áherzluna á, að læknakennslan í Reykjavík fremur eflist en dofni, og að það sè nauðsynlegt að henni sè haldið áfram með sem mestu afli, og því þarf fè bæði til verkfæra og bóka. Það var engan veginn meining mín, að ráða frá þessum þessum 600 rd. úr jafnaðarsjóði, sem nefndin hefir stúngið upp á, heldur var uppástúnga mín einungis *til vara*, ef stjórnin heldur kynni vilja aðhyllast hana. Þó eg gjarna vilji styðja læknakennsluna af öllum mætti, get eg samt ekki fallizt á 1. og 2. tölulið, eptir því sem nú á stendur, ekki vegna þess, að það sè rangt í sjálfu sèr, sem þar er farið fram á, heldur vegna hins, að meðan laun læknanna eru óviss, þá vil eg ekki hafa dýra læknakennslu. Eg verð að styðja 13. tölulið af því eg skil hann svo, að hann fari ekki fram á, að leggja niður hinar núverandi lyfjabúðir, heldur fram á það, að útvega læknum leyfi til að selja meðöl, sem þeir annaðhvort geta keypt á lyfjabúðum

ellegar hjá »Materialistum«; við það kemur fram »konkúrrense« eða keppni í þessu efni og er þá mikið unnið. Menn álíta nú á dögum, að eigi skuli halda einkaleyfum við, nema brýn nauðsyn beri til; en aptur á mót, að verzlunarkeppni í hverju sem er sè hið heppilegasta. Eptir breytingaratkvæðinu hverfur þetta einkaleyfi með tímanum, en eigi lyfjabúðirnar, heldur verður lyfjasölukeppni milli þeirra og læknanna, og verðum vèr því að álíta, að slík keppni sè hið bezta ráð til að temja stórskamta læknanna og dýra sölu lyfjabúðanna. Eg veit reyndar vel, að það er skylda læknanna að húsvitja lyfjabúðirnar, enda hafa þeir lifandi dæmið fyrir sèr. Andreas Pètur Heiberg hefir tekið það svo ágætlega fram, hve vel þeim farist það í Danmörku. Eg efast alls ekki um, að læknar húsvitji prýðilega í þeim skilningi; en þó verð eg að ætla að húsvitjun sölukeppninnar verði gagnlegri, þó hún kunni að verða eigi fullt eins skemmtileg fyrir hlutaðeigendur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Benedikt Sveinsson, fellt með 16 atkv. móti 7.
2. Við þenna tölul. var við haft nafnakall, og sögðu:

»já«.	»nei«.
Halldór Kr. Friðriksson.	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarssou.	Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.	Björn Pètursson.
Bergur Thorberg.	Hjálmur Pètursson.
Halldór Jónsson.	Jón Guðmundsson.
Jón Bjarnason.	Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.	Jón Pálmason.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Pètur Guðjónsson.	Ólafur Sigurðsson.
Pètur Pètursson.	Sighvatur Árnason.
Sveinn Níelsson.	Stefán Eiríksson.
Sveinn Skúlason.	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.

   Var tölul. 2. þannig felldur með 13 atkv. móti 12.
3. tölul. viðtekinn.
4. tölul. fallinn.
5. Sveinn Skúlason, fellt með 16 móti 2 atkv.
6. Sami, samþ. með 18 atkv.

7. 8. og 9. töluliðir, fallnir við 6. tölul.
9. tölul. síðari partur, samþ. með 17 móti 1 atkv.
10. Jón Guðmundsson, fellt með 16 móti 4 atkv.
11. Fallinn við 6. tölul.
12. Nefndin (uppást. 1. a—g): með áorðnum breytingum.
»a« samþ. með 23 móti 1 atkv.
»b« samþ. með 23 atkv.
»c« samþ. með 23 atkv.
»d« samþ. með 24 atkv.
»e« samþ. með 24 atkv.
»f« samþ. með 20 móti 2 atkv.
»g« samþ. með 24 atkv.
13. »a« Pètur Guðjónsson. Við þenna tölul. var við haft nafnakall, og sögðu:

»já«.	»nei«.
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Halldór Jónsson.	Jón Hjaltalín.
Hjálmur Pètursson.	Jón Sigurðsson.
Jón Bjarnason.	Ólafur Sigurðsson.
Jón Pálmason.	Pètur Pètursson.
Jón Pètursson.	Sighvatur Árnason.
Magnús Jónsson.	Stefán Eiríksson.
Pètur Guðjónsson.	Stefán Jónsson.
Stefán Thordersen.	
Sveinn Níelsson,	
Sveinn Skúlason.	

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 14 atkv. móti 11.
13. »b» Nefndin, fellt með 13 móti 9 atkv.
14. Fyrri hluti samþ. með 20 atkv.
14. Seinni hluti, fellt með 14 atkv. móti 10.
15. Jón Guðmundsson, samþ. með 24 atkv.
16. Nefndin uppást. 3, samþ. með 24 atkv.
17. Stefán Thordersen, fellt með 15 móti 8 atkv.
18. Jón Guðmundsson
»a«, »b« og »c«, fellt með 13 mót 9 atkv.
19. Sami vara-uppástunga, felld með 13 móti 10 atkv.

10. Nefndin uppást. 4., samþ. með 13 móti 6 atkv.
21. Stefán Jónsson, samþ. með 12 móti 10 atkv.
22. tölul. tekinn aptur.
23. Arnljótur Ólafsson, samþ. með 13 móti 8 atkv.
24. Nefndin uppást. 5, samþ. með 22 atkv.
25. Jón Guðmundsson, fellt með 12 móti 8 atkv.
26. Benidikt Sveinsson, samþ. með 18 atkv.
27. Þar við fallinn.
28. Jón Sigurðsson, samþ. með 12 mót 10 atkv.
29. 30. 31. 32. og 33. töluliðir fallnir.
34. tölul. viðtekinn við 26. tölul. með 18 atkv.
35. Sveinn Níelsson, samþ. með 17 atkv.
36. Björn Pètursson, samþ. með 19 móti 1 atkv.
37. Samþ. með 20 atkv.

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið. Sökum þess að nú er framorðið dags, mun eg hætta fundi nú að sinni, og setja fund aptur í eptirmiðdag kl. 6; verða þá hjúalögin tekin til umræðu.

Fundi slitið.

---

41. fundur — 22. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi, nema þingmaður Norður-Þingeyinga, sem sökum lasleika eigi gat mætt.

Forseti: Það sem kemur til umræðu á þessum fundi, er fyrst hið *konunglega frumvarp viðvíkjandi hjúalögum.* Framsögumaður er hinn háttvirti varaforseti, og gjörir skrifari svo vel eptir tilmælum hans að lesa upp nefndarálitið.

Halldór Kr. Friðriksson: Nefndarálitið hljóðar þannig:

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 460.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Eg ætla mèr ekki að svo stöddu að lengja þingræðurnar um þetta nefndarálit, en leyfa mèr að gjöra hið heiðraða þing vart við, að það er misskilningi mínum að kenna, að sagt er, að stungið sè upp á nýjum grein-

um, þar sem 3. og 4. gr. er. Þær eru teknar orðrètt frá þingsfrumvarpinu 1863; 1. og 2. gr. er breytt, sömuleiðis 5. og 6., en 3. og 4. eru óbreyttar, eins og í stjórnarfrumvarpiuu. Þenna misskilning verður að taka til greina, þegar álitsskjal til konungs verður samið.

Konungsfulltrúi: Mál það, sem hèr liggur fyrir þinginu, er nú komið aptur að nýju frá stjórninni með ástæðum hennar fyrir því, hvers vegna hún ekki hafi getað fallizt á það, eins og það kom seinast frá þinginu, og tel eg það víst, að þingið muni finna ástæður stjórnarinnar svo sannfærandi, að það aðhyllist þær, svo mál þetta geti um síðir leiðzt til lykta. Eg get þannig skýrskotað til þessara ástæðna, og skal því að eins fara fám orðum um þau verulegustu ágreiningsatriði, sem stjórnin og nefndinni bar á milli um, og sem snerta fyrstu og aðra grein frumvarpsins 18 og 16 ára aldurstakmarkið, og um 12 mánaða vistarárið. Nefndin segir, að 18 ára aldurstakmarkið sè ný uppástunga, og gjöri mikilvæga breytingu bæði á ýmsum grundvallarreglum íslenzkra laga og rèttarreglum, sem snerti 16 ára aldurstakmark persónulegs frelsis í ýmsum lagaákvörðunum seinni tímanna, t. a. m. 6. gr. í fátækrareglugjörðinni og tilskipun 30. apr. 1824, § 3, en þetta er ekki rètt, því með tilskipun 21. des. 1829 eru ákvarðanir dönsku og norsku laga um hver sè ómyndugur, hálfmyndugur og myndugugur, lögleiddar hèr á landi. Það er því ekki nein ný ákvörðun, sem hèr kemur fram í stjórnarfrumvarpinu; hún heldur sèr til þeirra hèr á landi gildandi laga, því tilskipunin, sem eg vitnaði til, er hèr gildandi lög og í sama skilningi sem í Danmörku. Sú tilvitnaða 6. gr. í fátækrareglugjörðinni er eins og 3. grein í tilskipun 30. apr. 1824 öldungis einstakleg ákvörðun, sem ekki getur komið hèr til greina. Ákvörðunin í fátækrareglugjörðinni ákveður einungis aldurstakmarkið, nær unglingar, sem upp aldir hafa verið á sveit, skuli hætta að vera ómagar, en álítast að geta unnið fyrir fæði sínu, en að öðru leyti eru þeir undir sömu reglu og aðrir unglingar, hvað þeirra persónulega frelsi snertir; þetta virðist auðsætt og þarf ekki ýtarlegri útlistunar við. Nefndin segir, að rèttur og skylda sveitarstjórnarinnar og annara til þess að takmarka persónulegt frelsi þess unglings, sem alizt hafi upp á sveit, til þess að ráða vistarráðum hans, sè á enda, þegar hlutaðeigandi sè orðinn fullra 16 ára, því 11. grein í tilskipun 3. júní 1746 sè úr lögum numin, — en eg sè ekki, að ákvörðunin

í þeirri tilvitnuðu tilskipun eigi hér hið allraminnsta við; grein þessi inniheldur nefnilega ekki annað en það, að börn 10 árum eldri megi ekki flakka um í sókninni eða sveitinni, nè foreldrar þeirra með þau, og betla, en hreppstjóri skuli koma þeim niður hjá efnuðum bændum, ef ekki sèu önnur ráð, þangað til þau geti unnið sjálf fyrir sèr, og svo er því bætt við, að þau börn, sem þannig sèu alin upp, eigi megi síðan vista sig út úr hreppnum, meðan þeim bauðst þar viðunanleg vist, en þessi seinasta ákvörðun er nú, eins og kunnugt er, útþrykkilega úr lögum numin. Þessi lagagrein kemur þannig ekki þessu máli neitt við, en þar á móti inniheldur 12. greinin í tèðri tilskipun hèr að lútandi ákvörðun, er hún segir, að börn ekki megi vista sig í fyrsta sinni nema með ráði foreldra, formyndara eða næstu frænda, nema svo sè, að hreppstjórinn álíti, að foreldrarnir ekki þurfi barnsins með. Þessi ákvörðun er enn í lögum, en af henni leiðir eptir rèttum hugsunarreglum, að þegar hreppstjórar geta ráðið vistarráðum þeirra barna, sem eiga foreldra og frændur á lífi, hljóta þeir að hafa ekki einungis rètt, heldur líka skyldu til að annast um vistarráð þeirra ungmenna frá 16 til 18 ára, sem alizt hafa upp á sveit, og engan eiga að, og eg get líka fullyrt, að hver góður hreppstjóri álítur sèr þetta skylt og sýnir það í verkinu. Að kalla þetta ónáttúrlegt ófrelsi er að taka of djúpt í árinni, því það er í rèttskildar þarfir hlutaðeigenda, að þeir ekki á svo ungum aldri, frá 16—18 ára, ráði því, hvar þeir vista sig, en að aðrir ráði hèr fyrir þá, því það getur haft hin verulegustu áhrif á líf þeirra eptirleiðis, hvar þeir komast fyrst í vist

Nefndin segir, að það beri næstum aldrei við, að börn fari frá foreldrum sínum fyrri en þau eru orðin 18 ára, en þegar svo er, er hreinn óþarfi að gefa lög út um það, að börn skuli mega fara burt úr foreldra húsum, undir eins og þau eru orðin 16 ára; að öðru leyti skal eg skýrskota um það umrædda 16 ára aldurstakmark til þess, sem stjórnin hefir sagt í athugasemdum sínum við frumvarpsins 1. grein, því það, sem þar segir viðvíkjandi 16 ára aldurstakmarkinu, sem nefndin heldur fram, er svo sannfærandi, að eg get ekki efazt um, að þingið fallist á það í heild sinni.

Viðvíkjandi 2. grein um 12 mánaða vistarráðin, þá skal eg reyndar játa það, að það hefir ekki sèrlega mikla practiska þýðingu, eins og hèr stendur á, að leyfa að innganga skemmri vistar-

ráð, nema í kaupstöðunum, en það er svo frjálsleg ákvörðun, að hjúið megi vista sig fyrir skemmri tíma, að þingið getur naumast annað en aðhyllzt hana, og ákvörðunin getur þar að auki opt komið sèr vel. Nefndin segir, að skemmri vistarráð en fyrir 12 mánuði sèu »Arbeidsleje« en ekki vistarsamningur. Þetta get eg ekki skilið; það er nefnilega ekkert náttúrlegt eða nauðsynlegt tímatakmark fyrir vistarráðum, þau geta verið lengri og skemmri, eða eptir því sem um semur, og nægir í þessu tilliti að vísa til hinna dönsku hjúalaga, en eptir þeim geta menn ráðið sig sig enda í mánaðarvist og heitir það þó ekki »Arbeidsleje«. Menn geta líka vistað sig og vista sig einnig hèr á landi marg opt að hálfu og að þriðjungi, svo skemmri vistarráð en árlangt eru hèr í landi ekki óþekkt, þó vistarráðin optar eða optast sèu bundin við 12 mánuði.

Nefndin hefir tekið fram og lagt áherzlu á það atriði, að skemmri vistarráð en fyrir 12 mánuði komi í bága við lausamannalöggjöfina að því leyti, að margir mundu í skjóli þessarar lagaákvörðunar verða lausir, án þess lögreglustjórninni yrði unnt að halda vörð á því, en þessi ástæða þykir mèr þýðingarlítil; það má fara í kringum öll lög, og það verður naumast varið, að það er freistni til að fara í kringum lausamannalögin, af því þau eru svo ströng. En fremur segir nefndin, að ákvörðunin í 2. grein frumvarpsins komi ruglingi á sveitfesti, og að það verði ógjörningur að vita með vissu, hvar einn eigi framfærisrètt, því sú upplýsing, sem nú fáist úr Ministerialbókinni, hverfi með þessu fyrirkomulagi; þetta get eg heldur ekki aðhyllzt, því þó hjúið sè vistráðið á árinu á fleirum stöðum, má yfir höfuð gjöra ráð fyrir því, að það sè vistráðið í hreppnum, og um það getur ætíð fengizt upplýsing.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál meir en komið er; eg hefi einungis haldið mèr til þeirra 2 atriða í frumvarpinu, sem ágreiningur er um milli þingsins og stjórnarinnar. Það er auðsætt, að til þess að þessu, að því er virðist, áhugamáli alþingis geti orðið framkvæmt, hlýtur þingið að laga sig eptir skoðun stjórnarinnar, og þingið getur það því fremur, sem stjórnin hefir, eins og eg hefi tekið fram, fært yfirgnæfandi ástæður fyrir skoðun sinni.

Benidikt Sveinsson: Hið heiðraða þing hefir því betur sparað mèr ómak með að hafa jafnmikil afskipti af þessu máli nú og að undanförnu. Mèr sýnist líka rètt að gjöra sèr ekki mikið ómak fyrir því, því stjórnin hefir þegar fyrir fram gefið mèr og öðrum bend-

ingu um, hve langt hún vill láta fara í málið, eins og sjá má af álitsskjali; eða brèfi því, sem konungsfulltrúinn hefir birt þinginu; það er þýðingarlaust að vera að gefa álit sitt um þetta mál nú, þar stjórnin ekki hefir samþykkt uppástungur þingsins 1863 og lýst því þar að auki yfir að hverju hún ætli að ganga. Hún hefir þannig með þessari yfirlýsingu hindrað mig og aðra frá að tala, um málið, enda ætla eg að þegja um aðalefni þess. Eg vil eigi tala mörg orð á þingi, sem eg veit fyrir fram að enga áheyrn fá hjá stjórninni en kosta landið marga peninga. En svo framarlega sem eg fyndi þess vegna ástæðu til að tala um þetta mál, þá vildi eg áskilja mèr breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar viðvíkjandi greinunum 7—9 og 11—13, í þá stefnu að taka þær óbreyttar eins og alþingi vildi hafa þær 1861 og 63. Þær eru í álitsskjali stjórnarinnar að vísu kallaðar «*óhafandi*», en þar sem engar ástæður eru færðar fyrir því, hvers vegna þær sèu óhafandi, þá get eg ekki sannfærzt um að svo sè, því ástæðuleysi er ekki fremur sannfærandi þó það komi frá ráðherrastjórninni, en frá þinginu eður mèr eður öðrum. Eg áskil mèr því ef til vill breytingaratkvæði við þessar greinir, ef fleiri umræður verða um málið, og vona eg að eg geti fært fyrir því eins gildar ástæður og þær, sem standa í hegningarskjali stjórnarinnar. Viðvíkjandi 1. gr. er eg nefndinni samdóma, að það er engin ástæða til að halda að þingið hafi ekki haft rètt fyrir sèr 1861 og 1863, og vona eg að hinn háttvirti framsögumaður útlisti það nákvæmar svo eg þurfi þess ekki. Hvað 2. gr. viðvíkur, álít eg það í alla staði og vafalaust rètt að það sè föst venja hèr á landi, að vistarráð standi í 12 mánuði; þeir vita það bezt, sem í sveitinni búa, að það má ekki skemmra vera, og er merkilegt ef stjórnin væri því kunnugri, enda sè eg ekki annað, en að nefndin hafi sannað, að það mundi gjöra mikinn rugling á lagavenju vorri að breyta því. Það er annars undarlegt, að hèr skuli geta komið upp kappsmál milli þingsins og stjórnarinnar, því ef álit alþingis ætti að geta tekizt til greina í nokkru máli þá er það sannarlega í þessu máli um húsbændur og vinnuhjú. Það er hart, að þingið skuli fá næstum snuprur fyrir tillögur sínar í öðru eins máli og þessu.

Framsögumaður: Eg get ekki leitt hjá mèr að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa fáeinum orðum. Hann var á móti 1. og 2. grein, og þarf hvorki þingið eður eg að bregðast ókunnuglega við því, þó hann mæli með þessum greinum frumvarpsins; því

það er auðsætt af ástæðum frumvarpsins 1863, að ákvarðanirnar í 1. og 2. grein frumvarpsins, sem þingið og stjórnin hefir greint svo mjög á um frá því er málið kom hèr fyrst fram á þingi, eru einkanlega byggðar á skoðun og tillögum konungsfulltrúa við stjórnina áhrærandi þessi 2 atriði; hinn háttvirti konungsfulltrúi verður því hèr að halda skildi fyrir skoðun sjálfs sín, og forsvara þær tillögur og ástæður, er hann hefir byggt á við stjórnina, og þess vegna bjóst eg aldrei við því, og hver maður mátti ganga að því vakandi, að hann mundi því síður slaka nú til, þar sem nýi lögstjórinn hefir tekið hans ástæður til greina og lagt þær til grundvallar, en ekki þingsins. Konungsfulltrúinn sagði, að í tilskipun 1829 væri breytt því aldurstakmarki manna að mega ráða sig hjú, en eg man ekki eptir neinni slíkri tilskipun dagsettri 1829; yngri tilskipanir, sem umtalsmál gæti orðið um, lúta allar að fjárforræðinu. En nefndin gat eigi nú heldur en þingið 1863, vikið frá því, að það naumast sè misskilningslaust, er stjórnin vill svona blanda saman hèr á landi þessum tveimur aldurstakmörkum og byggir á því, að af því þetta hafi engum eptirköstum valdið í Danmörku, þá hljóti eins hèr að vera. Eg mótmæli þessu fastlega, og þingið hefir tekið fram svo sterkar ástæður fyrir vandkvæðunum, sem af þessu hlyti að leiða hèr á landi, að stjórnin ekki getur neitað þeim, ef húu ekki ætlar sèr að framfylgja sinni skoðun eða rèttara sagt konungsfulltrúans með einhverju því, sem liggur næst bernsku kappi. Stjórnin kemur nú með rètt foreldranna yfir börnunum, og honum neitar engi, en það getur líka eins opt staðið allri framtíð barnanna á afarmiklu að eiga rètt á því, að komast undan valdi foreldranna áður en þau eru fullra 18 ára. En hèr er einkum að tala um foreldralausu börnin, eða þau sem eru munaðarlaus og engan eiga að. Hverjir eru þeirra forráðamenn «Foresatte», þegar þau eru búin að ná fermingu og orðin fullra 16 ára? Eru það hreppstjórarnir? Nei. Konungsfulltrúi sagði, að *góðir* hreppstjórar sæu unglingunum fyrir góðri vist; en eru ekki hreppstjórarnir misjafnir eins og aðrir menn? og hvaða ábyrgð er þá fyrir því, að misjafni hreppstjórinn þvingi ekki unglinginn til að vera í óbrúkandi vist hjá sjálfum sèr eður öðrum? Eg get annars hugsað mèr góðan hreppstjóra, sem líka er góður búmaður; hann heldur 16 ára gamla stúlku, efnilegt hjú, og þarf hennar við; hún á kost á að giptast; en hann segir við hana: Eg leyfi þèr ekki og þú getur ekki gipzt eða farið til mannsefnisins þíns

svona sem bústýra fyrst um sinn, af því þú ert ekki 18 ára. Það er nú sannarlega hart, að hreppstjórinn skuli hafa rètt til þessa, og einmitt þessi ískyggilegu og heimildarlausu forráðamanna afskipti hreppstjórans geta haft þau áhrif á alla framtíð og allt líf stúlkunnar, sem ekki verða metin nè fyrir sèð. En sè að öðru leyti um vistarráð að tala, þá fer unglingurinn að ráðum *góðs* hreppstjóra og prests; en ef hreppstjórinn ekki skyldi vera góður maður, þá er sannarlega hart að binda alla framtíð unglingsins, og ef til vill alla velferð hans við gjörræði slíkra manna. Eins og 16 ára aldurstakmarkið ekki meinar unglingnum að hafa ráð góðs hreppstjóra, eins ætti hreppstjórinn ekki að hafa svo full og föst ráð yfir unglingnum, að þau gæti haft í för með sèr hinar óheillavænlegustu afleiðingar á alla hans framtíð. Mèr fannst, að hinn háttvirti konungsfulltrúi væri nokkuð linari á 12 mánaða vistarráðunum, en þó hèlt hann, eins og lögstjórinn í brèfinu 12. júní þ. á., að það leiddi með sèr takmörkun á samningsfrelsi manna, og ekki vildi konungsfulltrúi heldur fallast beinlínis á það, að 12 mánaða vistarráðin væri algengasta venja um allt land, og vildi styðja þá skoðun sína við það, að leyft væri og algengt, að vista sig til helminga og þriðjunga, eins og segir í 3. grein frumvarpsins. En hinn háttvirti konungsfulltrúi, og hver maður sem er, hlýtur þó að sjá, að þessi ákvörðun í 3. grein gengur einmitt út frá 12 mánaða vist (*Halldór Kr. Friðriksson:* Hvernig er þá vistarráðunum skipt?). Það er merkilegt, ef þingmaðurinn skilur ekki svo mikið sem þetta. Hinn heiðraði 6. konungkjörni þekkir kann ske ekki, hvað það hefir að þýða hèr á landi að vera vinnumaður að hálfu; það er gott, þar við sparast umræðurnar frá hans hálfu; aðrir þingmenn þekkja það gjörla og þarf ekki að upplýsa bændur um það. Það er satt, að það á sèr stað, að menn «ráði» sig um skemmri tíma, en það eru engin vistarráð, það er frjáls samningur og mjög algengur samningur hèr milli *vistráðins* hjús og þriðja manns, t. d. að ráða sig í skiprúm, ráða sig í kaupavinnu o. s. frv.; en stjórnin þekkir ekki þessleiðis sèrstaklega samninga milli 3. manns og vistráðins hjús um ákveðna vinnu eður þjónustu frá 2—3 mánaða tíma; því hefði stjórnin þekkt þessa algengu landsvenju hèr, þá hefði hún ekki fundið ófrelsi eins mikið og eins bindandi í 12 mánaða vistarsamningnum, eins og hún nú ber fyrir. Eg vil ekki tala mikið móti því, sem konungsfulltrúi sagði um lausamannalögin; hann gaf í skyn, að þau væri svo ófrjáls og ó-

hafandi, að það væri lítill skaði skeður þó að farið væri i kring um þau; en ef lög þessi eru svo ófrjálsleg og óhafandi, þá er það þó einkanlega í ábyrgð stjórnarinnar, því konungur hefir sjálfur undirskrifað þau og staðfest. En ef nú skemmri vistarráð en til 12 mánaða, og það takmarkalaus að tíma yrði aðhyllzt, eins og ætlazt er til í 2. grein frumvarpsins, þá væri þar með gefið óyggjandi færi á að fara í kringum lausamannalögin og gjöra þau þýðingarlaus, og er það illa farið, ef konungsfulltrúi og stjórnin sèr ekki annað ráð en þetta, til þess að gjöra aflvana og eyðileggja þessi lög, sem að eins eru 2 ára, — ekki annað betra ráð en það, að setja nýja ákvörðun í önnur væntanleg lög, er heimili og gjöri sjálfsagt að fara kringum hin; því yrði t. d. fárra vikna eður 1—2 mánaða vistarráð tekin til greina sem góð og gild *vistarráð,* þá væru lausamannalögin þar með brotin alveg á bak aptur, því þá gæti hver ólöglegur lausamaður og lausakona komið sèr í þess leiðis «*vist*», að minnsta kosti að nafninu til, og sagt svo við lögreglustjórann, er vildi átelja ólöglega lausamennsku: Nei, nei, góði herra, eg er vistráðið hjú nú sem stendur hjá þessum, og aptur næstu 2 vikurnar hjá nágranna hans, ef til vill. Eg ætla ekki að tala fleira að sinni, það er nógur tími til að tala um breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Árnesinga þegar þau eru komin á pappírinn.

Konungsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr að leiðrètta mismæli mín um dagsetningu þeirrar tilskipunar, sem eg vitnaði í frá 21. des. 1829 í staðinn fyrir 21. des. 1831. Í þessari tilskipun er það tekið skýrt fram, að dönsku og norsku lagaákvarðanir um hver sè ómyndugur, hálfmyndugur eða fullmyndugur, og hverri tilsjón þeir ómyndugu og hálfmyndugu sèu háðir, skuli gilda á Íslandi.

Framsögumaður lagði allt of mikið í það, sem eg sagði, að það væri freisting til fara í kringum lausamannalögin, af því þau væru svo ströng; en eg verð að ætla, að hinn heiðraði framsögumaður eigi ekki hèr að skiljast eptir orðunum.

Framsögumaður: með tilliti tilsk. 1831 skal eg geta þess, að vèr þekkjum ekki annað, en að hún einskorði fjárforræðis aldurtakmarkið eptir Dl. 3—17 Nl. 3—19 og vil eg að eins mega minna hinn hæstvirta konungsfulltrúa á, að tilskipun 1831 er þrem árum eldri en 6. gr. í fátækrareglugjörðunni frá 1834.

Björn Pètursson: Það er nú reyndar ekki mikil ástæða fyrir mig að tala í máli þessu, einkum þar eð nefndarálitið er að mestu

samkvæmt skoðun þeirri, sem eg hefi einlægt haft á málinu síðan eg kom fyrst á þing 1861. Mèr hefir allt af fundizt töluverð ósamkvæmni vera í sektum þeim, sem lagðar eru við að ripta vistarráðum án lögmætra orsaka, þó að þingið einlægt hafi viljað halda þeim fram. Eg hefi aldrei getað fellt mig við, að meiri sektir skuli liggja við því, ef húsbændur ripta vistarráðum án lögmætra orsaka en ef hjú gjöra það, en þetta leiðir þó af 10. og 11. grein frumvarpsins; því húsbóndi á eptir 10. grein, að gjalda hjúinu umsamið kaup, og þar að auki matarverð, sem vera skal 1 hndr. á landsvísu, en hjúið á einungis að borga húsbónda jafnmikið og kaup það var, sem um var samið. Eg veit annars ekki, hvaðan þessi matarhugmynd er komin (*Benedikt Sveinsson*: Frá Jónsbók). Eg held samt hún sè sprottin af útlendri rót (*Benedikt Sveinsson*: Nei). og alveg ósamkvæm innlendri rèttarvenju. Þar sem eg þekki til, er það alstaðar venja, að láta jöfnu varða hvort húsbóndi eða hjú riptar vistarráðum, nefnilega hálfu kaupinu. Nefndin hefir nú látið það varða öllu kaupinu; það læt eg nú vera, en hún hefir bætt við á húsbóndann matarverðinu, 1 hndr. á landsvísu, og verður því húsbóndi að borga helmingi meira en hjúið; hjúin ripta þó optar vistarráðum ólöglega, og þess vegna mjög skrítið að stinga upp á harðari hegningu til að fyrirbyggja það lagabrot, sem sjaldnar kemur fyrir, en vilna þeim í með hegninguna, sem optar gjöra sig seka. Eg vil nema matarverðið burtu, og allar þær ákvarðanir sem þar að lúta, og áskil eg mèr breytingaratkvæði þar að lútandi. Mig furðar á því, að nefndin skuli ekki hafa tekið upp í 18. grein, það sem þingið 1863 samþykkti í einu hljóði, það er að segja, að í staðinn fyrir *húsbónda* kæmi *húsbœndur*, svo það sæist ljóslega, að eins mikið segðist á, t. a. m., illyrðum við húsfreyju og húsbónda. Það getur verið, að dómstólarnir áliti eptir þessari grein sama máli að gegna, hvort sem það væri húsbóndi eða húsmóðir, sem hlut ætti að máli, en mèr þykir vissara að það sè tekið skýrt fram í lögunum, svo allir skilji það, því lögin eiga ekki að eins að vera auðskilin þeim, sem dæma eiga eptir þeim, heldur einkum þeim, sem eiga að hlýða þeim. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði við þessa grein á þá leið, sem eg hefi talað.

Benedikt Sveinsson: Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu furðaði sig á því, að meira skyldi liggja við fyrir húsbónda en hjú að ripta vistarráðum, og þótti honum þetta mjög svo ó-

eðlilegt. Þetta er tómur misskilningur, og það mun þingmaðurinn sjá, ef hann gætir að, hvað í hjúasamningnum liggur. Húsbóndi skal fá hjúi sínu bæði kaup og fæði; á móti þessu lætur hjúið vinnu sína í tè. Þegar hjú riptar vistarráðum sparar húsbóndi fæði það, sem hjúið annars hefði notið, og þess vegna er ekki tiltekið, að hjúið skuli gjalda honum meira en kaupinu svarar, því það endurgeldur ekki það, sem það aldrei hefir notið, nefnilega, fæðið. Aptur á móti ef húsbóndi riptar, getur það verið á þeim tíma, að hjúið eigi mjög bágt með að útvega sèr fæði, og opt komizt á flæðisker. Þess vegna er matarverðið áskilið hjúinu, og þetta er tekið eptir reglum Jónsbókar, og er merkilegt, að þingmaður skuli vera svo ókunnur að kalla það útlend lög, sem 1861 var tekið beinlínis upp úr Jónsbók og sett í staðinn fyrir flóknari reglur, sem í frumvarpinu voru, einmitt teknar eptir útlendum lögum. Eg vona því, að þingmaður Suður-Múlasýslu sjái, að þetta er bæði góð og gömul regla á landi hèr.

Björn Pètursson: Eg get þó ekki fullkomlega sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns Árnesinga. Þegar húsbóndi riptar vistarráðunum áður en vistarárið byrjar, eins og 10. gr. gjörir ráð fyrir, getur hjúið fengið bæði kaup og mat fyrir vinnu sína í annari vist, auk um samins kaups hjá þeim, sem riptaði við það vistarráðunum; svo eg get ekki sèð, að nein hætta sè fyrir því, að það lendi á flæðiskeri; því það væri þó skrítið að halda, að það hjú ekki gæti fengið vist eða unnið fyrir sèr annarstaðar, sem ráðið er upp á kaup og mat, þó því bregðist vistin, þegar menn þó stöðugt eru að kvarta um vinnuhjúa-ekluna. Ef að húsbóndi ekki getur fengið annað hjú í staðinn, sem neytir fæðu þeirrar, er hinu var ætlað, þá missir hann samt vinnuna hjúsins og *arðinn* af henni (*Benedikt Sveinsson*: Kaupið). Kaup er ekki gefið svo mikið, að húsbændur ætli sèr ekki að hafa arð af vinnunni fram yfir það, og þess vegna ráða menn sèr hjú. Að minnsta kosti verður vinnumaðurinn að standast á við kaup og mat, því annars gæti bóndinn ekki staðið sig.

Jón Pètursson: Eg er samdóma nefndinni í því, að 16 ára aldurinn, eptir hinum gildandi lögum, sè það takmark er ráði, hve nær menn geti byrjað að ráða sig hjú. Eptir daglegu tali er ómagi og matvinnungur mótsett hvort öðru, og marga staði má tilfæra bæði úr Jónsbók, og öðrum eldri lögum og dómum, er fyllilega sanna, að unglingar eru taldir ómagar, þangað til þeir eru

16 vetra, en þá er því hætt, og úr því eru þeir taldir matvinnungar, og geta því sjálfir ráðið vist sinni. En hefir nú þessum lögum verið breytt? Tilskipun 21. des. 1831 gaf amtmönnum myndugleika til að gefa út ýmisleg leyfisbrèf, t. a. m. að stúlkur sem væru 18 ára að aldri mættu vera myndugar undir Curator, en þar er auðsjáanlega meint hvað fè snertir, en ekki persónuna; það er öldungis ljóst; og þessu samkvæmt verða menn að skilja þar sem sagt er í tilskipuninni, að D. L. 3—17. og N. L. 3—19 skuli gilda á Íslandi hvað myndugleika snertir; þessi tilskipun gjörði stúlkur ómyndugar, sem höfðu verið myndugar eptir eldri lögum þessa lands, en þessu var þó skjótt aptur breytt, og hafa stúlkur nú fengið meira frelsi en þær höfðu nokkru sinni eptir Jónsbók. Eg álít það væri því þvert á móti anda hinnar yngri löggjafar, ef nú væri farið að ákveða, að menn ekki mættu ráða sig í vist, fyrr en 18 ára, því því mundi fljótt verða breytt aptur til 16 ára aldursins, þar eð það er frjálslegra að binda ekki ófrelsið til lengri tíma en til 16 ára tímans. Til frekari sönnunar því, að tilskipun 1831, einungis snerti fjárforræðið er það, að í fátækrareglugjörðinni 1834, var aptur ákveðið, að maður byrji að vinna sèr framfærsluhrepp, þegar hann er 16 ára, því það er sem sè almennt viðurkennt, og það í dönskum lögum, að menn að eins með frjálsri dvöl á vissum stað, geti áunnið sèr framfærsluhrepp; en þetta bendir aptur á það, að úr því maður hèr á landi fer að ávinna sèr framfærslurètt 16 vetra gamall, þá verður hann upp frá því sjálfur, að mega ráða vistarveru sinni. Tilskipunin um yfirfjárforráð ómyndugra, bendir að eins til tilskipunar 1831, og getur ekki skilizt öðruvísi en hún, sem sè að eins um fjárforráðin, og það sýnir lagaboðið, er seinna út kom, og sem heldur sèr til fátækrareglugjörðarinnar 1834, nema hvað það styttir tíma þann, er maður skal dvelja í hreppnum til að ávinna sèr framfærsluhrepp, frá frá 10—15 ára, en aldurinn er hinn sami, 18 ár. Hvað 12 mánaða vistarráðin snertir, þá er það áreiðanlegt, að það er almenn rèttarvenja að hjú visti sig hèr í 12 mánuði, og ef það er ekki beinlínis ákveðið í lögum vorum, væri full ástæða til að taka þessa venju, sem allir eru ánægðir með upp í ný lög; því það er alltítt, að ný lög taka upp gamlar rèttarvenjur, sem allir eru ánægðir með, en fara ekki að nauðsynjalausu að brjóta þær.

Ásgeir Einarsson: Eg áskil mèr það breytingaratkvæði, að ef stjórnin ekki getur fallizt á 2. og 3. grein; með þeim breyt-

ingum sem nefndin hefir stungið upp á, þá óski þingið að ekkert frumvarp verði fyrst um sinn lagt fyrir það í þessu máli.

Sighvatur Árnason: Eg er að nokkru leyti samdóma hinum heiðraða þingmanni Suðurmúlasýslu, en að nokkru leyti ekki um þær greinir er hann vèk að; eg ætla samt ekki að orðlengja um það, en einungis víkja í stuttu máli að 28. og 29. grein frumvarpsins. Mèr þykir ekki eðlilegt að einbinda við 10 áln. fyrir hvern mánuð þetta svo kallaða matarverð eður 1 hndr. fyrir árið. Það getur staðið svo á, að nokkur astæða sè fyrir hjú að hlaupa úr vist frá fátækum bónda, eða rèttara sagt sè að eins ástæða eptir 3. tölulið í 28. gr. frumvarpsins, strangt tekið eptir orðunum, og leiði því, ef til vill, til ósanngirni og óbærilegra útláta fyrir fátækan mann. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði við 29. grein á þá leið, að hjúið eigi heimting á matarverði frá 5—10 álna fyrir hvern mánuð o. s. frv.

Forseti: Fyrst að ekki fleiri taka til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið. Af því nú er orðið býsna áliðið, vil eg skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir vilja láta byrja undirbúningsumræðu í nýju máli. Ef enginn óskar að áfram sè haldið, ætla eg að hætta fundi í kvöld, og verður þá fundur settur á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

42. fundur — 23. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður. Gjörðabók frá 2 síðustu fundum var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um frumvarp til laga *um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins.* Framsögumaður, sem er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, tekur við málinu og veit eg ekki, hvort hann vill þegar taka til máls.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 475.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Mál þetta var nú rætt svo ítarlega við undirbúningsumræðuna, og um þessi breytingar-

atkvæði, sem hèr eru nú fram komin var talað bæði með og móti, og skal eg því að eins drepa stuttlega á snm þeirra. Það hefir nú margt verið talað um breytingaratkvæðið undir 1. tölulið; það fer nú fram á, að þingið vísi málinu nú frá sèr. En aptur á móti er sagt í 2. tölulið, að alþingi taki þakklátlega því boði, sem konungurinn býður í þessu frumvarpi. Það eru bæði af mèr og öðrum færð rök fyrir því, að þetta muni ekki vera rètt, og mèr þykir það undarlegt, að ráða frá því í öðru orðinu, sem menn segja, að menn vilji taka þakklátlega við í hinu; það er nefnilega í 1. tölulið ráðið frá að gjöra þær ákvarðanir að lögum, sem sagt er í 2. tölulið, að menn taki þakklátlega á móti. Í 1. tölulið er farið fram á, að alþingi ráði frá, að frumvarp þetta sè gjört að lögum í því formi, sem það nú er í, en uppástungumaður segir ekki í hvaða formi hann vilji að þingið fallist á það; hann hafnar að eins frumvarpinu í því formi sem það er, en segir ekki i hverju formi hann æski eptir að það sè. Úr þessu er nú eigi bætt með 27. tölulið, þar sem beðið er um þjóðfundinn; formið á frumvarpinu breytist ekki við það, þótt það væri lagt fyrir þjóðfund í staðinn fyrir alþingi, og það er því eigi líklegt, að menn gæti heldur fallizt á það þar; og með því er ekki lagaður sá formgalli, sem kvartað er um í 1. tölulið, en sem að öðru leyti ekki er lýst. Eg verð því að taka það fastlega fram, að þingið í raun og veru fellir málið, ef það gengur þenna veg, sem hèr er farið fram á; og þingið setur hèr annað í staðinn, sem óvíst er, og enginn veit hvernig er, því að hèr er ekki annað þing til en alþing. Ef þingið því fellst á þetta breytingaratkvæði, þá hafnar það að segja álit sitt um málið, án þess það viti, hvort það kemur fyrir á þann hátt, sem uppástungumaður fer fram á. Þingið hafnar að gefa þær tillögur, er stjórnin álítur nauðsynlegar, til þess að málið geti leiðzt til lykta. Það hefir nú verið bent á, hverjar háskalegar afleiðingar af þessu gæta orðið, það er, að ekkert yrði gjört við málið og allt stæði í stað. Menn geta eigi fengið fè til neinna nýrra endurbóta, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn vofir svona yfir, menn vilja ekki leggja á skatta, af því fjárhagsaðskilnaðurinn er í nánd, og þó vilja menn leggja tálmanir í veginn fyrir, að hann geti komizt á. Að því er snertir hin önnur breytingaratkvæði, þá fara þau nú í ýmsar áttir, en koma þó nær frumvarpinu. Að því er snertir tölulið 6, þá er það nú ekki veruleg breyting, og mèr finnst sá viðbætir eiga vel við, því að hann er samkvæmur þeim grundvelli,

sem frumvarpið er byggt á. Þá er töluliður 11. Það er nú meint með honum, að tillagið sè hækkað svo sem svari kostnaðinum, er leiði af stjórn Íslands í höfuðstaðnum; það sýnast nú eigi líkindi til, að þetta geti fengizt, því að það er líklegt, ef að ríkissjóðurinn á að leggja fè til þessarar stjórnar, þá þyki eðlilegra að það einnig heiti svo, að hann borgi kostnaðinn við hana. Eg ímynda mèr, að ríkisdagurinn segði, það er eins gott að vèr borgum þessari stjórn eins og vèr fáum yður fè til að borga henni. Þá er 14. töluliður, sem lýtur að því, að tölu-upphæðir þær, sem eru í breytingaratkvæðunum verði teknar upp í álitsskjalið til konungs. Eg get nú eigi betur sèð, en að það sè óumflýjanlegt, að gengið sè til atkvæða um þessar tölu-upphæðir, svo að sjáist, hverja tölu-upphæðina þingið aðhyllist. En ef þingið fellst á frumvarpið, þá kemur eigi nema sú tala fram í niðurlagsatriðinu; en þó hefi eg eigi á móti því, að þessar tölu-upphæðir sèu teknar inn í frumvarpið með þeim ástæðum, sem fyrir þeim hafa verið færðar. En þó verður þingið að skera úr því með atkvæði sínu, hverja töluna það vill helzt, og hún kemur í niðurlagsatriðið. Menn verða eptir mínu áliti að gjöra beina uppástungu um þetta, eins og annað í frumvarpinu, en mega eigi láta neitt óumtalað. Þá er töluliður 15 og 16, að tölu-upphæðin sè frá 80,000—90,000; fyrir þeim upphæðum eru nú ekki færðar neinar ástæður, heldur eru þær teknar af handa hófi; við undirbúningsumræðuna voru ekki færðar aðrar ástæður fyrir þeim, en að tölu-upphæðir frumvarpsins og nefndarinnar væru of litlar. Þá er töluliður 17. Þar er nú reyndar farið æði hátt fyrst, og það svo hátt, að vissulega er ekki farandi fram á slíkt. En þessi uppástunga er þó ekki í sjálfu sèr eins há og þær uppástungur, sem fara fram á hátt fast tillag; það er hið háa fasta tillag, sem eg er hræddur um að æfinlega verði ómögulegt að fá; en líklegt er, að ríkisþingið muni heldur vilja slaka nokkuð til um tillagið fyrst í stað; eg held því að ísjárvert sè að stinga upp á háu föstu tillagi um aldur og æfi, því að fasta tillagið mun verða hið erfiðasta. Þá er töluliður 18., sem er uppástunga eins af nefndarmönnum, nefnilega hins heiðraða þingmanns Suður-Þingeyinga; hún fer nokkuð hærra en meiri hluti nefndarinnar, og furðar mig á því, því að eg held, að meiri hlutinn hafi farið svo hátt, sem hann gat fært góð rök fyrir, og því þykir mèr undarlegt, að hèr skuli vera bætt við 15,000 rd. 19. töluliður er formbreyting frá nefndinni, og er þessi formbreyting eigi sèrlega veru-

leg, en eg álít þó form nefndarinnar aðgengilegra og það fer nær frumvarpi stjórnarinnar, og það er því líklegt, að stjórnin muni heldur fallast á það, heldur en það sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu stingur upp á. Eins og eg hefi áður sagt, er fasta tillagið um aldur og æfi það, sem erfiðast er að fá, og er þetta eðlilegt, þar sem upphæðirnar eru byggðar á ástandi, en ástandið getur breytzt. Með tilliti til þess hefir nefndin stungið upp á, að tillagið skuli fastákveðið að eins um 12 ár, en girðir þó jafnframt fyrir, að landið verði svipt þessu tillagi nema að nokkru, nema menn sjái sèr fært að missa það, og að alþingi segi þá til, hvort svo sè eður eigi. Eg skal nú ekki minnast á uppástungur nefndarinnar, nema þá, sem stendur undir 20. tölulið *c*, ef eigi verður fallizt á meiri eður minni hlutann, þá álít eg ráðlegt að fallast á hana. Eptir henni verður tillagið minna fyrst í stað, en getur, ef til vill, orðið meira eptir 12 ár; þessi uppástunga fer fram á, að tillagið verði aldrei minna en 42,000 rd., en minni hlutinn 37,500 rd., en þetta álít eg ekki verulegan mun. Hins vegar þykir mèr ekki líklegt, að ríkisþingið fallizt á meira fast tillag, en minni hlutinn stingur upp á. 23. töluliður fer fram á, að nýrri grein sè bætt við í þá átt, að þetta frumvarp sè tekið upp í stjórnarskrá Íslands. Það er nú sjálfsagt meiningin, að þótt þetta frumvarp komi út sem lög, þá verði ákvarðanirnar í 2., 3. og 4. grein þess teknar upp í stjórnarskrána, því þær sýnast að efninu til að eiga þar heima, svo að eg gæti fallizt á þessa breytingu. Þá er 25. töluliður; eptir honum er víst meiningin, að fjárhagsaðskilnaðurinn skuli eigi komast á fyrr en stjórnarskipunin kemst á, en ríkissjóðurinn skuli þó greiða tillagið frá 1. apríl 1867; en hèr þarf þá millibilsfyrirkomulag, þannig, að meðan alþing er ráðgefandi þing, þá skuli það fá umráð yfir fè þessu þar til stjórnarbótin kemst á. En mèr finnst eigi hægt að taka þetta út úr aðalmálinu, og það yrðu þá að koma sèrstakleg lög um þetta millibilsástand, og tillagið yrði þá að reiknast frá þeim tíma, sem þau lög kæmi út. Að því er snertir 30. tölulið, þá skal eg geta þess, að mèr finnst, að fjárhagsaðskilnaðurinn verði að vera fast ákveðinn áður en stjórnarbótarmálinu geti orðið ráðið til lykta; það þing, er fengi stjórnarbótarmálið til meðferðar, hefði að vísu fyrir sèr fjártillagsupphæðina, því hún yrði líklega tekin upp í frumvarpið, til stjórnarskipunarlaganna og getur það því þannig óbeinlínis haft áhrif á, hvort fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á eður ekki, þegar

hann á að verða stjórnarbótinni samferða, þ. e. komast á jafnframt henni, og getur hann eptir því ekki komizt á, fyrri en störfum þess þings er lokið. Það sem farið er fram á í 32. tölulið, virðist í sjálfu sèr vera hagfellt, og stjórnin hefir tekið tillit til þess í ýmsum greinum; fyrir því álít eg, að þessi uppástunga sè alveg í rètta stefnu. Eg skal svo eigi tala meira að sinni fyrr en mèr, ef til vill gefst tilefni til þess við umræðurnar.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði um tölulið 14., þá finnst mèr, eins og hann kemur hèr fram, að það geti vel staðizt með hinum öðrum breytingaratkvæðum, að upphæðin sè eigi miðuð við neina beina uppástungu, þar sem málið í heild sinni á að koma fyrir þjóðfund. En ef frumvarpið er samþykkt, þá verður að ákveða vissa tölu-upphæð. Ef töluliður 14. er tekinn, þá getur líka þar með verið sagt, að upphæð sú, er stjórnin hefir stungið upp á, sè of lítil, þó þingið ekki að svo komnu vilji stinga upp á neinni annari með ákveðnum tölum.

Framsögumaður: Þingið verður að stinga upp á einhverri vissri tölu-upphæð, því það verður að gjöra beina uppástungu um þessa grein eins og hinar aðrar greinir frumvarpsins.

Forseti: Svo framarlega sem þingið tæki frumvarpið, þá yrði það að ákveða vissa tölu-upphæð; en það liggur í tölulið 14., að þingið skuli ekki að þessu sinni ákveða þessa upphæð.

Konungsfulltrúi: Eg get frá minu sjónarmiði ekki fallizt á nein af þeim breytingaratkvæðum, sem standa á atkvæðaskránni, nema á breytingaratkvæði þau, sem standa undir tölulið 20, *a* og *b*, hvort heldur sem þingið fremur aðhyllizt; því þó nefndin hafi ekki aðhyllzt frumvarp stjórnarinnar, þá hefir hún þó haldið sèr til frumvarpsins, og komið að eins fram með breytingaratkvæði við það, og þetta er sú rètta aðferð frá þingsins hlið. Af þessu leiðir, að eg get ekki fallizt á breytingaratkvæðið undir 1. tölulið, sem ræður frá, að gjöra frumvarpið að lögum í því formi, sem það nú er, og þó er þetta form það eina rètta, enda hefir uppástungumaður ekki bent á neitt annað, sem væri rèttara; og eg get í því tilliti skýrskotað til þess, sem framsögumaður tók fram. Það liggur beint við, að ef þingið fellst á breytingaratkvæðið, þá er málið fellt að minnsta kosti að svo komnu. Þetta er mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, því hèr af leiðir fyrst og fremst það, að þetta mikla áhugamál landsins dregst, óvíst hvað lengi, og á meðan málið er að komast í kring, stendur að öllum líkindum allt

hèr í stað, og allar fjárframlögur til Íslands úr ríkissjóði hljóta að verða af skornum skammti. Þetta er mjög athugavert frá landsins sjónarmiði einkum þar sem þingið hefir lýst því yfir, að það ekki geti aðhyllzt neinar uppástungur frá stjórninni um fjárframlögur frá þess hálfu, meðan fjárhagsmálið ekki sè til lykta leitt.

Það er, að eg taki það upp aptur, mesta áhorfsmál fyrir þingið að vilja skjóta máli þessu á frest; því hvað er líklegra, en að stjórnin, einkum þegar hún sèr öll breytingaratkvæðin undir 14. tölulið, hugsi sèr, að það komi fyrir ekki, að bera málið upp að nýju við þingið, því það sè ekki neins samkomulags að vænta, og að stjórnin því leggi málið fyrir. Því af breytingaratkvæðunum undir 14. tölulið sèr stjórnin, að sitt vill hver, en það eina getur hún sèð með vissu, að það tillag, sem stjórnin hefir boðið úr ríkissjóðnum, er álitið ónógt. Það kann að mega segja, að málið, skoðað út af fyrir sig, hafi gott af biðinni, að því leyti, að hugmyndir manna yrðu skýrari, en skoðað frá landsins hlið, er frestun málsins mesta áhorfsmál, og það vona eg hið heiðraða þing sjái fram á, og því bið eg þingið vel að athuga, hvað það ræður af. Viðvíkjandi þeim öðrum breytingaratkvæðum, skal eg vera fáorður, einungis skal eg leyfa mèr að taka fram, að þar sem beðið er um þjóðfund til að ráða málinu í heild sinni, bæði fjárhags- og stjórnarskipunarmálinu, til lykta, þá er þetta gagnstætt því, sem stjórnin ætlast til, því hún ætlast til og hefir ætíð lýst því yfir, að fjárhagsmálið ætti að vera gengið um garð á undan stjórnarskipunarmálinu; þetta mál ætlar hún að leggja undir fulltrúafund í landinu, hitt fyrir ríkisdaginn, en þar á stjórnarskipunarmálið ekki heima.

Eg álít eptir þeirri stefnu, sem mèr virðist komin á málið, óþarft að fara fleiri orðum um það, en eg tek það upp aptur, að hèr er mikið í húfi, ef þingið ræður af að fresta málinu og þess bið eg þingið vel að gæta.

Eiríkur Kúld: Eg skal nú eigi draga að standa upp, til að tala um uppástungur mínar á atkvæðaskránni, þótt eg eigi ekki kost á að tala nema einu sinni hèðan af í þessu máli. En eptir því sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa og framsögumanni fórust orð, þá býst eg eigi við, að þessar uppástungur eigi langan aldur fyrir höndum hèr á þingi. Því að það er hætt við, að þegar 7 atkvæði — eins og menn eru margir í nefndinni — eru vís fyrir fram, að þá sè eigi hægt að vega á móti stefnu nefndarinnar;

samt úr því að hinn hæstvirti konungsfulltrúi fór að spá núna, þá ætla eg að leyfa mèr að spá líka; hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ef mínar uppástungur væru teknar, þá mundi það seinka svo málinu, að óvíst væri, að stjórnin ætlaði að leggja það fyrir þing aptur fyrr en eptir lengri tíma eða kann skè aldrei. En þó að mínar uppástungur yrðu teknar, þá held eg að engin ástæða sè til að halda, að málið dragist fremur fyrir það, heldur en þótt hallazt sè að uppástungum nefndarinnar. Því var nú líka spáð forðum hèr á þingi í jarðamatsmálinu, að uppástunga mín mundi seinka fyrir málinu, eða jafnvel eyðileggja það, en allt um það kom þó fram, að stjórnin fèllst á uppástungu mína. En ef nú leiðir gott af drættinum, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, þá held eg að það sè þess vert, að málið bíði nú til batnaðar. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt nú lofræður yfir nefndinni fyrir það, að hún hefði haldið með frumvarpinu. En eg verð að segja það, að eins og nefndin hafði rètt til að hallast að frumvarpinu, þá er eg eins í mínum fulla rètti sem þingmaður, þó eg stingi upp á því, að þingið ráði frá þessu frumvarpi nú sem stendur; og mèr sýnist titillinn «frumvarp til laga» benda til þess, að þingið gjörði öllu ráðlegra í því að ráða frá frumvarpinu, þó eg játi að það hefir lagarètt til að fallast á það. Eg hefði eigi verið eins fastur á móti uppástungum nefndarinnar, ef eg hefði verið viss um, að ríkisdagurinn mundi fallast á þær, en eg held, að konungsfulltrúi hafi ekki það brèf í höndunum, er geti fullvissað mig um það. Hinn háttvirti framsögumaður hafði mikið á móti tölul. 1. og lagði miklu áherzlu á, að sagt væri, að þingið gæti ekki fallizt á það í því *formi* sem það væri. En má eg spyrja hvers vegna vildi þingið eigi formulera neitt í launamálinu, á dögunum, var það ekki af því, að málið lá undir atkvæði ríkisdagsins. Hann sagði og, að þetta mundi olla drætti á málinu, því að annað þing væri eigi til. Það er nú eigi rètt, því þótt eg sè ekki konungkjörinn, þá verð eg að leggja svo mikið í loforð hans hátignar konungsins frá 3. sept. 1848, að eg held, að það hljóti að koma fram. Hann sagði enn fremur, að það kæmi stans á allt stjórnarbótarmálið, ef þessari uppástungu yrði framgengt, en það verður nú eins eptir uppástungu nefndarinnar, nema ríkisdagurinn fallist á hana; og þó hinn háttvirti framsögumaður fallist enda á 42,000 rd. upphæðina þá er samt eigi víst, að við fáum að halda henni og enda ekki einu sinni 27,000 rd., því ríkisdagurinn hefir enn ekki

verið spurður um þessar upphæðir. Hann var nú mjög mótfallinn 15. og 16. tölul., en þær uppástungur, sem þar eru, eru byggðar á rèttarkröfum, ástandskröfum og sanngirniskröfum. Eg játa það, að ef þessar upphæðir eru bundnar við rèttarkröfur, það er að segja það sem eg skil við rèttarkröfur, þá verða þær allt of lágar; en eg ætlaðist til að þær væri einnig byggðar á sanngirni. En ef 14. tölul. kemst að, þá held eg ekki fast fram þessum breytingaratkvæðum. Það sem einkum vakti fyrir mèr, er eg gjörði þessi breytingaratkvæði, var það, að eg get ekki betur sèð, ef fallizt væri á frumvarpið, en að vèr játuðum óbeinlínis, að Danir gæti gefið oss skattálögurètt. En þó leiðir þar af, að sá sem gaf, á líka frjálst að taka aptur það sem hann gaf, og ríkisdagurinn geti því sagt: Nú vil eg taka við fjárforráðunum aptur, þèr fáið ekki að hafa þau lengur (*Sveinn Skúlason*: Þetta er rangt hugsað). Þingmaðurinn gjörir rèttara í að sanna það gagnstæða, ef hann getur, en að segja það svona ástæðulaust. En eg sè ekki annað en að vèr á þenna hátt skoðum Ísland sem nýlendu frá Danmörku. Og eg vil ekki spyrja að eins Íslendinga heldur hvern danskan mann, sem þekkir nokkuð til stöðu Íslands við Danmörku, hvort honum hafi nokkurn tíma dottið í hug, að Ísland hafi nokkuru sinni komizt í slíkt samband við Danmörku eða verði álitið sem nýlenda þaðan? Og eg vil nú spyrja þingmenn, hvernig þeir hafa hugsað sèr, að þeir hefði heimild til að játa þessu. Eg játa, að það er rètt að þiggja fjárforræðistilboð, en eg vil ekki taka við því af ríkisdeginum; sem ekki hefir í raun rèttri rètt til að gefa oss það, eg beygi mig með lotningu fyrir hans hátign konunginum og tek það með þökkum af honum þegar það býðst. Og eg þykist viss um, að hann muni efna við oss það loforð, sem oss er gefið með konungsúrskurði 3. sept. 1848. Eg er heldur ekki hræddur við, að spádómur hins hæstvirta konungsfulltrúa muni rætast, því að eg er fastur á þeirri skoðun, að fjárhagsaðskilnaðurinn og stjórnarbótin muni verða samfara. En þegar eg heyri ræður þeirra, sem yfir háls og höfuð vilja að fjárhagsaðskilnaðurinn komist á, fyrst með hverjum kjörum sem vera skal, þá dettur mèr í hug sjaldan er gýll fyrir góðu, nema úlfur á eptir renni. Þessi mál verða hvort að miðast við annað; stjórnarbótin verður að vera samfara fjárhagsaðskilnaðinum og fjárhagsaðskilnaðurinn verður að vera samfara stjórnarbótinni. Hinn háttvirti varaforseti hafði það um daginn á móti því að tengja þessi mál saman, að stjórn-

arbótarmálið yrði þá einnig lagt fyrir ríkisdaginn; það getur nú verið. En Danir mega gjarna fyrir mèr sjá, hverja stjórnarbót vèr viljum og þurfum að fá; en aptur á móti veit eg, að ríkisdagurinn hefir engan rètt til að gefa nokkurt atkvæði um hana. En það getur verið meiri spurning um fjárhagsaðskilnaðinn, því að vèr getum skoðað oss sem vèr um hríð höfum verið nauðugir viljugir undir fjárforræði ríkisdagsins, og hann segi nú: Nú vil eg gjöra yður mynduga. Þá segjum vèr: Að þessari fjárupphæð viljum vèr ganga; en hann segir. Þetta boð get eg boðið ykkur. En ríkisdagurinn hefir ekkert fullnaðaratkvæði í stjórnarbótarmáli voru. Eg verð enn fremur að geta þess, að ef fjárhagsaðskilnaðinum er ráðið til lykta, þá er líka stjórnarbót og stjórnarskrá Íslands ráðið til lykta nú um leið óbeinlínis af þessu þingi. Því þótt fjárhagsmálið yrði aptur lagt fyrir þing hèr í landinu ásamt stjórnarbótinni, þá verður það lagt fyrir sem gildandi lög og stjórnarbótin verður þá ákveðin við þá dala upphæð, sem þar er tiltekin. Og eg vil skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, hvort þeir áliti sig hafa nokkurt umboð til að ráða stjórnarbótinni þannig til lykta nú? Um hin breytingaratkvæði mín skal eg ekkert tala, þau verða að standa og falla sínum herra.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að hann hefði gætt skyldu sinnar, þegar hann stakk upp á breytingum sínum, eins og nefndin að sínu leyti í uppástungum sínum, og efast eg ekki um, að þetta sè álit þingmannsins sjálfs, en eg verð þó að álíta, að hann ekki hafi gætt skyldu sinnar rèttilega, þar sem hann bæði ræður þinginu frá og til; hann sagði nefnilega, að frumvarpið væri æskilegt, en rèði þó þinginu frá, að segja álit sitt í rèttu formi, og ræður til að hafna því, þrátt fyrir það þó það sè svona gott; að þessu stefna uppástungur hans undir tölulið 1. og 2. Þingmaðurinn sagði, að það væri annað þing til, sem maður gæti lagt frumvarpið fyrir; en eg verð að neita því; því þótt þjóðfundur hafi eitt sinn verið saman kallaður, þá er hann nú ekki lengur til, og mönnum er fullkunnugt, hver endalok hans urðu; það er því ekki nema hugmynd ein að vera að tala um, að þjóðfundurinn sè enn þá til, og menn yrðu því að skapa nýtt þing, sem frumvarpið yrði lagt fyrir. Þingmaðurinn tók sèrstaklega fram uppástungur sínar undir tölulið 15 og 16, og sagði, að þær væru byggðar á rèttar- og sanngirnisástæðum o. s. frv.; en hann færði ekki ástæður fyrir þessum kröfum,

og það er þó ekki nóg að eins að nefna ástæðulaust kröfur sínar réttar- og sanngirniskröfur. Það hefir optlega verið sagt hèr á þinginu, að þingið, með því að segja álit sitt um frumvarpið, játaði, að ríkisþing Dana hefði atkvæðarètt um málefni vor; þar til svara eg því, að vèr verðum að taka hlutina eins og þeir liggja fyrir; ríkisþingið hefir »faktiskt« haft og hefir enn þá þetta atkvæði, og þess vegna þarf ríkisþingið að afsala sèr þessum rètti. Hvað þeirri kenningu hins sama þingmanns viðvíkur, að ríkisþingið gæti tekið aptur það, sem það einu sinni hefði gefið, þá virðist mèr hún vera alveg röng, því sá, sem fær eitthvað að gjöf, á það með sama eignarrètti, eins og hann hefði keypt það fullu verði, og sá, sem gefið hefir, getur ekki tekið aptur gjöf sína, þegar honum lízt. Það er heldur ekki rètt, að frumvarpið sè gjöf frá ríkisþinginu; frumvarpið kemur frá stjórninni eða konungi, en bæði ríkisþingið og alþingi standa jafnt hvort á móti öðru, og eiga að greiða atkvæði sitt um frumvarpið með því valdi sem hvort þingið hefir samkvæmt stjórnarfyrirkomulagi beggja landanna, Danmerkur og Íslands. Þingmaðurinn tók líka fram, að stjórnarbótarmálið verður að byggjast á fjárhagnum, en með því játar hann einmitt, að menn verða fyrst að undirbúa fjárhaginn, og að hann hljóti að ganga á undan stjórnarbótinni; það, sem menn ætla að byggja eitthvað á, verður fyrst að vera til, og menn verða að vita hvernig því er varið; ef menn vita ekkert um fjárhaginn, þá geta menn ekki byggt stjórnarbótina á honum. Það er að vísu satt, að ríkisþingið ekki hefir atkvæði um stjórnarbótarmálið, og stjórnin ætlast heldur ekki til þess; en vafningar þeir, sem að líkindum flyti af því, að uppástunga þingmannsins yrði samþykkt hèr á þingi, kynni að leiða til þess, að stjórnarbótarmálið yrði óbeinlínis að koma fyrir ríkisþingið.

Halldór Jónsson: Hinn heiðraði framsögumaður hefir ekki getið rètt í vonirnar viðvíkjandi grundvallarskoðun þeirri, sem kemur fram í uppástungu minni undir tölulið 25; en hún var sú að aðskilja fjárforræðið frá fjártillagsupphæðinni. Eg hèlt, að það kynni að dragast með stjórnarbótarmálið, en áleit þó á hinn bóginn æskilegt, að spursmálið um fjártillagupphæðina yrði sem fyrst útkljáð, þó fjárforræðið biði eptir stjórnarbótinni. Viðvíkjandi tölulið 19, þá er uppástungan undir honum í raun og veru sama efnis og uppástunga nefndarinnar, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, en eg gjörði hana þó, því mèr þótti uppástunga

nefndarinnar ekki nógu greinilega rituð. Verði nú frumvarpið samþykkt, þá á uppástunga mín undir tölulið 19 ekki vel við 1. grein, en eg vona það megi álíta orðabreyting eina, þó niðurlagsatriði nefndarinnar væri þannig breytt, að skuldabréf skuli út gefin fyrir þeirri fjárupphæð, sem gæfi árgjaldið sem vöxtu (4%). Hvað mál þetta yfir höfuð að tala og í heild sinni snertir, þá er það augljóst af nefndarálitinu, að aðalstefna og starfi nefndarinnar hefir lotið að því, að komast að fastri niðurstöðu viðvíkjandi upphæð tillagsins. Þetta er aðalatriðið, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið fram; og stjórnin sjálf segir í ástæðunum, að tilgangur frumvarpsins sé einungis sá að leysa fjársambandið og ákveða tillagsupphæðina. Viðvíkjandi 1. til 6. grein í sambandi við 7. grein, þá get eg nú ekki fundið, að það sé nauðsynlegt og óslítanlegt samband þar á milli, en af því eg álít, að fjárforráðin hljóti að vera hverjum Íslendingi æskileg, þá hefir mèr ekki fundizt að það væri gjörandi svo mikið úr því, hvort slík ákvörðun eiginlega ætti heima í frumvarpi þessu. Þar sem nú nefndin hefir ætlazt til, að frumvarp þetta ekki yrði að lögum fyrr en stjórnarbótin væri ráðin til lykta; þá hefir hún óbeinlínis lýst því áliti sínu, að ákvarðanirnar um fjárforræði eigi eiginlega ekki hèr heima heldur í stjórnarskrá Íslands, þá þykist eg ekki yfirgefa nefndina, þó eg áliti það nóg, að þingið að eins lýsi því fyrir hans hátign konunginum, að það taki með þökkum tilboðinu um fjárforræði, en þó jafnframt láti í ljósi, að það álíti æskilegast, að fjárforræðið bíði stjórnarbótarinnar, samkvæmt hinu konunglega fyrirheiti af 23. sept 1848. Allt öðru máli er að gegna um 7. gr. Aðalatriðið finnst mèr vera, að ákveða fjártillagsupphæðina, og er þetta mál milli ríkisdagsins og alþingis eða konungsríkisins Danmerkur og Íslands, og þess vegna finnst mèr ekki brýn nauðsyn bera til þess, þó eg ekki sé því alveg mótfallinn, að þingið aðhyllist 1.—6. grein, heldur að eins 7. gr. eða eitthvert af breytingaratkvæðunum við hana. Mèr virðist það vera skylda þingsins, að gefa álit sitt um tillagsupphæðina, en ástæður fyrir tillagsupphæðinni eru ekki fólgnar í 1.—6. gr. Það skyldi þá vera það, að í þeim (einkanlega 6. gr.) lægi bending um, að tillagsupphæðin yrði að ákveðast með hliðsjón til stjórnarbótarinnar; og væri það að vísu æskilegt, að binda sig ekki einungis við ástandið, sem nú er. En hvað sem þessu líður, verð eg að álíta það mjög æskilegt bæði fyrir Ísland og Danmörk, að fjártillagsupphæðin sé ákveðin, því

það er áríðandi fyrir ríkisdaginn, til þess hann geti gegnt ítrekuðum bænarskrám alþingis til ýmsra endurbóta, og alþingi á hinn bóginn viti, úr hverju það hefir að spila. Eg get þess vegna fallizt á uppástunguna undir tölul. 2, að þingið láti konungi vorum í ljósi, að það taki þakklátlega tilboði hans um fjárforráðin. En eptir 1. tölulið finnst mèr að 7. grein og breytingaratkvæðin við hana, geti ekki komið til atkvæða; og því get eg ekki gefið þessari uppástungu atkvæði mitt.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að fara fáeinum orðum um hin einstöku breytingaratkvæði, en eg verð fyrir fram, að lýsa því yfir að eg held fastlega við þá skoðun mína á breytingaratkvæðum mínum, að þau sèu alveg rètt; þessi skoðun mín hefir heldur ekki haggazt við umræður manna hèr í salnum, heldur þvert á móti eflzt og aukizt. Viðvíkjandi töluliðunum 1 og 2, þá fer uppástungan undir þeim fram á, að ráða þinginu frá sökum formsins að aðhyllast niðurlagsatriði nefndarinnar og stjórnarfrumvarpið undir töluliðunum 1. til 4. eða rèttara 1. til 4. grein. Eg er nú að vísu sannfærður um, að uppástungumaðurinn, hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga, hefir gjört breytingaratkvæði sín í góðu skyni, og hann hefir ljóslega tekið það fram. Þingmaðurinn hefir brýnt það fyrir mönnum, að þingið með því að aðhyllast uppástungugreinir nefndarinnar undir tölulið 1 til 4, játaði, að ríkisdagurinn hefði skatta-álögurètt yfir oss, sem hann þannig gæti svipt oss; ef þessi skoðun hans væri á góðum og gildum rökum byggð, þá ætti hann í sannleika þakkir skilið, bæði af mèr og þinginu yfir höfuð, fyrir að hafa sèð rèttara og glöggvara en eg og aðrir; sè skoðun hans þar á móti gripin úr lausu lopti, þá þykir mèr það illa fara, ef hún skyldi verða til þess, að vekja hjá mönnum ástæðulausa hræðslu, og ónýta það mál hèr á þingi, sem öllum öðrum málum er merkilegra og meir umvarðandi fyrir land og lýð, alda og óborna; eg kalla uppástungu hans óþarfa varnagla; hann vill synda milli skers og báru, en mèr þykir mestu varða, að menn syndi *rètt* milli skers og báru. Það hefir optlega verið tekið fram, að meiningin með stjórnarfrumvarpsins 1. til 4. grein væri sú, að frumvarpið yrði lagt fyrir ríkisdaginn; í stjórnarfrumvarpsins 1. grein stendur að eins, að stjórnin vilji, að starfa þeim, sem ríkisdagurinn hafi haft á hendi, um fjárhag vorn og fjárhagsmál, skuli vera lokið; en hver er þá þessi starfi? Er það starfi, sem sagður er að sè samkvæmur stjórnarlögum Dana og

Íslendinga; það stendur ekki í frumvarpinu, heldur, *þeim* starfa, *sem* ríkisdagurinn hefir haft á hendi (nefnilega factisk); það liggur því ekkert það í þessum orðum, sem gefi tilefni til að vefengja góðan tilgang stjórnarinnar og rètta og formlega stefnu hennar í þessu máli. Ríkisdagurinn hefir að eins faktiskt haft fjárforráð vor síðan 1848, og af þessu «faktiska» ásigkomulagi hefir það leitt, að ríkisdagurinn hefir haft atkvæði í fjárhagsmálum vorum. En stjórnin eða konungur kemur nú fram og spyr oss Íslendinga, hvort við viljum, að fjárforráð þessi falli burt. Vilji nú þingið til varúðar yfirlýsa því, að þessi starfi ríkisdagsins hafi ei verið á gildandi stjórnarlögum Íslands byggður, þá getur slík yfirlýsing komið fram í ástæðunum. Þingið ætti líka að varast, að ætla sèr, að binda hendur konungsins sem «constitutionels» konungs í Danmörku, því eg sè eigi heldur, hvernig þingið getur hamlað honum frá, að fara svo að gagnvart ríkisdeginum, sem hann mildilegast álítur rèttast. Hver yrði og, má eg spyrja enn þá einu sinni, afleiðingin af, að ríkisdagurinn hætti «faktisk» að hafa fjárforráð vor? Eg get ómögulega sèð, að alþingi fengi nokkra eðlisbreyting við það, þó fjárforráðin hverfi frá ríkisdegi til konungsins. Eg álít því varúðarvert fyrir þingið að greiða ei atkvæði í þessu máli. Eg verð að spyrja menn að, hvaða vissu menn hafa fyrir því, að mál þetta ekki verði borið aptur upp fyrir þingið í sama formi; undir þessu er það einmitt komið, hvort málið bíður sèr til bóta eður eigi, og þetta verður þingið að gjöra sèr ljóst, ef það eigi gengur hreint út í bláinn í tillögum sínum. Þingsins tillögur verða að lýsa því, að það vilji fá valdið frá ríkisdegi til konungs, og þaðan til sín. Það er því auðsætt, að hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga með uppástungum sínum undir töluliðunum 1 og 2, bæði einblínir of mjög á formspursmálið, og það ranglega, og slíkt getur haft þau áhrif á úrslit þessa máls, sem menn ekki geta sèð fyrir endann á; það eru tvær hliðar þessa máls, nefnilega hin verulega og óverulega, hin rètta og hin ranga; vèr megum ekki slá frá oss hinni verulegu, eður velja fyrir oss hina röngu, en það gjörir þingið, ef það ekki vill gefa atkvæði sitt fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins, og þess vegna verð eg fastlega að vera á móti tölulið 1. og 2. Eg vona að allir sjái, að fjárhagsforráðin eru að eins sèrstakur liður í stjórnarbótarmálinu, að sínu leyti eins og dómsvaldið og löggjafarvaldið er það; í mínum augum standa allar þessar greinir óákveðnar, þótt atkvæði um grein-

irnar 1 til 4 kæmi bæði frá þinginu og stjórninni. Gleymum ei að ein orsökin, hvers vegna stjórnin verður að leggja þetta fyrir ríkisdaginn, er bæði hið faktiska ásigkomulag, sem eg gat um áðan, og það, að konungurinn er «constitutionel» í Danmörku, því það er ekki «constitutionelt» Skridt, að konungur komi fram fyrir ríkisþingið, og segi því, að nú hafi hann veitt Íslendingum þá og þá stjórnarbót, og því sè lokið starfa þess um fjárhagsmál Íslendinga; þess vegna gefur konungur alþingi tækifæri til þess, að það komi fram með *ástæður* fyrir konung fyrir því, hvernig bezt megi hefja hið «*faktiska*» stjórnarfyrirkomulag, samkvæmt fyrirheitum hinna hásælu fyrirrennara hans.

Tillagið í 7. grein, snertir einungis innanlands stjórn, eins og eg hefi margsinnis sagt, og þó því þingið fallist á frumvarpið, þá er fjárhagssambandið milli Íslands og Danmerkur í heild sinni, þar fyrir alls eigi afgjört. Þetta ber 7. og 6. grein frumvarpsins svo ljóslega með sèr; í frumvarpsins 7. grein stendur að eins, að þetta 42,000 dala tillag, eigi að vara í 12 ár; en hvað verður svo? Eg vil benda mönnum á svarið á 11. bls. í ástæðunum; fjárhagsstjórnin hefir fyrir fram gefið það. Mèr finnst sú skoðun eðlileg, að Íslandi verði lagt svo mikið fè til að koma fótum undir sitt eigið borð, að Íslendingar verði meir en þjóð í munninum; maður getur því vel ímyndað sèr, að eptir 12 ár yrði fjártillagið hækkað; og yfir höfuð má sameina við þessa skoðun allar ástandskröfur. Meira verður ekki lagt í atkvæði alþingis en þessi skoðun, þó það nú fèllist á frumvarpið; og þó leitað væri með logandi ljósi og hinu skarpskyggnasta auga, þá hefir alþing aldrei afsalað sèr kröfum sínum til Dana með tillögum sínum nú, en svo, að Íslendingar geti ekki vænzt skilyrðislaust eptir fè hjá Dönum, um aldur og æfi, og er þeim þá eigi auðið, að verða nokkurn tíma sjálffær þjóð, ef þeir þyrftu þessa með. Eg er því kjósenda minna vegna vel ánægður með að samþykkja 7. grein, án þess eg á hinn bóginn vilji mæla með því, að setja æðri eða hærri tölu-upphæð inn í greinina en þar stendur. Eg vona að hinir háttvirtu þingmenn hafi skilið mig rètt, því annars koma allar þessar bendingar engum að notum nema mèr sjálfum. Eg tek það að endingu fram, að þetta er hið mesta vandamál, það er víst og satt, en eg segi, við eigum einmitt þess vegna, að hugsa meir um frelsi vort, en um ímyndaðar kröfur; við verðum að líta til beggja hliða og fara varlega; bak við oss, nefnilega, ef vèr viljum snúa

þangað bakinu, liggur frelsið í allri sinni dýrð, en ímyndaðar kröfur eða gull fyrir framan oss, ef vèr lítum þangað. Eg bæði óska og vona af hjarta og heilum hug, að þingmenn vegi þetta á hinni rèttu vog. Seilumst eigi um of í gullið, hið ímyndaða gullið, sem að'eins er á pappírnum. Afsölum hvorki oss nè þjóð vorri, hinum dýrmæta þjóðardýrgrip fyrir þess sakir. Nei! göngum heldur í drottins nafni frelsinu á móti, með glöðu og öruggu hjarta!

Forseti: Framsögumanni þótti 1. og 2. töluliður í formlegu tilliti eigi rèttir; en þetta fæ eg ekki sèð, heldur finnst mèr mikil samkvæmni vera í þeim; það er ekkert óformlegt í því, að ráða konungi frá að gjöra frumvarpið að lögum, en þá er heldur ekkert óformlegt í því að fallast á grundvallarreglu frumvarpsins, en ráða frá því, að það verði látið koma út sem lög í því formi sem stjórnin hefir hugsað sèr. Það er ekki langt síðan, að þingið samþykkti uppástungu í viðlíka formi, og sú uppástunga kom frá hinum háttvirta framsögumanni. Eg vil að eins benda þingmönnum á, að í ástæðunum fyrir frumvarpinu hefir stjórnin tekið tvö atriði fram, fyrst um ríkisþingið, að það sem sè afsali sèr því valdi, sem það hefir verið látið hafa um nokkur ár, og hitt er um árgjaldið. Eg sè ekki betur, en að þegar ríkisþingið ekkert löglegt vald hefir haft yfir fjárhag okkar, heldur einungis verið látið hafa það vegna kringumstæðanna, þá sè engin þörf á nýjum lögum til að afhenda þetta vald. Þingmaður Árnesinga gat þess, að það væri nóg að geta þess í ástæðunum, að alþing lýsti því yfir, að ríkisþingið í Danmörku hefði aldrei haft lögleg fjárhagsráð hèr á landi. Það er mögulegt, að þetta væri nóg, en hitt er þó vissara, að neita því með beinni uppástungu, því þegar þingið tæki frumvarpið, en neitaði þó valdi ríkisþingsins í ástæðunum, þá yrðu ástæðurnar og ályktanin hvað á móti öðru. Það er auðvitað að þingmenn varðar það miklu að þeir ekki viðtaki það sem gæti skert rèttindi alþingis og landsins. Framsögumaður sagði, að þjóðfundur væri eigi til; eg get ekki verið honum samdóma í þessu tilliti, því þó þjóðfundur hafi ekki verið síðan 1851, þá er þó hið konunglega loforð frá 1848 ekki uppfyllt enn þá; þessi skoðun á málinu er almenn hèr á landi.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum háttvirta forseta því, að eg skil ekki í öðru, en að það sè skylda þingsins, að segja álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og það er eigi heldur rètt hugsunarsamband í því eptir ástæðunum, ef þingið á-

liti 1. 2. og 3. gr. frumvarpsins og o. s. frv. óhafandi, þá væri það eðlileg niðurstaða að komast að því, að ráða frá að fallast á frumvarpið, en ef þessar greinar væru álitnar góðar, þá er ekki rètt að ráða frá frumvarpinu, því þá kæmi mótsögn fram milli ástæðna og niðurlagsatriðis; ástæðurnar væru þá einmitt færðar fyrir því gagnstæða. Hinn heiðraði þingmaður Árnesinga tók það skýrt fram og menn mega ekki gleyma því að konungurinn sem constitutionel« í Danmörku óumflýjanlega verður að fara til ríkisþingsins; þetta játaði og forseti með því að segja, að ríkisþingið gæti gefið álit sitt í ályktunarformi; mèr er nú ekki kunnugt, að ríkisþingið við hafi annað form en lagaformið, og því er það rètt að bera þetta undir þingið sem lagafrumvarp. Þetta er því einungis form-munur, sem á engu stendur. Hvort þjóðfundur er til eða ekki, sem þing, þá stendur það nú að vísu á litlu; en mèr virðist reyndar auðsætt, að hèr verði að vera spursmál um að skapa nýtt þing, ef menn vilja hafa þjóðfund.

Forseti: Eg skal einungis svara hinum háttvirta framsögumanni því, að mèr finnst það engum vafa geta verið undirorpið, að ef þingið fèllist á uppástungur þingmanns Barðstrendinga, þá væri það meiningin, að þingið sèr enga nauðsyn á, að frumvarp þetta komi út í lagaformi. Stjórnin getur þá komið sèr saman við ríkisþingið um, hvernig það vilji sleppa því valdi; sem hún sjálf, en ekki vèr höfum fengið því, þetta er mál, sem stjórnin á við ríkisþingið, en þetta kemur oss ekkert við. Framsögumaður gat þess, að þetta væri einungis form-munur, sem á litlu stæði; en eg er ekki á þessu máli, því það varðar þingið miklu í sjálfri verunni að það ekki samþykki neitt það, sem getur orðið tekið sem afneitun rèttinda vorra, hvort sem það yrði notað svo í reyndinni eða ekki.

Sveinn Skúlasson: Eptir þær mörgu og löngu umræður, sem um þetta mál hafa verið haldnar, er eg nú loksins orðinn viss um hvernig eg á að gefa atkvæði mitt í þessu vandasama máli. Eg hef lengi yfirvegað málið og er eptir beztu samvizku kominn að þeirri niðurstöðu, að gefa atkvæði mitt fyrir uppástungum nefndarinnar. Eg get ekki sannfærzt um, að 1. og 2. töluliðir sèu rèttir, því það er næstum broslegt í 1. tölul. að ráða frá því, að frumvarpið verði gjört að lögum, og svo í 2. tölul. að koma fram með þakkarávarp til konungs fyrir það, að frumvarpið var lagt fyrir þingið, sem þingið er þá nýbúið að kasta. Mèr er því ómögulegt að

fallast á þessa tölulíði. Aptur á mót verð eg að halda því fram, að þetta mál komi í sameiningu við stjórnarbótarmálið, og eg álít, að alþingi því ekki nú geti gefið neitt fullnaðaratkvæði í málinu. En það er alveg nauðsynlegt, að alþing segi álit sitt um fjárhagsmálið, svo stjórnin með því að fá einhverja tillagsupphæð samþykkta af ríkisdeginum, geti vitað, hvað hún geti boðið þjóðfundinum, og því er það mjög svo mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið að vísa málinu að þessu sinni frá sèr, því það er sama sem að fresta því um ótiltekinn tíma. Mótbára þingmanns Barðstrendinga, sem hinn heiðraði forseti einnig hefir aðhyllzt, að alþing með því að fallast á frumvarpið, gefi sig undir vald ríkisþings í Danmörku, er að minni hyggju alveg röng. Allir viðurkenna það sem sè, að það sè á ólöglegan hátt, að ríkisþingið hefir haft fjárforráð okkar í hendi um nokkurn tíma. Eg get heldur ekki fallizt á álit hins sama þingmanns um það, að fjárhags- og stjórnarbótarmálið þurfi alveg að fylgjast að; því fjárhagurinn verður að vera svo undirbúinn, þegar stjórnarbótin er lögð fyrir, að við vitum hvernig við eigum að haga stjórnarbótinni; með öðrum orðum, vèr verðum að þekkja það fè, sem við eigum að búa stjórnarbótina til eptir. Hafi þjóðfundurinn ekki neina fjárupphæð fyrir sèr, eða viti hann ekki yfir hverju hann á að ráða, þá er ómögulegt fyrir hann að skipa lög í landi hèr, nema með því móti, að hann þá stingi upp á tillaginu, og svo verði hver þjóðfundurinn haldinn á fætur öðrum, unz samkomulag er fengið við ríkisdaginn og Dani um fjártillagið; en þetta er óhugsandi. Um atkvæðaskrána skal eg ekki vera margorður; eg skal heldur ekki tala mikið um breytingaratkvæði mitt undir tölul. 17. Eg áleit þegar eg gjörði þetta breytingaratkvæði, og álít svo enn, að fjárþörfin mundi verða mest í fyrstu, og ætla því að fjártillagið ætti að fara lækkandi, eptir því sem vèr getum komið ár vorri fyrir borð með að auka tekjur vorar. Eg álít það sjálfsagt, að vilji vor eigi að stefna í þá átt, að við sem minnst eigum að vera upp á Dani komnir, þegar við erum búnir að setja fætur undir eigið borð. Á 25. tölulið, breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Norðurmúlasýslu, get eg eigi fallizt, nema ef svo er, að þjóðfundur verður haldinn að ári. Viðvíkjandi 32. tölulið, sem framsögumaður sýndist að fallast á, þá þætti mèr gaman að vita, hvernig þessi stjórnarfærsla ætti að verða til þess að þetta yrði hægra. Mèr finnst engin nauðsyn til þess að gjörsteypa hinni núverandi valdstjórn, og eg ímynda mèr að

það yrði ekki neitt heppilegt, að stjórnin gjörði það upp á sitt eigið eindæmi.

Framsögumaður: Það getur verið, að eg hafi ekki rètt skilið 32. tölulið, en eg skildi hann svo, að uppástungumaður vildi biðja um, að stjórnin gjörði engar ráðstafanir, sem kæmu í bága við hina fyrirhuguðu stjórnarbót, og að því leyti gat eg fallizt á uppástungu hans. Mèr gleymdist að geta þess, að eg get ekki fallizt á breytingaratkvæðið undir tölul. 10, sem gengur út á það, að 5. grein stjórnarfrumvarpsins falli burt. Eg held að uppástungumaður hafi lagt of mikla þýðingu í greinina, því það, sem hún fer fram á, er einungis millireikninga spursmál; en stjórninni þótti þetta hagfelldara; hèr er ei spursmál um gjald, heldur um reikningsfærslu, sem lítið hefir að þýða, því að 12 árum liðnum verða að líkindum margir þeirra, sem eptirlauna njóta fallnir frá; þess vegna er það að mínu áliti öldungis hættulaust fyrir þingið að fallast á greinina.

Arnljótur Ólafsson: Það er víst ekki til mikils að eg taki til máls núna, því eg er fullviss um, að mál þetta er dæmt áður en á þing er komið. Einungis skal eg geta þess, að ef menn lesa framan af 1. tölul. þessi orð: »að alþingi ráði hans hátign konunginum frá að gjöra frumvarp þetta að lögum» og bera þau svo saman við 1. grein frumvarpsins, þá gætu þeir menn, er hafa illan bifur á stjórninni, vel ímyndað sèr, að 1. tölul. á atkvæðaskránni væri búinn til af stjórninni, en 1. grein stjórnarfrumvarpsins væri frá þinginu. Hans hátign konungurinn býður oss í 1. gr. frumvarpsins, að því ástandi skuli vera lokið, er einmitt hinir sömu þingmenn, er sammála eru uppástungumanni á breytingaratkvæðinu, kalla *ólöglegt*. Eigum vèr þá að hafna því og kasta fjárforráðum vorum undir Dani um aldur og æfi, eins og vèr gjörðum í póstmálinu? Í 1. tölul. standa enn fremur þessi orð: »í því formi sem það nú er«; en má eg spyrja: í hvaða formi vilja menn hafa frumvarpið? Það á þó víst að vera meiningin í 2. tölulið, að efni frumvarpsins skuli verða að lögum í einhverju formi. Það hefir verið tekið fram af hinum heiðraða framsögumanni, og allir, sem þekkja nokkuð til ríkisdagsins, vita, að hann hefir ekki annað form til handa þessu máli en lagaformið. Menn hljóta því að játa, að lagaformið sè hið eina form fyrir ríkisdaginn til að veita oss tillag og afsala sèr forræði yfir fjármálum vorum. Ef þingmenn þá fallast á 1. tölulið, þá er það hið sama sem

þeir vilji, að frumvarp þetta verði eigi að lögum í nokkru formi; því að úr því að þeir vilja, að það *eigi* verði í hinu *eina mögulega* formi, þá vilja þeir að það verði í *engu* formi, eður með *engu mögulegu* móti. Menn vilja þá í 1. tölulið, að frumvarpið með engu móti komi út sem lög, sem er hið sama sem að menn vilji, að ríkisdagurinn með engu móti afsali sèr fjárforræði voru, svo að vèr getum fengið það í hendur; en svo kemur þakklætið í 2. tölul. fram, og yfirlýsingin um, að þingið taki á móti tilboðinu um algjört fjárræði. Þetta sýnir, hve ber mótsögnin er milli 1. og 2. töluliðs. Mig undrar annars, að þingmaður Barðstrendinga skuli hafa svona mikið á móti því, að vald þetta hverfi frá ríkisdeginum, hann sem hefir kvartað svo mjög yfir því, að hann hefði þetta vald. Hans menn ættu þó ekki að láta svo í þessu efni, eins og það væri komið við hjartað í þeim. Eg skil ekki, hvers vegna ríkisþingið ekki má sleppa þessu valdi, þegar menn játa, að það sè ólöglegt. Eg tek það upp aptur, að eptir stjórnarfyrirkomulagi Danmerkur, þá verður að fara með fjármál vor á ríkisdeginum sem önnur fjármál (*H. Kr. Friðriksson*: Nei! Eg vona hinn 6. konungkjörni þingmaður finni ekki aðrar »formur« í grundvallarlögum Dana en þá einu sem við er höfð, þó hann sè sagður góður að lesa rit. Eg skal að lyktum taka mèr orð forseta í munn, er hann sagði áðan, að »oss varðar ekkert um, *með hverju móti* ríkisdagurinn sleppir þessu valdi; sama hefi eg jafnan sagt og segi enn; ef það að eins kemur í hendur konungs og hann fær oss það, þá er nóg. Eg skal ekki tala mikið um atkvæðaskrána; eg get ekki sèð mikinn mun á 27. og 28. tölul., einkum þegar 30. tölul. er bætt við. Annars finnst mèr þingmaður Barðstrendinga vera laginn á að taka tvö breytingaratkvæði saman í eitt. Það er skaði, að hinn síðast nefndi þingmaður er seztur niður, að fullu og öllu fyrst um sinn, því annars ætlaði eg að spyrja hann dálítið um þessa rúsínu í enda atkvæðaskrárinnar, það er að skilja 32. tölul. Þar standa þessi orð: »*sem* geti bezt undir búið« o. s. frv. Hvað er þetta *sem*? Á »*stefnan*« að undirbúa eða á »*stjórn landsins*« að undirbúa hina fyrirhuguðu stjórnarbót? Annars skil eg eigi þennan staflið, nema ef meiningin ætti að vera sú, að biðja konung vorn að ruska til í öllum embættunum, og menn kölluðu það svo hina fyrirhuguðu stjórnarbót. Annaðhvort má þingmaðurinn hugsa sèr, þar sem hann biður þess, að stjórn landsins sè færð til í *öllum*

greinum, að mjög svo langt sè í land með stjórnarbótina, ellegar hann hugsar sèr hana innifalda að eins í embættum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Breytingaratkvæði mín á þessari atkvæðaskrá fundu nú ekki mikla náð hjá hinum 4. konungkjörna þingmanni, og verð eg því að tala nokkur orð þeim til málbóta. Hann taldi 5. greininni það til gildis, að hún væri meinlaus, og það er einmitt hennar bezti kostur, en eg verð að segja, að hún er mesta viðrini, og á alls eigi við í frumvarpinu. Eg sè nú eigi, til hvers það er eða hvað það þýðir, að eptirlaun eigi fremur að greiðast úr ríkissjóði, en hver önnur embættislaun, sem eptir frumvarpinu eiga að greiðast úr landssjóði, nema ef það skyldi koma til af því, að hinir gömlu embættismenn stjórnarinnar væri orðnir svo elskir að ríkissjóðnum, að þeir kynnu ekki við að taka laun sín úr öðrum sjóði. Hann fann líka að breytingaratkvæði mínu undir tölul. 18 um 75,000 rd. tillagið, og sagði, að ástæður væru ei færðar fyrir því. Hinn háttvirti þingmaður veit það, að það er ekki venja að færa ástæður fyrir breytingaratkvæðum, fyrri en við umræðurnar, og það hefi eg ásett mèr að gjöra. Eg held, að sú upphæð sè ekki of há, sem hèr er tiltekin, því þó nefndin eða meiri hluti hennar, hafi talið margt sem fè þyrfti til í bráð úr ríkissjóði, þá er þó margt eptir ótalið. Eg skal benda á það, að reikningshallinn hefir þessi seinustu 5 ár farið vaxandi nálægt því um 1000 rd. á ári, auk þess sem nefndin hefir talið til, og eru allar líkur til að reikningshallinn fari vaxandi að sama hlutfalli framvegis. Þá hefir verið stungið upp á 7 nýjum læknaembættum hèr á landi, og hlýtur það að hækka útgjöldin eigi alllítið, því ófært er að demba þessum læknislaunum á læknasjóðinn sízt í bráð, meðan hann eigi er orðinn stærri en hann er. Eg held að hægt sè að telja til margt fleira, sem nauðsynjar um í bráð, og sem sýnir, að full þörf sè á þessum 15,000 dölum til viðbótar við uppástungu nefndarinnar.

Um 30. tölul. skal eg ekki tala, því eg álít, að nóg sè rætt um hann, og fullkomlega gildar ástæður yfir höfuð færðar fyrir málinu, af þeim sem talað hafa á undan mèr.

Jón Guðmundsson: Menn hafa nú sagt, að mál þetta væri þegar dæmt, en þó svo væri, vil eg leyfa mèr að tala fáein orð, áður en eg og atkvæði mitt verðum lögð á þenna höggstokk, sem þeir segja, að þegar sè reistur bæði stjórnarfrumvarpinu og nefndinni. Menn eru nú hættir að tala um frumvarpið og hinar einstöku

greinir þess og ákvarðanir, hættir að minnast á framboð konungsins sjálfs á fullu sjálfsforræði í fjármálum vorum, sem er í 1—4 gr. frumvarpsins, hættir að minnast á hina afar viðsjálu ákvörðun 6. greinar, eins og hún var í frumvarpinu, á 12 ára tillagið í 7. gr. og á breytingaruppástungur nefndarinnar við þessar 2. greinir. Öll þessi umtalsefni og hvort þeirra fyrir sig álít eg einkar veruleg, — en nú eru þau öll horfin úr umræðunum. Menn einblína hèr nú á 1. og 2. tölul. á atkvæðaskránni; þeir eru settir fremstir allra atkvæðanna, og þeir eiga þannig að ráða bæði frumvarpið og uppástungur nefndarinnar með öllum breytingaruppástungum, sem þar að lúta, af dögum eins og með einu höggi; þessi stefna þeirra og tilætlun er auðráðin. Að öðru leyti þarf eg ekki að tala um fráganginn og orðfærið á uppástungum þessum, hvort fyrir sig, og um hugsunar sambandið milli þeirra bæði innbyrðis hvort við annað, og í annan stað að því er snertir 2. uppástunguna og frumvarpið, því hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga tók þetta ljóslega og skarplega fram; — það er sannarlega ágætt og óviðjafnanlegt, að uppástungan 1. vill fella allt frumvarpið en nr. 2 lofar og prísar konunginn fyrir hvað frumvarpið sè gott og ákjósanlegt.

Eitt, sem meðmælendur tölul. 1. bera fyrir, er það, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, þá gæti ríkisdagurinn eigi veitt meira fè eptir á, eptir því sem þjóðfundur er fengi stjórnarbótarmálið til meðferðar kynni að álíta nauðsynlegt eptir því fyrirkomulagi stjórnarinnar, sem annaðhvort yrði stungið upp á í frumvarpinu til stjórnarskipunarinnar, eða þeim breytingaruppástungum, sem fundurinn sjálfur gjörði; í annan stað segja þeir hinir sömu, að það sè eðlilegast og rèttast, að ákvarðanirnar um stjórnarsambandið og fjárhagsaðskilnaðinn fylgist að. Ef nú eg eða nokkur fyrir fram vissi og gæti staðhæft, að ætlunarverk og verkahringur þjóðfundarins fengist og yrði svo rúmur og óbundinn sem þessir menn ímynda sèr og vilja telja trú um, þá skyldi eg ekki vera lengi að velkja það með mèr, að ganga inn á 1. uppástungu-atriðið. En eg álít það mjög óráðna og óráðandi gátu, hver og hve rúmur að verði verkahringur þjóðfundarins, þó að hann hefðist fram, en það álít eg heldur ekki að sè oss óyggjandi í lófa lagið, og eg að mínu leyti verða að álíta, og mig uggir að svo verði, að vèr færum okkur talsvert fjær því að geta fengið þjóðfund með viðunanlega frjálslegu valdi og verkahring, ef vèr nú höfnuðum frumvarpi þessu

heldur en ef vèr gengjum að því, að allri aðalundirstöðunni til að minnsta kosti í 1.—4. gr. Eptir frumvarpinu á ríkisdagurinn að hætta þeim fjárafskiptum Íslands, sem hann hefir haft um hríð, í stað konungs eður svo gott sem í konungs umboði, hvort sem það umboð hefir verið ákveðið með lögum eður ekki, því skattavaldsatkvæði það, sem alþing *ekki* hefir haft og *ekki* hefir enn, það er hvergi, getur hvergi verið og hefir hvergi verið nema hjá einum hinum einvalda konungi vorum. Þar sem nú frumvarp þetta ákveður, og heitir því, að afskiptum ríkisdagsins af fjármálum vorum skuli lokið, þá er þar með sagt, að konungurinn taki það atkvæði óskert til sín aptur eða undir sig, og undir eins og konungurinn gjörði frumvarpið allt og hèr að lútandi ákvarðanir þess að lögum, þá er það engan veginn ríkisdagurinn sem veitir alþingi fjárforræðið eptir 3. og 4. gr. frumvarpsins heldur konungurinn, hinn einvaldi konungur einn, sem gefur og setur þessi lög, hinn einvaldi konungur, er hafði einn hið lögfulla fjárforræði, er alþingi ekki hafði, en sem hann, hinn einvaldi konungur, afsalar sèr nú og veitir fulltrúaþingi voru með lögum þessum. Það er því hinn hraparlegasti misskilningur og ástæðulausasta mótbára, er varaþingmaður Barðstrendinga og nokkrir aðrir hafa komið með, að það væri ríkisdagurinn en ekki konungurinn sem veitti Íslendingum sjálfsforræði með lögum þessum og þinginu skattgjafarvald, — og þess vegna sögðu þeir, — væri það á valdi ríkisdagsins að taka vald þetta aptur af Íslendingum og alþingi; ríkisdagurinn yrði þvert á móti að taka það vald af konungi, sem hann hefir haft hingað til, og sem afsalaði sèr og veitti alþingi þessa aðalgrein einveldis síns yfir Íslendingum.

Þá hefir einnig komið fram megn ágreiningur um það, hvort vèr ættum óyggjandi heimting á þjóðfundi eða að vèr mættum byggja á honum eins og vísum. Vèr höfum óneitanlega loforð fyrir þjóðfundi, í konungsbr. 23. sept. 1848; eg er einn af þeim, sem álíta, að þetta fyrirheit sè enn óefnt; en eg álít líka, að engi geti fyrirskrifað konungi, að hann láti oss hafa þjóðfund, og allra sízt með því valdi og verkahring sem vèr vildum framast kjósa. Og hvað sem um þetta er eða verður þá ætti alþingi að gjalda varhuga við því, að gjöra ekki sitt ítrasta til að takmarka vald og verkahring þjóðfundarins sem mest og gjöra hann sem þýðingar- og aflminnstan með því að hafna frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir. Menn vilja fyrir hvern mun láta fjárhagsmálið og stjórnar-

bótarmálið vera samferða eða fylgjast að í einu lagi fyrir þjóðfund. En fjárskilnaðarmálið útheimtir jafnan tillag frá Danmörku, hvort sem það kemur eitt sèr eða í sambandi með stjórnarskipuninni, og hvort heldur það verður lagt fyrir þjóðfund eður alþing; þjóðfundurinn getur aldrei haft nè fengið vald til að ákveða upphæð tillagsins úr ríkissjóði Danmerkur, eða til að koma sèr saman um það við konung, því þar er sjálfur konungurinn bundinn og takmarkaður við atkvæði ríkisdagsins, eptir stjórnarskránni eða grundvallarlögum Danmerkur ríkis. Í þessu atriði, um fjártillagið frá Danmörku, getur því þjóðfundur aldrei fengið annan nè rúmari atkvæðisrètt, eins og nú stendur, heldur en þann sem alþingi hefir nú, ráðgefandi eður uppástunguatkvæði, bænarskrár veginn. Sjá þá ekki allir, að það er ólíkt hyggilegra og betra, að ganga að þeim boðum, sem konungur býður oss hèr, að semja við ríkisdaginn um það sem ríkisdagsins er, að fá ákveðið tillag úr ríkissjóði — vèr erum alls eigi bundnir við upphæðina og því síður við árabilstakmarkið í 7. gr. frumvarpsins — en þiggja eindregið og tvímælalaust það algjörða fjárforræði og skattalofsatkvæði, sem konungur í 1.—4. gr. frumv. býðst fríviljuglega til að afsala sèr í hendur alþingi Íslendinga, en láta síðan, — þegar ríkisdagurinn er úr sögunni, — stjórnarskipunarmálið vera eingöngu komið undir samkomulagi milli fulltrúa Íslendinga við konung, beint eptir því, sem stjórnin sjálf hugsar sèr þetta í niðurlagi sjálfra ástæðanna fyrir frumvarpinu. En hafi menn hitt fram, að hafna nú frumvarpinu, í þeirri von og þeim tilgangi, að bæði málin fáist lögð í sameiningu fyrir þjóðfund, þá verða menn vel að gæta þess, enda þótt þetta hefðist fram, að ríkisdagurinn hefir ekki einungis fullan lagarètt til að meta og ákveða upphæð tillagsins, sem þjóðfundurinn stingi upp á, heldur einnig allar *þær ástæður,* sem þjóðfundurinn byggir á tillagsupphæðina, og þá einnig allt stjórnarfyrirkomulagið eins og konungur og fundurinn vildu skipa því fyrir sitt leyti; og þó að menn segi, að þessleiðis vald hafi ríkisdagur ekki að lögum, þá leiðir það þó beint af fjárveitingarrètti hans, að hann fái eins ástæður fyrir þessari fjárveitingu, — og það því fremur sem hún er yfirgrips- og þýðingarmeiri, og varanlegri — eins og fyrir hverri annari skyndiveitingu svona í eitt skipti fyrir öll. En það getur vel farið svo, segja nokkrir af þingmönnum, að tillag það, sem ríkisdagurinn nú ynnist til að veita, reyndist eigi nægilegt eða með öllu ónóg til þess að halda

uppi því stjórnarfyrirkomulagi, sem konungur og þjóðfundur kæmu sèr saman um eptir að tillagið væri ákveðið. Já, ef að þessu ræki, þá hlyti að koma stanz á að leiða sjálft stjórnarbótarmálið til lykta, og konungur yrði þá að leita samkomulags af nýju við ríkisdaginn um hærra tillag eða viðbót við það sem fyrr var veitt; þetta gæti óneitanlega valdið nýjum drætti, en frekara eigi; stjórnarskipunarfyrirkomulagið sjálft þyrfti samt eigi að ganga fyrir ríkisdaginn í þessu tilfelli. Ef vèr þar á móti aðhyllumst frumvarpið að aðalgrundvallareglum þess til í 1.—4. gr., og komum oss með sem beztum einhuga niður á föstu og varanlegu tillagi í 7. gr. á einhvern þann veg, sem nefndin hefir stungið upp á, og höldum því fast fram, að frumvarp þetta verði að lögum innan einhvers tiltekins tíma, hvernig sem fer að öðru, þá mundi konungur ei neita því, og getur það ekki. Allir verða að játa, að sjálfsforræðið í fjárhagsmálum þjóðarinnar, skattgjafar- eður skattaálöguvald fulltrúaþingsins, er og hefir jafnan verið hið fyrsta og verulegasta stig hverrar þjóðar til sannarlegs frelsis og framfara og hyrningarsteinninn undir öllu frelsi. Og þegar þetta vald væri orðið lögákveðið til handa alþingi, þá er eg að mínu leyti í engum efa um það, að þingið og þjóðin í sameiningu muni sjá sèr fært að koma öllu smám saman í lag, er hèr að lýtur, enda þótt sjálft stjórnarskipunarfyrirkomulagið frestaðist nokkuð eða ætti erfitt uppdráttar að formhliðinni til; því fullt fjárforræði er sjálfsforræði og er því bæði aðalundirstaðan og kjarninn í stjórnarbót hverrar þjóðar, og hið eina óyggjandi meðal til að hafa hana fram sem hagfelldasta.

Menn hafa komið með það sem ástæðu fyrir að fella frumvarpið, að ríkisþingið hefði bindandi atkvæði í fjárhagsmálum, vorum eptir sem áður. En ef þeir þingmenn hafa fyrir augum sèr, í þessari skoðun, það, að tillagið í 7. gr. er bundið að eins við 12 ár og verði svo að þeim tíma liðnum að ákveða með nýju samkomulagi við ríkisdaginn og með nýjum lögum nýtt tillag, og svo þetta koll af kolli, þá hefir víst engum komið til hugar að aðhyllast 7. gr. frumvarpsins óbreytta, heldur hefir nefndin og aðrir stungið upp á föstu og viðvarandi tillagi, einmitt til þess að ríkisdagurinn væri að öllu úr sögunni um afskipti af fjármálum Íslands, eins og líka er beinlínis ráðgjört í 1. og 2. frumvarpsgreininni. En jafnframt því að þessar greinir ásamt 3. og 4. grein taka af öll tvímæli um afskipti ríkisdagsins af fjármálum vorum *hèr eptir*, ef frumvarpið yrði að lögum, þá ber þess líka vel að

gæta, að ríkisdagurinn hefir hingað til aldrei lagt nýja skatta á oss Íslendinga og ekkert vald til þess haft (*Arnljótur Ólafsson*: Lestagjaldið). Já, ef hinn háttvirti þingmaður meinar lestagjaldið eptir verzlunarlögunum 1854, þá var þetta alveg sèrstaklegt, og snerti miklu meir danska heldur en íslenzka þegna konungsins. En því fremur sem vèr látum oss í lèttu rúmi liggja þau afskipti af fjármálum Íslands, sem ríkisdagurinn hefir nú de facto, eður í raun og sannleika, því fremur gefum vèr stjórninni og ríkisdeginum undir fótinn eður tilefni til að draga undir sig æ meir og meira af fjárráðum Íslands, fram yfir það sem lögákveðið er og verið hefir, og jafnvel það með, að ríkisdagurinn fari smám saman að reyna að leggja á oss nýja skatta og álögur. Með því að hafna frumvarpinu, gjörum vèr þessa fjárhagsflækju vora enn flóknari og ógreiðari útgöngu og bindum oss þeim böndum æ fastar og viðsjálar fyrir sjálfa oss. 1—4 grein frumvarpsins frambjóða oss hin beztu boð, og það miklu skýlausari og miklu betri heldur en fjárráðaboðin á þjóðfundiuum 1851. Má eg þá spyrja: Eigum vèr þá víst, að sömu boðin, sem hèr eru boðin, standi oss ætíð opin, og hvenær sem vèr viljum, þó að vèr höfnum þeim nú alveg ófyrirsynju? Látum vera að svo væri, eins og sumir þingmenn hafa borið kvíðboga fyrir, og leiða það með fram út úr 6. grein frumvarpsins, að stjórninni muni ekkki vera nein sèrleg alvara með að veita oss fjárforræði, eða að það sè ærleg meiningin hjá henni sem menn segja, en einnig í þessu tilliti skiptir ekki nema tvennu. Ef menn efast um, að þetta sè ærlegt boð með frumvarpinu, þá er samt ekkert unnið með að hafna því, beinlínis og skilyrðalaust, eins 1.—4. grein eins og hinum; grundvallarreglurnar og boðin í 4 fyrstu greinunum eru alls ekki á huldu nè tvíræðar með neitt slag; það er allt annað mál með 6. grein. En sè það vel meint, þá er því síður ástæða eða gjörandi að kasta því, enda verður það ekki gjört svo af þinginu, að það gjöri sig ekki jafnframt bert að þeim ertingum og kappi við stjórnina, sem eg að mínu leyti vil ekki gjöra mèr leik að, þar sem hún ekki bakar sèr eða gefur tilefni til þess að neinu; þó að eg sè eigi og hafi aldrei verið hræddur við stríð eða keppni, þegar mèr hefir fundizt svo fullt tilefni til, að ekki yrði undan komizt, en hèr í þessu máli og eins og í því liggur frá stjórninni, þá álít eg þess konar kapp bæði tilefnis- og ástæðulaust. Eg hikaði ekki við að mæla af alefli á móti þeim 2 frumvörpum um brennivínstollinn og

um hækkun lestsgjaldsins, og samtaka og samhuga mótmæli og atkvæði þingsins í báðum þeim málum og hverju þeirra út af fyrir sig voru sannarlega af fullu tilefni sprottin, á réttri stundu og réttum stað afráðin og næsta þýðingarmikil; en eg sè ekki betur en að alþingi sjálft gjöri þessi mótmæli sín og þetta sitt mikilvæga atkvæði, er bæði þau frumvörp fèllu fyrir, þýðingarlaus eða næsta þýðingarlítil, ef það nú skyldi af ráða að fella fjárlagafrumvarpið, og þar með ófyrirsynju og ástæðulaust að snara frá sèr því fulla fjárforræði, er konungur sjálfur hèr fram býður, og vill afsala þann einveldisrètt sinn í hendur alþingi. Því hèr er sannarlega engi ástæða til kapps- eður mótspyrnu, heldur snýst það upp í bernskulegan eltingarleik við stjórnarfrumvörp.

Mèr þykir það annars undarlegt og óskiljanlegt, að nú skuli slík mótmæli koma fram, og það jafnvel af hendi sumra þeirra, sem voru í nefndinni. Þingmaður Borgfirðinga var sá eini vor nefndarmanna, er hreifði fyrr eður síðar um þenna 4—5 vikna tíma, er nefndin hafði málið til meðferðar, nokkrum efasemdum og vefengingum er lutu að því, hvort eigi mundi rèttast að ráða frá löggildingu frumvarpsins; þessu hreifði hann á hinum fyrstu fundum nefndarinnar; en þegar engi hinna nefndarmanna varð til að styðja þá skoðun hans, er hann aldrei fylgdi heldur fast fram, en fleiri mæltu í móti, þá lèt hann þær vefengingar sínar niður falla, og nefndarálitið sýnir, að *allir* nefndarmenn voru einhuga á því að *halda* frumvarpinu með þeim breytingum, sem þar er stungið upp á. Þess vegna þykir mèr það enn þá undarlegra og óskiljanlegra, ef einhverjum af hinum nefndarmönnunum hefir nú snúizt hugur eptir á, og ætla sèr að efla flokk í móti nefndinni til að fella frumvarpið, og vil eg í því tilliti rifja upp fyrir þeim mönnum, það sem stendur í einum gamla sálminum okkar:

Voga þú ei fyrir vinskap manns
að vinna hvað órètt er, o. s. frv.

Hefi eg svo hèr með gjört grein fyrir þeim hluta, er eg hefi áttan að máli þessu bæði í nefndinni og hèr í salnum, og fyrir þeim rökum, er eg styð við atkvæði mitt í dag.

Forseti: Þar sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að mál þetta heyrði undir konung, svo að konungur tæki við fjárforræði voru, og ríkisþingið afsalaði það honum í hönd, þessu verð eg að neita alveg. Það stendur beinlínis í frumvarpinu, ríkisþingið hætti því fjárforræði í vorum málum sem það hefir haft, og að alþingi

takist það fjárforræði á hendur; það er með öðrum orðum, að ríkisþingið afsali sèr fjárforráðin í hendur alþingi en ekki í hendur konunginum. Konungur kemur því þessu máli ekki við í þessum skilningi. Þar sem talað var um ertingar, verð eg að segja, að eg sè enga ástæðu til þessarar ásökunar, og mótmæli eg því slíku með öllu.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði mèr ekki að tala í þessu máli í dag, en eg er neyddur til þess út af orðum hins háttvirta varaforseta, þegar hann fór að brixla nefndarmönnum um það, að þeir hefðu breytt sannfæringu eða meiningu sinni, og það svo ósvífið að svegja að þeim, að þeir gjöri það af óhreinum hvötum, þar sem hann fór að byrja vers úr helgum sálmi og sagði »vinn þú það ei fyrir vinskap manns« en lengra fór hann ekki, fyrir þessu hafði hann ekki ástæðu, nema hann hafi ætlað að láta það lenda á hinum heiðraða þingmanni Norðurmúlasýslu, af því hann einn hefir drepið á slíkt, eins og hann hafði reyndar gjört í nefndinni, en hvort þessi heiðraði þingmaður, er meir riðinn við þenna skaplöst en varaforseti, ætla eg til að aðrir geti dæmt um en eg; sama er að segja um hlutdrægni, og um samvizkusemina held eg hann ætti sízt að fara að tala, eða brixla þingmanni Norðurmúlasýslu um samvizkuleysi, og í því máli held eg varaforseti verði aldrei meir en málaflutningsmaður en ekki efsti dómari. En hafi varaforseti meint þetta til mín, hafa það einmitt verið spádómar hans, sem optar, á meðan eg var ekki farinn að tala um breytingaratkvæðin. Þó eg gæfi það opt í skyn í nefndinni, að mèr fèlli ekki vel álit sumra, og mundi fallast á betri breytingaratkvæði, ef þau kæmu, og verður samvizkusemi hvers eins nefndarmanns, að vera í hans eigin ábyrgð eins og sjálfs varaforseta. Út af því sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að ekki væri unnt að sanna rèttarkröfur, nema því að eins, að þær yrðu ómögulega felldar, þá þykir mèr það nokkuð hart, þar sem er að ræða um rèttarkröfur vorar, til dæmis í þessu máli; því ætti rèttarkrafa okkar ekki að verða felld upp á neinn máta, yrðum vèr, eins og þar sem 2 þjóðir eigast við, að geta sótt rètt okkar með oddi og egg, eins og Danir urðu fyrir skemmstu að verjast yfirgangi voldugri þjóða, en það er auðvitað, að þetta getum vèr ekki, og verðum því að treysta drenglyndi og sanngirni Dana (sem opt hefir gefizt vel), en sýna fram á okkar meintu rèttarkröfur. Eg verð enn að geta þess, að eg hefi ekki fengið enn þá svar frá neinum upp á spurningu mína um daginn, um það hvernig farið gæti, ef við sendum frumvarpið með lágum kröfum,

og ríkisdagurinn tæki þær lægstu, fengi svo stjórninni, og beiddi hana að sjá um fjárhag Íslands sjálfa, því nú léti hann ekki meir og vildi engin afskipti hafa af málinu. Þetta er þó umhugsunarvert áður en frumvarpið er samþykkt, meðan engin veit um stjórnarbótina, en kröfurnar lágar til ríkisdagsins. Þingmaður Árnesinga sagði, að menn gætu ímyndað sèr, að stjórnin hækkaði tillagið síðar, þó það væri lágt fyrst; en ef frumvarpið er skoðað, þá skil eg ei, að af því verði sèð, að tillagið hækki síðar, því vissan eða vonin er einungis fyrir 42,000 í 12 ár, en fyrir hækkun úr því hvergi, og er undarlegt að slíkur þingmaður skuli koma með svoddan ástæður, og halda að þeim verði trúað. Þar sem þingmaður Borgfirðinga var að brixla þinginu um atkvæðin í póstgöngumálinu, en þó eg yrði þá í minni hlutanum virðist mèr það ósæmilegt að brixla þinginu um atkvæði (eptir sannfæringu þess) í öðru máli. Það sem hann talaði um brennivínsmálið, þá held eg, að hann hafi hlaupið á sig, því fyrir utan allt álit hans í því, þykir honum nú að þingið hafi gjört þar rètt, ef það samþykkir þetta frumvarp, það ætti því að vera reglan að fleygja einu frumvapi stjórnarinnar en taka annað. Varaforseti sagði, að það væru æsingar og ertni við stjórnina, að kasta þessu frumvarpi. Það getur nú verið, að honum sýnist svo, þar sem hann sjálfur er svo góður sættasemjari milli stjórnar og þjóðar. En þó menn hafi ýmsa spádóma um afleiðingar þessa máls, ef frumvarpið verði ekki tekið, þá verður því ekki neitað, að líkt getur farið um það eins og frumvarpið um að taka hús í Reykjavík í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða. Frumvarpið var lagt fyrir þingið og var orðalaust fallizt á það af þinginu. Ef þingmönnum er kunnugt um, hver árangurinn hefir orðið af því. Eins ímynda eg mèr að kunni nú að geta farið með þetta frumvarp, því stjórnin sýnir enga vissu nú um fjárframlag frá ríkisdeginum, heldur en þá. Hinn háttvirti varaforseti gipti nú óvart saman stjórnarbótina og fiárhaginn sem hann var þó að aðskilja. Eg vona líka, að það verði staðfest, fyrst stjórnin sjálf hefir álitið bæði þessi mál óaðskiljanleg.

Pètur Pètursson: Viðvíkjandi 1. og 2. tölul. skal eg geta þess, að eg álít það mjög óráðlegt, að ráða frá að gjöra stjórnarfrumvarp þetta að lögum. Ef það verður gjört, þá liggur beint við, að biðja um annað frumvarp í öðru formi lagt fyrir næsta alþing. Þó að nú í tölul. 27 sè gjört ráð fyrir þjóðfundi, þá er þó ei víst, að sá töluliður verði samþykktur af þinginu og því

síður af stjórninni, svo að þá þarf nýtt frumvarp. Það er undarleg skoðun, sem hjá mörgum hefir komið fram, að vilja hafa aðskilnað, en vilja ekki láta ríkisdaginu vita af því, þar sem þó ríkisdagurinn hlýtur að leggja á það samþykki sitt. Þeir vilja því, að þetta skuli fara fram í laumi. Eg get ei annað séð en að þetta sé mjög barnalegt; og að þeir, er ráða frá frumvarpinu, vilji fresta því, að málið komist í kring, og sèu nú orðnir hræddir við þær afleiðingar, sem fjárhagsaðskilnaðurinn kunni að hafa fyrir landið. Hinn háttvirti uppástungumaður sagði, að bíða skyldi til batnaðar. Eg lýsti því yfir við undirbúningsumræðuna, að eg fyrir mitt leyti helzt vildi engan annan fjárhagsaðskilnað en þann, að landið gæti safnað fè til eflingar nytsamra fyrirtækja hèr á landi, og að eg því áliti gott að bíða; en það er búið að sýna og sanna, að málið kemst í bendu, ef frumvarpinu er hafnað. Það lítur ei vel út að reka málið aptur á bak, en beina því ekki áfram. Vèr erum allt af að biðja um fè úr ríkissjóði, en viljum þó ekkert leggja sjálfir til, og nú er því farið á flot, að þingið einnig hafni fjárhagsaðskilnaði í rèttu formi, þó það áður hafi bundið svo margt við þenna fjárhagsaðskilnað. Hvað á nú stjórnin að gjöra við þetta þing? Ef þjóðin er orðin óánægð með þingið nú, hvað mun þá verða eptirleiðis, þegar það hefir hafnað því tilboði að fá fè til umráða í landsins þarfir. Viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni skal eg geta þess, að eg vil, að gengið sè til atkvæða um hverja grein frumvarpsins sèr í lagi. Á því, sem stendur í tölul. 32. get eg ekki áttað mig. Stjórnin á eptir honum að beina landstjórn vorri í vissa stefnu. En þjóðfundurinn á líka að segja álit sitt um þessa stefnu og verði nú þessi stefna ólík hinni, þá hefir stjórnin unnið til ónýtis. En eg vona, að þingið fallist ekki á þenna tölulið.

Stefán Thordersen: Eg hefði líklega ekki talað í máli þessu hefði ekki hinn háttvirti varaforseti sagt, að málinu væri algjörlega kastað með því að fallast á 1. tölul., því þetta er öldungis ekki satt; og það getur hver maður séð sem lítur á 2. 14. og einkum þó 27. tölulið og vilda eg ekki láta þetta ómótmælt. Þingmaður Borgfirðinga sagði, að það væri *konungurinn* sem byði oss fjárforræði og fjárhagsaðskilnað. En eg fæ ekki betur séð en að hann bjóði oss að eiga við *ríkisdaginn,* en ekki við sjálfan sig. Varaforseti hèlt nú, að allt væri gott og glæsilegt einungis ef fjárhagurinn fengist; svo um fram allt ætti að kappkosta að fá haun og það sem allra fyrst, og þakka guði fyrir, ef

hann fengist, en spyrja ekki hvað hann kostaði. En eg fyrir mitt leyti hef enga vissu fyrir, að það sè betra, að flýta sèr svo mikið með annað eins vandamál, að menn ekki íhugi það ítarlegar en kostur er á svo fámennu þingi, eg er ekki svo bráðlátur. Hann sagði líka, að þjóðfundurinn væri einungis ímyndaður. En eg verð að segja, að eg get ekki kallað það ímyndaðan þjóðfund, sem konunglegt loforð er gefið fyrir, svo eg verð að álíta þann efa sem hann dregur á að þjóðfundur fáist *ímyndaðan* og ekki annað en eintóma grýlu sem hann ætlar að bjóða þinginu. Þar sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður var að tala um, að væri farið nú þegar að bera á óánægju út af þinginu, og hún mundi aukast, ef þingið gjörði ekkert í þessu áríðandi máli, þá verð eg að segja, að eg get ekki orðið brjóstveikur út af því, þó einhverjir kynnu að láta sèr slíkt um munn fara, eður hugsa það, því eg vil heldur *ekkert* gjöra en það sem eg verð að álíta *illt*. Og verð eg því að skoða þetta sem aðra grýluna svipaða hinni sem hinn háttvirti varaforseti áður hafði vakið upp.

Jón Pètursson: Það er nú búið að taka margt fram af því, sem eg ætlaði að segja. Viðvíkjandi 1. tölul. á atkvæðaskránni, sem ræður frá að gjöra frumvarp þetta stjórnarinnar að lögum þá sýnist mèr þeir sem fylgja þessari uppástungu, eigi að gjöra sèr grein fyrir, hvað illt landið hefir af því, ef þingið fellst á frumvarpið, og hvað gott það hefir af að fella frumvarpið. Eptir því sem mèr skilst er þetta illa eptir þeirra skoðun í tvennu fólgið, fyrst sem sè, að málið komi ekki fyrir í rèttu formi, af því að þetta heitir frumvarp til laga og eigi að ganga gegnum ríkisdaginn og kasta oss þannig undir hann. Þetta get ekki skilið, því ríkisdagurinn á ekki eptir frumvarpinu að gjöra annað, en veita tillagið, ef hann vill, og afsala sèr valdi því, sem hann factiskt hefir haft um hríð yfir fjárhagsmálum Íslands. Menn hafa í þessu skyni líkt Íslandi við ómyndugan mann og ríkisdeginum við fjárhaldsmann; en þegar fjárhaldsmaður afsalar sèr fjárhaldi sínu, þegar ómaginn hefir náð myndugs aldri, þá er starfa þeim lokið, sem fjárhaldsmaðurinn hefði á hendi. Það finnst mèr því engan veginn vera að gefa sig undir ríkisdaginn, þó að hann afsali sèr valdi þessu, sem hann um stund hefir haft yfir fjárhagsmálum vorum; eg get ekki sèð neitt illt eður hættulegt í því, þó hann gjöri það. Menn gætu hugsað sèr annað form fyrir frumvarpinu, sem sè að sleppa 1. grein og gæti þá 2., 3. og 4. grein komið sem tilskipun fyrir Ísland án þess að leggj-

ast fyrir ríkisdaginn; þetta er að vísu satt, en þá vantaði oss með öllu skuldbindingu þá, sem fæst við frumvarpið frá ríkisdeginum fyrir því, að hann ekki framar skipti sèr af fjárhagsmálum vorum og þá gæti hann síðar meira sagt: Eg hafði einu sinni yfirráð yfir fjárhagsmálum Íslands, og hef aldrei afsalað mèr þeim, eg vil nú fá þau aptur. 1. grein er því nauðsynleg, af því að hún er til að tryggja sjálfsforræði vort í fjárhagsmálefnum, svo að ríkisdagurinn geti aldrei tekið það af oss aptur. Menn hafa hèr enn fremur látið á sèr heyra, að staða vor yrði áþekk nýlendum Enskra, ef frumvarpið fengi framgang; en þetta er með öllu rangt; þær standa undir parlamentinu, sem hefir veitt sumum þeirra ráð yfir fjárhagsmálum, en það getur tekið fjárráðin af þeim aptur hve nær sem það vill. En parlamentið hefir aldrei afsalað sèr þessum rètti, að hafa afskipti af fjárhagsmálum nýlendanna, og mun aldrei gjöra það; og þá værum vèr undir nokkurs konar nýlendu stjórn, ef ríkisdagurinn ekki afsalaði sèr valdi því, sem hann nú «factiskt», hefir yfir fjármálum vorum. 2. grein er gjöf konungs til Íslendinga, sömuleiðis 3. og 4. grein en ekki gjöf ríkisdagsins. Þegar ríkisdagurinn afsalar sèr starfa sínum, þá vita allir að konungur er hèr einvaldur, og því hverfur rètturinn aptur til hans. Jafnvel þó 2. grein frumvarpsins þannig sè gjöf konungs til Íslendinga, þá er hún jafnframt bending til ríkisdagsins um, hver skuli taka við fjárhagsrètti vorum, er ríkisdagurinn sleppir afskiptum sínum af honum, sem sè alþingi. Hið annað illt, sem eptir þeirra skoðun er fella vilja frumvarpið, á að leiða af að fallast á frumvarpið, er að vèr höfum peningaskaða á því, en sá peningaskaði verður þá að liggja í því, að vèr höfum stærri fjárkröfur til Danmerkur, en fè það er sem veitt er í frumvarpinu. Til þess að geta sagt þetta með rökum þurfa kröfur vorar að hafa einhverja vissa upphæð, og menn verða að hafa vissu fyrir að geta náð fènu, en það getum vèr aldrei nema með samþykki Dana. Hefir þingið þar að auki nokkra vissu fyrir, að Danir muni samþykkja þessar stærri kröfur? Enga, og eg held nú, að því lengur sem fjárhagsaðskilnaðurinn dregst, því minni rètt munu Danir álíta að kröfur vorar hafi. Loksins hafa þeir, sem vilja fella frumvarpið, sagt að ef vèr tækjum því sem frumvarpið býður, mundum vèr komast á húsgang eins og þeir hafa að orði komizt. Eg held þó að mikið mætti gjöra í 12 ár með 42,000 dölum; altènd gætu menn haldið öllu í sama horfi og nú. En má eg spyrja: Geta skattar vorir ekki aukizt í 12 ár?

Getum vèr ekki lagt skatt á óþarfa vörur? Ef vèr getum það ekki, höfum vèr ekkert með frelsi að gjöra. Sèu skattar lagðir á óþarfa vörur og þeim komið vel fyrir, verða þeir 10 sinnum ótilfinnanlegri, en ef þeir eru lagðir á tekjustofna, því það dregur alla framkvæmd og framför úr landinu. Það er þess vegna bábylja eintóm, að vèr ekki getum komizt af með þetta, sem frumvarpið vill veita, meðan vèr erum að koma fjárhag vorum á fastan fót; eg hef enga þá áætlun sèð, er sýnir að þetta tillag frumvarpsins sè ónógt. Nú er að skoða, hvað gott vèr höfum af að kasta frumvarpinu, eptir þeirra skoðun, er vilja fella það. Eg get ekki sèð að það sè annað eptir þeirra hugsun sjálfra en að vèr þá höldum rèttarkröfum vorum óskertum; en þetta eru vissulega lítil gæði, því fjárkröfur vorar eru, eins og eg gat um, óvissar, og því óvissara, að vèr fáum þær uppfylltar, og það getum vèr aldrei án samþykkis Dana. En rannsökum nú aptur á hinn bóginn 1., hvað illt vèr höfum af að hafna frumvarpinu og 2. hvað gott vèr höfum af því, að aðhyllast það. Ef vèr höfnum því, þá töpum vèr frelsi voru í óvissan tíma, og fáum það ef til vill aldrei; vèr verðum allt af undir ríkisdeginum; og hann fær smátt og smátt meir og meira vald yfir oss, svo að það sem vèr viljum mest forðast kemur þá yfir oss; og endirinn verður, að vèr þá með tímanum annaðhvort verðum incorporeraðir í Danmörk, eða verðum skoðaðir sem nýlenda, ef ekki fer ver fyrir oss; vèr getum engu komið áfram hèr innanlands án samþykkis ríkisdagsins, og það er full von, þó hann verði tregur á að bera fè inn í landið, þegar hann aldrei fær neitt í aðra hönd. Vèr töpum engu fè og engum rèttarkröfum gagnvart Danmörku, ef vèr höfum þær annars nokkrar, þó menn fallist á frumvarpið; en vèr megum samt óhætt ætla Dönum svo mikið vit, að því stærri kröfur sem vèr gjörum, því meira láta þeir oss gjalda til sameiginlegra mála, og það með því móti, að þeir gjöra sameiginlegu málin fleiri, en því færri sem hin sameiginlegu mál eru, því meira frelsi höfum vèr, og því betri er stjórnarbótin. Ef Danir vilja vera óbilgjarnir, er talað verður um sameiginlegu málin, þá er fyrst tími fyrir oss að koma fram með allar vorar fjárkröfur, er vèr þykjumst hafa, og setja þær svo hátt, er vèr getum; en ef þeir ekki fara hart í hin sameiginlegu mál, eigum vèr að slaka sem mest til í fjárkröfum vorum. Eptir Kristjáns konungs 8. »Normalbudget« átti annars Ísland að bera sig sjálft, svo að því hvorki yrði lagt nokkuð frá Danmörku, nè að

það gildi fè til hennar; hvers getum vèr óskað oss betra? Þetta getum vèr álitið sem konunglegt loforð. Nú er þá aptur að skoða, hvað gott vèr höfum af að taka frumvarpið. Það er þá fyrst og fremst, að vèr fáum frelsi, sem allir sækjast eptir, og það svo, að þeir leggja líf og fè í sölurnar fyrir það, þar næst fáum vèr og fè til að koma oss fyrir. Vèr álítum frelsið þó líklega eins mikils vert og aðrar þjóðir, en sá er munurinn, að vèr fáum peninga með því, en aðrar þjóðir kosta ærnu fè og hleypa sèr í stórskuldir og verja lífi margra þúsund manna til að fá það, og loksins, þegar vèr höfum fengið fjáraðskilnað, og frelsi og fè, getum vèr komið þeim endurbótum á fót sem vèr viljum.

Eg hefi nú eptir mætti leitazt við að sýna hreinskilnislega, hvort betra væri eptir minni skoðun, að aðhyllast frumvarpið eður hafna því, og eg tek það upp aptur, að ef vèr höfnum því, þá látum vèr reka á reiðanum, og verðum að öllum líkindum annaðhvort incorporeraðir eða gjörðir að nýlendu frá Dönum.

Eg ætla að gefa atkvæði mitt fyrir 6 fyrstu greinum frumvarpsins með þeim breytingum, sem nefndin og þingmaður Borgfirðinga hefir gjört við þær, en á 7. grein frumvarpsins fellst eg með öllu, eins og hún er í sjálfu frumvarpinu.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af þeim umræðum, sem orðið hafa um það, að stjórnin hafi lofað að kalla hèr saman þjóðfund, gjöra þá athugasemd, að þjóðfundur sá, sem stjórnin lofaði að kalla saman 1848. og sem kom saman 1851, var að eins kallaður saman fyrir það *eina skipti*, og það getur því, sèr í lagi þegar menn athuga og bera saman auglýsingu frá 12. maí 1852, verið fullkominn efi á því, hvort stjórnin ekki sè búin að fullnægja loforði sínu um þjóðfund, en hún hefir í áformi að leggja frumvarp um stjórnarfyrirkomulag þessa lands, þegar þar að kæmi, undir fulltrúaþing í landinu sjálfu. Hinn heiðraði framsögumaður sagði því með öllum rètti, að hèr væri ekki til neitt þjóðþing, sem menn gætu vísað til.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að það mun flestum ljóst orðið. Það hafa komið fram mikil mótmæli á móti uppástungum þingmanns Barðstrendinga, sem sýna, að mönnum er annt um að koma skoðun sinni fram. Menn hafa sagt, að ef fallizt væri á 1. tölulið, væri málið sett í dróma. En hvaða vissu hafa menn fyrir, að málið komist í minni dróma, þótt fallizt yrði á uppástungur nefndarinnar? Er

það víst, að þá gangi allt liðugt? Það hefir mest verið barizt fyrir, að þingið eigi frjálst eptir 12 ár að fjatla um málið, og fá þá tölunum í 7. grein breytt eptir sinni vild. En hvaða vissa er fyrir því? Alls engin. Það er eitt aðalatriði, sem eg verð mjög að taka til greina, að vèr eptir frumvarpinu höldum tillaginu að eins í 12 ár, en getum svo misst allt. Eg vil ekki tala um þjóðfundinn, að hann eigi frjálst að breyta tillaginu, þótt alþingið nú samþykkti það, því það stendur með berum orðum í frumvarpinu, að það verði að ákveða það, áður en stjórnarskipunarmálið verði tekið fyrir; og þegar það er ákveðið, verður það með öllu árangurslaust fyrir þingið eða þjóðfund, að vilja fara að breyta því. Það var óþarfi fyrir þingmann Árnesinga, að fara að minnast á tillagið til sameiginlegra mála; það mál liggur ekki fyrir (*Benedikt Sveinsson*: 6. grein frumvarpsins), já, eg kann hana, þar er ekki talað um hin sameiginlegu mál. Mèr sýnist, að þegar sagt er, að í 1. grein sè ekki talað um annað, en að ríkisdagur eigi að fá konungi í hendur vald sitt í fjárhagsmálum Íslands, og svo fái konungur það aptur alþingi, þá sè það hið sama, sem að alþingi gefi atkvæði um vald konungs, gagnvart ríkisdeginum (Nei! nei!)) Einn þingmanna hefir sagt, að vèr ættum að fallast á frumvarpið, en getum þó sagt í álitsskjalinu, að það væri rangt (*Benedikt Sveinsson:* Eg skýt því til forseta, að þetta er ranghermt).

Það er munur hvort vèr segjum, að frumvarpið sè rangt, eða vèr segjum, að grundvallarreglurnar í einstökum greinum þess sèu eigi alls kostar rèttar. Enginn neitar því, að frelsi og sjálfsforræði er mikilsvert, og að mikið ber að leggja í sölurnar fyrir það; en það ætla eg þó mikið áhorfsmál, að kaupa þetta sjálfsforræði svo dýrt, að vèr stöndum með tómar hendur á eptir, og getum ekkert gjört, alls ekkert. Þó að hinum 5. konungkjörna þingmanni þætti 42,000 rd. mikið fè, og að öllum ósköpum mætti til leiðar koma með því, þá get eg sagt honum það, að 42,000 rd. duga ekki um það 12 ár eru liðin, til þeirra útgjalda landsins einna saman, sem nú hvíla á ríkissjóðnum, auk heldur að afgangur verði til að koma nýju á fót með, eða hrinda nokkru, sem nú er í ólagi í lag, en það er búið að taka það fram, að fjárhagur vor sè ekki svo góður, að vèr getum lagt mikla skatta á oss. Eg held að þingið þannig fyrirbyggi enga óvissu, með að aðhyllast frumvarpið, heldur stofni sèr í óvissu með að biðja um það, og ef menn vilja líta óvilhöllum augum á 7. gr., þá sèr hver maður, að það er ekkert

ákveðið, hvað vèr fáum eptir 12 ár; það liggur eins beint við, að vèr missum tillagið, eins og að vèr fáum það (*Benedikt Sveinsson*: Tilgangur stjórnarinnar er sèður). Tilgangur stjórnarinnar getur verið góður, en hann er ekki einhlítur; hún ræður ekki ein, þó eg sè sannfærður um, að stjórnin hafi bezta vilja um vor efni, þá getur hún ekki ávalt komið honum fram; að minnsta kosti hefir hún ekki getað það ávallt hingað til þessi 14 ár, síðan þjóðfundurinn var haldinn.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að vera margorður til að hrekja ræður þeirra þingmanna, sem móti hafa mælt nefndinni, því þær hafa ekki átt við gildar ástæður að styðjast; en eg ætla þó að snúa mèr að fáeinum atriðum. Hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu hefir misskilið ýmislegt af því, sem eg hafði tekið fram. Hann hermdi þau orð upp á mig, að eg hefði sagt, að fjárhagurinn kæmist undir ríkisþingið, ef málinu væri af alþingi skotið frá sèr til annars þings. Þetta er ranghermt; mín meining var, að ef þingið ekki segði álit sitt um málið, heldur ákvæði að láta það bíða eptir stjórnarbótarmálinu, þá kynni stjórnarbótarmálið, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis að komast undir ríkisdaginn. Hvað rèttarkröfunum viðvíkur, þótti sama þingmanni undarlegur skilningur minn á þeim. En eg skal gjöra hann varan við því, að við rèttarkröfur verða ekki skildar aðrar kröfur en þær, sem færðar verða ástæður fyrir, sem ekki er hægt að hrekja. Þingmaðurinn þóttist eiga í skuld svar upp á spurningu, er hann hafði gefið við undirbúningsumræðuna, svo látandi, hvort óhugsanlegt væri, að ríkisdagurinn fleygði málinu, þó þingið fèllist á frumvarpið, og hreifði hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður sömu skoðun. Eg svara því svo, að þetta er að sönnu ekki óhugsandi, en það er víst, að stjórnin framfylgir því við ríkisdaginn, sem hún hefir sjálf borið undir þingið, og það er sömuleiðis líklegt, að ríkisdagurinn fallizt á það, sem bæði stjórnin og alþingi mælir með. Þingmaður Vestmanna-eyja sagði, að það væri ekki að kasta frumvarpinu, þó ekki væri fallizt á það í þessu formi, en þegar ekki er beðið um það undir öðru tilteknu formi, þá get eg ekki betur sèð, en að þetta sè að kasta frumvarpinu (*Stefán Thordersen:* Breytingaratkvæði nr. 2!). Sami heiðraði þingmaður sagði líka, að það að gefa atkvæði fyrir frumvarpi þessu, væri að setja oss undir ríkisþingið. En þetta er eins og eg opt hefi tekið fram, fráleitt með öllu. En það er eðlilegt, þótt konungur í máli, sem bæði löndin snertir, verði að fara til beggja þinganna (*Stefán*

Thordersen: Þá hefi eg sagt satt). Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður lèt í ljósi, að þetta frumvarp í heild sinni, að eins ætti að gilda um 12 ár, en það er ekki rètt; tímatakmarkið á einungis heima um 6. og 7. greinina; hinar greinarnar gilda fullt og fast. Þessa skoðun hefir nefndin aðhyllzt, en þó viljað tryggja það, að nokkur tillagsupphæð hèldist eptir 12 ára tímann. Sami heiðraði þingmaður lagði sama skilning í það, í hverju afsölun ríkisdagsins lægi, og fleiri þingmenn; en það hefir verið hrakið, og þarf eg ekki að fara lengra út í það. Hann gjörði mikið úr frelsinu, en vill ekki kaupa það of dýrt, og honum þykir það of dýrt frelsi, að fá með því 42,000 rd. í 12 ár. Maður fær bæði frelsið og 42,000 rd, en hvað er látið í staðinn? Það hefir þingmaðurinn ekki tekið fram, enda var erfitt að sanna setning hans, því hún hafði við engar ástæður að styðjast. Að það leiði til nokkurrar óvissu fyrir landið, að fallast á frumvarpið, sè eg ekki; því það er búið að sýna, að óvissa sú, sem menn kynnu að óttast, ef 7. gr. væri haldið óbreyttri, hverfur við breytingu þá, sem nefndin hefir gjört uppástungu um, til að komast hjá þeim afleiðingum, sem annars kynni mega bera kvíðboga fyrir. Eg skal svo ekki fjölyrða meira í þessu máli, en einungis taka það fram enn á ný, að ef menn vilja fjárhagsaðskilnaðinn, þá verða menn að vilja hann með þeim kostum, sem eru mögulegir; en vilji menn ekki sæta þeim kostum, þá er fjárhagsaðskilnaðurinn sjálfur ómögulegur.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Eiríkur Kúld: Við þenna tölulið var eptir ósk þingmanna viðhaft nafnakall, og fèllu þau þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Benedikt Sveinsson.
Ásgeir Einarsson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Halldór Jónsson.
Helgi G. Thordersen.	Jón Guðmundsson.
Hjálmur Pètursson.	Jón Pètursson.
Jón Bjarnason.	Jón Sigurðsson.
Jón Pálmason.	Pètur Guðjónsson.
Magnús Jónsson.	Pètur Pètursson.
Ólafur Sigurðsson.	Sveinn Níelsson.

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Sighvatur Árnason.	Sveinn Skúlason.
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	

Var þannig stafliður 1. samþykktur með 14 atkv. gegn 11.

2. Eiríkur Kúld: Við þenna staflið var einnig viðhaft nafnakall. sem fèll þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Eiríkur Kúld.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Benedikt Sveinsson.
Ásgeir Einarsson.	Bergur Thorberg.
Björn Pètursson.	Jón Guðmundsson.
Halldór Jónsson.	Jón Pètursson.
Helgi G. Thordersen.	Jón Sigurðsson.
Hjálmur Pètursson.	Pètur Guðjónsson.
Jón Bjarnason.	Pètur Pètursson.
Jón Pálmason.	Sveinn Níelsson.
Magnús Jónsson.	Sveinn Skúlason.
Ólafur Sigurðsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	

Þannig var stafliður 2. samþykktur með 15 atkv. gegn 10.

Þar með áleit forseti frumvarpið fellt sem frumvarp, og þau breytingaratkvæði sem þar til heyrðu; en nokkrir þingmenn voru aptur á móti þeirrar meiningar, að til atkvæða ætti að ganga um allt frumvarpið með breytingum. Forseti kvaðst vilja gjöra það, að bera þannig undir atkvæði, til þess að enginn geti sagt, að hann í neinu tilliti hallaði á frumvarpið, en sýndi það, að þeir sem hefðu gefið atkvæði með tölulið 1 og 2 hlyti að gefa atkvæði móti frumvarpinu sem frumvarpi, og þeim breytingaratkvæðum, sem styddist við frumvarpið, svo þessi atkvæðagreiðsla yrði reyndar ó-þörf; síðan leitaði hann atkvæða um tölulið

3. Nefndin: Fellt með 15 atkv. gegn 9.

Þar eptir var enginn, sem heimtaði atkvæðagreiðslunni framhaldið í þessu formi, og voru því

4.—13. töluliðir álitnir fallnir.

Forseti gat þess, að 14. töluliður væri settur til atkvæða að því leyti, sem þar væri stungið upp á um tölustærðirnar, er lúta að 7. grein frumvarpsins, og hvort þingið skyldi ákveða nokkuð um þær eða eigi. Atkvæðin fèllu svo:

14. Benedikt Sveinsson: Samþykkt með 16 atkv. gegn 7.

15.—20. töluliðir, voru þar með fallnir sem ákveðnar uppástungur.

21. Benedikt Sveinsson (vara-uppástunga)?

Uppástungumaður heimtaði sèrstaklega atkvæðagreiðslu með nafnakalli við þenna tölulið, en forseti kvað 7. grein frumvarpsins fallna, sem frumvarpsgrein við atkvæðagreiðsluna um 1. og 2. tölulið, en þessi uppástunga stæði og fèlli með frumvarpsgreininni, þar eð hún væri byggð á henni, yrði því eigi leitað atkvæða um þenna tölulið sèr í lagi. Uppástungumaður heimtaði það bókað, að hann mótmælti þessari atkvæðagreiðslu.

22.—26. Fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölulið 1 og 2.

27. Eiríkur Kúld: Samþykkt með 17 atkv. gegn 4.

28.—31. töluliðir voru þar með fallnir.

32. Eiríkur Kúld: Fellt með 10 atkv. gegn 7.

Framsögumaður: Eg áskil minna hlutanum rètt til að láta ágreiningsatkvæði sitt koma fram í álitsskjalinu til konungs.

Forseti: Það er ekkert móti því. — Þar eð nú er orðið áliðið dags, ætla eg ekki að setja fund framar í dag, en mun gjöra það á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

43. fundur — 24. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 1. konungkjörni þingmaður. Gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp og samþykkt.

Forseti gat þess, að framsögumaður í nefnd þeirri, er samið hafði ávarpið til konungs (*Halldór Kr. Friðriksson*) mundi lesa upp ávarpið, en þar eð hann ætlaði, að þingmenn mundu eigi hefja um það neinar þinglegar umræður, þá mundi eigi þurfa nema að lesa það upp, og þingmenn hefði sèr þá áskilinn þann rètt, að taka saman breytingar við það þar til á morgun, og bera þær þá

upp til álita eða samþykktar. Nokkrir þingmenn létu í ljósi, að eigi mundi þurfa að lesa upp ávarps-uppástunguna, þar eð hún væri öllum þingmönnum kunnug á prenti, enda hefði það verið venja, að breytingarnar hefði verið gjörðar og teknar inn í frumvarpið við eina umræðu, var þá samþykkt að fresta þessu máli til morguns.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni málið *um endurbót landbúnaðarlaganna* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Eg veit ekki, hvort framsögumaður, sem er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga, óskar að taka þegar til máls.

Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 478.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg finn eigi ástæðu til að tala margt að þessu sinni; eg sè af þeim breytingaratkvæðum, sem fram hafa komið við uppástungur nefndarinnar, að mönnum hefir eigi geðjast að þeim vegi, sem hún bendir á. Eg skal geta þess, að það var meining nefndarinnar að beina máli þessu hinn beinasta og greiðasta veg, er fengizt gæti. Það vakti líka nokkuð annarleg skoðun fyrir nefndinni, þegar hún samdi þessar uppástungur, það er að segja, hún hèlt að það ætti eigi svo langt í land, að þingið fengi meira atkvæði í löggjafarmálum vorum, en það nú hefir, og fyrir því vildi hún, að þetta mál væri undirbúið hèr svo, að það þyrfti eigi að fara sem menn kalla »út yfir pollinn«. Þetta held eg nú að hafi vakað fyrir nefndinni. En eptir því sem leikslok hafa orðið síðan á þinginu í fjárhagsmálinu, held eg að menn hafi heldur fjarlægzt þann veg, sem leiðir til meira sjálfsforræðis og frjálslegra atkvæðis um löggjafarmálefni, svo að nú getur verið nokkuð öðru máli að gegna um þessar uppástungur. Eg skal geta þess, að út af því sem sagt hefir verið, að vegur nefndarinnar væri örðugri og torsóttari heldur en sá vegur, sem breytingaratkvæðin vísa á, þá er það nú sjálfsagt, að vèr þekkjum þann veg, sem hèr er bent á í 1. og 2. tölulið, en vèr þekkjum eigi veg þann, sem nefndin stingur upp á, af því hann hefir eigi verið farinn fyrri, og því er það að eins eintóm getgáta, hvernig hann muni gefast. Menn vita hvernig sá vegur er, sem landbúnaðarmálið hefir gengið hingað að. Endurskoðun landsleigubálks var byrjuð fyrir eitthvað 20 árum, en síðan hefir ekkert út af því komið svo menn viti, og getur varla miður tekizt til, þó uppástungu nefndarinnar væri fylgt. Hèr hafa nú líka verið settar nefndir að tilhlutun stjórnarinnar í ýmsum málum; eg vil taka til dæmis

í hjúalagamálinu. Sú nefnd var sett 1854; en þó er það frumvarp, sem hún bjó til eigi orðið að lögum enn, og hamingjan má vita, hvort það verður nokkurn tíma að lögum. Það er því að minni ætlun óvíst, að vegur nefndarinnar verði krókóttari, torsóttari eða ógreiðari, heldur en vegur sá, sem stungið er upp á í 1. og 2. tölul.

Eiríkur Kúld: Eg og annar þingmaður tókum okkur þetta breytingaratkvæði í því skyni að koma máli þessu í það horf, sem æskilegast væri, og það var sýnt fram á það, að þessi nýi vegur, sem nefndin hefir stungið upp á, væri torsóttur, og mundi verða málinu til eintómrar fyrirstöðu. Að því er snertir tölul. 2., þá hélt uppástungumaður hinn háttvirti 6. konungkjörni, að 5 manna nefnd mundi nægja. Þetta kom líka til tals milli mín og þess háttvirta þingmanns, sem á breytingaratkvæðið með mér, hvort 3 eða 5 menn skyldu vera í þessari nefnd. Okkur virtist nú alveg óþarft að hafa 7, og 5 fullnóg, og kann ske 3, en þó vildum við ekki stinga beinlínis upp á því. Eg gat nú um það við undirbúningsumræðuna, að það mundi óhentugt fyrirkomulag, sem nefndin hefir hugsað sér, að nefndarmenn væri sinn á hverju landshorni, og mundi það, eins og eg líka tók fram þá, valda ærnum kostnaði; þess vegna finnst mér þessi uppástunga vera gripin alveg úr lausu lopti, að því er borgunina snertir, og væri því víst ráðlegra að fara hina vanalegu leið. Eg er heldur eigi óhræddur um, að þessir 4 menn, sem þingið kysi, kynni að segja: Eg veit ekki til, að alþing hafi rétt til að leggja mér þenna starfa á hendur kauplaust; það mega aðrir gjöra það fyrir mér. En ef konungur kveður mennina í nefndina, þá getur þetta ekki átt sér stað. Mig furðar því á því, að nefndin skyldi ekki ganga inn á uppástunguna undir 1. tölul. Eg vona nú, að nefndin hafi séð, að tölul. 7. getur varla komizt að hér á þinginu. En eg tók það fram, sem eg hafði á móti henni við undirbúningsumræðuna, og skal svo ekki orðlengja um það.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði nú, að uppástunga hans og hins 6. konungkjörna þingmanns miðuðu til þess að koma landbúnaðarmálinu á sem greiðastan veg. En eg er búinn að sýna, hvernig sá vegur er, svo eg hirði ekki að taka það upp aptur. Vegur sá, sem nefndin hefir stungið upp á, er óreyndur, og getur því enginn sagt um það að þessu sinni, hvort hann muni gefast vel eður illa. En mér sýnist uppástungu-

mennirnir hafi rekizt á sama skerið og nefndin, og það er, að hafa ei bent á, hvaðan skyldi taka laun handa þessari konunglegu nefnd sem þeir ráðgjöra. Þingmaður Barðstrendinga segir, að engi vandræði þurfi að verða úr þessu, þegar konungur skipi nefndina, því að hann muni sjá svo um, að hún fái starfa sinn endurgoldinn. En hvar hefir konungur fé til þess? Hann verður að fara annaðhvort til ríkisþingsins eða alþingis til að fá fèð, og kemur þá allt í sama stað niður, því í hvorutveggja tilfellinu verður um fjártillag að ræða. Úr því sem ráða er, vil eg helzt, ef uppástungur nefndarinnar fá ekki framgang, að málinu sè vísað frá að sinni, og það af fleiri en einni ástæðu, sem eg mun síðar skýra frá ef þörf gjörist,

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið á því, að uppástungumennirnir hafi strandað á sama skeri og nefndin, því að ef stjórnin eða konungur skipar þessa nefnd, þá ætlast hún sjálfsagt til, þeir fái laun, og getur hún þá bæði leitað ríkisdagsins með það, eða hún getur tekið það af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands, eða haft einhver úrræði til að útvega nefndinni borgun; en ef þingið setur þessa nefnd, þá mun stjórnin eigi þykjast hafa neina hvöt til að útvega henni borgun. En eg held, að bæði mèr og hinum uppástungumönnunum hafi gengið það til að setja þessar uppástungur til vara, ef þinginu þætti málið þess vert, að það væri eigi fellt, og það verð eg að telja að það sè.

Framsögumaður: Eg álít þetta mál að vísu mikilsvert, en eg álít það ekki svo undirbúið, að ákjósanlegt sè, að stjórnin taki það þegar til meðferðar. Það eru heldur eigi komnar svo eindregnar uppástungur um það frá landsmönnum sem nauðsyn er á, því að ef nokkurt mál er íslenzkt og snertir sèrstaklega Ísland, þá er það þetta mál; og þess vegna finnst mèr nauðsynlegt, að það sè undirbúið af þeim mönnum sem nákunnugir eru um allt land.

Ásgeir Einarsson: Eg gjöri nú eigi svo mikið úr því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það hefði skipzt svo um hagi fyrir þingið, síðan að nefndin lauk starfa sínum, að hætt sè við að málið dragist fremur fyrir það. Eg gjörði nú aldrei borgunina að aðalumtalsefni við undirbúningsumræðuna, heldur það, hvort nefndin mundi geta gjört gagn eður ekki. Eg veit það, að ef málið fer þann veg, sem stungið er upp á í 1. og 2. tölul.,

þá getur hlotizt mikið gott af því, að nefndin fái upplýsingar hjá stjórninni, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram. En það er aðgætandi, að jarðabæturnar eru hèr aðalatriðið, og þær ættu því að vera undirstaðan fyrir þessu frumvarpi, að því leyti nefndarmenn út um landið tæki þátt í málinu, en um þær getur stjórnin engar upplýsingar gefið af því sem nefndin starfaði að þessu máli, og þær yrði því minnst bornar undir þessa nefnd. En þegar þessi lög eru búin til, þá verður að gá að, hvernig nú er ástatt, hvernig hugsunarháttur þjóðarinnar er og á hvaða framfarastigi hún er, og eptir þessu verður að laga þessi lög. Þess vegna held eg, að tæplega sè tími til að bera upp þessa uppástungu nú. Það sýnist sumum rèttast, að þetta atriði væri sett í sjálfsvald milli landsdrottna og leiguliða, hvort þeir vilji gjöra jarðabætur eða eigi. En ef menn halda, að bókstafurinn reki betur á eptir mönnum í þessu efni, en skynsemi, sanngirni og hagnaður geta gjört, þá eigum vèr að fá lög. Það kom nú hèr eitt sinn túngarðaforordning, en ekki held eg, að menn reki sig á marga stórgarða frá hennar tímum, og ætli að eigi gæti nú farið eins? En ef þingmenn vildi nú taka sig saman hver í sínu hèraði, að safna þeim upplýsingum, er nauðsynlegar væri og gæti fengizt, þá tæki nefnd þessi þær allar saman undir eitt og byggi svo til frumvarp, er grundvallað væri á þessum uppástungum. Og þá held eg, að það væri eigi skaði, þótt málið dragist nokkuð, ef það yrði þá því betur undirbúið. Eg hefi ekki á móti því, að þessu máli verði frestað nú, og eg vil það heldur, heldur en að stjórnin sè nú beðin um að leggja frumvarp fyrir þingið um það, því að eigi mundi annað koma út af því en það, að stjórnin færi að skrifast á við yfirvöldin hèr um þetta mál, og kynni þá að koma fram ýmsar skoðanir um það. Síðan yrði nú sett nefnd í það líklega hèr í Reykjavík; það munu kann ske vera beztu búmennirnir!! En það er þó allt undir því komið, að í þessari nefnd sè góðir búmenn, er þekkja vel til jarðabóta, húsabygginga og fleira þess konar. En eg býst við, að þessir nefndarmenn hèr í Reykjavík mundu leita til þingsins til að fá laun fyrir starfa sinn, og getur skeð, að þau lentu á bændunum. Mèr er þetta mál í rauninni ekkert kappsmál, en af því það er komið inn á þing, þá vildi eg, að því væri veitt nokkur eptirtekt, því að það er veruleg undirstaða fyrir velferð og framförum þjóðarinnar, og þess vegna vildi eg, að þingið beindi því í þá stefnu, að það geti fengið sem bezt-

an undirbúning, svo að eigi þyrfti að vera að rugla í því upp aptur og aptur í gegnum embættismenn. En ef það fer núna til stjórnarinnar, þá veit eg ekki, nema því verði kastað fram og aptur milli stjórnarinnar og þingsins um óákveðinn tíma eins og hjúamálinu. Og vildi eg þá heldur, að það félli nú, og að þjóðin hugsaði sig betur um það áður en það gengi til stjórnarinnar. En eg þykist sannfærður um að uppástungumönnum 1. og 2. töluliðs hefir gengið hið bezta til.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist mál þetta vera svo áríðandi, að þingið eigi að gefa því góðan gaum, því góð landbúnaðarlög eru nauðsynleg í hverju landi sem er. Þar á móti get eg ekki fallizt á þá meðferð, sem þingið vill hafa á málinu; mèr virðist það ætti bezt við, að þingið biðji stjórnina um að leggja fyrir næsta alþing eða svo fljótt, sem því yrði komið við, frumvarp til landbúnaðarlaga, en láta það óákveðið, hvort stjórnin vildi setja nefnd í málinu eða ekki; hún gjörir það, ef hún finnur þess þörf. Stjórnin hefir í höndum miklar »Materialier« viðvíkjandi landbúnaðarlögum hèr, meðal annars landsleigubálk lagaðan eptir okkar tímum. Þetta er að vísu gjört fyrir nokkuð mörgum árum, en grundvallarreglurnar hafa ekki síðan breytzt. Það skyldi vera það eina, eins og þingmaður Strandasýslu tók fram, að stjórnin ekki hefði neitt í höndum viðvíkjandi jarðabótum, sem leiguliðar gjöra á ábúðarjörðum sínum, en hún getur þá skrifazt á um það atriði við amtmennina, og verði nefnd sett hèr í landi, getur nefndin sjálf fengið þær nauðsynlegu upplýsingar um þetta atriði; að öðru leyti munu slíkar jarðabætur ekki vera orðnar hèr svo almennar, að taki því að gefa út lagaákvarðanir um þær að svo komnu í þeim skilningi sem nefndin ætlast til. Eg finn þannig ekki ástæðu til þess, að vísi máli þessu frá. Að forseti skuli semja »Instrux« fyrir þá 7 manna nefnd, sem stungið hefir verið upp á undir 7. tölulið á atkvæðaskránni, álít eg ekki eiga við, eins og slíkt liggur fyrir utan verkahring forseta.

Benedikt Sveinsson: Það komu nú fram tvenns konar tillögur við undirbúningsumræðuna á móti nefndarálitinu. Það var sagt, að það væri alveg óhafandi sökum formgalla, því að þingið gengi hèr út fyrir sinn verkahring, og bryti grundvallarlög sín. En það gleður mig nú, að þessi mótbára er horfin við það sem bæði framsögumaður, konungsfulltrúi og forseti tóku fram. Hèr eru nú líka komin breytingaratkvæði undir 1. og 2. tölul. frá þeim sömu

mönnum, er mæltu á móti nefndarálitinu sökum þessa formgalla. Þetta á nú að vera nokkurs konar bragarbót fyrir það, að þeir vildu eyðileggja málið sökum þessa formgalla og á það að miða til þess að benda á hið rètta form, sem þetta mál eigi að komast í. Það getur nú verið, að þessi vegur sè góður, en eg held þó, að hann gangi eigi nærri hugsun nefndarinnar, og get eg um það skýrskotað til þess, er hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Strandasýslu tóku fram. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram eitt atriði í þessu máli, sem er eptirtektavert, og það er, að hèr er eigi að eins um það að ræða að endurskoða hin gömlu landbúnaðarlög, heldur og að breyta þeim samkvæmt þeim framfara anda, sem nú er að ryðja sèr til rúms hjá þjóðinni. Þetta er merkilegt atriði, að í sambandi við það sem lögin eru endurskoðuð, þá sè þeim breytt þannig, að sú breyting leiði til batnaðar í landbúnaði vorum, og að slík stefna geti rutt sèr til rúms, sem komið hefir fram í bænarskrám þeim, er nú hafa komið til þingsins. Þetta er nú gjört í nefndarálitinu, og þar með er alls eigi útilokað það sjónarmið, sem liggur í breytingaratkvæðunum, að málinu sè veitt áheyrn og að því sè þeint á þann greiðasta veg, sem orðið getur. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú rètt í því, að í tilliti til rannsóknar málsins, þá hefir stjórnin mikið Materiale; en það er eigi nema annari hlið málsins, sem það getur komið til góðs. En nefndin leitaðist við að finna það form, sem gæti sýnt hvort þetta landbúnaðarform hefði rót sína í nauðsyn tímans og í hugsunarhætti og vilja hinnar íslenzku þjóðar. Þetta getur nú eigi verið fullkunnugt stjórninni. Og þingið veit enn ekki, hvort þetta er fullkomlega almenn ósk, því að hver útkjálki landsins hefir jafnan rètt til að gefa atkvæði sitt um þetta mál, sem þannig yfirgrípur aðalbjargræðisveg og lifnaðarhátt allra landsmanna. Nefndin vildi nú einmitt benda á, að þetta atriði yrði fyrst að verða upplýst; en hún viðurkennir þó fyllilega, að hún geti eigi og vilji eigi grípa fram fyrir hendur stjórnarinnar. En hún vildi ráða þinginu til, að þetta landbúnaðarfrumvarp yrði svo vel undirbúið sem unnt er. Frá þessu sjónarmiði er nú uppástungum nefndarinnar eigi fullnægt, þótt fallizt sè á 1. og 2. tölulið, þótt þeir væri rèttir, ef þetta síðara atriði lægi ekki fyrir. En að því er launin snertir, þá hugsaði nefndin sèr, og eg vona, að uppástungumenn breytingaratkvæðanna hugsi hið sama, að það væri eigi lítil laun að vinna gagn fósturjörðu sinni. Þessi laun voru það, er nefndin

hugsaði, að nefndarmenn þessir fengi, en hver ítarlegri laun þeir eiga að fá, það verður bændastèttin að dæma um síðar. Eg held því, að uppástungur nefndarinnar þurfi eigi að vera fallnar, þótt ekkert sè ákveðið um borgunina, því að það liggur fyrir utan augnamið nefndarinnar. Þetta er líka eins óákveðið eptir tölulið 1. og 2.

Stefán Thordersen: Eg er nú einn af þeim, sem álít, að þetta mál sè mikils varðandi, og vil eg því engan veginn, að það falli, og þykir mèr illt, að hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Árnesinga skuli tala í þá átt. Það hefir nú verið sagt, að það væri eigi bætt úr með borgunina, þótt nefndin væri sett af konungi, en það finnst mèr þó, því það hefir að undanförnu ætíð verið venja, að konunglegar nefndir fengi borgun, því þá eru þær formlega settar, en hitt, að *þingið* setji nefndir, er með öllu óformlegt. Hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu þótti það nú lakara, að konungur setti þessa nefnd, því að hann gjörði ráð fyrir, að hún mundi þá verða hèr í Reykjavík, og hann var hræddur um, að þeir í Reykjavík væru ekki sem beztir búmenn; en eg veit ekki, hvað þeir batna við það í búmennskunni þótt þingið velji þá. Menn hafa líka talað um, að hægra væri þingnefndinni að fá nauðsynlegar upplýsingar hjá landsmönnum, en eg fæ ekki skilið, að landsmenn láti eigi eins hjálp sína í tè við þessa nefnd, þótt hún væri skipuð af konungi, auk þess sem það þá væri auðvitað, að stjórnin að fyrra bragði lèti í tè þær upplýsingar, sem hún hefir undir hendi. Að því er laun nefndarinnar snertir, þá hafði eg nú gjört þá uppátsungu, að nefnd þessi fengi enga borgun. En eg sameinaði mig samt við þingmann Barðstrendinga með mitt breytingaratkvæði, svo eg sleppti því. Það gladdi mig nú, að hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir fundið nýjan gjaldstofn, til að fá fè til að launa mönnum vinnu sína úr, sem sè *meðvitundina* um að hafa unnið föðurlandinu gagn og *velþóknun* bændanna. Það kann nú að vera, að sá vegur sè góður, og betur væri að svo sè, því þá erum við ekki á flæðiskeri staddir í fjárhag vorum, en eg er svo hræddur um, að þessi gjaldstofn kunni að verða fallvaltur, því það getur hugsazt að bændur í stað velþóknunarinnar segi á eptir við þá sem unnu: Hafðu skömm fyrir, og þeim svo þyki skömm til launanna koma. Það er að vísu bágt, að tölul. 1. og 2. komust eigi nærri hugsun nefndarinnar, og það var slæmt að eg komst ekki inn í nefndina; en það getur samt ekki bannað

mèr að koma fram með uppástungur um málið, þó þær stefni í aðra átt en nefndin. Eg kannast eigi við það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi eða forseti hafi hrundið þeim formgöllum, sem eg sagði, að væri á nefndarálitinu; og mig minnir ekki betur, en að sá, sem þá sat í konungsfulltrúa sætinu, segði, að sá vegur, sem nefndin stingi uppá væri ekki sem formlegastur. En eg vona nú að svona lítill ágreiningur standi ekki málinu i vegi, því að munurinn er að eins sá, að við uppástungumenn að 1. og uppástungumaður að 2. tölulið viljum, að *konungur* setji þessa nefnd, en nefndin vill, að þingið setji hana; (*Björn Pèturssón*: Það er satt!) en hvorirtveggja vilja að undirbúið sè frumvarp til landbúnaðar laga. Það er nú auðvitað, að 7. tölul. getur ekki átt sèr neinn stað eins og hann er hèr orðaður. Í öllu falli væri það víst bezt fyrst að spyrja hinn háttvirta forseta að því, hvort hann vildi taka þetta að sèr, því að eg ímynda mèr, að þingið hafi engan rètt til að skipa honum þetta eða trutta honum til þess, móti vilja hans.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, skal eg leyfa mèr að tala nokkur orð. Eg skildi hann nú mikið vel. Það er einmitt mikið beinn vegur að biðja stjórnina um að leggja frumvarp um þetta mál fyrir næsta þing og hafa ekki neitt með neina nefndarkosningu. Þetta er líka alveg samkvæmt meiningu þeirra manna hèr á þinginu, sem vilja láta allt dependera af dönskunni og vilja í hverju sem er skjóta sèr undir væng stjórnarinnar og bjóða fram sinn boginn hrygg nndir hvert það ok, sem henni þóknast á þá að leggja. Eg verð enn að fara nokkrum orðum um uppástunguna í 1. og 2. tölul., og er þá næst að skoða nokkuð nákvæmar, hvernig sá vegur hefir reynzt hingað til, sem þar er vísað á. Eg vil taka til dæmis upp á það meðferðina á hjúalögunum, og þó eru þau að eins lítill kafli úr öðrum lögum, nefnilega húsmstjórnarlögunum; og eg held, að það sè ekki of mikið til tekið, þótt sagt sè, að landbúnaðarlögin sè fjórfalt umfangsmeiri og margbrotnari en hjúalögin. Eins og kunnugt er, var nefnd sett hèr í Reykjavík 1855, til að semja þetta hjúalagafrumvarp. Eg skal láta ósagt, hvernig nefndin hefir leyst þann starfa af hendi; en við skulum nú gá að, hvað mörg þing hafi fjatlað um hjúalögin síðan, þau eru víst 4 (*Jón Guðmundsson*: Nei 3), jæja sèu þau ekki nema 3. Og hvað fáum við þa loksins upp úr þessu eptir 10 ár? Það sem lesið var upp úr brèfi lögstjórnarinnar hèr um daginn, að ef þingið gangi nú eigi að þeim

breytingum á frumvarpinu, sem stjórnin hafi gjört, þá skulum við engin hjúalög fá. Þegar stjórnin setur þinginu þannig stólinn fyrir dyrnar, þá sýnist mèr fyrst í óefni komið. Eg vil nú spyrja þingmenn, hvort þeir vilji freista sömu forlaga með landbúnaðarlögin? Hvert þeir vilji láta stjórnina hræra í þeim fram og aptur, og svo loksins láta þvinga þeim upp á sig, með miður viðeigandi ákvörðunum, eins og nú á sèr stað með hjúalögin. Eg segi fyrir mig, að eg vil heldur engin landbúnaðarlög en þau, sem stjórnin hefir sett inn í þær ákvarðanir, er mönnum þykja óhagfelldar og hún bannar þinginu að breyta.

Stefán Jónsson: Eg á bágt með að skilja það, að menn vilji fella málið, ef farinn er sá vegur, sem stungið er upp á í tölul. 1. og 2. En munurinn er þó ekki annar en sá, hvort konungur skuli setja þessa nefnd eða þingið kjósa hana og um það, hver erindisbrèfið skuli semja handa þessari nefnd, og get eg eigi sèð, að það geti gjört mikið til hins verra. Þótt gengið sè inn á 1. og 2. tölul., þá er þó málið samt ekki svo illa farið, að það geti að engu gagni komið. Menn vita að vísu eigi hverjir verða í nefndinni, ef konungur setur hana, en það er fljótsèðara, ef þingið kýs hana; menn geta samt eigi sagt með vissu, hverjir muni verða betri, það verða þó líklega Íslendingar, hver sem svo setur nefndina. Eg er því eigi svo glöggskyggn, að eg geti verið alveg vonlaus um annað, en haft beztu vonir um hitt. Hvort sem konungur skipaði nefndina eða þingið kýs hana, þá kæmi þó frumvarp hennar undir álit þingsins, og það getur gjört þær endurbætur á því sem þörf þykir á. Viðvíkjandi því, sem sagt var um hjúalögin, þá var mögulegt að eins hefði farið, þótt sú nefnd hefði verið sett af þinginu og bændur hefði verið með í henni. Eg vil því ekki kasta málinu, þó þingið kjósi ekki þessa nefnd, enda þó hún fái ekkert erindisbrèf. En það er víst töluvert verk að semja það, og óvíst, hvort því verður við komið nú í þinglok.

Jón Pálmason: Það hefir verið tekið fram í ræðum manna, að lítill munur væri á því, hvort alþingi kysi nefnd í þetta mál, eða konungur, en eg verð að álíta, að það sè stór munur á því. Kjósi stjórnin þessa menn í nefnd, þá mundi hún helzt halda sèr til manna hèr í Reykjavík sem máske væru lítt kunnir landbúnaði, því það er ekki eingöngu ætlunarverk nefndarinnar að endurskoða landsleigubálk, heldur grípur verkefni hennar yfir margt fleira, en ef þingið gjörir það, þá mundi kosningin falla á menn víðsvegar

út um land, sem kunnugir væri bæði hússbyggingum landsmanna og jarðabótum, sem nefndinni er einnig falið á hendur að segja álit sitt um, benda á og finna ráð til að koma í betra horf en nú gengst almennt við. Eg verð því eindregið að halda mèr til skoðunar nefndarinnar í þessu máli. Þar sem menn hafa hreift því, að hinn háttvirti forseti þingsins tæplega mundi vilja takast á hendur að semja erindisbrèf handa nefndinni, þá veit eg að vísu, að hann ekki er skyldur til að gjöra slíkt, en eg efast ekki um, að ef þingið færi þess vinsamlega á flot við hann, þá mundi hann fúslega taka það að sèr, þó eg sjái ekki nauðsyn til, að nefndin hafi nokkurt erindisbrèf, því þetta líkist privat samtökum á undirbúningi málsins til næsta þings.

Björn Pètursson: Eg verð að tala fáein orð í þessu máli, til þess að meðbræður mínir í nefndinni ekki beri mèr það á brýn, að eg sè alveg ónýtur verkamaður í grasgarðinum. Það er alveg satt, sem hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyja sagði, að aðalmunurinn á breytingar uppástungunum og nefndarinnar uppástungu er sá, hvort heppilegra sè, að konungur skipi nefnd þá, sem hèr ræðir um, eða þingið. Þeir uppástungumennirnir treysta nú konungi betur, en nefndin þar á móti þinginu, því mál þetta krefur flestum öðrum málum fremur mikinn kunnugleik til landsins og búnaðarhátta þess hjá þeim, sem um það eiga að fjatla. Sumir af mótstöðumönnum nefndarinnar hafa sagt, að það vantaði áburðinn í grasgarðinn, nefnilega peningana, en hann vantar líka hjá hinum heiðruðu uppástungumönnum, svo það er í því tilliti jafnt á komið með hvorttveggja. Að öðru leyti gleðst eg yfir því, hvað hinum hæstvirta konungsfulltrúa tekur sárt til hins háttvirta forseta, en mèr finnst nú reyndar, að hinum háttvirta forseta stæði næst sjálfum að kvarta. Ef hann skorast undan að semja erindisbrèfið, þá er sú uppástunga nefndarinnar þar með fallin; en eg get ekki ímyndað mèr, að hann gjöri það, þar sem einn af formönnum hans hefir áður tekið að sèr að gefa út »opið brèf«. Eg leyfi mèr þess vegna að skora á hinn háttvirta forseta um að gefa þinginu til kynna, hvort hann er ekki fáanlegur til að taka að sèr þenna starfa.

Forseti: Eptir áskorun hins háttvirta þingmanns skal eg lýsa því yfir, að eg finn ekki neina ástæðu til að skorast undan störfum þessum, ef þingið vill fela mèr þau á hendur. En eg verð að ítreka það aptur, sem eg gat um í undirbúningsumræðunni til þessa

máls, að mèr virðist vegur sá, sem nefndin hefir farið, bæði viðsjálli og óhagkvæmari, en ef farið væri beinlínis til stjórnarinnar, eins og venja hefir verið til og eðlilegast er. Þetta munu allir kannast við, sem til þess þekkja. Það er að öðru leyti auðvitað, að starfi sá, sem stungið hefir verið upp á að ætla forseta mundi ekki eingöngu lenda á mèr, heldur miklu fremur tveim þingmönnum sem ráðgjört er að þingið kjósi forseta til aðstoðar, svo að eg þurfi þá að eins að eiga meiri eða minni þátt í að semja erindisbrèfið, eða enda ekki annað en samþykkja það, sem hinir gjörðu.

Sighvatur Árnasson: Af því að eg hefi átt svo mikinn þátt í uppástungum þessa máls og yfir höfuð er annt um málið, verð eg hèr með að lýsa því yfir, að eg eindregið aðhylltist þá uppástungu sem kom fram í nefndinni um þessa stefnu málsins af því eg þóttist viss um, að nefnd sú, er alþing kysi á þann hátt sem þingnefndin ætlast til, ætti hægra með að nota krapta landsbúa víðsvegar um landið, þar eð í henni sætu menn úr öllum fjórðungum landsins. Það er meiri vissa fyrir því, að þessir menn sinn í hverjum landsfjórðungi gætu borið sig saman við hèraðsmenn og fært sèr bendingar þeirra í nyt. Ef konungur þar á móti setti þessa nefnd, ímyndaði eg mèr, að hún yrði hèr í Reykjavík; eg vantreysti nú að vísu ekki þeirri nefnd að fjalla um málið að því leyti sem í hennar valdi stæði, en mèr finnst það liggja opið fyrir, að sú nefnd gæti ekki nærri eins haft gott af tillögum manna víðsvegar um landið og sem sagt þess vegna ekki gæti orðið að eins miklu liði eins og nefnd sú, sem þingnefndin hugsaði sèr; eg óska og það er tilgangur minn, að þetta mál gangi þá leið sem því gegnir bezt, til að fá sem heppilegasta niðurstöðu. En hitt annað finnst mèr þýðingarlítið, hvort menn hafa meiri eða minni vissu fyrir því, að nefndarmenn þessir fengi borgun fyrir starfa sinn eða ekki. Viðvíkjandi því, sem nokkrir hafa sagt á þá leið, að bændur einir hafi gagn af þessu landbúnaðarmáli, þá þykir mèr það skrítin skoðun; menn verða að gæta þess, að »bóndi er bústólpi«, en »bú er líka landstólpi«; það eru ekki að eins bændur, heldur öll þjóðin í heild sinni, frá kotungunum upp til konungsins, sem þetta mál er jafnáríðandi.

Jón Pètursson: Mèr heyrðist á forseta, sem hann áliti það varla vert, að þingið sjálft kysi menn í nefndina, og þá held eg, að bezt væri að mál þetta væri látið falla, því mèr virðist varla ástæða til þess, að þingið biðji konung um að skipa nefnd í þessu máli, þar

það þá mundi hafa í för með sèr töluverðan kostnað, því ekki mundu nefndarmenn vilja starfa launalaust; það yrði þá örðugt að finna þessi laun, og menn neyddust til að leggja þau á landið, annaðhvort á lausafè eða fasteignir, sem hvorttveggja að vísu hafa nóga byrði að bera. Það er líka álit mitt, að stjórnin ekki þekki þá rèttu menn, sem kunnugir væru landsháttum og færir að fjatla um þetta mál, og eg álít það vafasamt, hvort þingið ei mundi fella frumvarp það, sem fyrir það yrði lagt af hendi stjórnarinnar, og væri þá unnið til einskis. Það er þess vegna að mínu áliti bezt, að máli þessu sè skotið á frest.

Forseti: Eg verð þó enn að geta þess, að það væri æskilegt fyrir mig að vita, hvort það er meining hinna heiðruðu þingmanna, að starfi sá, sem hèr er stungið upp á að ætla forseta, skyldi einungis koma til mín, eða hvort ekki væri svo til ætlazt, að hann væri sem hvert annað þingmál, svo að varaforseti skyldi taka eins við af mèr, ef eg hefði ekki lokið þessum starfa að mínum hluta, þegar eg færi af landi burt í haust.

Framsögumaður: Mèr finnst það sjálfsagt, að ef hinn háttvirti forseti ekki yrði búinn að semja erindisbrèfið, áður en hann færi hèðan, þá tæki hinn háttvirti varaforseti það að sèr, eins og vanalegt er í öðrum málefnum. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti forseti gat um við undirbúningsumræðu þessa máls, að nauðsynlegt væri, að menn hèr á landi »privat« undirbyggju mál þetta sem bezt, þá er eg þessu alveg samdóma; en mèr virðist, að slíkur undirbúningur yrði að ganga á undan því, sem stungið er upp á undir töluliðunum 1. og 2. á atkvæðaskránni; því verði hvorttveggja samfara, þá er eg hræddur um, að slíkur »privat« undirbúningur kæmist í bága við aðgjörðir nefndarinnar, eða að hún gæfi honum lítinn gaum. Þar á móti álít eg, að þessi undirbúningur væri nauðsynlegur, ef svo færi sem beinast liggur við, að þessu máli yrði frestað að sinni, því það gæti leitt til þess, að málið kæmi betur undirbúið til næsta þings, en nú átti sèr stað.

Jón Hjaltalín: Af því eg var einn af verkamönnunum í grasgarðinum, þá skal eg fara fáeinum orðum um breytingaratkvæði þau, sem hèr liggja fyrir. Það hefir verið sagt, að það kenndi margra grasa í grasgarði þessum, og þar eru líka margar liljur, en á hinn bóginn líka mikið af þyrnum og þistlum. Það getur nú verið, að vegur nefndarinnar sè ekki rèttur, en eg veit ekki,

hvort sá vegur er réttari, sem leiðir til þess að kasta allri sinni áhyggju upp á stjórnina, eins og sumir vilja. Eg held, að reynslan hafi sýnt það, hvað greiðfær þessi vegur milli þingsins og stjórnarinnar hefir verið, og þarf ekki lengra að fara en til nefnda þeirra, sem skipaðar voru hérna um árið í vegabótamálinu og hjúalagamálinu; eg veit þess vegna ekki, hvers vegna menn vilja vera að fjölga slíkum nefndum. Menn muna víst eptir skólanefnd þeirri, sem stjórnin setti fyrir skömmu; eitthvað höfðu menn, ef mig minnir rétt, út á hana að setja. Eg held það yrði málinu til skýringar og mikils gagns, ef menn meðhöndluðu það og undirbjyggju í landinu, áður en gengið væri til stjórnarinnar, og frumvarp hennar kæmi fyrir þingið. Ef þingið því fellst ekki á uppástungur nefndarinnar, þá held eg væri ráðlegast að skjóta málinu á frest. Breytingaratkvæðin, sem hér liggja fyrir, eru að mínu áliti til einskis gagns.

Jón Bjarnason: Eg verð að láta í ljósi þá meiningu mína, að ef konungur eða stjórnin enn á ný væri beðin um að semja frumvarp í þessu máli og senda þinginu, sem næst kemur saman, þá held eg það yrðu ekki nema sporðaköst ein úr því landa á milli; eg hefi ekkert traust til stjórnarinnar, að hún einu sinni geti samið það frumvarp, sem eptir landa og lýða háttum hér ætti við í því efni. Eg held að vísu, að málið mundi koma bráðlega frá stjórninni, og má ske strax að ári, en það mundi þó ekki, sem sagt, koma annað út af slíku frumvarpi, en sami kýtingur milli þingsins og stjórnarinnar, sem ávallt hefir orðið og mun verða, svo lengi sem stjórnin leyfir oss ekki að ráða okkar einföldustu sveitar- eður búnaðarmálum, án þess að danskur fleigur sé rekinn í, sem rífur eður spillir efninu. Eg gef því vara-uppástungunni eindregið atkvæði mitt, ef lagaboðið fæst ekki beint eptir ósk þingsins.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður nú gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Stefán Thordersen og Eiríkur Kúld, fellt með 15 atkv. gegn 8.
2. Halldór Friðriksson, fallið.
3. Nefndin (uppástunga a), samþykkt með 13 atkv. gegn 7.
4. Sama (uppástunga b), samþ. með 15 atkv. gegn 6.
5. Jón Sigurðsson, samþ. með 13 atkv. gegn 6.

5. Nefndin (uppástunga c með breytingu), samþ. með 14 atkv. gegn 6.
7. Nefndin (uppástunga d). Við þenna tölul. var við haft nafnakall, og fèll það þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Ásgeir Einarsson.	Eiríkur Kúld.
Björn Pètursson.	Halldór Friðriksson.
Hjálmur Pètursson.	Halldór Jónsson.
Jón Bjarnason.	Jón Guðmundsson.
Jón Sigurðsson.	Jón Pètursson.
Sighvatur Árnason.	Magnús Jónsson.
	Ólafur Sigurðsson.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Stefán Thordersen.
	Sveinn Níelsson.

Hinir greiddu ekki atkvæði.

Þannig var töluliður 7. fallinn með 12 atkv. gegn 6.

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið. — Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.* Framsögumaður er hinn háttvirti varaforseti og verður honum afhent málið.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls 479.

Framsögumaður: Eg hefi ekki margar athugasemdir að gjöra að svo stöddu í þessu máli. Nefndin átti ekki kost á að kynna sèr breytingaratkvæðin áður en atkvæðaskráin var samin og prentuð, eða fyrr en nú, svo nefndin hefir ekki getað talað sig saman um breytingaratkvæði þau, sem hèr liggja fyrir; þó held eg, að hún finni litla ástæðu til þess, að ganga að þeim. Eg skal að öðru leyti ei orðlengja um 1. og 2. gr. frumvarpsins, en að eins benda hinum háttvirta konungsfulltrúa og þinginu á það, viðvíkjandi 12 mánaða vistinni, að þar sem stjórnin heldur fram skemmri vistarráðum og um óákveðinn tíma, þá lítur svo út, að hún hafi gleymt ákvörðununum í 4. og 5. grein, því þar er beinlínis gengið út frá 12 mánaða vistartímanum, sem hinni almennu reglu. Svo að ef þessi uppástunga hennar um óákveðinn skemmri vistartíma, væri tekinn upp í 2. grein á þann hátt sem stjórnin stingur upp á, þá yrði nauðsynlega að breyta 4. og 5. grein sam-

kvæmt því, en það hefir stjórnin ei gjört. Eg vona að það verði tekið fram í álitsskjalinu til konungs, að þar sem að stjórnin kallar það of mikið band á frelsi manna, að menn ekki megi ráða sig í vist um skemmri tíma en 12 mánuði, að þetta er í raun réttri ekki svo, þar sem að hjú geta samið svo við húsbændur sína, að *þau* geti sjálf ráðið sèr, farið í kaupavinnu og ráðið sig til vertíðar og s. frv. hjá 3 manni, nokkurn hluta af þeim 12 mánaða vistartíma, sem um er samið milli húsbóndans sjálfs og hjúsins.

Konungsfulltrúi: Eg tók við undirbúningsumræðuna það fram, sem eg hefi að athuga við nefndarinnar uppástungur undir 1. og 3. tölulið á atkvæðaskránni, viðvíkjandi 16 ára aldurstakmarkinu og 12 mánaða vistinni, og skal eg ekki taka það upp aptur, en skýrskota til þess hèr, og sèr í lagi til athugasemda stjórnarinnar viðvíkjandi þessum 2 atriðum. Um hin breytingaratkvæðin skal eg ekki tala, því þau eru síður veruleg. Ákvörðunin í breytingaratkvæðinu undir tölulið 14, hefir stjórnin ekki á móti að takist inn í lögin, og skal eg því ekki tala um þessa ákvörðun, enda þó eg ætli, að það takmark, sem hèr er ákveðið, sè allt of þröngt, og ekki algjörlega samkvæmt því, sem hèr við gengst.

Eg kem þá að endanum, eða að atkvæðinu undir tölulið 52., og hefi eg það á móti því, að það er allt of óákveðið. Hinn heiðraði uppástungumaður veit nefnilega ekki, hvernig málalyktir muni verða nú þegar, og hann veit ekki, hvernig málið kemur frá alþingi, og því virðist mèr þessi uppástunga koma undarlega við.

Að öðru leyti kennir það, eins og þingmaður Árnesinga tók fram, einhvers konar keppni hjá þinginu gagnvart stjórninni, að vilja endilega halda því til streytu um aldurstakmarkið og 12 mánaða vistina, því það er, hvað 18 ára aldurstakmarkið snertir, búið að sýna og sanna, að það er á gildum rökum byggt, sem stjórnin hefir sagt um það atriði. Það er í rètt skildar þarfir unglings frá 16 til 18 ára, að þeir ekki skuli mega upp á sitt eindæmi ráða sig í vist upp á eigin hönd, og brjótast ef til vill frá foreldrum sínum, stundum uppgefnum, til annara, og þessir unglingar geta opt hitt fyrir slæma samastaði, og það optar haft veruleg áhrif á líf þeirra eptirleiðis, enda eru unglingar 16—18 ára eptir þeirri gildandi löggjöf ekki bærir um, að vista sig sjálfir, og mig furðar á því, að menn skuli kalla þetta ófrelsi, og leggja á það mikla áherzlu.

Viðvíkjandi 2. grein hefi eg tekið það fram, að það hefði, eins og stæði hèr á, litla praktiska þýðingu, þó menn fengi að vista sig fyrir skemmri tíma, nema í kaupstöðunum, en þar getur það átt vel við. Að öðru leyti vista menn sig opt að hálfu og að þriðjungi úr ári, svo styttri vistarráð en árlangt, eru hèr kunn, en það játa eg, að allt er miðað við 12 mánuði. Eg skal svo ekki fjölyrða fremur en eg er búinn um málið, en lýsa því yfir, að eg vona að þingið, sem áður hefir lagt mikinn áhuga á þetta mál, hlynni frá sinni hlið að því, að því geti orðið ráðið til lykta.

Framsögumaður: Já, — mèr þykir ekki og hinu heiðraða þingi hefir ekki þótt það smáatriði, sem valda ágreiningnum milli stjórnarinnar og þingsins út af 1. og 2. grein frumvarpsins, og eg vona þrátt fyrir það, þó hinn háttvirti konungsfulltrúi gjöri mikið úr hinum nýju ástæðum stjórnarinnar, eg vona þrátt fyrir þetta segi eg, að bæði hann og stjórnin taki til góðra greina ástæður nefndarinnar, og virði fyrir sèr, hvort þær eru ekki eins ríkar og þessar margendurteknu ástæður stjórnarinnar. Konungsfulltrúi tók þar næst fram, að lítil von væri til þess, að stjórnin breytti skoðun sinni um þessi atriði málsins. En þá verð eg að segja, að það er sorglegt, ef stjórnin ekki tekur til greina ástæður, byggðar á landslögum vorum og landsvenju, og almennum vilja landsmanna, sem fulltrúar þjóðarinnar aptur og aptur hafa yfirlýst, þar sem þar á móti engin bæn hefir komið frá landsmanna hálfu um það, að þingið aðhyllist skoðun stjórnarinnar, um öll þessi ár, er hjúalagamálið hefir verið á hrakningi og umþráttunarefni milli hennar og þingsins. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að 18 ára aldurstakmarkið sè fast ákveðið í D. L. 3.—17. eða N. L. 3.—19. og lögleitt hèr með tilskipun 21. desember 1831. Það er sjálfsagt, að öllu má nafn gefa með lögleiðingu, en hvar er í D. L. 3.—17. talað um persónulegt frelsi eða umráð manns yfir persónu sjálfs sín. Illjóðar ekki allur sá lagastaður um fjárforráð? Öðruvísi hefir hann aldrei nè neinstaðar verið skilinn eða honum beitt hèr á landi. Til hvers er þá, að ota upp á Íslendinga alveg nýrri og óþekktri lagaákvörðun, sem er jafn gagnstæð hugsunarhætti manna hèr, eins og rèttarvenju og almennri landsvenju? Til hvers er að vera að berjast við það nú, að gefa tilskipun 21. desember 1831 þá þýðingu, sem engum hefir komið til hugar að gefa henni um næst liðin 34 ár síðan hún kom út? Og hvernig

getur stjórnin sagt sem svo: «Fyrst þessum lögum er fylgt hjá oss í Danmörku, skulu það líka vera lög hjá ykkur á Íslandi, þrátt fyrir alla rèttarvenju? Það var nokkuð líkt, sem stjórnin stefndi og hèlt fram í öðru frumvarpsmáli, er hún lagði fyrir þingið 1861 og aptur 1863, er hún gat ekki fallizt á tillögur þingsins 1861; lagði hún því sama frumvarpið fyrir þingið 1863, bar fyrir sig mótbárur og skoðun konungsfulltrúans í álitsskjali hans um málið; byggði stjórnin þar á og sagði, að skoðanir þingsins (1861) væri «einstrengingslegar», og gaf þar í skyn, að breytingaruppástungur þingsins stefndu að því, sem gæti spillt hugsunarhætti manna hèr á landi. Þetta var í ástæðum stjórnarfrumvarpsins til opins brèfs um breytingu á tilskipun 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi; það getur hver sem vill lesið ástæðurnar fyrir frumvarpi þessu í alþingistíðindunum 1863; stjórnin segir sjálf, að þær sè byggðar á skoðun og tillögum konungsfulltrúans um málið. En þingið 1863 hèlt fast við sína fyrri skoðun og breytingaruppástungur, og færði nýjar og ítarlegri ástæður fyrir þeim, og leið vart meir en hálft misseri frá því þær bárust stjórninni, áður hún fèllst á þær að öllu, og lagaboð kom út samkvæmt tillögum þingsins; því hún gat ekki lengur dulizt þess, að þær væru á fyllstu rökum byggðar. Eins gæti farið enn, og það vona eg verði í þessu máli, að stjórnin láti sannfærast af góðum og gildum rökum, en haldi málinu ekki lengur til kapps móti ástæðum þingsins, og þessu treysti eg því fremur, sem mèr skildist eigi betur en að hinn háttvirti konungsfulltrúi fremur mundi nú ætla að styðja skoðun og tillögur þingsins, en ekki. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um breytingaratkvæðin, og ekki heldur um tölulið 52 á atkvæðaskránni, þó að sú uppástunga hafi ekki fundið náð fyrir augum hins háttvirta konungsfulltrúa og nokkurra annara þingmanna. Þetta breytingaratkvæði er þar að auki líka loka-uppástungan á atkvæðaskránni, svo þegar kemur að henni, þá sèst það og verður komið í kring, hvernig atkvæðagreiðslan hefir ráðizt við frumvarpið sjálft, og þá verður ljóst hvað gjöra skal við uppástungu þessa, og hvort ástæða verði til, að samþykkja hana eða hafna henni.

Jón Pálmason: Eg skal ekki fara mörgum orðum um mótbárur þær, sem færðar hafa verið gegn breytingu nefndarinnar á 1. gr. frumvarpsins, því hinn hátttvirti framsögumaður hefir svarað þeim. Eg skal að eins minnast á mótbárur hins hæstvirta

konungsfulltrúa móti breytingu nefndarinnar á 2. gr. Hann sagði, að venja væri í Danmörku að vista sig til skemmri tíma en 12 mánaða, og það jafnvel til eins mánaðar. En eg vil spyrja hann, hvað mundi leiða af því, ef slík venja væri lögleidd hèr á landi? Eptir minni ímyndun mundi afleiðingin verða sú, að menn mundu vistast hingað og þangað á sama árinu og hvorki binda sig við hreppinn eða sóknina, sem þeir áður hefðu dvalið í, og einmitt undir þessu yfirskyni verða lausamenn, þegar þeir mættu ráða sig í vist að eins einn mánaðar tíma, og þegar síðan þyrfti að vita, hvar einn ætti framfærslu rètt, þá yrði það ómögulegt, því þá væri hann að líkindum hvergi að finna í kirkjubókunum og sjá allir, hverjum ruglingi og ágreining þetta gæti valdið. Þetta bið eg þingmenn vel að athuga, því það er engan veginn þýðingarlaust. Eg vil minnast á breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu undir tölul. 17. Hann vill, að ákvörðunin um matarverð falli burt. En getur þingmaðurinn ekki ímyndað sèr það dæmi, að húsbóndi ráði til sín það hjú, sem einungis sè matvinnungur, er ekkert kaup hefir áskilið. Hvernig fer þá fyrir því hjúi, ef húsbóndinn segir upp vistinni? Er það vel statt, ef það missir matarforðann. Eg segi nei; það getur þá hæglega farið svo, að hjúið lendi á sveitinni fyrir aðgjörðir húsbónda, og sjá allir hvað það er ósanngjarnt, ef slíkt væri lögleitt. Sama er að segja um 44. tölulið. Eg skil ekki, hvernig hann álítur sanngjarnt, að hjúið fái ekki mataverð (*Pètur Pètursson*: Það fær skaðabætur), ef það skyldi neyðast til að fara úr vistinni fyrir ólögmætar orsakir, máske að haustnóttum eða um hávetur, þegar menn ekki geta fengið neitt að gjöra sèr til atvinnu; að minnsta kosti vil eg heyra ástæður hans fyrir því.

Björn Pètursson: Eg held það sè bezt, að ljúka strax af að svara spurningu hins heiðraða þingmanns Húnvetninga. Hann spurði um, hvað hjúið fengi hjá þeim húsbónda, sem riptaði vistarráðum, ef því ekki væri áskilið kaup, og er sjálfsagt, að það fær ekkert. En eg vil aptur spyrja: (Hvað getur húsbóndi fengið hjá því hjúi, sem ræðst til hans, án þess að nokkurt kaup sè áskilið? Sjálfsagt ekki neitt. Svo þetta gengur upp hvað á móti öðru. Meining mín með breytingaratkvæðinu var að leggja jafnar sektir við, hvort sem húsbóndi eða hjú ætti hlut að máli, og því gjörði eg breytingaratkvæðið við 10. gr. og varaatkvæðið við 11. gr. Eg spyr: Hvort er tíðara, að húsbóndi ripti vistarráðum

án lögmætra maka, eður að hjúið gjöri það? Eg vona að öllum beri saman um það, að hjúið ripti optar vistarráðum en húsbóndi, eins og eðlilegt er, þar það kemur af því, að vinnuhjúaeklan er svo mikil í landinu, en þar á móti engin húsbændaekla. Er þá ekki óeðlilegt, að leggja meiri en helmingi meiri hegningu við þessu lagabroti húsbóndans? Honum er gjört að gjalda hjúinu umsamið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu, ef hann riptar vistarráðum án lögmætra orsaka. En hjúið þarf ekki að gjalda nema áskilið kaup, þó það bregði vistinni. Er þá ekki óeðlilegt, segi eg, að minni hegning sè lögð við það brot, sem optar á sèr stað, nefnilega að hjúið ripti vistarráðum án lögmætra orsaka? Eg held, að allir hljóti að vera samdóma um, að það sè rangt, nema ef þingið vildi styðja að því, að hjúin sem optast gjörðu sig sek í þessu. Þá væri alveg rètt að gjöra þeim sem lèttast fyrir með að svíkja húsbændur sína. En eg er viss um, að þingið í rauninni vill það ekki, heldur einmitt sporna við óreglunni á báðar síður. Viðauka-atkvæði mitt undir tölulið 21. gjörði eg til vara, ef breytingaratkvæðið undir tölulið 17 yrði ekki samþykkt, svo að jafnvægi fengist við matarverðið. En í rauninni vildi eg helzt, að það félli alveg og alstaðar í burtu, eins og eg lèt í ljósi við undirbúningsumræðuna. Um 28. breytingaratkvæði þarf eg ekki að tala. Þingið samþykkti það í einu hljóði 1863, og það liggur í augum uppi, hvað það er eðlilegt. Um atkvæðaskrá þessa skal eg að öðru leyti ekki fjölyrða, heldur eptirláta það öðrum. Það er reyndar, sýnist mèr, nokkuð athugavert við 4. gr. frumvarpsins, sem nefndin þó hefir samþykkt. Hún hljóðar sem sè svona: »Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.». Eg veit nú ekki, hvað langt þetta »*og svo framvegis*« á að ná (*Stefán Thordersen*: Að 365. parti!!). Kann ske að ætlast sè til, að hjúið megi ráða sig sama árið á 365 stöðum, og sinn daginn hjá hverjum!!! Eg fyrir mitt leyti vil klípa þetta »og svo framvegis« aptan af; það er að mínu áliti nóg að skipta hjúinu í 3 parta, þó því sè ekki skipt í 365 parta á einum 12 mánuðum (*Jón Pálmason:* Fyrr má staðar nema). Hvar þá? (*Jón Pálmason*: Venjan segir til). Það sèst hvergi á frumvarpsgreininni, að þetta sè bundið við neina venju. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagðist halda, að stjórnin gæti ekki fallizt á 1. og 3. tölulið; en eg vona þó, ef hann mælir með þessum töluliðum, sem eg vona að þingið fallist

á, ef það vill vera sjálfu sèr samkvæmt, þá muni stjórnin fallast á þá. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi er svo frjálslyndur, að hann vill, að sem flestir njóti frelsisins, og fái það sem fyrst. Það er ófrjálslegra að þurfa að bíða eptir persónulegu frelsi, þangað til maður er 18 ára. Það er skrítið, að 16 vetra gömul stúlka skuli geta gipzt og tekizt á hendur þá stöðu, sem bæði er mjög vandasöm og þýðingarmikil, en þó ekki mega ráða sig í vist einn árs tíma. Eg vona að stjórnin fallist á þessa grein eins og þingið vill hafa hana, eptir meðmælum hins hæstvirta konungsfulltrúa, og það verði óþarft að samþykkja 52. tölul.

Stefán Jónsson: Að því leyti sem hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu talaði um, hvað húsbúndi fengi hjá hjúi, sem ekki er áskilið kaup, þá ætti hann að gæta að, hvað húsbóndinn missir. Hann missir vinnuna, og hjúið matinn, og það jafnar sig hvað á móti öðru, og því hefir nefndin rètt; flestir sem vistast fá þó föt utan á sig, og er það nokkurs konar kaup, þó það ekki sè áskilið í dalatali. Að því leyti sami þingmaður talaði um jafnrètti húsbænda og hjúa, þá er venjan, að húsbóndi falar hjú sitt; það er því munur, hvort húsbóndi falar hjúið, og segir síðan upp vistinni, eða hjúið ekki getur staðið við vistarráðin; húsbóndinn verður að álítast meira verður en hjúið, honum er ætlað að hafa meiri athuga á skyldu sinni, en t. a. m. ungling, sem ekki er orðinn eins fastur í ráði sínu, sem eldri maður. Eg fellst því fremur á uppástungu nefndarinnar en breytingaratkvæði þingmanns Suðurmúlasýslu.

Benidikt Sveinsson: Hinir heiðruðu þingmenn muna eflaust eptir því, að eg áskildi mèr breytingaratkvæði við greinarnar 7—9 og 11—13, en þessi breytingaratkvæði hafa ekki komið á atkvæðaskrána. Það er nú í fyrsta skipti, að eg ekki hefi komið með breytingaratkvæði þau, er eg hefi áskilið mèr, og því vil eg nú færa þinginu ástæðu fyrir því. Þegar eg hugsaði mig nákvæmar um, þá sá eg hið sèrstaka ásigkomulag máls þessa. Það liggja nú fyrir þinginu tvö álit, annað nefndarinnar, og hitt stjórnarinnar sjálfrar; álit stjórnarinnar er eldra, og það kom inn á þingið jafnframt með málinu sjálfu, og í þessu áliti eða rèttara sagt yfirlýsingu stjórnarinnar er sagt, hverjar breytingar þingið megi gjöra, ef frumvarpið eigi að geta orðið að lögum. En í áliti nefndarinnar er ráðlegging hennar, sem hún samt sem áður býður þinginu, viðvíkjandi breytingu á sumum greinum frumvarpsins.

Þessa »Collision« milli stjórnarinnar og þingsins hefi eg ekki getað greitt, og því þorði eg ekki að koma með breytingaratkvæðin; enda sá eg, að þau mundu ekki vera til annars en lengja fyrir málinu eður hindra það. Því að eg get ekki skilið annað, en að stjórninni sè full alvara með, að láta engi lög koma út um málið, ef frumvarpinu er breytt. Þetta leiðir mig til að fella dóm yfir skoðun nefndarinnar. Eg er í raun réttri á þeirri skoðun, að breytingin undir 1. og 3. tölul. sè á rökum byggð; því eg álít allar breytingar, sem gjörðar hafa verið við frumvarpið nauðsynlegar. En af þessari ástæðu, að þingið engu má breyta, er eg móti 1. og 3. tölulið, og er það óþarfa kapp, að halda þeim breytingum fram, þar sem stjórnin fyrir fram lýsir yfir, að engu megi breyta, eigi frumvarpið að fá lagagildi, því hefði eg helzt óskað að þessar breytingar ekki væru á atkvæðaskránni fremur en mínar. Hvað 16. tölul. snertir, þá man þingið, að eg 1861 var allt af á móti þessari grein, enda var hún þá felld. Síðan skrapp hún inn aptur 1863, en þá felldi stjórnin hana, og mun því harðsótt nú að setja hana inn aptur, þar hún er fallinn með tvöföldu móti. Eg álít því réttast nú fyrir þingið annaðhvort að taka frumvarpið óbreytt, eða að óska málinu frestað, því ef nokkur breyting er gjörð við frumvarpið, sem stjórnin sjálf segist ekki geta fallizt á, þá kemur frumvarpið ekki út sem lög; það er þannig einungis um tvennt að gjöra, að taka frumvarpið eins og það er, eða fresta málinu, og þá er spurning hvort af því sè betra. Eg fyrir mitt leyti er á því, að betra sè að fresta málinu, og þykist eg ekki hóglegar geta gengið meðalveginn milli þingsins atkvæða, og stjórnarinnar, sem ein ræður, hvort frumvarpið verður að lögum. Eg álít það annars virkilega sorglegan eltingaleik milli stjórnarinnar og þingsins, þar sem um hvílík lög er að ræða, að þannig skuli þing af þingi vera þráttað um þau atriði, sem ekki ættu að valda neinum verulegum ágreiningi milli þings og stjórnar. Eg bendi á það, að það hefir verið mjög kappsamlega sótt og varið á báða vegu, að hve miklu leyti 16 ára aldurinn væri gildandi lög. En þetta er hvorki meira nè minna en dómsmál (Rètt!), og heyrir hvorki þinginu nè stjórninni til að ráða úrslitum þess. Viðvíkjandi 12 mánaða vistarráðunum skal eg geta þess, að málið er ekki svo lagað, að gagn sè í ýtarlegri rannsókn þess hèr á þinginu, hvað sè lög í því efni; óska eg því, að það sem er lög, fái að halda áfram að vera lög, og vil eg því að þingið fresti málinu.

Sighvatur Árnason: Eg ætla með fám orðum að láta í ljósi ástæðu mína fyrir breytingaratkvæði mínu undir 43. tölulið. Þar kann nú að blasa svo fyrir, að ekki eigi við að draga úr matarverðinu, sem um er getið í 29. gr. frumvarpsins, eða þeirri ákvörðun, sem ákveður skyldur húsbóndans við hjúið, ef það fyrir löglegar ástæður hleypur úr vistinni, eður ef húsbóndi rekur það úr vistinni án löglegra ástæðna. En það virðist að geta komið svo fyrir hèr sem optar að sjaldan veldur einn þá tveir deila og á hinn bóginn, að full ástæða sè fyrir hjúið að hlaupa úr vistinni, en það geta líka verið tylliástæður. Það er hart ef hjúið hleypur úr vistinni fyrir að eins lögmætar ástæður strangt tekið máske fáum vikum eptir að það kom í hana, því sè það vinnumaður þá getur hann krafið húsbónda eptir tjeðri grein, um nál. hndr. á landsvísu í matarverðið, og undir það annað eins í kaup sitt, eptir því sem venja er til að það svari 20 rd; þetta gæti leitt til þess, að efnalitlir bændur yrðu ekki búfærir á eptir. Mèr virðist líka þessi ákvörðun geta leitt til þess að spilla því umburðarlyndi, sem nauðsynlegt er á heimilum manna, millum húsbænda og hjúa, því sum hjú mundu finnast svo lynd, að þau ekki lètu sèr annt um að gefa sinn hlut eptir, þegar þau vissu af svona góðum bakhjalli hvað sem fyrir kæmi. Og á hinn bóginn, auk þess áður sagða, geta ýmsar tálmanir komið fyrir utan að frá eða ginningar sem leiði hjúið til að nota sèr hverja þá ástæðu, sem hèngi í því að vera lögmæt, og brúka þetta fyrir gróðaveg að hlaupa svona til annars manns upp á fyllstu skyldur, og bera með þessu móti margfalt úr býtum. Því vil eg ráða þinginu til að ahyllast 5—10 álnir fyrir hvern mánuð, í staðinn fyrir þær fast ákveðnu 10 áln. í frumvarpinu.

Jón Sigurðsson: Hvað 3. tölul. snertir eða breytingaratkvæði við 2. gr. frumvarpsins, þá get eg ekki annað en verið sannfærður um, að sú breyting sè á rökum byggð; því ef vistartíminn væri hèr óákveðinn, þá mundi það leiða til hinna mestu vandræða. Það hagar öðruvísi til í sveitum hèr en í Danmörku eður kaupstöðum, því ef vistartíminn væri ótakmarkaður, mundi þar af leiða, að margur vistaði sig til svo og svo stutts tíma. Eg tek til dæmis, að margur mundi vista sig að eins til hálfs árs eða um hinn svo kallaða bjargræðistíma til að drífa upp sem mest kaup, en eins og kunnugt er, þarfnast menn mest hjúa um þann tíma, en minna að vetrarlagi, og hvað yrði svo úr fyrir þeim hinum sama? Ef

enginn yrði til að taka hann í vist? Um hinn helming ársins eða að vetrinum hlyti að reka að því, að hreppurinn yrði að taka við honum, því eptir hinni nýju lausamannalöggjöf má hann eigi flakka um. Þetta bið eg menn vel að athuga. Með 17. tölul. gef eg atkvæði mitt, hve mikið sem haft hefir verið móti honum, af því mèr þykir ákvörðunin um vistarrofið í 10. gr. of hörð. Eptir því, sem eg þekki til almennt, er venja að greiða hálft kaup fyrir vistarráðarof, og finnst mèr of mjög vikið frá venjunni, að gjöra húsbónda að skyldu, að greiða hjúinu allt að 60 rd. fyrir einfalt vistarrof, því kaupið og matarverð getur munað því. Eg vil spyrja: Er það samkvæmt gildandi lögum, að svo háar sektir eigi sèr stað fyrir einfalt samningsrof. Eg held ekki, og því held eg, að það yrði ærin ósamkvæmni í löggjöfinni, ef þessi ákvörðun yrði tekin inn í hana. Svo sè eg ekki betur en að rètti húsbóndans sè stórum hallað gagnvart hjúinu, með slíkri ákvörðun. Eg man vel, að hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði við inngangsumræðuna, að þessi ákvörðun væri rètt og eðlileg, af því að húsbóndinn væri með vistarsamningnum skuldbundinn að greiða hjúinu bæði kaup og fæði, en hjúið honum aptur vinnu, að eins fyrir kaupinu. En þetta er ekki þýðing á vistarsamningi. Frá húsbóndans hlið er samið um kaup og fæði, en frá hjúsins hlið er ekki einasta samið um vinnu fyrir kaupið, heldur einnig um vinnu fyrir fæðið; þegar nú þannig er um samið milli húsbónda og hjús, standa bæði jafnt að vígi, og eiga jafnháan rètt, ef samningurinn er rofinn. Ef nú húsbóndinn missir hjúið fyrir vistarrof, þá missir hann ekki einasta alla vinnu hjúsins fyrir kaupi og fæði, heldur einnig allan þann arð, sem hann gat vænt sèr af vinnunni. Eg bið þingmanninn að athuga það vel, að kaupgjaldið er að eins minnsti hlutinn af því, sem um er samið milli húsbónda og hjús, því fæðið er aðalatriðið. Eg vil því, að matarverðinu sè sleppt út úr frumvarpsgreininni, eins og breytingaratkvæðið fer fram á, og að sú ákvörðun sè látin standa í löggjöfinni, að það sè að eins kaupið sem um gildir, ef vistarráð eru rofin, hvort sem heldur hjú eða húsbóndi gjörir það, og það sýnist mèr fullstrangt; mèr finnst líka munur, hvort riptað er vistarráðunum, áður en hjúið kemur í vistina eða eptir það; það er meiri skaði og lakara að afleiðingunum til fyrir hjúið, ef það er rekið úr vistinni eptir að það er komið til hans, en þó að vistarráðin sèu rofin á undan, því þá stendur hjúinu opinn vegur fyrir að vista sig á öðrum stað, og getur orðið því alveg

bagalaust. Fyrir tölul. 52. gef eg atkvæði mitt, því ef frumvarpið fæst ekki löggilt með breytingum þeim, er nefndin hefir stungið upp á, þá vil eg engin hjúalög.

Framsögumaður: Eg neyðist til að svara fáeinum orðum, einkum hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga út af matarverðinu. Það er satt, sem þingmaðurinn sagði, að það er í raun og sannleika mikill munur á því, hvort riptað er vistarráðum áður en hjúið er farið í vistina, eður eptir að það er komið í vistina. Á þessu var líka gjörður ljós greinarmunur þegar í frumvarpi hjúalaganefndarinnar frá 1858, og stjórnin aðhylltist það með mjög litlum breytingum í fyrra frumvarpi sínu, er lagt var fyrir þingið 1861. En þá (1861) vildi þingið ekki greina þetta, heldur blandaði saman þessum sundurleitu hugmyndum, og setti eina og sömu ákvörðun fyrir *vistarrof* (áður en vistartíminn var byrjaður), og fyrir það ef hjúið stryki úr vistinni eða húsbóndinn ræki hjúið úr vist, án löglegra orsaka. Eins og má sjá af þingtíðindunum 1861, stríddi eg fyrir því, að þessum greinarmun í stjórnarfrumvarpinu yrði haldið, en hvorki konungsfulltrúi og því síður aðrir, urðu til að styðja stjórnarfrumvarpið 1861, að þessu leyti. Í hinu seinna frumvarpi, er stjórnin lagði fyrir 1863, hafði hún óskiljanlega fallizt á þessar breytingaruppástungur þingsins 1861, alveg ummælalaust; eg vildi þá ekki hefja nýja keppni út af þessu, þó að eg væri þá sem fyrri, og eins og eg er enn, sannfærður um, að það er skökk hugsun og ónákvæm í mesta máta, sem hèr er lögð til grundvallar; en stjórnin var nú svo fús á að fallast á þetta, og þingið 1863 samþykkti það í annað sinn. En allt um það, og þó að eg sè samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga um, að rètt sè að gjöra þenna greinarmun, þá sè eg ekki til neins, að þingið fari nú fram á breytingar í þessa átt, þvert í móti því sem þingið hefir tvisvar samþykkt og stjórnin hefir sömuleiðis tvisvar aðhyllzt (Einn þingmanna: «Breytingaratkvæðið töluliður 21? gjörir það»). Það er ekki svo vel, það er að sönnu falleg hugsun, að húsbóndi og hjú eigi að standa jafnt að með halla og skaðabætur, en menn verða að játa, að hallinn verður í mörgu tilliti ólíkur húsbóndans megin og aptur hjúsins megin. Ef hjúið t. d. er án saka rekið úr vistinni undir vetur, stendur þá húsbóndi og hjú líkt að með skaðann? (*Björn Pètursson:* Skaðabæturnar!). Þær nægja ekki (*Björn Pètursson*: Jú!). Það sèr þó hver maður, að þó húsbóndi missi vinnuna hjúsins, þá sparar hann fæðið þess, og það er ekki víst,

að hjúið, ef það er á versta tíma rekið úr vistinni, geti þá komið sèr fyrir í mat annarstaðar. Þess vegna, þó eg að öðru leyti ekki sè fastur á matarverðsákvörðuninni, álít eg ekki gjörandi, að breyta henni nú. Hinn heiðraði þingmaður Árnesinga gekk fram fyrir skriptastólinn eða settist í hann, til þess að gjöra grein fyrir, hvers vegna hann nú lèti sín góðu og gömlu breytingaratkvæði við 7.—9. og 11.—13. og 19. grein falla niður; eg get ekki sagt annað um það, en að þingmaðurinn gjörir hyggilega og rètt, bæði fyrir sjálfan sig og þingið, að snúa þarna við blaðinu; eg vil halda þeim ástæðum og uppástungum þingsins, sem það á hægt með að halda uppi enn sem fyrri af óímótmælanlegum rökum, og hefir tvívegis áður samþykkt með samhljóða atkvæðum, eg vil gjöra verulegan mun á því, hvort máli er að skipta um breytingar, sem þinginu sjálfu hafa fundizt mjög vafasamar, og sem hafa haldizt uppi að eins með sárlitlum atkvæðamun og miklum vefengingum eða það eru breytingaruppástungur, sem þingið hefir tvívegis samþykkt í einu hljóði, og það hefir einmitt átt sèr stað um 1. og 2. gr. með þeim breytingum, sem nefndin nú heldur fram, þ. e. 16 ára aldurstakmarkið og 12 mánaða vistarráðin. Hvað 16. tölulið álræ̀rir, þá lèt þingmaður Árnesinga í ljósi, að hann væri kominn inn móti vilja stjórnarinnar; en honum skjátlast í því; stjórnin hefir fallizt á hann í brèfi því frá 12. júní þ. á., sem hèr var fram lagt, enda var þingmaðurinn sjálfur samþykkur honum hèr í hitt eð fyrra (1863), og gaf honum þá atkvæði sitt. En eg játa það, að sami þingmaðurinn var harður á móti þessari grein frumvarpsins frá 1861, þegar málið var þá rætt hèr á þingi, og þá var hann «pottur og panna» til þess, að hún var felld úr frumvarpinu. Eg ætla ekki að fara langt út í það, hvort ákvörðunin um 16 ára aldurinn er dómsmál, en ekki löggjafarmál, eins og sami þingmaður hèlt fram, en það eina álít eg víst, að úr því annaðhvort aldurstakmarkið er orðið að lögum, með frumvarpi þessu löggiltu, þá verði það ekki vefengt með dómum (*Benedikt Sveinsson*: Þetta meinti eg ekki). En eg vil ekki með neinu móti fresta því, að gjöra frumvarpið að lögum, þangað til dómstólarnir eru búnir að skera úr, hvert aldurstakmarkið eigi að vera í fyrirrúmi, enda ætla eg það sè fáheyrt úrræði, að láta dómstólana skera úr því, hvort sú eður sú ákvörðun í einhverju lagafrumvarpi eigi að takast til greina og verða að lögum eður ekki.

Ásgeir Einarsson: Það er nú búið að svara flestum þeim

mótmælum, sem fram hafa komið gegn nefndinni. 52. töluliður varð fyrir hörðum dómi hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Það er öldungis rètt, sem konungsfulltrúi sagði, að breytingaratkvæði mitt næði yfir allt frumvarpið; eg hafði fyrst áskilið mèr breytingaratkvæði við 2 fyrstu greinirnar, en þegar eg sá, að engin af hinum áskildu breytingaratkvæðum komu, sá eg að frumvarpið mundi ganga í gegnum, og lèt því atkvæði mitt ná yfir það allt. Eg skil ekki hvað mikla miðlun þingmaður Árnesinga vill gjöra milli þings og stjórnar. Eg man ekki betur en að þingið í ómyndugra fjárhalds málinu hèldi skoðun sinni óbreyttri, þó stjórnin kastaði málinu nokkuð ónotalega í það aptur, og svo fèllst hún í uppástungur þingsins næst. Eins vona eg að hún gjöri nú. En skyldi nú stjórnin vilja beita þeirri þrákelkni, að líta ekki á kunnugleika og vilja þingsins og þjóðarinnar, — því, eg verð að álíta þetta þjóðvilja, þegar ekkert hefir komið fram frá þjóðarinnar hálfu gegn skoðun þingsins, nema einhverjir einstakir menn skyldu hafa fylgt konungsfulltrúa á þinginu — eg segi, að skyldi stjórnin ekki vilja fallast á tillögur þingsins, þá álít eg ekki mál þetta það lífsspursmál, að það megi ekki hvíla sig. Eg vil ekki, að þingið sýni það lauslyndi að hverfa frá hinum fyrri tillögum sínum; sem byggðar eru á gildustu rökum og álít því betra að fella frumvarpið. Menn munu eptir, að þegar vegabótamálinu var fleygt í okkur, tókum vèr það með öllum þess göllum, af því það lá á að koma því í kring, en ómögulegt að lagfæra það án þess að fella það. Eg ætla að gefa atkvæði mitt með nefndinni, og 52. tölul. til vara. Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mæli ekki fram með, að stjórnin dembi máli þessu aptur í þingið á móti vilja þess.

Konungsfulltrúi: Eg verð að ætla, að vonir þingmanns Strandasýslu gangi í uppfyllingu, þannig að stjórnin, þegar hún nú fær málið aptur því nær í sömu umbúðum frá þinginu, eins og það kom frá þinginu 1863, muni leggja það fyrir, og fari ekki að senda það þinginu í 4. sinni. Hinn háttvirti framsögumaður sagði að DL, 3—17. og NL. 3—19. kap., sem löggiltur er með tilskip. 21. des. 1831, snerti að eins fjárhag eða fjárforráð, en hann þarf ekki nema líta á þenna kapít. til þess að sjá, að þar ræðir ekki einungis um fjárforráð ómyndugra, heldur um alla umsjón og tilsjón með unglingum, þangað til að þeir eru komnir á myndugsaldur.

Þingmaður Húnavatnssýslu sagði, að ef vistarráð væri skemmri

en upp á 12 mánuði, yrði ógjörningur að vita, hvar einn ætti sveit. Þetta atriði kom til orða við undirbúningsumræðuna, og svaraði eg því þá. Það mundi mjög sjaldan koma fyrir, að menn vistuðu sig, þótt vistarráðin væri frjáls, út úr hreppnum, t. a. m. í 2 hreppum eða 3, og því yrði enginn erfiðleiki á því, að fá upplýst, hvar einn hefði dvalið það eða það ár; sama er að segja um hjú í kaupstöðunum, þau mundu sjaldan vista sig fyrir utan kaupstaðinn, þó þau t. a. m. vistuðu sig fyrir 2 eða 3 mánuði i staðinn fyrir árlangt.

Viðvíkjandi 21. atkvæðinu um »matarverð«, sem uppástungumaður vill fella úr, skal eg taka fram, að þessi ákvörðun er naumast komin inn í réttarmeðvitund almennings, og að vísu mun þessi ákvörðun vera komin inn úr dönsku hjúalögunum, og eg held, að stjórnin mundi ekki halda fast í hana, ef þingið stingi upp á að fella þessa ákvörðun úr, sem þó stundum getur átt vel við, t. a. m. þegar hjúið er rekið úr vistinni um hávetur, þegar harðast er manna á milli. Þingmaður Árnesinga sagði, að það væri réttast af þinginu, ef það vildi málinu vel, að fallast algjörlega á skoðun stjórnarinnar. Eg verð að álíta þetta í alla staði rétt, því það er hætt við, að stjórnin taki það annars svo, eins og þingið vilji halda málinu til kapps við hana, og það gæti orðið því til fyrirstöðu, að málið yrði leitt til lykta.

Jón Bjarnason: Mèr þykir það bágt að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli kalla það kappsmál, þó þingið haldi sömu skoðun og sömu beiðni í máli þessu. Það eru þó dæmi til, að ekkja fekk áheyrn á máli sínu fyrir þrábeiðni, og var þó dómarinn sagður ranglátur. Hver veit nema að stjórnin bænheyri nú um síðir. Ef konungsfulltrúi getur fullvissað þingið um, að stjórnin ekki veiti bænheyrslu, væri eg samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesinga, að bezt sè að fresta málinu. Eg held, að ef konungsfulltrúi mælir vel með málinu muni stjórnin veita samþykki sitt; eg álít, að mál þetta sè komið undir skoðun hans á því, og væri því bezt, ef hann vildi svo vel gjöra og spá okkur nú rètt í einlægni, hvernig málinu muni reiða af, því eg er öldungis viss um, að það gengur eptir skoðun hans. Færi menn að taka 18 ára aldurinn fyrir 16 ára aldurinn, mundi það valda talsverðum ruglingi í sveitastjórn og fátækra-málum. Ef 12 mánaða vistinni er haggað mundi það einnig valda ýmsum ruglingi, því meðan því er haldið, hafa flestir einhverstaðar víst heimili og getur það opt komið að gagni, þegar

spursmál er, hvar einhver eigi hrepp. Eg held því, að óhult sè fyrir landið, að breytt sè frá uppástungum nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Þar sem þingmaður Dalasýslu skoraði á mig að láta í ljósi, hvort eg hèldi með skoðun stjórnarinnar á 1. og 2. grein frumvarpsins, skal eg leyfa mèr að segja honum, að hann hefir ekki tekið eptir orðum framsögumanns við undirbúningsumræðuna, því hann sagði þá, að eg hefði sömu skoðun, sem stjórnin fylgdi hèr fram, og eg get heldur ekki borið á móti því, að svo er, og að eg, einkum hvað 16 ára aldurstakmarkið snertir, er algjörlega á skoðun stjórnarinnar, og hefi enn betur styrkzt í þessari skoðun af ástæðum þeim, sem af henni hafa verið teknar fram. Eg er fastur á því, að það sè mjög ísjárvert, að láta unglinga 16 ára ráða sjálfa samastað sínum, einmitt á þeim aldri, sem er minnst ráðsettur og fastur fyrir, og þetta sýnist mega vera ljóst hverjum manni. Að því leyti sem sagt er, að þetta sè ófrelsi, er hægt að færa til fleiri ákvarðanir úr hinni gildandi löggjöf hèr á landi, sem eru miklu ófrjálsari; því það sem hèr ræðir um, er í raun og veru allt annað en ófrelsi.

Pètur Pètursson: Sem einn af nefndarmönnum í þessu máli ætla eg að tala nokkur orð. Af stjórnarherrabrèfi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèði nefndinni, virtist mèr stjórnin ekki leggja meiri áherzlu á tvær fyrstu greinir frumvarpsins en á sumar aðrar tillögur, sem komu frá hinu síðasta þingi. Þegar nú nefndin í öllu öðru hefir lagað sig eptir frumvarpi stjórnarinnar, og ef þingið leggur áherzlu á 16 ára aldurinn, þá þykir mèr ólíklegt, að stjórnin fyrir þá skuld fresti að láta frumvarpið koma út sem lög; eg skil ekki, hvers vegna stjórnin skyldi gjöra það, nema ef í þessu væri einhver lagaleg vitleysa, sem stríddi móti gildandi ákvörðunum, en mèr finnst enginn hafa sýnt, að svo sè; þvert á móti hefir mèr fundizt miklar ástæður vera fyrir, að þetta væri samkvæmt gildandi lögum og almennri rèttarvenju. »Politisk« vitleysa getur þetta ekki verið, því það á ekkert skylt við »Politik«. Það ætti þá að vera í siðferðislegu tilliti hættulegt að fallast á uppástungur nefndarinnar, og það sem í mínum augum er þýðingarmest, er það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, að það hefði vond áhrif á unglinga, að fara svo snemma frá foreldrum sínum, og komast í slæman stað. Frá mínu sjónarmiði get eg snúið þessu við þannig, að unglingurinn fái tækifæri til að rífa sig því fyrr úr vondum stað, og komast í annan betri. Það hefir enginn

neitað, að 12 mánaða vistartími sè almenn venja, að minnsta kosti upp til sveita, og eg sè ekki betur en að það hafi mikla þýðingu fyrir löggjöf, sem á að skapast. Eg hefi ekki heyrt neina ástæðu fyrir, að stjórnin muni ekki gjöra frumvarp þetta að lögum, þó að þingið ekki fallist að eins á þessar tvær greinir. Stjórnin getur þó ekki ímyndað sèr, að þetta sè keppni af þinginu, og eg skil ekki í, að fastheldni þingsins við þessar ákvarðanir geti komið af nokkru öðru en því, að eitt er álitið rèttara en annað. En setjum, að þetta væri nú keppni af þinginu, þá ætti sá að vægja sem vitið hefir meira. Mundi nú ekki vera rèttast, að stjórnin lofaði þinginu að fá vilja sinn fyrst um sinn í þessu efni; það hefir ekki verið svo spart á að biðja um breytingu á nýjum lögum, að það mundi skirrast við bráðum að biðja um lagfæringu, ef reynslan sýndi, að þetta væri galli á lögunum. Eg vildi feginn laga mig eptir skynsamlegum ástæðum, en eg get ómögulega komizt að þeirri niðurstöðu, að stjórnin muni af þessu leggja lagaboð þetta á hylluna. Eg get ekki fellt mig við tölulið 52, af því óvíst er, hvernig atkvæði muni falla, ef 18 ára aldurinn fær meðmæli þingsins, vil eg að frumvarpið verði eins að lögum fyrir því. Mèr þykir 52. töluliður ókurteis frá formsins hlið. Annars held eg að það sè satt, að þetta sè ekki sèrlegt velferðarmál fyrir landið.

Jón Pètursson: Eg er hræddur um, að þó þessi lög komi út, verði þau einungis á pappírnum, því þau eru svo margbrotin. Hèr um árið var við mál þetta sett í samband vinnuhjúanefndir, en þær fèllu. Í Danmörk eru sèrskildar sáttanefndir í þess konar málum og ráða þær mörgum þeirra til lykta án þess þau komi fyrir dómstólana. Hèr eru engar þess konar nefndir, svo slík mál gengju sinn reglulega veg, fyrst til forlíkunar og svo fyrir sýslumann. Við þetta yrði svo mikill kostnaður, að fáum mundi þykja tilvinnandi að sækja rètt sinn í ekki stærri málum en þessum. Eg ætla ekki að tala um 16 ára aldurinn eða 12 mánaða vistartímann. Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga, að óheppilegt sè að vera að keppa um, hvað hèr eru lög, það heyrir hvorki undir þing nè stjórn, heldur undir dómstólana. Annað mál er, að stjórn og þing keppi um það, hvað eigi að vera hèr lög eður gjörast hèr að lögum. Mèr sýnist annars, fyrst að vinnuhjúanefndunum ekki varð haldið, að bezt sè að fresta málinu.

Konungsfulltrúi: Mig furðaði á því, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður skyldi halda fast fram með 16 ára aldurs-

takmarkinu, þegar hann þó hins vegar játaði, að 16 ára unglingurinn opt kynni að hafa í siðferðislegu tilliti skaða af því að ráða sig á þeim aldri í vist upp á eigin hönd. Hann snèri nú að sönnu þessu við, og sagði, að unglingurinn með þessu frelsi opt gæti komizt úr slæmum stað í góðan; það getur hugsazt, en það yrði undantekning, og að öðru leyti gildir eptir löggjöfinni 18 ára aldurstakmarkið, eins og eg hef tekið fram (*Framsögumaður*: Nei). Það hjálpar ekki að neita því, því tilsk. frá 1831 er hèr lögleidd, og er gildandi lög. Hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður sagði, að frumvarpið, þó það yrði að lögum, kæmist ekki nema á pappírinn, af því það væri svo margbrotið. Á þessu átti eg ekki von frá honum, sem hefir átt svo verulegan þátt í undirbúningi frumvarpsins, sem að vísu er nú miklu óbrotnara, en það var upphaflega, og svo er hjúalaganefndunum sleppt. Hinn 2. konungkjörni þingmaður sagði, að stjórnin ekki legði neina meiri áherzlu á 1. og 2. grein frumvarpsins, en á hinar aðrar greinir þess. Í þessu get eg ekki verið honum samdóma, og get eg í þessu tilliti vísað til þeirra athugasemda við frumvarp alþingis frá 12. júní, er næst leið, og sem þinginu eru kunnar.

Eiríkur Kúld: Eg hefi ekki tekið fyrri til máls í þessu máli, og skal nú heldur ekki vera langorður. Eg held að frumvarp þetta, sem fyrir liggur, þurfi ekki óumflýjanlega við, og sè ekki annað eins áhugamál eins og sumir hafa viljað gjöra úr því; að minnsta kosti hefi eg engar harmatölur heyrt í hèruðum yfir því, að það ekki hafi orðið enn að lögum. En fyrst að þingið hefir svona mikinn áhuga á að koma því fram, vil eg ekki tálma því. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það mundi hamla löggildingu frumvarpsins, ef ekki væri fallizt á 18 ára aldurinn; eg ætla því að gefa atkvæði með frumvarpinu, svo að þeir, sem vilja hafa lög þessi, fái þó eitthvað út úr þessu sem fyrst. Það hefir verið sagt, að þetta 18 ára takmark mundi olla ruglingi á sveitastjórn; eg þekki nokkuð til hennar, og held þetta gjöri hvorki til nè frá. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður dró gagnstæða ályktun út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, og taldi 16 ára aldrinum þar til gildis, að þá gæti unglingurinn rifið sig úr slæmum stað; eg held að ekki sè mikil hætta fyrir, að unglingar á þeim aldri sèu í slæmum stöðum, og ef svo er, er það að nokkru leyti prestsins skuld, því unglingurinn er ekki fullmyndugur fyrr en 18 ára; eg veit að mèr muni verða svarað, að kvennmenn geti þó

gipzt 16 ára. Eg verð að segja, að það er öldungis sèrstaklegt með kvennmenn, því þær koma þá undir yfirráð manns síns. Eg álít, að ungmennið sè ekki alveg undan umsjón prestsins, þó hann sè fermdur, því presturinn hefir rètt og skyldu til að yfirheyra hann (*Arnljótur Ólafsson*: Þá þarf að húsvitja); það er gjört einu sinni á ári, þar sem eg þekki til; hinn velæruverðugi þingmaður þekkir ef til vill gagnstæð dæmi nálægt sè; (*Arnljótur Ólafsson:* Já). Það er skrítið að vilja nú rymka um frelsi á 16 ára aldrinum, þar sem menn um daginn vildu binda það í öreigagiptingunum, enda yfir 20 ára aldur. Það er sjaldan, að unglingur 16 ára fái kaup; þeir eru optast taldir matvinnungar, það er satt, ef þeir hafa verið í sveit, þá lèttir þeim á henni, af því þeir eru taldir matvinnungar; en þegar menn eru 18 ára, fara þeir vanalega að taka kaup. Ef unglingurinn ekki er fermdur, álít eg hann ómaga, því það þarf að minnsta kosti að kosta kennslu hanns, því líklega er einhver tossinn, sem ei hefir náð fermingu, á því ári, og kostar þá kennslan því meira. Eg held það sè nógu snemmt fyrir unglinga að flækjast frá foreldrum sínum út í heiminn, þegar þeir eru 18 ára. Mig gildir einu þó málið dragist; en til þess samt að greiða því veg, ætla eg að gefa atkvæði með frumvarpinu, en ekki nefndinni.

Arnljótur Ólafsson: Mèr kom það undarlega, eða sem menn segja »spanskt« fyrir, að þingmaður Barðstrendinga skyldi vera með nokkru konungsfrumvarpi, því hann er vanur að byrja ræður sínar á því að vilja fella allt. Það er skaði, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli hafa skipað öðrum sæti sitt, því eg ætlaði að spyrja hann að ýmsu, sem eg nú verð að sleppa, þó eg viti, að hinn 6. konungkjörni þingmaður gæti haldið uppi svörum fyrir hann (*Halldór Kr. Friðriksson:* 4. konungkjörni). Nei 6. konungkjörni. Konungsfulltrúi tók sterklega fram hættu þá, sem væri fyrir, að unglingar kæmust á slæma staði, ef þeir færi í vist 16 ára. Þetta er undarlegt, því að hann gjörði sitt til um daginn, að börn bæði fæddust og ælust upp á slæmum stöðum, er hann mælti mest fram með öreigagiptingunum, því það sem mest er að barna-uppeldinu á sèr einmitt stað í húsum vondra foreldra. Það er undarlegt af jafngóðum presti og þingmanni, sem þingmaður Barðstrendinga er, sem húsvitjar einu sinni eða tvisvar á ári, að hann skuli kalla það að flækjast út í heiminn, að fara úr foreldrahúsum; því hvar er heimurinn verri en í húsum vondra foreldra?

Eg hef reyndar stutta reynslu fyrir mèr, en hvergi hefi eg sèð dreng, sem kominn er í vist, vera jafnhortugan og heima. Menn mega ekki skilja mig svo, sem eg meini þetta til allra foreldra. Það er langt frá; eg meina ekki þá foreldra, sem ganga saman af þeim kærleika, sem þingmaður Barðstrendinga svo fagurlega lagði út af um daginn, heldur þá foreldra, sem hlaupa saman af einhverjum öðrum kærleika, sem ekki getur leitt gott af sèr. Eg verð að taka það fram, að það var undarlegt, að konungsfulltrúi skyldi vera að berja bumbuna fyrir stjórnina í þessu máli, þar sem einungis ræðir um, hvað lög sèu hèr, 16 eða 18 ára aldurinn og vistartíminn, því þetta má stjórninni standa á sama, þar sem hann ekki hefir haldið svo sterklega uppi varnarskildi fyrir stjórnina í máluw um politisk rèttindi. Eg lýsi því skýrt yfir, að í öllum innlendum málum, sem ekkert koma við sambandinu milli landanna, vík eg ekki þversfótar frá meiningu þjóðarinnar og hinna skynsömustu lagamanna hèr í salnum, að því leyti sem þeir hafa látið meiningu sína í ljósi. Eg álít það smámunasemi eina af stjórninni að neita um þetta. Eg vil með öllu setja mig móti, að þingið sè neytt til að taka óhentug og dönsk lög, ekki af því að þau eru dönsk — þau geta verið mikið góð fyrir því, — heldur af því þau hrinda íslenzkum rètti. Eg hika mèr ekki við að gefa 52. tölulið atkvæði mitt; þó að þingmanni Strandasýslu og mèr ekki hafi komið saman í flestum málum, þá ætla eg samt að láta svo lítið að gefa atkvæði með honum í þetta skipti.

Framsögumaður: Þó að hinn rètti konungsfulltrúi sè nú snögglega genginn burtu úr salnum, get eg samt ekki komizt hjá að svara nokkru hinni síðustu ræðu, er hann hèlt 18 ára aldrinum til varnar. Það lenti þar reyndar allt í sama farinu fyrir hinum háttvirta konungsfulltrúa; hann ítrekaði enn og lagði sèrlega áherzlu á, að tilsk. 21. desember 1831 sè lögleidd hèr, og að hún löggildi D. L. 3—17. og N. L. 3—19. En þetta er sannarlega of hermt; tilskipun þessi gefur einungis amtmönnunum myndugleika til að veita 18 ára kvennmönnum hálfmyndugs manns ráð yfir gózi, sem þær hafa tekið að erfðum; nú er þetta síðar burt fallið að miklu eður öllu fyrir hinar nýju ákvarðanir um myndugleika kvenna í öllum fjárforráðum. En hèr er þar að auki að eins verið að ræða um persónuleg rèttindi, eða ráð yfir persónu sinni; eg veit ekki til, að persónurèttur sè byggður á D. L. 3—17 og N. L. 3—19; og má eg spyrja, er ekki 6. grein fátækrareglugjörðarinnar

1834 lögleidd hèr, og sömuleiðis tilskipun 30. apríl. 1824. Mèr þætti gaman að heyra óyggjandi röksemdaleiðslu fyrir því, að tilskipunin 1831 hafi gjört breyting á tilsk. 1824, eða að hún hefði einnig átt að stefna að því að gjöra yngri lög þýðingarlaus eins og fátækrareglugjörðina 1834. 6. grein í þessari reglug. og aðrar ákvarðanir hennar, sem þar með standi í sambandi, og sömuleiðis tilsk. 30. apríl. 1824 viðkoma einungis persónulegum rèttindum. Hún er undarleg og óútgrundanleg þessi skoðun hins háttvirta konungsfulltrúa á grundvallarreglum persónurèttinda þeirra, sem eru gefin í tilskipun 1824 og reglug. 1834, ef þar í á ekki að finnast næg heimild til þess að mega ráða sjálfur vistarstað sínum 16 vetra. Og mèr verður að þykja það eigi að eins undarleg röksemdaleiðsla heldur líka fráleitt, að bera það fram, að nú eptir það, að fjárforræði kvenna er með lagaboðinu 4. Jan. 1861 (um myndugleika kvenna), rýmkað svo mjög frá því sem D. L. 3—17 (N. L. 3—19) ákváðu og tilsk. 21. des. 1831, þar um ákveður, að einmitt þessarar tilsk. I. má álítast felldur úr gildi með fyrr nefndu lagaboði 1861, — þá skuli einmitt nú eiga að fara að gefa tilsk. 1831 miklu rýmri þýðingu og yfirgripsmeira gildi heldur en hún hefir nokkru sinni haft, með því að vilja láta hana ná að takmarka forræði manna yfir persónu sjálfs sín, persónukröptum sínum og vinnu, gagnstætt þýðingu þeirri, sem lagaboði þessu hefir verið gefið hingað til hèr á landi, og gagnstætt eldri og yngri landslögum, er upp á þessi efni beinlínis hljóða og gagnstætt rèttarvenju vorri og landsvenju. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að öðru máli væri að gegna, ef að stúlkan sú milli 16—18 ára giptist eða væri orðin gipt, þá gæti presturinn að vísu eigi haft umsjón með henni. En má eg spyrja, má ekki 16 ára gömul stúlka allt að einu taka og binda sig eiginorði manns *áður en* hún giptist, eins og að láta gefa sig í hjónabandið? Því verður ekki neitað; en samt má hún, eptir skoðun þingmannsins ekki ráða vist sinni eins árs tíma á meðan hún situr í festum? Það væri gott fyrir ráðríkan prest að mega einbinda stúlkur svona undir umsjón sinni þangað til þær eru 18 vetra, og standa þeim svo í ljósi fyrir hvað álítlegum ráðahag sem vera kynni; prestur ætti þá að geta sagt við stúlkuna, sem ráðahagurinn byðist, »hingað en ekki lengra; þú ert ekki orðin 18 vetra enn góðin mín, og svo áttu ekkert með að lofast nema eg, prestur þinn, leyfi þèr það, en það leyfi eg nú ekki«. En hvar í lögum hefir presturinn slíkt vald. Á hverju byggir þing-

maður Barðstrendinga þessa skoðun? Máske á tilsk. 30. apríl. 1824 § 3, 1. atriði? Eg veit ekki hvaðan þingmaður Barðstrendinga hefir þessa speki. Þá er, það næsta undarlegt og óskiljanlegt hvernig konungsfulltrúi hefir yfirhöfuð að tala tekið í mál þetta bæði fyrr og síðar og síðast nú hèr á fundi í dag, að halda svona til streytu sinni skoðun um aldurstakmarkið í 1. gr. og 12 mánaða vistina, er hann hefir haldið fram við stjórnina, og sumpart sagt að 18 ára takmarkið væri hèr lögleitt eða gildandi áður, sumpart að vistarráð um skemmri tíma en til 12 mánaða væri hèr algeng í kaupstöðum, hefir hann bakað landinu ærinn kostnað og þinginu mikið ómak og óþægð andspænis stjórninni, er virðist hafa skoðað þessa breytingar uppástungur þingsins og röksemdaleiðsluna fyrir þeim eins og nokkurs konar ástæðulausa keppni. Konungsfulltrúi sagði nú mjög hreinskilnislega hver sín skoðun væri, og hverjar að tillögur sínar mundu verða um það til stjórnarinnar og tók nú fram, að stjórnin legði sèrlega þýðingu í ákvarðanirnar í fyrstu tveimur greinum frumvarpsins; en leggi miklu minni áherzlu á hinar breytingarnar við frumvarpið, er þingið hèlt fram 1861 og 1863. Eg verð að bera á móti, að það sem konungsfulltrúi þar sagði, sè satt. Í lögstjórnarbrèfum 12 jún. þ. á. mælir stjórnin að vísu fram með 1. og 2. grein frumvarpsins, og að þær haldist óbreyttar, en hún segir líka, í sama brèfinu, um breytingar uppástungur þingsins 1863 við 7—9, og 11—13. gr. á þá leið, að þær sèu sèr fráleitar, og að ólíugsandi sè, að stjórnin gangi inn á þær, en konungsfulltrúi sagði, að stjórnin gjörði lítið úr öllum breytingum nema við 1. og 2. grein, þetta er nú, að eg kalla, og það þó að hinn háttvirti konungsfulltrúi eigi í hlut, að fara heldur fljótt yfir. Það er óyggjandi rètt, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, foreldralaus börn, og eins í heima húsum hjá foreldrunum sjálfum, geta opt verið þar á svo slæmum stað, að það geti haft áhrif á allt líf þeirra og alla framtíð, ef þau ekki mætti sjálf ráða vistarstað sínum, 16 vetra er þeim byðist, hvað góður verustaður sem væri, en yrði að láta það vera einungis komið undir vilja ýmist misjafnra foreldra, ýmist, ef þau væri foreldralaus, undir ráðríki og máske eigingirni misjafnra hreppstjóra eða sóknarprests. En þess bið eg alla hèr í salnum vel að gæta, að eptir því sem hinn háttvirti konungsfulltrúi nú tók í málið og ráðgerði að fylgja því við stjórnina, þá er málinu nú svo komið hèr á þingi, að það er eigi að eins samningsfrelsi milli húsbænda

og hjúa eptir 2. grein frumvarpsins, sem hèr er nú orðið um að ræða, heldur er hèr nú orðin jafnframt spurningin um það, hvort þingið hafi fullt samningsfrelsi við stjórnina um þær lagasetningar og ákvarðanir sem fulltrúar Íslendinga þekkja og vita sannast, að hagfelldastar sèu og bezt eigi við hèr á landi, þessi stífni stjórnarinnar í málinu, eptir því sem konungsfulltrúi skýrir frá henni og heldur henni fram, gjörir það mjög svo þýðingarmikið. Eg er á sama máli og þingmaður Borgfirðinga um breytingaratkvæðið undir 52. tölulið; eg vil það heldur en »octroyeruð« lög frá stjórninni þvert ofan í rèttarvenju og sannfæringu þjóðarinnar og röksamleg mótmæli alþingis. Þetta fer og eptir því sem mèr virðist, að nokkru leyti í sömu stefnu eins og segir í brèfi lögstjórnarinnar, 12. júní þ. á., þar sem hún kveðst eigi hafa fundið næga ástæðu til að ráða konungi til að gjöra frumvarpið að lögum þvert ofan í tillögur alþingis. Eg vildi heldur að málinu væri frestað, en að 1. og 2. grein frumvarpsins yrði gjörð hèr að lögum.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Það er illa farið, að sá maður, sem af konungi er skipaður til að vera fulltrúi hans hèr á þingi, skyldi eigi sjálfur geta verið við staddur við þessar síðustu umræður, svo hann hefði getað svarað því, sem þingmaður Borgfirðinga beindi að honum í ræðu sinni, ef honum hefði þótt það þess vert. En viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að konungsfulltrúi hefði gjört of mikið úr ákvörðuninni í tilskipun frá 21. desember 1831, þá er þetta ekki rètt. Löggilding D. L. 3.—17, er ekki nærri eins takmörkuð, eins og hinn háttvirti framsögumaður heldur; því í tilskipun 21. desember 1831, 1. grein, er beinlínis ákveðið, að D. L. 3.—17. skuli vera gildandi lög hèr á landi, þegar spursmál sè um, hver sè ómyndugur, hálfmyndugur eður fullmyndugur, og hvaða tilsjón eigi að hafa með ómyndugum og hálfmyndugum. Það er því rangt, að tilskipun frá 1831, einungis lögleiði hèr reglur hinna dönsku laga um, að veita amtmönnum rètt til að gefa út viss leyfisbrèf. Framsögumaður sagði og, að fátækrareglugjörðin frá 1834 yrði að ráða í þessu tilfelli, af því að hún væri yngri en tilskipunin frá 1831, en þetta er eigi rètt, því sú ákvörðun í reglugjörðinni frá 1834, sem hèr er rætt um, er sèrstaklegs eðlis, og getur ekki nema í því sèrstaklega tilfelli, sem tekið er fram í henni, breytt hinum eldri lögum. Þar sem framsögumaður sagði, að það sæist af brèfi dómsmálastjórnarinnar frá 12. júní þ. á., að henni hafi verið nær skapi

að ráða konungi til að gjöra fumvarpið að lögum móti tillögum alþingis, þá er þetta eigi heldur rètt mælt; stjórnin hefir einmitt sýnt það og yfirlýst því, að hún matti svo mikils tillögur þingsins, að hún vildi ekki gjöra frumvarpið að lögum, þegar hún ekki gat tekið til greina uppástungur þingsins.

Framsögumaður: Eg stend við það, sem eg sagði áðan, að ákvarðanirnar í tilskipuninni af 1831, áttu aldrei að við koma persónulegum rèttindum manna, og hafa heldur aldrei verið látnar ná til þeirra, heldur einungis til fjárforráðanna, hún breytir því ekkert 6. grein fátækrareglugjörðarinnar frá 1834, og öðrum lögum er þar að lúta.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. Nefndin: Samþykkt með 19. atkv. móti 5.
2. Frumvarpsins 1. grein, þar við fallin.
3. Nefndin: Samþykkt með 19 atkv. móti 1.
4. Frumvarpsins 2. grein, fallin við 3. tölulið.
5. 6. og 7. töluliður. Samþykktir með 17 atkv. móti 1.
8. Nefndin: Samþykkt með 22 atkv.
9. Frumvarpsins 5. grein, fallin við 8. tölulið.
10. Nefndin: Samþykkt með 21 atkv.
11. Frumvarpsins 6. grein, fallin.
12. } Samþykktir með 19 atkv.
13. }
14. Nefndin: Samþykkt með 21 atkv.
15. Frumvarpsins 9. grein, samþykkt með 21 atkv.
16. Nefndin: Samþykkt með 13 atkv. móti 8.
17. Björn Pètursson: Fellt með 13 atkv. móti 7.
18. Nefndin: Samþykkt með 20 atkv.
19. Frumvarpsins 10. grein, samþykkt með 16 atkv. móti 1.
20. Frumvarpsins 11. grein, samþykkt með 17 atkv.
21. Björn Pètursson: Fellt með 11 atkv. gegn 5.
22. 23., 24., 25., 26. og 27. töluliðir, samþykktir með 19 atkv.
28. Björn Pètursson: Samþykkt með 17 atkv.
29. Frumvarpsins 18. grein, með breytingu, samþykkt með 17 atkv.
30. Nefndin: Samþykkt með 17 atkv.
31. Frumvarpsins 19. grein, samþykkt með 17 atkv.
32. 33., 34. og 35. töluliðir, samþykktir með 17 atkv.

36. Nefndin: Samþykkt með 20 atkv.
37. Frumvarpsins 24. grein með breytingu, samþykkt með 16 atkv.
38. 39., 40. og 41. töluliðir, samþykktir með 17 atkv.
42. Nefndin: Samþykkt með 17 atkv.
43. Sighvatur Árnason: Fallið með 42. tölulið.
44. Björn Þórsson: Fallið.
45. og 46., samþykktir með 16 atkv.
47. Björn Þórsson: Fallið við 11. tölulið.
48. 49. og 50. töluliðir, samþykktir með 17 atkv.
51. Frumvarpið allt í heild sinni með áorðnum breytingum, samþykkt með 17 atkv.
52. Ásgeir Einarsson. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall, og féllu atkvæði þannig:

«Já» sögðu:	«Nei» sögðu:
Arnljótur Ólafsson:	Eiríkur Kúld.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Benedikt Sveinsson.	Bergur Thorberg.
Hjálmur Þórsson.	Björn Þórsson.
Jón Bjarnason.	Halldór Jónsson.
Jón Guðmundsson.	Þór Guðjónsson.
Jón Pálmason.	Þór Þórsson.
Jón Sigurðsson.	Sveinn Níelsson.
Magnús Jónsson.	
Ólafur Sigurðsson.	
Sighvatur Árnason.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Thordersen.	
Sveinn Skúlason.	

Var tölulíðurinn þannig samþykktur með 15 atkv. móti 8.

Síðan voru lesin upp 3 álitsskjöl og bænarskrár til konungs:

1. Um laun hreppstjóra.
   Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 485.
2. Um Hólakirkju.
   Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 483.
3. Um svaramenn í hjúskaparmálum.
   Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 496.

Voru þessi álitsskjöl og bænarskrár samþykktar af þinginu.

Forseti: Dagskrá er þá lokið; og mun eg ákveða fund á morgun kl. 12. Þá kemur fyrir að velja menn í þá 7 manna nefnd, sem þingið hefir ákveðið að kjósa til að undirbúa landbúnaðarlögin, og málið um jafnaðarsjóðina til undirbúningsumræðu.

Fundi slitið.

---

44. fundur — 25. ágúst.

Þessir alþingismenn voru ekki á fundi: Varaforseti, hinn 1. og 5. konungkjörni þingmaður, þingmaður Árnesinga og þingmaður Snæfellinga, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín. Varaforseti hafði jafnframt óskað þess, að málið um jafnaðarsjóðina kæmi eigi til umræðu, úr því það yrði eigi til lykta leitt.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir eptir ályktun alþingis í gær, að kjósa 7 menn í nefnd um landbúnaðarmálið, eptir þeim reglum, sem þingið hefir skipað fyrir.

Var nefndin síðan kosin, og urðu þessir fyrir kosningu:

Benedikt Sveinsson	með	16 atkv.
Jón Pétursson	—	16 —
Magnús Jónsson	—	13 —
Jón Sigurðsson	—	15 —
Jón Bjarnason	—	13 —
Sighvatur Árnason	—	13 —
Stefán Eiríksson	—	7 —

Þessir gáfu ekki atkvæði til kosningar, auk hinna áður töldu, sem fjærverandi voru: Hinn 2., 4. og 6. konungkjörni þingmaður, þingmaður Barðstrendinga og þingmaður Vestmanneyinga.

Forseti: Það, sem þessu næst ætti að koma til umræðu eptir dagskránni, er ávarp til konungs. En sökum þess, að varaforseti hefir samið uppástungu til annars ávarps, sem hann óskar að bera upp sem breytingar-uppástungu í stað frumvarps nefndarinnar, en hans uppástunga getur ekki orðið alprentuð, fyrr en seinna í dag,

verður ávarpið nú að falla úr dagskránni og koma til umræðu á eptirmiðdagsfundi.

Þar næst liggur fyrir, að taka til undirbúningsumræðu málið um jafnaðarsjóðina. En sökum þess, að málið getur ei orðið útrætt á þessu þingi, skal eg skjóta því undir atkvæði þingmanna, hvort þeir óska, að það verði tekið til undirbúningsumræðu.

Í þessu tilliti lýstu sèr ýmsar meiningar hjá þingmönnum, og lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort málið skyldi ræða eður ei.

Var það þá samþykkt með 13 atkvæðum móti 2, að málið skyldi ekki verða tekið til undirbúningsumræðu.

Síðan lèt forseti lesa upp bænarskrá til konungs í læknaskipunarmálinu, og var hún samþykkt.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 529.

Forseti: Þar eð dagskránni er nú lokið, skal eg ákveða fund seinna í dag, kl. 6 e. m., og verður þá samþykkt ávarpið til konungs.

Fundi slitið.

---

45. fundur — 25. ágúst.

(Kveldfundur).

Konungsfulltrúinn var ekki viðstaddur á þessum fundi; af þingmönnum voru þeir fjærverandi: Hinn 1. konungkjörni þingmaður, og þingmaðurinn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Forseti gat þess, að nú lægi fyrir að samþykkja ávarp til konungs, er nefnd sú hafði samið, er til þess hafði verið kosin. — Hann gat þess enn fremur, að varaforseti hefði samið annað ávarp jafnhliða nefndarávarpinu, sem væri svo sem breytingaratkvæði við það.

Því næst las framsögumaður, hinn 6. konungkjörni þingmaður, upp bæði þessi frumvörp.

Síðan lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort ávarpið skyldi leggja til grundvallar við umræðuna, og urðu tvö atkvæði með því að leggja ávarp varaforseta til grundvallar, en 14 með frumvarpi nefndarinnar. Þingmaður Borgfirðinga stakk þá upp á því breyt-

ingaratkvæði, að í staðinn fyrir ávarp nefndarinnar frá upphafi og aptur að seinustu málsgrein, væri tekin uppástunga varaforseta frá upphafi og aptur að orðunum: «En á meðan», í næst síðustu málsgrein. Var þetta breytingaratkvæði samþykkt eptir nokkrar umræður, með 11 atkvæðum gegn 6, að tilskildum rètti til að stinga upp á orðalagsbreytingum.

Síðan las forseti upp ávarpið þannig lagað, og var það þá lagt undir rannsókn til orðalagsbreytinga. Voru þá gjörðar á því nokkrar orðabreytingar, og síðan samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum, þannig hljóðandi.

Samanber síðari part alþingistíðindanna bls. 535.

Forseti gat þess, að hann ákvæði fund á morgun kl. 12 til upplesturs álitsskjala, og mundi boða þar um dagskrá í kvöld.

Fundi slitið.

---

46. fundur — 26. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 1. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín. Gjörðabók frá tveim síðustu fundum var lesin upp og samþykkt.

Þá las forseti upp tilkynningu frá landbúnaðarnefndinni um, að hún hefði átt fund með sèr og kosið assessor *Jón Pètursson* til formanns og assessor *Benedikt Sveinsson* til skrifara.

Forseti: Eptir dagskránni er þá fyrir hendi að lesa upp álitsskjöl til konungs í nokkrum þingmálum.

Voru þá þessi álitsskjöl til konungs lesin upp og samþykkt.

1. Álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til fjárhagsaðskilnaðar milli Íslands og konungsríkisins, ásamt með ágreiningsatkvæði því, sem minni hluti þingmanna hafði áskilið sèr rètt til að senda, samkvæmt 61. gr. alþingistilskipunarinnar.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 500.
2. Álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
   Sbr. síðari part alþingistíðindauna bls. 487.

3. Álitsskjal til konungs um endurskoðun laganna um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 523.
4. Álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.
   Sbr. síðari part alþingistíðindanna bls. 506.

Eptir upplestur þessara álitsskjala kom konungsfulltrúi á fund, og gekk til sætis síns og flutti svo hljóðandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn og fulltrúar Íslendinga!

Störfum yðar er nú lokið í þetta skipti, og það, sem þèr hafið unnið og ráðið af um úrslit þeirra mála, sem þèr hafið haft til meðferðar bæði frá stjórninni og kjósendum yðar, liggur nú fyrir augum almennings. Það getur ekki hjá því farið, að meiningar manna út í frá kunni að skiptast um það, hvort þèr ætíð hafið komizt til þeirrar rèttu niðurstöðu í málum þeim, sem þèr hèr hafið rætt og ráðið til lykta, en um það getur ekki verið nokkur efi, að þingið hafi í tillögum sínum og úrslitum málanna jafnan farið í þá stefnu, sem það í hvert skipti varð að álíta, þegar á allt væri litið, hina hagfelldustu; en hvert mál, einkum sèu þau flókin og margbrotin, geta skoðazt frá fleirum hliðum, og því fer opt svo sem mælt er, að sínum augum lítur hver á silfrið, og svo hefir það og reynzt á þessu þingi, sem nú lyktar.

Þingtíminn hefir í þetta skipti verið nokkrum mun lengri en hann hingað til hefir lengstur verið, en það finnur aptur sína rèttlætingu í því, að þingið hefir í þetta sinni haft mjög svo vandasöm og umfangsmikil mál til meðferðar, sem hafa útheimt langa og ítrekaða yfirvegun, og tel eg þar til einkum málið um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og Danmerkur, sem fyllilega má telja það vanda- og yfirgripsmesta mál, af þeim er alþing hingað til hefir haft til meðferðar.

Þau úrslit, sem urðu í þessu máli hjá þinginu, geta því miður, ef til vill, orðið þess ollandi, að bæði það mál og stjórnarskipunarmál Íslands, sem lengi hefir verið mikið áhugamál stjórnarinnar og alþingis, eigi enn þá langt í land, og hafa stjórninni þannig brugðist þær góðu vonir, sem hún að vísu gat gjört sèr um það, að alþingi mundi með henni leggjast á eitt til þess að fá þessu mikilvæga máli ráðið, svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfðu, til endilegra og að því er virðist eptirþráðra lykta.

Í sambandi við þessa niðurstöðu í fjárhagsmálinu er það og orðið, að þingið frá sínu sjónarmiði hefir fundið yfirgnæfandi ástæðu til þess að ráða frá því, að þau 2 konunglegu frumvörp, um hækkun lestagjaldsins frá því sem um það er í lögum eptir lögunum frá 15. apr. 1854 og um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, næðu að svo komnu lagagildi, hvað og, eptir því sem á stendur, má virðast miður orðið en skyldi.

Hins vegar hefir alþingi fallizt á önnur frumvörp stjórnarinnar, sem mikils er um vert, og mikil réttarbót í; svo hefir þingið einnig rætt og leitt til lykta ýmsar þegnlegar uppástungur, sem þykir mega fullyrða, að seinna meir muni bera gagnlega ávexti fyrir þetta land, þegar þau mál eru komin í kring hjá stjórninni.

Þannig hefir alþingi, þegar jafnframt er litið á þá vinnukrapta, sem það hefir átt yfir að bjóða, einnig í þetta skipti leyst mikið verk af hendi, og er það jafnframt og verulega að þakka þeim heiðraða manni, sem gegnt hefir forsetastörfum á þinginu, er hann með þeirri honum eðlilegu verklægni, elju og áhuga, sem oss öllum er alkunn, mjög svo hefir flýtt fyrir afgreiðslu þingmálanna. Eg finn mér einnig skylt sjálfs míns vegna að votta honum mitt innilegt þakklæti og einlægu viðurkenningu fyrir þá margföldu og staðföstu velvild, miklu mannúð og aðstoð, sem hann hefir sýnt mér í samvinnu okkar á þessu þingi, sem og endrarnær, og sem jafnan mun verða mér minnistæð. Háttvirtu þingmenn! leyfið mér einnig að votta yður, hverjum yðar fyrir sig og öllum sameiginlega mína fyllstu viðurkenningu fyrir það umburðarlyndi og þá nærgætnislegu vorkunnsemi, sem þér hafið sýnt mér á þessu þingi, hvar þér svo opt hafið tekið af mér viljann fyrir verkið. Hamingjan gæfi, að mér mætti hafa auðnazt að fullnægja köllun minni eins og eg hefði vilja til, og gagnvart yður þannig, að þér getið minnzt mín aptur með velvilja.

Þannig kveð eg yður háttvirtu alþingismenn frá þessum stað, óskandi af heilum huga lukku og blessunar yfir vorn mildiríka konung, vort ástkæra föðurland, yfir alþing, og alla þá, sem, enda þó skoðanir þeirra ekki fari saman, vinna með hreinum huga fyrir alþingi og í þess þjónustu.

Þá stóð upp forseti og mælti á þessa leið:

Háttvirtu herrar og alþingismenn.

Nú er sú stund komin, að vèr skulum að þessu sinni skilj-

ast, að loknum störfum þeim, sem vèr höfum nú um stund haft fyrir hendi. Sèrhver tímaskipti eru eptirtektarverð, og hljóta að vekja mann til umhugsunar, en þó er það hvað eptirtektaverðast, þegar skilnaðarstundin kemur eptir samvinnu um ekki mjög stuttan tíma með *þeim* mönnum, sem eru kallaðir til að vera fulltrúar þjóðar sinnar. Þegar vèr gengum til starfa vorra að þessu sinni, þá var það oss öllum ljóst, að vèr gengum að vandamiklu ætlunarverki, og margir af oss hafa ef til vill efast um, að því yrði að fullu ráðið til lykta svo vel væri, á ekki lengri tíma, en þessu þingi er ætlaður til starfa þess. Eg held, að úr þessu hafi þó ráðizt engu síður, en menn gjörðu sèr í hugarlund, og er það því að þakka, að öllum yður hefir verið það hugfast, að það væri skylda vor að vinna með kappi og alúð að þeim störfum, sem oss voru á hendur falin.

Til þings þessa hafa komið mörg vandamikil mál, eins og þegar er sagt. Frá stjórnarinnar hálfu hefir alþing haft til meðferðar að þessu sinni 13 frumvörp og þar að auki 2 álitsmál, sem telja má. Enn fremur hafa komið til þingsins yfir 80 bænarskrár og uppástungur um ýms efni, sem flest hafa með einu eða öðru móti komið til umræðu og meðferðar. Á þessum bænarskrám og uppástungum hafa grundvallast 16 þingmál, að meðtöldu ávarpi til konungs, og eru þau öll til lykta leidd, að einu undanteknu. Af hinum innkomnu bænarskrám og uppástungum hefir 20 verið vísað til annara þingnefnda í 7 þingmálum. Um 6 mál hefir þingið ályktað, að vísa þeim til stjórnarinnar, eða stiptsyfirvaldanna, eða stiptamtmanns sèr í lagi, fyrir milligöngu konungsfulltrúa, en 14 hafa verið felld frá nefnd. Af þeim 16 málum, sem eg gat um, að þingið hefði tekið til meðferðar, hafa tvö verið felld eptir umræður á þingi, eitt gjört að innanþingsmáli, einu vísað til stiptsyfirvaldanna, og eitt kom ekki til umræðu, en um 11 hafa verið ritaðar bænarskrár til konungs, eptir að málin hafa verið rædd á þingi. Það eru því 26 mál, sem rituð hafa verið um álitsskjöl eða bænarskrár til konungs.

Að vísu hefir þetta þing staðið lengur en vant hefir verið, en hin margbreyttu og vandamiklu mál, sem þingið hefir haft til meðferðar, hafa sýnt fulla nauðsyn til þessarar lengingar þingtímans. Um úrslit málanna þarf eg ekki að fella neinn dóm, eða spá neinu um, hver afdrif þau muni hafa; þingmenn sjálfir geta hver um sig bezt dæmt um það, hver eptir sinni skoðun, og þjóð vor getur

myndað sína dóma um það eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir allra augum í þingtíðindunum. Vèr getum að eins sagt það, að umræður vorar og ályktanir eru engum huldar, heldur lagðar fyrir ljósan dag; árangurinn getum vèr falið á hendur honum, sem öllu stýrir, því vèr vitum hann stýrir öllu til góðs.

Um leið og vèr nú hættum störfum vorum, háttvirtu alþingismenn, finn eg mèr sèr í lagi skylt að þakka yður öllum fyrir þá vinsemd og vorkunnsemi, er þèr hafið auðsýnt mèr, engu síður en fyrir þann dugnað og atorku, sem þèr hafið sýnt í því að leiða málin til lykta. Skrifurum þingsins þakka eg fyrir atorku þeirra í störfum þeim, er þeir hafa átt að gegna, og fyrir alla vinsemd þeirra í samvinnu vorri; án þeirra góðu og miklu aðstoðar hefðu störf þingsins ekki getað gengið svo greitt, sem þó hefir orðið. Með miklu þakklæti viðurkenni eg einnig þá velvild, sem hinn háttvirti varaforseti þingsins hefir látið mèr í tè í hvert sinn sem eg hefi leitað hans styrks eða ráða.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir verið oss öllum þingmönnum svo lengi kunnur að góðu, að eg þarf ekki að fara orðum um það efni. Hann hefir eins sem konungsfulltrúi eins og í hverri annari stètt sýnt þá ljúfmennsku, sem honum er svo eiginleg, og það frjálslyndi, að varast að aptra þinginu á nokkurn hátt frá að koma frjálslega fram með álit sitt og meiningar. Enginn getur betur fundið til þess en vèr, háttvirtu alþingismenn, hversu mikið í þetta er varið, og eg er viss um, að eg uppfylli ósk yðar allra, þegar eg í allra vor nafni votta hinum háttvirta konungsfulltrúa innilegt þakklæti vort fyrir hluttekning hans í samvinnu vorri. Hvað sjálfum mèr viðvíkur, þá leyfi eg mèr að votta honum mínar beztu þakkir fyrir hans staðföstu góðvild mèr til handa, og sèr í lagi í öllu því, sem heyrði til samvinnu okkar og samkomulags í þingstörfunum.

Eg óska þess að lyktum, að algóður guð haldi sinni hendi yfir landi voru og þjóð, yfir konungi vorum og yfir þessu þjóðþingi voru, og veiti oss öllum gæfu til að vinna það, sem fósturjörð vorri má verða til gagns og sóma bæði í bráð og lengd.

Að þessu loknu stóð upp konungsfulltrúinn og sagði:

Í nafni konungs lýsi eg því yfir, að þessu hinu tíunda

ALÞINGI ÍSLENDINGA ER SLITIÐ.

Þá kallaði upp einn þingmanna:

Lengi lifi konungur vor **Kristján hinn níundi,** og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Síðan var gjörðabókin frá þessum fundi upp lesin og undirskrifuð, og þar eptir gengið af þingi.

Viðauki A,

er inniheldur brèf alþingisforsetans í þeim málum, er alþingi vísaði forsetaveginn, o. s. frv.

Brèf *konungsfulltrúa* og *forseta* 4. júlí 1865, til sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu um *fjárvörð upp úr Hvalfjarðarbotni.*

Brèfi yðar frá 3. þ. mán., viðvíkjandi fjárverði þeim, sem nú kvað vera farið að setja úr Hvalfjarðarbotni upp í jökla, leyfum við okkur að svara á þessa leið: Að þar eð mál þetta, að svo miklu leyti sem þá hèr um ræddu ráðstöfun snertir, er okkur sem konungsfulltrúa og alþingisforseta óviðkomandi, þá hljótið þèr herra sýslumaður í þessu efni að snúa yður til amtsins og stjórnarinnar.

Brèf *forseta* 8. júlí 1865 til *stiptamtmannsins* yfir Íslandi, um að *alþingistollsreikningarnir verði auglýstir.*

Til alþingis hefir komið í þetta sinni bænarskrá frá sýslufundi í Húnavatnssýslu, sem biður alþingi um að koma því til leiðar, á þann hátt, sem bezt þætti henta, að reikningur yfir hinn árlega alþingistoll bæði af jarðagózi og lausafè verði auglýstur, annað hvort í alþingistíðindunum eða á annan hátt.

Málið var á fundi alþingis í dag til inngangsumræðu, og varð sú samhljóða ályktun allra þingmanna með 24 atkvæðum, að undirskrifaður forseti þingsins skyldi rita stiptamtmanni brèf, og æsta hann til, þingsins vegna, að verða við þeirri ósk, sem bænarskráin fer fram á.

Samkvæmt þessari ályktun þingsins leyfi eg mèr hèr með að senda herra stiptamtmanninum nefnda bænarskrá og styrkja hana með tillögum alþingis, er það von þingsins, að stiptamtið muni ekki finna neina torveldi á að verða við þessari ósk nú þegar, eða sem allra fyrst, eptir því sem konungsfulltrúi lèt í ljósi á þinginu; en um kostnað þann, sem kynni leiða af, að reikningarnir yrðu

prentaðir sèr í lagi, þótti þinginu auðsætt, að hann yrði að teljast með öðrum alþingiskostnaði.

Brèf forseta 12. júlí til *stiptamtmannsins* um *fiskiveiðar Frakka og annara útlendra þjóða við Ísland.*

Til alþingis komu að þessu sinni tvær bænarskrár, önnur úr Norður-Þingeyjarsýslu og önnur úr Barðastrandasýslu viðvíkjandi fiskiveiðum Frakka og annara útlendra þjóða hèr við land. Þegar bænarskrár þessar voru til inngangsumræðu á þingi í dag, lètu þingmenn almennt í ljósi, að þeim þætti mál þetta mjög svo áríðandi, og að það væri almenn ósk, að því yrði ráðið til lykta sem fyrst; en þar eð konungur hefir boðað þinginu, í allrahæstri auglýsingu 9. júní þ. á (II 5), að farið sè að semja um það einkum við stjórnina á Frakklandi, og að hans hátign muni láta sèr mjög annt um, að því verði skipað á hagfelldasta hátt, þá varð það ályktun þingsins, að rita ekki bænarskrá til konungs um málið, heldur fela forseta á hendur að senda stiptamtmanninum það, svo að það á þann hátt gæti komið stjórninni til handa og áunnið hennar fylgi.

Eptir þessari ályktun þingsins leyfi eg mèr hèr með að senda herra stiptamtmanninum áðurnefndar bænarskrár með þeirri æstingu þingsins vegna, að stiptamtið gjöri sitt hið bezta til að styðja þá ósk þingsins, að þetta fiskiveiðamál mætti verða sem fyrst útkljáð og á sem hagfelldastan hátt fyrir Ísland, samkvæmt loforði vors allramildasta konungs.

Brèf forseta s. d. til *stiptamtmanns um breytingu á skylduflutningi sveitarómaga.*

Til alþingis hefir komið að þessu sinni bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu um, að kostnaði þeim, sem eptir reglug. 8. jan. 1834 8. gr. um skylduflutninga sveitarómaga hvílir á hverri sveit, verði hèr eptir af hlutaðeigandi sýslumönnum, eptir skýrslum hreppstjóranna, jafnað niður á alla hreppa sýslunnar eptir efnum og ástandi?

Þegar þetta mál kom til umræðu á þinginu; var það bæði

álit konungsfulltrúans og þingmanna ekki allfárra, að bænarskrá þessi færi fram á sanngjarna ósk; en þar eð nokkur efi var á, hvort amtmenn kynnu að finna fulla lagaheimild fyrir slíkri niðurjöfnun, varð það ályktun þingsins að fela forseta á hendur að rita stiptamtmanni og æsta hann til að bera mál þetta upp fyrir stjórninni, og fá úrskurð hennar um, hvort sú niðurjöfnun, sem bænarskráin fer fram á, geti ekki átt sèr stað eptir þeim lögum, sem nú eru, eða hvort þar til þurfi lagabreytingu. Samkvæmt þessari ályktun alþingis leyfi eg mèr hèr með að senda herra stiptamtmanninum hina fyrrnefndu bænarskrá með þeirri æstingu af þingsins hálfu, að yður mætti þóknast að bera mál þetta upp fyrir stjórninni og fá um það úrskurð hennar.

Brèf forseta 14. júlí. til *konungsfulltrúa um Thorchilliisjóðinn.*

Frá hreppsmönnum á Kjalanesi hefir komið til alþingis í þetta sinn bænarskrá þess efnis, að þingið vilji stuðla til, að Thorchilliisjóðnum verði varið sem fyrst samkvæmt tilgangi gjafarans og gjafabrèfi hans til skólastofnunar á hentugasta stað handa fátækustu og bágstöddustu börnum í Kjalarnes þingi.

Þegar mál þetta var til inngangsumræðu á alþingi í dag, var það uppástunga flutningsmanns, þingmannsins úr Gullbringusýslu, sem þingið fellst á með 19 atkvæðum, og umboðsmaður herra konungsfulltrúans einnig var samþykkur, að mál þetta skyldi senda forstöðumönnum Thorchilliisjóðs.

Samkvæmt þessari ályktun þingsins, læt eg ekki hjá líða að senda herra konungsfulltrúanum þessa fyrr nefndu bænarskrá, með þeirri þènustusamlegri bæn þingsins vegna, að yður mætti þóknast að senda bænarskrána til áður tèðra forstöðumanna.

Brèf forseta 15. júlí til *konungsfulltrúa, um hæfilega þóknun handa mönnum þeim, sem settir voru í skólamálsnefndina 1862.*

Frá þeim mönnum, sem sátu í nefnd hèr í Reykjavík, eptir fyrirmælum ráðherra kirkju- og kennslu-málanna í brèfi 22. maí 1862, til að ræða um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík, kom til alþingis bænarskrá, sem herra konungsfulltrúanum er kunnugt,

er fer því á flot, að alþingi beri fram fyrir stjórn konungsins, uppástungu um hæfilega þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra.

Bænarskrá þessi var til inngangsumræðu á þingi í dag, og kom þar fram, að það hefði við gengist hèr optar en einu sinni, að þeir menn, sem hefðu tekið þátt í nefndarstörfunum í merkilegum málum, hefðu fengið þóknun fyrir störf sín, eins embættismenn og aðrir. En þar eð nú beiðendur hefðu enga neitun fengið frá stjórninni, enda engin úrslit enn komin á skólamálið sjálft, þá fann þingið ekki ástæðu til að kjósa nefnd í málið, heldur ályktaði að vísa hlutaðeigendum til stjórnarinnar atkvæða og úrskurðar.

Samkvæmt þessari ályktun þingsins, leyfi eg mèr hèr með að senda herra konungsfulltrúanum bænarskrána, með þeirri ósk þingsins vegna, að yður mætti þóknast að beina henni veg til stjórnarinnar.

Brèf forseta 22. júlí til *konungsfulltrúa, um takmörkun á brauðasameiningum m. fl.*

Til alþingis hafa komið að þessu sinni tvær bænarskrár úr Skagafjarðarsýslu, önnur frá sýslufundi, sem biður um, að þingið riti konungi bænarskrá um, að engar brauðasameiningar verði hèr eptir leyfðar, þar sem verði fleiri en tvær kirkjur að þjóna o. s. frv. Önnur úr Viðvíkur- og Miklabæjar-sóknum, að konungsúrskurður 25. september 1854 verði afnuminn, og hin fornu Hjaltastaðaþing uppreist að nýju m. fl.

Alþing kaus 5 manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og var það uppástunga nefndarinnar, að þingið vísi máli þessu, einkum hvað hinni síðari bænarskránni viðvíkur, fyrir milligöngu alþingisforsetans til konungsfulltrúans, með þeirri ósk, að hann vilji hlutast til um það við stiptsyfirvöldin, að þau sem fyrst geti söfnuðunum i Miklabæjar- og Viðvíkur-prestaköllum fyrirheit um, að áminnzt brauðasameiningarmál skuli verða tekið til nýrrar íhugunar við næstu prestaskipti, og þá borið undir álit beztu manna í viðkomandi söfnuðum. Þessa uppástungu fèllst alþing á með 15 atkv. gegn 4.

Samkvæmt þessari ályktun þingsins leyfi eg mèr hèr með, að

senda herra konungsfulltrúanum hinar ofan nefndu bænarskrár og nefndarálit í málinu, og jafnframt óska þess, þingsins vegna, að yður mætti þóknast að hlutast til við stiptsyfirvöldin, að þau vildu gefa hlutaðeigandi söfnuðum það fyrirheit, sem hèr er um beðið. Eg verð að geta þess, að það mundi verða beiðendum mjög geðfellt, ef þeim gæti hlotnazt að fá svar stiptsyfirvaldanna, áður alþingi lýkur í ár, svo að þingtíðindin gæti borið það með sèr, hvernig stiptsyfirvöldin líta á málið.

Brèf forseta 31. júlí til *konungsfulltrúa, um að ný skoðunargjörð fáist á klaustrajörðunum og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu.*

Alþingismaðurinn úr Vestur-Skaptafellssýslu, herra málaflutningsmaður Jón Guðmundsson, hefir flutt fram á þessu þingi bænarskrá frá kjósendum sínum um, að fengin verði á opinberan kostnað ný skoðunargjörð á klaustra- og Flögu-jörðum í Vestur-Skaptafellssýslu, með þar af leiðandi nýrri skuldsetningu, sem og nákvæmum landamerkjum jarðanna.

Þegar þingið ræddi þetta mál til inngangsumræðu, var sú uppástunga flutningsmannsins samþykkt með 20 atkv. gegn 2, að vísa bænarskránni til hlutaðeigandi yfirvalda.

Samkvæmt þessari ályktun þingsins, leyfi eg mèr hèr með að senda herra konungsfulltrúanum áður nefnda bænarskrá, með þeirri ósk þingsins vegna, að yður mætti þóknast að beina henni veg til góðrar ráðstöfunar yfirvalda þeirra, er hlut eiga að máli.

Viðauki B,

Brèf *Reykvíkinga* til *alþingis, um brunabótamálið.*[1]

Nokkrir af oss húseigendum og umboðsmönnum húseigenda hèr í Reykjavík, hafa verið við staddir undirbúningsumræðu hinna virðulegu þingmanna í hinu miklu velferðarmáli voru, brunabótamálinu, og vèr hinir, er eigi höfum verið við umræður máls þessa, höfum heyrt hversu þær hafa gengið; þótt vèr nú fúslega játum,

1) Þetta brèf hafði gleymzt að setja á sinn stað, og er það því hèr sett, og vísað til þess í registrinu.

að þingmenn vilji hèr sem jafnan, leggja hver það til, er hann hyggur bezt henta, getum vèr þó eigi neitað því, að vèr ætlum, að sumum hinna velvirðulegu þingmanna sè miður kunnur vilji vor í þessu máli, en vèr vildum á kjósa; fyrir því dirfumst vèr, að snúa oss hóglátlega til hins virðulega þings, og lýsum vèr því hèr með yfir, að það er beinn og einlægur vilji vor, að hallast helzt að þeirri stefnu, er meiri hluti nefndarinnar hefir tekið í máli þessu, því að þótt sumir hinna virðulegu þingmanna kalli þessa aðferð þrábeiðni, hefir þó stjórnin optar en einu sinni sýnt, að hún hefir stundum eigi verið fljótfús að fullnægja bænum þingmanna, en hefir þó síðar gefið góð svör, er hún hefir sèð, að óskir manna hafa verið einlægar og haft góðar ástæður við að styðjast, og þeim fylgt fram með öruggri einlægni.

Sumum hinna virðulegu þingmanna, hefir þótt miður við eiga, að mál þetta gangi hina vanalegu þingleið með bænarskrá til hans hátignar konungsins; en vèr verðum að vera þeim virðulegu þingmönnum samdóma, er hafa tekið fram í ræðum sínum, að stjórnin hefir sjálf gengið í málið, og þar með kannazt við, að það væri það atkvæðamál fyrir helzta bæ lands þessa, og þar með fyrir land allt, að hún vildi hlynna að því með góðu atfylgi sínu.

Enn dirfum vèr oss að geta þess, að þar sem sumir góðgjarnir þingmenn hafa bent á þá aðferð í máli þessu, að Reykjavíkurmenn stofnuðu sjálfir brunabótasjóð af eignum föngum, þá könnumst vèr við, að þessi aðferð er fagurlega hugsuð, en það er eigi sú aðferð, er oss þykir oss henta, eins og hagur vor stendur nú, og hefir staðið um all langt áraskeið.

Að því er snertir skýringar þær við mál þetta, er þótt hefir vanta, þá erum vèr þess fullöruggir, að þeir menn, er eptir stöðu þeirra stendur næst að veita slíkar skýringar, muni greiðlega veita þær, þegar er þeirra verður leitað, og kunnugt er hverjar þær eru.

Samkvæmt því, er hèr er mælt, eru það hóglátleg tilmæli vor, að hið hávirðulega þing vilji láta mál þetta ganga venjulega þingleið, og rita um það þegnlega bænarskrá til hans hátignar konungsins í þá stefnu, er meiri hluti nefndarinnar hefir tekið í málinu.

Reykjavík, 31. júlí 1865.

(53. nöfn).